

4

Kaflí 8

8: Atvik frá miðjum júní til
20. október 2008

BROT SAMSKIPA GEGN BANNI VIÐ ÓLÖGMÆTU SAMRÁÐI





8. ATVIK FRÁ MIÐJUM JÚNÍ TIL 20. OKTÓBER 2008	390
8.1. Forstöðumenn hjá Eimskip og Samskipum hnykkja á verðsamráði.....	392
8.2. Unnið að „Nýtt upphaf“ verkefninu – Atvik til 25. júní 2008.....	395
8.2.1. Undirbúningur innan Eimskips	396
8.2.2. Samskipti milli stjórnenda siglingakerfa Samskipa og Eimskips.....	397
8.2.3. Samskipti tengd frystigeymslum og „short sea“ siglingum	399
8.2.4. Samskipti tengd Norður-Ameríkusamstarfinu	402
8.3. (S)forstj upplýstur um áform Eimskips 25. júní 2008.....	402
8.4. (E)forstj vill 27. júní 2008 að Samskip verði beðin um að draga úr samkeppni .	405
8.5. Þann 1. júlí 2008 skoðar Eimskip áhrif þess að hætta að sigla til Vestmannaeyja	409
8.6. (S)frkvstj-millilandasv veitir Eimskip mikilvægar upplýsingar 2. júlí 2008	410
8.7. Fundur framkvæmdastjóra landflutninga á kaffihúsinu Mokka 4. júlí 2008	412
8.8. (E)frkvstj-flutnkerf vísar í byrjun júlí til samskipta við Samskip	416
8.9. Víðtækar tillögur um aukið samstarf og önnur atvik til 11. júlí 2008.....	418
8.9.1. Unnið að „Nýtt upphaf“ verkefninu	419
8.9.2. Samskip vinna að víðtækum tillögum að auknu samstarfi 7. júlí 2008	421
8.9.3. Rætt um Eimskip og verðhækkunaraðgerðir á stjórnarfundi Samskipa 7. júlí 2008.....	431
8.9.4. Rætt um Samskip og verðhækkunaraðgerðir hjá Eimskip 7. júlí 2008	434
8.9.5. Eimskip og Samskip ræða tillögur um víðtækt aukið samstarf	435
8.9.5.1. „When are you meeting Mr. E in Iceland?“.....	436
8.9.5.2. Eimskip og Samskip unnu áfram að verðhækkunum m.a. gagnvart Alcoa	437
8.9.5.3. (S)frkvstj-millilandasv sendir (S)forstj nýja útgáfu af samráðstillögunum	438
8.9.5.4. (E)frkvstj-flutnkerf varar (E)forstj við að „láta eftir“ tekjur af flutningaþjónustu tengdri Vestmannaeyjum og samskipti við Samskip	439
8.9.6. Áfram unnið að „Nýtt upphaf“ verkefninu 11. júlí 2008 og „kreista“ átti tekjur út úr Alcoa	441
8.10. Atvik 14. júlí 2008	443
8.10.1. Fjallað um samráð við Eimskip á stjórnarfundi Samskipa Holding	443
8.10.2. Eimskip ræðir um verðhækkun, siglingakerfi og samskipti við Samskip.....	453
8.11. Frekari samskipti framkvæmdastjóra landflutninga	454
8.12. Áfram unnið að breytingum á siglingakerfum og hækkunaraðgerðum	455
8.13. Fundur Eimskips og Samskipa 25. júlí 2008 og undirbúningur hans.....	459
8.13.1. Samskip búa yfir trúnaðarupplýsingum frá Eimskip og unnið að „Nýtt upphaf“ verkefninu.....	464
8.13.2. „New beginning“ fundurinn.....	469
8.13.3. Skýringar fyrirtækjanna og stjórnenda	471
8.13.3.1. Um fundinn 25. júlí 2008 og aðdraganda hans	471
8.13.3.2. Um skjölin sem send voru (S)forstj kvöldið fyrir fundinn með Eimskip	474
8.13.4. Samantekt	478
8.14. Eimskip tilkynnir um takmörkun á flutningsgetu og breytta siglingaáætlun.....	482
8.15. Samskipti og verðhækkunir í ágúst og september 2008	487
8.15.1. Samskipti fyrirtækjanna 6. ágúst 2008	490
8.15.2. Forstjóri Samskipa spurður um gang viðræðna við Eimskip	492



8.15.3.	Samskipti framkvæmdastjóra landflutninga og verðhækkun Eimskips á landflutningum 11. ágúst 2008.....	493
8.15.4.	Frekari atvik í aðdraganda fundar Eimskips og Samskipa 14. ágúst 2008	494
8.15.5.	Almennt um reglubundin samskipti yfirmanna sjóflutninga Eimskips og Samskipa ..	497
8.15.6.	Fundur Eimskips og Samskipa 14. ágúst 2008	502
8.15.7.	Áfram unnið að samráðsaðgerðum í kjölfar fundarins 14. ágúst 2008.....	505
8.15.7.1.	Yfirlit yfir verðhækkunaraðgerðir Samskipa og Eimskips.....	505
8.15.7.2.	Aðgerðir tengdar álagningu olíugjalda og samstarfi í sjóflutningum.....	506
8.15.7.3.	Samskip boða Alcoa á fund – verðhækkun undirbúin	513
8.15.8.	Umfjöllun í Hollandi um samráð Eimskips og Samskipa	517
8.15.9.	Fyrirhugaður fundur Eimskips og Samskipa 22. ágúst 2008.....	518
8.15.10.	Miklar verðhækkunar Samskipa 1. september 2008 o.fl.	524
8.15.11.	Fyrirmæli (S)forstj um áframhaldandi aðgerðir til að skila góðri afkomu Samskipa .	533
8.16.	Áframhaldandi viðræður fyrirtækjanna og önnur atvik fram til 6. október 2008	537
8.16.1.	Samskipti (E)frkvstj-alþjvs og (S)forstj-frystig.....	537
8.16.2.	Fundur Samskipa og Eimskips 5. september 2008.....	538
8.16.2.1.	Fundur til að fara yfir hækkunar o.fl.	538
8.16.2.2.	Atvik 4. september 2008.....	540
8.16.2.3.	Fundurinn 5. september 2008 og glærur (S)frkvstj-millilandasv frá 6. september 2008	547
8.16.2.4.	Fyrirmæli forstjóra Eimskips á Íslandi um verðhækkun	555
8.16.3.	Stjórn Samskipa Holding aftur gerð grein fyrir samstarfi við Eimskip	556
8.16.4.	Samráð í landflutningum 8. og 9. september 2008 og karagjöld	561
8.16.5.	Framkvæmdastjórar hjá Eimskip ræða um samstarf við Samskip	571
8.16.5.1.	Framkvæmdastjórar hjá Eimskip fjalla um flutningsgetu og kostnað Samskipa...	572
8.16.5.2.	Fundur framkvæmdastjóra Eimskips 15. september 2008	573
8.16.5.3.	Nánar um samráð tengt álutflutningi fyrir Alcoa	577
8.16.5.4.	Frekari fundir stjórnenda Eimskips	580
8.16.5.5.	Samantekt	581
8.16.6.	Álag á BAF aukið og gjaldið hækkað.....	581
8.16.6.1.	Um forsendur fyrirtækjanna að baki formúlu BAF	581
8.16.6.2.	Eimskip hækkar álag og unnið að frekari breytingu formúlu BAF: atvik 15. – 30. september 2008	584
8.16.6.3.	BAF gjald á Íslandi sagt óvenju hátt miðað við aðra markaði	587
8.16.7.	Markaðsskipting á Austurlandi og framkvæmdastjórar landflutninga hittast í Smáralind	589
8.16.8.	Samskip senda tillögu að verðhækkun til Alcoa 19. september 2008	598
8.16.9.	Forstjóri Samskipa upplýsir um stöðu mála og önnur atvik til 23. september 2008 .	599
8.16.10.	Stjórnendur Samskipa ræða „stóru málin“	608
8.16.11.	Forstjóri Samskipa sér fram á niðurstöðu í „stóru málunum“	610
8.17.	Fundur Samskipa og Eimskips 6. október 2008 og tengd atvik.....	616
8.17.1.	Aukið gámasamstarf undirbúið	616
8.17.2.	Beðið eftir Alcoa	619
8.17.3.	Samskipti (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv 5. október 2008	620
8.17.4.	Neyðarlögin o.fl.	621
8.17.5.	Fundur Samskipa og Eimskips kl. 13:15 þann 6. október 2008	622
8.17.6.	(S)frkvstj-millilandasv vistar skjal um kvöldið 6. október 2008	624
8.17.7.	Hugað að verðhækkun morguninn eftir fund Samskipa og Eimskips	624
8.17.8.	Skjal (S)frkvstj-millilandasv frá 7. október 2008	624
8.17.9.	Alcoa fellst ekki á verðhækkun	628
8.17.10.	Viðræður innan Eimskips 9. október 2008	628
8.17.11.	„Lítill fugl“ veitir upplýsingar um Eimskip	630
8.17.12.	Skjal (S)frkvstj-millilandasv frá 10. október 2008	631
8.17.13.	Samskip greina Alcoa frá því að flutningsþjónusta verði skert og ítreka kröfu um hækkun á verði	631
8.17.14.	Hluti Alcoa flutninga „til“ Eimskips.....	632
8.17.15.	(E)forstj segir að halda skuli áfram viðræðum við Samskip	634
8.17.16.	Vísað til nýs gámasamnings Samskipa og Eimskips	637
8.17.17.	Samantekt	639
8.18.	„Massive increases“ og veikleiki Eimskips ekki nýttur til sóknar	646



8.19. Eimskip greinir Samskipum frá því að fyrirtækið sé tilbúið „að skoða allt“	648
8.19.1. Atvik 13. október 2008	649
8.19.2. Atvik 14. október 2008	655
8.19.3. Atvik 15. október 2008	660
8.19.4. Atvik 16. október 2008	669
8.19.5. Atvik 17. – 19. október 2008.....	671
8.19.6. Fundur með Samkeppniseftirlitinu 16. október 2008.....	676
8.19.7. Samantekt	680



8. ATVIK FRÁ MIÐJUM JÚNÍ TIL 20. OKTÓBER 2008

1884. Samkvæmt glærुकynningunni um „Verkefnið Nýtt upphaf“ sem (E)frkvstj-alpjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir átti að skoða „hagkvæmni“ þess að „auka“ samstarf milli Eimskips og Samskipa á eftirfarandi sviðum:
- Sjóflutningum til og frá Íslandi
 - „Short sea“ siglingum
 - Frystigeymslurekstri
 - Skipaafgreiðslu
 - Innanlandspjónustu
1885. Hér að framan var fjallað um þær glærur sem lýsa þessum verkþáttum „Nýtt upphaf“ verkefnis Eimskips og Samskipa. Birtir sú umfjöllun yfirlit yfir markmið og umfang verkefnisins og er, í dæmaskyni, fjallað um tiltekin gögn sem sýna að bæði Eimskip og Samskip gripu til aðgerða í því skyni að kanna, undirbúa eða hrinda í framkvæmd þeim atriðum sem fjallað er um í glærum (E)frkvstj-alpjsv og (E)forstj um verkefnið „Nýtt upphaf“.
1886. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að á fundi Samskipa og Eimskips 6. júní 2008 hafi fyrirtækin ákveðið að ráðast í verkefni sem hafði það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Af þessu leiðir að samskipti Samskipa og Eimskips á þessum fundi 6. júní 2008 fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga. Hið sama gildir um öll eftirfarandi samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um einstaka verkþætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu. Í samræmi við dómaframkvæmd í samkeppnisrétti þýðir þetta að allir fundir, samtöl og tölvupóstar milli Samskipa og Eimskips til undirbúnings að slíku samstarfi, sem hafði það að markmiði að raska samkeppni, fela í ólögsmætar samstilltar aðgerðir í skilningi 10. gr. samkeppnislaga, án tillits til þess hvort einstaka þættir samstarfsins komust á endanum komust til framkvæmda. Er þetta rökstutt nánar í kafla 11 en þar er lýst heildarniðurstöðu Samkeppniseftirlitsins vegna atvika frá miðju ári 2008 og fram á árið 2009.
1887. Í þessum kafla er fjallað nánar um atvik málsins eftir fund m.a. (S)aðaleig-stjform-SH og (E)stjform 6. júní 2008. Rétt er hins vegar að áréttta að samtímagögn sýna að eftir 6. júní 2008 var innan Eimskips og Samskipa unnið markvisst að verkþáttum sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið. Til glöggvunar vísast hér til yfirlits um fundi og samtöl stjórnenda Eimskips og Samskipa frá júní 2008 og út árið, sbr. umfjöllun í kafla 7.7.1.
1888. (S)aðaleig-stjform-SH og (E)stjform funduðu aftur þann 25. júlí 2008. Var síðari fundurinn haldinn í húsnæði Kjalars á Suðurlandsbraut eins og fyrri fundur þeirra 6. júní 2008. Frá 6. júní 2008 og fram að fundinum 25. júlí 2008 áttu sér stað samskipti milli stjórnenda Eimskips og Samskipa og voru tekin saman gögn sem lýsa mjög umfangsmiklu ólögsmætu samráði í bæði sjóflutningum til og frá Íslandi og í landflutningum hér á landi. Eins og áður segir var einnig unnið í öðrum þáttum sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið.
1889. Hið ólögsmæta samráð Samskipa og Eimskips hélt áfram eftir 25. júlí 2008 og gögn málsins sýna að mikilvægur áfangi náðist í hinu samfellda samráði milli fyrirtækjanna í lok október og byrjun nóvember 2008. Var það í samræmi við verkáætlun (E)forstj, sbr. umfjöllun í kafla 7.3.4. Í þessum kafla er fjallað um atvik fram að þeim tímapunkti.
1890. Eftirfarandi gögn gefa einnig til kynna að á sama eða svipuðum tíma sumarið og haustið/veturinn 2008 hafi bæði Samskip og Eimskips fjallað um verðhækkanir og gripið til verðhækkana, upptöku nýrra gjalda og unnið samhliða því að framvindu verkþátta sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið.



Virða ber það í ljósi funda stjórnenda fyrirtækjanna og annarra viðræðna fyrirtækjanna eða samskipta þeirra. Eins og nánar verður rökstutt er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að þessar verðhækkningar (þ.m.t. aukin eða ný gjaldtaka) hafi, auk þess samstarfs sem féll beint undir „Nýtt upphaf“ verkefnið, verið hluti af hinu ólögmæta samráði milli Eimskips og Samskipa. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að sjálfstæði keppinauta og æskilega óvissa um fyrirætlanir hvers annars eru grunnstoðir virkrar samkeppni, sem banni samkeppnisréttarins við samskiptum og samvinnu keppinauta er ætlað að verja, sbr. kafla 4.1. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins er að í reglubundnum samskiptum Lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips á m.a. síðari hluta ársins 2008 hafi átt sér stað ólögmætt samráð sem miðaði m.a. að skapa skilyrði til að hækka verð eða vinna gegn verðlækkun. Voru þessi samskipti umræddra Lykilstjórnenda Eimskips og Samskipa einnig í eðli sínu til þess fallin að draga úr óvissu og sjálfstæði þessara keppinauta sem samanlagt voru með yfirburða markaðshlutdeild í sjóflutningum til og frá Íslandi og í landflutningum. Er þetta rökstutt nánar í kafla 11 en þar er lýst heildarniðurstöðu Samkeppniseftirlitsins vegna atvika frá miðju ári 2008 og fram á árið 2009.

1891. Sem fyrr segir er í þessum kafla fjallað um atvik frá miðjum júní til 20. október 2008. Síðan verður fjallað um atvik frá 20. október 2008 til byrjun árs 2009 og er þar m.a. lýst breytingum á siglingakerfi Samskipa. Þar á eftir er gerð grein fyrir atvikum tengdum viðskiptum Samskipa og Eimskips við mikilvæga viðskiptavinum á árunum 2009 – 2013. Verður með ítarlegum hætti gerð grein fyrir samtímagögnum málsins sem sýna fram á alvarlegt og samfelld ólögmætt samráð Samskipa og Eimskips. Samhengisins vegna er gagnlegt að hafa hér í huga heildarmyndina að þessu leyti sem dregst upp þegar samtímagögnin eru virt saman sem ein heild:

- Eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst átti sér stað á síðari hluta ársins 2008 ólögmætt samráð á milli Samskipa og Eimskips m.a. í tengslum við breytingar á siglingakerfum fyrirtækjanna og takmörkun á flutningsgetu þeirra.
- Hið ólögmæta samráð fyrirtækjanna eftir fund þeirra 6. júní 2008 birtist einnig í því að fyrirtækin náðu saman um að forðast að keppa um mikilvæga viðskiptavinum hvors annars og skipta á þann hátt með sér viðskiptum við þá.
- Með þessu komu fyrirtækin á ólögmætu ástandi sem var fyrir hendi fram á árið 2013 og til þess fallið að gera fyrirtækjunum kleift að draga með afdrifaríkum hætti úr samkeppni á mörkuðum málsins.
- Hinu ólögmæta ástandi sem leiddi af hinu samfellda samráði Samskipa og Eimskips er lýst í samtímagögnum fyrirtækjanna sem „*friðnum*“. Í þeim er einnig rætt um „*ró*“ á markaðnum. Í þessu fólst í aðalatriðum að á umræddu tímabili forðuðust Samskip og Eimskip að keppa um mikilvæga viðskiptavinum og gátu með þá vissu ítrekað hækkað verð eða haldið því uppi í trausti þess að við því yrði ekki brugðist með samkeppni af hálfu keppinautarins.

1892. Í þessu samhengi hefur þýðingu að Eimskip hefur í sátt sinni við Samkeppniseftirlitið viðurkennt að fyrirtækið hafi átt í „*samskiptum og samstarfi við Samskip*“ sem hafi falið í sér alvarleg brot gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Þessi alvarlegu brot hafi falið í tilteknum „*aðgerðum sem gripið var til eftir fund með Samskipum 6. júní 2008, sbr. einnig „Nýtt upphaf“ glærukyningu Eimskips frá 9. júní 2008*“. Þar hafi m.a. um verið að ræða samráð við Samskip „*á síðari hluta ársins 2008 um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi.*“ Einnig hafi verið um að ræða samráð við Samskip um „*skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum.*“ Þá hafi samráðið tekið til „*álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum.*“ Kemur einnig fram í sáttinni að markaðsskiptingin og verðsamráðið hafi orðið umfangsminna á lokaári rannsóknartímabilsins, þ.e. á árinu 2013.

1893. Er fullt samræmi á milli þess sem samtímagögnin sýna og viðurkenningar Eimskips á alvarlegum brotum gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins.



8.1. Forstöðumenn hjá Eimskip og Samskipum hnykkja á verðsamráði

1894. Framangreind umfjöllun um atvik fram til júní 2008 sýnir m.a. að fyrir hendi var verðsamráð Samskipa og Eimskips. Var um að ræða verðsamráð í frystigeymslurekstri, sbr. t.d. gögnin sem (E)frkvstj-Daalimpex sendi (E)frkvstj-alþjsv í mars og apríl 2008 og lýst er í kafla 7.5.1. Einnig var um að ræða verðsamráð fyrirtækjanna í landflutningum, sbr. gögnin frá janúar – maí 2008 sem fjallað er um í kafla 5.11.4.
1895. Eins og áður sagði undirbjó (S)forstj þann 10. júní 2008 að (E)frkvstj-alþjsv myndi hitta erlenda stjórnendur Samskipa til þess að ræða samstarf í rekstri frystigeymslna og „short sea“ siglingum.
1896. Sama dag sendi forstöðumaður innflutningsdeildar Samskipa, (S)forstö-innfl1, tölvupóst til forstöðumanns innflutningsdeildar Eimskips, (E)forstö-innfl, með heitinu „Gámaleiga rukkuð á Ístak“. Í tölvupóstinum segir:
- „Nú þarf ég að biðja þig um smá greiða. Málið er að Ístak hlóð vöru á fleti ykkar og sendi síðan með okkur til IMM.¹⁰⁸⁰ Fletið var síðan tæmt á athafnasvæði okkar í IMM og þá hefðum við átt að skila fletinu. Okkar fólk í IMM gerði hins vegar mistök sem leiddu til þess að fletið fór á flakk í okkar kerfi. Á meðan hélduð þið áfram að rukka Ístak um gámaleigu. Þeir áttu auðvitað enga sök á þessu og það á að rukka okkur um þetta. Hér að neðan er yfirlit yfir þá leigu sem Ístak var rukkað. Getur þú vinsamlegast látið fella þetta niður á Ístak og rukkað okkur um þetta í staðinn. Tel rétt að þið rukið okkur um kostnaðarverð á fletinu með einhverri sanngjarni álagningu fyrir ykkur. Mér skilst að leigukostnaður á svona fleti sé 4-5 usd per dag og síðan er spurning hvort að 10-15% álagning sé ekki sanngjörn. [...]“*
1897. (E)forstö-innfl svaraði (S)forstö-innfl1 þann 13. júní 2008:
- „Sæll félagi*
- Afsakaðu drátt á svari. Læt bakfæra þetta á Ístak eftir helgi.*
- Kannastu við 50% afsláttarhámark á gámaleigu? Er það ekki sanngjörn tillaga?“*
1898. (S)forstö-innfl1 svaraði síðar sama dag:
- „Sæll meistari*
- Jú ég þekki 50% hámarkið. Ánægjulegt að þið standið fast á þessu hámarki. Þetta er sanngjörn tillaga.“¹⁰⁸¹*
1899. Umræddir tölvupóstar (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 eru skýr samtímagögn. Í þessum samskiptum Samskipa og Eimskips er hnykk á verðsamráði milli fyrirtækjanna sem fólst í takmörkun á afslætti fyrirtækjanna gagnvart viðskiptavinum. Önnur gögn málsins styðja að umrætt verðsamráð hafi staðið yfir á rannsóknartímabili þessa máls. Sýna þau að þessi takmörkun á afslætti tók ekki aðeins til gámaleigu heldur einnig til annarra þátta eins og t.d. uppskipunar og landflutninga.
1900. Samhengisins vegna er rétt að tiltaka hér eftirfarandi dæmi þar sem hnykk er á þessu samráði um takmörkun á afslætti eða því beitt gagnvart viðskiptavinum. Ber hér og að hafa í huga að í kafla 14.56 er rökstudd sú niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Eimskip og Samskip hafi með ólögmetu samráði leitast við að halda verði í gjaldskrá háu til þess að geta virst veita viðskiptavinum sínum góð kjör með allt að 50% afslætti af gjaldskrá.
- Í bréfi Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 7. maí 2008, vegna kvörtunar fyrirtækisins um meinta misnotkun Eimskips á markaðsráðandi stöðu er m.a. fjallað um afslætti sem Eimskip á að

¹⁰⁸⁰ Immingham í Bretlandi.

¹⁰⁸¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum og Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.641537/0.7.33.643085/0.7.33.643106.



hafa boðið viðskiptavinum Samskipa. Varðandi meint undirboð Eimskips til „Eðal ehf./Katla“ segir í bréfinu: „Starfsmaður EKA tilkynnti þá Samskipum um að tilboð Eimskips fælu að mestu í sér sambærileg verð, en félagið býði þó einnig 65% afslátt af uppskipun heilgáma. Þetta kom [Samskipum] mjög á óvart, þar sem á hinum skilgreinda markaði er það nánast óþekkt að fyrirtæki fái afslátt umfram helmingsafslátt af uppskipun.“¹⁰⁸² Athygli vekur að þarna halda Samskip því ekki aðeins fram að slíkur afsláttur sé óþekktur hjá Eimskip heldur að slíkur afsláttur sé nánast óþekktur á markaðnum í heild.

- Í kafla 14.12 kemur fram að (S)forstö-innfl1 sendi þann 17. desember 2008 tölvupóst til (E)forstö-innfl. Vísaði (S)forstö-innfl1 þar til 50% afsláttar af uppskipunargjaldi.
- Í kafla 14.12 er greint frá því að starfsmaður Samskipa í Hollandi hafi 23. febrúar 2009 sent tölvupóst til (S)forstö-innfl1. Sagði í tölvupóstinum að eftir síðustu verðhækkun væru þjónustugjöld Samskipa í höfnum á Íslandi orðin „óþeyrilega“ há („this is an awful lot“). (S)forstö-innfl1 svaraði sama dag og sagði: „We usually give 50% discount from tariff.“
- Í kafla 14.12 er fjallað um tölvupóst (S)forstö-innfl1 frá 26. febrúar 2009. Í honum sagði (S)forstö-innfl1 að „50% afsláttur af uppskipun gildir fyrir alla kúnna.“ Einnig sagði (S)forstö-innfl1 að viðkomandi viðskiptavinum stæði til boða 50% afsláttur af heimakstri á höfuðborgarsvæðinu.
- Í kafla 14.12 er fjallað um fundargerð innflutningsdeildar Eimskips vegna fundar 8. nóvember 2009. Kemur þar fram að framkvæmdastjóri yfir inn- og útflutningi, (E)frkvstj-sala/þj, hafi komið á fundinn og lagt áherslu á að verð Eimskips yrði hækkað. Einnig gaf (E)frkvstj-sala/þj undirmönnum eftirfarandi fyrirmæli: „Ekki semja um meira en 50% afslátt af uppskipun á FCL [heilgámar], ekki semja um fasta uppskipun sem er lægri en 50% afsláttur.“
- Í kafla 14.12 er gerð grein fyrir tölvupósti (S)forstö-innfl1 frá 14. desember 2009 til (E)deildstj-TVG. Var (E)deildstj-TVG starfsmaður TVG sem var dótturfélag Eimskips. Hefst tölvupósturinn á þessum orðum: „Sæll gamli“ og í honum er vísað til þess að það sé;
„samkomulag í gangi á milli Eimskips og Samskipa um standard 50% afslátt af uppskipuninni.“
- Í kafla 14.21.4 er lýst skjali sem forstöðumaður landflutninga hjá Eimskip, (E)forstö-landfl1, sendi 2. febrúar 2010 til samstarfsmanns. Í skjalinu var að finna verðstefnu hjá innanlandsflutningum Eimskips og kemur þar fram að ekki væri heimilt að veita afslátt á tilteknum gjöldum eins og t.d. á olíugjaldi. Þar sem afsláttur var heimilaður mátti hann að hámarki vera 50%.
- Í kafla 14.56.1 er lýst tölvupósti framkvæmdastjóra Jóna, (S)frkvstj-Jóna, frá 7. október 2010 til (E)frkvstj-TVG, framkvæmdastjóra TVG. Þar er vísað til þess að það hafi „lengi“ verið í gildi samkomulag milli Eimskips og Samskipa um „að gefin hefur verið 50% afsláttur af út og uppskipun á heilgámum.“
- Í kafla 14.56.2 kemur fram að þann 17. febrúar 2011 sendi starfsmaður landflutninga Eimskips tölvupóst til m.a. yfirmanns síns, (E)forstö-landfl1, í tilefni af fyrirspurn Múrbúðarinnar um verð á landflutningum. Upplýsti hann að hafa boðið Múrbúðinni 50% afslátt á sínum tíma og að það væri hámarksafsláttur. Þá sagði einnig: „Málið er bara það eins og allir vita, að gjaldskráin er komin upp úr öllu valdi. Það liggur við að það sé allt of dýrt að flytja þó að afsláttur sé 50%“.
- Í kafla 14.56.1 kemur fram að þann 23. mars 2011 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til undirmanns síns varðandi tilboð í tiltekinn innflutning til Íslands. Í tölvupóstinum sagði (S)forstö-innfl1 : „Getur þú stillt upp tilboði fyrir JPP í flutning á 40'DC og 40'FR frá Gent til Reykjavíkur. Hafðu þetta verð frekar hátt. Sjófraktin ætti að vera ca 1200 EUR, uppskipun með 50% afslætti og annað skv.“

¹⁰⁸² Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 7.05.2008.



gjaldskrá." Samkvæmt þessu taldi (S)forstö-innfl1 verið frekar hátt þó umræddur 50% afsláttur væri innifalinn.

1901. Næsti yfirmaður (S)forstö-innfl1 var (S)frkvstj-millilandasv. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)frkvstj-millilandasv spurður hvort hann gæti útskýrt það sem fram kæmi í framangreindum tölvupóstsamskiptum (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 frá 10. og 13. júní 2008 um samkomulag Samskipa og Eimskips um 50% afsláttarhámarkið:

(S)frkvstj-millilandasv Nei, ég þekki þetta ekki.

HS Þarna er [(S)forstö-innfl1] undirmaður þinn, forstöðumaður innflutningsdeildar Samskipa.

(S)frkvstj-millilandasv Já.

HS Þú veist ekkert hvað þeir eru að ræða þarna?

(S)frkvstj-millilandasv Nei.

HS Kannast ekkert við þetta hámark sem þeir eru að tala um?

(S)frkvstj-millilandasv Nei.

HS Aldrei heyrt þetta?

(S)frkvstj-millilandasv Nei.

HS Veistu að svona hámark hafi verið notað í einhverju öðru, einhverjum öðrum tilvikum eða?

(S)frkvstj-millilandasv Ee, hvað meinarðu þá?

HS Nei, ég meina þú kannast ekki við þetta hámark, en þekkirðu að það hafi verið sett einhvers konar svona afsláttarhámark á einhverja aðra tekjuliði?

(S)frkvstj-millilandasv Ee, nei.¹⁰⁸³

1902. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)forstj spurður um þessi samskipti (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 frá júní 2008. Hann svaraði: „Ég bara þekki þetta ekki“. Var hann þá spurður hvort það hafi verið eitthvað hámark á afslætti. Svaraði (S)forstj aftur að hann þekkti þetta ekki.¹⁰⁸⁴

1903. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj spurður hvort Eimskip og Samskip hefðu haft bein eða óbein samskipti um verðákvarðanir til viðskiptavina. (E)forstj neitaði því. Var (E)forstj þá spurður hvort fyrirtækin hefðu haft bein eða óbein samskipti um að taka upp nýja tekjuliði í gjaldskrá. (E)forstj neitaði því. Síðan var (E)forstj spurður um hvort Eimskip og Samskip hefðu haft „samráð eða sameiginlegan skilning um hámarks afsláttarkjör til viðskiptavina“. (E)forstj neitaði því einnig. Þá voru framangreind tölvupóstsamskipti milli (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl um „50% hámarkið“ borin undir (E)forstj og hann beðinn að skýra þau. Svaraði (E)forstj svo:

„Nei ég get ekki skýrt þetta.. fáránlegt“.

1904. Var (E)forstj þá spurður hvort svona hámark á afslætti hefði tekið til fleiri þátta í verðlagningu. Svaraði (E)forstj: „[...] ég veit ekki til þess að það sé nokkuð, nokkuð og það er ekkert samráð um einhverja hámarksafslætti eða eitthvað svoleiðis.“¹⁰⁸⁵

1905. Samkvæmt framansögðu kváðust (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv ekkert vita um umræddan 50% hámarksafslátt. (E)forstj kvaðst heldur ekki vita neitt um þetta en framburður hans gefur til kynna

¹⁰⁸³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 14-15.

¹⁰⁸⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 19.

¹⁰⁸⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 245-246.



að honum hefði þótt „fáránlegt“ að (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl hefðu í samskiptum sínum verið að fjalla um hámarksafslátt.

1906. Áðurgreind dæmi sýna að 50% afsláttarhámark var vel þekkt hjá Eimskip og Samskipum. Þá er í málinu að finna fjölmörg fleiri tilvik þar sem framangreindum hámarksafslætti var beitt af Eimskip og Samskipum, sbr. kafla 14.56. Vegna stöðu (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (E)forstj innan fyrirtækjanna telur Samkeppniseftirlitið ekki trúverðugt að þeir hafi ekki haft vitneskju um þetta.
1907. Samkeppniseftirlitið vísar til umfjöllunar í kafla 4 hér að framan. Er þar m.a. gerð grein fyrir mikilvægi sjálfstæðis keppnauta og banni við hvers konar samráði þeirra á milli sem sé til þess fallið að raska verðsamkeppni. (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 voru sem fyrr segir báðir yfirmenn innflutningsdeilda viðkomandi keppnauta og höfðu ríka aðkomu að samráði fyrirtækjanna. Umræddir tölvupóstar þeirra frá júní 2008 eru skýr samtímagögn. Í þessum samskiptum frá júní 2008 er hnykk á ólögum verðsamráði fyrirtækjanna sem fólst í takmörkun og samræmingu á afslætti til viðskiptavina. Þá ber og að horfa til þess að í kafla 14.56 er lýst þeirri niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að á árunum 2008 – 2013 hafi Eimskip og Samskip haft samráð um framangreindan hámarksafslátt. Hafi bæði fyrirtækin með samráði leitast við að halda verði samkvæmt gjaldskrá háu til þess að geta virst veita viðskiptavinum sínum góð kjör með allt að 50% afslætti af gjaldskrá. Til að tryggja að slíkir sýndarafslættir yrðu ekki of háir hafi orðið samkomulag um umrætt hámark. Ber að virða umrædd tölvupóstamskipti (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 frá júní 2008 í samhengi við önnur gögn málsins sem staðfesta tilvist umrædds ólögum samráðs Samskipa og Eimskips. Þá ber að nefna í þessu sambandi að ekki allir viðskiptavinir Samskipa og Eimskips fengu afslætti frá háu verði í gildandi gjaldskrá hverju sinni.
1908. Í sátt Eimskips og Samkeppniseftirlitsins viðurkennir fyrirtækið að alvarleg samráðsbrot hafi falist í tilteknum aðgerðum sem gripið var til eftir fund með Samskipum 6. júní 2008. Þær hafi m.a. falist í samráði við Samskip um „*álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum.*“
1909. Í mgr. 578 – 580 í athugasemdum Samskipa við AI er því mótmælt að í þessum samskiptum (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl í júní 2008 hafi falist ólögum verðsamráð. Eins og rökstutt er í kafla 25.11 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa.

8.2. Unnið að „Nýtt upphaf“ verkefninu – Atvik til 25. júní 2008

1910. Samkvæmt glærunum, sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir, sátu (S)forstj, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv í vinnuhópi „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Fjórdi meðlimurinn í hópnum var samkvæmt glærunum tilgreindur sem „nn“. Samkeppniseftirlitið telur gögn málsins gefa til kynna að (S)frkvstj-millilandasv hafi orðið annar aðalfulltrúa Samskipa í þessu samstarfi við Eimskip. Í glærunum er vísað til „bakhjarla“ samráðsverkefnisins. Telur Samkeppniseftirlitið að þeir hafi verið (S)aðaleig-stjform-SH og (E)stjform. Vísast nánar um þetta til kafla 7.3.1.
1911. Samkeppniseftirlitið telur ljóst af gögnum málsins að fyrrgreindur vinnuhópur „Nýtt upphaf“ verkefnisins hafi í kjölfar fundar fyrirtækjanna 6. júní 2008 og glærुकyningar Eimskips um „Nýtt upphaf“ hafist handa við framgang verkefnisins.
1912. Í kafla 7.3.2 er lýst atvikum 10. júní 2008. Þann dag átti (E)forstj ítrekaða fundi með hinum fulltrúa Eimskips í vinnuhópnum og með öðrum bakhjarlanna:
- Kl. 13:00 – 14:00 fund sem nefndur var „(E)frkvstj-alþjsv (E)forstj“
 - Kl. 16:00 – 17:00 átti (E)forstj fund með (E)stjform.
 - Kl. 17:00 – 18:00 átti (E)forstj annan fund með (E)frkvstj-alþjsv.
 - Kl. 18:00 átti (E)forstj annan fund með (E)stjform, en aðrir sátu þann fund einnig.



1913. Sama dag, 10. júní 2008, skipulagði (S)forstj fundi (E)frkvstj-alþjsv með stjórnendum Samskipa erlendis til ræða frystigeymslu og „short sea“ verkþátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Var (S)aðaleigstjform-SH haldið upplýstum um þennan framgang, sbr. kafla 7.3.2.
1914. Í samræmi við undirbúning (S)forstj fundaði (E)frkvstj-alþjsv með Samskipum 23. eða 24. júní 2008. Þá áttu stjórnendur siglingakerfa Samskipa og Eimskips í samskiptum 19. og 20. júní 2008. Verður þessu lýst nánar hér á eftir. Verður fyrst hins vegar vikið að vinnu innan Eimskips tengdri „Nýtt upphaf“ verkefninu.

8.2.1. Undirbúningur innan Eimskips

1915. Samkvæmt dagbók (E)forstj átti hann fund með (E)frkvstj-alþjsv, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-markaðs þann 18. júní 2008. Á dagskrá fundarins var m.a. „Innanlandskerfið“.¹⁰⁸⁶ Innanlandsflutningar féllu ekki undir starfssvið (E)frkvstj-alþjsv en hins vegar voru þeir flutningar hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu, sem (E)frkvstj-alþjsv bar ábyrgð á með (E)forstj. Gögn málsins sýna að (E)frkvstj-EimÍsl kom að samráði Samskipa og Eimskips, sbr. nánar hér á eftir.
1916. Daginn eftir, þann 19. júní 2008, sendi (E)forstj uppfærðan verkefnalista sinn með tölvupósti til ritara síns. Verkefnið „Nýtt upphaf“ var sem fyrr á listanum. Einnig komu fram á listanum önnur verkefni sem vörðuðu samráðsverkefnið, m.a. Norður-Ameríku samstarfið við Samskip og Daalimpex.¹⁰⁸⁷
1917. Gögn málsins sýna að í júní og júlí 2008 hafi (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutkerf og (E)frkvstj-innanl, að undirlagi (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv, komið að skoðun a.m.k. þess þáttar „Nýtt upphafs“ verkefnisins sem tók til landflutninga og siglingakerfa fyrirtækjanna og endurskoðun þeirra.
1918. (S)frkvstj-millilandasv, framkvæmdastjóri millilandasviðs Samskipa og yfirmaður siglingakerfa, var í fríi dagana 11. júní til 2. júlí 2008.¹⁰⁸⁸ (S)forstö-flutnstj var forstöðumaður flutningsstýringardeildar Samskipa og var þá staðgengill fyrir (S)frkvstj-millilandasv. Sýna gögnin samskipti (S)forstö-flutnstj við Eimskip 19. júní 2008, sbr. umfjöllun hér síðar um tölvupóst (S)forstö-flutnstj til (E)frkvstj-flutkerf 20. júní 2008.
1919. Eins og áður hefur komið fram átti (E)forstj fund með m.a. (E)frkvstj-EimÍsl þann 18. júní 2008 eða níu dögum eftir að (E)forstj vistaði hjá sér glærुकynninguna um „Nýtt upphaf“ verkefnið með Samskipum. Gögn málsins sýna jafnframt að (E)frkvstj-EimÍsl hafði á þessum tíma, með aðkomu (E)frkvstj-flutkerf, haft yfirumsjón með því verkefni að fá starfsmenn Eimskips til að taka saman og greina þá þætti sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið er varðaði siglingakerfi og sjóflutninga. Upplýsingasöfnunin og greiningarnar tóku t.a.m. til viðkomuhafna og greininga á magni og skipum. Greina má af gögnum málsins að þessi vinna (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-flutkerf hafi verið umfangsmikil. Þann 19. júní 2008 vísaði (E)forstö-flutnstý t.a.m. til þess í tölvupósti til (E)frkvstj-flutkerf að (E)frkvstj-EimÍsl væri „alltaf að biðja um meiri og meiri statistík“.¹⁰⁸⁹ Seinna sama dag, 19. júní 2008 kl. 16:52, sendi (E)frkvstj-EimÍsl tölvupóst til aðstoðarmanns síns (afrit til (E)frkvstj-flutkerf og (E)frkvstj-innanl). Af þessum tölvupósti og öðrum gögnum er ljóst að (E)frkvstj-EimÍsl vann að því að taka saman greiningarnar og lét undirbúa kynningu um siglingakerfi og sjóflutninga. Í tölvupóstinum sagði (E)frkvstj-EimÍsl við aðstoðarmanninn að kynningin væri í lagi en það þyrfti að bæta inn „mynd af Noregi og þjónustu ctg og skipaflota þeirra auk þess vil ég hafa contaiknership [svo] kerfin og skip“.¹⁰⁹⁰

¹⁰⁸⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.256219.

¹⁰⁸⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.33.258986.

¹⁰⁸⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.473199. Samskip gera ekki athugasemdir um að þetta gagn sýni að [...] hafi verið fjarverandi frá vinnu á þessum tíma, sbr. mgr. 25 í bréfi Samskipa til Samkeppniseftirlitsins dags. 13.06.2022.

¹⁰⁸⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

¹⁰⁹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...], afrit til [...]. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.226364. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

1920. Vekur athygli að allar viðbæturnar sem (E)frkvstj-EimÍsl vildi fá inn í kynninguna koma fram í „Nýtt upphaf“ verkefninu, sbr. eftirfarandi tilvitnun í tölvupóst (E)frkvstj-EimÍsl og tilvísun til glærुकynningar (E)forstj sem hafði verið vistuð nokkrum dögum fyrr:
- Noregur: „Noregur: Dæmi um höfn sem væri hægt að gera samning um“, sbr. töluliður 2 í „Nýtt upphaf“ verkefninu, sbr. glæra 2 og 7 í glærुकynningu (E)forstj frá 9. júní 2008.
 - Eimskip CTG: „Frystiskipabjónusta: Leggja saman félögin Eimskip CTG og Silversea“, sbr. töluliður 4 í „Nýtt upphaf“ verkefninu, sbr. glæru 2 og 12 í glærुकynningu (E)forstj frá 9. júní 2008.
 - Containerships kerfin og skip: „Hvort og hvernig hægt væri að samþætta rekstur Containership og Samskip í „short sea“, sbr. tölulið 4 í „Nýtt upphaf“ verkefninu, sbr. glæru nr. 2 og 11 í glærुकynningu (E)forstj.
1921. Kynningin sem (E)frkvstj-EimÍsl vísaði til að væri „í lagi“ hefur ekki fundist við rannsókn málsins. Þrátt fyrir að kynningin félli undir upplýsingaskyldu Eimskips skv. 19. gr. samkeppnislaga var hún ekki afhent við rannsókn málsins. Eins og áður sagði upplýsti Eimskip heldur ekki um glærुकynninguna sem (E)frkvstj-alþjsv vístaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir á meðan á rekstri málsins stóð. Í sáttinni við Samkeppniseftirlitið viðurkennir Eimskip að „hafa brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga með því að hafa ekki veitt nauðsynlegar eða réttar upplýsingar eða afhent gögn í þágu rannsóknar Samkeppniseftirlitsins.“ Einnig viðurkennir fyrirtækið, með m.a. vísun til „Nýtt upphaf“ glærुकynningarinnar, að alvarlegt ólögmaett samráð við Samskip hafi hafist í júní 2008.
1922. Samkeppniseftirlitið telur ljóst af fyrirliggjandi samtímagögnum að þessi vinna, sem (E)frkvstj-EimÍsl leiddi, hafi tengst samráðsverkefni fyrirtækjanna á þessum tíma. Um hafi verið að ræða undirbúning og nánari útfærslu á framkvæmd samstarfsverkefna Eimskips og Samskipa sem félli undir „Nýtt upphaf“ verkefnið. Sú staðreynd að slík kynning var undirbúin, tæpum tveimur vikum eftir fund stjórnarformanna og forstjóra Eimskips og Samskipa og 10 dögum eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið var skilgreint með glærुकynningu, felur ásamt fjölmörgum öðrum gögnum málsins í sér staðfestingu á því að fyrirtækin fylgdu eftir leynilegum áformum sínum um stóraukið samstarf og viðtækt samráð.

8.2.2. Samskipti milli stjórnenda siglingakerfa Samskipa og Eimskips

1923. Sama dag og (E)frkvstj-EimÍsl sendi áður nefndan tölvupóst 19. júní 2008, varðandi greiningar sem tengdust samráðsverkefninu (afrit til (E)frkvstj-flutnkerf), sýna gögn málsins að (E)frkvstj-flutnkerf og (S)forstö-flutnstj hafi átt í samskiptum. Þetta má sjá af tölvupósti frá (S)forstö-flutnstj til (E)frkvstj-flutnkerf 20. júní 2008. Heiti póstsins er „gámarnir“ og var afrit sent til (S)forstö-útl. Í tölvupóstinum segir eftirfarandi:

„Sæll [(E)frkvstj-flutnkerf]

Við fengum ekki upplýsingar um gámanúmerin frá ykkur í gær.

Við bókuðum og fluttum þá 14 gáma sem komu inn á svæði hjá okkur í gær til Vestmannaeyja.

Þetta eru gámanúmerin:

eimu 268 225 3 [...]¹⁰⁹¹

1924. Á þessum tíma var eins og áður segir (S)forstö-flutnstj staðgengill (S)frkvstj-millilandasv. (S)forstö-flutnstj var því næsti yfirmaður flutningastjórnunardeildar Samskipa á þessum tíma og féll því þessi þáttur samráðsverkefnisins (siglingakerfi) undir ábyrgð hans. Í því sambandi skal árétta að fyrirliggjandi gögn sýna jafnframt að (S)forstö-flutnstj hafi, að undirlagi (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstj, áfram haft aðkomu að vinnslu samráðsverkefnisins innan Samskipa, þ.e. þar til hann lét af

¹⁰⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.781937.



störfum hjá fyrirtækinu í lok október 2008, sbr. t.d. gögn sem (S)forstö-flutnstj sendi til (S)forstj kvöldið fyrir fund Samskipa og Eimskips 25. júlí 2008. Í þeim gögnum var fjallað um breytingar á siglingakerfum og samráð við Eimskip því tengdu, sbr. umfjöllun í kafla 8.13.1.

1925. (E)frkvstj-flutnkerf og (S)forstö-flutnstj voru ekki starfsmenn eða stjórnendur í inn- og útflutningsdeild fyrirtækjanna. Afrit af tölvupóstinum fór til (S)forstö-útl sem gefur til kynna að samstarfið hafi tengst gámastýringu fyrir Eimskip vegna útflutnings frá Vestmannaeyjum.
1926. Framangreint sýnir að yfirmenn Samskipa og Eimskips sem báru ábyrgð á flutningsstjórnun og siglingakerfum fyrirtækjanna, eða starfsmenn á þeirra vegum, hafi 19. júní 2008 átt í samskiptum, samhliða því að unnið var að framgangi verkþátta "Nýtt upphaf" verkefnisins. Samkeppniseftirlitið áréttar að áður nefndur tölvupóstur (S)forstö-flutnstj til (E)frkvstj-flutnkerf varðaði flutning Samskipa á gámum fyrir Eimskip frá Reykjavík til Vestmannaeyja. Engin undanþága skv. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga var í gildi fyrir þetta samstarf Samskipa og Eimskips. Kjarnaatriðið hér er þó að áður nefnd samskipti Samskipa fyrir Eimskip vörðuðu flutninga vegna Vestmannaeyja. Þetta skal sett í samhengi við að sjóflutningar til og frá Vestmannaeyjum, og sú viðkomuhöfn, var eitt af andlögum samráðsverkefnis fyrirtækjanna sem hófst þarna skömmu áður, sbr. glærुकynningin um „Verkefnið Nýtt upphaf“. Gögnin sýna að fyrirtækin skoðuðu aukið samráð um þá viðkomuhöfn og samnýtingu flutningakerfa vegna þeirra flutninga.¹⁰⁹²
1927. Til stuðnings framangreindu vísast til þess að undirmaður (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-flutnstj, spurði út í áður nefndan flutning Samskipa fyrir Eimskip vegna Vestmannaeyja með tölvupósti 8. júlí 2008. Þar kom fram eftirfarandi: „Við biðjum bókhaldið að setja þetta á SEL 825 og bókast á útflutning. Grátlegur reikningur. Var eitthvað búið að semja við Samskip um verð – er það rétt?“. (E)frkvstj-flutnkerf svaraði strax eftirfarandi: *Nei það var ekki samið sérstaklega um þennan flutning en þetta er samningverðið [svo] sem við erum með við þá.*¹⁰⁹³ Gefur þetta svar til kynna að samkomulag hafi verið komið á eða þegar til staðar á milli fyrirtækjanna um samstarf í sjóflutningum tengdum Vestmannaeyjum. Markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins var að skoða og eiga upplýsingaskipti um að auka það samstarf. Á þessum tíma hafði Eimskip frá 1. júlí 2008 verið að skoða og taka saman gögn um áhrif þess að hætta að sigla til Vestmannaeyja, sbr. kafla 8.5.
1928. Hér skiptir máli að (S)frkvstj-millilandasv kom til vinnu eftir frí í kringum þessi mánaðamót. Fimm virkum dögum síðar lá fyrir minnisblað (S)frkvstj-millilandasv með tillögum að víðtæku auknu samstarfi Samskipa og Eimskips, sbr. minnisblað (S)frkvstj-millilandasv frá 7. júlí 2008 og nýja útgáfu minnisblaðsins sem dagsett var 9. júlí 2008. Ein af mörgum tillögum (S)frkvstj-millilandasv tók til markaðsskiptingar vegna flutninga frá Vestmannaeyjum. Fólst í þessu að Eimskip myndi hætta að sinna flutningaþjónustu frá Vestmannaeyjum og að Samskip, með slotsamningi við Eimskip, tækju að sér flutninga fyrir Eimskips vegna Vestmannaeyja. Talið er að Samskip og Eimskip hafi átt í viðræðum um samráðstillögurnar í sömu viku (líklega 9. júlí 2008), þ.á m. um flutninga tengdum Vestmannaeyjum. Sama dag og hin nýja útgáfa af minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv var dagsett, þ.e. 9. júlí 2008, sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst til (E)forstj. Í þeim tölvupósti sagði: „Hérna eru tekjuna varðandi Vestmannaeyjar á átta mánaða tímabili sjá viðhengi mér væri mjög illa við að láta þetta eftir“. Eins og rökstutt verður vildi (E)frkvstj-flutnkerf brýna fyrir (E)forstj að það þjónaði ekki hagsmunum Eimskips að fallast á að Eimskip hætti að sigla til Vestmannaeyja og gera þess í stað slot samning við Samskip. Eru þessu öllu lýst með ítarlegum hætti í kafla 8.9.
1929. Samkeppniseftirlitið telur að framangreind gögn sýni framgang „Nýtt upphaf“ verkefnisins og að horfa verði til samskipta fyrirtækjanna 19. júní 2008 í því samhengi. Þetta hafi verið liður í því að meta hagkvæmni af auknu samstarfi með Samskipum í siglingakerfum og sjóflutningum í samræmi við samráðsverkefnið, sbr. áður nefndan framburð (S)forstj um að eftir fund hans og (S)aðaleig-stjform-

¹⁰⁹² Glæra 7.

¹⁰⁹³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.245086. Í viðhengi var reikningur Samskipa vegna flutninganna (1 bls. af 2). Dagsetning reiknings er 20.06.2008 og varðaði flutning Samskipa á tónum gámum fyrir Eimskip frá Reykjavík til Vestmannaeyja. Með bréfi Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 24.03.2023 var reikningurinn í fylgiskjali (2 bls. af 2).



SH með (E)stjform og (E)forstj 6. júní 2008 hafi „menn“ svo „farið og herna unnið frekar heima í húsi [...]“.¹⁰⁹⁴ Á þessum tíma, þ.e. seinni hluta júní 2008, var einnig unnið að öðrum verkþáttum „Nýtt upphaf“ verkefnisins og áttu fyrirtækin í samskiptum vegna þessa, sbr. umfjöllun í næstu köflum.

8.2.3. Samskipti tengd frystigeymslum og „short sea“ siglingum

1930. Í kafla 7.3.2 er fjallað um tölvupóst sem (S)forstj sendi (S)forstj-frystig, (S)frkvstj-MCL og (S)aðaleig-stjform-SH þann 10. júní 2008. Í tölvupóstinum var undirbúið að (E)frkvstj-alþjsv myndi hafa samband við (S)forstj-frystig og (S)frkvstj-MCL vegna verkefna sem tengdust annars vegar „short sea“ siglingum og hins vegar frystigeymslum. Hvað „short sea“ siglingar varðar myndi (E)frkvstj-Contain, framkvæmdastjóri Containerships, einnig taka þátt í umræðunni við (S)frkvstj-MCL. Var gert ráð fyrir að (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Contain kæmu til Hollands til þess að hitta (S)forstj-frystig og (S)frkvstj-MCL.
1931. Gögn málsins sýna að (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Contain voru í Rotterdam 23. og 24. júní 2008. Þetta má m.a. skýrlega ráða af tölvupósti (E)frkvstj-alþjsv frá 19. júní 2008.¹⁰⁹⁵ Fyrir liggur að (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Contain hittu (S)frkvstj-MCL á fundi í þessari ferð.
1932. Með heimild í 19. gr. samkeppnislaga óskaði Samkeppniseftirlitið eftir upplýsingum um m.a. fundi eða samtöl stjórnenda Eimskips og Samskipa á rannsóknartímabilinu. Hvorki Eimskip né Samskip upplýstu um framangreindan fund. Engin gögn voru því afhent sem veittu upplýsingar um hvað hafi verið rætt í þessum samskiptum (E)frkvstj-alþjsv, (E)frkvstj-Contain og (S)frkvstj-MCL.¹⁰⁹⁶
1933. Við skýrslutöku hjá lögreglu upplýsti (E)frkvstj-alþjsv hins vegar að í kjölfar tölvupósts (S)forstj frá 10. júní 2008 hefðu hann og (E)frkvstj-Contain fundað með (S)frkvstj-MCL í Rotterdam. Á fundinum hefði verið rætt um samstarf Eimskips og Samskipa í „short sea“ siglingum. Einnig hefði verið rætt um hvort Samskip hefðu áhuga á að kaupa Containerships. Þá upplýsti (E)frkvstj-alþjsv um frekari samskipti (E)frkvstj-Contain og (S)frkvstj-MCL þar sem rætt hafi verið um samstarf í „short sea“ siglingum, sbr. kafla 7.3.6.3.2 hér að framan. Í fundargerð vegna stjórnarfundar Samskipa Holding 14. júlí 2008 er vísað til viðræðna við Eimskip um þennan þátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins, sbr. kafla 8.10.1 hér á eftir.
1934. Samkvæmt framangreindum tölvupósti (S)forstj frá 10. júní 2008 var einnig gert ráð fyrir því að (E)frkvstj-alþjsv myndi funda með (S)forstj-frystig, yfirmanni frystigeymslureksturs Samskipa. Við skýrslutöku hjá lögreglu neitaði (E)frkvstj-alþjsv því að hann hefði setið fund með (S)forstj-frystig.¹⁰⁹⁷ Í þessu samhengi ber hins vegar að líta til tölvupósts sem (S)forstj-frystig sendi (E)frkvstj-alþjsv föstudaginn 27. júní 2008. Heiti tölvupóstsins er „meeting“ og í honum sagði (S)forstj-frystig:
- „i have left a few messages on the phone number you left on my mobile last week. I am in Rotterdam tuesday and wed next week and could meet either Tuesday [1/7] from 1330 until 1800 hours or wednesday morning. I am then travelling for a few days and the week after i am fully committed and then i go on vacation for 3 weeks so if we are to meet in the short term next week tue/wed is best. pls advise whether this is possible for you.“*¹⁰⁹⁸
1935. (E)frkvstj-alþjsv svaraði sama dag:
- „Dear [(S)forstj-frystig] I am on vacation until middle of july be in contact after that.“*

¹⁰⁹⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 107.

¹⁰⁹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.96833.

¹⁰⁹⁶ Fjallað er um brot Samskipa gegn 19. gr. í kafla 23.

¹⁰⁹⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 175.

¹⁰⁹⁸ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.97359.



1936. (S)forstj-frystig áframsendi þennan tölvupóst (E)frkvstj-alþjv til (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH þann 30. júní 2008.¹⁰⁹⁹
1937. Eins og áður sagði var (E)frkvstj-alþjv í Rotterdam 23. og 24. júní 2008. Samkvæmt tölvupósti (S)forstj-frystig höfðu hann og (E)frkvstj-alþjv reynt að funda en ekki tekist. Lýsti (E)frkvstj-alþjv því yfir að hann myndi hafa samband við (S)forstj-frystig eftir miðjan júlí 2008. Liggur þannig fyrir að (E)frkvstj-alþjv og (S)forstj-frystig áttu í samskiptum enda þótt ekki hafi orðið af fundi þeirra á þessum tíma. Í samræmi við tölvupóst (S)forstj frá 10. júní 2008 upplýsti (S)forstj-frystig bæði (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH um þessi samskipti hans við (E)frkvstj-alþjv.
1938. Í glærुकynningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið var sem fyrr segir fjallað um aukna samvinnu Eimskips og Samskipa í frystigeymslurekstri. Einnig kom þetta fram:
- „-Skoða sameiginlega
- Kloosterboer, Samskip, Daalimpex“
1939. Í kafla 7.5.1 er lýst fundi (E)forstj og (E)frkvstj-alþjv með meðlimum Kloosterboerfjölskyldunnar, bræðrunum Kloosterb2 og Kloosterb4, þann 2. júní 2008. Einnig er gerð grein fyrir því að skömmu eftir að fundi (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)stjform og (E)forstj lauk þann 6. júní 2008 (kl. 14:42 þann 6. júní 2008) sendi (E)frkvstj-alþjv tölvupóst til Kloosterb2 og Kloosterb4. Með tölvupóstinum fylgdi glærुकynning Eimskips þar sem greint var frá því að Eimskip væri með þrjá möguleika til skoðunar varðandi framtíð Daalimpex: (1) Renna Daalimpex saman við Eimskip í Hollandi og styrkja fyrirtækið með þeim hætti, (2) Renna Daalimpex saman við frystigeymslufyrirtæki Eimskip í Norður-Ameríku og (3) selja Daalimpex til Kloosterboer fjölskyldunnar og gera samning til langs tíma um kaup á þjónustu af fjölskyldufyrirtækinu. Segir að umfjöllunin í glærुकynningunni miðist við síðastnefnda valkostinn.
1940. Í kynningunni er og lýst viðræðum um að hækka verð gagnvart viðskiptavinum og að með kaupum á Daalimpex fengi Kloosterboer fjölskyldufyrirtækið aukið aðgengi að íslenskum viðskiptavinum.
1941. Glærुकynningin gefur til kynna að á fundinum 2. júní 2008 hafi (E)forstj, (E)frkvstj-alþjv, Kloosterb2 og Kloosterb3 rætt m.a. um hækkun á verði. Með sendingu þessarar kynningar þann 6. júní 2008 til Kloosterb2 og Kloosterb3 lagði (E)frkvstj-alþjv frekar á ráðin um að Eimskip og Kloosterboer beittu sér fyrir verðhækkunum gagnvart viðskiptavinum.
1942. Í kafla 7.5.1 er fjallað um minnisblað sem Kloosterb2 og Kloosterb4 sendu (E)frkvstj-alþjv og (E)forstj 12. júní 2008. Það minnisblað styður við það að á fundinum 2. júní 2008 hafi verið rætt m.a. um hækkun á verði og áframhaldandi samkeppnishamlandi samskipti fyrirtækjanna. Í kafla 7.5.1 er því einnig lýst að á sama tíma hefðu Samskip einnig átt í samskiptum við Kloosterboerfjölskyldunna. Sést þetta af tölvupósti sem Kloosterb2 sendi (S)forstj 13. júní 2008. Samkvæmt tölvupóstinum höfðu Kloosterb2 og (S)forstj rætt möguleikann á því að bræðurnir myndu kaupa til baka frystigeymslur í Hollandi sem þeir höfðu selt Samskipum í apríl 2005.
1943. Hér skipta einnig máli tölvupóstsamskipti milli Kloosterb2 og (E)frkvstj-alþjv þann 20. júní 2008 (áfrít til Kloosterb4, (E)forstj og Kloosterb3¹¹⁰⁰). Í samskiptunum var vísað til símafundar 19. júní 2008 og að (E)frkvstj-alþjv hefði þrýst á Kloosterb2 að komast að niðurstöðu. Segir að (E)frkvstj-alþjv myndi hringja í Kloosterb2 22. júní 2008 og að fundur yrði haldinn í kjölfarið í Hollandi.¹¹⁰¹ Eins og áður sagði var (E)frkvstj-alþjv í Hollandi 23. og 24. júní 2008 til þess að ræða við stjórnendur Samskipa. Stóð því til að (E)frkvstj-alþjv myndi einnig ræða við meðlimi Kloosterboerfjölskyldunnar.

¹⁰⁹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.476497.

¹¹⁰⁰ Einn Kloosterboer bræðra.

¹¹⁰¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.96874 / 0.7.33.96864.



1944. Aftur voru (S)forstj og Kloosterb2 í samskiptum á nánast sama tíma og (E)frkvstj-alþjv og Kloosterb2. Sendi Kloosterb2 þannig tölvupóst til (S)forstj laugardaginn 21. júní 2008. Þar segir: „[...] we have not internally consensus about a price for Rotterdam and Ijmuiden. We expect to be able to mention and indication after wednesday”.¹¹⁰² Samkvæmt þessu taldi Kloosterb2 að það myndi skýrast eftir miðvikudaginn 24. júní 2008 hvaða verð Kloosterboerfjölskyldan væri tilbúin að greiða fyrir frystigeymslur Samskipa í Rotterdam og Ijmuiden. Eins og áður sagði var (E)frkvstj-alþjv í Hollandi 23. og 24. júní 2008 og stóð til að hann myndi funda með Kloosterb2.
1945. Þann 30. júní 2008 sendi ritari (E)forstj honum áður nefndan verkefnalista („Task” lista) frá 3. júní sama ár. Þar koma fram verkefni sem m.a. tengjast „Nýju upphafi”, sbr.: „uppsögn Samskipa samnings”, „Daalimpex – Confidentiality Agreement”, „Containership – Sala til fjárfestis”, „Daalimpex – offer”, „Tilboð Kloosterboer” (dags. 20. júní 2008).¹¹⁰³ Þann 2. júlí 2008 sendi ritari (E)forstj aftur tölvupóst til hans. Í honum var að finna þessi skilaboð frá (E)frkvstj-alþjv: „Kloosterboer: þeir höfðu samband við [(E)frkvstj-Holland] og vilja skoða málin aðeins betur munu hitta [(E)frkvstj-Holland] um miðja næstu viku til að fara yfir skýrslu um verðmæti fasteigna ásamt ársreikningum síðasta og þar síðasta árs. Gera má þá ráð fyrir að tilboð komi frá þeim eftir þann fund s.s. í enda næstu viku eða í byrjun þar næstu. [...]. (E)forstj svaraði sama dag: „Æ Æ Æ ég var að vona í síðasta lagi í næstu viku, voðalegan tíma tekur þetta”.¹¹⁰⁴
1946. Framangreint sýnir framgang samráðsins á þessum tíma. Í samræmi við „Nýtt upphaf” glærukynninguna og tölvupóst (S)forstj frá 10. júní 2008 átti (E)frkvstj-alþjv fund með (S)frkvstj-MCL í Rotterdam og reyndi að ná fundi með (S)forstj-frystig. (E)frkvstj-alþjv átti í samskiptum við Kloosterb2 hjá Kloosterboer og hið sama gerði (S)forstj. Er þetta til vitnis um „sameiginlega skoðun” Eimskips og Samskipa á málefnum sem tengdust frystigeymslumarkaðnum, sbr. glærukynninguna um „Nýtt upphaf” verkefnið.
1947. Þá er ljóst að ópolinmæði gætti hjá (E)forstj varðandi svör frá Kloosterboerfjölskyldunni um möguleg kaup hennar á Daalimpex. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga tölvupósti (E)frkvstj-alþjv frá 22. júlí 2008 til (E)frkvstj-Daalimpex, framkvæmdastjóra Daalimpex (afrit til (E)frkvstj-Holland). Í honum sagði: „Regading Daalimpex, then as you know me and [...] had a meeting with Kloosterboer in Brussel to discuss if there could be potential co-operation with Daalimpex and we were open for all suggetions from there side, bearing in mind that they had the initative for that meeting. Since then I have talked two times with the brothers mainly to listening about their ideas, but no firm suggetion has come from there side and nothing on paper how we could co-operate. I am still waiting to hear their suggetions. I have not given any ideas from our side only wait and see what they come up with. On the other hand if something would come up that is interesting I would always involve you in that process.” (E)frkvstj-Daalimpex svaraði tölvupósti (E)frkvstj-alþjv þann 23. júlí 2008: „[...] Kloosterboer is spreading rumours around (only in Flushing) that we are in serious financial problem and on the edge of bankruptcy. I will discuss this with [Kloosterb2] myself but thought it is good that you know this also.”¹¹⁰⁵
1948. Samkvæmt þessu hafði (E)frkvstj-alþjv ítrekað rætt við Kloosterboerbræður um samvinnu á frystigeymslumarkaði og (E)frkvstj-Daalimpex ætlaði að ræða við Kloosterb2. Rétt er að rifja hér upp að í skýrslutöku hjá lögreglu sagði (E)frkvstj-alþjv að (E)frkvstj-Daalimpex hefði verið í samskiptum við Kloosterboerbróðurinn sem vann hjá Samskipum ((S)frkvstj-frystig). Var (S)frkvstj-frystig á þessum tíma yfirmaður í frystigeymslustarfsemi Samskipa. Hélt (E)frkvstj-alþjv því fram að (E)frkvstj-Daalimpex og (S)frkvstj-frystig hefðu verið „prímus mótórnir” í hinu ólögmeta samráði Eimskips og Samskipa sem fjallað er um í ákvörðun hollenska samkeppniseftirlitsins frá 23. mars 2016, sbr. nánari umfjöllun í kafla 7.5.1.

¹¹⁰² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc ID. 0.7.33.528777.

¹¹⁰³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.270242.

¹¹⁰⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.97494.

¹¹⁰⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.98304 / 0.7.33.98306 / 0.7.33.98312.



8.2.4. Samskipti tengd Norður-Ameríkusamstarfinu

1949. Gögn málsins sýna að (E)forstj og (S)frkvstj-N-Am, yfirmaður Samskipa í Norður-Ameríku, hittust í hádeginu 25. júní 2008 og snæddu saman hádegisverð.¹¹⁰⁶
1950. Með heimild í 19. gr. samkeppnislaga óskaði Samkeppniseftirlitið eftir upplýsingum um m.a. fundi eða samtöl stjórnenda Eimskips og Samskipa á rannsóknartímabilinu. Hvorki Eimskip né Samskip upplýstu um framangreindan fund. Engin gögn voru því afhent sem veittu upplýsingar um hvað hafi verið rætt í þessum samskiptum (E)forstj og (S)frkvstj-N-Am.¹¹⁰⁷
1951. Við skýrslutöku hjá lögreglu voru borin undir (E)forstj gögn um þessi samskipti hans við (S)frkvstj-N-Am í júní 2008, auk samskipta frá september 2008. Sagði (E)forstj að (S)frkvstj-N-Am hefði verið umsjónarmaður samnings Eimskips og Samskipa vegna Norður-Ameríku siglinga og að þeir hefðu hist „reglulega“. Þegar (S)frkvstj-N-Am kæmi til Íslands vildi hann hitta (E)forstj af því að hann væri „Eimskip“.¹¹⁰⁸ Í mgr. 659 í athugasemdum við AI segja Samskip að (S)frkvstj-N-Am hafi í júní 2008 verið yfirstjórnandi Samskipa í Bandaríkjunum og „var þar af leiðandi ábyrgur fyrir N-Ameríkusamningnum. Tilvitnuð samskipti hans við (E)forstj frá 25. júní 2008 lutu að framkvæmd á því samkomulagi.“ Leggja Samskip hins vegar ekki fram nein gögn þessu til stuðnings.
1952. Engar upplýsingar eða gögn hafa því verið lögð fram sem sýna að á umræddum fundi hafi eingöngu verið rætt um málefni ótengd samkeppni milli Eimskips og Samskipa. Í m.a. kafla 4.7.3 er, með vísan til dómaframkvæmdar, bent á að ef engar fundargerðir eða önnur gögn væru til sem sýndu umræðuefni á fundi keppnauta gæti það gefið til kynna að þátttakendur á fundinum hefðu viljað leyfa því sem rætt hafi verið á honum. Undir slíkum kringumstæðum getur sönnunarbyrðin snúist við. Hafa dómstólar ESB komist að þeirri niðurstöðu að sýni fyrirtæki ekki fram á að umræðuefnin á fundi þeirra hafi verið lögmæt geti samráðsbrot talist sannað.
1953. Eins og Samskip benda á var (S)frkvstj-N-Am „ábyrgur fyrir N-Ameríkusamningnum“ og (E)forstj hafði borið sömu ábyrgð hjá Eimskip þar til að hann tók við aukinni ábyrgð þegar hann varð forstjóri 20. maí 2008. Samkvæmt glærुकyningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið sat (E)forstj í „vinnuhópnum“ og eitt hlutverk þess hóps var að kanna möguleika á að auka samstarf Eimskips og Samskipa m.a. í Norður-Ameríku flutningum til og frá Íslandi. Gögn málsins sýna að aðrir meðlimir „vinnuhópsins“ hafi á þessum tíma rætt við aðra stjórnendur sem báru ábyrgð á rekstareiningum sem féllu undir aðra þætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu, sbr. m.a. fyrrnefnd samskipti (E)frkvstj-alþjvs við (S)frkvstj-MCL og (S)forstj-frystig.
1954. Hér ber og að líta til þess að tveimur dögum eftir viðræður (E)forstj og (S)frkvstj-N-Am setti (E)forstj fram hugmyndir um að draga úr samkeppni í flutningum milli Norður-Ameríku og Íslands og hækka verð á þeirri flutningaþjónustu, sbr. nánar kafla 8.4.
1955. Þegar allt þetta er virt saman telur Samkeppniseftirlitið að þessi samskipti Samskipa og Eimskips 25. júní 2008 hafi verið hluti af samráði fyrirtækjanna.

8.3. (S)forstj upplýstur um áform Eimskips 25. júní 2008

1956. Sama dag og (E)forstj og (S)frkvstj-N-Am hittust, þ.e. 25. júní 2008, sendi (S)viðskstj, viðskiptastjóri hjá Samskipum, tölvupóst til (S)forstj. Í honum greindi (S)viðskstj frá samskiptum við (E)forstj:

¹¹⁰⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.262589.

¹¹⁰⁷ Fjallað er um brot Samskipa gegn 19. gr. samkeppnislaga í kafla 23.

¹¹⁰⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 40.



„Hitti annars [(E)forstj] um helgina og spjölluðum við mikið um flutningana og hann lá ekki á skoðun sinni frekar en vanalega, talaði um að fækka niður í eitt skip á USA og sennilega taka fljótlega eitt skip út á Evrópu osfrv., algjör snillingur!“¹¹⁰⁹

1957. Hvorki Eimskip né Samskip veittu Samkeppniseftirlitinu upplýsingar um ofangreind samskipti (E)forstj og (S)viðskstj.

1958. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj spurður almennt um samskipti sín við (S)viðskstj. Hann kvaðst ekki vita hver sá maður væri. Var framangreindur tölvupóstur (S)viðskstj þá borinn undir (E)forstj. (E)forstj kvaðst ekkert muna eftir þessu. Bætti hann því við að hann vissi ekki hvaða „aðilar eru að reyna að skora hjá [(S)forstj] eða ég veit ekki hver þessi maður er.“ Var (E)forstj þá spurður hvort hann teldi að (S)viðskstj hafi verið „að bulla“ í tölvupóstinum. Áréttaði (E)forstj þá að hann þekkti ekki (S)viðskstj. Var (E)forstj þá spurður hvort hann ræddi „venjulega svona áætlanir ykkar í skipakostj, við eitthvað fólk?“. (E)forstj neitaði því. Kom síðan fram hjá (E)forstj að ef hins vegar fyrir lægi að Eimskip væri búíð að ákveða að gera breytingar á skipakerfi sínu myndi hann greina frá því.¹¹¹⁰

1959. Við skýrslutöku hjá lögreglu var framangreindur tölvupóstur (S)viðskstj borin undir (S)forstj. Svaraði hann svo:

(S)forstj Ég bara get ekki kommenterað á þetta.

HS Eru þetta eðlileg samskipti milli starfsmanna félaga sem eiga við samkeppni?

(S)forstj Mér finnst hérna þetta kannski ekki vera eðlileg samskipti, aðila sem eru stóru fyrirtæki við hérna sölumann í samskiptum, ég bara hérna ætla ekki að tjá mig um það.

HS En manstu eftir þessu?

(S)forstj Nei, ég man ekkert eftir þessu, ég man hins vegar eftir þessu með saltkaup sem við reyn[dum] að sækja þarna.

HS Myndir þú gera eitthvað við þessar upplýsingar, er þetta að segja þér eitthvað?

(S)forstj Nei, nei, nei, nei.¹¹¹¹

1960. Í mgr. 488 í athugasemdum Samskipa við AI er sagt að (S)viðskstj og (E)forstj hafi þekkt þar sem „þeir hafi áður starfað saman hjá Eimskipi“. Er tölvupóstur (S)viðskstj skýrður svo að hann og (E)forstj hafi hist fyrir tilviljun í frítíma og (S)viðskstj hafi sagt (S)forstj „frá þessari uppákomu í framhjálaupi af þeirri ástæðu einni að honum þótti merkilegt hversu fjálglega (E)forstj tjáði sig. Þótt ummæli (E)forstj kunni að hafa verið óheppileg þá er ljóst að af hálfu (S)viðskstj og (S)forstj var þessu tekið sem almennu blaðri frá manni sem hafði varla komið sér fyrir í forstjórastólnum.“ Mót mæla Samskip því að þessi samskipti við Eimskip hafi falið í sér brot á samkeppnislögum.

1961. Samkvæmt framansögðu kvaðst (S)forstj við skýrslutöku í maí 2018 ekki muna eftir ofangreindu tilviki en taldi þó að samskipti (S)viðskstj við (E)forstj hafi ekki vera eðlileg. Í júní 2020 staðhæfðu Samskip hins vegar að (S)forstj og (S)viðskstj hefðu tekið þessum upplýsingum frá (E)forstj sem „almennu blaðri“ frá óreyndum forstjóra Eimskips, sbr. mgr. 488 í athugasemdum fyrirtækisins. Samskip staðhæfa að (E)forstj og (S)viðskstj hafi þekkt en (E)forstj hélt því ítrekað fram að hann vissi ekki hver (S)viðskstj væri. Af framburði (E)forstj má ráða að hann telji að efni tölvupóstsins hafi falið í sér tilbúning hjá (S)viðskstj sem settur hafi verið fram til þess að hækka í álit hjá forstjóra Samskipa.

¹¹⁰⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.475559.

¹¹¹⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 48-49.

¹¹¹¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 32.



1962. Tölvupóstur (S)viðskstj er skýrt samtímagagn. Hann sýnir að viðskiptastjóri hjá Samskipum taldi ástæðu til að upplýsa forstjóra sinn um að hann hefði spjallað „mikið um flutningana“ við (E)forstj. Hefði (E)forstj ekki legið á skoðun sinni „frekar en vanalega“ og veitt upplýsingar um áform eða sennileg áform Eimskips um að draga úr flutningsgetu í siglingum til og frá Íslandi. Samskip hafa ekki lagt fram samtímagögn sem sýna að (S)forstj hafi gert athugasemdir við þessi samskipti undirmanns við keppinaut. Slík gögn hafa heldur ekki komið fram við rannsókn málsins. Þá er ekki trúverðugt að (S)forstj hafi litið á upplýsingarnar sem hafðar voru eftir (E)forstj sem „almennt blaður“ frá óreyndum forstjóra keppinautar. Má hér og minna á að þann 6. júní 2008 sátu þeir (E)forstj og (S)forstj saman á fundi með stjórnarformönnum beggja fyrirtækjanna. Þegar (E)forstj hóf störf sem forstjóri hafði hann starfað hjá Eimskip í átján ár, síðast sem framkvæmdastjóri Eimskips í Norður-Ameríku. (S)forstj upplýsti æðstu stjórnendum Samskipa erlendis um að hann þekkti (E)forstj vel og gögnin sýna að ræða átti um (E)forstj á fundi Samskipa Holding í Rússlandi í lok maí 2008, sbr. kafla 7.1.1. Þá skiptir og miklu máli að í „Nýtt upphaf“ glærum (E)forstj frá 9. júní 2008 kemur fram að samráðsverkefnið átti að taka til þess að skoða mögulega takmörkun á flutningsgetu, sbr. glæru nr. 7 „Fækkun / smækkun skipa“.
1963. Það er rétt hjá Samskipum að (S)viðskstj hafði starfað hjá Eimskip. Samkvæmt opinberum upplýsingum hafði (S)viðskstj verið viðskiptastjóri hjá Eimskip frá september 2001 til júní 2004.¹¹¹² Þegar þetta er virt og horft er til umrædds tölvupósts (S)viðskstj er framburður (E)forstj, um að hann þekkti ekki eða vissi ekki hver (S)viðskstj væri, ekki trúverðugur. Þá ber að líta til þess að við skýrslutöku hjá lögreglu útskýrði (E)forstj ummæli (S)forstj frá 20. maí 2008 um að hann þekkti (E)forstj vel með því að (S)forstj hafi verið að „gera sig breiðan“ gagnvart öðrum stjórnendum Samskipa með því að gefa ranglega til kynna góð tengsl hans við nýjan forstjóra Eimskips. (E)forstj gefur jafnframt til kynna að (S)viðskstj hafi viljað „skora hjá [(S)forstj]“ með því að lýsa samskiptum við sig. Samkeppniseftirlitið telur þetta ekki trúverðugt og bendir á að gögn málsins styðji ekki þá tilgátu (E)forstj að ítrekaðar tilvísanir til hans í gögnum frá Samskipum skýrist af því að viðkomandi starfsmenn hafi viljað upphefja sjálfa sig gagnvart samstarfsmönnum með því að gefa ranglega til kynna tengsl eða samskipti við (E)forstj.
1964. Fákeppni ríkti á markaðnum fyrir sjóflutninga til og frá Íslandi á þessum tíma, sbr. kafla 3. Slíkir markaðir eru „sérstaklega viðkvæmir“ í samkeppnislegu tilliti og á þeim er „enn ríkari ástæða til að standa vörð um sjálfstæða ákvörðunartöku og þá samkeppni sem ríkt getur á markaðnum þrátt fyrir fákeppnina“, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands frá 7. janúar 2021 í máli nr. 42/2019. Tölvupóstur (S)viðskstj sýnir að viðskiptastjóri hjá Samskipum ræddi „mikið“ um samkeppnisleg málefni við forstjóra stærsta keppinautarins á markaðnum. Tölvupósturinn sýnir einnig að (E)forstj veitti Samskipum upplýsingar um fyrirhugaða eða mögulega minnkun á flutningsgetu Eimskips bæði í Evrópu og Norður-Ameríku. eru þetta upplýsingar sem án nokkurs efa hafa mikla samkeppnislega þýðingu. Þessi samskipti Eimskips og Samskipa voru því ekki í samræmi við ríka kröfu 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins um sjálfstæði keppinauta sem starfa á fákeppnismarkaði, sbr. einnig dóm Hæstaréttar Íslands frá 1. desember 2016 í máli nr. 360/2015 og umfjöllun í kafla 4 hér að framan. Með þessum samskiptum Samskipa og Eimskips var dregið úr óvissu um mikilvæga samkeppnisþætti og voru samskiptin, ein og sér, ólögmat. Í athugasemdum Samskipa kemur ekkert fram sem breytir þessu, sbr. rökstuðningur í kafla 25.14.
1965. Sem fyrr segir vísaði tölvupóstur (S)viðskstj til fyrri samskipta (E)forstj við Samskip og gefur til kynna vilja (E)forstj til að eiga viðræður við Samskip. Er það í samræmi við það mat sem (S)forstj lýsti fyrir (S)aðaleig-stjform-SH þann 20. maí 2008. Taldi (S)forstj að meiri „mýkt“ og minni „harka“ myndi fylgja forstjóratið (E)forstj, sbr. kafla 7.1. Að mati Samkeppniseftirlitsins endurspegladist þetta m.a. í fundinum 6. júní 2008 og glærum (E)forstj frá 9. júní 2008 þar sem fram kemur vilji til að „auka“ samstarf Eimskips og Samskipa. Hið sama á við um framangreindar viðræðum (E)forstj við (S)viðskstj. Þótt óformleg væru, voru þau samskipti til stuðnings því að aukið

¹¹¹² þetta kemur fram á síðu [...] á linkedin.com



samstarf og samráð Eimskips og Samskipa hafi hafist eftir fundinn 6. júní 2008, sbr. einnig fyrirbyggjandi sátt Eimskips og viðurkenningu fyrirtækisins frá 16. júní 2021.

8.4. (E)forstj vill 27. júní 2008 að Samskip verði beðin um að draga úr samkeppni

1966. Vísað er til gagna að framan sem sýna að (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-flutnkerf hafi unnið að því eftir miðjan júní 2008 að taka saman gögn og greiningar sem tengdust „Nýtt upphaf“ verkefninu um endurskoðun Samskipa og Eimskips á siglingakerfum fyrirtækjanna o.fl.
1967. Fyrirbyggjandi er að Samskip áttu í samskiptum við Eimskip 19. júní 2008 vegna flutninga til og frá Vestmannaeyjum, sbr. umfjöllun að framan um tölvupóst (S)forstö-flutnstj til (E)frkvstj-flutnkerf frá 20. júní 2008.
1968. Að mati Samkeppniseftirlitsins gefa gögn málsins til kynna að vinna og greiningar Eimskips hafi verið ræddar og unnar áfram af Lykilstjórnendum Eimskips síðustu vikuna í júní 2008.
1969. Þannig sýna gögn málsins að þann 23. júní 2008 sendi aðstoðarmaður (E)frkvstj-EimÍsl tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-innanl. Heiti tölvupóstsins var „Fundur vegna Siglingakerfi á fimmtudag“. Staðfesti aðstoðarmaðurinn fyrir hönd (E)frkvstj-EimÍsl að (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-innanl ættu að „taka meðferðs gögn/upplýsingar á fundinn á fimmtudag [26. júní 2008] vegna siglingakerfis.“¹¹¹³ Talið er að þar hafi aðstoðarmaður (E)frkvstj-EimÍsl verið að vísa til þess að (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-innanl hafi átt að taka meðferðis á fund upplýsingar og greiningar sem hafi verið búið að taka saman innan Eimskips um atriði sem tengdust „Nýtt upphaf“ verkefninu með Samskipum.
1970. Fundinn 26. júní 2008 sátu þeir Lykilstjórnendur Eimskips sem höfðu haldið utan um greiningar og vinnu sem tengdist samráðsverkefninu um siglingakerfið, þ.e. (E)frkvstj-EimÍsl, forstjóri Eimskips á Íslandi, og (E)frkvstj-flutnkerf, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Eimskips (m.a. með ábyrgð á siglingakerfi Eimskips). Aðkoma (E)frkvstj-innanl að fundinum rennir enn ríkari stoðum undir það mat að þessi vinna og aðgerðir Eimskips hafi tengst samráðinu við Samskip. Hafa ber í huga að (E)frkvstj-innanl var á þessum tíma framkvæmdastjóri landflutninga hjá Eimskip. Undir landflutninga gátu fallið sjóflutningar milli hafna á Íslandi, t.d. til og frá Vestmannaeyjum svo dæmi sé nefnt. Í ákvörðun þessari hefur verið rakið ítarlega hvernig gögn málsins og samskipti fyrirtækjanna sýni að flutningar tengdir þeirri viðkomuhöfn hafi verið meðal andlaga samráðsverkefnisins.
1971. Þátttaka (E)frkvstj-innanl á innanhússfundi Eimskips um samráðsverkefnið 26. júní 2008 var einnig rökrétt í ljósi þess að hann átti eftir að hafa ríka aðkomu að auknu samráði Eimskips og Samskipa, sbr. umfjöllun hér á eftir um fund hans og (S)frkvstj-innanl á Mokka tæpri viku síðar, 4. júlí 2008, og atvik í kjölfarið. Þá sýna gögn að hann hafði einnig haft aðkomu að samskiptum fyrirtækjanna við samráð fyrirtækjanna í landflutningum og skipaafgreiðslu fyrir árið 2008, sbr. umfjöllun í kafla 5.11.
1972. Atvik urðu síðan þau að Lykilstjórnendur Eimskips, sem báru ábyrgð á siglingakerfi, sjóflutningum og landflutningum, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-innanl, (E)forstö-útfli og (E)rekstj-aksturst voru, ásamt (E)forstö-vörubróun, með bókaðan dagslangan fund um „Siglingakerfi“ fimmtudaginn 26. júní 2008 (frá kl. 8 – 16), sbr. fyrirbyggjandi fundarboð aðstoðarmanns (E)frkvstj-EimÍsl.¹¹¹⁴
1973. Fleiri fundir um samráðsverkefnið fóru fram hjá Eimskip 26. júní 2008. Þann dag boðaði (E)forstj m.a. (E)frkvstj-alþjsv á fund til að ræða dótturfélagið Eimskip-CTG en fjallað var um það félag í „samstarf í short sea“ hluta glærukynningar (E)forstj frá 9. júní 2008.¹¹¹⁵ (E)frkvstj-alþjsv hafði sem fyrr sagði átt fund með (S)frkvstj-MCL í Rotterdam nokkrum dögum áður til að ræða þennan hluta

¹¹¹³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.217962.

¹¹¹⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.218239.

¹¹¹⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.264198.



samráðsverkefnisins. Sama dag var bókaður fundur hjá æðstu stjórnendum Samskipa um innflutning til Íslands.¹¹¹⁶

1974. Næsta dag, þann 27. júní 2008, sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst til (E)frkvstj-EimÍsl með heitinu „*Sparnaður í siglingakerfinu*“. Fjallaði tölvupósturinn um mögulegar breytingar á siglingakerfi Eimskips og sparnað sem af því gæti leitt. Stuttu síðar sama dag framsendi (E)frkvstj-EimÍsl þennan tölvupóst frá (E)frkvstj-flutnkerf til (E)forstj (afrit til (E)frkvstj-alþjssv) með þessari athugasemd til (E)forstj:

„Hér eru upplýsingar um fyrirhugaðan sparnað í siglingakerfinu ef við förum þessa leið sem við höfum verið að skoða eins og þú baðst um.“

1975. (E)forstj svaraði samdægurs og sagði: „*Mjög gott mál, skoðum þetta lengra ofan í kjölinn en fyrsta vísbending er mjög góð.*“ (E)frkvstj-EimÍsl svaraði sama dag: „*Verið er að vinna í tillögum áfram og vonumst til að vera með klárar tillögur eftir helgi.*“¹¹¹⁷

1976. (E)frkvstj-EimÍsl var sem fyrr segir forstjóri yfir Eimskip á Íslandi og (E)frkvstj-flutnkerf var framkvæmdastjóri sem bar ábyrgð á siglingakerfum Eimskips. Ber hér að rifja upp að á fundi framkvæmdastjórnar Eimskips 2. júní 2008 kom fram að (E)frkvstj-flutnkerf væri að endurskoða siglingakerfi Eimskips milli Íslands og annarra Evrópuríkja og að (E)frkvstj-flutnkerf ætti að leiða viðræður við Samskip um nýjan Norður-Ameríku samning. Eins og rökstutt var í kafla 7.2.1.1 telur Samkeppniseftirlitið að aðkoma (E)frkvstj-flutnkerf að viðræðum við Samskip sé rík vísbending um að í þessum samskiptum hafi m.a. átt að ræða um siglingakerfi fyrirtækjanna. Ber og að virða þetta í samhengi við það sem fram kemur í „*Nýtt upphaf*“ glærunum undir heitinu „*Slotsamningar í siglingakerfinu*“. Þá skiptir miklu í þessu samhengi að gögn málsins sýna að í júlí 2008 og síðar átti (E)frkvstj-flutnkerf í viðræðum við (S)frkvstj-millilandasv, yfirmann siglingakerfa Samskipa, sbr. umfjöllun hér á eftir.

1977. Síðar þennan sama dag, 27. júní 2008, áttu sér stað tölvupóstsamskipti milli m.a. (E)forstj og (E)frkvstj-flutnkerf sem einnig tengdust samráðinu við Samskip. Samkvæmt „*Nýtt upphaf*“ verkefninu átti m.a. að skoða samvinnu í siglingum til og frá Norður-Ameríku. Áttu þessi samskipti (E)forstj og (E)frkvstj-flutnkerf rót sína að rekja til kvörtunar viðskiptavinar yfir þjónustu Eimskips á þessari siglingaleið. Í tölvupósti (E)forstj til (E)frkvstj-flutnkerf (afrit til (E)frkvstj-EimÍsl) velti hann fyrir sér mögulegum aðgerðum og beindi m.a. þessum tilmælum til (E)frkvstj-flutnkerf:

„Aðrar spurningar:

[...]

3. *Semja um meira magn við Samskip og biðja þá að hætta Evrópu flutningum.*
4. *Stilla upp drögum að nýjum samning við Samskip fyrir 15 júlí.*
5. *Hækkun á flutningsgjöldum á Ameríkuleið*
6. *Breyta verðlagningu og fara yfir verðskrá*¹¹¹⁸

1978. Hér ber að áréttta að unnt er að flytja farm til og frá Norður-Ameríku með a.m.k. tvennum hætti. Annars vegar með beinum siglingum til og frá Íslandi og hins vegar með siglingum til t.d. Rotterdam og þaðan til Norður-Ameríku (svonefndir „*Trans-Atlantic*“ flutningar eða TA flutningar). Samskip buðu á þessum tíma upp á slíka TA flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku. Í kafla 7.2.1.1 hér að framan var gerð grein fyrir tölvupósti (S)forstj frá 2. júní 2008 þar sem hann tiltók m.a. að segja ætti upp Norður-Ameríku samningnum við Eimskip („*-ameríka, segja upp núverandi samning, en svo gott sem*

¹¹¹⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.473199.

¹¹¹⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.97356.

¹¹¹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.268751.



ekkert magn er að fara þangað, endurmeta aðra samninga"). Skýring (S)forstj við skýrslutöku hjá lögreglu á þessum tölvupósti gefur til kynna að Samskip hafi áður en samráðsverkefnið hófst verið að skoða það að auka samkeppni við Eimskip með auknum TA flutningum í gegnum Evrópu, sbr. kafla 7.2.1.1. Í maí 2008 höfðu Samskip verið með til athugunar að fara í „herferð“ gegn Eimskip. Þetta breyttist allt í kjölfar fundar fyrirtækjanna 6. júní 2008.

1979. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að í þessum hugmyndum (E)forstj frá 27. júní 2008 hafi falist að Eimskip myndi biðja Samskip um að hætta að keppa í flutningum til og frá Norður-Ameríku (í gegnum Evrópu) og notast þess í stað alfarið við skip Eimskips. Jafnframt átti að hækka verð í þessum beinum flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Á eðlilegum samkeppnismarkaði er ólíklegt að forstjóri öflugss fyrirtækis myndi beina þeim tilmælum til undirmanns síns að biðja ætti helsta keppinautinn um að leggja af tiltekna samkeppni.

1980. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj spurður um þessi tilmæli hans í tölvupóstinum:

HS ... semja um meira magn við Samskip og biðja þá að hætta Evrópu flutningum. Þannig að okkur langar, þú veist hvernig biðurðu samkeppnisaðilann að hætta einhverju?

(E)forstj Nja sko þeir, þeir, þeir gera samning þarna á sínum tíma sem er, er að taka hérna ákveðið magn og síðan velja þeir það að nota ekki þetta magn sem þeir tóku frá hjá okkur og sendu í gegnum Evrópu. Sem sagt sendu frá Norfolk í staðinn fyrir að bíða eftir skipinu okkar þá senda þau það vikulega með öðrum til að fara upp þannig að það sem er sagt er þá geta þeir bókað meira með okkur út á samninginn sinn. Hækkun á flutningsgjöldum á Ameríkuleið, breyta verðlagningu og fara yfir verðskrá, skoða möguleika með vatnið, íslenska vatnið eða útflutning á því.

1981. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)frkvstj-alþjv spurður um framangreind ummæli (E)forstj í tölvupósti hans frá 27. júní 2008:

HS Hvernig biður maður samkeppnisaðila um að hætta ákveðinni starfsemi?

(E)frkvstj-alþjv Ég veit það ekki.

HS Jæja vinur minn, nú hættir þú þessum flutningum.

(E)frkvstj-alþjv Nú hættirðu bara, þú verður að spyrja, [(E)forstj] verður að svara þessu, ég bara get ekki svarað þessu.¹¹¹⁹

1982. Fæst ekki betur séð en að (E)forstj hafi með framburði sínum hjá lögreglu staðfest að vakið hafi fyrir honum að fá Samskip til þess að hætta umræddri samkeppni og hækka flutningsgjöld á Ameríkuleið til og frá Íslandi.

1983. Samkeppniseftirlitið telur að framangreindar hugmyndir (E)forstj frá 27. júní 2008 hafi verið í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið. Hér ber að rifja upp að í glærum (E)forstj frá 9. júní 2008 átti aukið samráð við Samskip mögulega að felast m.a. í þessu:

2. Slotsamningar í siglingakerfinu

- US/Kanada
 - Frá US unnið að nýjum samningi og þarf að taka gildi frá 1. september
 - Samskip tekur saman magn til/frá US og Kanada til að setja í kerfið
- Evrópurútur

¹¹¹⁹ Endurrit af skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 216.

1984. Líkt og í áðurnefndum tölvupósti (E)forstj frá 27. júní 2008 er í glærinni um „Nýtt upphaf“ verkefnið vísað til þess að unnið væri að nýjum Norður-Ameríku samningi milli Eimskips og Samskipa. Tölvupóstur (E)forstj gefur hins vegar til kynna að hann hafi viljað hraða því verki og að drög að nýjum samningi ættu að vera tilbúinn fyrir 15. júlí 2008. Eins og í tölvupósti (E)forstj er í glærinni einnig fjallað um samkeppni Samskipa við Eimskip með TA flutningum. Samkvæmt glærinni áttu Samskip að draga úr þeirri samkeppni og setja þess í stað flutningamagn „í kerfið“, þ.e. flutningakerfi Eimskips milli Íslands og Norður-Ameríku. Samkvæmt gögnum Samskipa voru TA flutningar fyrirtækisins á árinu 2008 um 70% af heildarflutningum fyrirtækisins til og frá Norður Ameríku. Það sem eftir stóð var flutt með Eimskip.¹¹²⁰
1985. Samkvæmt tölvupósti (E)forstj frá 27. júní 2008 hafði þannig verið ákveðið að biðja Samskip ekki aðeins um að draga úr TA flutningum heldur einfaldlega hætta þeim. Til viðbótar vildi (E)forstj hækka verð á þessum flutningum gagnvart viðskiptavinum og „fara yfir verðskrá“.
1986. Hér ber að hafa í huga að tveimur dögum áður, 25. júní 2008, hafði (E)forstj átt viðræður við (S)frkvstj-N-Am, yfirmann Samskipa í Norður-Ameríku. Hvorki Eimskip né Samskip upplýstu um þann fund og hafa ekki afhent gögn sem sýna hvað var rætt á honum, sbr. umfjöllun í kafla 8.2.4. Við rannsókn málsins hafa ekki komið fram nein gögn sem gefa til kynna að þessi áherslubreyting (E)forstj hafi verið ótengd viðræðum hans við (S)frkvstj-N-Am tveimur dögum fyrr. Er líklegasta skýringin sú að viðræður (E)forstj við (S)frkvstj-N-Am hafi gefið honum von um að raunhæft gæti verið að auka samstarf og herða á samráði Eimskips og Samskipa að þessu leyti.
1987. Þá skiptir hér máli að (E)forstj beindi þessum samkeppnishamlandi tilmælum í tölvupóstinum frá 27. júní 2008 til framkvæmdastjóra sem falið hafði verið að eiga í samskiptum við Samskip, þ.e. (E)frkvstj-flutnkerf. Horfa ber til þess að umræða um framangreind atriði hélt áfram innan Eimskips og var í því sambandi vísað til samskipta við Samskip, sbr. nánar hér á eftir.
1988. Í mgr. 674 – 678 í athugasemdum Samskipa við AI er því mótmælt að fundur (S)frkvstj-N-Am og (E)forstj 25. júní 2008 og tölvupóstur (E)forstj frá 27. júní 2008 gefi ólögmeitt samráð til kynna. Eins og rökstutt er í kafla 25.16 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa.
1989. Í framangreindum tölvupósti (E)frkvstj-EimÍsl frá 27. júní 2008 fullvissaði hann (E)forstj um að áfram yrði unnið að þeirri athugun sem (E)forstj hafði óskað eftir, þ.e. breytingu á siglingakerfinu. Daginn eftir, laugardaginn 28. júní 2008, var ráðgert að halda fund innanhúss hjá Eimskip mánudaginn 30. júní 2008. Gögnin sýna hins vegar að (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl voru í veiðiferð frá laugardeginum 28. júní 2008 fram til síðdegis á mánudeginum 30. júní 2008. Fundurinn frestaðist því til þriðjudagsins 1. júlí 2008.¹¹²¹ Vegna umfjöllunar um þessa atburðarrás skal árétta að á þessum tíma var (S)frkvstj-millilandasv að koma úr frí og fljótlega lá þá fyrir hjá honum ítarlegt minnisblað með tillögum að víðtæku samráði Samskipa og Eimskips, sbr. minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv dags. 7. og 9. júlí 2008, sbr. einnig umfjöllun í kafla 8.9.
1990. Til fundar Eimskips 1. júlí 2008 voru, eins og á áðurnefndum fundi 26. júní 2008, boðaðir lykilstarfsmenn Eimskips, þ.m.t. yfirmenn siglingakerfa, innflutnings, útflutnings og landflutninga: (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-innanl, (E)rekstj-aksturst, (E)forstö-útfll, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-skiparekst. Í fundarboðinu sagði að fundarefni væri eftirfarandi:
- „Siglingakerfi – fara yfir, samræma og stilla upp upplýsingum v. tillögu um breytingu.“¹¹²²*
1991. Í fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips, vegna fundar 1. júlí 2008, var greint frá þessu verkefni og fyrirhugðum fundi með þessum hætti: „Endurskoðun á siglingakerfinu er í vinnslu, fundur aftur í dag vegna þeirrar vinnu.“¹¹²³ Hér ber og að hafa í huga að þann 30. júní 2008 átti (E)forstj fund með

¹¹²⁰ Sjá kafla 16.9.

¹¹²¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]

¹¹²² Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.519528 / 0.7.33.386773.

¹¹²³ Afhent gagn frá Eimskip, þann 13.10.2017. Afhending undir lið 9, skjal með heitinu „Fundargerð EI vika 27“.



(E)frkvstj-Contain, framkvæmdastjóra Containerships.¹¹²⁴ Eins og fram kom hér að framan hittu (E)frkvstj-Contain og (E)frkvstj-alþjvs (S)frkvstj-MCL í Rotterdam þann 23. júní 2008. Upplýsti (E)frkvstj-alþjvs við skýrslutöku hjá lögreglu að eftir fundinn 23. júní 2008 hefðu átt sér stað frekari viðræður milli (S)frkvstj-MCL og (E)frkvstj-Contain.

8.5. Þann 1. júlí 2008 skoðar Eimskip áhrif þess að hætta að sigla til Vestmannaeyja

1992. Eins og fjallað er um hér að framan sýna gögn málsins að Samskip og Eimskip höfðu verið í samskiptum 19. júní 2008 vegna gámaflutninga Samskipa fyrir Eimskip til Vestmannaeyja, sbr. áður nefndan tölvupóst (S)forstö-flutnstj til (E)frkvstj-flutnkerf dags. 20. júní 2008.
1993. Samkeppniseftirlitið bendir einnig á að samkvæmt „Nýtt upphaf“ verkefninu var það eitt af samstarfsverkefnum Samskipa og Eimskips að endurskoða siglingakerfi fyrirtækjanna. Var þetta verkefni þeirra með yfirskriftinni „Slotsamningar í siglingakerfinu“ og þar voru eins og áður segir Vestmannaeyjar nefndar sem dæmi um flutninga og viðkomuhöfn sem aukið samráð Eimskips og Samskipa gæti tekið til, sbr. eftirfarandi skjáskot úr kynningunni:

- Evrópurútur
 - Endurskoða siglingakerfi félaganna með það að leiðarljósi að lágmarka kostnað
 - Skipting á erlendum höfnum
 - Fækkun / smækkun skipa
 - Noregur
 - Dæmi um höfn sem hægt væri að gera samning um
 - Vestmannaeyjar
 - Ímyndalega erfitt
 - Almenn framleiðslugeta eftir höfnum
 - Útflutningur
 - Innflutningur

1994. Eins og fram hefur komið og lýst verður nánar hér á eftir var til umræðu hjá Eimskip og Samskipum hvort Eimskip ætti að hætta sigla til og frá Vestmannaeyjum.
1995. Ljóst er að útflutningur á sjávarafurðum er þýðingarmesti flutningur sem tengist Vestmannaeyjum. Gögnin sýna að sex dögum eftir áður nefnd samskipti (S)forstö-flutnstj og (E)frkvstj-flutnkerf, þann 26. júní 2008 var tekið saman hjá Eimskip Excel-skjal sem sýndi tekjur Eimskips af flutningaþjónustu tengdri Vestmannaeyjum á tímabilinu 1. nóvember 2007 til 31. maí 2008. Voru tekjurnar á þessu tímabili tæplega 309 milljónir kr. en um 530 milljónir kr. uppreiknað miðað við tólf mánaða tímabil.
1996. (E)forstö-útfli , forstöðumaður útflutningsdeildar, sendi tölvupóst 1. júlí 2008 til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl. Tölvupósturinn bar heitið „Vestmannaeyjar“ og framangreint excel-skjal var meðfylgjandi.¹¹²⁵ Í tölvupóstinum sagði (E)forstö-útfli að skjalið væri sent í „framhaldi af fundi okkar“. Einnig sagði (E)forstö-útfli :
- „Heilt yfir tel ég þetta meira en menn hafa verið að gera sér grein fyrir í umræðunni“*
1997. Sýnir þetta að (E)forstö-útfli taldi að tekjur Eimskips tengdar Vestmannaeyjum væru hærri en fram hefði komið í „umræðunni“.
1998. Samhengisins vegna ber að hafa hér í huga að (E)frkvstj-flutnkerf framsendi þann 9. júlí 2008 þennan tölvupóst (E)forstö-útfli til (E)forstj og tók fram að honum ((E)frkvstj-flutnkerf) væri „mjög illa við að láta þetta eftir“, þ.e. væri mjög illa við að Eimskip myndi verða af þessum tekjum með því að hætta þessari starfsemi tengdri Vestmannaeyjum. Hér skiptir einnig mjög miklu máli að þann 8. júlí 2008 hafði (S)frkvstj-millilandasv vistað minnisblað, dagsett 9. júlí 2008, þar sem fram kom sú tillaga að

¹¹²⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.271203.

¹¹²⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.536079. Í viðhengi var skjali „Salesorder_VES (2).xls.“



flutningum Eimskipa frá Vestmannaeyjum yrði „sinnt með slot-samningi við Samskip“, þ.e. að Eimskip hætti að sigla á þeirri leið en keypti rými í skipi Samskipa. Verður ítarlega fjallað um þetta í kafla 8.9 hér á eftir.

8.6. (S)frkvstj-millilandasv veitir Eimskip mikilvægar upplýsingar 2. júlí 2008

1999. Þann 2. júlí 2008 var unnið í verkefnum hjá Samskipum sem m.a. tengdust „Nýtt upphaf“ verkefninu. Þennan dag voru bókaðir tveir fundir hjá (S)forstj. Fundur um landflutninga átti að standa frá 15:00 til 16:30 og fundur um uppgjör og „revised“ sem átti að standa frá 16:00 til 17:30.¹¹²⁶

2000. Gögn málsins sýna að áður en (S)frkvstj-millilandasv hitti (S)forstj á fundi kl. 16:00 þann 2. júlí 2008 átti (S)frkvstj-millilandasv samtali við Eimskip vegna málefna sem tengdust „Nýtt upphaf“ verkefninu.

2001. Þetta má sjá af tölvupósti sem (E)frkvstj-skiparekst sendi til (E)frkvstj-flutkerf kl. 18:24 þennan sama dag (afrit til (E)frkvstj-EimÍsl) með heitinu „Samskip“. Samkvæmt tölvupósti fyrr sama dag átti (E)frkvstj-skiparekst fund með (S)frkvstj-millilandasv í húsakynnum Samtaka atvinnulífsins kl. 14:00 og átti á þeim fundi að ræða kjarasamninga við skipstjóra og stýrimenn.¹¹²⁷ Eftir þann fund ræddu (E)frkvstj-skiparekst og (S)frkvstj-millilandasv saman og lýsti (E)frkvstj-skiparekst samtali þeirra svo í tölvupóstinum til (E)frkvstj-flutkerf (afrit til (E)frkvstj-EimÍsl):

„Heyrði ofan í [(S)frkvstj-millilandasv] eftir fundinn áðan og hann sagði mér að innflutningurinn hjá þeim hefði hrpað síðustu 2 vikurnar og þeir gera ráð fyrir að það haldi áfram.

Þeirra mat er að innflytjendur munu vinna niður birgðir og koma til með að gera það næstu 2 mánuði og byrji síðan aftur í september að flytja inn það sem hreyfist, en ekki annað og þannig verði samdrátturinn tölvuverður til næstu mánaða.

Þetta er nokkurn veginn í samræmi við okkar mat og við skulum vera mjög íhaldssamir á okkar „capacity“ næstu mánuði og þurfum virkilega að skoða niðurfærslu á því.“¹¹²⁸

2002. Hér ber að rifja upp að (S)frkvstj-millilandasv hafði áður veitt (E)frkvstj-skiparekst viðkvæmar viðskiptalegar upplýsingar, sbr. umfjöllun í kafla 6.7.3.1 um tölvupóst (E)frkvstj-skiparekst frá 2. apríl 2008.

2003. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)frkvstj-millilandasv spurður um þennan tölvupóst (E)frkvstj-skiparekst frá 2. júlí 2008:

HS ... en eru þetta hlutir sem að þú myndir telja eðlilegt að ræða en þú talaðir um áðan að þú teldir þig vita hvað mætti ræða og hvað ekki.

(S)frkvstj-millilandasv Ég held að það sem ég hef sagt við [(E)frkvstj-skiparekst] þarna er ekkert sem að hann hefði ekki sjálfur getað séð bara með því að horfa á hagtölur.

HS Líka, þar með talið það sem kemur fram í þessum pósti?

(S)frkvstj-millilandasv Það tel ég.¹¹²⁹

2004. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)forstj spurður um framangreindan tölvupóst (E)frkvstj-skiparekst. Kvaðst hann ekkert vita um þetta. Einnig sagði (S)forstj þetta; „ég bara að fabúlera sko að menn séu að fara niður hérna lyftu á fundi og, og séu að hérna kasta einhverju fram, já erfiðar efnahagshorfur hér á Íslandi og, og lítið í skipunum og that 's it.“ Var (S)forstj þá spurður hvort að hann teldi eðlilegt að (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-skiparekst hefðu verið að ræða þessi málefni sem tölvupósturinn lýsir. Svaraði hann svo: „Ég hugsa að það sé hérna betra að svo sé ekki

¹¹²⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.472665. Afrituð dagbókarfærsla frá Samskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.476589.

¹¹²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.20890.

¹¹²⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.20976.

¹¹²⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 21.



en ..." Var (S)forstj þá spurður hvort hann teldi þetta mikilvægar upplýsingar sem fram komu í tölvupóstinum. Svaraði (S)forstj með þessum hætti: „Ég hugsa að við vitum, nei, ég hugsa að við vitum alveg hvað hérna, við vitum alveg hvernig hjartað slær í þessu.“ Var (S)forstj bent á að tölvupóstur (E)frkvstj-skiparekst gæfi til kynna að Eimskip hafi verið ánægt að fá þessar upplýsingar um mat (S)frkvstj-millilandasv á stöðunni. (S)forstj kvaðst ekki geta lagt mat á það og taldi öruggt að (S)frkvstj-millilandasv hefði ekki rætt við hann um þessi samskipti við (E)frkvstj-skiparekst.¹¹³⁰

2005. Í mgr. 659 og 681 í athugasemdum við AI halda Samskip því fram að um hafi verið að ræða „kurteisisspjall“ (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-skiparekst og að upplýsingarnar sem (S)frkvstj-millilandasv hafi veitt Eimskip hafi verið almenns eðlis og þessi samskipti því ekki ólögmat.
2006. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj spurður hvort framangreindur tölvupóstur (E)frkvstj-skiparekst lýsti eðlilegum samskiptum milli Eimskips og Samskipa. Kvaðst (E)forstj ekki hafa skoðun á því og þetta hafi átt sér stað stuttu eftir að hann tók við sem forstjóri. Spurður nánar um þetta sagði (E)forstj að „auðvitað“ hefðu upplýsingar um samdrátt í innflutningi þýðingu en að upplýsingar um samdrátt hjá Samskipum hafi engu máli skipt fyrir ákvarðanatöku hjá Eimskip: „Þannig að, að hvað, hvort það sé samdráttur hjá þeim skiptir okkur ekki máli varðandi ákvarðanatöku okkar varðandi hvernig við stýrum, við stýrum þeim svolítið á okkar eigin magni. Við sjáum líka í flutningatölu bara hvort, hvernig markaðurinn er að þróast, upp og niður, er aukning? Þið sáðu núna bara í apríl þegar farþegar minnka og við sjáum alveg svona hagtölur.“¹¹³¹
2007. (E)frkvstj-skiparekst var forstöðumaður skiparekstrardeildar Eimskips og (E)frkvstj-flutnkerf var sem fyrr segir framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og yfirmaður siglingakerfis hjá fyrirtækinu. Eins og fram kom í fundargerð Eimskips frá 2. júní 2008 átti (E)frkvstj-flutnkerf að leiða viðræður við Samskip en (E)frkvstj-skiparekst átti einnig samkvæmt fundargerðinni að koma að þeim viðræðum. Eins og rökstutt er í kafla 7.2.1.1 er þetta rík vísbending um að viðræður fyrirtækjanna hefðu m.a. átt að taka til siglingakerfa þeirra.
2008. Þá ber að hafa í huga að auk (E)frkvstj-flutnkerf fékk (E)frkvstj-EimÍsl afrit af tölvupósti (E)frkvstj-skiparekst. Hér ber að árétta að Samkeppniseftirlitið telur að í kjölfar fundar fyrirtækjanna 6. júní 2008 hafi (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl, að tilhlutan (E)forstj, haft umsjón með þeim þætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem varðaði endurskoðun á siglingakerfum og annast samskipti við Samskip, sbr. m.a. umfjöllun í kafla 8.2.2 um tölvupóst (S)forstö-flutnstj til (E)frkvstj-flutnkerf 20. júní 2008. Frásögn (E)frkvstj-skiparekst af ummælum (S)frkvstj-millilandasv skal virt heildstætt með öðrum gögnum um ólögmat samráð fyrirtækjanna á þessu tíma en upplýsingamiðlun (S)frkvstj-millilandasv til (E)frkvstj-skiparekst felur ein og sér í sér brot gegn 10. gr. samkeppnislaga.
2009. Í samskiptum (E)frkvstj-skiparekst og (S)frkvstj-millilandasv 2. júlí 2008 fólst nánar tiltekið að Samskip veittu Eimskip upplýsingar sem höfðu mikla samkeppnislega þýðingu. Fékk Eimskip upplýsingar um mikinn samdrátt hjá Samskipum og Eimskip var greint frá því hvernig helsti keppinautur fyrirtækisins teldi að aðstæður á markaði myndu þróast. Sú staðreynd að (E)frkvstj-skiparekst hafi talið ástæðu til að upplýsa (E)frkvstj-flutnkerf og forstjóra Eimskips á Íslandi, (E)frkvstj-EimÍsl, um þetta sýnir, ein og sér, að (E)frkvstj-skiparekst hafi lítið svo á að um hafi verið að ræða mikilvægar upplýsingar en ekki „kurteisisspjall“. Þetta verður enn skýrara þegar horft er til viðbragða (E)frkvstj-skiparekst í tölvupóstinum við þessum upplýsingum frá Samskipum. Þar sést að Eimskip hafi fengið vissu fyrir því að Samskip mætu aðstæður á markaðnum með svipuðum hætti og Eimskip gerði. Gæti Eimskip því verið „mjög íhaldssamt“ á flutningsgetu og jafnframt væri brýnt tilefni til þess að draga úr flutningsgetu fyrirtækisins.
2010. Fákeppni ríkti á markaðnum fyrir sjóflutninga til og frá Íslandi á þessum tíma, sbr. kafla 3. Slíkir markaðir eru „sérstaklega viðkvæmir“ í samkeppnislegu tilliti og á þeim er „enn ríkari ástæða til að standa vörð um sjálfstæða ákvörðunartöku og þá samkeppni sem ríkt getur á markaðnum þrátt fyrir

¹¹³⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 42-43.

¹¹³¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 59.



fákeppnina", sbr. dóm Hæstaréttar Íslands frá 7. janúar 2021 í máli nr. 42/2019. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að umrædd samskipti Eimskips og Samskipa hafi ekki verið í samræmi við framangreinda kröfu samkeppnisréttarins um sjálfstæði keppnauta. Með þeim var dregið úr óvissu um mikilvæga samkeppnisþætti og fólst í samskiptunum, einum og sér, brot á 10. gr. samkeppnislaga.

2011. Sjónarmið **(S)frkvstj-millilandasv** um að unnt hafi verið að nálgast upplýsingar um innflutning í opinberum hagtölum geta hér engu breytt. Hið sama á við um samskonar sjónarmið Samskipa. Eimskip fékk í hendur nýjar upplýsingar um stöðuna hjá Samskipum og um stöðumat þessa keppnautar. Þetta voru ekki opinberar upplýsingar og **(E)frkvstj-skiparekst** eða aðrir stjórnendur hjá Eimskip gátu ekki lesið þróun á flutningamagni Samskipa úr opinberum hagtölum. Drógu þessi samskipti fyrirtækjanna úr æskilegri óvissu á markaðnum, sbr. kafla 4.6.3 hér að framan. Til viðbótar ber að líta til þess að í framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 42/2019 var ekki fallist á það sjónarmið Byko að upplýsingaskipti fyrirtækisins við Húsasmiðjuna hafi ekki verið ólögmat þar sem þau hefðu tekið til opinberra upplýsinga, þ.e. gildandi verð fyrirtækjanna sem hafi verið öllum aðgengilegt. Benti Hæstiréttur m.a. á að með samskiptum keppnautanna hefðu þeir fengið upplýsingar með „*reglubundnari, einfaldari, skjótvirkari og beinni hætti en öðrum á markaði og viðskiptavinum stóð til boða. Þessi samskipti voru til þess fallin að draga úr óvissu á milli fyrirtækjanna um framtíðarhegðun keppnautarins sem varð fyrir vikið gagnsærri og fyrirsjáanlegri*“. Sökum þessa hafði það ekki úrslitabýðingu hvort að um opinberar upplýsingar hafi verið að ræða. Af þessu leiðir einnig að ekki er unnt að fallast á sjónarmið Samskipa sem koma fram í mgr. 659 og 681 í athugasemdum við AI, sbr. einnig kafla 25.17.

2012. Hér ber einnig að líta til þess að daginn eftir, 3. júlí 2008, sendi **(E)frkvstj-skiparekst** tölvupóst til m.a. **(E)frkvstj-flutnkerf** og bar hann heitið „*FS¹¹³² og VM¹¹³³ – Trúnaðarmál*“. Í tölvupóstinum sagði **(E)frkvstj-skiparekst**:

„Við S-Line [Samskip] erum að vinna „undercover“ í því að stilla upp samningi við FS og VM, sem við ætlum með fram á morgun fyrir þá að hugsa um helgina, því ljóst þykir að við náum ekki samningi via SA¹¹³⁴ núna og málið er í hnút. Þessi aðferðarfræði er þó með fullu samþykki SA.“¹¹³⁵

2013. **(E)frkvstj-skiparekst** hafði daginn áður, 2. júlí 2008, sent tölvupóst til **(E)frkvstj-lögfr** (afrit til **(E)forstj**, **(E)frkvstj-flutnkerf** og **(E)frkvstj-Eimísl**) og lýst „*leynilegum*“ fundi sem hann, **(S)forstö-skiparek** (forstöðumaður flutningsrekstrardeildar Samskipa) og SA hefðu átt 1. júlí með FS. Í tölvupóstinum kom fram að **(E)frkvstj-skiparekst** og **(S)frkvstj-millilandasv** myndu eiga annan slíkan fund 2. júlí 2008.¹¹³⁶ Jafnframt sagði í tölvupóstinum að „*samningur stéttafélaganna via SA mun segja eitt og skúffufyrirlýsing Samskips og Eimskips annað*.“¹¹³⁷

2014. Ekki er í þessari ákvörðun tekin afstaða til þess hvort þessi „*undercover*“ samvinna Eimskips og Samskipa hafi fallið undir 2. mgr. 2. gr. samkeppnislaga. Hins vegar eru þessir tölvupóstar **(E)frkvstj-skiparekst** enn frekari staðfesting á þeirri nánu samvinnu sem var á milli þessara keppnauta á þessum tíma.

8.7. Fundur framkvæmdastjóra landflutninga á kaffihúsinu Mokka 4. júlí 2008

2015. Rifja ber upp að samráð Eimskips og Samskipa fól m.a. í sér að meta möguleika á því að „*samnýta betur*“ landflutningakerfi fyrirtækjanna, sbr. „*Nýtt upphaf*“ glæurnar. Til að taka þetta verkefni áfram átti vinnuhópurinn að láta framkvæma eftirfarandi: „*Kostnaðargreina helstu rútur og meta hvar*

¹¹³² Farmanna- og fiskimannasambandið. Lagt niður í nóvember 2017.

¹¹³³ Félag vélstjóra og málmæknimanna.

¹¹³⁴ Samtök atvinnulífsins.

¹¹³⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.20998.

¹¹³⁶ Það var í kjölfar þess fundar sem [...] lýsti ætluðum ólögmatum samráðsviðræðum við [...] í tölvupóstinum sem hann sendi kl. 18:24 2. júlí 2008.

¹¹³⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.20890.



ójafnvægi er í hvoru kerfi fyrir sig". Einnig átti að meta „sameiginlegar afgreiðslustöðvar“ og „stilla upp sameiginlegu kerfi og meta hagræði“. Var þannig til skoðunar og unnið að umfangsmiklu auknu samstarfi Eimskips og Samskipa á landflutningamarkaði. Telur Samkeppniseftirlitið að þessi þáttur „Nýtt upphaf“ verkefnisins hafi verið ræddur á fundi (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl á kaffihúsinu Mokka 4. júlí 2008.

2016. (E)frkvstj-innanl var framkvæmdastjóri hjá Eimskip og landflutningar heyrðu undir hann. Eins og nefnt var í kafla 8.4 sat (E)frkvstj-innanl fundi 26. júní og 1. júlí 2008 innan Eimskips með m.a. (E)frkvstj-flutkerf og (E)forstö-innfl þar sem rætt var um fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfinu en það féll undir „Nýtt upphaf“ verkefnið. Sýna gögnin að þessir þrjú stjórnendur hjá Eimskip áttu í ítrekuðum samskiptum við stjórnendur Samskipa vegna samráðsverkefnisins. (S)frkvstj-innanl var framkvæmdastjóri landflutninga hjá Samskipum og átti hann ásamt m.a. (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 í ítrekuðum samskiptum við Eimskip vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins.
2017. Áður en vikið verður að fundi (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl 4. júlí 2008 ber að horfa til þess að í kjölfar fundar Eimskips og Samskipa föstudaginn 6. júní 2008 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-innanl og undirmanns hans, (S)forstö-landfl (forstöðumaður landflutninga). Í þessum tölvupósti frá 9. júní 2008 gaf (S)forstj þessum undirmönnum sínum fyrirhugaðar og boðaði til fundar 2. júlí 2008. Átti þar að ræða og vera búið að undirbúa „revised budget“ og „kostnaðarbreytingar“ í landflutningum. Út frá efni og tímasetningu þessa tölvupósts telur Samkeppniseftirlitið að með þessu hafi (S)forstj verið að vinna að því að „taka“ „áfram“ fyrirnefnt samráðsverkefni í landflutningum.¹¹³⁸ Önnur gögn styðja þetta, sbr. umfjöllun um undirbúning Eimskips síðustu vikuna í júní 2008 (m.a. með aðkomu (E)frkvstj-innanl), atvik í byrjun júlí 2008 og önnur verkefni sem (S)forstj hrindi í framkvæmd innan Samskipa á sama tíma, sbr. áður nefndan tölvupóst hans frá 10. júní 2008, sbr. einnig minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv sem dagsett voru 7. og 9. júlí 2008.
2018. Daginn eftir fund (S)forstj, með (S)forstö-landfl og (S)frkvstj-innanl um samráðsverkefnið í landflutningum, eða fimmtudaginn 3. júlí 2008, átti eftirfarandi sér stað:
- Að morgni sendi (E)frkvstj-innanl tölvupóst til lögmanns Eimskips með heitinu „Tvíhliða flutningasamningur í landflutningum“. Bað (E)frkvstj-innanl lögmanninn um að láta „senda mér drög að „tvíhliða flutningasamningi“ sem við vorum að vinna saman árið 2006, finn ekki eintak af honum hjá mér“. ¹¹³⁹ Samkeppniseftirlitið vísar í þessu samhengi til kafla 5.11.3 þar sem fjallað er um atvik á árinu 2006. Er þar lýst glærुकynningu (E)frkvstj-innanl frá 23. febrúar 2006 þar sem fram koma hugmyndir um verulega aukið samstarf Samskipa og Eimskips í landflutningum. Er þar einnig gerð grein fyrir umræddum samningsdrögum og gögn málsins sýna að Eimskip og Samskip voru með í vinnslu aukið samstarf í landflutningum. Kemur t.d. þetta fram í glærुकynningu (E)frkvstj-innanl frá 21. nóvember 2006; „tvíhliða samningur hefur legið hjá Samskip síðan í júní 2006“. Sýnir framangreint að eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst og daginn fyrir fund með (S)frkvstj-innanl sá (E)frkvstj-innanl ástæðu að taka aftur til athugunar drög frá árinu 2006 um umfangsmikið samstarf Samskipa og Eimskips í landflutningum. Samhengisins vegna er einnig rétt að hafa hliðsjón af eftirfarandi:
 - Þann 8. september 2008 sendi (E)frkvstj-innanl þessi drög að samningi við Samskip til undirmanns síns, (E)svæðisstj1. Daginn eftir funduðu m.a. (E)svæðisstj1 og (S)forstö-landfl og ákváðu Eimskip og Samskip á fundinum að vinna að auknu samráði fyrirtækjanna í landflutningum, sbr. 8.16.4.

¹¹³⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.472665.

¹¹³⁹ Tölvupóstur [...] til lögmanns hjá Logos, afrit til [...], dags. 03.07.2008, kl. 08:32. Gagn lagt fram með athugasemdum Eimskips við AI, fylgiskjal 16.



- Í málinu liggur fyrir eintak af umræddum drögum að tvíhliða landflutningasamningi og er það eintak dagsett 17. september 2008. Sama dag funduðu (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl í verslunarmiðstöðinni Smáralind, sbr. kafla 8.16.7.

- Þennan dag, fimmtudaginn 3. júlí 2008, hélt (S)forstj áfram að vinna að ýmsum þáttum „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Þann dag sendi (S)forstj tölvupóst til m.a. (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-millilandasv og í honum sagði: „Sbr fyrri samtöl, þá þarf ég að fá frá ykkur fyrir helgi:

Revised budget - part two

- revised budget, part two, fyrir innanlandssvið og stoðeiningar, ásamt uppllistun á aðgerðarlistum, þe hvað gjöra skal og hvenær

- millilandasvið, kynnt eins og gert var fyrir mánuði, en lista upp skoðun á því sem breyst hefur í millitíðinni, þe ss alcoa aukið magn, magnþróun í innfl, áhrif gengis, mannskapur, pricing etc¹¹⁴⁰

- Einum og hálfum tíma síðar þennan dag svaraði (S)frkvstj-millilandasv og sendi excel-skjal í viðhengi. Í tölvupósti hans segir:

„hér kemur revised frá mér – [...] þarf að reikna gengisáhrifin aftur fyrir okkur

Helstu breytingar

- hærra olúuverð 740 \$/MT í stað 630 áður

- meiri samdráttur í innflutningi - þ.e. endar í 268 þt í stað 283 áður

- Nýir sigrar í INNF smærri í sniðum en áður var áætlað eða 92 mkr í stað 157 mkr áður

-Sérsamningur v/ Alcoa vegna umframmagns skili 16 mkr í viðbótarframlegð á þessu ári (undir „Financial objectives not in budget“).¹¹⁴¹

2019. (S)frkvstj-innanl var sem fyrr segir einn þeirra sem fengu sendan framangreindan tölvupóst (S)forstj frá fimmtudeginum 3. júlí 2008. Í honum óskaði forstjóri Samskipa eftir m.a. „aðgerðalista“ vegna „revised budget“ fyrir innanlandsflutninga félagsins. Tók þessi beiðni (S)forstj því til (S)frkvstj-innanl.

2020. Hér skiptir því máli að daginn eftir að (S)frkvstj-innanl fékk framangreind fyrirmæli frá (S)forstj, eða föstudaginn 4. júlí 2008, átti (S)frkvstj-innanl bókaðan klukkustundar langan fund með (E)frkvstj-innanl. Kemur þetta fram í dagbók (E)frkvstj-innanl en fundarboðið kom inn í dagbókina 27. júní sama ár:

„Subject: (S)frkvstj-innanl fundur á Mokka

Start: fös. 4.7.2008 15:00

End: fös. 4.7.2008 16:00¹¹⁴²

2021. Með heimild í 19. gr. samkeppnislaga óskaði Samkeppniseftirlitið eftir upplýsingum um m.a. fundi eða samtöl stjórnenda Eimskip og Samskipa á rannsóknartímabilinu. Hvorki Eimskip né Samskip upplýstu um framangreindan fund. Engin gögn voru því afhent sem veittu upplýsingar um hvað var rætt í þessum samskiptum (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl.¹¹⁴³

2022. Eftir að Eimskip og Samskip fengu AI í hendur staðfestu fyrirtækin að þessi fundur hefði farið fram.

¹¹⁴⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.477418.

¹¹⁴¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.477658.

¹¹⁴² Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.193770. Fundurinn virðist hafa verið bókaður 27. júní 2008.

¹¹⁴³ Fjallað er um brot Samskipa gegn 19. gr. samkeppnislaga í kafla 23.



2023. Í mgr. 353 í athugasemdum Eimskips við AI er þannig staðfest að um hafi verið að ræða fund (E)frkvstj-innanl með (S)frkvstj-innanl. Hið sama er staðfest í m.a. mgr. 686 í athugasemdum Samskipa við AI. Eimskip segir að tvennt hafi verið rætt á fundinum. Annars vegar „*möguleikann á því að félögin gerðu með sér tvíhliða samkomulag á landflutningamarkaði*“ og hins vegar „*mögulega hagsmunagæslu*“ gagnvart Íslandspósti sem Eimskip taldi vera að misnota aðstöðu sína með því að nýta tekjur í skjóli einkaréttar til samkeppni á almennum markaði. Í mgr. 593 segja Samskip að á fundinum hafi verið „*rætt hversu mikil áhrif versnandi efnahagsástandi hefði á landflutninga félaganna og reifaðar hugmyndir í því sambandi.*“ Einnig hafi fundurinn falið í sér undirbúning fyrir viðræður við Samtök verslunar og þjónustu þar sem ræða átti um viðbrögð við ætlaðri ólögmætri háttsemi Íslandspósts. Samskip neita því hins vegar að ólögmætt samráð hafi átt sér stað á þessum fundi framkvæmdastjórnanna á Mokka. Sjónarmiðum Samskipa er nánar lýst í kafla 25.18.
2024. Virða ber fund (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl föstudaginn 4. júlí 2008 á Mokka í samhengi við m.a. eftirfarandi atvik og samtímagögn:
- Að morgni 7. júlí 2008 vistaði (S)forstö-landfl (forstöðumaður landflutninga og undirmaður (S)frkvstj-innanl) skjalið „*hagræðing sumar 2008 revised budget*“. Þar er annars vegar vísað til samvinnu við Eimskip í landflutningum og til hækkunar á verði, sbr. kafli 8.9.2.
 - Þann 8. júlí 2008 hóf (E)frkvstj-innanl undirbúning að verðhækkun á landflutningum, sbr. kafli 8.9.5.2.
 - Þann 8. júlí 2008 fjallaði (S)forstj í tölvupósti til (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-millilandasv um verðhækkun á landflutningum, sbr. kafli 8.9.5.2.
 - Glærukynning (E)frkvstj-innanl frá 24. júlí 2008. Þar er einnig fjallað um samstarf við Samskip í landflutningum, sbr. kafli 8.13.
 - Gögn málsins sýna einnig frekari samskipti (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl í júlí og ágúst 2008, sbr. kafla 8.11 og 8.15.3. Þá áttu (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl eins og áður segir fund í verslunarmiðstöðunni Smáralind í 17. september 2008 og funduðu þeir einnig í október sama ár. Voru öll þessi samskipti þeirra hluti af samráðsverkefninu, sbr. kafla 8.16.7 og 10.3. Líkt og var um fundinn á Mokka 4. júlí 2008 veittu Eimskip og Samskip heldur ekki upplýsingar um t.d. fundinn í verslunarmiðstöðinni Smáralind.
2025. Hér ber að rifja upp að (E)frkvstj-innanl sagði aðspurður við munnlega upplýsingagjöf til Samkeppniseftirlitsins að hann hefði ekki átt í neinum samskiptum við Samskip vegna samstarfs fyrirtækjanna, sbr. kafla 7.7.2. Þetta er hins vegar í ósamræmi við bæði samtímagögn, upplýsingar frá Samskipum og Eimskip.
2026. Sem áður sagði upplýstu Eimskip og Samskip ekki um fundinn á kaffihúsinu Mokka fyrr en AI hafði verið borið undir fyrirtækin. Af áður nefndri frásögn Eimskips um umræðuefni fundarins er ljóst að fundurinn var liður í samráði fyrirtækjanna á þessum tíma og verkefninu um aukið samráð milli Samskipa og Eimskips. Annað verður heldur ekki lesið úr lýsingu Samskipa af fundinum. Að helstu keppinautar á fákeppnismarkaði ræði saman um „*hversu mikil áhrif versnandi efnahagsástandi hefði á landflutninga félaganna og reifaðar hugmyndir í því sambandi*“ er erfitt að skilja öðruvísi en sem undirbúning að ólögmætri sameiginlegri lausn á vandamálinu. Þá er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að með samskiptum fyrirtækjanna hafi myndast vettvangur fyrir markaðsskiptingu og verðsamráð. Hafa ber í huga að engar upplýsingar eða gögn hafa verið lögð fram sem sýna að á fundinum 4. júlí 2008 hafi verið rætt um málefni ótengd samkeppni milli Eimskips og Samskipa. Í kafla 4.7.3 er, með vísan til dómaframkvæmdar, bent á að séu engar fundargerðir eða önnur gögn til sem sýni umræðuefni á fundi keppinauta geti það gefið til kynna að þátttakendur á fundinum hafi viljað leyndu því sem rætt hafi verið á honum. Undir slíkum kringumstæðum getur sönnunarbyrðin snúist við. Hafa dómstólar ESB komist að þeirri niðurstöðu að sýni fyrirtæki ekki fram á að umræðuefnið á fundi þeirra hafi verið lögmætt geti samráðsbrot talist sannað.

2027. Þegar færslan í dagbók (E)frkvstj-innanl frá 4. júlí 2008 er virt í samhengi við önnur gögn málsins og tímasetningu verður að telja að boðað hafi verið til þessa fundar til að ræða a.m.k. þann hluta „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tengist landflutningum þessara keppinauta. Drögin frá árinu 2006 að samningi um umfangsmikið samstarf Eimskips og Samskipa í landflutningum voru í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Telur Samkeppniseftirlitið ljóst að beiðni (E)frkvstj-innanl, 3. júlí 2008, til lögmanns Eimskips um að fá í hendur eintak af þeim drögum hafi verið til undirbúnings fundi hans með (S)frkvstj-innanl daginn eftir. Líklegt má telja að viðbrögð Eimskips og Samskipa við samkeppni frá Íslandspósti hafi einnig verið rædd, sbr. umfjöllun í m.a. kafla 8.11. Þá telur Samkeppniseftirlitið þessi ólögsmætu samskipti Samskipa og Eimskips 4. júlí 2008 hafi a.m.k. auðveldað eða skapað kjörskilyrði fyrir fyrirtækin til að grípa til verðhækkana á landflutningum í ágúst 2008, sbr. kafla 8.15.2. Hófu (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl undirbúning verðhækkana í kjölfar þessa fundar í júlí 2008. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins er að í reglubundnum samskiptum lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips á m.a. síðari hluta ársins 2008 hafi átt sér stað ólögsmætt samráð sem miðaði m.a. að skapa skilyrði til að hækka verð eða vinna gegn verðlækkun. Er þetta rökstutt nánar í kafla 11 en þar er lýst samandreginni niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins vegna atvika frá miðju ári 2008 og fram á árið 2009.

2028. Samskip halda því fram að framangreind samskipti (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl 4. júlí 2008 hafi verið lögmæt og alls ótengd hinu „Ímyndaða“ „Nýtt upphaf“ verkefni. Eins og rökstutt er í kafla 25.18 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þau sjónarmið fyrirtækisins.

8.8. (E)frkvstj-flutnkerf vísar í byrjun júlí til samskipta við Samskip

2029. Í tölvupósti (E)forstj til (E)frkvstj-flutnkerf frá 27. júní 2008 kom eins og fyrr sagði m.a. eftirfarandi fram:

„Semja um meira magn við Samskip og biðja þá að hætta Evrópu flutningum“.

2030. Þessu svaraði (E)frkvstj-flutnkerf þann 3. júlí 2008 með eftirfarandi hætti:

„Það er verið að vinna í samningnum við S-Line [Samskip], þeir menn sem hafa með þessi mál að gera þar hafa verið í fríi.“¹¹⁴⁴

2031. Samkvæmt gögnum málsins var (S)frkvstj-millilandasv skráður í frí til 1. júlí 2008 og (S)forstö-innfl1 fór í frí 30. júní 2008.¹¹⁴⁵ Er líklegast að (E)frkvstj-flutnkerf hafi átt í samskiptum við (S)frkvstj-millilandasv og ber í því samhengi að horfa til þess að þeir ræddu saman nokkrum dögum síðar í júlí 2008, sbr. kafla 8.9.5. Þá ber að hafa í huga samskipti (E)frkvstj-flutnkerf við staðgengil (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-flutnstj, 19. júní 2008, sbr. tölvupóst (S)forstö-flutnstj til (E)frkvstj-flutnkerf dags. 20. júní 2008 og umfjöllun í kafla 8.2.2 hér að framan.

2032. Staðfestir áðurnefndur tölvupóstur frá 3. júlí 2008 að (E)frkvstj-flutnkerf hafi átt í samskiptum við Samskip eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst. Er þetta einnig í samræmi við fundargerð Eimskips frá 2. júní 2008 þar sem (E)frkvstj-flutnkerf var falið að eiga í viðræðum við Samskip. Gefa gögnin til kynna að þær viðræður hafi ekki síst átt að taka til siglingakerfa fyrirtækjanna en bæði (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv voru framkvæmdastjórar sem báru ábyrgð á þeim kerfum sinna fyrirtækja, sbr. einnig umfjöllun í kafla 7.2.1.1.

2033. Með heimild í 19. gr. samkeppnislaga óskaði Samkeppniseftirlitið eftir upplýsingum um m.a. fundi eða samtöl stjórnenda Eimskips og Samskipa á rannsóknartímabilinu. Hvorki Eimskip né Samskip upplýstu um framangreind samskipti. Engin gögn voru því afhent sem veittu upplýsingar um hvað hafi verið rætt í þessum samskiptum (E)frkvstj-flutnkerf við Samskip.

¹¹⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.276038.

¹¹⁴⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.473199.



2034. Liði 5 í framangreindum tölvupósti (E)forstj frá 27. júní 2008 (*Hækkun á flutningsgjöldum á Ameríkuleið*) var svarað svo í þessum tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf frá 3. júlí 2008:
- „Það var hækkað á USA þann 7. apríl sl. 7,9%, það er spurning hvort við eigum að hækka fljótlega aftur???”¹¹⁴⁶*
2035. Þessi tölvupóstur gefur til kynna að (E)frkvstj-flutnkerf hafi haft efasemdir um verðhækkun svo skömmu eftir hækkunina í apríl 2008. (E)forstj deildi hins vegar ekki þeim efasemdum því gögnin sýna að nokkrum dögum seinna, 7. júlí 2008, gaf hann þau fyrirmæli að verðhækkun skyldi undirbúin, sbr. kafla 8.9.4. Þann dag voru jafnframt vistuð skjöl hjá Samskipum þar sem fram koma áætlanir um stórfellt samráð milli Eimskips og Samskipa, sbr. kafla 8.9.2.
2036. Í þessu samhengi ber að áréttu að hér að framan hafa verið dregin fram gögn og upplýsingar um athafnir og samskipti ýmissa stjórnenda Eimskips og Samskipa. Þar kemur fram að frá miðjum júní til 4. júlí 2008 hafi verið í gangi samsvarandi vinna og endurskoðun hjá Eimskip og Samskipum, annars vegar endurskoðun á siglingakerfi Eimskips með aðkomu m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-Eimísl, (E)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-skiparekst og hins vegar heildarendurskoðun á rekstraráætlun Samskipa fyrir árið 2008 með aðkomu m.a. (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl. Þessa sömu daga voru bein samskipti milli (E)frkvstj-flutnkerf og staðgengils (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-flutnstj, samskipti milli (E)frkvstj-skiparekst og (S)frkvstj-millilandasv og samskipti milli (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl. Þá vísaði (E)frkvstj-flutnkerf til samskipta við Samskip í tölvupósti sínum til (E)forstj frá 3. júlí 2008. Eins og lýst hefur verið voru þessir stjórnendur virkir í undirbúningi og framkvæmd „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Þegar þessi gögn og tímasetningar eru virt heildstætt er að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að um ólöglegt samskipti og samstarf var að ræða milli fyrirtækjanna.
2037. Til viðbótar skal áréttu að (E)frkvstj-innanl hóf vinnu við umfangsmiklar hækkunir á verðskrá Eimskips í landflutningum þremur dögum eftir umræddan fund með (S)frkvstj-innanl á Mokka. Eins og vikið verður að hér á eftir hóf (S)frkvstj-innanl einnig í kjölfar fundarins að undirbúa verðhækkunir hjá Samskipum. Bæði Eimskip og Samskip tilkynntu síðan um verðhækkun á landflutningum í ágúst 2008.
2038. Þessa atburðarrás ber að virða í ljósi þess að aðgerðir Samskipa til að hækka verð eða vinna gegn lækkingu á verði voru í samræmi við markmið fyrirtækisins með þátttöku í „Nýtt upphaf“ verkefninu með Eimskip, sbr. kafla 11.21. Þá sýna gögn málsins að eftir að samráðsverkefnið byrjaði í júní 2008 áttu sér stað ítrekuð samskipti milli lykilstjórnenda hjá Samskipum og Eimskip (auk samskipta (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl var um ræða samskipti milli m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-Eimísl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1). Var þannig um að ræða ítrekuð samskipti stjórnenda Samskipa og Eimskips sem báru ábyrgð á verðlagningu og öðrum samkeppnisþáttum í land- og sjóflutningum fyrirtækjanna. Voru þetta samskipti sem höfðu það að markmiði að raska samkeppni í skilningi samkeppnisréttarins, sbr. m.a. kafla 11.5. Jafnframt gefa gögnin til kynna að undirbúningur að verðhækkun í ýmsu formi hafi hafist hjá Samskipum og Eimskip á svipuðum tíma (lok júní/byrjun júlí 2008). Sýna gögnin að frá þessum tíma hafi stjórnendur fyrirtækjanna unnið að undirbúningi að hækkunum á verðskrá, hækkun gagnvart mikilvægum viðskiptavinum, hækkun á gjöldum og upptöku nýrra gjalda. Var þetta gert samhliða því að sömu stjórnendur áttu annars vegar í samskiptum og hins vegar unnu að framvindu verkefna sem féllu beint undir „Nýtt upphaf“ verkefnið. Var verðhækkunin á landflutningum í ágúst 2008, í kjölfar samskipta (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl, því ekki einangrað tilvik.
2039. Líkt og rökstutt er í kafla 11.21 er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að í samskiptum Samskipa og Eimskips á síðari hluta ársins 2008 hafi, auk umfjöllunar um „Nýtt upphaf“ verkefnið, fyrirtækin haft með sér verðsamráð. Fundur (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl 4. júlí 2008 var hluti af þessu.

¹¹⁴⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.276038.



8.9. Víðtækar tillögur um aukið samstarf og önnur atvik til 11. júlí 2008

2040. Gögn málsins frá fyrrihluta ársins 2008 sýna að (S)aðaleig-stjform-SH var mjög áfram um að vernda stöðu Samskipa hf. sem „cash cow“. Til að stuðla að þessu var viðamikilið samráð við Eimskip undirbúið. Eimskip féllst á að hefja undirbúning á að kanna fýsileika stóraukins samráðs við Samskip, sbr. umfjöllun hér að framan um m.a. fundinn 6. júní 2008 og glærur (E)frkvstj-alþjsv og (E)forstj um „Nýtt upphaf“ verkefnið frá 8. og 9. júní 2008.
2041. Rifja ber einnig upp að einn liður af mörgum í starfi „vinnuhópsins“ sneri að sjóflutningum og siglingakerfum fyrirtækjanna, sbr. glærurnar í „Nýtt upphaf“ verkefninu sem báru yfirskriftina „Slotsamningar í siglingakerfinu“. Átti m.a. að gera „greiningu á skipanýtingu brotið niður á hafnir í inn- og útflutningi“ og stilla upp „möguleikum þar sem ávinningur væri að skiptast á slottum.“ Glærurnar sýna m.a. að skoða átti að Samskip myndu draga úr TA samkeppni við Eimskip í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku og vísað var til mögulegs samstarfs vegna sjóflutninga til og frá Vestmannaeyjum.
2042. Hjá Eimskip var hafin vinna sem tengdist framangreindu, sbr. m.a. tölvupóst (E)frkvstj-EimÍsl frá 19. júní 2008, tölvupóst (E)forstj frá 27. júní 2008 vegna Norður-Ameríku og tölvupóst (E)forstö-útfl frá 1. júlí 2008 vegna Vestmannaeyja en þessum tölvupóstum var lýst hér að framan.
2043. Gögn málsins sýna einnig að eftir fundinn 6. júní 2008 hafi Samskip unnið að tillögum að mjög umfangsmiklu ólögum samráði við Eimskip í sjóflutningum til og frá Íslandi. Sést þetta m.a. af skjölum sem (S)frkvstj-millilandasv vistaði 7. júlí 2008, gögnum sem sýna hvað fór fram á stjórnarfundum Samskipa Holding 14. júlí 2008 og af skjölunum sem (S)forstj fékk send kvöldið fyrir fund hans og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip sem haldinn var 25. júlí 2008 á skrifstofu Kjalars á Suðurlandsbraut. Er þessum gögnum lýst nánar hér á eftir.
2044. Voru framangreindar tillögur Samskipa frá júlí 2008 ekki aðeins í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið. Þær voru einnig í anda þess sem fram kom í áður nefndum tölvupósti (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv, dags. 4. júní 2008, um hvort unnt væri að takmarka flutningsgetu Eimskips og Samskipa („skera kapacitet af markadi eda nyta a betri mata“) með því að Eimskip og Samskip tækju upp sambærilega samvinnu í flutningum milli Íslands og annarra Evrópulanda og fyrir hendi var í Norður-Ameríku flutningum („med slot samningum milli okkar og keppinauta, svipað og US samstarf.“).
2045. Auk framangreinds er fyrirbyggjandi að Samskip og Eimskip hafi unnið að verðhækkunaraðgerðum þessa daga.
2046. Í þessum undirkafla verður fjallað um atvik til 14. júlí 2008. Við heildarmat ber að hafa í huga a.m.k. eftirfarandi samskipti Eimskips og Samskipa sem gerð var grein fyrir hér að framan.
- (S)forstö-flutnstj vísaði til samskipta við (E)frkvstj-flutnkerf í tölvupósti 20. júní 2008 vegna flutninga fyrir Samskip fyrir Eimskip tengda Vestmannaeyjum. Vestmannaeyjar voru sem viðkomuhöfn á meðal viðfangsefna samráðsverkefnis fyrirtækjanna.
 - Samræður (E)forstj og (S)frkvstj-N-Am 25. júní 2008.
 - Samræður (E)forstj og (S)viðskstj þar sem (E)forstj fjallaði um áform Eimskips um að draga úr flutningsgetu, sbr. tölvupóst (S)viðskstj frá 25. júní 2008.
 - (S)frkvstj-millilandasv upplýsti (E)frkvstj-skiparekst þann 2. júlí 2008 um samdrátt í innflutningi og um stöðumat Samskipa.
 - (E)frkvstj-flutnkerf vísaði í tölvupósti til (E)forstj, dags. 3. júlí 2008, til samskipta við Samskip um samráðsverkefnið.



- (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl funduðu á kaffihúsinu Mokka 4. júlí 2008.

2047. Við heildarmat ber einnig að hafa eftirfarandi í huga:

- Vitneskju (S)frkvstj-Silver þann 8. júlí 2008 um að (S)forstj ætlaði að hitta Eimskip, sbr. kafla 8.9.5.1.
- Tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf til (E)forstj frá mánudeginum 14. júlí 2008 sýnir að (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-flutnkerf hafi rætt saman í vikunni þar á undan, þ.e. 7. – 13. júlí 2008, sbr. kafla 8.9.5.4 og 8.10.2.
- Í fundargerð vegna stjórnarfundar Samskipa Holding 14. júlí 2008 er vísað til samskipta við Eimskip um m.a. samráð í siglingum, sbr. glæurnar undir heitinu „Slot samningar í siglingakerfinu“ í glærukynningu Eimskips um „Nýtt upphaf“ verkefnið. Er þessu lýst í kafla 8.10.1.

2048. Framangreint hefur þýðingu þegar horft er m.a. til þeirra skjala sem (S)frkvstj-millilandasv vistaði 7. og 8. júlí 2008. Jafnframt sýnir framangreint að viðræður áttu sér stað á milli Eimskips og Samskipa á tímabilinu 7. til 14. júlí 2008. Ber einnig að horfa til þess að bæði hjá Eimskip og Samskipum var þessa dagana unnið að verkþáttum sem tengjast samráðsverkefninu. Verður þessu nú lýst nánar.

8.9.1. Unnið að „Nýtt upphaf“ verkefninu

2049. Í gögnum Eimskips má sjá að áfram var unnið þann 1. júlí 2008 að samantekt upplýsinga og greiningu fyrir hafnir fyrirtækisins á Íslandi og í Evrópu. Um var að ræða þá viðkomustaði sem féllu undir verkþáttinn í „Nýtt upphaf“ verkefninu sem tók til endurskoðunar á siglingakerfum Eimskips og Samskipa. Í tölvupóstsamskiptum Eimskip þennan dag kom m.a. eftirfarandi fram um þetta: „Við erum núna einungis að tala um tölur per port innfl., útfll. og heildar, ekkert niðurbrot per viðskiptamenn. Hafnirnar sem þarf að greina á eru:

IS REY

IS ESK

IS VES

FO THO

NO FRK [...].“

2050. Aðkomu að þessari greiningu Eimskips höfðu: (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-fjánh2, (E)forstö-útfll, (E)forstö-innfl, (E)forstö-vöruþróun, KF, og (E)forstö-fjánh1. Lá greiningin fyrir að kvöldi 3. júlí 2008.¹¹⁴⁷ Fyrr þennan sama dag, fimmtudaginn 3. júlí 2008, bókaði ritari (E)forstj fund þann mánudaginn 7. júlí 2008 með (E)frkvstj-flutnkerf.¹¹⁴⁸

2051. Eins og áður sagði var í framangreindri athugun Eimskips fjallað um flutningaþjónustu fyrirtækisins sem m.a. tengdist Vestmannaeyjum. (E)forstj og (E)frkvstj-flutnkerf áttu bókaðan fund um þá viðkomuhöfn 4. júlí 2008. Fjallaði (E)frkvstj-flutnkerf um Vestmannaeyjar í tölvupósti sem hann sendi (E)forstj 9. júlí 2008, sbr. nánar hér á eftir.

2052. Sunnudaginn 6. júlí 2008 sendi (S)forstj tvo tölvupósta. Sá fyrri var til (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-millilandasv og í honum sagði:

¹¹⁴⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.388721. Sbr. einnig afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.521904.

¹¹⁴⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.276565.



„búinn að fara í gegnum revised budget, sem við sameiginlega kynnum á stjórnarfundum á morgun kl 13.00.

Vill gjarnan eiga stund með ykkur til að samhæfa aðgerðir í fyrramálið, ræðum nánar first thing tomorrow morning..¹¹⁴⁹

2053. Síðari pósturinn var einungis til (S)frkvstj-millilandasv og efni hans var: „Fundur á morgun.“ Í tölvupóstinum sagði:

„Ræðum yfirferð nánar í fyrramálið, en það sem mér finnst mikilvert að fram komi er:

-kynning, stillt upp á sambærilegan hátt máta og síðast, þ.e. fyrir rúmlega mánuði

-áætlað magn í inn/út í júní og ágiskuð afkoma í júní

-magn fyrstu viku í júlí og horfur short term

-siglingakerfi, stúdíó sbr. umræður í sl viku

-mannskapur, gróf áætlun.¹¹⁵⁰

2054. Samráðsverkefnið hófst í byrjun júní, sbr. m.a. fund (E)stjform, (E)forstj, (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH 6. júní 2008. Strax eftir þann fund með Eimskip hittu (S)aðaleig-stjform-SH, ásamt (S)forstj, aðra stjórnarmenn í Samskipum hf. Var það ekki formlegur bókaður stjórnarfundur en Samkeppniseftirlitið telur að á honum hafi verið rætt um samráðið við Eimskip, sbr. kafla 7.2.2.

2055. Að heildarmati Samkeppniseftirlitsins vísa framangreind ummæli (S)forstj í tölvupóstinum frá 6. júlí 2008 um „síðast“ og „fyrir rúmlega mánuði“ til fundarins með Eimskip mánuði fyrr, „Nýtt upphaf“ verkefnisins og undirbúnings þess.

2056. Nánar tiltekið verður að telja að (S)forstj sé í tölvupóstinum að vísa til mikillar undirbúningsvinnu innan Samskipa fyrir fundinn milli (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)stjform og (E)forstj 6. júní 2008. Á sama tíma sýna gögn málsins að Eimskip hafi einnig unnið að greiningarvinnu sem tengdist auknu samstarfi Samskipa og Eimskips.

2057. Sé þetta virt með öðrum samtímagögnum málsins eru ríkar vísbendingar um að (S)forstj hafi með áður nefndum ummælum sínum í tölvupóstinum til (S)frkvstj-millilandasv 6. júlí 2008 vísað til þess að halda ætti hér í annarri viku júlímánaðar fund með Eimskip. Þannig voru stjórnendur Samskipa öðru sinni á stuttum tíma að undirbúa áþekkt gögn og hafði verið gert mánuði áður, þ.e. þegar æðstu yfirmenn fyrirtækjanna hittust og funduðu í húsnæði Kjalars að Suðurlandsbraut 6. júní 2008. Þá skipta einnig miklu máli eftirfarandi minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008. Bera þau skýrlega með sér að búið var að „taka áfram“ samráðsverkefni Eimskips og Samskipa sem sneri að siglingakerfum fyrirtækjanna og slotsamningum. Var minnisblaðið afrakstur samvinnu fyrirtækjanna um endurskoðun á siglingakerfa þeirra, sem hafði það markmið að lágmarka kostnað fyrirtækjanna beggja m.a. með samdrætti í flutningsgetu og samnýtingu á kerfunum. Minnisblöðin staðfesta að sameiginleg endurskoðun hafði borið ávöxt. Mánuði eftir fund Eimskips og Samskipa 6. júní 2008, lágu þannig fyrir umfangsmiklar og ítarlegar samráðstillögur um víðtækt samstarf fyrirtækjanna. Miðuðu þessar tillögur að því að Eimskip og Samskip myndu samræma að verulegu leyti siglingakerfi sín og skipta með sér flutningamörkuðum. Fjallað er nánar um þessi minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv í köflum 8.9.2 og 8.9.5.3.

2058. Framburður (S)forstj við skýrslutöku hjá lögreglu styður framangreint en þar kom fram að gögnin og upplýsingarnar sem Samskip tóku saman dagana fyrir 6. júní 2008 hefðu verið til undirbúnings fyrir fundinn með Eimskip. Þá upplýsti (S)forstj jafnframt að eftir fund fyrirtækjanna 6. júní 2008 hefðu

¹¹⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.477783.

¹¹⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.477787.



„menn svo farið og hérna unnið frekar heima í húsi [...]”.¹¹⁵¹ Gögn málsins sýna að þetta gerðist, Eimskip og Samskip unnu „heimavinnuna” og hittust svo fyrri hluta júlímánaðar.

8.9.2. Samskip vinna að viðtækum tillögum að auknu samstarfi 7. júlí 2008

2059. Þann 7. júlí 2008 voru vistuð skjöl hjá Samskipum sem tengdust með beinum hætti tveimur mikilvægum þáttum í samráðsverkefninu, annars vegar samráði í landflutningum og hins vegar samráði í siglingum til og frá Íslandi.
2060. Kl. 09:57 þann 7. júlí 2008 vistaði (S)forstö-landfl (forstöðumaður landflutninga Samskipa og undirmaður (S)frkvstj-innanl) skjalið „hagræðing sumar 2008”. (S)frkvstj-innanl vistaði skjalið daginn eftir, 8. júlí 2008. Um er að ræða excel-skjal er varðar aðgerðir í landflutningum og í dálkinum fyrir Norðurland segir:
- „Akstur á Norðausturhorn- samið við Eimskip um skipti á frakt á Vopnafjörð og Þórshöfn”.¹¹⁵²
2061. Í skjali (S)forstö-landfl var einnig fjallað um verðhækkanir og álagningu þjónustugjalda í landflutningum. Í þessu samhengi ber að minna annars vegar á framangreinda tölvupósta (S)forstj frá 9. júní og 3. júlí 2008 þar sem hann ræðir m.a. um „kostnaðargreiningar” og „revised budget, part two, fyrir innanlandssvið” og hins vegar fund (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl á kaffihúsinu Mokka föstudaginn 4. júlí 2008.
2062. Kl. 10:24 þann 7. júlí 2008 vistaði (S)frkvstj-millilandasv excel-skjalið „Flutningsgeta 2008.07.xls”.¹¹⁵³ Skjalið inniheldur 10 síður (sheet). Þar er að finna nákvæmar upplýsingar um skip Samskipa, Eimskips og Atlantsskipa/Nesskipa og flutningsgetu þeirra fyrir árið 2007 og fyrri hluta 2008. Á síðu sem ber heitið „01.2009 scenario” er sett fram hugmynd að tiltekinni útgáfu af siglingakerfi allra framangreindra skipafélaga. (S)frkvstj-millilandasv stillti í þessu skjali upp mögulegri flutningsgetu markaðarins með hinum ýmsu útfærslum.
2063. Ber að virða þetta excel-skjal (S)frkvstj-millilandasv í ljósi glærुकyningar (E)forstj um verkefnið „Nýtt upphaf” frá 9. júní 2008 þar sem m.a. kemur fram að gera eigi „greiningu á skipanýtingum” og að „Endurskoða siglingakerfi félaganna með það að leiðarljósi að lágmarka kostnað” með m.a. „Fækkun / smækkun skipa” í tengslum við mat á ávinningi við að Eimskip og Samskip skiptu með sér slottum/höfnum. Verður ekki betur séð en að (S)frkvstj-millilandasv hafi í þessu skjali verið að hluta til að vinna þessa greiningu af hálfu Samskipa á sömu forsendum og fram komu í „Nýtt upphaf” verkefninu. Hér skiptir og máli að þennan sama dag átti sér stað samskonar skoðun eða greining innan Eimskips, sbr. kafla 8.9.4.
2064. (S)frkvstj-millilandasv vistaði einnig fyrir hádegi þann 7. júlí 2008 annað skjal. Um var að ræða minnisblað sem vistað var með heitinu „MEMO 2008.07.05.doc”.¹¹⁵⁴ Eins og minnisblaðið ber með sér felast í því tillögur Samskipa til Eimskips varðandi m.a. niðurlagningu Suðurlagið hjá Eimskip, slotsamninga og takmörkun á framboði/markaðsskiptingu. Eru þetta allt málefni sem féllu undir eða voru tilgreind í „Slotsamningar í siglingakerfinu” glærunum um „Nýtt upphaf” verkefnið. Fyrir liggur að (S)frkvstj-millilandasv vann þetta minnisblað að beiðni (S)forstj.¹¹⁵⁵ Í þessu minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv kemur nánar tiltekið eftirfarandi fram:

„07/07/2008

Siglingakerfi -DRÖG-

¹¹⁵¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 88 og 107.

¹¹⁵² Afritað tölvuskjal frá Samskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.8197. Afritað tölvuskjal frá Samskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.9291.

¹¹⁵³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.28198.

¹¹⁵⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum [...] Doc. ID. 0.7.33.21524. Einnig fannst skjalið vistað hjá [...] kl. 11:38 þennan dag.

¹¹⁵⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 113. Sjá einnig mgr. 1003 í athugasemdum Samskipa við AI.



Innflutningur

Árið 2007 nam heildarinnflutningur til Íslands í áætlanasiglingum um 1.065.000 tonnnum. Ætla má að innflutningur árið 2008 dragist saman um 100.000 tonn (8%) og árið 2009 um önnur 100-150.000 tonn. Samsvarandi innflutningur til Færeyja nam um 145.000 tonnnum árið 2007 og má ætla að magnið haldist svipað árin 2008 og 2009.

Samdráttur í magni til Íslands og Færeyja nemur því um 8% milli ára og um allt að 20% á tímabilinu.

Útflutningur

Árið 2007 nam heildarútflutningur frá Íslandi í áætlanasilginum um 800.000 tonnnum, þar af nam stóriðjan um 500.000. Áætlað er að heildarútflutningur aukist um 350.000 tonn á árinu 2008 vegna stóriðjuflutninga. Árið 2009 má ætla útflutningsmagn aukist áfram vegna stóriðju. Útflutningur frá Færeyjum í áætlanasiglingum nam um 145.000 tonnnum árið 2007 og má ætla að árin 2008 og 2009 verði svipuð.

Flutningsgeta

Í árslok 2007 nam burðargeta skipa í áætlanasiglingum milli Íslandi, Færeyja og Evrópu um 52.800 DWT á viku.

Company & vessels	Route	Freq	TEU nom	TEU@14t	DWT
SAMSKIP					
Arnarfell	Blá leið	26	909	571	11.143
Helgafell	Blá leið	26	909	571	11.143
Akrafell	Græn leið	26	661	421	10.481
Hvassafell	Græn leið	26	661	421	10.481
Capacity pr. week			1.570	992	21.624
EIMSKIP					
Goðafoss	Norðurleið	26	1.457	1.068	17.042
Dettifoss	Norðurleið	26	1.457	1.068	17.042
Brúarfoss	Suðurleið	26	724	438	8.627
Selfoss	Suðurleið	26	724	438	8.627
Lómur	Færeyjar	26			1.450
Blikur	Færeyjar	26			1.450
Capacity pr. week					27.119
ATLANTSSKIP					
Kársnes	Evrópa	26	384	224	4.577
Arnarnes	Evrópa	26	294	192	3.480
Capacity pr. week			339	208	4.029
SAMTALS pr. viku		6			52.772

Samsvarandi tala fyrir árið 2008 stefnir að öllu óbreyttu í 61.700 DWT á viku. Þetta eru um 8.000 DWT (15%) meiri burðargeta en þörf er á til að sinna öllum útlutningi til Evrópu í ár og 20-30% meiri burðargeta en þörf er á til að sinna öllum innflutning næstu tvö árin. Vegna samdráttar í innflutningi er ljóst er að flutningsgeta áætlanasiglingakerfanna mun ráðast af eftirspurn á útflutningshliðinni á næstu árum.



Fyrirtæki og skip	Rúta	Tíðni	TEU nom	TEU@14t	DWT
SAMSKIP					
Arnarfell	Blá leið	26	909	571	11.143
Helgafell	Blá leið	26	909	571	11.143
Akrafell	Græn leið	26	1.139	709	12.160
Hvassafell	Græn leið	26	1.139	709	12.160
Flutningsgeta á viku			2.048	1.280	23.303
EIMSKIP					
Goðafoss	Norðurleið	26	1.457	1.068	17.042
Dettifoss	Norðurleið	26	1.457	1.068	17.042
Brúarfoss	Suðurleið	26	724	438	8.627
Selfoss	Suðurleið	26	724	438	8.627
Lómur	Austurleið	26	698	436	8.400
Blikur	Austurleið	26	698	436	8.400
Flutningsgeta á viku			2.879	1.942	34.069
NESSKIP					
Wilson X		26	297	173	4.300
Wilson Y		26	297	173	4.300
Flutningsgeta á viku			297	173	4.300
SAMTALS pr. viku		6	5.224	3.395	61.672

Efnahagslega rökréttar aðgerðir

Vegna samdráttar mun flutningsgeta í áætlanasiglinum til og frá landinu ráðast af útflutning á næstu árum. Um 15% umframflutningsgeta frá Íslandi og Færeyjum til Evrópu skapar tækifæri til umtalsverðrar kostnaðarlækkunar.

Heildar rekstrarkostnaður siglingakerfanna gæti numið um 9 – 12 milljörðum kr. á ári og undirliggjandi heildarhagræðing gæti numið 1 – 2 milljörðum kr á ári.

Til þess að hagræðing af þessari stærðargráði geti orðið að veruleika fyrir íslenskt samfélag þurfa aðilar að ná saman um útfærslu sem m.a. uppfyllir eftirtalin skilyrði:

- (i) breytir innbyrðis stöðu á milli aðila á markaði sem minnst þannig að aðilar geti áfram keppt á sín á milli á sömu forsendum og fyrr.
- (ii) er gagnsæ og einföld í útfærslu á milli aðila til að fyrirbyggja tortryggni eða misskilning um eðli útfærslunnar eða markmið hennar.
- (iii) er trúverðug gagnvart viðskiptavinum, yfirvöldum og almenningi
- (iv) er í samræmi við lög og reglur og hlýtur samþykki samkeppniseftirlits.

Sú útfærsla sem hér er viðruð er gerð með hliðsjón af ofangreindum þáttum og eftirfarandi staðreyndum:

- Samskip unnu útboð/verðkönnun Alcoa um alla flutninga á framleiðsluvörum fyrirtækisins til Evrópu.



- Eimskip eru með samninga við Alcoa um alla USA flutninga. Fyrir liggjur að engir flutningar eru fyrirhugaðir til USA á næstu 2 árum og jafnframt liggur fyrir að Alcoa hyggjast flytja það magn sem kann að fara til USA í framtíðinni í gegnum RTM með TAS þjónustu.
- Eimskip töpuðu útboði/verðkönnun Alcan um flutninga fyrir fyrirtækið til Nesskipa sem sett hafa upp sérstaka rútu sem mun aðeins sinna flutningum fyrir fyrirtækið.
- Atlantsskip hafa hætt rekstri eigin skipa og gert slot-samning við Eimskip.
- Í samningaviðræðum milli SA og Sjómannafélags Íslands nýverðið staðfestu Eimskip að Brúarfoss og Selfoss yrðu áfram í rekstri félagsins.

Evrópa þær breytingar sem orðið hafa á flutningum fyrir Alcan með sérstakri „ál-rútu“ milli Straumsvíkur og Rotterdam eru efnahagslegar forsendur fyrir rekstri Suðurleiðar Eimskips brostnar og beinast liggur við að ná fram hagræðingu með því að leggja þá siglingaleið af með eftirfarandi hætti:

- Suðurleið Eimskips lögð af.
- Flutningum frá Vestmannaeyjum sinnt með slot-samningi við Samskip (Blá leið) – Til þess að geta sinnt þessum flutningum þurfa Samskip að sleppa viðkomu á Grundartanga.
- Flutningum Samskipa frá Grundartanga yrði sinnt með slot-samningi við Eimskip (Norðurleið) - Til þess að geta sinnt þessum flutningum fyrir Samskip myndu Eimskip að líkindum þurfa að færa hluta útflutnings frá Reykjavík af Norðurleið yfir á Austurleið.
- Til að skapa aukið svigrúm á Austurleið til að sinna útflutning frá Reykjavík sbr. ofangreint yrði viðkomu Austurleiðar til Reyðarfjarðar hætt og flutningum Eimskip sinnt með slot samningi við Samskip (Græn leið).
- Innflutningi Eimskips frá Rotterdam sem ekki fer með Norðurleið og innflutningi Eimskips frá Immingham sem áður fór með Suðurleið verður sinnt með slot samningi við Samskip (Græn leið).
- Innflutningur Samskipa frá Noregi færi með Austurleið Eimskips á slot-samningi.

USA Vegna samdráttar í innflutningi frá Norður-Ameríku er hægt að ná fram kostnaðarhagræðingu í heildarflutningakerfinu til og frá Íslandi með því að Eimskip dragi úr tíðni og flutningsgetu á USA/CA og sinni svæðinu með einu skipi á 21 daga tíðni. Til að tryggja sem besta nýtingu á þessari rútu væri öðrum innflutning frá USA stýrt úr/í TAS kerfið eftir atvikum.

Samskip gætu flutt pappírflutninga frá CA¹¹⁵⁶ inn í kerfi Eimskips til að bæta nýtingu kerfisins með því að Eimskip færi á móti magn frá sér inn í kerfi Samskipa frá Evrópu.

-(S)frkvstj-millilandasv-

2065. Í bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 29. janúar 2015, fór eftirlitið fram á, með heimild 19. gr. samkeppnislaga, að Samskip myndu afhenda eftirfarandi gögn:

„[...] afrit af öllum samningsdrögum, tillögum eða hugmyndum að samstarfi milli annars vegar Samskip og hins vegar fyrirtækja sem hafa með höndum hvers konar sjóflutninga, landflutninga, flutningsmiðlun og vöruhúsaþjónustu. Tekur þetta til allra slíkra gagna án tillits til hver samdi þau, og án tillits til þess á hvaða vettvangi þau verða til eða eru sett fram (t.a.m hagsmunasamtaka hvers konar). Framangreind upplýsingaskýlda nær til allra gagna sem fjalla um slík drög eða

¹¹⁵⁶ Kanada.



samstarfstillögur, -hugmyndir eða -viðræðna, t.d. tölvupóstar, minnisblöð, glærुकyningar o.s.frv. Ef tiltekið gagn er óljóst að efni til er heimilt að skýra efni þess."

2066. Umrætt minnisblað (S)frkvstj-millilandasv féll undir framangreinda skyldu Samskipa til að afhenda gögn. Þrátt fyrir það var þetta gagn ekki sent Samkeppniseftirlitinu. Hið sama gildir um nýja útgáfu af minnisblaðinu sem (S)frkvstj-millilandasv sendi (S)forstj 8. júlí 2008, sbr. nánar hér á eftir. Þegar eðli og efni skjalsins er virt og horft er til þess að það var unnið að ósk forstjóra og eingöngu aðgengilegt æðstu stjórnendum Samskipa verður vart dregin önnur ályktun en að Samskip hafi viljað halda þessu skjali leyndu.
2067. Þetta minnisblað (S)frkvstj-millilandasv ber með sér að í því felast tillögur Samskipa til Eimskips. Sagt er að fyrirtækin þurfi að „ná saman“ um tiltekin atriði og „viðruð“ er hugmynd sem felur í sér veigamikla breytingu á starfsemi Eimskips.
2068. Í þessu minnisblaði er kortlagt ferli þar sem keppinautar samræma að verulegu leyti siglingakerfi sín og skipta með sér flutningamörkuðum. Höfundur skjalsins var einn af æðstu stjórnendum Samskipa og sendi það til (S)forstj, að beiðni þess síðarnefnda. Efni skjalsins er sem fyrr segir í samræmi við það sem lagt var til í „Nýtt upphaf“ glærum (E)forstj frá 9. júní 2008. Þá er minnisblaðið einnig í samræmi við framangreindar hugmyndir (E)forstj frá 27. júní 2008 um að semja ætti við Samskip um „meira magn“ í Norður-Ameríku flutningum og draga þar með úr samkeppni. Innflutningur á pappír frá Norður-Ameríku til Íslands var mikilvægur hluti flutninga á þeirri leið. Samkvæmt minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv kom til álita að setja þá flutninga Samskipa í „kerfi Eimskips“ gegn því að Eimskip setti flutningamagn í Evrópukerfi Samskipa.
2069. Það vekur og athygli að texti minnisblaðs (S)frkvstj-millilandasv er „afslappaður“ og afdráttarlaus og í honum kemur enginn fyrirvari fram um afstöðu helsta keppinautarins, Eimskips, sem skjalið varðar þó að verulegu leyti. Bendir það ótvírætt til þess að efni þess hafi verið rætt milli aðila. Það er ekki trúverðugt að stjórnandi í stöðu (S)frkvstj-millilandasv, og með hliðsjón af fyrirséðum aðstæðum á markaði, hafi verið að fjalla um umrætt samstarf með þessum opinskáa og skipulagða hætti ef einhver verulegur vafi væri á vilja og afstöðu æðstu stjórnenda Eimskips til þess að ræða um meginefni og markmið minnisblaðsins. Umfjöllun og efnistöð (S)frkvstj-millilandasv bera þvert á móti með sér sterka tengingu við eitt af meginmarkmiðum og tilgang samráðsverkefnisins, þ.e. atriðin sem tilgreind eru í „Slotsamningar í siglingakerfinu“ glærunum í glærुकyningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið. Varð skjalið til eftir samskipti stjórnenda Eimskips og Samskipa og er til vitnis um stórauikið samstarf Samskipa og Eimskips. Skjalið gefur auk þess sterka vísbendingu um að umræddur „vinnuhópur“ sem greint var frá í glærum (E)forstj hafi verið að störfum á þessum tíma. Jafnframt staðfestir minnisblaðið framburð (S)forstj um að fyrirtækin hafi ráðist í „heimavinnu“ eftir fundinn 6. júní 2008.
2070. Það dregur ekki úr sönnunargildi þessa gagns þó að endanleg útfærsla á ólögmetu samráði fyrirtækjanna hafi að hluta orðið með öðrum hætti en þar er rakið. Minnisblaðið endurspeglar að það hafi verið talið raunhæft a.m.k. að skoða gaumgæfilega mjög umfangsmiklar eða róttækar hugmyndir til að ná fram þeim markmiðum sem fram koma í „Nýtt upphaf“ verkefninu.
2071. Ber að hafa í huga að skjöl af þessum toga hafa þýðingu í samkeppnisrétti jafnvel þótt ekki sé sannað að þeim hafi verið dreift til keppinauta eða efni þeirra rætt við þá, sbr. kafla 4.7.6.3. Samkeppniseftirlitið telur hins vegar sannað í þessu máli að efni skjalsins hafi verið rætt við Eimskip. Ber m.a. að horfa til þess að efni skjalsins var í fullu samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið, nýja útgáfu af skjalinu sem (S)frkvstj-millilandasv vistaði og sendi (S)forstj 8. júlí 2008 (en dagsetti daginn eftir) og önnur atvik sem fjallað verður um hér á eftir.
2072. Fram kemur í skjalinu að skilyrði fyrir þessari samvinnu væri m.a. að samþykki samkeppnisyfirvalda fengist. Samkeppniseftirlitið hefur aldrei verið upplýst um þessar fyrirætlanir né samþykkis þess verið leitað.



2073. Hér ber að hafa í huga að gögnin sýna að (S)frkvstj-millilandasv prentaði út minnisblaðið rétt fyrir hádegi 7. júlí 2008. Stjórnarfundur Samskipa hf. hófst kl. 13:00 sama dag. Sem fyrr segir sendi (S)frkvstj-millilandasv þann 8. júlí 2008 nýja útgáfu af þessu minnisblaði til (S)forstj, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.
2074. Við skýrslutöku hjá lögreglu var umrætt excel-skjal (S)frkvstj-millilandasv frá 7. júlí 2008 („Flutningsgeta 2008.07.xls“) borið undir hann. Var (S)frkvstj-millilandasv m.a. spurður um síðuna sem ber heitið „01.2009 scenario“ þar sem hann var í júlí 2008 að setja m.a. fram hugmyndir um flutningsgetu Eimskips í janúar 2009:
- HS Þú ert að gera þetta í júlí sko. [...]
- (S)frkvstj-millilandasv Já, þetta er einhver, einhver þæli.... einhver svona, einhver, einhver já, væntanlega en að fylgja þessu engar skýringar, þannig að ég man nú ekki, ég man ekki hvaða þælingar hafa legið
- HS Í raun og veru, hvaða þæling, hvernig, hvaða forsendur ertu þá með þarna þegar þú ert að hugsa um janúar hjá Eimskip, ertu með einhverja breytingu þarna á milli eða hvað ...?
- (S)frkvstj-millilandasv Ee, ég bara sé það nú ekki alveg í hveli, mér sýnist ekki. Jú, það er eitthvert aðeins annað mat hérna á, jú það er greinilega hérna, já þetta er örugglega í framhaldi af því að þeir breyta sínu kerfi, þeir eru skip hérna sem heitir [C]jelia sem er farið út hérna í janúar 2009 og Reykjarfoss í staðinn, þeir hafa verið á 15 daga tíðni, þá er hann kominn á 17 daga tíðni.
- HS Og þetta er eitthvað sem þú breytir...
- (S)frkvstj-millilandasv Og það hefur einhver, það hefur áhrif á vikulega flutningsgetu til lækkunar, lítillega. Þannig að þetta er væntanlega ...
- HS En þá ert þú að spá því að það gerist í, í, í janúar 2009 er það ekki?
- (S)frkvstj-millilandasv Ég veit ...
- HS Þetta er gert í þarna 2008?
- (S)frkvstj-millilandasv Já, ég veit ekki hvenær þetta er gert, hvenær ...
- HS Þetta er ág... þetta er júlí 2008 vistar þú þessi skjöl sko.
- (S)frkvstj-millilandasv Já, þá er þetta væntanlega einhvern, einhverjar fabúleringar um ...
2075. Við skýrslutöku hjá lögreglu var minnisblaðið sem (S)frkvstj-millilandasv vistaði 7. júlí 2008 einnig lagt fyrir (S)frkvstj-millilandasv og hann spurður um það:
- HS Dagsett 7. júlí 2008, þetta er vistað sama dag eða sama dag og fyrrgreint Excel skjal finnst hjá þér: Flutningsgeta 2008.07. Geturðu sagt okkur frá þessu skjali?
- (S)frkvstj-millilandasv Ee...
- HS Manstu eftir því?
- (S)frkvstj-millilandasv Nei, ég man nú ekkert sérstaklega eftir því. [þögn] Já, þetta er svona einhver þæling um, um hérna stöðuna á markaði og hvað sé mögulegt að gera theoretically til þess að draga úr flutningsgetu í, á markaðnum í heild.
- HS Í hvaða tilgangi er, var þetta skjal gert?
- (S)frkvstj-millilandasv Ég man það nú ekki.
- HS Nei. Manstu hvernig þetta skjal var notað?



(S)frkvstj-millilandasv Ee, nei, ég man það ekki.¹¹⁵⁷

2076. Aðspurður neitaði (S)frkvstj-millilandasv því að unnið hefði verið eftir þessu minnisblaði hans þar sem ekkert sem fram hafi komið í því hafi raungerst. (S)frkvstj-millilandasv var þá spurður nánar um efni minnisblaðsins:

HS Þú ert að tala um hérna á bls. tvö, þú ert að tala um hérna: Til þess að hagræðing á þessari stærðargráðu – sem fabúlering á hagræðingu – þurfi aðilar að ná saman um útfærslu og sem uppfylli eftirfarandi skilyrði. Svo koma hérna nokkur skilyrði.

(S)frkvstj-millilandasv Mhm.

HS Hvað, hvað viltu hérna, ertu sem sagt að koma með hugleiðingar um það hvernig þessi tvö fyrirtæki geti unnið saman til að mynda hagræðingu samt með, geturðu aðeins skýrt hvað, hvað þú ert að fara, hvað ertu að fabúlera þarna, í hvaða tilgangi?

(S)frkvstj-millilandasv Ég, eins og ég segi, þetta skýrir sig nokkuð sjálft finnst mér sem hér stendur.

HS Já, skýrðu þetta bara út fyrir okkur eins og við séum fimm ára.

(S)frkvstj-millilandasv Nei, ég ætla bara ekkert að gera það.¹¹⁵⁸

2077. Var (S)frkvstj-millilandasv þá spurður um hver hafi beðið hann um að taka þetta minnisblað saman. Kvaðst (S)frkvstj-millilandasv fyrst ekki muna það en tók svo fram að væntanlega hafi (S)forstj beðið hann um að gera þetta.¹¹⁵⁹

2078. (S)frkvstj-millilandasv var einnig spurður hvort hann hafi unnið þessar tillögur í minnisblaðinu með vitneskju Eimskips. Kvaðst hann ekki muna það. Var (S)frkvstj-millilandasv þá bent á að í minnisblaðinu væri vísað til siglingakerfis Eimskips og hann spurður um skýringu á því. Neitaði (S)frkvstj-millilandasv að tjá sig um þetta.¹¹⁶⁰

2079. (S)frkvstj-millilandasv var jafnframt spurður um tillögur í minnisblaðinu eins og þá að Eimskip legði af siglingar á Suðurleið og og Samskip slepptu viðkomu á Grundartanga og gerðu þess í stað slot samning við Eimskip. (S)frkvstj-millilandasv sagði að eingöngu hefði verið um að ræða „fabúleringar“.¹¹⁶¹ Var (S)frkvstj-millilandasv einnig spurður um þetta:

HS Svona skjal er búið til að beiðni forstjóra hann er sá eini sem gæti sett þig í þetta verkefni?

(S)frkvstj-millilandasv Ég, ég bara, ...

HS En ég er að velta fyrir mér sko ...

(S)frkvstj-millilandasv ... ég ætla ekki að tjá mig um það.

HS Hvað ertu beðinn um að gera, hvernig, ertu beðinn um að skoða einhver svona samlegðaráhrif skipafyrirtækjanna eða einhverja samvinnu eða hvað, hvernig hljóðar þessi beiðni?

(S)frkvstj-millilandasv Ég ætla ekki að tjá mig um það.

HS Af hverju ertu að leggja til hérna í USA kaflanum um, þú ert að koma með skipuleggja aðgerðir, þannig að keppinauturinn geti hagrætt hjá sér, af hverju ættirðu að vera að gera það?

(S)frkvstj-millilandasv Ee, ég ætla bara ekki að tjá mig meira um þetta.¹¹⁶²

¹¹⁵⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 112.

¹¹⁵⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 113.

¹¹⁵⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 113.

¹¹⁶⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 113 – 114.

¹¹⁶¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 115.

¹¹⁶² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 116.

2080. (S)frkvstj-millilandasv var bent á að hann og (S)forstö-innfl1 hefðu hitt (E)frkvstj-flutnkerf á fundum á seinni hluta ársins 2008 og hann spurður hvort þeir hefðu rætt þessi málefni við Eimskip. Neitaði (S)frkvstj-millilandasv því. Einnig var (S)frkvstj-millilandasv spurður um þetta:

HS Það stendur hérna: Drög, varð þetta einhvern tímann meira en það, var þetta skjal gefið úr?

(S)frkvstj-millilandasv Ee, ég man það ekki.

HS Og endar á þessari setningu hérna: Samskip gæti flutt pappírflutninga frá CA¹¹⁶³ inn í kerfi Eimskips, til að bæta nýtingu kerfisins með því að Eimskip færi á móti magn frá sér inn í kerfi Samskipa frá Evrópu. Viltu segja mér hvað þessi, hvað þú ert að leggja til eða hugleiða?

(S)frkvstj-millilandasv Nei, ég ætla ekkert að tjá mig meira um það.¹¹⁶⁴

2081. Var (S)frkvstj-millilandasv bent á það sem fram kemur í „Nýtt upphaf“ glærukynningunni undir liðnum „Slotsamningar í siglingakerfinu“ og var hann síðan spurður að þessu:

HS Í ljósi þess sem þar er kynnt að Eimskip og Samskip skoði aukið samstarf við í skipakerfi og slot samningum og viðfangsefni í þessu skjali þínu frá júlí 2008, þá ætlum við að spyrja þig hvort þú hafir komið að þessum lið verkefnisins og þar með talið með þessu skjali?

(S)frkvstj-millilandasv Ee, það kann að vera að þetta skjal hafi verið nýtt til þess, ég get ekki svarað því.

HS Já, en þú vissir, varst ekki meðvitaður um að þú værir að taka þátt í þessu?

(S)frkvstj-millilandasv Nei.

HS Nei. Er, afhentirðu þetta skjal hérna einhverjum öðrum eða, eftir að þú varst búinn að gera það?

(S)frkvstj-millilandasv Ég bara man það ekki.¹¹⁶⁵

2082. Umrætt minnisblað (S)frkvstj-millilandasv var einnig borið undir (S)forstj við skýrslutöku hjá lögreglu:

HS Heyrðu, þá ætlum við að leggja fyrir þig skjal 11.131, sem er skjal sem fannst í tölvugögnum Samskipa, nánar tiltekið hjá [(S)frkvstj-millilandasv]. Skjalið er vistað undir nafninu: MEMO 2008.07.09.doc. Heiti skjalsins er: Siglingarkerfi- DRÖG og það dagsett 7. júlí 2008 og vistað þann sama dag. Eitthvað sem þú getur sagt okkur um þetta skjal?

(S)forstj Nei.

HS Þekkirðu skjalið eða tilurð þess?

(S)forstj Nei, ég þekki það ekki.

HS Ekki séð það áður?

(S)forstj Nei.

HS En, en innihald skjalsins?

(S)forstj Nei.

HS Nú heyrir [(S)frkvstj-millilandasv] beint undir þig.

(S)forstj Já.

¹¹⁶³ Kanada.

¹¹⁶⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 116.

¹¹⁶⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 117.



HS Eða gerði þarna á þessum tíma. Við skýrslutöku hér hjá okkur þá kvaðst hann hafa búið þetta skjal til og taldi [...] að það hafi verið að beiðni forstjóra, sem varst þá þú á þessum tíma. Eitthvað sem þú vilt tjá þig um það?

(S)forstj Nei.¹¹⁶⁶

2083. Var (S)forstj þá spurður hvort minnisblað (S)frkvstj-millilandasv tengdist verkefninu sem lýst er í glærुकyningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið. Kvaðst (S)forstj ekki vita það.
2084. Var (S)forstj bent á að minnisblaðið og „Nýtt upphaf“ glæurnar fjalli að hluta til um sömu atriði.¹¹⁶⁷ Svar (S)forstj var óljóst. Benti hann m.a. á að það hafi verið „gríðarlegar blikur á lofti“ en ekkert samstarf við Eimskip hefði átt sér stað. Ef slíkt samstarf hefði átt sér stað hefði það verið tilkynnt til Samkeppniseftirlitsins.¹¹⁶⁸
2085. Umrætt minnisblað (S)frkvstj-millilandasv var einnig borið undir (E)forstj. Kvaðst (E)forstj aldrei hafa séð þetta minnisblað og ekki þekkja efni þess. Sagði hann að tillögurnar í minnisblaðinu væru óraunhæfar, „galnar“ og í þeim birtist óskhyggja Samskipa. Sagði (E)forstj að hann hefði aldrei haft áhuga á neinni samvinnu við Samskip, ekki „í Ameríkusamningum, engum samningum [...]“. Tók (E)forstj einnig fram að hugmyndir „sem hafa verið á blaði og hafa verið sent til mín í emaili eru ekki mínar hugmyndir“ og taldi ekki rétt að tengja hann við þetta. Vísaði (E)forstj jafnframt til þeirrar frásagnar sinnar að (S)aðaleig-stjform-SH hefði á fundinum 6. júní 2008 viljað „kaupa eignirnar okkar allstaðar“ og sagði að tillögurnar á minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv væru mögulega „draumur“ (S)aðaleig-stjform-SH.¹¹⁶⁹
2086. Við skýrslutöku hjá lögreglu var minnisblað (S)frkvstj-millilandasv borið undir (E)frkvstj-alþjvsv. Kvaðst hann aldrei hafa séð það áður en tók fram að þær hugmyndir sem kæmu fram í því hefðu aldrei komið til framkvæmda. (E)frkvstj-alþjvsv var bent á tengingu þess sem komi fram í minnisblaðinu við það sem komi fram í „Nýtt upphaf“ kynningunni. Kvaðst (E)frkvstj-alþjvsv ekki vita hvað (S)frkvstj-millilandasv hafi verið hugsa við ritun minnisblaðsins. Aðspurður staðfesti (E)frkvstj-alþjvsv hins vegar að það sem fram komi í minnisblaðinu rímaði við það sem fram komi á „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í „Nýtt upphaf“ glærुकyningunni. Var (E)frkvstj-alþjvsv þá spurður hvort (S)frkvstj-millilandasv hefði setið í „vinnuhópnum“ sem tilgreindur er í „Nýtt upphaf“ glærुकyningunni. (E)frkvstj-alþjvsv kvaðst ekki vita það.¹¹⁷⁰
2087. Aðspurður nánar um minnisblað (S)frkvstj-millilandasv og umræðu um það vísaði (E)frkvstj-alþjvsv til fundarins sem hann og (E)forstj áttu með (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)stjórnarm-fjármstj í höfuðstöðvum Samskipa:

HS Þú hefur ekki séð þetta skjal eða umræðu um þetta skjal?

(E)frkvstj-alþjvsv Nei, nei. Svo ég segi það bara aftur, eins og ég hef sagt margofter í dag, ég hef verið á þessum eina fundi ...

HS Mhm.

(E)frkvstj-alþjvsv ... og ekki í neinum samskiptum.

HS En [(S)frkvstj-millilandasv] var þar líka.

(E)frkvstj-alþjvsv [(S)frkvstj-millilandasv] var á þessum fundi, já, já, ég staðfesti það eins og ég gerði.

¹¹⁶⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 131.

¹¹⁶⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 131.

¹¹⁶⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 132.

¹¹⁶⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 189-194.

¹¹⁷⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 211-213.



HS [(S)frkvstj-millilandasv] er líka í samskiptunum með útvíkkaða neyðarsamkomulagið sem við finnum í drögunum ...

(E)frkvstj-alþjsv Já, ég get ekki svarað því, ...¹¹⁷¹

2088. Samkvæmt framansögðu gat (S)frkvstj-millilandasv ekki gefið neinar trúverðugar skýringar á forsendum sínum og tilgangi excel-skjals frá 7. júlí 2008. Í því kæmu aðeins fram „fabúleringar“. Þá var umfjöllun um siglingakerfi Eimskips á árinu 2009 útskýrð með breytingum á kerfi Eimskips sem ekki höfðu átt sér stað þegar (S)frkvstj-millilandasv tók skjalið saman.
2089. Svör (S)frkvstj-millilandasv við spurningum um minnisblað hans frá 7. júlí 2008 voru heldur ekki þess eðlis að þau gefi til kynna að skjalið hafi verið tekið saman í lögmætum tilgangi. (S)frkvstj-millilandasv kvaðst lítið muna og skjalið væri aðeins umfjöllun um hvað fræðilega væri unnt að gera til að draga úr flutningsgetu á sjóflutningsmarkaðnum í heild sinni. (S)frkvstj-millilandasv kvaðst ekki muna í hvaða tilgangi minnisblaðið var tekið saman og heldur ekki með hvaða hætti það hafi verið notað. Farið var yfir efni minnisblaðsins með (S)frkvstj-millilandasv og hann beðinn um að útskýra það eins og viðmælendur hans vissu ekkert um flutningamarkaðinn. (S)frkvstj-millilandasv neitaði að gera þetta.
2090. Neitaði (S)frkvstj-millilandasv einnig að tjá sig um af hverju hann væri að fjalla um siglingakerfi Eimskips og um hvort Eimskip hefði vitað af þessari vinnu hans. Einnig neitaði (S)frkvstj-millilandasv að tjá sig um aðrar spurningar um efni minnisblaðsins. Hér ber hins vegar að líta til þess að (S)frkvstj-millilandasv sagði í framburði sínum að „væntanlega“ hefði (S)forstj beðið hann um taka minnisblaðið saman og það „kynni að vera“ að minnisblað hans hafi verið notað í tengslum við það sem fram komi í „Nýtt upphaf“ glærुकyningunni undir liðnum „Slotsamningar í siglingakerfinu“.
2091. (S)forstj vildi ekki tjá sig um efni minnisblaðs (S)frkvstj-millilandasv og kvaðst aldrei hafa séð það skjal áður. Kvaðst hann hvorki kannast við tilurð skjalsins né geta útskýrt efni þess. Vildi (S)forstj heldur ekki tjá sig um þann framburð (S)frkvstj-millilandasv að væntanlega hefði hann beðið (S)frkvstj-millilandasv að taka minnisblaðið saman. Þá kvaðst (S)forstj ekki vita hvort minnisblaðið tengdist „Nýtt upphaf“ verkefninu.
2092. Það er ekki rétt að (S)forstj hafi aldrei séð umrætt minnisblað (S)frkvstj-millilandasv. Eftir hádegi þann 7. júlí 2008 fjallaði (S)forstj um atriði sem koma fram í umræddum skjölum (S)frkvstj-millilandasv á stjórnarfundum Samskipa hf. Daginn eftir sendi (S)frkvstj-millilandasv nýja útgáfu af minnisblaðinu til (S)forstj og þá var það komið með nýja dagsetningu og búið að stytta minnisblaðið og laga uppsetningu þess. Á fundi stjórnar Samskipa Holding 14. júlí 2008 fjallaði (S)forstj með ítarlegum hætti um samráðstillögurnar sem fram koma í umræddu minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv. Vísaði (S)forstj í því sambandi til yfirstandandi skoðunar á samvinnu Eimskips og Samskipa og fram kemur að (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj ætluðu að funda með Eimskip.
2093. Ekki er unnt að fallast á það með (E)forstj að tillögurnar um samráð Eimskips og Samskipa sem lýst er í minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv séu „galnar“ og lýsi aðeins „óskhyggju“ eða „draumum“ Samskipa/(S)aðaleig-stjform-SH. Þær eru þvert á móti í fullu samræmi við verkefni sem lýst er glærुकyningu (E)forstj frá 9. júní 2008 undir liðnum „Slotsamningar í siglingakerfinu“. Sú staðhæfing (E)forstj að hann hafi ávallt verið á móti hvers konar samvinnu við Samskip er ekki í nokkru samræmi við hina skýru stefnumörkun sem birtist í umræddum „Nýtt upphaf“ glærum hans um að kanna „aukið samstarf“ við Samskip. Sú staðhæfing er heldur ekki í samræmi við þá áherslu sem (E)forstj lagði á málefni tengd Samskipum á fyrstu dögum hans sem forstjóri Eimskips. Sú aðgerð Eimskips, í lok maí og byrjun júní 2008, að kalla eftir tafarlausum viðræðum við Samskip og fela helstu stjórnendum og sérfræðingum á sviði siglingakerfa að koma að þeim viðræðum lýsir heldur ekki áhugaleysi á samstarfi við helsta keppinautinn.

¹¹⁷¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 214.



2094. (E)frkvstj-alþjvsv staðfesti að það sem fram kemur í minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv rími við það sem fram komi undir liðnum „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í glærुकyningunni sem (E)frkvstj-alþjvsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir. (E)frkvstj-alþjvsv kvaðst hins vegar ekki hafa séð þetta minnisblað (S)frkvstj-millilandasv áður og ekki rætt það við Samskip. Hélt hann því fram að hann hefði aðeins rætt þessi málefni við Samskip á fundinum sem hann og (E)forstj áttu í höfuðstöðvum Samskipa þegar hann var spurður um umræðu um það.
2095. Ekkert í skýringum umræddra stjórnenda Eimskips og Samskipa bendir til annars en að umrædd gögn Samskipa frá 7. júlí 2008 hafi tengst framgangi „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Ný útgáfa af minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv, dags. 9. júlí 2008, og tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf til (E)forstj, dags. sama dag, sem tengist efni minnisblaðsins dregur þetta enn skýrar fram, sbr. umfjöllun hér á eftir.
2096. Samskip fjalla um framangreind gögn (S)frkvstj-millilandasv frá 7. júlí 2008 í mgr. 700 – 704 í athugasemdum við AI. Er m.a. byggt á því að minnisblað (S)frkvstj-millilandasv hafi verið ófullbúið innanhúsgagn eða fæli aðeins í sér vangaveltur. Skjölin sýndu ekki fram á ólögmeitt samráð og væru ótengd hinu „Ímyndaða“ „Nýtt upphaf“ verkefni. Eins og rökstutt er í kafla 25.19.1 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa.

8.9.3. Rætt um Eimskip og verðhækkunaraðgerðir á stjórnarfundum Samskipa 7. júlí 2008

2097. Klukkan 13:00 þann 7. júlí 2008 var haldinn stjórnarfundur hjá Samskipum hf. Fundinn sátu (S)stjform-S og (S)stjórnarm-fjármstj en (S)aðaleig-stjform-SH var fjarverandi. Einnig sat (S)forstj fundinn.¹¹⁷² Rifja ber upp að aukið samráð við Eimskip hafði verið rætt á vettvangi stjórnar Samskipa hf. allt frá fyrrihluta árs 2008, sbr. umfjöllun hér að framan.
2098. Gögn málsins sýna að (S)forstj hélt glærुकyningu á fundinum 7. júlí 2008 og fjallaði hann m.a. um „revised budget“.¹¹⁷³ Einnig fjallaði (S)forstj um atriði sem fram höfðu komið í framangreindum skjölum sem (S)frkvstj-millilandasv vistaði fyrir hádegi þennan dag.
2099. Á glæru í kynningu (S)forstj kom þetta fram:

„Næstu skref:

Siglingakerfi:

- *endurmat á kerfi sbr. fyrri umræður*

[...]

Pricing

- *Stóra myndin klár í júlí, nánari útfærsla í ágúst og þá þegar hafist handa við innleiðingu“.*

2100. Samhengisins vegna ber að taka hér fram að gögn málsins sýna að þessarar aðgerðir varðandi verðlagningu gengu eftir. Þann 1. september 2008 hækkaði verð hjá Samskipum „umtalsvert“ eins og stjórn Samskipa hf. orðaði það á stjórnarfundum sama dag, sbr. kafla 8.15.10. Sýnir þetta einnig að „stóra myndin“ í verðlagningu Samskipa hafi verið í undirbúningi á sama tíma og fyrirtækið átti í samskiptum við keppinaut sinn, og á sama tíma og það og keppinauturinn stóðu í sameiginlegri skoðun á siglingakerfum fyrirtækjanna, sbr. framangreint minnisblað (S)frkvstj-millilandasv um mjög umfangsmikið samráð Eimskips og Samskipa. Þessi samskipti og upplýsingamiðlun milli lykilstjórnenda fyrirtækjanna mynduðu vettvang þar sem sjálfstæði keppinautanna var skert og

¹¹⁷² Afhent skjal frá Samskipum. Afhent þann 22.11.2016 (viðauki 6). „Fundargerð Stjórnarfundur Samskipa hf.“ 07.07.2008, 5. fundur.

¹¹⁷³ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent þann 22.11.2016 (viðauki 6). „Kynning [...]“ (2008 / 07.07.2008).



æskilegri óvissu eytt eða hún takmörkuð verulega. Var þetta til þess fallið að raska samkeppni verulega og auðvelda Samskipum og Eimskip að hækka eða halda uppi verði, sbr. kafli 11.21.

2101. Eins og í skjölunum sem (S)frkvstj-millilandasv vistaði og prentaði út fyrir hádegi 7. júlí 2008 var í umræddri glærुकyningu (S)forstj fjallað um siglingakerfi og flutningsgetu Eimskips og Samskipa:

Samskip		Siglingakerfi						Iceland
Fyrirtæki og skip	Rúta	Tíðni	TEU nom	TEU@14t	DWT	Geared	Cellular	KW
SAMSKIP								
Arnarfell	Blá leið	26	909	571	11.143	Y	Y	8.400
Helgafell	Blá leið	26	909	571	11.143	Y	Y	8.400
Akrafell	Græn leið	26	1.139	709	12.160	Y	Y	10.000
Hvassafell	Græn leið	26	1.139	709	12.160	Y	Y	10.000
Flutningsgeta á viku			2.048	1.280	23.303			
EIMSKIP								
Goðafoss	Norðurleið	26	1.457	1.068	17.042	Y	Y	14.800
Dettifoss	Norðurleið	26	1.457	1.068	17.042	Y	Y	14.800
Brúarfoss	Suðurleið	26	724	438	8.627	Y	Y	5.397
Selfoss	Suðurleið	26	724	438	8.627	Y	Y	5.397
Lómur	Austurleið	26	698	436	8.400	N	Y	7.200
Blíkur	Austurleið	26	698	436	8.400	N	Y	7.200
Reykjafoss	N-Ameríka	15	712	424	8.450	Y	Y	6.000
Celía	N-Ameríka	15	645	421	8.250	Y	Y	5.180
Flutningsgeta á viku			3.276	2.189	38.953			
ATLANTS SKIP								
Kársnes	Evrópa	26	384	224	4.577	Y	N	3.523
Jan Mitchell	Evrópa	26	301	192	3.332	N	N	3.280
Flutningsgeta á viku			343	208	3.955			



2007	TEU nom	TEU@14t	DWT	nom	14t	DWT
SAMSKIP	1.570	992	21.624	31%	30%	34%
EIMSKIP	3.218	2.153	38.244	63%	64%	60%
ATLANTSSKIP	343	208	3.955	7%	6%	6%
Capacity pr. week	5.131	3.353	63.823	100%	100%	100%


Apríl 2008	TEU nom	TEU@14t	DWT	nom	14t	DWT
SAMSKIP	2.048	1.280	23.303	36%	35%	35%
EIMSKIP	3.276	2.189	38.953	58%	60%	59%
ATLANTSSKIP	343	208	3.955	6%	6%	6%
Flutningsgeta á viku	5.666	3.677	66.211	100%	100%	100%
	536	324	2.388			

Júlí 2008	TEU nom	TEU@14t	DWT	nom	14t	DWT
SAMSKIP	2.048	1.280	23.303	36%	35%	35%
EIMSKIP - ATLANTSSKIP	3.276	2.189	38.953	58%	60%	59%
NESSKIP	297	173	4.300	5%	5%	6%
Flutningsgeta á viku	5.621	3.642	66.556	99%	99%	101%
	490	289	2.734			

Eimskip verða með óbreytt kerfi frá áramótum þrátt fyrir að missa Alcan, sem eru 210 þús tonn af áli í Útflutningi og 120 þús tonn af annóðum og öðrum innflutningi fyrir Alcan, samtals ca 650 mkr.

Eimskip fá á móti ca 11 þús teu frá Atlantsskipum, ca 9 þús teu inn og 2 þús teu út, ca 450 mkr.





2102. Af þessum glærum Samskipa má sjá að (S)forstj kynnti fyrir stjórn fyrirtækisins nokkur þeirra atriða sem komu fram í áðurnefndum skjölum (S)frkvstj-millilandasv. Í ljósi m.a. þessa er vitnisburður (S)forstj við skýrslutöku hjá lögreglu, um að hann hafi aldrei séð skjöl (S)frkvstj-millilandasv og þekkti ekkert til þeirra, ekki trúverðugur.
2103. Vekur athygli að í fundargerð frá umræddum fundi stjórnar Samskipa hf. er ekki fjallað um umræðu fundarmanna vegna þess hluta kynningar (S)forstj sem snéri að samstarfi við Eimskip. Hér ber hins vegar að áréttu að daginn eftir stjórnarfundinn sendi (S)frkvstj-millilandasv til (S)forstj nýja útgáfu af framangreindu minnisblaði sem fól áfram í sér hugmyndir um stórfellt aukið samráð við Eimskip í siglingum til og frá Íslandi. Af því má leiða að niðurstaða stjórnarfundar Samskipa hf. hafi verið að halda áfram „Nýtt upphaf“ verkefninu með Eimskip.

8.9.4. Rætt um Samskip og verðhækkunaraðgerðir hjá Eimskip 7. júlí 2008

2104. (E)frkvstj-flutnkerf og fleiri stjórnendur Eimskips luku 3. júlí 2008 greiningarvinnu um siglingakerfi og viðkomuhafnir fyrirtækisins á Íslandi og í Evrópu. Um var að ræða þá viðkomustaði sem féllu undir verkþáttinn í „Nýtt upphaf“ verkefninu sem tók til endurskoðunar á siglingakerfum Eimskips og Samskipa. Þennan sama dag, 3. júlí 2008, bókaði ritari (E)forstj fund (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstj kl. 10:00 mánudaginn 7. júlí 2008. Á þessum tíma var (E)frkvstj-flutnkerf í samskiptum við (S)frkvstj-millilandasv um aukið samstarf vegna breytinga á siglingakerfi í Evrópu og sjóflutningum.
2105. Tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf til (E)forstj 9. júlí 2008, sýnir umræðu þessara stjórnenda um þennan verkþátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins, sbr. nánar hér á eftir.
2106. Ljóst er að á þessum fundi 7. júlí 2008 ræddu (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstj einnig um þann verkþátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem laut að samstarfi Eimskips og Samskipa um vöruflutninga til og frá Norður-Ameríku og verðhækkun á þeirri þjónustu. Þetta sést af tölvupósti sem (E)frkvstj-flutnkerf sendi (E)forstö-innfl kl. 10:15 þann 8. júlí 2008. Þar gerði hann grein fyrir eftirfarandi fyrirmælum (E)forstj:



„Ég hitti [(E)forstj] á fundi í gær hann vill að [við] skoðum hækkun á USA frá og með 15. ágúst ca 5-7,9%. Spurning hvort við gætum sett á hækkun á B/L og á add fee og búið til nýtt gjald sem heitir chassis fee. Getur þú listað upp viðskiptavinum sem eru að flytja með okkur frá USA og hvað þeir eru að borga, erum við að rukka CP gjald og BAF á alla?“¹¹⁷⁴

2107. Var þannig rætt m.a. um allt að 7,9% verðhækkun og nýja gjaldtöku gagnvart viðskiptavinum.
2108. Í samræmi við fyrirmæli (E)forstj um verðhækkun sendi (E)forstö-innfl skömmu síðar sama dag fundarboð til m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-útfli, (E)forstö-flutnstý og (E)frkvstj-innanli (kl. 11:27) og boðaði fund þann 14. júlí 2008 (kl. 14) til þess að fjalla um alhliða verðhækkanir (þ.e. ekki aðeins vegna Norður-Ameríku), sbr. nánar hér á eftir.
2109. Hér ber að rifja upp að í tölvupósti (E)forstj frá 27. júní 2008 til (E)frkvstj-flutnkerf spurði hann um verðhækkanir á Norður-Ameríku flutningum. (E)frkvstj-flutnkerf svaraði 3. júlí 2008 og gerði grein fyrir því að verð á þessum flutningum hefði verið hækkað um 7,9% í apríl 2008 og tölvupóstur hans gaf til kynna að hann hefði haft efasemdir um verðhækkun svo skömmu eftir hækkunina í apríl 2008. Framangreint sýnir að (E)forstj deildi hins vegar ekki þeim efasemdum heldur var þvert á móti undirbúin umtalsverð verðhækkun hjá Eimskip. Var þetta á sama tíma og (S)forstj vann í „stóru myndinni“ varðandi m.a. verðhækkun hjá Samskipum.
2110. Auk umfjöllunar um hækkun á verði var unnið að hliðstæðum verkefnum vegna siglingakerfa hjá Eimskip þann 7. júlí 2008 og gert var hjá Samskipum. Hjá báðum fyrirtækjunum var m.ö.o. á sama tíma unnið að verkþáttum sem tengdust liðnum „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í glærum (E)forstj frá 9. júní sama ár. Vísast hér til framangreinds fundar (E)forstj og (E)frkvstj-flutnkerf og til fundargerðar Eimskips vegna fundar 7. júlí 2008.
2111. Í fundargerð Eimskips frá 7. júlí 2008 segir: „(E)forstö-flutnstý sagði að öll skip á áætlun og flutningsmagnið væri að minnka, vinna væri í gangi varðandi endurskoðun á siglingakerfinu, væntanleg kynning á nýju kerfi á næsta fundi.“¹¹⁷⁵
2112. Var þannig hliðstæð vinna í gangi innan Samskipa og Eimskips þennan sama dag, þ.e. varðandi skoðun á skipakerfinu sem fólst í minnkun á flutningsgetu hjá báðum fyrirtækjunum.
2113. Hér ber að áréttta að gögnin sýna að (E)frkvstj-flutnkerf var sá yfirmaður Eimskips sem hélt utan um þann hluta „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem fólst í endurskoðun á siglingakerfinu (ásamt framkvæmdastjóra Eimskips á Íslandi, (E)frkvstj-EimÍsl). Að beiðni (E)frkvstj-flutnkerf kom (E)forstö-flutnstý að þeirri vinnu. (S)frkvstj-millilandasv gegndi sambærilegu hlutverki hjá Samskipum og naut hann aðstoðar (S)forstö-flutnstj. Samkvæmt fundargerð Eimskips frá 2. júní 2008 átti (E)frkvstj-flutnkerf að annast samskipti við Samskip en aðrir stjórnendur sem komu að siglingakerfi Eimskips áttu samkvæmt fundargerðinni frá 2. júní 2008 einnig að koma að þeirri vinnu, þ.e. (E)forstö-flutnstý og (E)frkvstj-skiparekst, sbr. kafla 7.2.1.1.

8.9.5. Eimskip og Samskip ræða tillögur um víðtækt aukið samstarf

2114. Heildarmat á samtímagögnum málsins gefur til kynna að Samskip og Eimskip hafi í viku 28 á árinu 2008 rætt saman um samráðsverkefnið. Nákvæm tímasetning samskiptanna liggur ekki fyrir en líklegast er að þau hafi átt sér stað 9. júlí 2008. Verður hér á eftir fjallað um þetta og önnur atvik sem áttu sér stað 8. og 9. júlí 2008.

¹¹⁷⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.390648.

¹¹⁷⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð EI vika 27 2008“. Fundargerð 07.07.2008. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.246522.



8.9.5.1. „When are you meeting Mr. E in Iceland?“

2115. Snemma morguns þann 8. júlí 2008 fékk (S)forstj tölvupóst frá (S)frkvstj-Silver framkvæmdastjóra Silver Sea, dótturfélags Samskipa í Noregi. Í póstinum greindi (S)frkvstj-Silver m.a. frá því að keppinauturinn Seatreade sé „keen to do something with us.“ Síðan spyr (S)frkvstj-Silver:

„When are you meeting Mr. E in Iceland?“¹¹⁷⁶

2116. Í mgr. 710 í athugasemdum Samskipa við AI segir að (S)frkvstj-Silver hafi ekki með þessum ummælum verið að spyrja (S)forstj hvenær hann ætlaði að hitta Eimskip. Í mgr. 711 segja Samskip hins vegar þetta: „(S)frkvstj-Silver vonaðist eftir því að (S)forstj myndi fara á fund með forsvarsmönnum Eimskips til þess að kanna vilja þeirra til að þess að selja eignir til Silver Sea. Ekkert varð af slíkum samningum milli Samskipa og Eimskips.“ Sjónarmið Samskipa að þessu leyti eru því á reiki.

2117. Samkeppniseftirlitið telur að þessa fyrirspurn sem (S)frkvstj-Silver bendi til (S)forstj verði að setja í samhengi við eftirfarandi staðreyndir:

- Í kafla 6.7.5 er gerð grein fyrir gögnum frá apríl og maí 2008. Þau sýna undirbúning að skýrslum um Eimskip sem félag (S)aðaleig-stjform-SH, Egla, vann að beiðni hans. Var lokið við fyrri skýrsluna í maí 2008 og (S)aðaleig-stjform-SH sendi (S)forstj seinni skýrsluna kvöldið fyrir fundinn 6. júní 2008 með Eimskip. Er rökstutt í skýrslunni að mikill ábati gæti falist í auknu samráði við Eimskip og fjallað er m.a. um sjóflutninga til og frá Íslandi og Silver Sea og Eimskip-CTG. Gefa gögnin til kynna að Egla hafi við undirbúning á skýrslunni átt m.a. í samskiptum við framangreindan (S)frkvstj-Silver, sbr. tölvupóst (S)forstö-flutnstj til starfsm-Egla frá 6. maí 2008 sem lýst er í kafla 6.7.5.
- Líta ber til þess sem fram kemur í „Samstarf í „Short sea“ þjónustu“ glærunum um „Nýtt upphaf“ verkefnið. Þar kemur m.a. fram að skoða ætti að leggja „saman félögin Eimskip-CTG og Silversea“.
- Þá ber að líta til þess að „short sea“ samvinna var rædd á fundi (E)frkvstj-alpjsv, (E)frkvstj-Contain og (S)frkvstj-MCL þann 23. júní 2008. Í fundargerð Samskipa Holding vegna stjórnarfundar 14. júlí 2008 er sagt að þessi fundur með Eimskip hafi verið „jákvæður“ og að (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH ætli að ræða við Eimskip á Íslandi, sbr. kafla 8.10.1.
- Hér ber og að geta þess að í tölvupósti frá 11. ágúst 2008 spurði (S)frkvstj-Silver (S)forstj um eftirfarandi:

„Eimskip/CTG- any news development“.¹¹⁷⁷

2118. Samkeppniseftirlitið telur þannig að áður nefndur tölvupóstur (S)frkvstj-Silver frá 8. júlí 2008 gefi til kynna að hann hafi vitað að til stæði að Eimskip og Samskip myndu hittast eða hafa samskipti í júlí 2008 vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Sú staðreynd að (S)forstj upplýsti þann 10. júní 2008 erlenda yfirmenn Samskipa ((S)frkvstj-MCL og (S)forstj-frystig) um umrætt verkefni styður að (S)frkvstj-Silver hafi fengið samskonar upplýsingar, sbr. og tölvupóst (S)forstö-flutnstj til starfsm-Egla frá 6. maí 2008. Við rannsókn málsins hefur ekki fundist skriflegt svar (S)forstj við fyrirspurn (S)frkvstj-Silver.

2119. Þá má ennfremur benda á að Samskip afhenda engin gögn um að Samskip hafi ráðgert að kaupa eignir af Eimskip á þessum tíma, í júlí 2008. Slíkri haldlausri staðhæfingu er heldur ekki að finna stoð í gögnum málsins. Þvert á móti sýna gögn málsins skýrlega að samskipti og samráðsverkefni

¹¹⁷⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.478114.

¹¹⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.485253.



fyrirtækjanna gengu á þessum tíma út á að skoða og meta, sameiginlega, víðtækt aukið samstarf og samráð þeirra á milli.

8.9.5.2. Eimskip og Samskip unnu áfram að verðhækkunum m.a. gagnvart Alcoa

2120. Gögn málsins sýna að 8. júlí 2008 hafi áfram verið unnið að hækkun á verði hjá bæði Eimskip og Samskipum. Einnig gaf (S)forstj fyrirmæli til (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-millilandasv um aðgerðir sem tengdust „Nýtt upphaf“ verkefninu.
2121. Klukkan 10:15 þann 8. júlí 2008 sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst til (E)forstö-innfl og kom á framfæri fyrirmælum (E)forstj um að undirbúa allt að 7,9% verðhækkun á Norður-Ameríku flutningum, sbr. kafli 8.9.4.
2122. Klukkan 11:00 þann 8. júlí 2008 var bókaður fundur (S)forstj með (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl með heitinu „Revised budget – status“.¹¹⁷⁸ Eftir fundinn (kl. 13:44 sama dag) sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-millilandasv vegna niðurstöðu fundarins, sbr. nánar hér á eftir.
2123. Klukkan 11:27 sama dag sendi (E)forstö-innfl fundarboð til m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-útfli, (E)forstö-flutnstý og (E)frkvstj-innanl og boðaði fund kl. 14:00 þann 14. júlí 2008 til þess að fjalla um alhliða verðhækkanir. Ber að hafa í huga að í tölvupósti (E)forstj frá 27. júní 2008 var, auk hækkunar vegna Norður-Ameríku, fjallað um almenna verðhækkun, sbr. kafli 8.4. Nánar tiltekið kom þetta fram í ofangreindu fundarboði (E)forstö-innfl : „Skoða hvort ekki sé nauðsynlegt að endurskoða gjaldskrá vegna þeirra kostnaðarhækkana sem orðið hafa.

Þjónustugjöld erlendis bæði EUR og USA

Þjónustugjöld á Íslandi

Innanlandsflutningur

*Sjóflutningur til og frá landinu bæði EUR og USA*¹¹⁷⁹

2124. (E)frkvstj-innanl framsendi þennan tölvupóst kl. 12:39 til undirmanna sinna ((E)rekstj-aksturst og (E)sölustj-innanl1) og bað þau að skoða liði 2 og 3 í tölvupósti (E)forstö-innfl, þ.e. hækkanir á þjónustugjöldum á Íslandi og á innanlandsflutningum.¹¹⁸⁰
2125. Á sama tíma og (E)frkvstj-innanl áframsendi framangreindan tölvupóst um verðhækkun í landflutningum, kl. 12:39 8. júlí 2008, vistaði (S)frkvstj-innanl, kl. 12:39, skjal þar sem vísað var til samráðs við Eimskip í innanlandsflutningum og fjallað um verðhækkun og þjónustugjöld. Undirritaður (S)frkvstj-innanl, (S)forstö-landfl, hafði vistað skjalið deginum áður, þ.e. 7. júlí 2008, sbr. kafli 8.9.2.
2126. (S)forstj sendi kl. 13:44 þann 8. júlí 2008 tölvupóst til (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-millilandasv en þeir þrír höfðu fundað um morguninn. Í tölvupóstinum eru dregnar „saman athugasemdir varðandi yfirferð á revised áætlun og umræður því tengdu.“¹¹⁸¹ Í tölvupóstinum er að finna fyrirmæli frá (S)forstj og er greint frá mismunandi verkefnum (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-millilandasv:
- Sagði að (S)frkvstj-innanl ætti að meta hvar væri unnt að skerða þjónustu, s.s. á landsbyggðinni.
 - Sagði að (S)frkvstj-millilandasv ætti að gera eftirfarandi:

„-endurmeta magnáætlun sbr. umræður og í framhaldi endurreikna afkomu einingar, bæði það sem eftir lifir árs, sem og gróft mat á 2009. Eiga jafnframt viðræður við (S)frkvstj-innanl og báðir

¹¹⁷⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.478139.

¹¹⁷⁹ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.390697.

¹¹⁸⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.51078.

¹¹⁸¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.478174.



verði sammála um að hækkanir frá innanlandssviði á millilandasvið, og taka þær inn í revised tölur.

-stilla upp tillögu að pricing á þjónustu, hverju muni þær skila og tímamörk á verðlagsbreytingum.

-jafnframt stilla upp:

a) siglingakerfi, 2ja skipa kerfi

b) siglingakerfi, 4ra skipa kerfi, með og án Alcoa

Alcoa, ef endurmat magnáætlunar, sem og plön um aukna framleiðslugetu leiðir af sér að um gámaskort yrði að ræða sem og að hagkvæmasti kostur yrði óbreytt kerfi, hvernig pricing aðgerð gv. Alcoa."¹¹⁸²

2127. Fól þessi tölvupóstur (S)forstj í sér frekari undirbúning fyrir hækkun á verði og mögulega breytingu á siglingakerfinu og takmörkun á flutningsgetu. Koma þarna einnig fram áhrif aðgerða gagnvart Alcoa Fjarðaráli og hvernig verðhækkun yrði gagnvart þeim mikilvæga viðskiptavini. Fjallað var um tekjumyndun Samskipa vegna Alcoa í tölvupósti (S)forstö-útfll 11. júlí 2008. Þar sagði (S)forstö-útfll að miða ætti við allar „hugsanlegar tekjur er við getum kreist út úr þessu". Vísaði (S)forstö-útfll þar einnig til samstarfs við Eimskip vegna Alcoa, sbr. nánar hér á eftir. Vinnu Samskipa að verðhækkunaraðgerðum gagnvart Alcoa var framhaldið í ágúst 2008, sbr. umfjöllun í kafla 8.15.7 og um verulega verðhækkun Samskipa gagnvart þessum viðskiptavini 24. nóvember 2008 sbr. umfjöllun í kafla 9.7.1.

2128. Samhengisins vegna er rétt að taka hér fram að þann 22. júlí 2008 sendi (S)forstj aftur framangreindan tölvupóst frá 8. júlí 2008 og þá aðeins til (S)frkvstj-millilandasv og með þessari athugasemd: „Sbr. samtal adan, vinsamlega skoða vel með revised her að neðan, förum svo igrundað yfir a föstudag.“¹¹⁸³ Þennan föstudag, þ.e. 25. júlí 2008, héldu (S)forstj og (S)aðdaleigstjform-SH fund með Eimskip um samráðsverkefnið, sbr. nánar hér á eftir.

8.9.5.3. (S)frkvstj-millilandasv sendir (S)forstj nýja útgáfu af samráðstillögunum

2129. Klukkan 14:23 þann 8. júlí 2008 sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til (S)forstj. Heiti tölvupóstsins var „Siglingakerfi“ og meðfylgjandi honum var ný útgáfa af framangreindu minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv frá 7. júlí 2008 þar sem settar voru fram tillögur um viðamikil samráð Eimskips og Samskipa.

2130. Þessa nýju útgáfu vistaði (S)frkvstj-millilandasv undir heitinu „MEMO 2008.07.09“. Þessi útgáfa var ekki lengur dagsett 7. júlí 2008 heldur var hún dagsett 9. júlí 2008. Ekki var útskýrt í minnisblaðinu eða tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv af hverju minnisblaðið var dagsett fram í tímann.

2131. Samanburður á yngri og eldri útgáfunni sýnir að unnið hafði verið frekar í skjalinu. Uppsetning hafði verið lagfærð. Þá hafði efnisleg umfjöllun í skjalinu verið stytta. Fólstað í því að punktarnir (bullets) fimm sem komu í eldri útgáfu undir kaflaheitinu „Efnahagslega rökréttar aðgerð“ höfðu verið fjarlægðir.¹¹⁸⁴ Að öðru leyti var skjalið efnislega eins og í því voru áfram gerðar sömu tillögur um stórfellt samráð Eimskips og Samskipa í siglingum til og frá Íslandi.

¹¹⁸² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.478174.

¹¹⁸³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.480727.

¹¹⁸⁴ Þessir punktar höfðu verið fjarlægðir:

- „Samskip unnu útboð/verðkönnun Alcoa um alla flutninga á framleiðsluvörum fyrirtækisins til Evrópu.
- Eimskip eru með samninga við Alcoa um alla USA flutninga. Fyrir liggur að engir flutningar eru fyrirhugaðir til USA á næstu 2 árum og jafnframt liggur fyrir að Alcoa hyggjast flytja það magn sem kann að fara til USA í framtíðinni í gegnum RTM með TAS þjónustu.
- Eimskip töpuðu útboði/verðkönnun Alcan um flutninga fyrir fyrirtækið til Nesskipa sem sett hafa upp sérstaka rútu sem mun aðeins sinna flutningum fyrir fyrirtækið.
- Atlantsskip hafa hætt rekstri eigin skipa og gert slot-samning við Eimskip.

2132. Í tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv til (S)forstj sagði aðeins þetta:

„Er þetta ekki ca. svona?“¹¹⁸⁵

2133. Samskip afhentu ekki þetta minnisblað þegar Samkeppniseftirlitið óskaði eftir gögnum með vísan til 19. gr. samkeppnislaga.¹¹⁸⁶ Ekki hefur fundist skriflegt svar (S)forstj við þessari spurningu (S)frkvstj-millilandasv. Samskip hafa ekki lagt fram nein önnur gögn sem tengjast þessu. Eru því engin gögn í málinu sem sýna t.d. að (S)forstj hafi leiðrétt umfjöllun (S)frkvstj-millilandasv í minnisblaðinu eða gert athugasemdir við að (S)frkvstj-millilandasv væri að setja fram tillögur um umfangsmikið samráð við Eimskip. Hefði það og verið í ósamræmi við samtímagögn sem sýna að þessi vinna við minnisblaðið fór fram að undirlagi (S)forstj. Þannig sýna gögn málsins að (S)forstj var í vinnuhópi samráðsverkefnisins, með ríka þátttöku í viðræðum við æðstu stjórnendur Eimskips tengdu samráðsverkefninu og það var (S)forstj sem gaf (S)frkvstj-millilandasv ítrekuð fyrirmæli um framgang vinnunnar innan Samskipa.

2134. Þessi tölvupóstur (S)frkvstj-millilandasv til (S)forstj sýnir að eftir fund stjórnar Samskipa hf. 7. júlí 2008 var áfram unnið í samráðsverkefninu og að (S)frkvstj-millilandasv taldi nauðsynlegt að bera nýja útgáfu af minnisblaðinu undir forstjóra sinn. Virt saman gefur tölvupósturinn sem slíkur, orðalag (S)frkvstj-millilandasv í honum og ný útgáfa minnisblaðsins til kynna að (S)forstj hafi þekkt umfjöllunarefni minnisblaðsins, þeir rætt það efnislega og að (S)frkvstj-millilandasv væri að fullvissa sig um að (S)forstj væri sáttur við efni þess áður en það færi í frekari dreifingu.

8.9.5.4. (E)frkvstj-flutnkerf varar (E)forstj við að „láta eftir“ tekjur af flutningaþjónustu tengdri Vestmannaeyjum og samskipti við Samskip

2135. Á glærum um „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í glærukynningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið voru Vestmannaeyjar nefndar sem dæmi um höfn sem aukið samráð Eimskips og Samskipa gæti tekið til.

2136. Í framangreindu minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv, dags. 9. júlí 2008, komu m.a. fram eftirfarandi tillögur:

„Suðurleið Eimskips lögð af.

Flutningum frá Vestmannaeyjum sinnt með slot-samningi við Samskip (Blá leið) – Til þess að geta sinnt þessum flutningum þurfa Samskip að sleppa viðkomu á Grundartanga.“

2137. Þessi samráðstillaga Samskipa gekk þannig m.a. út á að Eimskip myndi breyta siglingakerfi sínu og sleppa viðkomu í Vestmannaeyjum og gera slot samning við Samskip á þeirri leið. Augljóst er að það myndi hafa áhrif á tekjur Eimskips af flutningaþjónustu í Vestmannaeyjum ef fyrirtækið hætti siglingum þangað.

2138. Eins og fjallað er um í kafla 8.5 sendi (E)forstö-útl 1. júlí 2008 tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-Eimísl. Tölvupósturinn bar heitið „Vestmannaeyjar“ og fylgdi með excel-skjal sem sýndi tekjur Eimskips af flutningaþjónustu tengdri Vestmannaeyjum á tímabilinu 1. nóvember 2007 til 31. maí 2008. Í tölvupóstinum sagði (E)forstö-útl að skjalið væri sent í „framhaldi af fundi okkar“. Einnig sagði (E)forstö-útl : „Heilt yfir tel ég þetta meira en menn hafa verið að gera sér grein fyrir í umræðunni“ Sýnir þetta að (E)forstö-útl taldi að tekjur Eimskips tengdar Vestmannaeyjum væru hærri en fram hefði komið „í umræðunni“.

• Í samningaviðræðum milli SA og Sjómannafélags Íslands nýverðið staðfestu Eimskip að Brúarfoss og Selfoss yrðu áfram í rekstri félagsins.“

¹¹⁸⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.478217.

¹¹⁸⁶ Fjallað er um brot Samskipa gegn 19. gr. samkeppnislaga í kafla 23.



2139. Klukkan 10:57 þann 9. júlí 2008 framsendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst (E)forstö-útl frá 1. júlí 2008 (og Excel-skjalið) til (E)forstj.¹¹⁸⁷ Í tölvupóstinum tók (E)frkvstj-flutnkerf þetta fram:
- „Hérna eru tekjunar varðandi Vestmannaeyjar á átta mánaðar tímabili sjá viðhengi mér væri mjög illa við að láta þetta eftir“*
2140. Samkvæmt þessu lýsti (E)frkvstj-flutnkerf því yfir við (E)forstj að honum væri mjög illa við að Eimskip myndi verða af þessum tekjum með því að hætta eða draga úr flutningaþjónustu tengdri Vestmannaeyjum.
2141. Ekkert í þessum gögnum Eimskips gefur til kynna að sú hugmynd að „láta eftir“ tekjur af flutningaþjónustu tengdri Vestmannaeyjum hafi aðeins verið liður í innri skoðun Eimskips sem tengdist t.d. mögulegri hagræðingu með breytingu á siglingakerfi fyrirtækisins. Ef svo hefði verið mætti ætla að þá hefði verið vísað til kosta og galla þess fyrir Eimskip að breyta siglingakerfinu með því að hætta að sigla til Vestmannaeyja. Þá hefði (E)frkvstj-flutnkerf ekki rætt um að „láta eftir“ umræddar tekjur. Orðalag (E)frkvstj-flutnkerf um að „láta þetta eftir“ getur ekki þýtt annað en að þau viðskipti færi frá Eimskip og með hliðsjón af aðstæðum gátu þau viðskipti ekki farið annað en til Samskipa. Ekki var líklegt á þessum tíma að útgerð og fiskvinnsla í Vestmannaeyjum myndi leggjast af. Af orðalagi og samhengi er augljóst að hér er verið að fjalla um þann möguleika að Eimskip semdi við Samskip um að hætta flutningum til og frá Vestmannaeyjum og „láta [Samskipum] eftir“ að annast þá flutninga.
2142. Þegar virt eru saman glærukynningin um „Nýtt upphaf“ verkefnið, minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008, tölvupóstur (S)forstö-flutnstj til (E)frkvstj-flutnkerf 20. júní 2021 um flutninga Samskipa fyrir Eimskip vegna Vestmannaeyja og framangreind gögn Eimskips sem tengjast Vestmannaeyjum telur Samkeppniseftirlitið ljóst að síðastnefndu gögnin tengjast „Nýtt upphaf“ verkefninu. Eftir fundinn 6. júní 2008 hafi Eimskip skoðað áhrif þess að gera breytingar tengdar Vestmannaeyjum. Ræða hafi átt tillögur Samskipa og (E)frkvstj-flutnkerf hafi viljað brýna fyrir (E)forstj að það þjónaði ekki hagsmunum Eimskips að fallast á að Eimskip hætti að sigla til Vestmannaeyja og gerði þess í stað slot samning við Samskip. Gefur þetta a.m.k. til kynna aðkomu (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstj að þeim atriðum sem birtast í minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv. Væri það og í samræmi við glærukynningu Eimskips um „Nýtt upphaf“ verkefnið, þar sem fram hafi kom að ákveðið hefði verið að Eimskip og Samskip endurskoðuðu skipakerfi fyrirtækjanna, með það að markmiði að lágmarka kostnað og meta hagræði þeirra beggja af því að auka samstarf sitt.
2143. Eins og ítrekað hefur komið fram urðu Eimskip og Samskip ekki við beiðni Samkeppnisyfirlitsins skv. 19. gr. samkeppnislaga um að upplýsa um alla fundi og viðræður stjórnenda fyrirtækjanna.
2144. Eftirfarandi gefur til kynna samskipti Eimskips og Samskipa á þessum tíma:
- Vitneskja (S)frkvstj-Silver að morgni 8. júlí 2008 um að (S)forstj ætlaði að hitta Eimskip, sbr. kafla 8.9.5.1.
 - Tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf til (E)forstj frá mánudeginum 14. júlí 2008 sýnir að (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-flutnkerf hafi rætt saman í vikunni þar á undan, þ.e. einhvern tíma á tímabilinu 7. – 13. júlí 2008, sbr. kafla 8.10.2. Voru þetta framkvæmdastjórar sem báru ábyrgð á siglingakerfi og flutningsgetu Samskipa og Eimskips.
 - Í fundargerð vegna stjórnarfundar Samskipa Holding 14. júlí 2008 er vísað til samskipta við Eimskip vegna slot samninga í siglingakerfinu, sem er umfjöllunarefni glærukynningarinnar um „Nýtt upphaf“ verkefnið og minnisblaða (S)frkvstj-millilandasv frá 7. og 9. júlí 2008. Er þessu lýst í kafla 8.10.1.

¹¹⁸⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.282067.



- Í tölvupósti (S)frkvstj-MCL frá 24. júlí 2008 til (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH er annars vegar að finna umfjöllun sem gefur til kynna að (S)forstj hafi rætt við Eimskip og hins vegar vísað til fundar (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip daginn eftir kafli 8.13.

2145. Virða ber framangreind gögn um samskipti Eimskips og Samskipa í júlí 2008 með hliðsjón af eftirfarandi staðreyndum: (1) (S)frkvstj-millilandasv dagsetti þann 8. júlí 2008 minnisblað sitt daginn eftir, (2) tölvupóstur (S)frkvstj-millilandasv 8. júlí 2008 til (S)forstj gefur til kynna að minnisblaðið eigi að fara í frekari dreifingu, (3) minnisblaðið fjallar um slotsamninga og að Eimskip hætti siglingum til og frá Vestmannaeyjum og (4) efni tölvupósts (E)frkvstj-flutnkerf til (E)forstj 9. júlí 2008 um að honum væri illa við að Eimskip léti eftir tekjur af flutningum tengdum Vestmannaeyjum.
2146. Í ljósi framangreinds telur Samkeppniseftirlitið að leggja verði til grundvallar að Eimskip og Samskip hafi rætt saman í viku 28 á árinu 2008 um a.m.k. tillögurnar sem fram komu í minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv. Er líklegast að það hafi verið gert kringum 9. júlí 2008.
2147. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að í þessum samskiptum Samskipa og Eimskips í viku 28 á árinu 2008 hafi verið fjallað um „Nýtt upphaf“ verkefnið. Það verkefni hafði að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Af því leiðir að öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um einstaka verkþætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga. Á það við þessi samskipti í júlí 2008.

8.9.6. Áfram unnið að „Nýtt upphaf“ verkefninu 11. júlí 2008 og „kreista“ átti tekjur út úr Alcoa

2148. Nokkrum mínútum eftir að (E)frkvstj-flutnkerf hafði sent (E)forstj framangreindan tölvupóst vegna Vestmannaeyja, þ.e. kl. 11:06 þann 9. júlí 2008, sendi (E)frkvstj-flutnkerf fundarboð til (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-skiparekst, (E)forstö-flutnstý og (E)forstö-vörubrúon og boðaði fund 11. júlí 2008 (kl. 10-12) til að ræða:

„Endurskoðun á siglingaáætlun

Áætlun á magni næstu mánuði

*Skipakostur.*¹¹⁸⁸

2149. Var sem sagt haldinn fundur hjá Eimskip 11. júlí 2008 kl. 10:00 til þess að ræða endurskoðun á siglingaáætlun, magn næstu mánuði og skipakost. Síðar sama dag, kl. 14:18, voru m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-skiparekst boðaðir á annan fund til þess að ræða breytingar á siglingakerfinu. Var sá fundur haldinn þann 14. júlí 2008 (kl. 15-16:15) til þess að ræða: „Siglingakerfi – förum saman yfir rammann að tillögum okkar og framsetningu“.¹¹⁸⁹

2150. Fyrr sama morgun, kl. 08:56 11. júlí 2008, sendi (S)forstö-útfl tölvupóst til (S)viðskstj: „Alcoa tekjumyndun“ og í honum segir:

„Ég vil biðja þig að taka saman í exl. fyrir okkur áætlaðar tekjur af Alcoa flutningum á ársgrundvelli.

Atriði er þú þarf (svo) að hafa í huga eru tekjupóstar er ég nefni hér að neðan:

- sjófrakt/brotið niður á RTM/UK
- dross flutninga
- umfram 6500 mt tonn rukkun, 20 usd per tonn

¹¹⁸⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.526249.

¹¹⁸⁹ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.391173.



- BAF
- gámaleiga
- gámanotkun ef gámar fara með Eimskip (4 sinnum á ári)
- breytingagjöld á farmbréfum
- aðrar hugsanlegar aukatekjur sem við náum inn"

2151. (S)viðskstj svaraði og spurði hvaða forsendur hann ætti að leggja til grundvallar. (S)forstö-útfl svaraði 15. júlí 2008 og sagði að þetta verkefni eigi m.a. að miðast við allar „hugsanlegar tekjur er við getum kreist út úr þessu“.
2152. Svör og útreikninga (S)viðskstj frá 17. júlí sendi (S)forstö-útfl þann 19. júlí 2008 áfram til (S)frkvstj-millilandasv.¹¹⁹⁰
2153. Alcoa Fjarðaál var mikilvægur viðskiptavinur Samskipa í útflutningi. Eftir útboð samdi Alcoa við Samskip í október 2007 um að annast flutninga á framleiðslu fyrirtækisins næstu fimm árin til Rotterdam og annarra hafna á meginlandi Evrópu sem og á austurströnd Bretlands. Samtímagögn sýna að Samskip töldu sig eiga tilkall til allra gámaflutninga á áli Alcoa til Evrópu. Var þetta orðað svo í minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv frá 7. júlí 2008: „Samskip unnu útboð/verðkönnun Alcoa um alla flutninga á framleiðsluvörum fyrirtækisins til Evrópu“, sbr. einnig nánari umfjöllun í kafla 9.2.1.
2154. Mestur hluti framleiðslu Alcoa fór og fer á Evrópumarkað. Upphaflega var áætluð framleiðsla álversins 346 þúsund tonn á ári, en með tilkomu álversins var gert ráð fyrir að heildarvöruútflutningur frá Íslandi ykist um tæpan fjórðung í tonnum talið. Er þessu lýst nánar í kafla 6.5 hér að framan.¹¹⁹¹
2155. Áðurnefndur tölvupóstur (S)forstö-útfl þar sem átti að „kreista“ allar hugsanlegar tekjur frá Alcoa er í samræmi við aðrar og mjög víðtækar verðhækkunaraðgerðir sem Samskip unnu að á þessum tíma. Hvergi kemur fram í samtímagögnum að Samskip hafi óttast að samkeppni frá Eimskip myndi hindra eða koma í veg fyrir verðhækkanir. Áhyggjur af samkeppni frá Samskipum koma heldur ekki fram í gögnum Eimskips frá þessum tíma þar sem verðhækkanir voru undirbúnar. Er það í samræmi við hið ólögmæta samráð sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.
2156. Í tölvupósti (S)forstö-útfl 11. júlí 2008 vekur einnig athygli að Samskip gerðu ráð fyrir því að Eimskip kæmi að því að sinna flutningum fyrir Alcoa (fjórum sinnum á ári). Er þetta í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið um samnýtingu á flutningakerfum. Hér ber að nefna að áður en „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst hafði Eimskip í mars 2008 flutt einn farm af áli fyrir Alcoa til Evrópu. Samkvæmt frásögn (E)svæðisstj1 urðu „Samskipamenn“ þá „æfir“ ef aðrir en Samskip ættu að koma að þessum flutningum fyrir Alcoa, sbr. umfjöllun í kafla 9.2.1. Eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst í júní 2008 kvað við annan tón. Tölvupóstur (S)forstö-útfl frá 15. júlí 2008 er í samræmi framangreint. Þar má ekki greina óánægju Samskipa með flutninga Eimskips, heldur þvert á móti var til skoðunar hjá Samskipum að Eimskip hefði fasta aðkomu að þessari þjónustu Samskipa við Alcoa.
2157. Í fyrirbyggjandi gögnum frá 3. og 8. júlí 2008 var rætt um að Samskip hækki verð gagnvart Alcoa eða jafnvel hætti að sinna flutningum fyrir Alcoa.¹¹⁹² Áðurnefnd ummæli (S)forstö-útfl í tölvupósti hans frá 11. júlí 2008 voru í samræmi við þetta en þar kom fram að gera ætti ráð fyrir að „kreista“ allar

¹¹⁹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.788461. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.788522. [...]. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.789168. [...]. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.789327.

¹¹⁹¹ Alcoa var einnig viðskiptavinur Eimskips t.d. vegna innflutnings á rafskautum frá Noregi til Íslands.

¹¹⁹² Sbr. m.a. texta í tölvupósti [...], sbr. kafli 8.9.5.2, og hækkun á Alcoa, sbr. viðhengi með tölvupósti [...], sbr. kafli 8.7.



hugsanlegar tekjur frá Alcoa, sbr. einnig umfjöllun í kafla 8.15.7 um umræðu og hækkunaraðgerðir Samskipa gagnvart Alcoa í ágúst 2008.

2158. Tveimur vikum eftir sendingu tölvupósts (S)forstö-útfli 11. júlí 2008 (um að „kreista“ allar mögulegar tekjur frá Alcoa) komu fram í gögnum, sem (S)forstj fékk send frá (S)forstö-flutnstj kvöldið fyrir fund (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip þann 25. júlí 2008, tillögur um að Samskip fækkuðu skipum sínum og að Eimskip tæki að sér hluta af útflutningi Samskipa á áli fyrir Alcoa til Evrópu, (60 þús tonn á ári), sbr. kafla 8.13.1.
2159. Í köflunum hér á eftir er lýst ólögættu samráði Samskipa og Eimskips síðar á árinu vegna breytinga á siglingakerfum og takmörkunar á flutningagetu. Þar koma einnig við sögu atvik tengd útflutningi fyrir Alcoa.
2160. Í mgr. 712 – 715 í athugasemdum Samskipa við AI er fjallað um tölvupóst (S)forstj til (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-millilandasv, 8. júlí 2008, og um tölvupóst (S)forstö-útfli til (S)viðskstj frá 11. júlí 2008. Er því haldið fram að Samkeppniseftirlitið dragi „kolrangar“ ályktanir af þessum gögnum og ekkert í þeim gefi til kynna ólögætt samráð við Eimskip. Eins rökstutt er í kafla 25.19 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa.

8.10. Atvik 14. júlí 2008

2161. Þann 14. júlí 2008 voru haldnir fundir hjá Eimskip um verðhækkun og breytingar á siglingakerfinu. Jafnframt vísaði (E)frkvstj-flutnkerf til viðræðna við (S)frkvstj-millilandasv í tölvupósti sem hann sendi (E)forstj þennan sama dag. Kom fram að frekari viðræður milli fyrirtækjanna væru fyrirhugaðar. Bæði (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv báru sem framkvæmdastjórar ábyrgð á siglingakerfum hjá vinnuveitendum sínum.
2162. Þennan sama dag var á stjórnarfundum Samskipa Holding fjallað um verðhækkun og breytingar á siglingakerfinu. Vísað var til samstarfs og samskipta við Eimskip og frekari viðræður við Eimskip boðaðar.
2163. Skál þessu nú lýst nánar.

8.10.1. Fjallað um samráð við Eimskip á stjórnarfundum Samskipa Holding

2164. Stjórnarfundur Samskipa Holding var í þetta sinn haldinn í Reykjavík og hófst hann kl. 08:30 þann 14. júlí 2008. Samkvæmt fundargerð sat stjórnarformaður, (S)aðaleig-stjform-SH, fundinn, auk stjórnarmannanna (S)stjórnarm-H og (S)stjform-S.¹¹⁹³ Einnig sátu fundinn m.a. (S)forstj, (S)frkvstj-MCL, (S)forstj-frystig og (S)stjórnarm-fjármstj.
2165. Samráðsverkefni Eimskips og Samskipa tók m.a. til „samstarfs í „short sea“ þjónustu“ og „slotsamninga í siglingakerfinu“, sbr. glærur (E)forstj frá 9. júní 2008. Sem fyrr segir sendi (S)forstj 10. júní 2008 tölvupóst til m.a. (S)frkvstj-MCL til að skipuleggja fund hans með (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Contain, framkvæmdastjóra Containerships sem var dótturfélag Eimskips. Var sá fundur haldinn 23. júní 2008. Staðfesti (E)frkvstj-alþjsv þetta við skýrslutöku hjá lögreglu og greindi frá því að frekari samskipti hefðu átt sér stað milli (S)frkvstj-MCL og (E)frkvstj-Contain, sbr. kafla 7.3.6.3.2. Fjallað er um þetta í fundargerð Samskipa Holding:

„ScanBalt: Meeting has taken place with Containerships to explore the possibility to cooperate with them. Meeting was positive and both parties agreed to explore further. Containership would come back to Samskip with feedback on the discussions which took place. (S)frkvstj-MCL expressed certain concerns as Containership should have come back and felt it was not good tactic for him to go after

¹¹⁹³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Minutes Samskip Board Meeting 14 July 2008.doc“, bls. 1. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.480669, sbr. einnig Doc. ID. 0.7.33.480676.



them. (S)aðaleig-stjform-SH mentioned he and (S)forstj would try to follow up on this through their end in Iceland to be able to have a better view if this is something we should wait for or not."

2166. Fundargerðin staðfestir að Eimskip og Samskip hafi, í samræmi við glærur (E)forstj frá 9. júní 2008, tölvupóst (S)forstj frá 10. júní 2008 og framburð (E)frkvstj-alþjsv, átt í viðræðum um málefni sem tengdust „short sea“ samvinnu. Samkvæmt fundargerðinni hafi viðræðurnar verið jákvæðar og fyrirtækin ákveðið að halda þeim áfram. Þar sem (S)frkvstj-MCL taldi ekki skynsamlegt að hann myndi ýta á eftir viðbrögðum frá Eimskip ætluðu annar „bakhjarla“ samráðverkefnisins ((S)aðaleig-stjform-SH) og meðlimur í „vinnuhópi“ þess ((S)forstj) að ræða við Eimskip. Það gekk eftir, sbr. umfjöllun síðar um fund (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj með Eimskip þann 25. júlí 2008.
2167. Í fundargerðinni kemur fram að einnig hafi verið fjallað á fundi stjórnar Samskipa Holding um þann þátt „Nýtt upphafs“ sem lýtur að samráði í siglingum til og frá Íslandi („slotsamningar í siglingakerfinu“, sbr. glærur (E)forstj):
- „Some discussions were around the possibility to exchange slots with Eimskip. Question was raised if that would be allowed by the competition authorities. For the long term that is not likely to be the case but the possibility is that for the short term competition authorities might allow it due to the unusual economic situation which are in Iceland and likely to become worse. Board members emphasized that this should be explored further but carefully and within the laws.“¹¹⁹⁴*
2168. Orðalag þessarar bókunar er skýrt og gefur ótvírætt til kynna að Samskip hafi þegar rætt þetta málefni við Eimskip, sbr. einnig þau samskipti sem tilgreind eru í kafla 8.10.2. Bókunin gefur einnig til kynna að til standi frekari viðræður við Eimskip. Verður þetta enn skýrara þegar einnig er horft til glærुकynningar sem (S)forstj hélt á stjórnarfundinum. Vísast hér jafnframt til eftirfarandi umfjöllunar um fund (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj með Eimskip 25. júlí 2008, sbr. kafla 8.13.
2169. Í málinu er þannig að finna glærur frá þessum stjórnarfundum sem varða starfsemi Samskipa á Íslandi.¹¹⁹⁵ Er um að ræða glærur sem (S)forstj kynnti fyrir stjórn Samskipa Holding. Í þeim dregur (S)forstj fram hvað áætlað sé að „revised budget“ muni skila. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:
- „Revised budget and detailed action plan is to be finalized by end of july for remainder of 2008, and draft budget for 2009.*
- Preliminary budget, presented today, includes:*
- IKR as of 1st May- that will lead to 210 mkr. higher margins for remainder of year. (premissis cost to rise by 100 mkr. and transport margin to improve by 310 mkr.).*
- [...]*
- Import volumes to be reduced by 20%.“*
2170. Í glæru um landflutninga var rætt um hækkun á almennri gjaldskrá sem og ýmis ný gjöld. Fram kemur að FAF (olíuálagsgjald í landflutningum) yrði sett á alla helstu viðskiptavinum (sem klárist 1. september 2008) og breytingu á útreikningi sem hafi verið kláruð 1. júlí 2008. Einnig kemur fram á glærunni að lögð verði svonefnd karagjöld á viðskiptavinum.
2171. Í umfjöllun um sjóflutninga eru í þessum glærum (S)forstj talin upp meginatriði sem lægju til grundvallar „revised budget“ („main assumptions“) í þeirri starfsemi. Þau væru m.a. frekari

¹¹⁹⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Minutes Samskip Board Meeting 14 July 2008.doc“, bls. 3. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.480669, sbr. einnig Doc. ID. 0.7.33.480676.

¹¹⁹⁵ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „14.07.2008 Iceland“. Titill skjalsins er: „Board Meeting Samskip Iceland 14 July 2008“. Fannst á sameiginlegu tölvudrifi Samskipa, vistað 15.08.2008, kl. 10:10.



verðhækkunar en gert hafði verið ráð fyrir og að dregið yrði úr flutningsgetu. Einnig að tekjur vegna olíuálags (BAF) aukist. Í næstu glæru er lagt til grundvallar að verð til Alcoa verði hækkað.

2172. Næsti kafli í glærुकynningu (S)forstj á stjórnarfundum Samskipa Holding ber heitið „Sailing system“ þar sem fjallað er um samvinnu við Eimskip, takmörkun á flutningsgetu og verðhækkunar.¹¹⁹⁶

Samskip	Sailing system	Iceland
<p>Sailing system - following is being explored now:</p> <ul style="list-style-type: none">-Cooperation with Eimskip-Same system<ul style="list-style-type: none">-Increase freight rates temporarily on Alcoa-Increase market share on imports-Reduced capacity<ul style="list-style-type: none">-Four vessel system, 2* 900 teu and 2* 400 teu – Alcoa out-Two vessel system – Alcoa and Faroe Island out		
Confidential – July 2008		29

Er í ofangreindri glæru (S)forstj þannig staðfest að verið væri að skoða samvinnu við Eimskip í siglingakerfum tengdum Íslandi.

2173. Síðan koma glæur þar sem flutningsgeta Samskipa, Eimskips og Nesskipa er sýnd. Í kjölfarið kemur glæra þar sem (S)forstj setur fram niðurstöðu og lýsir þeim „revised budget“ verkefnum sem framundan séu:

¹¹⁹⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „14.07.2008 Iceland“. Titill skjalsins er: „Board Meeting Samskip Iceland 14 July 2008“. Fannst á sameiginlegu tölvudrifi Samskipa, vistað 15.08.2008, kl. 10:10.



My conclusion is that the budget is too stretch, and we should prepare ourselves for tougher times.

Budget and detailed action plan is to be finalized by end of July, in the meantime following will be explored further:

Import volumes – we should expect more drop in volumes

Sailing system – explore the alternatives already mentioned

Staff – further evaluate opportunities to scale down

Pricing – increase rates and scale down service level were margins not sufficient

2174. Samkvæmt ofangreindri glæru átti m.a. að skoða áfram mögulega samvinnu við Eimskip í siglingum¹¹⁹⁷ og hækka verð. Var við það miðað að það ætti að nást tiltekin niðurstaða varðandi „revised budget“ í lok júlí 2008. Samkeppniseftirlitið minnir aftur á viðræður Eimskips og Samskipa í viku 28 og fund (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj með Eimskip þann 25. júlí 2008.
2175. Þar á eftir í kynningu (S)forstj koma tvær glærur sem byggja á framangreindum minnisblöðum (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008, þar sem efnislega kemur fram að Eimskip og Samskip þurfi að ná saman um niðurstöðu varðandi siglingakerfi sem „breytir innbyrðis stöðu á milli aðila á markaði sem minnst þannig að aðilar geti áfram keppt sín á milli á sömu forsendum og fyrr“. Svo er útfærsla á þessu birt sem m.a. felst í því að Suðurleið Eimskips verði lögð af.

¹¹⁹⁷ Einn af valkostunum varðandi siglingakerfið var samvinna við Eimskip.



Rökréttar aðgerðir

Vegna samdráttar mun flutningsgeta í áætlanasiglinum til og frá landinu ráðast af útflutning á næstu árum. Um 15% umframlfutningsgeta frá Íslandi og Færeyjum til Evrópu skapar tækifæri til umtalsverðrar kostnaðarlækkunar.

Heildar rekstrarkostnaður siglingakerfanna gæti numið um 9 – 12 milljörðum kr. á ári og undirliggjandi heildarhagræðing gæti numið 1 – 2 milljörðum kr á ári.

Til þess að hagræðing af þessari stærðargráði geti orðið að veruleika fyrir íslenskt samfélag þurfa aðilar að ná saman um útfærslu sem m.a. uppfyllir eftirtalin skilyrði:

- breytir innbyrðis stöðu á milli aðila á markaði sem minnst þannig að aðilar geti áfram keppt á sín á milli á sömu forsendum og fyrr.
- er gagnsæ og einföld í útfærslu á milli aðila til að fyrirbyggja tortryggni eða misskilning um eðli útfærslunnar eða markmið hennar.
- er trúverðug gagnvart viðskiptavinum, yfirvöldum og almenningi
- er í samræmi við lög og reglur og hlýtur samþykki samkeppniseftirlits.

Útfærsla

- Suðurleið Eimskips lögð af.
- Flutningum frá Vestmannaeyjum sinnt með slot-samningi við Samskip (Blá leið) – Til þess að geta sinnt þessum flutningum þurfa Samskip að sleppa viðkomu á Grundartanga.
- Flutningum Samskipa frá Grundartanga yrði sinnt með slot-samningi við Eimskip (Norðurleið) - Til þess að geta sinnt þessum flutningum fyrir Samskip myndu Eimskip að líkindum þurfa að færa hluta útflutnings frá Reykjavík af Norðurleið yfir á Austurleið.
- Til að skapa aukið svigrúm á Austurleið til að sinna útlutning frá Reykjavík sbr. ofangrein yrði viðkomu Austurleiðar til Reyðarfjarðar hætt og flutningum Eimskips sinnt með slot samningi við Samskip (Græn leið).
- Innflutningi Eimskips frá Rotterdam sem ekki fer með Norðurleið og innflutningi Eimskips frá Immingham sem áður fór með Suðurleið verður sinnt með slot samningi við Samskip (Græn leið).
- Innflutningur Samskipa frá Noregi færi með Austurleið Eimskips á slot-samningi.



2176. Í bréfi Samkeppniseftirlitsins frá 29. janúar 2015 var, með heimild í 19. gr. samkeppnislaga, óskað eftir að Samskip afhentu „*afrit af öllum samningsdrögum, tillögum eða hugmyndum að samstarfi*“ milli Eimskipa og Samskipa. Var tekið fram að þessi upplýsingaskylda tæki til „*allra gagna sem fjalla um slík drög eða samstarfstillögur, -hugmyndir eða -viðræðna, t.d. tölvupóstar, minnisblöð, glærukynningar o.s.frv.*“
2177. Umrædd glærukynning (S)forstj féll undir þessa upplýsingabeiðni en Samskip afhentu hana ekki. Eins og nefnt var hér að framan afhentu Samskip ekki heldur minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008, sem umrædd glærukynning byggir á. Þegar eðli glærukynningarinnar er virt og horft er til þess að hún var aðeins aðgengileg æðstu stjórnendum Samskipa verður vart dregin önnur ályktun en að Samskip hafi viljað halda þessu skjali leyndu.
2178. Eins og kom fram í kafla 7.3.6.3.1 var (S)forstj við skýrslutöku hjá lögreglu spurður um tölvupóstinn sem hann sendi (S)frkvstj-MCL, (S)forstj-frystig og (S)aðaleig-stjform-SH þann 10. júní 2008. Í þeim tölvupósti skipulagði (S)forstj fund (E)frkvstj-alþjsv með (S)frkvstj-MCL og (S)forstj-frystig til að ræða málefni sem féllu undir „*Nýtt upphaf*“ verkefnið. Kvaðst (S)forstj ekki vita hvort hann hefði í tölvupóstinum verið að koma á fundum (E)frkvstj-alþjsv með stjórnendum Samskipa erlendis. Hann kvaðst heldur ekki vita hvort þessir fundir með Eimskip hefðu verið haldnir. Var (S)forstj þá spurður um þetta:
- HS Heyrðu, þá er það 11.159, fundargerð stjórnarfundar Samskipa Holding, 14. júlí 2008. Í tölulíð, þar sem fjallað er um Containership undir framsögu [(S)frkvstj-MCL] og skv. fundargerðinni varst þú á fundinum. Hvað er átt við með þarna: *Meeting has taken place with Containership to explore the possibility to cooperate with them. Meeting was positive and both parties agreed to explore further.*
- (S)forstj Ég veit það ekki, ég þekki það ekki.
- HS Þið hafið ekki verið að ræða samstarf?
- (S)forstj Sjálfsagt, ég hef ekki setið fundinn og ég bara hérna þekki það ekki.
- HS Ert þú á þessum fundi?
- (S)forstj Ég er á þessum fundi ...
- HS Já.
- (S)forstj ... en ekki ...
- HS Já en þú hefur vitneskju um þetta þarna?
- (S)forstj Ja, eins og þið sjáið, ég mundi ekki einu sinni eftir því.
- HS Það kemur fram þarna í, neðar: (S)aðaleig-stjform-SH mentioned he and (S)forstj would try to follow on this through their end in Iceland, to be able to have a better view if this is something we should wait for or not.
- (S)forstj Já.
- HS Geturðu útskýrt þetta?
- (S)forstj Nei, ekki að öðru leyti en ég, algjörlega enn og aftur að ég held kannski áfram að hérna fara lengra með einhverjar staðfestingar en það, það varð ekkert úr einu eða neinu.¹¹⁹⁸
2179. (S)forstj var einnig spurður hvort hann gæti útskýrt um framangreinda bókun í fundargerð Samskipa Holding um slót samvinnu við Eimskip: Hann svaraði svo:

¹¹⁹⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 119.



(S)forstj Nei, ekkert hérna, ekki til að kommentara þarna.

HS Var, var þetta eitthvað skoðað frekar milli stjórnenda skipafélaganna?

(S)forstj Nei, alveg örugglega ekki.¹¹⁹⁹

2180. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)frkvstj-millilandasv spurður um framangreinda bókun í fundargerð Samskipa Holding þar sem fram kemur að búið sé að funda með Containerships. Kvaðst (S)frkvstj-millilandasv ekkert vita um þetta.¹²⁰⁰

2181. Athygli (S)frkvstj-millilandasv var vakin á umræddri bókun í fundargerðinni um að skoða eigi betur möguleg skipti á „*slotum*“ við Eimskip og hann spurður hvort Samskip hefðu nálgast Eimskip í því skyni. Svaraði (S)frkvstj-millilandasv svo:

(S)frkvstj-millilandasv Ee, ég held ég tjái mig ekkert um það, ég er ekki, ekki mér vitanlega.

2182. Síðan var (S)frkvstj-millilandasv spurður hvort framangreint minnisblað hans „*Siglingakerfi-drög*“ tengdist þessu.

HS Getur verið að þessi kynning eða þetta blað þitt hafi verið lagt þarna fyrir þennan fund, þetta er viku áður.

(S)frkvstj-millilandasv Þennan fund?

HS Þú, þetta er gefið út 7. júlí eða sem sagt gert og þessi fundur er 14. júlí og þar er verið að, þar eru umræður um að skipta á slotum með Eimskip.

(S)frkvstj-millilandasv Ég veit það ekki, ég er ekki á þessum fundum og veit ekki hvað fer á milli manna á köflum.

HS Nei. Kannski hvarflar, við, við höfum spurt þig, af því þú sagðist ekki, kjósa að tjá þig ekki um það.

(S)frkvstj-millilandasv Já.

HS Sem sagt þannig að það sé þá, það er þá af því að þú, þú þarft ekki að svara því, hvort vitir ekki svarið eða bara kjósir að svara því ekki?

(S)frkvstj-millilandasv Ég kys að svara því ekki.¹²⁰¹

2183. (E)forstj var spurður um umrædda fundargerð Samskipa Holding. Kvaðst hann ekki hafa vitað af fundi (E)frkvstj-alþjso og (E)frkvstj-Contain með (S)frkvstj-MCL í júní 2008.¹²⁰²

2184. Athygli (E)forstj var vakin á framangreindri bókun í fundargerðinni að (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj ætli að ræða við Eimskip á Íslandi:

HS Þannig að við spyrjum bara hvort [(S)aðaleig-stjform-SH] og eða [(S)forstj] hafi haft samband við þig eða þína menn hjá Eimskip eða Containership til að fylgja þessu eftir?

(E)forstj Það var bara þessi fundur þarna í olúfélagshúsinu.

HS Sem þú greindir frá hérna í upphafi skýrslutöku?

(E)forstj Já þar sem ég hitti [(S)aðaleig-stjform-SH] í fyrsta sinn [óskýrt].

HS Skil þig.

(E)forstj En, en sko á þessum tíma þegar við erum að reyna selja okkar eignir þá, þá eru þeir gríðarlega mikið að þvælast fyrir okkur með því að fara í bankana.

¹¹⁹⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 133.

¹²⁰⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 102.

¹²⁰¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 117-118.

¹²⁰² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 163.

HS Já.

(E)forstj Þannig að þó það hafi ekki verið vilji hjá einum eða neinum að selja þeim eitt eða neitt af þessum eignum þá voru þeir gríðarlega að þvælast fyrir. Það var enginn vilji hjá okkur að selja þeim eina einustu eign sko, hvorki skip, hvorki frystigeymslu.

2185. Athygli (E)forstj var einnig vakin á umræddri bókun í fundargerðinni um að skoða eigi betur möguleg skipti á „*slotsum*“ við Eimskip og hann spurður hvort Samskip hefðu nálgast Eimskip í því skyni:

HS En nálguðust Samskipsmenn Eimskip eitthvað ...

(E)forstj Nei.

HS ... til að kanna þennan möguleika betur?

(E)forstj Ég var allavega ekki involved, ertu að meina þegar þeir eru að segja að það þurfi að leggja þetta fyrir Samkeppniseftirlitið?

HS Nei því bara „*board members emphasized that this should be explored further but carefully[svo] and within the laws*“.

(E)forstj Nei. Við höfum, það hefur aldrei komið upp á borðið hjá mér að ég sé að sleppa einhverju skipi af því að Samskip ætlar að taka við. Það hefur bara aldrei komið upp og ég myndi aldrei fara þá leiðina.

HH En svona einhverja slotssamninga því þetta eru.. exchange slots?

(E)forstj Nei ég, persónulega hef ég, hef ég aftur ítrekað vil ég fá nei frá eftirlitinu.

HH Mhm.

(E)forstj Sem ég óska að komi einhvern daginn.

HH Ókei.

(E)forstj Bara skýrar línur ...

HH Mhm.

(E)forstj ... bara þið megið ekki vinna saman. Við höfum oft sagt við viljum fá ykkur til að horfa á okkur sem duo markaði. Er ekki alltaf að verja Samskip gagnvart okkur.

HH Mhm.

(E)forstj Og það hefur verið ósk mín alveg frá upphafi þegar ég kom inn í þetta. Horfið á okkur sem tvö stór félög og passiði frekar þessa minni og, og ég vil líka fá bara „*nei*“ á samninginn. Bara fá einu sinni nei.

HH Ókei en var ...

(E)forstj Fá þá skýrar línur.

HH Akkurat, en var ...

(E)forstj En hins vegar meðan samningurinn er í gangi þá náttúrulega að nýta hann eins og hægt er en annars verðum við bara með fyrirvara.

HH En hérna en einhverja þá af, ég er þá líka að tala bara um af því að þessa flutningsrýmissamninga, þessir slotssamningar líka að hugsa um. Var einhverntíman nálgast með þig að gera slotssamninga við stendur Íslands eða til Evrópu á þessum tíma?

(E)forstj Nei, nei. [...] ¹²⁰³

¹²⁰³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 205-206.



2186. Aðspurður um framangreinda bókun í fundargerð Samskipa Holding staðfesti (E)frkvstj-alþjv að hann og (E)frkvstj-Contain hefðu fundað með (S)frkvstj-MCL í Rotterdam. Kvaðst hann engin samskipti hafa haft við (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj vegna þessa. Einnig kvaðst hann ekki vita hvort Samskip hefðu rætt við (E)forstj.¹²⁰⁴
2187. Athygli (E)frkvstj-alþjv var vakin á umræddri bókun í fundargerðinni um að skoða eigi betur möguleg skipti á „*slot*“ við Eimskip og hann spurður hvort Samskip hefðu nálgast Eimskip í því skyni. Kvaðst (E)frkvstj-alþjv ekkert vita um þetta.¹²⁰⁵
2188. Við mat á þessum framburðum ber að líta til þess að (S)forstj sat umræddan stjórnarfund Samskipa Holding og hélt þar glærुकyningu þar sem hann fór yfir hugmyndir sem fólu í sér stórfellt samráð við Eimskip og féllu undir þau verkefni sem lýst er í glærुकyningunni um „*Nýtt upphaf*“ verkefnið. Þrátt fyrir þetta kvaðst (S)forstj við skýrslutöku hjá lögreglu ýmist ekki þekkja eða ekki vilja tjá sig um umræddar bókanir í fundargerðinni sem fjalla um samstarf og samskipti við Eimskip. (S)frkvstj-millilandasv neitaði að tjá sig um það hvort minnisblöð hans, dags. 7. og 9. júlí 2008, tengdust umfjöllun um Eimskip á stjórnarfundum Samskipa Holding. (E)forstj svaraði því neitandi þegar hann var spurður hvort Samskip hefðu nálgast Eimskip eftir 14. júlí 2008 til að ræða málefni tengd Containerships eða „*slot*“ samvinnu. Þetta er í ósamræmi við samtímagögn, sbr. t.d. yfirlitið í kafla 7.7.1. Þá hélt (E)forstj því aftur fram að hann hafi verið andsnúinn öllu samstarfi við Samskip. Sú staðhæfing er einnig í ósamræmi við samtímagögn.
2189. Að mati Samkeppniseftirlitsins sýna framangreind gögn frá stjórnarfundum Samskipa Holding fram á áframhaldandi samráð Eimskips og Samskipa um atriði sem falla undir „*Nýtt upphaf*“ verkefnið. Þar voru af hálfu Samskipa á Íslandi settar fram, ekki vangaveltur, heldur skýr markmið um það sem fyrirtækið taldi rökréttar aðgerðir og útfærslur til að ná þeim. Staðfesta gögnin að viðræður hafi átt sér stað milli fyrirtækjanna og gefa til kynna að frekari viðræður væru fyrirhugaðar. Staðfesta gögnin að unnið hafi verið að tillögum um mjög umfangsmikið ólöglegt samráð við Eimskip sem var í samræmi við þá almennu stefnumörkun sem felst í glærुकyningunni um „*Nýtt upphaf*“ verkefnið, sem (E)frkvstj-alþjv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir.
2190. Einnig sýna þessar glærur (S)forstj verðhækkunaraðgerðir Samskipa á og hvers kyns aukna gjaldtöku af viðskiptavinum (t.d. olúgjald (BAF)). Eru þessar verðhækkanir augljóslega hluti af sömu heildaraðgerðaráætlun og breytingar á siglingakerfinu í samráði við Eimskip. Önnur framangreind gögn málsins sýna að Eimskip hafi unnið að og gripið til verðhækkunaraðgerða á þessum tíma.
2191. Ekkert í framangreindum framburðum hjá lögreglu getur breytt áður nefndu mati Samkeppniseftirlitsins á þessum samtímagögnum málsins. Hið sama gildir um sjónarmið Samskipa sem koma fram í mgr. 716 - 721 í athugasemdum fyrirtækisins við AI, sbr. nánari umfjöllun eftirlitsins í kafla 25.19.3.
2192. Hér skal einnig tekið fram að samkvæmt áður nefndri fundargerð frá stjórnarfundinum 14. júlí 2008 ræddu stjórnarmenn Samskipa Holding einnig stöðu á samningaviðræðum félagsins við stóran lánveitanda, Fortis.
2193. Rifja ber upp að á fyrrihluta ársins 2008 stóðu Samskip Holding frammi fyrir kröfum fyrrnefnds banka um aðgerðir, sbr. umfjöllun í kafla 6.7.1.3. Á rétta ber að á þessum tíma gekk erlend starfsemi Samskipa Holding ekki vel á meðan starfsemi Samskipa á Íslandi skilaði góðri afkomu. Hafði (S)aðaleig-stjform-SH á fundi framkvæmdastjórnar Samskipa Holding 18. mars 2008 lagt áherslu á að vernda bæri Samskip á Íslandi sem „*cash cow*“ samstæðunnar.
2194. Af áður nefndri fundargerð stjórnar Samskipa Holding 14. júlí 2008 er ljóst að félagið vann enn að því að sannfæra Fortis og grípa til aðgerða til að mæta kröfum bankans. Í fundargerðinni kemur fram að

¹²⁰⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 191.

¹²⁰⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 220.



(S)stjórnarm-fjármstj, fjármálastjóri samstæðu Samskipa og stjórnarmaður í Samskipum hf. á Íslandi, hafi átt fund með bankanum fjórum dögum áður, þ.e. 10. júlí 2008. Í fundargerðinni segir að á þeim fundi hafi átt sér stað áframhaldandi viðræður um endurfjármögnun lána Samskipa Holding. Síðan segir eftirfarandi um fundinn með Fortis: „In this meeting a full year estimate was presented stating EBITDA to be €15 million. This is based on the assumption that Iceland will be €1 million behind budget or EBITDA of €14.8M, MCL will have EBITDA of €-154k, Logistics (legal) €-2.316k, Samskip BV (countries) €7,175k and has been reduced by close to €1M and Holding costs will be the same as budget €-4.5M.

This estimate gives close to break even in terms of cash flow after taking into account debt service, capex to be funded by own cash, tax payments, sale of assets, received dividends and early redemption of Fortis loans of €4.0 million, total redemption being €7.5 million to Fortis. This also takes into account already paid in shareholders capital/loan of €5million.

Meeting went reasonably well with Fortis although no commitments were given by them, still subject to credit committee approval. That meeting is expected to take place during August, taking into account that summer vacations are now starting in Holland.

Part of the proposal put forward to Fortis Bank was that if EBITDA will be lower than €15 million on group level then shareholders support will come into effect of maximum €5 million in addition to already paid in €5 million. Based on this EBITDA can be €10 million but if it goes below that both parties will need to sit down again and discuss next steps. This will be the only covenant and equity covenant will be removed for the moment at least but possibly be introduced again for 2009."

2195. Af þessu má sjá að Samskip Holding taldi að fundurinn með Fortis hefði gengið þökkalega þótt bankinn hafi ekki samþykkt neitt og mál Samskip Holding yrði tekið fyrir á fundi lánanefndar bankans í ágúst 2008.
2196. Samkvæmt áðurnefndri umfjöllun í stjórnarfundargerðinni var gengið út frá því gagnvart Fortis að EBITDA Samskipa Holding skyldi verða 15 milljónir evra árið 2008. Markmið um EBITDU samstæðunnar var þó háð ýmsum þáttum samkvæmt umræðu á stjórnarfundinum, t.d. að EBITDA Samskipa á Íslandi yrði árið 2008 14,8 milljónir evra.
2197. Þessi umfjöllun stjórnarmanna á fundi þeirra 14. júlí 2008 sýnir skýrlega að aðgerðir Samskipa Holding gagnvart Fortis miðuðu þannig að því EBITDA Samskipa hf. á Íslandi myndi standa undir næstum allri heildar EBITDA Samskipa Holding samstæðunnar árið 2008. Áttu Samskip á Íslandi þannig að leggja mest til þess að Samskip Holding gæti uppfyllt kröfur og lánaskilmála hjá bankanum.
2198. Þá ber að árétta að samkvæmt framansögðu ræddi stjórn Samskipa Holding á fundi sínum 14. júlí 2008 annars vegar samráðið við Eimskip og hins vegar kröfur lánveitanda félagsins, þar sem afkoma Samskipa hf. skipti verulegu máli.
2199. Hér skal þess einnig getið að áðurnefndur fundur (S)stjórnarm-fjármstj með Fortis hafði farið fram fjórum dögum áður, þ.e. 10. júlí 2008. Tíu dögum áður gekk (S)aðaleig-stjform-SH frá bónussamningi við (S)forstj þar sem var sett fram loforð um tugmilljón króna bónus til handa (S)forstj frá Samskipum, sbr. umfjöllun í kafla 7.6.1.
2200. Samkvæmt bónussamningi (S)aðaleig-stjform-SH við (S)forstj voru tilgreindir nokkrir mælikvarðar fyrir bónusgreiðslu (S)forstj. Þar var t.d. fjárhagslegt markmið samkvæmt bónussamningnum tilgreint að (S)forstj skyldi stefna að því að EBITDA framlegð yrði 11% af veltu Samskipa hf. Þetta ber að setja í samhengi við að tíu dögum síðar ræddi (S)stjórnarm-fjármstj við Fortis um EBITDA viðmið sem yrði m.a. háð því að ná fram góðri EBITDA frá Samskipum á Íslandi fyrir árið 2008, sbr. framangreinda umfjöllun stjórnar Samskipa Holding á fundinum 14. júlí 2008. Eins og nánar er fjallað um í kafla 8.15.11 og 6.16.9 hér síðar tengdust aðrir mælikvarðar í bónussamningi aðgerðum er voru þá þegar eða urðu þættir í samráði Samskipa við Eimskip.



2201. Í þessu sambandi verður ekki litið fram hjá minnisblaði Samskipa, þ.e. minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008, en það var útbúið í sömu viku og (S)stjórnarm-fjármstj átti fund með Fortis. Í minnisblaðinu voru settar fram tillögur að viðtæku samráði við Eimskip. Af gögnum málsins verður ráðið að Samskip og Eimskip áttu í þessari sömu viku í viðræðum um samráðsverkefnið, sbr. umfjöllun í kafla 8.9.5. Samhliða samráðsverkefninu var (S)stjórnarm-fjármstj eins og áður segir í viðræðum við Fortis um aðgerðir til að koma í veg fyrir að bankinn myndi grípa til vanefndaúrræða gagnvart samstæðunni, eins og gjaldfellingu á lánum. Þetta hafði í för með sér hættu fyrir (S)aðaleig-stjform-SH, sérstaklega í ljósi þess að lánsfjármagn var af skornum skammti, svo ekki sé dýpra í árinna tekið, og að sú hættu var því raunverulega fyrir hendi að hann tapaði hlutafjareign sinni í Samskipum Holding.
2202. Kröfur Fortis ollu því þess vegna að (S)aðaleig-stjform-SH þrýsti á stjórnendur Samskipa hf. að skila góðri afkomu og tryggja þannig Samskipum Holding sterkari stöðu gagnvart bankanum í viðræðum um endurfjármögnun og/eða lánaskilmála. Það er því óhætt að fullyrða að það réð úrslitum fyrir afkomu Samskipa Holding að íslenska starfsemin skilaði sínu sem „Cash Cow“ samstæðunnar. Var þetta einn af þeim hvötum sem stjórnendur Samskipa höfðu til að viðhalda og halda áfram að auka samráð við Eimskip.

8.10.2. Eimskip ræðir um verðhækkun, siglingakerfi og samskipti við Samskip

2203. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir gögnum frá (E)forstj frá fyrri hluta júlímánaðar 2008 sem sýna fyrirmæli hans um að Eimskip myndi ráðast í það að hækka verð á þjónustu sinni. (E)forstj hafði einnig þetta sumar beint þessu til (E)frkvstj-flutnkerf: „Semja um meira magn við Samskip og biðja þá að hætta Evrópu flutningum“, sbr. framangreindan tölvupóst hans frá 27. júní 2008. Til viðbótar er rétt að nefna tölvupóst (E)forstj frá 30. júní 2008 til (E)frkvstj-flutnkerf. Hann er nefndur hér þar sem (E)frkvstj-flutnkerf svaraði honum 14. júlí 2008. Í tölvupósti (E)forstj til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-Eimísl (afrit til (E)frkvstj-alþjv) segir m.a.:

„Hvenær var síðasta hækkun á USA? Þurfum að setja upp samning við Samskip sem fer að virka 1 ágúst á allavega 5-700 USD hærra verði á gám sem leiðrétting vegna olúverðs.“¹²⁰⁶

2204. Sem fyrr segir svaraði (E)frkvstj-flutnkerf þessum tölvupósti (E)forstj þann 14. júlí 2008. Í svari (E)frkvstj-flutnkerf segir:

„Var í sambandi við [(S)frkvstj-millilandasv] hjá Samskipum í sl. viku, ég spurði hann hvort þeir hefðu áhuga á að endurnýja samninginn vegna USA flutninga, hann sagði svo vera og bað um frest fram í miðjan ágúst þar sem allir væru meira og minna í sumarfríi sem hefðu með þetta að gera.

Ég samþykkti það.“¹²⁰⁷

2205. Þessi tölvupóstur sýnir að (E)frkvstj-flutnkerf átti í samskiptum við (S)frkvstj-millilandasv í viku 28 á árinu 2008.

2206. Þennan sama dag, 14. júlí 2008, voru haldnir tveir innanhússfundir hjá Eimskip vegna hækkunar á verði og breytingar á siglingakerfinu.

- Annars vegar var um ræða fund m.a. (E)forstö-innfl , (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-innanl og (E)forstö-útfli sem hófst kl. 14:00 og á honum átti að ræða hækkun á verði á:
 - „Þjónustugjöld erlendis bæði EUR og USA
 - Þjónustugjöld á Íslandi

¹²⁰⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.97426.

¹²⁰⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.97730.



- *Innanlandsflutningur*
- *Sjóflutningur til og frá landinu bæði EUR og USA*¹²⁰⁸
- Hins vegar var um ræða fund m.a. (E)forstö-innfl , (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-skiparekst sem hófst kl. 15:00. Á þeim fundi átti að ræða: „*Siglingakerfi – förum saman yfir rammann að tillögum okkar og framsetningu*“.¹²⁰⁹

2207. Sömu málefni höfðu verið rædd hjá Eimskip 7. og 10 júlí 2008.

2208. Fyrir liggur því að sömu daga og fjallað var innan Samskipa um breytingar á siglingakerfum og samráð við Eimskip sem tengdist þeim var fjallað um breytingar á siglingakerfum hjá Eimskip, þ.e. 7. júlí og 14. júlí 2008, og samstarf við Samskip. Sömu daga var einnig rætt um verðhækkanir hjá báðum fyrirtækjunum. Þetta mynstur hélt áfram næstu daga og vikur og á þetta raunar við í aðalatriðum um atvik á síðari hluta árs 2008.

8.11. Frekari samskipti framkvæmdastjóra landflutninga

2209. Hér að framan var gerð grein fyrir fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips frá 1. júlí 2008. Í henni er bókað að (E)frkvstj-innanl telji rétt „*að fara fram á að það verði gerð óháð úttekt á rekstri Íslandspósts sem er í beinni samkeppni við rekstraraðila í flutningum á landsbyggðinni. Spurning að skoða að fá SVP til að beita sér að gerð verði úttekt á rekstri Íslandspósts.*“¹²¹⁰ Sem fyrr segir hittust (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl á kaffihúsinu Mokka 4. júlí 2008.

2210. Þann 17. júlí 2008 sendi (S)frkvstj-innanl tölvupóst til Samtaka verslunar og þjónustu, SVP. Afrit af þeim tölvupósti var sent til (E)frkvstj-innanl. Í þessum tölvupósti (S)frkvstj-innanl sagði:

*„Ég og [(E)frkvstj-innanl] hefðum áhuga á að fá að ræða við þig um ákveðið mál er okkur finnst eðlilegt að fara í gegnum SVP. Ég verð í fríi fram að 9. ágúst þannig að það væri fínt fyrir mig í byrjun vikunnar þar á eftir.“*¹²¹¹

2211. Fyrir liggur að (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl fóru á fund SVP í ágúst 2008 til þess að vinna gegn samkeppni frá Íslandspósti. Í kafla 8.15.3 er gerð grein fyrir fundargerð Eimskips frá 13. ágúst 2008. Þar er bókað: „*(E)frkvstj-innanl- fór á fund SVP ásamt S-Line [Samskip] varðandi vinnubrögð Íslandspósts, þeir virðast sækja markvisst inn á flutningamarkaðinn*“

2212. Tölvupóstur (S)frkvstj-innanl frá 17. júlí 2008 gefur skýrt til kynna að hann hafi rætt við (E)frkvstj-innanl um samkeppni Íslandspósts við Eimskip og Samskip og að þeir hafi orðið sammála um að biðja SVP um að beita sér í málinu. Talið er líklegt að (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl hafi aftur rætt saman eftir fund þeirra á Mokka 4. júlí 2008 frekar en að þeir hafi beðið til 17. júlí 2008 ef þeir höfðu orðið sammála um þessa aðgerð á Mokkafundinum. Óþarfi er hins vegar í máli þessu að slá því föstu.

2213. Vegna framangreinds ber að taka fram að keppinautum er óheimilt að hafa með sér samráð sem miðar að því að hindra eða draga úr starfsemi keppinautar þeirra á markaði, sbr. t.d. úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004. Engu breytir þótt viðkomandi fyrirtæki telji starfsemi keppinautar á einhvern hátt óeðlilega eða ólögmeta og óski saman eftir því að

¹²⁰⁸ Sbr. kafla 8.9.6.

¹²⁰⁹ Sbr. kafla 8.9.5.2.

¹²¹⁰ Afhent gagn frá Eimskip, þann 13.10.2017. Afhending undir lið 9, skjal með heitinu „*Fundargerð EI vika 27*“.

¹²¹¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.222068. Fundur vegna þessa var ákveðinn 13.08.2008 og sama dag eftir er bókað í fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips að [...] hafi farið á fund til [...] ásamt „*Samskips manni*“ og kvartað yfir háttsemi Íslandspósts.



hagsmunasamtök sín beiti sér í málinu, sbr. m.a. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 17/2004 og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2010.¹²¹²

2214. Samskip halda því fram í athugasemdum við AI að framangreind samskipti (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl hafi verið lögmæt. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á það, sbr. umfjöllun í kafla 25.18.
2215. Auk framangreinds fundar (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl með SVÞ sýna gögn málsins frekari fundi þeirra á árinu, sbr. t.d. fund þeirra í verslunarmiðstöðinni Smáralind í september 2008 þar sem samráðsverkefni Eimskips og Samskipa var til umræðu. Verður þessu lýst nánar í kafla 8.16.7.

8.12. Áfram unnið að breytingum á siglingakerfum og hækkunaraðgerðum

2216. Samkvæmt eftirfarandi gögnum var áfram rætt um og unnið að breytingum á siglingakerfum og verðhækkunum hjá Eimskip og Samskipum dagana 15. – 18. júlí 2008.
2217. Haldinn var fundur hjá stjórnendum Eimskips 15. júlí 2008. Í fundargerð segir: „(E)forstö-flutnstý og (E)frkvstj-flutnkerf - fóru yfir tillögur að nýju siglingakerfi. 5 skipa kerfið er tillaga okkar að breytingu á siglingakerfi. Skoðum núna strax hvort við getum skorið niður siglingu á Blik og Lóm til Íslands núna sem fyrst og ekki í endaðan ágúst.“
2218. Gögn málsins gefa til kynna samskipti (E)frkvstj-flutnkerf við Samskip a.m.k. 19. júní 2008 og í viku 28 (líklega 9. júlí 2008), sbr. umfjöllun hér að framan. Þá má líka geta þess að samkvæmt fundargerð Eimskips frá 2. júní 2008 áttu „samskipti og samningaviðræður“ við Samskip að vera í höndum (E)frkvstj-flutnkerf og EÞM og „einnig [(E)frkvstj-skiparekst] og [(E)forstö-flutnstý] eins og þarf“ og „samskipti við Samskip að verða öll á rekstrarhlíðinni“, en (E)frkvstj-flutnkerf var framkvæmdastjóri rekstrarsviðs. Fundargerðin frá 15. júlí 2008 sýnir að (E)frkvstj-flutnkerf ásamt undirmanni sínum (E)forstö-flutnstý höfðu sett fram tillögur um breytingu á siglingakerfi sem fól í sér takmörkun á flutningsgetu.
2219. Þennan sama dag og stjórnendur Eimskips funduðu, 15. júlí 2008, sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst til (E)forstö-flutnstý og þar hann heitið „Siglingakerfið“. Þar er vísað til þess að þeir þurfi að undirbúa betur hugmyndir sínar og „síðan að kynna þetta fyrir [(E)forstj] og [(E)frkvstj-alþjvs] á fimmtudaginn [17. júlí. 2008] til þess að vera visir [vissir] um að þetta gangi upp áður en við förum með þetta lengra.“¹²¹³ Áréttá ber hér að (E)forstj og (E)frkvstj-alþjvs voru í „vinnuhópnum“ með (S)forstj.
2220. Einnig kemur fram í fundargerð Eimskips frá 15. júlí 2008 að Eimskip væri að vinna að verðhækkunaraðgerðum. Þannig kom fram að (E)forstö-innfl væri „að greina og undirbúa verðbreytingar á stærstu viðskiptavinum í innflutningi.“¹²¹⁴
2221. Gögn málsins sýna að þann 16. júlí 2008 var ákveðið að haldinn yrði fundur á skrifstofu (E)forstj kl. 10:00 daginn eftir til að ræða breytingar á siglingakerfi Eimskips. Auk (E)forstj áttu (E)frkvstj-alþjvs, (E)frkvstj-Eimísl, ISJ og (E)forstö-flutnstý að sitja fundinn.¹²¹⁵

¹²¹² Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 17/2004 var m.a. bent á þetta: „Aðildarfyrirtæki SÍT eru keppinautar sem eiga að hegða sér sjálfstætt á markaði og er óheimilt að grípa til sameiginlegra aðgerða gegn viðskiptavinum eða keppinautum sínum. Mat á því hvort keppinautar beiti óréttmætum viðskiptaháttum og ákvörðun um viðbrögð við athöfnum keppinautanna er hluti af markaðshögðun hvers fyrirtækis. Slík samkeppnisleg viðbrögð eru hagsmunasamtökum óviðkomandi enda eiga þau að mótast af forsendum hvers keppinautar.“

¹²¹³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.56883.

¹²¹⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð EI vika 29 2008.doc“. Fundargerð 15.07.2008. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.536720.

¹²¹⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.77822. Sjá einnig afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.97793.



2222. Dagbækur (E)forstj og (E)frkvstj-alþjvsv sýna að þeir hafi að morgni þessa dags ásamt (E)frkvstj-Eimísl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-flutnstý rætt um: „Endurskoðun á siglingakerfinu”.¹²¹⁶ Gögnin sýna að (E)frkvstj-flutnkerf sendi fyrir fyrrgreindan fund (kl. 08:24) aðra glærukynningu til (E)frkvstj-alþjvsv einnig um siglingakerfið þar sem 5 skipa kerfi er lýst nánar.¹²¹⁷ Gefa gögn málsins þannig til kynna að á fundinum hafi (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-flutnstý fjallað um framangreindar tillögur um breytingu á siglingakerfinu. Var þetta í samræmi við þann hluta samráðsverkefnisins sem tók til takmörkunar á flutningsgetu á markaðnum („Fækkun / smækkun skipa”), sbr. glærukynningu (E)forstj um „Nýtt upphaf” verkefnið frá 9. júní 2008.

2223. Þennan sama dag, 17. júlí 2008, sendi (S)forstj undirmönnum sínum eftirfarandi tölvupósta sem varða m.a. aðgerðir um breytingar á siglingakerfinu og hækkun á verði:

- (S)forstj sendi fundarboð til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-umb.eri, kl. 21:30 og boðaði til fundar kl. 13:00 þann 22. júlí 2008 til þess að ræða m.a. möguleika á að hækka gjaldskrár erlendis.¹²¹⁸ Fyrirliggjandi er að þann dag, 22. júlí 2008, ræddu (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl saman, kafli 8.13.
- (S)forstj sendi kl. 21:33 fundarboð til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj með heitinu „Siglingakerfi”. Fundartími var 22. júlí 2008 kl. 10-12.¹²¹⁹ Eins og lýst verður hér á eftir stóð til að (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH myndu hitta Eimskip 23. júlí 2008.
- (S)forstj sendi fundarboð til (S)forstö-innfl1 kl. 21:38 og boðaði hann til fundar kl. 11 þann 21. júlí 2008 (deginum áður en (S)forstö-innfl1 ræddi við (E)forstö-innfl) Fundarboðið bar heitið „Innflutningur” og þar segir (S)forstj við (S)forstö-innfl1 :

„Langar að ræða við þig:

1) Verðskrárhækkanir

- er vert að hækka verðskrá, eða sértæka þjónustuliði (ss umræður um LCL heimakstur, geymslugjöld, meðhöndlunargjöld, THC, flýtilosun, FAF, FCL heimakstur etc etc

2) Jaðarþjónusta

- er vert að leggja af einhverja þjónustuliði, eða skerða frekar til að ná fram kostnaðarlækkunum

3) Markaðurinn

-ræða almennt stöðu á markaði, þ.e.:

-target listinn

-er vert að sækja á „minni” kúnnamarkaðinn enn frekar

- sölustarf almennt. [...]”¹²²⁰

- (S)forstj sendi sjálfum sér tölvupóst þetta sama kvöld kl. 21:46. Gögn málsins sýna að hann notaði þá aðferð til að minna sig á tiltekin verkefni og halda utan um efnisatriði þeirra. Í tölvupóstinum eru taldir upp fjölmargir þjónustubættir Samskipa í sjóflutningum og gefur hann til

¹²¹⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.77822.

¹²¹⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Eimskip Sailing Schedules July 16 2008 no 3+.ppt”. Titill skjalsins er „Eimskip European sailing schedules proposal Production management, July 2008”. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.97840. Athuga ber að í glærunum kemur sömuleiðis fram að auðvelt sé að bæta við aukaskipi ef eftirspurn eykst, sbr. glæra 12.

¹²¹⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.479654.

¹²¹⁹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.479661.

¹²²⁰ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.479676. [...] komst hins vegar ekki á fund á þessum tíma. Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.651564.



kynna vilja (S)forstj til að vernda eða auka framlegð Samskipa af þessari þjónustu. Kemur t.d. fram „ásættanleg framlegð í sjó“ og „framlegð af forflutningum, utanumhald, verða sammála um ásættanlega framlegð“.¹²²¹ Er þetta í samræmi við áherslu Samskipa og Eimskips á þessum tíma á að hækka verð.

2224. Gögn málsins sýna að fyrirhuguð breyting Eimskips á siglingakerfinu fór að taka á sig skýrari mynd eftir fund (E)frkvstj-flutnkerf með (E)forstj, (E)frkvstj-alþjsv, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-flutnstý. Þetta sést af því að daginn eftir fundinn, þ.e. 18. júlí 2008, sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst til (E)frkvstj-Contain og sagði honum að til stæði hjá Eimskip að gera breytingar á siglingakerfinu, fækka úr sex skipum í fimm.¹²²² Voru upplýsingar um þessa fyrirhuguðu breytingu trúnaðarmál innan Eimskips þar til almennum starfsmönnum var tilkynnt um hana 30. júlí 2008. Eins og eftirfarandi umfjöllun mun sýna þjuggu Samskip yfir þessum upplýsingum í aðdraganda fundar (S)aðaleigstjform-SH og (S)forstj með Eimskip 25. júlí 2008.

2225. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj spurður um framangreind gögn Eimskips frá 7., 14. og 15. júlí 2008 sem sýna að Eimskip og Samskip unnu að sömu verkefnum á sama tíma.

2226. Var athygli (E)forstj vakin á framangreindri fundargerð Eimskips frá 7. júlí 2008 þar sem fjallað var um endurskoðun á siglingakerfinu. Var (E)forstj bent á að þessi fundargerð sé dagsett sama dag og (S)frkvstj-millilandasv vistaði minnisblað um tillögur um m.a. breytingar á siglingakerfi Eimskips. Var (E)forstj spurður um þetta og svaraði hann svo:

(E)forstj Ja, það er engin tenging á því sem þeir eru að gera við hugmyndir Samskipa. Ég meina ég skil alveg að þeir séu að tengja saman dagsetningu og fleira ...

HS Mhm

(E)forstj en þetta er ekki þannig að það sé verið að gera einhverjar breytingar með tilliti til hvað þeir ætla að gera.¹²²³

2227. Við skýrslutöku hjá lögreglu var áðurnefndur tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf frá 14. júlí 2008 borinn undir (E)forstj:

HS [...] Þá er það skjal I/11.147 sem er tölvupóstur sem [(E)frkvstj-flutnkerf] sendi þér 14. júlí 2008 eða viku síðar. Pósturinn er einnig sendur til [(E)frkvstj-EimÍsl] og [(E)frkvstj-alþjsv]. Um er að ræða svarpóst [(E)frkvstj-flutnkerf] í kjölfar samskipta um meðal annars verðhækkunarir. En í póstinum frá [(E)frkvstj-flutnkerf] sem er framkvæmdastjóri skiparekstrardeildar kemur fram að hann hafi verið í sambandi við [(S)frkvstj-millilandasv] í síðastliðinni viku.

(E)forstj Mhm ... þarna er ég að tala um að ég vilji fara að sjá hækkunarir á verðum.

HS Já.

(E)forstj Þurfum að setja upp samning, já. Allavega 5 til 700 hærra verð sem leiðrétting vegna olíuverðs. Hvað viltu að ég lesi af þessu?

HS Ég spyr, kom [(E)frkvstj-flutnkerf] að eða hélt hann utan um það verkefni að skoða breytingar á siglingakerfi [óskýrt] ...

(E)forstj Já [(E)frkvstj-flutnkerf] var, sem sagt [(E)frkvstj-flutnkerf] og, [(E)frkvstj-flutnkerf] og [(E)frkvstj-skiparekst] ...

[...]

¹²²¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.479680.

¹²²² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.22300.

¹²²³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 200.



(E)forstj Þeir voru saman með þetta siglingakerfi. Þeir voru eiginlega báðir svona að sinna þessu á tíma hjá mér.

HS Ókei, voru þeir í einhverri samvinnu við hérna Samskip í kringum þá vinnu?

(E)forstj Nei allavega ... þetta e-mail sem ég er að skoða núna þetta er, þetta er [(E)frkvstj-flutnkerf] bara að senda e-mail til mín um að ... hann, sko venjulega var hann [(E)forstö-innfl] í þessu. Hvort að [(E)frkvstj-flutnkerf] var í þessu á þessum tíma fyrir [(E)frkvstj-EimÍsl] að gera samning.

[...]

(E)forstj En hvað, hvað er í þessu sem ykkur finnst skrítið. Hann er að sem sagt, það er enn og aftur verið að reyna að ganga frá samningi og það er verið að reyna að hækka samninginn og hann er svo lagður aftur fyrir Samkeppniseftirlitið en.

HS Mhm.

(E)forstj Þannig að það er ekkert óeðlilegt að [(E)frkvstj-flutnkerf] sé í því ef einhver þarf að gera það fyrir [(E)frkvstj-flutnkerf]. Hann var einn af topp mönnum hjá honum, vanur að reka skip og fleira.

HS Ke.. já.. kemur fram þarna að hann hafi verið í sambandi við [(S)frkvstj-millilandasv] í sl. viku.

(E)forstj Já. Væntanlega þarf einhver að tala við þá varðandi hækkun á samningi og.

HS Já.

(E)forstj Þetta er bara þessi Ameríkusamningur sem kemur til framlengingar á hverju ári.

HS Mhm.

HS Þannig að það er tilviljun að vikuna áður er hann að setja upp memo skjalið sem að ...

(E)forstj Já.

HS Mhm.

(E)forstj Ertu að meina [(S)frkvstj-millilandasv] að setja upp memo um að við ætlum að hætta í buisness?

HS Mhm.

(E)forstj mhm... rosalega líklegt.¹²²⁴

2228. (E)frkvstj-alþjssv var einnig spurður um framangreindan tölvupóst (E)frkvstj-flutnkerf frá 14. júlí 2008. Svör hans voru ekki skýr. Virtist hann telja að (E)frkvstj-flutnkerf hafi verið að vísa til „slot“ samnings við Samskip um Norður-Ameríku flutninga og einnig benti hann á að (E)frkvstj-flutnkerf hefði áður starfað hjá Samskipum.¹²²⁵

2229. Var (E)forstj spurður um fundargerð Eimskips frá 15. júlí 2008 þar sem greint var frá því að (E)frkvstj-flutnkerf hafi farið yfir tillögur um breytingu á siglingakerfi Eimskips. Í svari (E)forstj kom fram að hann hefði ekkert komið að þessu enda hafi hann verið upptekinn við að bjarga Eimskip m.a. með viðræðum við kröfuhafa.¹²²⁶ Var (E)forstj spurður hvort hann hefði gefið fyrirmæli um að breytingar á siglingakerfinu ætti að skoða í samstarfi við Samskip. Svaraði (E)forstj svo:

„Aldrei, bara aldrei. On my, on my blessed grandma sko.“¹²²⁷

¹²²⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 200 – 202.

¹²²⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 219 – 220.

¹²²⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 202 – 204.

¹²²⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 204.



2230. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)forstj, eins og fyrr segir, spurður um minnisblað (S)frkvstj-millilandasv frá 7. júlí 2008 og fundargerð Samskipa Holding frá 14. júlí 2008. Hann var í því samhengi síðan spurður að þessu.

HS En við erum með gögn frá Eimskip líka sem sýna sem sagt verkframvindu í þessu verkefni sem þeir kalla Nýtt upphaf í sínum gögnum og hún er eins og henni sé fram haldið á þessum tíma. Viltu eitthvað tjá þig um það?

(S)forstj Nei.¹²²⁸

2231. Samkeppniseftirlitið bendir á að í framburði (E)forstj er staðfest að (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-flutnstý og (E)frkvstj-skiparekst hafi á þessum tíma borið ábyrgð á siglingakerfi Eimskips. Varðandi framangreindan tölvupóst (E)frkvstj-flutnkerf frá 14. júlí 2008, þar sem hann greindi (E)forstj frá samskiptum við (S)frkvstj-millilandasv, tók (E)forstj fram að „venjulega“ hefði forstöðumaður innflutningsdeildar Eimskips, (E)forstö-innfl, annast samskipti við Samskip vegna Norður-Ameríku samstarfsins. Hafi (E)frkvstj-flutnkerf hugsanlega komið að þessu að beiðni (E)frkvstj-EimÍsl.

2232. Eins og rökstutt er hér að framan er aðkoma (E)frkvstj-flutnkerf að viðræðum við Samskip til stuðnings því að ræða átti siglingakerfi fyrirtækjanna í þeim samskiptum, sbr. kafla 7.2.1.1. Framburður (E)forstj um að málefni sem tengdust innflutningi Eimskips frá Norður-Ameríku fyrir Samskip heyrðu ekki undir (E)frkvstj-flutnkerf heldur (E)forstö-innfl styður framangreint mat Samkeppniseftirlitsins á eðli þessara samskipta fyrirtækjanna.

2233. Sá framburður (E)forstj að hann hafi ekkert komið að breytingum á siglingakerfi Eimskips á þessum tíma er ekki í samræmi við samtímagögn. Hér má benda á framangreindan fund kl. 10:00 þann 17. júlí 2008 þar sem (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-flutnstý kynntu fyrir (E)forstj, (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-EimÍsl tillögur að breyttu siglingakerfi. Tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf daginn eftir til (E)frkvstj-Contain gefur til kynna að (E)forstj hafi tekið vel í þessar hugmyndir. Þann 22. júlí 2008 fundaði (E)forstj með (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-EimÍsl til að ræða: „Breytingar á siglingakerfi“ og Norður-Ameríku flutninga, sbr. umfjöllun í næsta kafla.

2234. Sú eindregna neitun (E)forstj að ekki hafi átt að skoða breytingar á siglingakerfinu í samstarfi við Samskip er einnig ekki í samræmi við samtímagögn og sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið. Slíkt samstarf byggði á glærुकyningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir. Samráðsverkefninu sem fólst í þessu var hrint í framkvæmd eins og fjölmörg skýr samtímagögn þessa máls sýna. Þá er tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf til (E)forstj þann 9. júlí 2008 vegna flutninga til og frá Vestmannaeyjum til stuðnings því að báðir þessir stjórnendur hafi rætt við Samskip um innihald minnisblaða (S)frkvstj-millilandasv frá 7. og 9. júlí 2008, er vörðuðu umfangsmiklar samráðstillögur og samstilltar aðgerðir skipafyrirtækjanna beggja í sjóflutningi til og frá Íslandi.

2235. Eins og nánar verður útskýrt hér á eftir var á þessum tíma ráðgerður fundur æðstu stjórnenda Eimskips og Samskipa sem upphaflega átti að halda miðvikudaginn 23. júlí 2008. Framangreind gögn frá 15. – 18. júlí 2008 skipta máli í því sambandi. Efni umræddra tölvupósta og tímasetningar funda (S)forstj með undirmönnum sínum gefa til kynna undirbúning hans fyrir fund með Eimskip. Vildi (S)forstj ræða við undirmenn sína um breytingar á siglingakerfinu og um verðhækkanir. Framangreind samtímagögn sýna hliðstæða aðgerðir og undirbúning hjá (E)forstj og öðrum stjórnendum Eimskips á þessum tíma.

8.13. Fundur Eimskips og Samskipa 25. júlí 2008 og undirbúningur hans

2236. Sem fyrr segir hittust (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)stjform og (E)forstj á fundi þann 6. júní 2008 og (S)forstj, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv voru skipaðir í „Nýtt upphaf“ vinnuhópin, sbr. glærur (E)frkvstj-alþjsv og (E)forstj um „Nýtt upphaf“ verkefnið sem voru vistaðar 8. og 9. júní 2008. Annar

¹²²⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 133.



fulltrúi frá Samskipum var skipaður í vinnuhópinn og telur Samkeppniseftirlitið að gögn málsins bendi til að það hafi verið (S)frkvstj-millilandasv. Má draga þá ályktun m.a. af fyrrnefndu skjali, „Memo 2008.07.09“, sem hann vann í samráði við (S)forstj. (E)stjform og (S)aðaleig-stjform-SH eru taldir hafa verið „bakhjarlar“ samráðsverkefnisins, sbr. umfjöllun í kafla 7.3.1.

2237. Framangreind umfjöllun í fundargerð vegna stjórnarfundar Samskipa Holding 14. júlí 2008 ber með sér að (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj hafi ætlað sér að eiga annan fund með Eimskip. Sá fundur var upphaflega ráðgerður miðvikudaginn 23. júlí 2008. Framangreind gögn frá 15. – 18. júlí 2008, sem og gögn frá 22. – 24. júlí 2008 sem reifuð verða hér á eftir, gefa til kynna undirbúning vegna þess fundar.

2238. Til stuðnings því að fundurinn hafi upphaflega átt að vera 23. júlí 2008 ber fyrst að líta til tölvupósts frá HM, aðstoðarmanni (S)aðaleig-stjform-SH, sem sendur var (S)forstj mánudaginn 21. júlí 2008. Í honum segir að (S)aðaleig-stjform-SH spyrji hvort unnt sé „að færa fundinn sem fyrirhugaður er á miðvikudaginn fram á föstudag???“¹²²⁹ (S)forstj svaraði um hæl og sagði; „ég kanna og kem til baka.“¹²³⁰ Ætlaði (S)forstj þannig að kanna hvort einhver eða einhverjir gætu átt fund með honum og (S)aðaleig-stjform-SH 25. júlí í stað 23. júlí 2008.

2239. Í gögnum málsins er ekki að finna annan tölvupóst (S)forstj til HM þennan dag en hins vegar er ljóst að hann lét HM vita (hugsanlega með símtali) að unnt væri að flytja þennan fund fram á föstudaginn 25. júlí 2008. Þetta sést af tölvupósti sem HM sendi (S)forstj skömmu síðar sama dag en þar kemur hún á framfæri eftirfarandi skilaboðum frá (S)aðaleig-stjform-SH:

„Alles klar, hann [(S)aðaleig-stjform-SH] segist geta mætt hvenær sem er á föstudaginn.“¹²³¹

2240. Daginn eftir, 22. júlí 2008, sendi starfsmaður Samskipa tölvupóst til (S)forstj með heitinu „Skilaboð frá [(S)aðaleig-stjform-SH]“ og í honum segir:

„(S)aðaleig-stjform-SH hringdi.

Er ekki staðfestur fundurinn á föstudaginn með Sindra [(E)stjform].

[(S)frkvstj-MCL] og [(S)forstj-frystig] bíða eftir update vegna þess fundar.“¹²³²

2241. Í dagbók (S)forstj föstudaginn 25. júlí 2008 var frá kl. 8:30-10:00 bókaður fundur með heitinu „[(S)aðaleig-stjform-SH]“. Frá kl. 10:00 til 12:00 sama dag var í dagbók (S)forstj bókaður fundurinn „Siglingakerfi-framhaldsfundur.“ Hér skiptir og máli að (S)stjform-S (framkvæmdastjóri fjárfestingarfélags (S)aðaleig-stjform-SH (Kjalar), formaður stjórnar Samskipa hf. og stjórnarmaður í Samskipum Holding) bókaði fund með (S)aðaleig-stjform-SH sem halda átti fyrir hádegi 25. júlí 2008. Heiti fundarins var „Fundur með [(S)aðaleig-stjform-SH] vegna New Beginning“, sbr. kafla 8.13.2.

2242. Framangreint sýnir með skýrum hætti að ræða átti „Nýtt upphaf“ verkefnið á fundi (S)aðaleig-stjform-SH og (E)stjform föstudaginn 25. júlí 2008. Eftir skipulagningu (S)forstj 10. júní 2008 hafði (S)frkvstj-MCL hitt (E)frkvstj-alþjvs og (E)frkvstj-Contain í Rotterdam síðar í sama mánuði til þess að ræða „short sea“ þátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Á stjórnarfundum Samskipa Holding 14. júlí 2008 kom fram að (S)frkvstj-MCL væri farið að lengja eftir svörum og (S)aðaleig-stjform-SH lýsti því yfir að hann og (S)forstj myndu ræða við Eimskip á Íslandi. (S)forstj hafði einnig 10. júní 2008 skipulagt að (S)forstj-frystig myndi hitta (E)frkvstj-alþjvs til að ræða frystigeymsluþátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Þeir náðu ekki saman þegar (E)frkvstj-alþjvs var í Rotterdam 23. og 24. júní 2008 en ákváðu að vera í sambandi um miðjan júlí 2008, sbr. tölvupóstsamskipti (S)forstj-frystig og

¹²²⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.480276.

¹²³⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.480286.

¹²³¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.480312.

¹²³² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.480500.



(E)frkvstj-alþjvsv 27. júní 2008. Biðu þannig bæði (S)frkvstj-MCL og (S)forstj-frystig fréttu af fyrirhuguðum fundi (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj með Eimskip, sbr. framangreind skilaboð frá (S)aðaleig-stjform-SH til (S)forstj 22. júlí 2008. Til enn frekari stuðnings ber að horfa til tölvupóstsins sem (S)frkvstj-MCL sendi (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj 24. júlí 2008, þ.e. daginn fyrir fundinn með Eimskip. Í honum greindi (S)frkvstj-MCL m.a. frá samskiptum við (E)frkvstj-Contain og það (S)aðaleig-stjform-SH að hringja í sig fyrir fundinn með Eimskip. Er þessum tölvupósti lýst nánar hér á eftir.

2243. Rétt er lýsa nánar aðdraganda fundar Eimskips og Samskipa 25. júlí 2008. Sýna þau gögn ekki aðeins undirbúning fyrir þennan fund (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip heldur einnig undirbúning fyrir fund sem (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 héldu með (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl, og (E)frkvstj-EimÍsl 14. ágúst 2008. Var það fundur yfirmanna m.a. siglingakerfa og inn- og útflutningsdeilda hjá þessum fyrirtækjum.
2244. Líkt og fram hefur komið stóð til að fundur Eimskips og Samskipa yrði haldinn 23. júlí 2008. Gögn málsins sýna mikla vinnu í aðdraganda hans hjá báðum fyrirtækjunum varðandi atriði sem falla undir „Nýtt upphaf“ verkefnið. Einnig áttu sér stað samskipti milli fyrirtækjanna um þetta verkefni. Vart verður dregin önnur ályktun af eftirfarandi gögnum en að um hafi verið að ræða m.a. áframhaldandi vinnu að verkefninu og undirbúning fyrir fundi Eimskips og Samskipa.
2245. Eins og eftirfarandi gögn bera með sér ræddu Eimskip og Samskip saman þann 22. júlí 2008 og fundur undirmanna (S)forstj og (E)forstj var skipulagður. Einnig var áfram unnið að hækkun á verði og breytingum á siglingakerfum beggja fyrirtækjanna:
- Fundur (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj kl. 10-12 þann 22. júlí 2008. Efni fundarins var „Siglingakerfi“.¹²³³ Eins og áður segir voru fleiri fundir þennan dag hjá Samskipum, og daginn áður, bókaðir hjá (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 m.a. til þess að fjalla um verðhækkunaraðgerðir, upptöku nýrra gjalda, hækkanir á gjaldskrár erlendis og markaðinn.¹²³⁴
 - Boðaður var fundur hjá (E)forstj kl. 12:15 þann 22. júlí til að ræða m.a.: „Breytingar á siglingakerfi“ og „Ameríka og Kanada“.¹²³⁵ Boðaðir auk (E)forstj voru (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-alþjvsv og (E)frkvstj-markaðs. Voru þetta hvort tveggja málefni sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið.
 - (E)frkvstj-flutnkerf var bókaður á fund kl. 14:00 þennan sama dag til þess að ræða „Verðlagning USA“.¹²³⁶
 - (S)forstö-innfl1 sendi kl. 15:42 þann 22. júlí 2008 tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv með heitinu „Fundur með Eimu“. Í honum greindi (S)forstö-innfl1 frá því að hann hafi rætt við (E)forstö-innfl og þeir ákveðið að hafa fund í næstu viku og spyr hvernig það hentaði (S)frkvstj-millilandasv. Hann svaraði og kvaðst ekki verða við þá. Síðan sendi (S)frkvstj-millilandasv annan tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og sagði: „spurning um að við stillum saman strengi og þú takir fyrsta fund með þeim í næstu viku.“ (S)forstö-innfl1 svaraði og var sammála um að þeir stilltu saman strengi í vikunni og (S)frkvstj-millilandasv boðaði fund.¹²³⁷ Daginn eftir sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv með heitinu „gögn“ og sagði: „[...] tekur hagstofutolurnar saman fyrir okkur á fostudag.“¹²³⁸

¹²³³ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.479661.

¹²³⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum [...] Doc. ID. 0.7.33.479654. Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.479676.

¹²³⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.98120.

¹²³⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.22574.

¹²³⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.652229.

¹²³⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.652533.



- (S)forstj sendi fundarboð á (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj (kl. 16:32) og boðar fund kl. 10 þann 25. júlí 2008: „Siglingakerfi-framhaldsfundur”.¹²³⁹
- (S)frkvstj-millilandasv sendi þann 22. júlí 2008 fundarboð nokkrum mínútum síðar til (S)forstö-innfl1 (kl. 16:55) og bókaði fund 24. júlí 2008 frá 8:30-11:00. Efni fundarins var Norður-Ameríka - Eimskip („USA-Eimu”).¹²⁴⁰

2246. Þann 24. júlí 2008 var hjá Eimskip einnig fjallað um samstarf við Samskip í landflutningum. Sést þetta af glærुकynningu sem (E)frkvstj-innanl vistaði sama dag. Titill hennar er: „Innanlandssvið Eimskips á Íslandi greining á afkomu í flutningakerfi nów 2007- maí 2008. 22. júlí 2008”.¹²⁴¹ Á síðustu glæru (E)frkvstj-innanl segir:

„• Flytja vörur í gámum á Austurland, nota S og E 2 ferðir pr viku – tvíhliða flutningasamningur

– ATH ferskur fiskur”

2247. „S” í glæru (E)frkvstj-innanl stendur fyrir Samskip og „E” fyrir Eimskip. Eins og fram hefur komið fólst m.a. í „Nýtt upphaf” verkefninu að kanna möguleika á auknu samstarfi Eimskips og Samskipa í landflutningum. Samkvæmt glærunni eru því vísbendingar um að fyrir hafi legið eða verið í bígerð flutningasamningur á milli Eimskips og Samskipa sem hefur a.m.k. tekið til flutninga á Austurlandi. Gögn málsins sýna að fyrirtækin höfðu með sér ólögmeitt samráð um þessa flutninga í september 2008, sbr. kafla 8.16.4 og 8.16.7. Ólögmeitt samráð fyrirtækjanna tók einnig til flutninga á ferskum fiski, sbr. kafla 17.6.

2248. Eftirgreindur tölvupóstur (S)frkvstj-MCL frá fimmtudeginum 24. júlí 2008 skiptir hér einnig máli. Tölvupóstur (S)frkvstj-MCL var til (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH og ber heitið „Containerships”. Í honum kom þetta fram:

„[(S)forstj]

I called [(E)frkvstj-Contain] today and expressed my slight astonishment that I had not hear anything back yet. He apologised saying that he had key people on vaction but that we would get an answer Monday/Tuesday. He did not mentioned, as you had been advised in Iceland, that the answer would most likely be negative.

[(S)aðaleig-stjform-SH], I would appreciate to have a brief talk with you prior to your meeting with Eimskip. Please call me at your convenience”.¹²⁴²

2249. Líkt og fram kom í fundargerð vegna stjórnarfundar Samskipa Holding 14. júlí 2008 var (S)frkvstj-MCL farið að lengja eftir svörum frá Eimskip. Sýnir tölvupóstur (S)frkvstj-MCL að hann hafi sökum þessa rætt við (E)frkvstj-Contain þann 24. júlí 2008. Ber að áréttta að við skýrslutöku hjá lögreglu upplýsti (E)frkvstj-alþjsv að eftir fund hans og (E)frkvstj-Contain með (S)frkvstj-MCL í Rotterdam í júní 2008 hafi frekari viðræður átt sér stað milli (E)frkvstj-Contain og (S)frkvstj-MCL.

2250. Jafnframt sýnir tölvupóstur (S)frkvstj-MCL að honum hafi verið kunnugt um samskipti (S)forstj við Eimskip á Íslandi („as you had been advised in Iceland”). Hér ber að rifja upp að þann 10. júní 2008 átti (S)forstj símfund og sendi tölvupóst til (S)forstj-frystig og (S)frkvstj-MCL þar sem hann greindi þeim frá áhuga Eimskips á samtarfi og skipulagði fundi þeirra með (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Contain. Telur Samkeppniseftirlitið að þessi tilvísun (S)frkvstj-MCL taki til samskipta (S)forstj við Eimskip eftir 6. júní 2008. Í þessu sambandi ber hér að hafa í huga hinar umfangsmiklu samráðstillögur í minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv sem hann sendi til (S)forstj 8. júlí 2008 og að (S)frkvstj-Silver spurði (S)forstj sama dag hvenær hann ætlaði að hitta Eimskip, sbr. kafla 8.9.5.1.

¹²³⁹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.480755.

¹²⁴⁰ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.652239.

¹²⁴¹ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.122179.

¹²⁴² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.481018.



Einnig ber að hafa í huga áður nefndan stjórnarfund Samskipa Holding 14. júlí 2008. Í fundargerð er vísað til yfirstandandi athugunar á „slot“ samvinnu við Eimskip og í glærum (S)forstj sem hann kynnti á stjórnarfundum sagði m.a.:

„Sailing system-following is being explored now: - Cooperation with Eimskip“.

2251. Í þessari fundargerð Samskipa Holding kemur einnig fram að (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH ætli að ræða við Eimskip.
2252. Líkt og áður kemur fram er talið að viðræður Samskipa við Eimskip hafi átt sér stað eftir að (S)frkvstj-millilandasv sendi (S)forstj 8. júlí 2008 nýja útgáfu minnisblaðinu en áður en (S)forstj fjallaði samráðstillögurnar í minnisblaðinu á stjórnarfundinum 14. júlí 2008. Skjölin sem (S)forstj fékk í hendur um kvöldið 24. júlí 2008 sýna að Samskip bjó þá yfir trúnaðarupplýsingum um fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi Eimskips, sbr. nánar hér á eftir. Getur það gefið til kynna að aðrar viðræður milli Eimskips og Samskipa hafi átt sér stað eftir 14. júlí 2008. Óþarfi er hins vegar að slá nákvæmri tímasetningu fastri.
2253. Síðast en ekki síst er ljóst af tölvupósti (S)frkvstj-MCL að hann hafi búið yfir vitneskju um fyrirhugaðan fund með Eimskip sem halda átti daginn eftir (sbr. „[(S)aðaleig-stjform-SH], ... prior to your meeting with Eimskip“). Er þetta í samræmi við skilaboðin sem (S)forstj fékk frá (S)aðaleig-stjform-SH 22. júlí 2008 um að (S)frkvstj-MCL og (S)forstj-frystig biðu eftir „update“ vegna fyrirhugaðs fundar (S)aðaleig-stjform-SH með (E)stjform, sbr. umfjöllun hér að framan.
2254. Sama dag og (S)frkvstj-MCL sendi umræddan tölvupóst, þ.e. 24. júlí 2008, sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst til starfsmanns Samskipa, (S)frkvstj-JónaM. Tölvupósturinn ber heitið „Please call“ og í honum segir:
- „Heill og sæll ungi maður*
- Heyrði að þú værir að reyna að ná í okkur búinn að hringja nokkrum sinnum alltaf á tali hjá þér.“¹²⁴³*
2255. Líta ber hér til áður nefndra tölvupóstsamskipta (S)forstö-útfli og (S)viðskstj 11. og 15. júlí 2008 sem fjölluðu um „tekjumyndun“ vegna Alcoa. Þar má sjá að (S)forstö-útfli sagði (S)viðskstj að gera ráð fyrir öllum hugsanlegum tekjum sem væri hægt að „kreista“ frá Alcoa. Þar fjallaði (S)forstö-útfli einnig um aðkomu Eimskips að útflutningi Samskipa fyrir Alcoa. Í þessum samskiptum vísaði (S)viðskstj til upplýsinga um Alcoa sem hann hafði fengið frá umræddum (S)frkvstj-JónaM. Sendi (S)forstö-útfli m.a. þær upplýsingar til (S)frkvstj-millilandasv 19. júlí 2008, sbr. kafla 8.9.6. Sýnir áður nefndur tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf að (S)frkvstj-JónaM hafi viljað ræða við Eimskip („okkur“) og (E)frkvstj-flutnkerf gert ítrekaðar tilraunir til að ná sambandi við (S)frkvstj-JónaM og beðið hann um að hringja í sig.
2256. Samkvæmt upplýsingum Samskipa var (S)frkvstj-JónaM starfsmaður útflutningsdeildar Samskipa og var staðsettur á Austurlandi. Af upplýsingum Samskipa má sjá að (S)frkvstj-JónaM kom að flutningsþjónustu fyrir Alcoa.¹²⁴⁴
2257. Flutningsþjónusta fyrir Alcoa til Evrópu tengdist samráði Samskipa og Eimskips á þessum tíma, sbr. t.d. gögn sem (S)forstö-flutnstj sendi (S)forstj að kvöldi sama dags, 24. júlí 2008, þar sem fjallað er um þann valkost að Samskip og Eimskip ættu í umfangsmikilli samvinnu vegna flutninga fyrir Alcoa á áli til Evrópu og fundargerð frá fundi framkvæmdastjóra Eimskips 15. september 2008. Er þessu lýst nánar hér á eftir.
2258. Samkvæmt skýringum Samskipa ræddust (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-JónaM saman í síma. Segja Samskip að það hafi tengst „framkvæmd flutningasamningsins við Alcoa“. Þar sem Eimskip

¹²⁴³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.23353.

¹²⁴⁴ Mgr. 659 í athugasemdum Samskipa við AI og mgr. 35 í bréfi Samskipa 13.06.2022.



hafi séð um skipaafgreiðslu fyrir Alcoa á Reyðarfirði hafi „*eðlilega*“ verið regluleg samskipti milli fyrirtækjanna.¹²⁴⁵ Samskip leggja ekki fram nein gögn um framangreint og er þessi staðhæfing fyrirtækisins um efni samskiptanna í ósamræmi við samtímagögn. Þá skal hafa í huga að þessi staðhæfing fellur auk þess illa að stöðu og verkefnum (E)frkvstj-flutnkerf á þessum tíma. Eins og ítrekað hefur komið fram var (E)frkvstj-flutnkerf framkvæmdastjóri flutningakerfa hjá Eimskip¹²⁴⁶ og vann hann að samráðinu við Samskip á þessum tíma tengdu sjóflutningum og breytingu siglingakerfa. Framkvæmd á skipaafgreiðslu í Mjóeyrarhöfn var á hinn bóginn hjá (E)frkvstj-innanl, framkvæmdastjóra innanlandssviðs og (E)svæðisstj1, svæðisstjóra á Austurlandi, ekki (E)frkvstj-flutnkerf. Þá er óskýrt af hálfu Samskipa af hverju framkvæmd á skipaafgreiðslu fyrir Alcoa í Mjóeyrarhöfn hafi ekki getað farið í gegnum Alcoa sjálf, enda Alcoa og Eimskip með samning um skipaafgreiðsluna á flutningum sem Samskip sinntu á þessum tíma. Skýringar Samskipa um efni samskipta (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-JónaM 24. júlí 2008 eru því með hliðsjón af framangreindu ótrúverðugar og þeim hafnað. Með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er talið að samskiptin hafi tengst „*Nýtt upphaf*“ verkefni fyrirtækjanna.

8.13.1. Samskip búa yfir trúnaðarupplýsingum frá Eimskip og unnið að „*Nýtt upphaf*“ verkefninu

2259. Þennan sama dag, 24. júlí 2008 (kl. 15:11), sendi (S)forstö-innfl1 í tölvupósti til (S)forstj skjalið „*Magnpælingar 07.2008.xls*“, með endurskoðaðri áætlun fyrir 2008, yfirliti yfir flutningsmagn síðustu ára og áætlun um þróun til ársins 2010.¹²⁴⁷
2260. Með tölvupósti síðar sama dag, 24. júlí, kl. 19:05, sendi (S)forstö-flutnstj til (S)forstj tvö skjöl, „*Flutningsgeta 2008 07a.xls*“ og „*Siglingakerfi – hagræðing.xls*“¹²⁴⁸ (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 vistuðu hjá sér síðarnefnda skjalið daginn eftir og einnig 29. júlí 2008.¹²⁴⁹
2261. Eins og fram hefur komið var (S)forstö-flutnstj forstöðumaður flutningsstjórnunardeildar og hans næsti yfirmaður var (S)frkvstj-millilandasv. Hafði hann átt í samskiptum við (E)frkvstj-flutnkerf 19. og 20. júní 2008 þegar (S)frkvstj-millilandasv var í orlofi, sbr. kafla 8.2.2.
2262. Þessi skjöl (S)forstö-flutnstj hafa að geyma, eins og framangreind skjöl frá (S)frkvstj-millilandasv (dags. 7. og 9. júlí 2008), umfjöllun um siglingakerfi og samráð við Eimskip. Um er að ræða m.a. mat á áhrifum af breyttu siglingakerfi með ýmsum forsendum, m.a. með samráði við Eimskip. Lagt er mat á rekstrarleg áhrif þessa fyrir bæði Samskip og Eimskip. Skal þessu lýst nánar.
2263. Á síðu sem nefnd er „*Skip 2008*“ í áðurnefndu skjali „*Flutningsgeta 2008 07a.xls*“ er m.a. fjallað um „*nýtt siglingakerfi*“ Eimskips:

¹²⁴⁵ Mgr. 659 í athugasemdum Samskipa við AI. Mgr. 35 í bréfi Samskipa dags. 13.06.2022. Þar er jafnframt upplýst að [...] hafi áður starfað hjá Samskipum í Immingham í Bretlandi.

¹²⁴⁶ Glæra 19. Viðhengi við afritaðan tölvupóst Eimskips. [...] Doc. ID. 0.7.33.96675.

¹²⁴⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.481180. Sjá má af afrituðum gögnum að slíkar magnhugleiðingar Samskipa um innflutning til ársins 2010 eiga sér stað til 01.08.2008 og þá auk [...] og [...] með aðkomu [...]. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „*Magnpælingar 07.2008.xls*“. Fannst á heimasvæði [...] Doc. ID. 0.7.33.25352, einnig vistað hjá [...] Doc. ID. 0.7.33.25697, [...] Doc. ID. 0.7.33.30899. Einnig afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.653688. [...] vistar síðan hjá sér skjalið „*Magnpælingar 07.2008.xls*“ 01.08.2008, kl. 10:50. Doc. ID. 0.7.33.17177.

¹²⁴⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.481415.

¹²⁴⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.16246. Fannst á heimasvæði [...]vistað 25.07.2008, kl. 13:42 „*Siglingakerfi – hagræðing 2.xls*“ og 29.07.2008, kl. 9:14. Doc. ID. 0.7.33.21495 og 0.7.33.31337.



Eimskip í dag		Eimskip [mkr]					
Skip	DWT	nom	Hafnargjöld	Olía	T/C ¹⁾	Skipaleiga	
Brúarfoss	8.675	724	62	187	416	665	
Selfoss	8.675	724	62	187	416	665	
Blikur	8.400	698	70	312	300	682	
Lómur	8.400	698	70	312	300	682	
Goðafoss	17.034	1.457	136	580	738	1.454	
Dettifoss	17.034	1.457	136	580	738	1.454	
Samtals	68.218	5.758	536	2.159	2.908	5.603	
Samtals pr. viku	34.109	2.879	Einingak. Eimskip [kr/TEU]		nom	18.713	
Hlutfall - Eimskip					10t	23.666	
					14t	27.742	
Eimskip nýtt siglingakerfi		Eimskip [mkr]					
Skip	DWT	nom	Hafnargjöld	Olía	T/C ¹⁾	Skipaleiga	
Brúarfoss	8.675	724	62	207	416	686	
Selfoss	8.675	724	62	207	416	686	
Blikur	8.400	698	52	354	300	707	
Goðafoss	17.034	1.457	153	851	738	1.742	
Dettifoss	17.034	1.457	153	851	738	1.742	
Samtals	59.818	5.060	482	2.472	2.608	5.563	-41
Samtals pr. viku	29.909	2.530	Einingak. Eimskip [kr/TEU]		nom	21.141	
Hlutfall - Eimskip					10t	30.167	
					14t	31.024	
Eimskip með 4ja skipa kerfi		Eimskip [mkr]					

2264. Í þessu skjali frá Samskipum, frá 24. júlí 2008, er þannig gert ráð fyrir fyrirhuguðu nýju siglingakerfi hjá Eimskip (þ.e. 5 skipa kerfi – skipið Lómur tekinn út) sem byrjað var að sigla eftir í ágúst 2008. Með öðrum orðum þjuggu Samskip, í síðasta lagi 24. júlí 2008, yfir afar mikilvægum upplýsingum um framtíðaráform helsta keppinautar síns.
2265. Þetta samtímagagn Samskipa sýnir að fyrirtækið bjó yfir upplýsingum um nýtt siglingakerfi Eimskips. Væri það 5 skipa kerfi sem tók til siglinga milli Íslands, Færeyja og annarra Evrópulanda með breyttri Austurleið. Annar hluti skjalsins lýsir 4ra skipa kerfi Eimskips sem er það siglingakerfi sem fyrirtækið kom á til þess að sinna flutningum milli Íslands og annarra Evrópulanda, án Austurleiðar. Er þessi greining Samskipa nákvæm lýsing á því siglingakerfi sem Eimskip tók upp í ágúst 2008. Sem dæmi um nákvæmni upplýsinganna er að skjalið sýnir viðkomuhafnir Austurleiðar með Blikur eins og Eimskip tók upp síðar, sem var mikil breyting frá fyrri leið.
2266. Hér ber og að hafa í huga framangreindan tölvupóst (E)frkvstj-flutnkerf til (E)frkvstj-Contain frá 18. júlí 2008 þar sem greint var frá því að til stæði að gera breytingar á siglingakerfi Eimskips með því að fækka úr sex skipum í fimm, sbr. kafla 8.12. (E)frkvstj-Contain og (S)frkvstj-MCL ræddu saman a.m.k. sex dögum síðar, þ.e. þann 24. júlí 2008. Jafnframt verður að líta til tölvupósts (E)frkvstj-flutnkerf til JÁB frá 21. júlí 2008 þar sem hún var beðin um að fara með upplýsingar um þessar fyrirhuguðu breytingar á siglingakerfi Eimskips sem trúnaðarmál.¹²⁵⁰ Einnig verður að horfa hér til fundargerðar framkvæmdastjórnar Eimskips frá 29. júlí 2008.¹²⁵¹ Hún ber skýrlega með sér að þann 24. júlí 2008, þ.e. daginn sem (S)forstö-flutnstj sendi (S)forstj framangreind skjöl, hafi ekki verið

¹²⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.22436.

¹²⁵¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð“. Framkvæmdastjórafundur 29.07.2008. Fannst á sameiginlegu tölvudrifi hjá Eimskip, vísuð 30.07.2008, kl. 13:22.



búið að kynna opinberlega þessar breytingar hjá Eimskip sem tóku gildi í ágúst 2008. Þessar breytingar voru fyrst kynntar starfsmönnum Eimskips á innanhússfundi þann 30. júlí 2008.¹²⁵²

2267. Með öðrum orðum vissu stjórnendur Samskipa um mikilvægar breytingar á starfsemi Eimskips áður en þær voru kynntar starfsmönnum Eimskips og áður en þær voru kynntar viðskiptavinum og almenningi. Með hliðsjón af tilgangi „Nýtt upphaf“ verkefnisins og öðrum framangreindum gögnum verður ekki önnur ályktun dregin en að upplýsingar um þessar viðkvæmu viðskiptalegu áætlanir Eimskips hafi Samskip fengið frá Eimskip og ræða hafi átt þetta frekar á fundi fyrirtækjanna daginn eftir, þ.e. 25. júlí 2008. Að mati Samkeppniseftirlitsins endurspeglar þetta framgang „Nýtt upphaf“ verkefnisins og ólögmeitt samráð Eimskips og Samskipa.
2268. Í síðarnefnda skjalinu („Siglingakerfi – hagræðing“), sem (S)forstö-flutnstj sendi (S)forstj kvöldið fyrir fund Eimskips og Samskipa, var einnig fjallað um samstarf fyrirtækjanna. Um er að ræða umfjöllun um þrjár útfærslur á aðgerðum fyrirtækjanna á markaðnum í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið, þ.e. umfjöllun í skjalinu um t.d. takmörkun á flutningsgetu með því að fækka skipum Samskipa úr fjórum í þrjú eða úr fjórum í tvö og samstarf við Eimskip tengt því. Í þessu skjali Samskipa var jafnframt gert ráð fyrir að Eimskip myndi fækka skipum sínum enn frekar í Evrópusiglingum, þ.e. ekki úr sex í fimm (sbr. hér að framan um nýtt siglingakerfi Eimskips) heldur úr sex í fjögur, sem varð síðar raunin í Evrópusiglingum Eimskips til og frá Íslandi þar sem skipið sem sigldi á Austurleið, eftir fækkun um eitt skip á þeirri leið, hætti að hafa viðkomu á Íslandi.
2269. Eins og áður segir ber efni þessa skjals Samskipa saman við upplýsingar í öðru áður nefndu skjali „Flutningsgeta 2008 07a.xls“, þ.e. skjali sem var einnig meðfylgjandi tölvupósti (S)forstö-flutnstj til (S)forstj að kvöldi 24. júlí 2008, sbr. umfjöllun hér að framan.¹²⁵³
2270. Fyrsta síðan (sheet) í skjalinu „Siglingakerfi – hagræðing“ ber heitið „2 skip“ og þar segir:

Samskip	
Sparnaður í skipum	1.500
T/C risk á tveimur skipum	-100
Tapaðar tekjur v/ Alcoa	-500 Innflutningur og sjófrakt v/ útflutnings á áli \$8 pr. tonn
Færeyjar eða Vestmannaeyjar úti	-120
Sparnaður í gámum v/ Alcoa	70 Gámabinding minni - 5 x 250 x 365 gámadagar á ári
Auka handling costnaður á tónum gámum ef Alcoa fer út	-30 Alcoa hættir að greiða fyrir losun á tónum gámum til RTM
Grænmeti fyrir BÚR	-80 Ef hægt er að semja við EÍ um föst slot í viku á Suðurleið fyrir þetta tapast ekki öll framlegðin
Ávinningur	740
Verður ekki gert nema með riftun samninga og tilheyrandi fórnarkostnaði s.s. styrkjum stöðu Eimskips umtalsvert þar sem þeir fá flutninga á "silurfati" Trúverðugleiki okkar minnkar svo og tækifæri okkar til frekari vaxtar á komandi árum	
Eimskip	
Slot samningur við Samskip um flutninga á áli fyrir Alcoa	220
Tekjur af innflutningi á grænmeti fyrir Samskip	50
Sitja einir að Austfjarðarmarkaði	100 - 200 lágmark
Sitja einir að Vestmannaeyjum eða Færeyjum	120 - 400 lágmark
Ávinningur	490 - 870

2271. Önnur síðan ber heitið „3 skip“ og þar segir:

¹²⁵² Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. Dagbók [...]. „Nýtt siglingakerfi – kynning“. [...] Doc. ID. 0.7.33.392165. Til viðbótar má horfa til þess að tölvupósta [...] frá 23., 25. og 30.07.2008 sýna svo ekki verður um villst að umræddan dag, 24.07.2008, voru upplýsingar um þessar fyrirhuguðu breytingar á siglingakerfi Eimskips ekki orðnar opinberar heldur þvert á móti trúnaðarmál. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.23060. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.98472. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.23784.

¹²⁵³ Sjá flípa skjalsins „Skip 2008“, og þar fjallað m.a.um „Eimskip með 4ja skipa kerfi“.



Samskip		
Árlegur sparnaður v/ færri skipa (eitt skip út)	530	Sinum RFJ með einu skipi á 10,5 daga tíðni
T/C risk á 4. skipinu	-50	Áhætta v/ framleigu á Akrafelli eða Hvassafelli
Tapaðar tekjur v/ minni flutningsgetu - 60.000 t af áli	-50	Flutningsgeta skerðist um 100.000 tonn
Aukakostnaður v/ færslu milli terminala með áli í RTM	-30	
Töpuð framlegð í útflytningi frá FO	-30	
Grænmeti fyrir BUR	-50	Að því gefnu að hægt verði að semja við EÍ um fóst slot í viku á Suðurleið fyrir þetta tapast ekki öll framlegðin (annars tapast öll velta -80 mkr)
Ávinningur p.a.	320	
Eimskip		
Tekjur af álutflytningi fyrir Samskip	50	
Tekjur af innflytningi á grænmeti fyrir Samskip	50	
Ávinningur p.a.	100	

Ef Eimskip afhenda tóma gáma á RFJ og samþykkja Steinweg sem depot í RTM ná báðir aðilar að hagræða:
Eimskip sparar THC í RTM og Samskip kemst af með færi gáma

2272. Á síðunni „4 skip“ segir:

Samskip		
Hafnargj. á GRT	12	Semjum við EÍ
Kostnaður við núv. tengingu við Noreg	30	Slot samn við EÍ um magn í Noregi
Tekjur af Imm & RTM flutn. fyrir EÍ		
Ávinningur p.a.	42	
Eimskip		
Leggja Blik og Lóm	1300	Við sinnum RFJ og VES fyrir þá
Hafnargj. í VES og á RFJ	24	Slot samn um að vö flytjum RFJ og VES fyrir EÍ
IMM & RTM magn í Akr/Hva		Slot samn um að við tökum Imm á heimleið og sinnum hluta af RTM magni hjá EÍ
Ávinningur p.a.	1324	

2273. Í bréfi Samkeppniseftirlitsins frá 29. janúar 2015 var, með heimild í 19. gr. samkeppnislaga, farið fram á það að Samskip myndu afhenda „*afrit af öllum samningsdrögum, tillögum eða hugmyndum að samstarfi*“ milli Eimskips og Samskipa. Var tekið fram að þessi upplýsingaskylda tæki til „*allra gagna sem fjalla um slík drög eða samstarfstillögur, -hugmyndir eða -viðræðna, t.d. tölvupóstar, minnisblöð, glærुकyningar o.s.frv.*“
2274. Framangreind skjöl sem (S)forstö-flutnstj sendi (S)forstj og lýsa m.a. mögulegu samstarfi við Eimskip, féllu undir þessa upplýsingabæiðni en Samskip afhentu þau ekki við rannsókn málsins. Eins og nefnt var hér að framan afhentu Samskip ekki heldur minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv frá 7. og 9. júlí 2008. Hið sama gildir um glærुकyninguna sem (S)forstj kynnti á stjórnarfundum Samskipa Holding 14. júlí 2008. Þegar eðli þessara skjala (S)forstö-flutnstj eru virt og horft er til þess að þau voru aðeins aðgengilegt æðstu stjórnendum Samskipa verður vart dregin önnur ályktun en að Samskip hafi viljað halda þessum skjölum leyndu fyrir samkeppnisyrivöldum. Fjallað er nánar um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga í kafla 23.
2275. Eins og framangreind skjöl (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008, hafa bæði þessi skjöl (S)forstö-flutnstj að geyma, umfjöllun um siglingakerfi Eimskips og Samskipa og áform um viðtækt samstarf fyrirtækjanna, takmörkun á flutningsgetu og markaðsskiptingu. Ber að hafa í huga að skjöl af þessum toga hafa þýðingu í samkeppnisrétti jafnvel þótt ekki væri sannað að þeim hafi verið dreift til keppnauta eða efni þeirra rætt við þá, sbr. kafla 4.7.6.3. Samkeppniseftirlitið telur ljóst að þessi skjöl (S)forstö-flutnstj sýni framgang „Nýtt upphaf“ verkefnisins og hafi verið tekin saman til undirbúnings viðræðna við Eimskip á fundinum daginn eftir.
2276. Hér ber að rifja upp að í glærunum „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í kynningu á „Nýtt upphaf“ verkefninu kom fram að það átti að meta hagkvæmni þess að Eimskip og Samskip myndu



„skiptast á slottum í núverandi siglingakerfum tengdum Íslandi“. Til að meta þetta átti að stilla „upp þeim möguleikum þar sem ávinningur væri að skiptast á slottum“ og meta „hagræði félaganna að gangast í slíkt samstarf“. Jafnframt áttu Eimskip og Samskip að endurskoða sameiginlega siglingakerfi sín „með það að leiðarljósi að lágmarka kostnað“. Einn liður í því var að skoða „Fækkun / Smækkun skipa“. Skjöldin frá bæði (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj eru í fullu samræmi við efni glærुकyningarárinnar um „Verkefnið Nýtt upphaf“. Þessum þætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins var svo hrint í framkvæmd, sbr. umfjöllun hér á eftir.

2277. Í framangreindu skjali „Siglingakerfi – hagræðing“, sem (S)forstj fékk sent frá (S)forstö-flutnstj 24. júlí 2008, þ.e. kvöldið fyrir fund (S)forstj, (S)aðaleig-stjform-SH og (E)stjform, kemur fram (síðan „2 skip“) að miðað við tveggja skipa kerfi Samskipa þá felist ávinningur fyrirtækisins í umtalsverðum sparnaði af minni skipastól og að unnt sé að draga úr framlegðartapi (sem leiði m.a. af því að draga úr flutningum fyrir Alcoa) með „slot“ samningi við Eimskip. Ávinningur Eimskips af þessari útfærslu séu tekjur af flutningum fyrir viðskiptavinum Samskipa (Alcoa og Búr) og að Eimskip geti „setið einir“ að „Austfjarðamarkaði“ og Vestmannaeyjum eða Færeyjum.

2278. Ávinningur Samskipa í þriggja skipa kerfi (síðan „3 skip“) yrði samkvæmt umræddu skjali, sem (S)forstö-flutnstj sendi til (S)forstj, árlegur sparnaður við að eitt skip detti út. Í slíku kerfi gætu Samskip sinnt meiri flutningum fyrir Alcoa og Búr en enn væri þörf á samstarfi við Eimskip um þá flutninga. Þá væri unnt að draga úr framlegðartapi sem leiddi af minni flutningsgetu með því að gera „slot“ samning við Eimskip. Ávinningur Eimskips af þessu væru tekjur af því að flytja út fyrir Samskip annars vegar hluta af útflutningi Alcoa og hins vegar hluta af innflutningi Búr á grænmeti. Einnig segir á þessari síðu í skjalinu:

„Ef Eimskip afhenda tóma gáma á RFJ [Reyðarfirði] og samþykkja Steinweg sem depot í RTM [Rotterdam] ná báðir aðila að hagræða

Eimskip sparar THC¹²⁵⁴ í RTM og Samskip kemst af með færri gáma“.

2279. Samskip sinntu á þessum tíma útflutningi á áli fyrir Alcoa í gámum til Rotterdam. Fyrirtækið Steinweg í Rotterdam sá um að losa álið úr gámunum og veitti einnig Alcoa vöruhúsaþjónustu vegna þessara flutninga. Samkvæmt þessu var lagt til grundvallar að bæði Eimskip og Samskip myndu saman njóta ábata af umræddri samvinnu tengdri flutningum fyrir Alcoa. Hér ber og að líta til þess að á fundi Eimskips og Samskipa 5. september 2008 var aftur rætt um Steinweg í tengslum við útfærslu á samráði Eimskips og Samskipa, sbr. kafli 8.16.2.3.

2280. Rétt er að benda á að í fyrrgreindu skjali (S)forstö-flutnstj var gert ráð fyrir að ávinningur Eimskips fælist m.a. í því að fyrirtækið hefði tekjur af „áflutningi fyrir Samskip“. Ljóst er af skjalinu að um var að ræða flutninga á áli fyrir Alcoa frá Reyðarfirði til Rotterdam. Á þessum tíma var Eimskip hins vegar ekki með reglubundnar siglingar milli Reyðarfjarðar og Rotterdam. Fyrirtækið hefði því ekki getað sinnt þessum flutningum í óbreyttu áætlunarkerfi.

2281. Það breyttist hins vegar í ágúst 2008 þegar Eimskip gerði þær breytingar á siglingakerfi sínu sem vísað er til í framangreindum skjölum sem (S)forstj fékk sent til sín kvöldið fyrir fundinn með stjórnarformanni Eimskips. Þannig felldi Eimskip í ágúst 2008 niður viðkomu Austurleiðar á Íslandi og um leið var gerð sú breyting á leið Norðurleiðar að skip á þeirri leið komu framvegis við á Reyðarfirði á leið sinni til Rotterdam.

2282. Í skjölum (S)forstö-flutnstj 24. júlí 2008 var þessi breyting Eimskips á Norðurleið sem ekki var tilkynnt um opinberlega fyrr en í ágúst 2008, þegar komið var á reglubundnum flutningum Eimskips milli Reyðarfjarðar og Rotterdam, ein af forsendum þess að sú útfærsla samráðsins sem Samskip völdu að fara varðandi takmörkun flutningsgetu sinni gengi upp. Í samræmi við m.a. umrædd gögn (S)forstö-flutnstj frá 24. júlí 2008 fækkaði Samskip í október 2008 svo skipum sínum úr fjórum í þrjú

¹²⁵⁴ THC: Terminal Handling Charges (uppskipunargjöld).



(síðan „3 skip“ í áðurnefndu skjali) og takmörkuðu þannig flutningsgetu sína verulega. Vegna takmörkunar Samskipa á flutningsgetu sinni tók Eimskip þá við reglubundnum flutningum fyrir Samskip á hluta af áli Alcoa frá Reyðarfirði til Rotterdam á áðurnefndri Norðurleið, sbr. umfjöllun í köflum 8 og 9.

2283. Að lokum er rétt er að benda á að á næstu síðu (síðan „4 skip“) í áðurnefndu skjali „*Siglingakerfi – hagræðing*“ er fjallað um ávinning af því að Samskip myndu hætta að sigla á Grundartanga (GRT) en Samskip hafa sinnt þar flutningum fyrir járnblendiverksmiðju Elkem og Eimskip fyrir Norðurál. Í stað eigin flutninga myndu Samskip sinna flutningum fyrir Elkem í samvinnu við Eimskip. Jafnframt er fjallað um samvinnu við Eimskip vegna Noregs en í glærukyningunni um „*Nýtt upphaf*“ verkefnið var Noregur sagður vera dæmi „*um höfn sem hægt er að gera samning um.*“ Eimskip gæti þá dregið úr flutningsgetu með því að Samskip annaðist flutninga fyrir Eimskip til og frá Vestmannaeyjum og Reyðarfirði.
2284. Framangreint skjal sem (S)forstj fékk sent frá (S)forstö-flutnstj og talið er að hafi verið tekið saman til undirbúnings fundar Samskipa og Eimskips (a.m.k. (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj og (E)stjform) 25. júlí 2008, lýsir þannig mjög umfangsmiklum samráðstillögum sem fela í sér bæði ólögmeta markaðsskiptingu, ólögmeta samninga um samstarf og takmörkun á framboði. Er þetta í samræmi við markmið og tilgang „*Nýtt upphaf*“ verkefnis Samskipa og Eimskips.

8.13.2. „*New beginning*“ fundurinn

2285. Í dagbók (S)forstj var bókaður fundur föstudaginn 25. júlí 2008 kl. 8:30-10:00 með heitinu „(S)aðaleig-stjform-SH“. Telur Samkeppniseftirlitið að hér hafi verið um að ræða fund Eimskips og Samskipa. Ljóst er að þessi fundur var, líkt og fundurinn 6. júní 2008, haldinn á skrifstofu Kjalars á Suðurlandsbraut 18. Sést þetta af tölvupósti sem (S)forstj sendi 24. júlí 2008 til starfsmanns Kjalars og greindi frá því að hann verði á fundi á skrifstofu Kjalars frá kl. 8:30 morguninn eftir.¹²⁵⁵
2286. Skömmu fyrir fundinn með Eimskip, kl. 07:35 þann 25. júlí 2008, sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og í honum segir:

„Sbr. samtal okkar í gær, þá er útlit fyrir umtalsverða magnminnkun í innflutningi.

Margir möguleikar í stöðunni, við erum ekki stærsti á markaði, og þurfum að vera í þeirri stöðu að geta verið með arðbærasta kerfið, þ.e. ekki sinna „dýrt“ jaðarsvæðum, erum að sinna rjómanum.

Eins og áður sagði, margir möguleikar í stöðunni, eitthvað segir mér að farsælast geti verið fyrir okkur að:

-skala niður Akv/hva niður í ca 500 teu kranalaus skip

-færa gamla kranann í Rey til Færeyja

-sækja magn í innfl sem og þunga sókn á innf í færeyjum

-hækka verð á útl

-pricing, sbr. fyrri umræður, skera þjónustustig þar sem ekki er arðbært etc

-algjört aðhald í rekstri.

Eins og áður sagði, þá hafa forsendur breyst mikið með Alcoa, ma magn ekki 300 k (án US) heldur 400, sem og hið mikla „drop“ í innflutningi. Við höfum í raun ekki getu til að sinna þeirra flutningum í dag hvort sem er.

¹²⁵⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.481145.



...

Höfum þessi skrif mín sem algjört trúnaðarmál milli okkar tveggja, höldum öllum möguleikum opnum, en þurfum á næstu dögum að taka ákvörðun um hvaða „kúrs“ eigi að taka.”¹²⁵⁶

2287. Gefur þessi tölvupóstur til kynna að fyrir fundinn með Eimskip, sem haldinn var einni klukkustund síðar, hafi (S)forstj ekki verið fyllilega viss um hvernig mál myndu þróast og hann ekki búinn að móta endanlega afstöðu til viðeigandi og réttra aðgerða.
2288. Hér ber og að hafa í huga að þann 22. júlí 2008 bókaði (S)stjform-S fund í tölvudagbók sinni. Fundurinn var kl. 10:30 – 12:00 þann 25. júlí 2008 og bar heitið:
- „Fundur með (S)aðaleig-stjform-SH vegna New Beginning“.*¹²⁵⁷
2289. Sem fyrr segir var (S)stjform-S á þessum tíma formaður stjórnar Samskipa hf. Hann sat jafnframt í stjórn Samskipa Holding. Einnig var (S)stjform-S framkvæmdastjóri Kjalars, fjárfestingarfélags (S)aðaleig-stjform-SH.
2290. (S)stjform-S hafði þann 12. maí 2008 fengið í hendur skýrslu sem (S)aðaleig-stjform-SH hafði látið vinna og sýndi mikinn ábata af samráði við Eimskip í flutningum til og frá Íslandi, sbr. kafla 6.7.5. Fundurinn með (E)forstj og (E)stjform 6. júní 2008 var haldinn í húsnæði Kjalars og kvöldið fyrir þann fund hafði (S)stjform-S sent tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH þar sem hann vísaði til fyrirhugaðra viðræðna (S)aðaleig-stjform-SH við Eimskip, sbr. kafla 7.2.1.2. Strax eftir fundinn með Eimskip 6. júní 2008 fundaði (S)stjform-S með (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj, sbr. kafla 7.2.2. Af þessum gögnum er ljóst að (S)stjform-S var fullkunnugt um „Nýtt upphaf“ samráðsverkefnið sem miðaði að því að auka samstarf Samskipa og Eimskips.
2291. Þegar allt framangreint er virt saman blasir við að „New Beginning“ í bókun (S)stjform-S vísar til „Nýs upphafs“ og að (S)stjform-S hafi ætlað að ræða það verkefni við a.m.k. (S)aðaleig-stjform-SH þennan sama dag og til stóð að hitta Eimskip. Hér vekur einnig athygli að þessi fundur er boðaður þegar fyrir liggur að umræddur fundur (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip er færður til 25. júlí kl. 08:30 – 10:00. Er þessi fundur til að ræða „New Beginning“ bókaður í beinu framhaldi. Var um að ræða sama fyrirkomulag og viðhaft var 6. júní 2008. Ber og að horfa til þess að (S)stjform-S hafði nokkuð samfellt þarna á undan setið stjórnarfundum Samskipa hf. á árinu 2008 þar sem rætt hafði verið samstarf Eimskips og Samskipa og teknar ákvarðanir á þeim fundum í tengslum við það. Þá sat (S)stjform-S stjórnarfund Samskipa Holding 14. júlí 2008 þar sem rætt var um mikilvæga þætti „Nýtt upphaf“ verkefnis við Eimskip og teknar ákvarðanir í tengslum við það, s.s. samvinnu Samskipa hf. við Eimskip, takmörkun á flutningsgetu, slotsamninga og verðhækkunar. Einnig var rætt um samvinnu við Eimskip í „short sea“ þjónustu, sbr. kafla 8.10.1.
2292. Sem fyrr segir voru bókaðir tveir fundir í dagbók (S)forstj þennan sama morgun. Fundur sem ber heitið „(S)aðaleig-stjform-SH“, var kl. 8:30-10¹²⁵⁸ og fundur í beinu framhaldi kl. 10-12: „Siglingakerfi-framhaldsfundur“. Voru stjórnendurnir sem unnið höfðu skjölin sem fólu í sér tillögur um samráð við Eimskip, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj, einnig bókaðir á þann fund.¹²⁵⁹
2293. Bæði Samkeppniseftirlitið og lögregla hafa spurt um fund Samskipa og Eimskips 25. júlí 2008.

¹²⁵⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.481481.

¹²⁵⁷ Afhentur tölvupóstur frá embætti héraðssaksóknara. [...] Doc. ID. 0.7.321.79334.

¹²⁵⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1007868. Sjá einnig tölvupóstsamskipti um boðun fundar við aðstoðarmann [...], [...]. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.480312.

¹²⁵⁹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] sendi fundarboð 22.07.2008, kl. 16:32 til [...] og [...]. Fundur 25.07.2008, kl. 10-12. Doc. ID. 0.7.33.480755.



8.13.3. Skýringar fyrirtækjanna og stjórnenda

2294. Við upplýsingagjöf Samskipa og Eimskips til Samkeppniseftirlitsins í september 2013 gáfu hvorki (E)forstj né (S)forstj upplýsingar um fundi Eimskips og Samskipa 6. júní og 25. júlí 2008.¹²⁶⁰
2295. Eftir margar ítrekanir um upplýsingaskyldu skv. 19. gr. samkeppnislaga veittu Samskip og Eimskip takmarkaðar upplýsingar um fund fyrirtækjanna á vormánuðum 2008 (6. júní 2008) en hvorugt fyrirtækjanna upplýsti um tilvist fundarins 25. júlí 2008.¹²⁶¹ Þá tilgreindi Eimskip ranglega í upplýsingagjöfinni að eftir fundinn 6. júní 2008 hefðu hvorki (E)forstj né (E)stjform átt í samskiptum við (S)aðaleig-stjform-SH, en athygli vakti þó að ekki er nefnt hvort þessir lykilstjórnendur hefðu aftur hitt (S)forstj eftir fundinn 6. júní 2008.¹²⁶² Þannig benda gögn málsins og framangreind upplýsingagjöf fyrirtækjanna eindregið til þess að fyrirtækin hafi haldið leyndum upplýsingum um samskipti þeirra a.m.k. í júlí 2008.
2296. Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga veittu hvorki Eimskip né Samskip upplýsingar um fundinn 25. júlí 2008.
2297. Fjallað er um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga í kafla 23. Í 2. gr. sáttar Eimskips og Samkeppniseftirlitsins viðurkennir fyrirtækið „að hafa brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga með því að hafa ekki veitt nauðsynlegar eða réttar upplýsingar eða afhent gögn í þágu rannsóknar Samkeppniseftirlitsins.“

8.13.3.1. Um fundinn 25. júlí 2008 og aðdraganda hans

2298. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)forstj spurður um gögn sem tengdust fundi hans og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip 25. júlí 2008. Var lagður fyrir (S)forstj tölvupósturinn sem (S)frkvstj-MCL sendi honum og (S)aðaleig-stjform-SH 24. júlí 2008. Í honum greindi (S)frkvstj-MCL frá samskiptum við Eimskip og það (S)aðaleig-stjform-SH um að hringja í sig áður en hann hitti Eimskip.
2299. Var (S)forstj spurður hvort hann gæti skýrt þennan tölvupóst en hann neitaði því.¹²⁶³
2300. Þá voru lögð fyrir (S)forstj gögn sem gefa til kynna að hann hafi verið á skrifstofu Kjalars 25. júlí 2008 og (S)forstj bent á að talið sé að hann hafi þann dag ásamt (S)aðaleig-stjform-SH átt fund með Eimskip.
2301. (S)forstj kvaðst ekkert muna eftir þessu.¹²⁶⁴
2302. Því næst var borinn undir (S)forstj tölvupóstur (S)aðstm-frkvstj frá 22. júlí 2008 þar sem fram koma eftirfarandi skilaboð frá (S)aðaleig-stjform-SH: „Er ekki staðfestur fundurinn á föstudaginn með Sindra [(E)stjform]. [(S)frkvstj-MCL] og [(S)forstj-frystig] báða eftir update vegna þess fundar.“
2303. (S)forstj kvaðst ekkert vita um þennan fund með (E)stjform og ekkert vita hvaða upplýsingar það væru sem (S)frkvstj-MCL og (S)forstj-frystig hefðu beðið eftir.¹²⁶⁵
2304. Síðan var (S)forstj bent á að (S)stjform-S hefði 25. júlí 2008 átt bókaðan fund með (S)aðaleig-stjform-SH til að ræða „New beginning“. (S)forstj kvaðst ekkert vita um þetta. Var (S)forstj bent á að þetta væri enska heitið á „Nýtt upphaf“ verkefninu, sbr. glærुकyning (E)forstj frá 9. júní 2008:

¹²⁶⁰ Endurrit af upplýsingagjöf Samskipa [...] til Samkeppniseftirlitsins, dags. 10.09.2013. Endurrit af upplýsingagjöf Eimskips [...] til Samkeppniseftirlitsins, dags. 17.09.2013.

¹²⁶¹ Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins frá 09.02.2015, 10.04.2015 og 14.01.2016. Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins frá 23.05.2015, 23.10.2015, 20.11.2015, 19.02.2016 og 13.10.2017.

¹²⁶² Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins frá 13.10.2017, bls. 24-25.

¹²⁶³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 120.

¹²⁶⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 120.

¹²⁶⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 120 – 121.



HS ... en þetta er glæru- show sem við erum búin að vera að tala um núna endurtekið, það heitir Nýtt upphaf.

(S)forstj Ég hins vegar, þið vitið, þetta er á tímum sem er mikið af nýjum upphöfum.

HS Já, þannig að þetta, þetta er bara tilviljun?

(S)forstj Já, já, já, já.¹²⁶⁶

2305. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)frkvstj-millilandasv spurður um hvort hann hafi vitað af fundi Eimskips og Samskipa 25. júlí 2008. Hann neitaði því. Aðspurður kvaðst (S)frkvstj-millilandasv ekki vita hvort þessi fundur tengdist „Nýtt upphaf“ verkefninu og breytingu á siglingakerfi Eimskips.¹²⁶⁷

2306. Við skýrslutöku (E)forstj hjá lögreglu var lagður fyrir hann áður nefndur tölvupóstur sem (S)frkvstj-MCL sendi (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH 24. júlí 2008. Í honum greindi (S)frkvstj-MCL frá samskiptum við Eimskip og það (S)aðaleig-stjform-SH um að hringja í sig áður en hann hitti Eimskip. Var (E)forstj spurður til hvaða fundar (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip (S)frkvstj-MCL hefði verið að vísa. (E)forstj kvaðst ekki vita það og hann hefði ekki hitt (S)aðaleig-stjform-SH eftir fundinn 6. júní 2008. Sagði (E)forstj að hann vissi ekki um neinn hjá Eimskip sem (S)aðaleig-stjform-SH hefði hitt og „alls ekki mig og ég hef engan áhuga á samskiptum við [(S)aðaleig-stjform-SH]“.¹²⁶⁸

2307. (E)forstj var þá gerð grein fyrir því að gögn málsins gæfu til kynna að (E)stjform hefði hitt (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj á fundi 25. júlí 2008 í húsnæði Kjalars á Suðurlandsbraut. Var (E)forstj spurður um þetta:

(E)forstj Nei þetta getur, ég trúi því ekki að [(E)stjform] hafi farið einn á fund með þeim. Ég bara trúi því ekki. Þetta er einhver ... mér finnst það mjög skrítið.

HS Af hverju finnst þér það bara, af hverju finnst þér það skrítið?

(E)forstj Ja við fórum á þennan fund saman svona þú veist ...

HS Já.

(E)forstj ... vegna þess að við vorum bara þú veist hræddir við þetta Kaupþingsmál. Hvernig það myndi enda á okkur.

HS Mhm.

(E)forstj Ef við sýndum ekki þú veist þann lit að hlusta á hvað þeir hefðu fram að færa. Værum að vinna okkur svolítinn tíma og fá ekki hérna fjárnám á okkur. En að [(E)stjform] hefði farið og ég meira að segja spurði held ég [(E)stjform] þegar ég var að segja að ég væri að hérna, myndi eftir þessum fundi og hann hefði verið með mér eftir að við komum úr bankanum og vorum við ekki með alveg á hreinu hvenær sá fundur var? Þetta sé ekki sami fundur sko.

HS Ég man ekki dagsetninguna ... nei.

(E)forstj Það er alveg á hreinu, það var í dagbókinni. Það var sjötti ...

HS Þarna bara tveimur, þremur dögum á undan [óskýrt] Nýtt upphaf ...

HS 6. júní.

(E)forstj ... 6. júní. Já ég, ég væri rosalega hissa ef hann hefði farið sjálfur á fund með og þeir hefðu þá svona dissað mig og sagt bara við þurfum ekki að tala við hann, hann er erfiður og eitthvað svona.¹²⁶⁹

¹²⁶⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 121.

¹²⁶⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 103 – 105.

¹²⁶⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 163 – 165.

¹²⁶⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 165 – 166.

2308. Var athygli (E)forstj síðan vakin á framangreindum tölvupósti (S)aðstm-frvkstj frá 22. júlí 2008 þar sem fram komu skilaboð frá (S)aðaleig-stjform-SH til (S)forstj vegna fundar með (E)stjform og á „New beginning“ fundi (S)stjform-S 25. júlí 2008. (E)forstj áréttaði að honum þætti það mjög einkennilegt ef (E)stjform hefði hitt Samskip án vitneskju sinnar. Voru glærur (E)forstj um „Nýtt upphaf“ verkefnið frá 9. júní 2008 þá rifjaðar upp í þessu samhengi:
- HS Þar hafi verið [(E)stjform], [(S)forstj] og [(S)aðaleig-stjform-SH] að minnsta kosti. Þarna er hann [(S)stjform-S] með dagbókarfærslu ...
- (E)forstj Mhm.
- HS ... og heiti fundar er „fundur með [(S)aðaleig-stjform-SH] vegna New beginning“ og, og þá erum við ...
- (E)forstj Já.
- HS ... búin að vera að tala um nýtt upphaf hérna ítrekað.
- (E)forstj Mhm.
- HS Sem að er glærushow sem að þú hérna svona, er, er, finnst í tölvunni þinni og ...
- (E)forstj og ég fæ sent, hvenær sagðiru?
- HS Var það ekki, það er 9. júní.
- HS Það er vistað....
- (E)forstj Þá er ég búinn að vera, þá er ég búinn að vera 20 daga í vinnu ...
- HS Já.
- (E)forstj ... þá fæ ég þetta skjal eins og ...
- HS þetta er svona, við erum að sjá þarna, þetta er áhugavert allavega hvernig þetta raðast allt saman.
- (E)forstj Já ég skil það alveg. En allavega ég er ekki á neinum fundi þarna ...
- HS Ókei.
- (E)forstj ... með [(S)aðaleig-stjform-SH] og ... eins og kemur kannski fram þarna í b[o]ðinu og ég á bággt með að trúa að [(E)stjform] hafi farið á fund sjálfur.
- HS Eimskip ...
- (E)forstj En það er samt sko, það er samt þarna bara þessi krafa Arion banka eða KB banka sem við erum orðnir mjög hræddir við á þessum tíma þegar við fórum á fundinn.
- HS Já.
- HH Var hún þarna á þessum tíma?
- (E)forstj Við vorum búnir að leysa það þá.¹²⁷⁰
2309. Við skýrslutöku (E)frkvstj-alþjsv hjá lögreglu var lagður fyrir hann tölvupósturinn sem (S)frkvstj-MCL sendi (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH 24. júlí 2008. Greindi (S)frkvstj-MCL í tölvupóstinum frá samskiptum við Eimskip og það (S)aðaleig-stjform-SH um að hringja í sig áður en hann hitti Eimskip. Aðspurður kvaðst (E)frkvstj-alþjsv ekkert vita um þennan fund og gat ekki skýrt efni tölvupóstsins.¹²⁷¹
2310. Var (E)frkvstj-alþjsv þá spurður hvort hann hafi vitað um fund Eimskips og Samskipa 25. júlí 2008. Neitaði (E)frkvstj-alþjsv því. Þá var athygli (E)frkvstj-alþjsv vakin á „New beginning“ fundi

¹²⁷⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 167 – 168.

¹²⁷¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 191 – 192.



(S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjform-S þennan sama dag og bent á að undir hann hefðu heyrt þrjú af fimm verkefnum sem tilgreind eru í glærुकyningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið. Var hann spurður hvort ekki væri einkennilegt að hann vissi ekkert um þetta:

HS ... þú ert með stór verkefni þarna og svo allt í einu eru sko, já þarna stjórnarformaður og fleiri farnir að skipuleggja fundi þá við, væntanlega miðað við efni þessa tölvupósts sem að hann og ábyrgð sem þessi verkefni eins og þessi hafði haft sko í þessu ferli að vísa til þess að það sé fundur. Þarna viku fyrir þetta.

(E)frkvstj-alþjv En ég get, ég sjálfur, sjálfur, já, já ég sé, já, já ...

HS Nafnið á fundinum sko: Fundur með (S)aðaleig-stjform-SH vegna New beginning.

(E)frkvstj-alþjv Já, já, ég, ég get ekki svarað sko til um þetta, því ég var í fyrsta lagi ekki á fundinum og svo, þó svo að maður sé með mikið ábyrgðarsvið, þá er alltaf tilvera mann sjálfan sem maður veit ekki um og þetta er bara dæmi um það, eitthvað sem ég vissi ekki um.

[...]

HS ... fundur með (S)aðaleig-stjform-SH, út af New beginning og svo erum við með glæru-show frá Eimskip sem heitir: *Nýtt upphaf*.

(E)frkvstj-alþjv Já, já, já, já. Ég veit ekki hvernig það, það hefur smitast yfir en eins og ég sagði, vísa aftur í þetta nýtt upphaf að þá eru tiltekin þarna verk með erlendis sem að voru á minni könnu, já og það eru þarna önnur verkefni sem að voru tiltekin sem ekki varð neitt úr, sem að ég bar ekki ábyrgð á og ég get ekki skýrt þennan fund, því að ég var ekki á honum.

HS Og framvindan á þessum hinum, þarna, það eru fimm verkefni og þú ert með þrjú.

(E)frkvstj-alþjv Já.¹²⁷²

2311. Við skýrslutöku (S)frkvstj-millilandasv hjá lögreglu var lögð fyrir hann dagbókarfærsla (S)stjform-S frá 25. júlí 2008 með heitinu: „Fundur með (S)aðaleig-stjform-SH

2312. vegna New beginning“. Af því tilefni sagði (S)frkvstj-millilandasv:

(S)frkvstj-millilandasv Þarna er búið að, búið að útlenska það.

HS Búið að útlenska það já. Hvað, hvað geturðu sagt okkur um það, er, er það tilviljun að efni fundarins er: New beginning eða Nýtt upphaf, líkt og glærुकyningin sem við höfum verið að fara svolítið vandlega yfir?

(S)frkvstj-millilandasv Ég ...

HS Það eru þarna stjórnarmaður og stjórnarformaður Samskipa.

(S)frkvstj-millilandasv Já, eins og ég segi, ég hef ekkert, ekkert um það að segja, ég bara þekki það ekki.

8.13.3.2. Um skjölin sem send voru (S)forstj kvöldið fyrir fundinn með Eimskip

2313. Eins og lýst er hér að framan sendi (S)forstö-flutnstj tvö skjöl til (S)forstj um kvöldið 24. júlí 2008. Voru þetta annars vegar skjalið „Flutningsgeta 2008 07a.xls“ og hins vegar skjalið „Siglingakerfi – hagræðing.xls.“ Fyrri skjalið sýnir að Samskip bjuggu yfir trúnaðarupplýsingum um fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi Eimskips og í hinu síðara er fjallað mögulegt umfangsmikið samráð milli Samskipa og Eimskips í flutningum til og frá Íslandi og ávinning bæði Samskipa og Eimskips af því samráði.

¹²⁷² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 193 – 194.



2314. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)forstj spurður um framangreind skjöl:

HS Við ætlum að leggja fyrir skjal I/11.171. Heyrðu, sem er þá tölvupóstur sem [(S)forstö-flutnstj], þáverandi starfsmaður Samskipa í flutninga... flutningsstýringu sendi þér 24. júlí 2008 og í viðhengi er Excel skjalið: *Flutningsgeta 2008 07a.xls* og það er þarna útprentun á skjalinu af síðu eða sheet sem heitir: *Skip 2008*. Það er þá væntanlega þetta gulmerkta þarna, smáa letrið. Þetta er þá þarna 24. júlí 2008 sem sagt, stendur þarna niðri, ef þú skoðar þarna þetta sem er búið að lita yfir með appelsínugulum penna þarna, ef þú getur lesið þetta, stendur: Eimskip nýtt skipkerfi. Það er búið að fækka þarna skipum úr sex í fimm.

(S)forstj Ég bara man ekkert eftir þessum gögnum.

HS Nei. En þetta er sem sagt, hann sendir þér 24. júlí en það var 1. ágúst sem að þau hérna, þessi breyting átti sér stað þarna hjá Eimskip, þannig að við spyrjum hvernig þið vissuð þetta áður en að Eimskip tilkynnti um breytinguna, viku síðar?

(S)forstj Ég þekki það bara ekki.

HS Við ætlum að leggja fyrir þig annað skjal þarna úr sama tölvupósti.

(S)forstj Þetta þarna held ég.

HS Viðhengi sem ber heitið: Siglingarkerfi- hagræðing og þetta er skjal með fjórum, fjórum sheet-um með fjórum ólíkum leiðum til að breyta skipa – siglingarkerfi Samskipa. Kannastu við þetta, þetta skjal eða það sem þarna stendur?

(S)forstj Nei.

[...]

HS Þetta er viðhengi í pósti sem að [(S)forstö-flutnstj] sendi þarna 24. júlí 2008. Sem sagt í þessum leiðum eru stillt upp ákveðnum breytingatillögum eða leiðum hvort það sé hægt að breyta skipakerfi Samskipa og á öllum þeirra nema einum eru lagðar fram tillögur um slot samninga eða annað samkomulag við eða samstarf við Eimskip.

(S)forstj Ég bara man þetta ekki, þekki þetta ekki.

HS Nei. Voru einhver samskipti milli starfsmanna eða stjórnenda Eimskips og Samskipa í kringum þessa vinnu?

(S)forstj Nei.

HS Hvernig, hvernig höfðu þá starfsmenn Samskipa upplýsingar og forsendur til að setja upp svona skjöl?

(S)forstj Ég þekki það ekki.

HS Á þessum Nýtt upphaf glærum sem við erum með þarna er talað um slot samninga, fækkun skipa í kerfinu og samstarf í viðkomu... viðkomuhöfnum í Evrópu. Tengist þetta því, þetta skjal?

(S)forstj Ég þekki það ekki.

HS Hver þekkir það?

(S)forstj Ja, ég bara þekki það ekki.¹²⁷³

2315. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)frkvstj-millilandasv spurður um skjal (S)forstö-flutnstj „*Flutningsgeta 2008 07a.xls*“. Svaraði (S)frkvstj-millilandasv að þetta væri „*hlutur sem við gerum reglulega, eins og ég hef sagt áður, við erum að reyna að leggja mat á, á stöðu markaðarins og keppinauta og samskeppnishæfni okkar í samanburði við þá og í ljó... í því skyni horfum við, reynum*

¹²⁷³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 133 – 134.



við meðal annars að horfa á þetta, hver er, já, hver er einingarkostnaður keppninautanna versus okkar og en ég kannast ekkert eitthvað sérstaklega við þetta skjal."¹²⁷⁴

2316. (S)frkvstj-millilandasv staðfesti að (S)forstö-flutnstj hefði verið undirmaður hans. Aðspurður um hvaðan (S)forstö-flutnstj hefði fengið upplýsingar um Eimskip sagði (S)frkvstj-millilandasv að um hafi verið að ræða opinberar upplýsingar. Var (S)frkvstj-millilandasv bent á að 24. júlí 2008 hefðu ekki legið fyrir neinar opinberar upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi Eimskips sem fólust m.a. í því að hætt var að nota skipið Lómur:

HS Já, [(S)forstö-flutnstj] er, hann setur upp þarna [...] Eimskip, nýtt siglingakerfi sem ... [...] Þá er búið að taka Lóm út.

(S)frkvstj-millilandasv Já.

HS Já, sem er nákvæmlega eins og það kerfi sem Eimskip kynnti viku síðar. 1. ágúst 2008 kynntu þeir nýja kerfið, hvað, af hverju er hann með upplýsingar þarna um þessi, þessi, það sé búið að uppfæra kerfi?

(S)frkvstj-millilandasv Það þekki ég ekki sko, þekki það ekki.

HS Er það, þú veist, þetta voru ekki einhverjar opinberar upplýsingar eða hvað?

(S)frkvstj-millilandasv Væntanlega hafa, hafa þær upplýsingar legið fyrir 24.

(S)frkvstj-millilandasv Þetta er kynnt 1. ágúst.

(S)frkvstj-millilandasv Kynnt 1. ágúst af Eimskip?

HS Mhm.

(S)frkvstj-millilandasv Í fyrsta skipti?

HS Mhm.

(S)frkvstj-millilandasv Ég, ég þekki það ekki, ég, hérna venjulega þegar þú gerir svona breytingar á, ef að, ef Lómur er að fara út 1. ágúst, þá ertu búinn að kynna það mánuði áður kannski.

HS Mm.

(S)frkvstj-millilandasv Af því það er verið að bóka í skipin fram í tímann sko.

HS Já, ég veit ekki hvenær hann datt út ...

(S)frkvstj-millilandasv Nei, nei.

HS ... en það er kynnt þá sko, hvenær sem hann átti að hætta sko. Já, þú meinar að þetta hafi mögulega verið kynnt einhverjum, einhverjum viðskiptavinum eða eitthvað svoleiðis?

(S)frkvstj-millilandasv Já, mig dettur það í hug sko, áður en að fer út opinber tilkynning að þá hafi ...

HS Og þaðan hafi það kannski komið frá einhverjum viðskiptavini til hans?

(S)frkvstj-millilandasv Já.

HS Mhm.

(S)frkvstj-millilandasv Það gerist oft þannig.¹²⁷⁵

2317. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)frkvstj-millilandasv spurður hvort hann gæti útskýrt skjalið „Siglingakerfi – hagræðing.xls.“. Svaraði hann svo: „Ég held ekki sko, ég á ekki skjalið og minnst þess ekki að hafa eitthvað, en ég get svona reynt að rýna þetta eitthvað.“ Var (S)frkvstj-millilandasv

¹²⁷⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 118-119.

¹²⁷⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 120-121.



spurður um umfjöllun í skjalinu varðandi samstarf Eimskips og Samskipa. Kvaðst hann ekki geta skýrt þetta og ekki vilja „fabúlera“ um þessa umfjöllun í skjalinu. Var (S)frkvstj-millilandasv bent á að (S)forstö-flutnstj hefði verið undirmaður hans og spurður hvort (S)forstö-flutnstj hefði unnið þetta að hans beiðni. (S)frkvstj-millilandasv kvaðst ekki muna það. Var (S)frkvstj-millilandasv þá spurður hvort (S)forstö-flutnstj hefði unnið þetta skjal til undirbúnings fundi Eimskips og Samskipa 25. júlí 2008. (S)frkvstj-millilandasv kvaðst ekki geta svarað því.¹²⁷⁶

2318. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj spurður um framgreind skjöl (S)forstö-flutnstj:

HS ... í skjalinu kemur meðal annars fram flutningsgeta og rekstrarkostnaður Eimskips og Samskipa, staðan eins og hún var og staðan ...

(E)forstj Eins og hún gæti orðið.

HS ... miðað við nýtt siglingakerfi. Og þetta er sem sagt starfsmaður Samskipa sem er að teikna þetta upp.

(E)forstj Mhm.

HS Þannig að hann er að setja upp einhverja, teikna upp mynd af stöðunni eins og hún er núna hjá báðum skipafélögum.

(E)forstj Mhm.

HS Og svo miðað við nýtt kerfi, nýtt siglingakerfi.

(E)forstj Mhm.

HS Uuu ...

(E)forstj Þarna erum við yfirlýstir á markaðnum að vera í stand still og semja við kröfuhafa og stendur, stöndum ekki vel og þeir eru eitthvað að spekulera um hvernig þeir geti hérna gert þetta. Þetta hefur ekkert með, ég hef aldrei séð þetta og engin, ekkert verið unnið með þeim hvernig við getum sett niður kerfið okkar. Þetta er allt bara hluti af spekúlasjónir hjá þeim.

2319. Var (E)forstj bent á að í þessu skjali Samskipa frá 24. júlí 2008 komi fram upplýsingar um breytingar á siglingakerfi Eimskips sem ekki var búið að tilkynna um opinberlega:

HS ... það stendur bara „Eimskip nýtt siglingakerfi“.

(E)forstj Já.

HS Og þetta er sko ... bara við erum að spyrja þig, þetta er ...

(E)forstj Já ég skil.

HS ... 24. júlí og þetta er nákvæmlega eins og þið tilkynnið um svo ...

(E)forstj Já.

HS ... nokkrum dögum seinna.

(E)forstj Já.

HH Af hverju hann hafi þessar upplýsingar.

(E)forstj Ég hef ekki hugmynd um það. Ég efa að hann hafi það áður en við tilkynnum það annað en að, annað en að við erum búin að láta kannski einhverja viðskiptavinum okkar vita þegar þeir þurfa að bóka fyrst áður en við setjum það út á markaðinn.¹²⁷⁷

¹²⁷⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 121 – 123.

¹²⁷⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 208.



2320. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj einnig spurður um framangreindar hugmyndir um samráð milli Eimskips og Samskipa sem fram koma í skjali (S)forstö-flutnstj. (E)forstj kvaðst aldrei hafa séð þetta skjal og það lýsti bara óskhyggju hjá Samskipum.¹²⁷⁸
2321. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)frkvstj-alþjsv spurður um hvernig Samskip hafi 24. júlí 2008 vitað um hinar fyrirhuguðu breytingar á siglingakerfi Eimskips. (E)frkvstj-alþjsv kvaðst ekki geta svarað því.¹²⁷⁹
2322. Var (E)frkvstj-alþjsv bent á að þessi skjöl Samskipa hefðu verið tekin saman daginn fyrir fund Eimskips og Samskipa 25. júlí 2008. Var hann spurður hvort þetta væru skjöl sem (S)forstj hefði tekið með sér á fundinn með Eimskip. (E)frkvstj-alþjsv kvaðst ekki geta svarað því.¹²⁸⁰

8.13.4. Samantekt

2323. Eins og rökstutt hefur verið telur Samkeppniseftirlitið að morguninn 25. júlí 2008 hafi (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH átt fund með Eimskip. Af hálfu Eimskips hafi a.m.k. (E)stjform setið hann. Fundur (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)stjform og (E)forstj 6. júní 2008 var haldinn í húsakynnum Kjalar á Suðurlandsbraut 18. Gögn málsins sýna að fundur m.a. (E)stjform og (S)aðaleig-stjform-SH 25. júlí 2008 hafi einnig verið haldinn í húsakynnum Kjalars.¹²⁸¹
2324. Í mgr. 729 í athugasemdum Samskipa við AI segir: „Ljóst er að hvorki (S)forstj né (S)aðaleig-stjform-SH muna eftir að hafa hitt (E)stjform og (E)forstj á fundi 25. júlí 2008. Hins vegar eru þessi samskipti í samræmi við það sem bókað var á fundi stjórnar Samskipa Holding um að (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj myndu kanna frekar áhuga Eimskips á að selja erlendar eignir, einkum Containerships“. Kveðast Samskip ekki geta fullyrt hvort fundurinn hafi farið fram en staðhæfa að „ekkert varð af viðræðum um kaup á umræddum eignum eða einhvers konar samstarfi á þeim vettvangi“.
2325. Framangreind samtímagögn eru afar skýr og sýna saman að (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH áttu umræddan fund með Eimskip 25. júlí 2008. Engin vafi leikur á því að (E)stjform sat fundinn en (E)forstj neitar því hins vegar að hafa setið fundinn. Samskip segja hins vegar að mögulegur fundur (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj með (E)stjform og (E)forstj hafi verið í samræmi við umrædda fundargerð Samskipa Holding.
2326. Ekki kemur með beinum hætti fram í gögnum málsins að (E)forstj hafi setið þennan fund með Samskipum sem haldinn var 25. júlí 2008. Gögn málsins gefa hins vegar þetta til kynna:
- Þann 24. júlí 2008 sendi (E)starfsm fundarboð til (E)forstj til þess að fjalla um starfsmannamál og skipulagsmál. Umræddur fundur átti upprunalega að eiga sér stað á milli 09:00 og 09:30 föstudaginn 25. júlí.¹²⁸² (E)forstj hafnaði nefndu fundarboði og stakk upp á nýjum fundartíma.¹²⁸³ Ekki liggur fyrir hvers vegna (E)forstj ákvað að hafna fundaboðinu og leggja til nýjan fundartíma. Sem fyrr segir fór fundur Eimskips og Samskipa fram milli 8:30 og 10:00 þennan sama morgun.
 - Um morguninn 25. júlí 2008 var (E)forstj með tvo fundi skráða í dagbók, annars vegar „Veidi Saga Kapital“ klukkan 8:00 og hins vegar „Fundur [...]“ klukkan 11:30. Hvað fyrri fundinn varðar er ljóst að (E)forstj skráði hann í dagbókina hjá sér þann 17. júní 2008, eftir að hafa verið í samskiptum við Saga Capital varðandi veiðiferð í Norðurá seinni part föstudagsins 25. júlí.¹²⁸⁴

¹²⁷⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 233 - 234.

¹²⁷⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 221.

¹²⁸⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 222 - 223.

¹²⁸¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.481145. [...]

¹²⁸² Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. „Starfsmannamál og skipulagsmál“. [...]

¹²⁸³ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.294457. [...] segir að fundurinn „Yrði að vera í dag klukkan 16,00“. Svo virðist sem umræddur fundur hafi eitthvað dregist, sjá afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.295241. Ekki er að sjá að [...] hafi svarað þessum tölvupósti.

¹²⁸⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. „Veidi Saga Kapital“. [...] Doc. ID. 0.7.33.257337. Sjá einnig afritaðan tölvupóst frá Eimskip frá [...]Doc. ID. 0.7.33.254289.



Enginn er boðaður á fundinn og virðist því vera að (E)forstj hafi fært þetta inn í dagbókina til þess að minna sig á veiðiferðina seinna sama dag.

- Í tölvupósthólf (E)forstj kemur fram að fyrsti tölvupósturinn sem hann sendi um morguninn 25. júlí 2008 var klukkan 10:13.¹²⁸⁵ Hann var því hvorki með bókaðan fund í dagbók hjá sér (fyrir utan áminninguna sem (E)forstj sendi sjálfum sér vegna veiðiferðar) né í tölvupóstsamskiptum til kl. 10:13 um morguninn 25. júlí.
 - Hvað seinni fundinn áhrærir var fundarboðið útbúið síðla kvölds 24. júlí 2008.¹²⁸⁶ Af tölvupóstsamskiptum í kringum fundarboðið má sjá að (E)forstj bað starfsmann Landsbankans að mæta til sín klukkan 11:00, sem hann segist munu gera.¹²⁸⁷ Ekki kemur fram hversu lengi fundurinn var, en hann var líklega búinn um hádegisbil.¹²⁸⁸ Þá virðist (E)forstj hafa hitt viðskiptavin um kl. 10:40.¹²⁸⁹
2327. Fyrirliggjandi samtímagögn sýna þannig að á þeim tíma sem fundur Eimskips og Samskipa fór fram (kl. 08:30 – 10:00) var (E)forstj ekki bókaður á öðrum fundum og hann sendi enga tölvupósta á þessum tíma. Við meðferð málsins fram að undirritun sáttar við Samkeppniseftirlitið setti Eimskip ekki fram sjónarmið til stuðnings því að (E)forstj hafi ekki setið umræddan fund eða lagði fram gögn sem sýna að hann hefði ekki getað setið hann. Þá ber að horfa til þess að framburður (E)forstj hjá lögreglu hefur um mikilvæg atriði málsins verið mjög ótrúverðugur.
2328. (E)forstj sat ásamt (E)stjform fund með (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj þann 6. júní 2008 og var í vinnuhópi samráðsverkefnisins. Þegar sú staðreynd, gögn um ríka aðkomu (E)forstj að samráðsverkefninu og framangreind gögn hans frá 24. og 25. júlí 2008 eru virt saman telur Samkeppniseftirlitið allar líkur á því að hann hafi einnig setið fundinn með Samskipum morguninn 25. júlí 2008. Engu breytir hins vegar um ólögætti þessara samskipta Eimskips og Samskipa hvort, auk (E)stjform, (E)forstj sat fundinn eða ekki.¹²⁹⁰
2329. Sem fyrr segir veittu hvorki Eimskip né Samskip við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um fundinn 25. júlí 2008. Þar af leiðandi afhentu fyrirtækin ekki gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á fundinum. Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3.
2330. Hjá lögreglu kvaðst (S)forstj ekki vita eða muna neitt varðandi framangreind gögn sem tengjast fundinum. Neitaði (S)forstj að útskýra tölvupóstinn sem (S)frkvstj-MCL sendi honum daginn fyrir fundinn með Eimskip og hélt því fram að það væri tilviljun að (S)stjform-S hafi bókað „New beginning“ fund að morgni 25. júlí 2008. Þrátt fyrir að (S)forstö-flutnstj hafi sent (S)forstj kvöldið fyrir fundinn umrædd samráðsskjöl kvaðst (S)forstj hvorki kannast við skjölin né efni þeirra. Í ljósi framangreindra samtímagagna er framburður (S)forstj afar ótrúverðugur. Ekkert kom því fram í framburði (S)forstj sem gefur til kynna að ólögætt samráð Eimskips og Samskipa hafi ekki verið til umfjöllunar á fundinum 25. júlí 2008.
2331. (S)frkvstj-millilandasv var næsti yfirmaður (S)forstö-flutnstj. Þá hafði (S)frkvstj-millilandasv vistað minnisblöð, dags. 7. og 9. júlí 2008, sem líkt og skjalið sem (S)forstö-flutnstj sendi (S)forstj 24. júlí 2008 fólu í sér tillögur um stórfellt samráð við Eimskip í sjóflutningum til og frá Íslandi og féllu undir samráðsverkefnið. Þá sýna gögnin að (S)frkvstj-millilandasv vistaði samráðskjalið frá (S)forstö-flutnstj sama dag og fundurinn var haldinn með Eimskip og síðan aftur 29. júlí 2008. Framburður

¹²⁸⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.295924.

¹²⁸⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. Doc. ID. 0.7.33.295753.

¹²⁸⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip[...] Doc ID 0.7.33.295749. Sjá einnig afritaðan tölvupóst frá Eimskip [...] Doc ID 0.7.33.295770.

¹²⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc ID. 0.7.33.296104.

¹²⁸⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.295931.

¹²⁹⁰ Almenn er í samkeppnisrétti ekki þörf á því að tilgreina hvaða starfsmaður eða stjórnandi hjá viðkomandi fyrirtæki kom að framkvæmd brotsins. Sjá hér t.d. mgr. 94-98 í dómi dómstóls ESB frá 18. september 2003 í máli nr. C-338/00, EU:C:2003:473, Volkswagen gegn framkvæmdastjórninni.



(S)frkvstj-millilandasv þar sem hann ber við þekkingar- eða minnisleysi vegna þessa er ekki trúverðugur.

2332. Ekki er unnt að fallast á þann framburð (E)forstj og (S)frkvstj-millilandasv að upplýsingar um fyrirhugaða breytingu á siglingakerfi Eimskips hafi borist til Samskipa frá viðskiptavini Eimskips. Er sá framburður afar óljós og ekki tilgreint hvaða viðskiptavinur þetta kunni að hafa verið. Hvorki Eimskip né Samskip hafa lagt fram gögn sem styðja þessa tilgátu.
2333. Að mati Samkeppniseftirlitsins sýna gögnin sem tengjast aðdraganda þessa fundar Eimskips og Samskipa 25. júlí 2008 bein tengsl við það sem fram kemur í glærुकyningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið og framkvæmd á því samráðsverkefni fram að fundinum. Þar vísast til framangreindrar umfjöllunar um gögn málsins en minna má á þetta:
- Fundur (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)forstj og (E)stjform 6. júní 2008.
 - Glærुकyningin um „Nýtt upphaf“ verkefnið sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir.
 - Tölvupóstur (S)forstj 10. júní 2008 þar sem hann skipulagði annars vegar fund (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Contain með (S)frkvstj-MCL og fund (E)frkvstj-alþjsv með (S)forstj-frystig.
 - Tölvupóstur (S)forstö-flutnstj til (E)frkvstj-flutnkerf 20. júní 2008, en þar var vísað til samskipta deginum áður vegna Vestmannaeyja.
 - Fundur (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Contain með (S)frkvstj-MCL í Rotterdam 23. júní 2008.
 - Fundur (E)forstj og (S)frkvstj-N-Am 25. júní 2008.
 - Samskipti (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj-frystig 27. júní 2008.
 - Tölvupóstur (E)forstj 27. júní 2008 til (E)frkvstj-flutnkerf um að biðja Samskip að hætta TA flutningum.
 - Tölvupóstur (E)forstö-útl til m.a. (E)frkvstj-flutnkerf 1. júlí 2008 vegna tekna af flutningaþjónustu Eimskips í Vestmannaeyjum.
 - Tilvísun (E)frkvstj-flutnkerf til samskipta við Samskip (líklega (S)frkvstj-millilandasv) í tölvupósti frá 3. júlí 2008.
 - Fundur (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl á kaffihúsinu Mokka 4. júlí 2008.
 - Minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv, dagsett 7. og 9. júlí 2008.
 - Tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf til (E)forstj 9. júlí 2008 þar sem (E)frkvstj-flutnkerf varar (E)forstj við því að „láta eftir“ tekjur af flutningaþjónustu Eimskips tengdri Vestmannaeyjum.
 - Fundur eða samtal Eimskips og Samskipa í viku 28, líklegast 9. júlí 2008.
 - Stjórnarfundargerð Samskipa Holding vegna fundar 14. júlí 2008 og glærुकyning (S)forstj á þeim fundi.
 - Skilaboð (S)aðaleig-stjform-SH til (S)forstj 22. júlí 2008 um að (S)frkvstj-MCL og (S)forstj-frystig biðu eftir „update“ vegna fyrirhugaðs fundar með Eimskip og samtal (S)frkvstj-MCL við (E)frkvstj-Contain og tölvupóstur hans til (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH 24. júlí 2008, þ.e. daginn fyrir fundinn með Eimskip, gefa m.a. ótvírætt til kynna að ræða hafi átt á fundinum um tiltekna þætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu, þ.e. „samstarf í „Short sea“ þjónustu“ og „Frystigeymslurekstur“.
 - Samskipti (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-JónaM 24. júlí 2008.



- Sú staðreynd að Samskip bjuggu a.m.k þann 24. júlí 2008 yfir trúnaðarupplýsingum um fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi Eimskips.
- Eðli og innihald þeirra skjala sem (S)forstö-flutnstj sendi 24. júlí 2008 til (S)forstj, kvöldið fyrir fundinn, gefa m.a. ótvírætt til kynna að ræða hafi átt takmörkun flutningsgetu á markaðnum („Fækkun / smækkun skipa“) og „Slotsamningar í siglingakerfinu“. Hvort tveggja voru þættir í „Nýtt upphaf“ verkefni Eimskips og Samskipa.

2334. Þá hefur og þýðingu að (S)stjform-S, helsti samstarfsmaður (S)aðaleig-stjform-SH og framkvæmdastjóri þess fyrirtækis sem hýsti fund Eimskips og Samskipa að morgni 25. júlí 2008, bókaði fund þennan sama morgun til þess að ræða „New beginning“ við (S)aðaleig-stjform-SH.

2335. Ennfremur ber að horfa til framangreindra gagna sem sýna að Eimskip og Samskip unnu á sama tíma að annars vegar aðgerðum sem tengdust með beinum hætti því sem lýst er í „Nýtt upphaf“ glærुकynningunni og hins vegar að aðgerðum tengdum verðsamráði þeirra.

2336. Í sáttinni frá 16. júní 2021 viðurkennir Eimskip að hafa átt í alvarlegu ólögætu samráði við Samskip. Hafi þessi brot falist í tilteknum aðgerðum sem „gripð var til eftir fund með Samskipum 6. júní 2008, sbr. einnig „Nýtt upphaf“ glærुकynningu Eimskips frá 9. júní 2008“. Í þessum alvarlegu brotum fólst m.a. þetta:

„Samráð við Samskip á síðari hluta ársins 2008 um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi.“

2337. Er þessi viðurkenning Eimskips í fullu samræmi við framangreind samtímagögn og hefur því mikla þýðingu í samkeppnisrétti, sbr. kafla 4.7.7.

2338. Með vísan til allra framangreindra gagna telur Samkeppniseftirlitið að fundur Eimskips og Samskipa 25. júlí 2008 hafi verið hluti af hinu ólögæta samráði fyrirtækjanna. Á fundinum hafi verið rætt um málefni sem féllu undir samráð fyrirtækjanna. Eins og eftirfarandi umfjöllun sýnir náðu fyrirtækin áfanga í „Nýtt upphaf“ verkefninu þegar Eimskip takmarkaði flutningsgetu í ágúst 2008. Af samtímagögnum er ljóst að eftir það unnu fyrirtækin áfram að „Nýtt upphaf“ verkefninu og ræddu það á fundum.

2339. Samskip mótmæla því hins vegar að hafa átt í ólögætu samráði við Eimskip. Samskip fjalla um gögn málsins frá 22. – 25. júlí 2008 í mgr. 729 - 734, 738 - 739 og 742 – 748 í athugasemdum við AI. Eins og fyrr segir halda Samskip því fram að (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj myndu ekki eftir því hvort þeir hefðu átt fund með (E)forstj og (E)stjform 25. júlí 2008. Gætu Samskip því ekki fullyrt hvort fundurinn hefði farið fram eða ekki en fyrirtækið fjallar síðan um hvað mögulega hafi farið og ekki farið fram á fundinum. Samskip heldur því fram að Eimskip hafi ekki veitt fyrirtækinu upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi sínu. Samskip segja að í skjalinu „Siglingakerfi – hagræðing.xls“, sem (S)forstö-flutnstj sendi (S)forstj kl. 24. júlí 2008, sé aðeins að finna „eðlilegar vangaveltur í samkeppnisumhverfi.“ Jafnframt halda Samskip því fram að hafi fundurinn 25. júlí 2008 átt sér stað hafi á honum aðeins verið rætt um möguleg kaup Samskipa á eignum af Eimskip. Staðhæfa Samskip að umrædd gögn sýni ekki fram á ólögætt samráð þeirra.

2340. Fjallað er um þessi sjónarmið Samskipa í kafla 25.20. Eins og þar er rökstutt getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þau.



8.14. Eimskip tilkynnir um takmörkun á flutningsgetu og breytta siglingaáætlun

2341. Sama morgun og fundur Eimskips og Samskipa fór fram, þann 25. júlí 2008, sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst kl. 11:05 til (E)forstj, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-alþjvsv o.fl. þar sem fjallað var um undirbúning að breytingu á siglingakerfi Eimskips.¹²⁹¹
2342. Í tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf kemur fram „útfærsla hvernig við ætlum að fara í nýju siglingaáætlunina í byrjun ágúst“ og að það þyrfti að senda „seinna í dag á operation fólkið erlendis hvenær við byrjum á þessu.“ Jafnframt var tekið fram að það þyrfti „að setja eitthvað á netið varðandi þessa breytingu, við erum að fækka um eitt skip í kerfinu okkar fara úr 6 skipakerfi í 5 skipakerfi.“
2343. Skýrt kemur fram í þessum tölvupósti að það yrði skipið Lómur sem hættir að sigla. Það sama kemur fram í skjalinu sem (S)forstö-flutnstj sendi (S)forstj kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008. Þessi tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf staðfestir enn frekar að upplýsingar um þessar fyrirhuguðu breytingar hjá Eimskip voru ekki opinberar þegar fjallað var um þær í skjölum Samskipa og útilokar hann einnig að viðskiptavinir Eimskips hafi vitað af breytingunni 24. júlí 2008 eða fyrr. Verður tölvupósturinn ekki öðruvísi skilinn en að í honum komi fram endanleg ákvörðun um breytinguna og verður að telja ólíklegt að viðskiptavinum hafi fyrir þá ákvörðun verið tilkynnt um breytinguna sem ekki var búið að ákveða endanlega. Í öllu falli liggur fyrir að umrædd breyting var í formi tillögu þann 21. júlí 2008 og bæri að fara með hana sem trúnaðarmál, sbr. kafli 8.13.1. Styður þetta ályktun um ólöglegt samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma.
2344. Tveimur virkum dögum eftir fund (S)forstj með Eimskip, eða þann 29. júlí 2008, sendi hann eftirfarandi tölvupósta sem tengjast samráðsverkefninu:
- Strax í upphafi dags eða kl. 08:16 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-flutnstj (afrit til (S)frkvstj-millilandasv). Í honum sagði (S)forstj að hann myndi eiga fund með stjórn kl. 09:00 og gera þar stuttlega grein fyrir stöðunni. Óskaði (S)forstj eftir því að (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-flutnstj myndu kynna fyrir sér (með „high level“ hætti) tiltekin atriði:
 - (S)forstö-innfl1 ætti að fjalla um; „- vænta magnþróun á 12 m basis og tekjumissi í FK kerfi m.v 180/200/220/240/260 þús. tonn.“
 - (S)forstö-flutnstj eigi að fjalla um siglingakerfin; „- stilla upp valkostum og fjárhagslegum áhrifum sem og sýna táknrænt hvernig kerfi breytast.“¹²⁹²
 - (S)forstj sendi fundarboð (kl. 08:18) til (S)forstö-innfl1 og boðaði fund kl. 10-14:00 þennan sama dag. Umræðuefni fundarins var „Innflutningur“. Í fundarboðinu kvaðst (S)forstj m.a. vilja ræða:
 - „almennt stöðu innflutnings, tækifæri og aðgerðir ...“;
 - „target hópa“,
 - „ábyrgð / eignarhald á kúnnnum og potential kúnnnum (2jablaða kerfi)“ og
 - „Verðskrár-framlegð af þjónustupáttum
 - tækifæri til að hækka
 - tækifæri til að skerða þjónustustig
 - afslættir“.¹²⁹³

¹²⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.98472.

¹²⁹² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.653589.

¹²⁹³ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Fundur boðaður af [...] Doc. ID. 0.7.33.481880.



- (S)forstö-innfl1 sendi tölvupóst stuttu síðar, kl. 8:52, til (S)forstj og afrit til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj og benti á að uppfærð magnáætlun væri ekki 100% tilbúin en ljóst var af tölvupósti (S)forstö-innfl1 að honum var umhugað um það framlegðartap sem leiða myndi af fyrirhuguðum samdrætti í flutningum ef ekki yrði „gripidd til neinna aðgerða“.¹²⁹⁴
- (S)forstj sendi aftur tölvupóst (kl. 9:34) til (S)forstö-innfl1 , (S)forstö-flutnstj og (S)frkvstj-millilandasv. Í honum segir:

„Samantekt ætti að standa saman af eftirfarandi glærum:

Siglingakerfi markaðar og kostnaður við sigl.kerfi

Kostnaður siglingakerfis Samskip mv mism stærðir kerfis

Scenarios

a. 2 ja skipa

b. 4ra (tvö lítil)

c. 4ra óbreytt

Magnáætlun, sbr (S)forstö-innfl1, en niður á vöruflokk, sbr fyrri kynningu

Magnáætlun í sögulegu samhengi

Chart með revesed magnáætlun út árið, þe magn pr viku

*Ræðum nánar.*¹²⁹⁵

2345. Síðar sama dag, 29. júlí 2008, sendi (S)forstö-flutnstj glæsur (kl. 18:54) með heitinu „Kostnaður við siglingakerfi – júlí 2008“ til (S)forstj og síðan leiðréttingu, kl. 19:14. Þriðju útgáfuna sendir hann morguninn eftir kl. 8:54.¹²⁹⁶ Í þessum glærum bar (S)forstö-flutnstj saman ávinning Samskipa af tilteknum aðferðum við að draga úr flutningsgetu með fækkun skipa. Var m.a. horft á áhrif þessa á tekjur Samskipa af flutningum fyrir Alcoa. Einnig var í skjalinu metinn ávinningur Eimskips við að fara úr sex skipa kerfi í fimm skip:

¹²⁹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.653609.

¹²⁹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.653616.

¹²⁹⁶ Afrituð tölvuskjöl frá Samskipum [...] Doc. ID. 0.7.33.482237. Sendi [...] skjalið aftur kl. 19:14 sama dag „uppfært“. Doc. ID. 0.7.33.482260. Aftur sendir [...] skjalið uppfært 30.07.2008, kl. 8:00. Doc. ID. 0.7.33.482318. Aftur sendir [...] skjal um siglingakerfið 30.07.2008, kl. 08:54. Doc. ID. 0.7.33.482386.



Siglingakerfi EÍ

	[mió. kr. pr. ár]
Núverandi 6 skipa siglingakerfi EÍ	5.600
12 aukaskip	200
Samtals	5.800
Breytt 5 skipa siglingakerfi EÍ	5.550
Sparnaður af breytingum	250

2346. Eins og fyrr segir var ekki búið að kynna fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi Eimskips fyrir starfsmönnum fyrirtækisins á þessum tíma og því síður höfðu upplýsingar um þær verið gerðar opinberar.¹²⁹⁷
2347. Eins og fram kemur í kafla 7.7.1 áttu fyrirtækin í samskiptum á þessum tíma. Vísast til þeirra samskipta hér. Horfa má til þess að í hádeginu þennan sama dag, 29. júlí 2008, hittust (E)frkvstj-flutnkerf og stjórnandi hjá Samskipum, (S)stjórnarm-fjármstj, og snæddu saman hádegisverð. Var það að frumkvæði (E)frkvstj-flutnkerf.¹²⁹⁸
2348. Þann 29. júlí 2008 var haldinn fundur með heitinu „Corporate Office“ hjá Eimskip. Mættir voru m.a. (E)forstj og (E)frkvstj-alþj. Fundargerð sýnir að á fundinum hafi verið rætt um „Nýtt siglingakerfi“ og þar segir:
- „Evrópa – 6 skip í kerfinu. Verið að breyta Austurleiðarútunni og fækkað um eitt skip og þannig sparað um 6 milljónir USD ári. Málið skoðað aftur eftir 6 mán reynslutíma. USA – hægja á skipum og lækkuð þannig olíukostnað og minnkum yfirvinnu á höfnum. Færeyjar – Scrabster leið er dottin út, um 140 milljóna árlegur sparnaður“.*
2349. Í fundargerðinni er fjallað um nýja samninga þar segir m.a.: „Samskip – nýr samningur í vinnslu fyrir Ameríkusiglingar“.¹²⁹⁹
2350. Í fundargerðinni segir einnig að setja yrði „breytingar á siglingakerfi“ á innranetið og skoða hvort gefa ætti út fréttatilkynningu. Í fundargerðinni má þannig sjá að á fundi Eimskips hafi verið fjallað um að verið væri að breyta Austurleið fyrirtækisins og fækka skipum um eitt (Lómur hætti siglingum). Lýsingar í áðurnefndum gögnum Samskipa eru í samræmi við þessa breytingu sem þarna var kynnt

¹²⁹⁷ Í tölvupósti til [...] þann 30. júlí, kl. 08:00 gerði [...] aftur leiðréttingu og sagði hann að í tveggja skipa kerfi verði um 1.300 TEU í uppnámi sem jafngildi rúmlega 8.000 tonnum, ef hún tapist verði framlegðartap um 120 m.kr. (heldur minna en í fyrri leiðréttingu). Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.482318.

¹²⁹⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.23721. [...] var forstöðumaður tjonadeildar hjá Samskipum á þessum tíma.

¹²⁹⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.98549.



á fundi Eimskips og sem kom síðar til framkvæmda í ágúst, sbr. skjölin sem (S)forstö-flutnstj sendi (S)forstj annars vegar 24. júlí 2008 og hins vegar 29. júlí sama ár.

2351. Á fundi framkvæmdastjórnar Eimskips sama dag, 29. júlí 2008, var einnig rætt um verðhækkunaraðgerðir gagnvart viðskiptavinum. Þannig kemur fram í fundargerðinni að (E)frkvstj-innanl hefði rætt um „hækkanir á innanlandsflutningum og þjónustugjöldum Flytjanda. Hækkun gjaldskrá 9,8% frá og með 11. ágúst 2008.“ Jafnframt kemur fram að verið væri að ræða við alla stærri viðskiptamenn sem ekki greiddu olúgjald (BAF í sjóflutningi og FAF í landflutningi) eða væru með mjög háan afslátt af olúgjaldi. Þetta væri forgangsverkefni hjá (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-innanl.¹³⁰⁰ Lýsir þetta sömu áherslum og uppi voru hjá Samskipum á þessum tíma.
2352. Þann 30. júlí 2008 var hið breytta siglingakerfi kynnt fyrir starfsmönnum Eimskips. Sýna gögnin að fundarboð innanhúss hjá Eimskip var sent 29. júlí kl. 15:27 af (E)forstö-vörubróun undir heitinu: „Nýtt siglingakerfi – kynning“. Boðaðir til fundarins voru fjólmargir starfsmenn Eimskips.¹³⁰¹ Sem fyrr segir bjuggu Samskip yfir upplýsingum um þessa breytingu nokkrum dögum áður en hún var kynnt almennum starfsmönnum Eimskips.
2353. Þann 31. júlí 2008 sendi (E)forstj tölvupóst til (E)frkvstj-markaðs. Segir í honum: „Þurfum að vinna frétt um hagræðingu í CANADA og USA“. Síðan eru talin upp nokkur atriði sem ættu að koma fram í fréttinni og eitt þeirra var eftirfarandi:
- „Eimskip semur við Samskip og Atlantsskip um flutninga til US.“¹³⁰²
2354. Engin slík frétt var hins vegar send út.
2355. Hér ber að hafa í huga að Eimskip sagði upp Norður-Ameríku samningnum við Samskip tíu dögum eftir að (E)forstj tók við starfi forstjóra fyrirtækisins, eða þann 30. maí 2008. Nokkrum dögum síðar hófst „Nýtt upphaf“ verkefni Eimskips og Samskipa um aukið samstarf fyrirtækjanna. Áframhaldandi samvinna milli fyrirtækjanna í Norður-Ameríku siglingum var hluti af verkefninu og í framangreindri fundargerð vegna „Corporate Office“ fundar 29. júlí 2008 (þar sem sátu m.a. (E)forstj og (E)frkvstj-alþjv) var sagt að nýr slíkur samningur við Samskip væri í vinnslu. Samkvæmt glærुकynningu Eimskips um „Nýtt upphaf“ verkefnið voru bæði (E)forstj og (E)frkvstj-alþjv í vinnuhópi verkefnisins en sá hópur var stofnaður til að taka „verkefnin áfram“. Í tveimur tölvupóstum (E)frkvstj-flutnkerf, annars vegar frá 31. júlí 2008 og hins vegar 5. ágúst 2008¹³⁰³, var miðað við að gerð nýs samnings við Samskip um Norður-Ameríku siglingar yrði lokið um miðjan september 2008. Er það innan þess tímaramma sem kom fram á verkefnalista (E)forstj en þar var áætlað að verkefninu „Nýtt upphaf“ yrði lokið í nóvember 2008, sbr. umfjöllun í kafla 7.3.4 hér að framan.
2356. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj spurður um framangreind ummæli hans í ljósi þess að þann 31. júlí 2008 lá ekki fyrir nýr samningur við Samskip. Svaraði (E)forstj svo:
- „... kannski, kannski á þessum tíma fæ ég upplýsingar um að það sé verið að klára þessa samninga og ég er að spyrja er eitthvað nýtt um Ameríku og þá fæ ég þetta, þessar upplýsingar úr businessnum.“¹³⁰⁴
2357. Í málinu hafa engin samtímagögn fundist sem styðja þessa frásögn (E)forstj.
2358. Í ljósi framangreinds vekur sérstaka eftirtekt að (E)forstj hafi beint því til framkvæmdastjóra samskiptasviðs Eimskips að undirbúa framangreinda frétt um samning við Samskip. Að undanskildum

¹³⁰⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð 29. júlí 2008“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.253663.

¹³⁰¹ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.392165.

¹³⁰² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.303254.

¹³⁰³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Cost Saving Measures Autumn 2008 5 08 08.ppt“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.98702. [...] vistaði skjalið hjá sér sama dag kl. 14:33. Doc. ID. 0.7.33.90832.

¹³⁰⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 170.



fundinum með Samskipum 25. júlí 2008 er ekkert í samtímagögnum sem skýrir framangreindan tölvupóst [\(E\)forstj](#) og vissu hans um að fyrirtækin væru að ljúka eða hefðu lokið samningi um samstarf í Norður-Ameríku siglingum. Með hliðsjón af öðrum samtímagögnum verður að ætla að [\(E\)forstj](#) hafi metið fund Eimskips með [\(S\)forstj](#) og [\(S\)aðaleig-stjform-SH](#) þann 25. júlí 2008 það árangursríkan að tilefni væri til að birta jákvæða frétt um að Eimskip væri að semja við Samskip.¹³⁰⁵

2359. Eins og að framan greinir gerði Eimskip breytingu á siglingakerfi sínu milli Íslands og Evrópu sem tók gildi í fyrstu viku ágústmánaðar 2008. Helsta breytingin var, eins og áður segir, að Austurleið var lögð af hvað varðar viðkomur á Íslandi. Í umfjöllun innan Eimskips var talað um að breytt hafi verið úr sex skipa kerfi í fimm skipa kerfi. Hins vegar var í raun skipum fækkað úr sex skipum í fjögur hvað varðar siglingar milli Íslands og Evrópu. Fimmta skipið í breyttu kerfi sinnti eingöngu flutningum milli Færeyja og Evrópu en sú siglingaleið hafði í janúar 2008 verið sameinuð siglingakerfi Eimskips, sem Austurleið, en hafði áður tilheyrt dótturfélaginu Faroe Ship. Aðrar siglingaleiðir, Norðurleið og Suðurleið, tóku einnig breytingum. Á Norðurleið var bætt við höfnum (Reyðarfjörður, Fredrikstad og Gautaborg) en Hamborg sleppt. Á Suðurleið var Hamborg bætt við sem viðkomuhöfn hjá Eimskip.
2360. Hafði framangreind breyting í för með sér verulega minnkun á flutningsgetu Eimskips milli Íslands og Evrópu eða sem nam tveimur skipum (Blikur og Lómur, hvort um 700 TEU). Bæði skipin höfðu haft viðkomu á Íslandi á tveggja vikna fresti eða eitt skip vikulega. Engin breyting var gerð á þessum tíma á Norður-Ameríkuleið en í byrjun desember 2008 var annað skipið (Celia) tekið af þeirri leið, sbr. umfjöllun hér á eftir.
2361. Líkt og fjallað er um hér að framan missti Eimskip, við þessa breytingu í ágúst 2008, tengingu á milli Austurlands/Norðurlands og Bretlands (Immingham). Bretland var mikilvægt markaðssvæði fyrir ferskan fisk, sbr. umfjöllun hér að framan. Mögulegar lausnir Eimskips á því voru að flytja gáma með fiski landleiðina til Reykjavíkur í veg fyrir Suðurleið eða flytja með Norðurleið í gegnum Rotterdam til Immingham, sbr. tölvupóst frá [\(E\)frkvstj-EimÍsl](#) til [\(E\)deildstj-útf1](#) 1. ágúst 2008 og tölvupóst [\(E\)svæðisstj3](#) til [\(E\)frkvstj-EimÍsl](#), [\(E\)frkvstj-alþjsv](#), [\(E\)frkvstj-innanl](#) o.fl. þann 9. september sama ár.¹³⁰⁶ Einnig var mögulegt að flytja fiskinn með Samskipum (Leið 2) frá Reyðarfirði til Færeyja í veg fyrir Austurleið eða beint á Immingham, sbr. umfjöllun hér á eftir um fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips 15. september 2008. Gat þetta verið fýsilegur kostur sérstaklega meðan tvö skip voru á þeirri leið hjá Samskipum. Gögn málsins sýna framgang þessa hluta samráðsins milli fyrirtækjanna, sjá t.d. verkefnalisti Samskipa 18. ágúst 2008 („*Sjóflutningur*“: „*Tilboð til Eimskipa*“), áðurgreinda fundargerð Eimskips frá 15. september 2008 og tölvupósta milli [\(E\)frkvstj-flutnkerf](#) og [\(S\)frkvstj-millilandasv](#) 5., 14. og 15. október 2008, sbr. umfjöllun hér á eftir.
2362. Breytingin á siglingakerfi Eimskips sem fólst í að hætta með Austurleið til og frá Íslandi hafði sem fyrr segir í för með sér umtalsverðan niðurskurð sem fólst í verulegri minnkun á flutningsgetu. Með sama hætti hafði viðkoma Norðurleiðar á Reyðarfirði það í för með sér að skapa aðstæður fyrir Eimskip og Samskip til að samnýta siglingaleiðirnar (Norðurleið (Eimskip) og Leið 2 (Samskip)) fyrir ál- og fiskflutninga frá Austfjörðum (m.a. vegna Aloca) til Immingham og Rotterdam með, eftir atvikum, mögulegri umskipun í Færeyjum. Með sambærilegum aðgerðum Samskipa í október 2008 var gengið enn lengra í þessa átt til mögulegrar samnýtingar og um leið til takmörkunar á samkeppni á þessum flutningaleiðum. Vísast nánar um þetta til umfjöllunar í kafla 9.5.
2363. Eftir samfellda undirbúningsvinnu beggja fyrirtækjanna frá byrjun júní 2008 og margítrekuð samskipti þeirra gekk, með breytingu á siglingakerfi Eimskips, eftir hluti af samráðsverkefni Eimskips og Samskipa. Um þetta efni vísast til þess að í glærुकynningu [\(E\)forstj](#) um „*Nýtt upphaf*“ verkefnið kemur eftirfarandi fram á glæru um slotsamninga í siglingakerfinu:

¹³⁰⁵ Á þessum tíma birtust reglulega neikvæðar fréttir um Eimskip, t.d. vegna ábyrgðar félagsins vegna 280 milljón dala láns í tengslum við XL Leisure group og lækkunar á gengi bréfa félagsins í Kauphöllinni.

¹³⁰⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.98640. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.102136.



- „Evrópurútur
 - *Endurskoða siglingakerfi félaganna með það að leiðarljósi að lágmarka kostnað*
 - *Skipting á erlendum höfnum*
 - *Fækkun / smækkun skipa*"

2364. Samskip fjalla um framangreind atvik í mgr. 754 – 760 og 1009 í athugasemdum við AI og telja að þau gefi ekki til kynna ólöglegt samráð við Eimskip. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á sjónarmið Samskipa að þessu leyti, sbr. umfjöllun í kafla 25.21.

2365. Í sáttinni frá 16. júní 2021 viðurkenndi Eimskip að hafa átt í samskiptum og samstarfi við Samskip sem hafi falið í sér alvarleg brot gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Í því fólst m.a. samráð við Samskip á síðari hluta ársins 2008 um breytingar á siglingakerfum og takmörkun flutningagetu í sjóflutningum til og frá Íslandi, sbr. tölul. 1.1. í 1. gr. sáttar við Eimskip frá 16. júní 2021.

8.15. Samskipti og verðhækkunir í ágúst og september 2008

2366. Í lok júlí og byrjun ágúst 2008 var áfram unnið að breytingum á siglingakerfi og aðgerðum til verðhækkunar hjá Eimskip. [\(E\)frkvstj-flutnkerf](#) sendi þannig tölvupóst til [\(E\)forstö-flutnstý](#) 31. júlí 2008 og meðfylgjandi honum var aðgerðaáætlun þar sem hann taldi upp „*aðgerðir sem við erum að fara í USA-Canada-Evrópa og kannski tímáplan*“. Í fylgiskjalinu segir að gripið skuli til m.a. eftirfarandi aðgerða:

- Hækka verð í Norður-Ameríku flutningum um 4-7,9%.
- Endurnýja samning við Samskip frá miðjum september 2008.
- Gera nýjan samning við Atlantsskip.
- Leggja á nýtt gjald um leigu á gámagrindum („*chassis fee*“).
- Innheimta BAF (olíugjald) hjá öllum viðskiptavinum.
- Fækka skipum úr sex í fimm í Evrópusiglingum.¹³⁰⁷

2367. Er þetta m.a. til stuðnings því að hjá Eimskip var verðhækkun hluti af sömu áætlun og samvinna við keppinauta. Sömu stjórnendur Eimskips og Samskipa sem voru í samskiptum á þessum tíma höfðu aðkomu að hvoru tveggja.

2368. Daginn eftir var í tölvupósti [\(E\)frkvstj-EimÍsl](#) til m.a. [\(E\)forstj](#), [\(E\)frkvstj-alþjsv](#) og [\(E\)frkvstj-flutnkerf](#) fjallað um tækifæri tengd umræddum breytingum á siglingakerfinu og að það þyrfti að huga að breytingu á verði. Lagði hann til að haldinn yrði fundur um þetta.¹³⁰⁸

2369. Gögn frá júlí 2008 sýna að Eimskip stefndi að verðhækkun um miðjan ágúst (sjá t.d. kafla 8.9.4). Auk þess laut ein af hækkunaraðgerðum fyrirtækisins að því að innheimta olíuálag (BAF) af viðskiptavinum, sbr. m.a. framangreindan tölvupóst [\(E\)frkvstj-flutnkerf](#) og fundargerðir frá fundum stjórnenda Eimskips 29. júlí 2008, sbr. kafli 8.14.¹³⁰⁹ Þá laut ein af hækkunaraðgerðum Eimskips að því að taka upp nýtt gjald fyrir leigu á gámagrindum („*Chassis fee*“) í Norður-Ameríkusiglingum. Um

¹³⁰⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip [...] Doc. ID. 0.7.328.24106.

¹³⁰⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip [...] Doc. ID. 0.7.33.98640.

¹³⁰⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Fundargerð Corporate office-29_júlí-08.pdf*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.98549.



framangreint hafði verið fjallað í byrjun júlímánaðar 2008, þegar (E)frkvstj-flutnkerf sendi eftirfarandi tölvupóst til (E)forstj og afrit til (E)frkvstj-EimÍsl:

„Spurning hvort við gætum sett hækkun á B/L¹³¹⁰ og á add fee og búið til nýtt gjald sem heitir chassis fee

Getur þú listað upp viðskiptavinina sem eru að flytja með okkur frá USA og hvað þeir eru að borga, erum við að rukka CP gjald og BAF á alla???”¹³¹¹

2370. Gögn málsins sýna að (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv voru í samskiptum í byrjun júlí 2008. Fjallað er nánar um atvik sem varða samráð Samskipa og Eimskips vegna innheimtu olúgjalds (BAF) í kafla 14.55, sbr. einnig frekari umfjöllun um upptöku á „chassis fee“ í kafla 10.5.2.

2371. Sama dag og (E)frkvstj-flutnkerf sendi áðurnefndan tölvupóst um Samskip og hækkunaraðgerðir, þ.e. 31. júlí 2008, sendi (S)forstö-innfl1 tvo tölvupósta, til samstarfsmanna hjá Samskipum. Sýna þeir sambærilega framkvæmd og aðgerðir til undirbúnings verðhækkunum og hjá Eimskip:

- Í þeim fyrri kallaði hann eftir tilteknum upplýsingum til undirbúnings hækkunar á verði um miðjan ágúst 2008:

„Við stefnum að setja þetta út á markaðinn 15. ágúst og ég þarf að vera klár með tillögu að gjaldskrárhækkun strax í næstu viku. Mér sýnist að ég þurfi að hækka LCL THC um 40-50%”¹³¹²

- Í hinum síðari undirbjó (S)forstö-innfl1 undirmenn sína (viðskiptastjóra innflutnings) undir að svara viðskiptavinum Samskipa ef þeir gerðu athugasemdir við mikla hækkun á olúgjaldi (BAF) sem yrði í ágúst:

„Eg er með gögn sem styðja þessa miklu hækkun á BAF-inu. Látið mig vita ef þið þurfið þau til að réttlæta þetta gagnvart viðskiptavinum okkar.”¹³¹³

- Hafa ber og í huga að á stjórnarfundum Samskipa Holding 14. júlí 2008 hélt (S)forstj kynningu, þar sem komu fram aðgerðir Samskipa m.a. um að auka tekjur vegna olúgjalds (BAF), sbr. umfjöllun í kafla 8.10.1. Áðurnefnd „mikil“ hækkun Samskipa á BAF (23%),¹³¹⁴ sem (S)forstö-innfl1 vísaði til í tölvupóstinum 31. júlí 2008, var í samræmi við þessa stefnumörkun forstjórans á stjórnarfundinum.

2372. Hér ber einnig að rifja upp að Eimskip og Samskip áttu samráðsfund í viku 28 á árinu 2008. Ekki er úrslitaatriði í samráðsmáli sem þessu að finna nákvæma dagsetningu en gögn málsins sýna að líklegast hafi viðræðurnar farið fram 9. júlí 2008, sbr. kafla 8.9.5.4. Þá ræddu fyrirtækin saman 24. júlí 2008 og var fundur haldinn 25. júlí 2008, sbr. kafla 8.13. Ber að horfa til framangreindra tölvupósta (E)frkvstj-flutnkerf og (S)forstö-innfl1 frá 31. júlí 2008 í þessu ljósi.

2373. Samkvæmt áðurnefndum tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf frá 31. júlí 2008 var það hluti af aðgerðaáætlun Eimskips að tryggð yrði að allir viðskiptavinir greiddu olúgjald (BAF), auk annarra verðhækkana. Samkvæmt tölvupósti (S)forstö-innfl1 frá sama degi átti að hækka olúgjaldið (BAF) ásamt öðrum verðhækkunum hjá Samskipum. Þá hittust (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl á fundi á Mokka 4. júlí 2008 þar sem aukið samstarf fyrirtækjanna var til umræðu. Samhliða þessum verðhækkunum fyrirtækjanna í sjóflutningum voru í undirbúningi hjá þeim báðum verðhækkunar á landflutningum.

¹³¹⁰ B/L er skammstöfun fyrir e. *Bill of Lading* þ.e. farmbréf.

¹³¹¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.276038.

¹³¹² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.654082.

¹³¹³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.654325.

¹³¹⁴ Samkvæmt afhentum gögnum Samskipa var BAF-gjald per. TEU í júlí 2008 310 USD. Samkvæmt þeim afhentu gögnum og tölvupósti [...] til [...] 31.07.2008 hækkaði BAF-gjaldið Samskipa í 380 USD í ágúst 2008. Afhent gögn frá Samskipum, afhent 24.11.2017, viðauki 6.



2374. Hér skiptir einnig máli að nokkrum dögum síðar, þann 5. ágúst 2008, var bæði innan Samskipa og Eimskips aftur unnið að aðgerðum tengdum BAF innheimtu og verðhækkunum sem kæmu til framkvæmda um miðjan ágúst. Var það gert jafnvel þótt innan Samskipa kæmu fram sterkar vísbendingar um talsverðan samdrátt í eftirspurn eftir flutningum. Í glærुकyningunni „June Report“ sem varðaði Samskip á Íslandi og útbúin var 29. júlí 2008¹³¹⁵ (og send öllum fyrirtækjum innan samstæðunnar þann 5. ágúst 2008) sagði m.a. eftirfarandi:

*„We are however being hit with more drop in import volumes (actually much more) now the last two weeks of July, and did therefore start a process of further revising the budget, to be concluded by mid of august and to be reported to board during next „monthly report“.*¹³¹⁶

2375. Almenn samkeppnislögmál leiða til þess að varhugavert getur verið fyrir fyrirtæki að hækka verulega verð þegar eftirspurn dregst saman. Getur það leitt til þess að eftirspurn minnki enn frekar og/eða skapað keppinautum færi á að ná til sín viðskiptavinum þess fyrirtækis sem hækkar verð. Í ljósi þessa kemur ekki á óvart að þegar tilkynnt var um verulega verðhækkun Samskipa síðar í ágúst 2008 var innan fyrirtækisins lýst yfir efasemdum um hana í ljósi mikils samdráttar í eftirspurn og spurt hvaða áhrif hún hefði á samkeppnisstöðuna gagnvart Eimskip, sbr. nánar hér á eftir í kafla 8.15.10. Þessar efasemdir eða viðvaranir höfðu hins vegar ekki áhrif á stjórnendur Samskipa enda skapaði ólögmætt samráð við Eimskip grunn og aðstæður til þess að ná þessum hækkunum í gegn. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samráðið við Eimskip hafi gert Samskipum kleift að ástunda þessa skaðlegu hegðun en ekki fákeppnisaðstæður á markaðnum.

2376. Í umræddum gögnum Eimskips og Samskipa frá 5. ágúst 2008 var, auk umfjöllunar um verðhækkunaraðgerðir og BAF, einnig fjallað um önnur atriði sem tengdust samráði fyrirtækjanna. Skal þessu lýst nánar:

- Tölvupóstur frá (S)forstj til (S)forstö-innfl1 (sendur kl. 09:44). Í honum kvaðst (S)forstj ætla að boða til fundar um annars vegar „kerfin“ og hins vegar „almennt um innflutning“. Um innflutning sagði að m.a. yrði rætt um „innleiðingu hækkana frá 15. ágúst.“¹³¹⁷ Sem fyrr segir var ljóst á þessum tíma að eftirspurn eftir þessari þjónustu væri að dragast saman. Þrátt fyrir það treystu Samskip sér til þess að ráðast í verðhækkanir og í gögnum málsins er ekki að finna ótta við viðbrögð frá helsta keppinautnum, Eimskip.
- Tölvupóstur frá (S)forstj til (S)forstö-flutnstj (sendur kl. 09:49). Þessi tölvupóstur varðaði einnig skipulagningu funda og kvaðst (S)forstj ætla að „bóka fund á morgun, framhaldsfund frá sl. viku vegna kerfanna.“ Einnig kom fram að rætt hafi verið um að (S)forstö-flutnstj tæki eftirfarandi upplýsingar saman fyrir fundinn:

„-jaðarmarkaðir, greina betur

- magn per höfn í kerfinu

- uppreikn á kerfi

- kranapæling

-scenarious 1-4 þmt Grundartangi

-magnmyndin, náí fyrir næstu árin, þmt þegar bílar „detta“ inn á markaðinn

¹³¹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.481897. Í tölvupóstinum kveðst [...] hafa lokið yfirlit á „June report“ og einungis gert „smávægilegar textabreytingar.“

¹³¹⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.483524.

¹³¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.655179.



Vinsamlega taka jafnframt saman yfirlit yfir tekjur/magn sem myndað hefur með RFJ (Reyðarfirði) viðkomu frá því að við byrjuðum að sinna Kárahnjúkum væntanlega í kringum 2003, niður á ár. Það ætti að gefa okkur mynd af því hvað Bakki gæti gefið af sér.

Jafnframt, í samhengi við kranapælingar, hver er verðmunur á kranalausum og kranaskipum, þegar jafnframt er tekið tillit til aukins kostnaðar við kranaskip og verri nýtingar ... mat á stóru myndinni hvað það varðar.

Við gefum okkur svo góðan tíma á morgun.¹³¹⁸

- Tölvupóstur frá (E)frkvstj-flutnkerf til (E)forstj, (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Eimísl, sendur 5. ágúst 2008 kl. 13:13 undir heitinu „Aðgerðir á næstunni.“ Meðfylgjandi var glærुकyning og þar sagði m.a.:

„USA/Canada: Revenue Increases

* Rate increase from middle of Agust 4-7,9% to our customers

* Renew contract with Samskip from sept 2008 increase abt. 600-USD per 40' container 600x15x26= USD 234.000 per year. [...]

* New Chassis fee in USD [...]

* Charging all import customers BAF per year USD 200.00¹³¹⁹

2377. Gerð nýs Norður-Ameríku samnings var í samræmi við glærुकyninguna um „Nýtt upphaf“ verkefnið. Þá er ljóst að orðalagið „Scenarios 1-4“ í áður nefndum tölvupósti (S)forstj frá 5. ágúst 2008 vísar til þeirra samráðstillagna eða sviðsmynda sem koma m.a. fram í skjölunum sem (S)forstö-flutnstj sendi (S)forstj kvöldið fyrir fund hans og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip 25. júlí 2008, sbr. kafla 8.13.1. Í þeim skjölum var lýst breytingum á siglingakerfum og skipastóli og ólögsmætu samráði við Eimskip um takmörkun á flutningsgetu og markaðsskiptingu. Ber að virða þetta allt í samhengi við fund Samskipa og Eimskips 25. júlí 2008 og samráð fyrirtækjanna í heild sinni. Eins og lýst verður hér á eftir benda gögn málsins einnig til þess að daginn eftir, 6. ágúst 2008, hafi átt sér stað frekari samskipti milli Eimskips og Samskipa.

2378. Í mgr. 761 og áfram í athugasemdum Samskipa við AI er því mótmælt að framangreind gögn tengist eða séu til stuðnings framkvæmd hins „ímyndaða“ „Nýtt upphaf“ verkefnis á þessum tíma. Eins og rökstutt er í kafla 25.22 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa.

8.15.1. Samskipti fyrirtækjanna 6. ágúst 2008

2379. Framangreind gögn frá 5. ágúst 2008 gefa þannig til kynna áframhaldandi undirbúning og framkvæmd á verðhækkunum hjá báðum fyrirtækjunum og að (S)forstj hafi ráðgert fund með öðrum stjórnendum Samskipa daginn eftir um málefni sem tengdust samráði Samskipa og Eimskips sem fjallað var um í „Nýtt upphaf“ glærुकyningunni frá byrjun júní 2008.

2380. Hér ber að líta til eftirfarandi gagna (S)forstj og (E)forstj frá 6. ágúst 2008:

- Tölvupóstur frá (S)forstj til (S)frkvstj-MCL. Efnið var „baltic“ og í honum var eingöngu spurt; „have you heard from containerships“. Tölvupósturinn var sendur kl. 10:19.¹³²⁰

¹³¹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.483314.

¹³¹⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Revenue Increases and Cost Saving Measures Containers and Vessels“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.98702.

¹³²⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.483632.



- Dagbók (E)forstj. Bókaður fundur kl. 10-10:30 og heiti hans var „[(E)frkvstj-Contain] ContainerShip [símanúmer]”.¹³²¹ Sem fyrr segir var (E)frkvstj-Contain framkvæmdastjóri Containerships.
2381. Samkvæmt þessu voru (S)forstj og (E)forstj á nánast sama tíma þennan morgun að fjalla um dótturfélag Eimskips, Containership. Samvinna þess félags við Samskip var hluti af „Nýtt upphaf” verkefningu (samráð í „short sea” siglingum, sbr. glærुकynningu (E)forstj um „Nýtt upphaf” verkefnið frá 9. júní 2008).
2382. Í mgr. 772 í athugasemdum Samskipa við AI segir að fráleitt sé að tengja umræddan tölvupóst (S)forstj til (S)frkvstj-MCL við fundinn hjá (E)forstj. Í tölvupóstinum hafi (S)forstj einungis verið að „fylgja eftir því verkefni sem (S)frkvstj-MCL var falið á stjórnarfundum félagsins þann 6. júní 2009, þ.e. að kanna áhuga Eimskips á sölu á finnska félaginu Containerships og frystigeymslum í Hollandi.”
2383. Samkeppniseftirlitinu er ekki ljóst hvað Samskip eiga hér við. Væntanlega er ártalið 2009 misritað og Samskip vísi hér til stjórnarfundar 6. júní 2008. Þá ber að líta til þess að í mgr. 551 í athugasemdum við AI halda Samskip því hins vegar fram að stjórnarfundum Samskipa hf. sem stóð til að halda 6. júní 2008 hafi verið frestað. Fundur (S)forstj, (S)aðaleig-stjform-SH, (E)forstj og (E)stjform var aftur á móti haldinn 6. júní 2008. Samkvæmt afhentum fundargerðum Samskipa, vegna stjórnarfundar Samskipa hf., var ekki stjórnarfundur 6. júní 2008 og sjónarmið Samskipa fela væntanlega ekki í sér að (S)frkvstj-MCL hafi á fundinum með Eimskip verið falið viðkomandi verkefni. (S)frkvstj-MCL var hins vegar beðinn af (S)forstj að annast tiltekið verkefni. Gerði (S)forstj það með tölvupósti sem hann sendi (S)frkvstj-MCL 10. júní 2008. Öndvert við það sem Samskip halda fram var (S)frkvstj-MCL ekki falið að kanna áhuga Eimskips á sölu Containerships heldur þess í stað að ræða við (E)frkvstj-alþjv og (E)frkvstj-Contain um samstarf í „short sea” siglingum. Þetta kemur skýrt fram í tölvupósti (S)forstj frá 10. júní 2008 til (S)frkvstj-MCL („Eimskip are interested to seek for opportunities to co-operate with us on our short sea [...]”).
2384. Skýring Samskipa á þessum gögnum frá 6. ágúst 2008 er því ekki trúverðug.
2385. Samkeppniseftirlitið áréttar að (S)forstj skipulagði þann 10. júní 2008 fund (E)frkvstj-alþjv og (E)frkvstj-Contain með (S)frkvstj-MCL til að ræða þann þátt samráðsverkefnisins sem laut að „short sea” siglingum. Sá fundur fór fram 23. eða 24. júní 2008 í Hollandi. (E)frkvstj-alþjv upplýsti við skýrslutöku hjá lögreglu að í kjölfarið hefðu (S)frkvstj-MCL og (E)frkvstj-Contain átt í frekari samskiptum. Samkvæmt fundargerð stjórnarfundar Samskipa Holding þann 14. júlí 2008 ætluðu (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH að „follow up on this through their end in Iceland ...” varðandi a.m.k. samráð við Eimskip að þessu leyti. Þann 24. júlí 2008, daginn fyrir fund (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj með Eimskip, hafði (S)frkvstj-MCL í tölvupósti til þeirra vísað til samtals sem hann hafði átt við (E)frkvstj-Contain þennan sama dag. Jafnframt sýnir sá tölvupóstur (S)frkvstj-MCL að honum hafi verið kunnugt um samskipti (S)forstj við Eimskip og heildarmat á gögnum málsins gefur til kynna að þau samskipti hafi átt sér stað eftir 6. júní 2008. (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH hittu síðan Eimskip 25. júlí 2008. Rétt er hér einnig að hafa í huga tölvupóst sem erlendur stjórnandi hjá Samskipum sendi (S)aðaleig-stjform-SH 8. nóvember 2008 og (S)aðaleig-stjform-SH framsendi hann sama dag til (S)forstj. Þar greindi hann frá viðræðum við (E)frkvstj-Contain 6. nóvember 2008 í Hamborg. Þeir hafi rætt um samstarf fyrirtækjanna og aðstæður á markaði („We talked about our cooperation and market situation.”). Jafnframt hafi (E)frkvstj-Contain greint Samskipum frá því að Containerships væri mögulega til sölu.¹³²²
2386. Samkvæmt framangreindu höfðu Samskip og Eimskip átt í samskiptum bæði fyrir og eftir 6. ágúst 2008 um samstarf vegna Containerships/„short sea” siglinga. Í tölvupósti (S)forstj frá 6. ágúst 2008

¹³²¹ Afrituð dagbókarfærsla Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.303367.

¹³²² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.33.528249.



fólst spurning til (S)frkvstj-MCL um það hvort hann hefði heyrð í (E)frkvstj-Contain. Á nánast nákvæmlega sama tíma ætlaði (E)forstj að ræða við (E)frkvstj-Contain í síma.

2387. Þegar gögnin frá 6. ágúst 2008 eru virt í samhengi við allt framangreint standa líkur til þess að samskipti hafi átt sér stað þennan dag milli Eimskips og Samskipa. Er líklegt að þau hafi verið milli (S)forstj og (E)forstj. Einnig kann að vera að (E)frkvstj-Contain og (S)frkvstj-MCL hafi aftur rætt saman eftir hvatningu frá a.m.k. (S)forstj. Ber í því samhengi að hafa í huga að orðlagið í áður nefndum tölvupósti, sem (S)aðaleig-stjform-SH framsendi til (S)forstj 8. nóvember 2008, gefur til kynna viðræður um yfirstandandi samstarf milli Eimskips og Samskipa að þessu leyti en ekki viðræður um að hefja samstarf. Hvað sem þessu líður telur Samkeppniseftirlitið að gögnin frá 6. ágúst 2008 sýni áframhaldandi vinnu við „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna.
2388. Næstu daga var áfram innan Samskipa unnið að verðhækkunaraðgerðum og málefnum tengdum „Nýtt upphaf“ verkefninu. (S)forstj sendi þannig 7. ágúst 2008 fundarboð til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj og boðaði fund kl. 14:00 sama dag um „Kerfin“ og vísaði til: „Sbr fyrri umræður“. Samkvæmt fundarboði varði fundurinn samtals í þrjár klukkustundir.¹³²³ Daginn eftir sendi hann tölvupóst til (S)forstö-flutnstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1. Efni hans var „kerfin“ og kom fram að komin væri „endanleg mynd“ á magnáætlun hjá (S)forstö-innfl1.¹³²⁴ (S)forstj sendi einnig þennan sama dag fundarboð til (S)forstö-innfl1 og boðaði fund kl. 14:00. Á honum átti að ræða: „1) Klárur magnáætlun frá því í gær. 2) Verðskrá, frá fyrri fundi“. Fundartími skyldi vera tvær og hálf klukkustund.¹³²⁵ Einnig var í tölvupóstum innan Samskipa þann 8. ágúst 2008 fjallað um fyrirhugaða hækkun Eimskips á verði á landflutningum sem taka ætti gildi mánudaginn 11. ágúst. Verðmunurinn eftir hækkunina var sagður almennt vera 8-10%.¹³²⁶

8.15.2. Forstjóri Samskipa spurður um gang viðræðna við Eimskip

2389. Þann 11. ágúst 2008 sendi (S)frkvstj-Silver, framkvæmdastjóri Silver Sea, tölvupóst til (S)forstj. Í honum var (S)forstj spurður um eftirfarandi:

„Eimskip/CTG- any news/developments?“¹³²⁷

2390. Sem fyrr segir var Silver Sea norskt skipafélag sem var í helmings eigu Samskipa. Eimskip-CTG var norskt dótturfélag Eimskips. Bæði þessi félög sérhæfðu sig í flutningum á kældum eða frystum sjávararafurðum á Norður-Atlantshafi, m.a. frá Íslandi. Hafa ber þetta einnig í huga:

- Í kafla 6.7.5 er gerð grein fyrir gögnum frá apríl og maí 2008. Þau sýna undirbúning að skýrslum um Eimskip sem félag (S)aðaleig-stjform-SH, Egla, vann að beiðni hans. Var lokið við fyrri skýrsluna í maí 2008 og (S)aðaleig-stjform-SH sendi (S)forstj seinni skýrsluna kvöldið fyrir fundinn 6. júní 2008 með Eimskip. Er rökstutt að mikill ábati gæti falist í auknu samráði við Eimskip og fjallað er m.a. um sjóflutninga til og frá Íslandi og Silver Sea og Eimskip-CTG. Kemur einnig fram að ósætti hafi verið milli Silver Sea og Eimskip-CTG en (S)frkvstj-Rotterdam væri að vinna í því að bæta samskiptin við Eimskip að þessu leyti. Gefa gögnin til kynna að Egla hafi við undirbúning á þessari athugun fyrir (S)aðaleig-stjform-SH átt m.a. í samskiptum við framangreindan (S)frkvstj-Silver, sbr. tölvupóst (S)forstö-flutnstj til starfsm-Egla frá 6. maí 2008 sem lýst er í kafla 6.7.5.
- Líta ber til þess sem fram kom í „Samstarf í „Short sea“ þjónustu“ glærunum í „Nýtt upphaf“ glærukynningunni. Þar kemur m.a. fram að skoða ætti að leggja „saman félögin Eimskip-

¹³²³ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...]. Fundur bókaður af [...] 07.08.2008, kl. 08:26. Fundur sama dag kl. 14-17. Doc. ID. 0.7.33.656267.

¹³²⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]. Doc. ID. 0.7.33.657132.

¹³²⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. Dagbók [...]. „ekkert heiti“. Fundur bókaður af [...] 08.08.2008, kl. 09:04. Fundartími sami dagur 13-15:30. Doc. ID. 0.7.33.656933.

¹³²⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.484476. Á þessum tíma hafði Eimskip sent út tilkynningu um hækkunina m.a. til Samskipa.

¹³²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.485253.



CTG og Silversea". Einnig átti að skoða það að leggja saman „spot“ viðskipti á sviði frystiskipaþjónustu og stofna sameiginlegt fyrirtæki Eimskips og Samskipa.

- Þá ber að líta til þess að „short sea“ samvinna var rædd á fundi (E)frkvstj-alþjsv, (E)frkvstj-Contain og (S)frkvstj-MCL 23. júní 2008, sbr. kafla 7.7 og 8.2.3.
- (S)frkvstj-Silver sendi tölvupóst til (S)forstj 8. júlí 2008, sbr. kafla 8.9.5.1. Telur Samkeppniseftirlitið að í tölvupóstinum hafi (S)frkvstj-Silver spurt (S)forstj hvenær hann ætti næst fund með Eimskip.
- Í fundargerð Samskipa Holding vegna stjórnarfundar 14. júlí 2008 var sagt að fundur með Eimskip vegna „short sea“ samvinnu hafi verið „jákvæður“ og að (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH ætluðu að ræða við Eimskip á Íslandi, sbr. kafla 8.10.1.
- (S)frkvstj-MCL og (E)frkvstj-Contain ræddu saman 24. júlí 2008 og Eimskip og Samskip funduðu daginn eftir, sbr. kafla 8.13.

2391. Gefur áður nefndur tölvupóstur (S)frkvstj-Silver frá 11. ágúst 2008 til kynna að (S)frkvstj-Silver hafi verið farið að lengja eftir fréttum af viðræðum (S)forstj við Eimskip um „short sea“/frystiskipaþjónustu. Gefur tölvupósturinn jafnframt til kynna að þessi áform hafi verið til athugunar á þessum tíma, eins og aðrir þættir „Nýtt upphaf“ verkefnisins.

2392. Í mgr. 777 í athugasemdum Samskipa við AI er því mótmælt að þessi tölvupóstur (S)frkvstj-Silver tengdist hinu „ímyndaða“ „Nýtt upphaf“ verkefni. Eins og rökstutt er í kafla 25.22.2 er Samkeppniseftirlitið ekki sammála Samskipum hvað þetta varðar.

8.15.3. Samskipti framkvæmdastjóra landflutninga og verðhækkun Eimskips á landflutningum 11. ágúst 2008

2393. Hér ber að rifja upp að (E)frkvstj-innanl hitti (S)frkvstj-innanl á fundi á kaffihúsinu Mokka 4. júlí 2008 og telur Samkeppniseftirlitið að fjallað hafi verið um samráð Eimskips og Samskipa í landflutningum á þeim fundi. Hafi þessi fundur tengst landflutningahlutanum í „Nýtt upphaf“ verkefninu, sbr. kafla 8.7.

2394. Þann 17. júlí 2008 sendi (S)frkvstj-innanl tölvupóst til Samtaka verslunar og þjónustu, SVÞ. Afrit af þeim tölvupósti var sent til (E)frkvstj-innanl. Í þessum tölvupósti (S)frkvstj-innanl sagði: „Ég og [(E)frkvstj-innanl] hefðum áhuga á að fá að ræða við þig um ákveðið mál er okkur finnst eðlilegt að fara í gegnum SVÞ. Ég verð í fríi fram að 9. ágúst þannig að það væri fint fyrir mig í byrjun vikunnar þar á eftir.“¹³²⁸ Telur Samkeppniseftirlitið að (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl hafi átt í samskiptum eftir 4. júlí 2008 en áður en (S)frkvstj-innanl sendi þennan tölvupóst 17. júlí 2008, sbr. kafla 8.11.

2395. Fyrir liggur fundargerð yfirmanna hjá Eimskip vegna fundar þeirra 13. ágúst 2008. Þar kemur m.a. fram:

„(E)frkvstj-innanl- fór á fund SVÞ ásamt S-Line [Samskip] varðandi vinnubrögð Íslandspósts, þeir virðast sækja markvisst inn á flutningamarkaðinn“¹³²⁹

¹³²⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. „Fundur með SVÞ þriðjudaginn 12. ágúst kl. 14:00“, dags. 17.07-08.08.2008. Doc. ID. 0.7.33.222068. Fundur vegna þessa var ákveðinn 13. ágúst 2008 og sama dag eftir var bókað í fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips að [...] hafi farið á fund til SVÞ ásamt „Samskips manni“ og kvartað yfir háttsemi Íslandspósts.

¹³²⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð“ framkvæmdastjórnar Eimskips 13.08.2008, bls. 1. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi hjá Eimskip.



2396. Samkvæmt framangreindu hafa (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl átt í samskiptum vegna óánægju með samkeppni frá Íslandspósti. Hafa þeir að öllum líkindum fundað með SVP mánudaginn 11. ágúst 2008.
2397. Hvorki Samskip né Eimskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um þennan fund (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl með SVP. Þar af leiðandi afhentu fyrirtækin ekki við rannsókn málsins gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á fundinum.
2398. Fundur (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl 11. ágúst 2008 með SVP endurspeglaði samstillta óánægju Eimskips og Samskipa með samkeppni frá Íslandspósti og ósk um að SVP beittu sér í málinu. Sýnir þetta áframhaldandi ólögmæt samskipti yfirmanna landflutninga Eimskips og Samskipa vegna samkeppnismálefna, sbr. kafla 8.7 og 8.11. Samstilltar aðgerðir Eimskips og Samskipa til þess að vinna gegn samkeppni frá Íslandspósti voru í samræmi við það markmið samráðsverkefnisins að draga úr samkeppni á landflutningamarkaði. Samskip mótmæla því að þessi samskipti (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl hafi á einhvern hátt tengst hinu ímyndaða samráðsverkefni. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á það, sbr. umfjöllun í kafla 25.22.2.
2399. Auk framangreinds fundar (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl með SVP sýna gögn málsins frekari fundi þeirra á árinu, sbr. t.d. fund þeirra í verslunarmiðstöðinni Smáralind 17. september 2008 þar sem samráð Samskipa og Eimskips var til umræðu. Verður þessu lýst nánar í kafla 8.16.7.
2400. Þennan sama dag, 11. ágúst 2008, tók gildi verðhækkun á öllum innanlandsflutningum Eimskips á Íslandi. Einnig var verð á öllum þjónustubáttum tengdum þeirri starfsemi hækkað. Hækkun gagnvart viðskiptavinum nam 9,8%.¹³³⁰ Er þetta sú verðhækkun sem fjallað var um innan Samskipa 8. ágúst 2008, sbr. umfjöllun í kafla 8.15.1. Samskip tilkynntu 27. ágúst 2008 einnig um umtalsverða hækkun á verði á landflutningum, sbr. nánar hér á eftir.
2401. Framkvæmdu Eimskip og Samskip þannig í ágúst 2008 verðhækkanir sem (E)frkvstj-innanl, (S)frkvstj-innanl og undirmenn þeirra hófu að undirbúa, sitt í hvoru lagi, eftir fund (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl þann 4. júlí 2008.
2402. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að hin ólögmætu samskipti Samskipa og Eimskips hafi a.m.k. auðveldað eða skapað kjörskilyrði fyrir fyrirtækin til að grípa til þessara verðhækkana. Þetta hafi aukið til muna þau skaðlegu áhrif sem voru til þess fallin að leiða af þessum samskiptum fyrirtækjanna, sbr. nánari rökstuðningur í kafla 11.10.2. Þá ber til viðbótar að virða allar verðhækkanir Samskipa og Eimskips frá ágúst 2008 til janúar/febrúar 2009 í einu lagi og verður fjallað um þær í kafla 11.21.

8.15.4. Frekari atvik í aðdraganda fundar Eimskips og Samskipa 14. ágúst 2008

2403. Eimskip og Samskip áttu enn á ný samskipti vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins þann 14. ágúst 2008. Var um að ræða fund sem varðaði siglingakerfi og verðlagningu á sjóflutningum. Fundinn sátu (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-Eimísl. Eftirfarandi átti sér stað dagana fyrir fundinn, þ.e. 12. og 13. ágúst 2008:
- (S)forstj sendi þann 12. ágúst 2008 fundarboð til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj og boðaði fund kl. 10:00 daginn eftir um „Siglingakerfi“. Í fundarboði (S)forstj kom fram: „framhaldsfundur“.¹³³¹

¹³³⁰ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent þann 13.10.2017, (liður 6) „Upplýsingar um gjaldskrárbreytingar og nýja gjaldskráliði.“

¹³³¹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] [...] boðar fundinn 12.08.2008, kl. 13:10. Fundartími 13.08.2008, kl. 10-11. Doc. ID. 0.7.33.485714.



- Að kvöldi 12. ágúst 2008 og fram yfir miðnætti vann (S)frkvstj-millilandasv í skjölum sem vörðuðu siglingakerfið.¹³³² Þeirri vinnu hélt (S)frkvstj-millilandasv áfram daginn eftir, sbr. umfjöllun hér á eftir.
- Þann 13. ágúst 2008 var haldinn framkvæmdastjórnarfundur hjá Samskipum kl. 9:00. Mættir voru (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl. Í fundargerð sagði: „Staða og ástandið í þjóðfélaginu var rætt sem og framtíðarhorfur Samskipa. Útlitið er svart, lækkun í magni og nýting afleit. Fara þurfi í aðgerðir strax. Aðgerðarlisti er í mótun og verður fullgerður um og eftir helgi.” Varðandi innanlandssvið segir: „Ákveðið að setja colly (stykka) gjald.”¹³³³
- (E)forstö-innfl sendi þann 13. ágúst 2008 fundarboð til (S)forstö-innfl og (S)frkvstj-millilandasv um fund sem halda skyldi kl. 13:00 daginn eftir hjá Eimskip. (E)frkvstj-flutnkerf var einnig boðaður á fundinn, sbr. nánar hér á eftir.
- Fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips vegna fundar 13. ágúst 2008. Þar kemur fram:

„[(E)forstö-innfl] á fund með Toyota og Ísafold-Nathan Olsen í vikunni ásamt fleiri viðskiptavinum. Hækka þarf verð á Ísafold og Nathan Olsen og innleiða BAF á þessa aðila.”

Síðar kom fram í fundargerðinni eftirfarandi: „Lítil viðbrögð frá viðskiptavinum varðandi hækkunina 11. ágúst. Verið að skoða verðlagspróun á olíu og bensíni sl. 12. mánuði.”¹³³⁴

2404. Líkt og hjá Eimskip funduðu æðstu stjórnendur Samskipa þann 13. ágúst 2008 en sem fyrr segir sátu (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl framkvæmdastjórafund að morgni þessa dags.
2405. Eftir þann fund, kl. 12:22, vistaði (S)frkvstj-millilandasv hjá sér eftirfarandi verkefnalista fyrir ágúst mánuð. Skjalið hafði verið útbúið stuttu áður eða kl. 12:10. Heiti verkefnalistans er „*ag verkefnalisti agust 08*”. Gögn málsins sýna að þetta voru atriði sem (S)frkvstj-millilandasv ásamt (S)forstj og (S)forstö-flutnstj ræddu á fundi fyrr þennan dag, 13. ágúst 2008.¹³³⁵

¹³³² Afrituð tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.20413. [...] Doc. ID. 0.7.33.30096.

¹³³³ Afhent skjal frá Samskipum 22.11.2016, viðauki 8 Fundargerðir framkvæmdastjórafunda, 2008. „vika 33_13. ágúst 2008”.

¹³³⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð” framkvæmdastjórnar Eimskips 13.08.2008, bls. 1. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi hjá Eimskip.

¹³³⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.486338.



Revised innfl budget mv nýja magnáætlun = \$\$\$\$\$

Skip

-arn/hel

-hva/akr

Alcoa

-hækkun á útfl

-tryggja innfl

Útflutningur

-hækka verð

MCL

RAL

Innflutningur

-hækkanir

-sókn ?

Aðrar aðgerðir

-fólk

-tæki

Innanlands

-aukin arðsemi

Grundartangi / RFJ

2406. Verkefnalisti þessi varðar að hluta til aðgerðir vegna samráðsins við Eimskip á þessum tíma. Með hliðsjón af framangreindri fundargerð framkvæmdastjórnar Samskipa verður að telja að í þessum verkefnalista séu taldar upp þær aðgerðir sem grípa hafi átt til án tafar. Heiti skjalsins ber með sér að um hafi verið að ræða verkefni sem (S)forstj hafi falið m.a. (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj að vinna að. Á verkefnalistanum má sjá samráðsmálefni eins og aðgerðir vegna breytinga á siglingakerfinu, sbr. „Grundartangi/RFJ“. Í því samhengi verður að hafa í huga að í skjalinu sem (S)forstö-flutnstj sendi (S)forstj kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008 komu fram hugmyndir um að Samskip myndu hætta að sigla til Grundartanga og nýta sér skip Eimskips í staðinn. Jafnframt myndi Eimskip hætta að sigla til Reyðarfjarðar (RFJ) og nýta sér skip Samskipa í staðinn, sbr. kafla 8.13.1. Loks er á þessum verkefnalista Samskipa fjallað um verðhækkanir í inn- og útflutningi og um sérstaka verðhækkun gagnvart Alcoa. Þá er í samræmi við ólögmeitt samráð fyrirtækjanna gerð aukin krafa um arðsemi í innanlandsflutningum þrátt fyrir horfur um samdrátt.¹³³⁶
2407. Hér hefur og þýðingu að gögn málsins sýna að spurningin á þessum verkefnalista um „sókn“ í innflutningi hafi dottið út af listanum eftir fund Eimskips og Samskipa daginn eftir, 14. ágúst 2008. Það sést af því að þann lið var ekki að finna á þeim lista sem (S)forstj sendi í fundarboði til (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfl daginn eftir, sbr. nánar hér á eftir. Þá bendir framsetningin „-sókn ?“ til þess að ekki hafi verið mikill vilji til að sækja aukið magn í innflutningi heldur fremur að hækka verð. Viðhalda skyldi samráðinu við Eimskip og fara áfram samvinnuleiðina en ekki samkeppnisleiðina, sbr. umfjöllun í kafla 6.7.3. Hér vísast til sambærilegrar hegðunar

¹³³⁶ Afritað skjal frá Samskipum. „ag verkefnalisti agust 08“ fannst vistað á heimasvæði [...]. Skjalið er útbúið kl. 12:10 13.08.2008 en síðast breytt kl. 12:22 sama dag. Doc. ID. 0.7.33.31209.



stjórnenda Samskipa þegar fyrirætlanir og hugmyndir undirmanna um að sækja á viðskiptavini Eimskips voru teknar út af aðgerðarlistum fyrirtækisins í byrjun árs 2009, sbr. umfjöllun í kafla 14.1.3.

2408. Eins og áður segir vann (S)frkvstj-millilandasv í skjölum sem vörðuðu siglingakerfi fyrirtækjanna þann 12. ágúst 2008 og fram yfir miðnætti. Gögn málsins sýna að hann hélt áfram að vinna í skjölunum daginn fyrir fund Eimskips og Samskipa, þ.e. 13. ágúst 2008. Klukkan 17:15 þann 13. ágúst 2008 vistaði (S)frkvstj-millilandasv hjá sér glærुकynningu „Siglingakerfið“ þar sem fjallað var um mögulegar breytingar á siglingakerfum.¹³³⁷ Í þeim má sjá listað upp nýtt siglingakerfi Eimskips og nokkrar útfærslur á mögulegum breytingum á siglingakerfi Samskipa. Allar þær útfærslur fólu í sér takmörkun á flutningsgetu og töpuð viðskipti við stóriðjufyrirtæki á Íslandi. Er þetta samskonar atburðarrás og fyrir fund Eimskips og Samskipa 25. júlí 2008 en um kvöldið 24. júlí 2008 hafði (S)forstj fengið í hendur skjöl frá undirmanni (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-flutnstj, sem fjölluðu um siglingakerfi Eimskips og Samskipa.
2409. Telur Samkeppniseftirlitið að framangreind gögn frá 13. ágúst 2008, ekki síst áður nefndur verkefnalisti sem (S)frkvstj-millilandasv vistaði kl. 12:22 og skjölin sem hann vann í um siglingakerfin, virt m.a. með;
- 1) samráðstillögunum sem (S)frkvstj-millilandasv sendi (S)forstj 7. og 8. júlí 2008
 - 2) skjölunum sem (S)forstj fékk í hendur um kvöldið 24. júlí 2008
 - 3) fundi Eimskips og Samskipa daginn eftir,
- gefi ótvírætt til kynna undirbúning Samskipa fyrir fundinn með Eimskip, 14. ágúst 2008. Einnig hafði (S)frkvstj-millilandasv undirbúið fundinn með Eimskip með viðræðum við (S)forstö-innfl1, sbr. nánar hér á eftir.
2410. Í mgr. 778 – 781 í athugasemdum Samskipa við AI er því mótmælt að framangreind gögn hafi tengst fundi Samskipa með Eimskip 14. ágúst 2008. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á sjónarmið Samskipa um gögnin, sbr. umfjöllun í kafla 25.22.2.

8.15.5. Almennt um reglubundin samskipti yfirmanna sjóflutninga Eimskips og Samskipa

2411. Eins og lýst verður hér á eftir sátu fund Eimskips og Samskipa 14. ágúst 2008 framkvæmdastjórnarnir (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv. Voru þetta framkvæmdastjórnar sem báru m.a. ábyrgð á siglingakerfum fyrirtækjanna sem þeir stýrðu. Til viðbótar sátu fundinn forstöðumenn innflutningsdeilda Eimskips og Samskipa, (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1. Þá sat forstjóri Eimskips á Íslandi, (E)frkvstj-EimÍsl, hluta fundarins. Voru þannig staddir saman á fundi stjórnendur Eimskips og Samskipa sem báru ábyrgð á siglingakerfum, verðlagningu og öðrum samkeppnisþáttum í sjóflutningum fyrirtækjanna.¹³³⁸
2412. Áður en vikið er nánar að fundinum 14. ágúst 2008 er rétt að horfa til nokkurra almennra atriða til að setja þann og aðra fundi Eimskips og Samskipa í rétt samhengi.
2413. Í athugasemdum sínum staðhæfa Samskip að fundurinn 14. ágúst 2008 og önnur samskipti framangreindra yfirmanna m.a. sjóflutninga Eimskips og Samskipa hafi aðeins tekið til endurnýjunar á samkomulagi fyrirtækjanna um Norður-Ameríku flutninga. Þetta hafi verið nauðsynlegar og lögmætar viðræður og þegar niðurstaða hafi legið fyrir hafi fyrirtækin óskað eftir undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga og fengið hana, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 46/2009.

¹³³⁷ Afritað skjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.30108.

¹³³⁸ [...] þar sem forstjóri Eimskips á Íslandi einnig ábyrgð gagnvart [...] á landflutningakerfi Eimskips og verðlagningu á innanlandspjónustu.



Samskip mótmæla því að tilgangur þess að segja upp Norður-Ameríku samningnum í lok maí 2008 og hefja síðan viðræður hafi verið að skapa vettvang fyrir aukið ólögmætt samráð fyrirtækjanna.

2414. Samkeppniseftirlitið telur nauðsynlegt að gefa hér yfirlit yfir helstu samskipti m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 fram til janúar 2009 og rifja upp nokkur mikilvæg atriði:
- Samtímagögn stjórnenda Eimskips sýna að þeim var ljóst að á árinu 2008 byggðist samstarfið við Samskip í Norður-Ameríku flutningum á ógildum og ólögmætum samningi. Þrátt fyrir þetta sögðu Eimskip þann 30. maí 2008 upp hinum ógilda samningi með formlegum hætti en óskuðu um leið eftir tafarlausum viðræðum við Samskip.
 - Var þetta gert þrátt fyrir að Norður-Ameríku samstarfið hafi haft litla rekstrarlega þýðingu, jafnt fyrir Eimskip og Samskip, og óánægja væri með samstarfið sem slíkt innan Eimskips.
 - Þann 2. júní 2008 var (E)frkvstj-flutnkerf falið að leiða viðræðurnar við Samskip. (E)frkvstj-flutnkerf bar, líkt og áður greinir, ábyrgð á siglingakerfi Eimskips og var á sama tíma með breytingar á siglingakerfi Eimskips milli Íslands og annarra Evrópulanda til skoðunar.
 - Á fyrri hluta árs 2008 höfðu (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og stjórn Samskipa skoðað breytingar á siglingakerfinu m.a. með samstarfi með Eimskip. Þann 4. júní 2008 vísaði (S)forstj til fyrri umræðu og bað (S)frkvstj-millilandasv um að skoða mögulegar breytingar á siglingakerfum. Annars vegar mögulega takmörkun á flutningsgetu á markaðnum (átti (S)frkvstj-millilandasv ekki eingöngu að skoða takmörkun í siglingakerfi Samskipa heldur „skera kapacitet af markaði“ í heild sinni) og hins vegar mögulegar aðgerðir til að nýta flutningamagn á markaðnum á betri máta (allur markaðurinn undir) með því að taka upp samskonar samstarf við Eimskip í flutningum til og frá Evrópu og var fyrir hendi í Norður-Ameríku flutningunum.
 - Fundur (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)stjform og (E)forstj sem haldinn var 6. júní 2008.
 - (E)frkvstj-alþjsv vistaði glærुकyninguna um „Nýtt upphaf“ verkefnið þann 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir. Samkvæmt glærunum með heitinu „Slotsamningar í siglingakerfinu“ átti aukið samráð Eimskips og Samskipa að taka bæði til Evrópu flutninga og Norður-Ameríku flutninga. Fólst m.a. í þessu að Samskip og Eimskip myndu endurskoða siglingakerfi fyrirtækjanna, m.a. með skiptingu á erlendum höfnum, gerð slotsamninga og taka til athugunar að Samskip myndu draga úr flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku í gegnum Evrópu (TA flutningar) og flytja meira magn með skipum Eimskips.
 - Tölvupóstur (S)forstö-flutnstj til (E)frkvstj-flutnkerf 20. júní 2008 sem vísar til samskipta deginum áður vegna flutninga sem tengdust Vestmannaeyjum. Vísað var til Vestmannaeyja í glærुकyningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið.
 - (E)forstj beindi þann 27. júní 2008 þeirri hugmynd til (E)frkvstj-flutnkerf að Eimskip myndi biðja Samskip um að hætta að keppa í TA flutningum til og frá Norður-Ameríku og notast þess í stað alfarið við skip Eimskips. Jafnframt ætti að hækka verð í þessum beinu flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku.
 - (E)frkvstj-flutnkerf greindi (E)forstj þann 3. júlí 2008 frá samskiptum við Samskip: „Það er verið að vinna í samningnum við S-Line [Samskip], þeir menn sem hafa með þessi mál að gera þar hafa verið í fríi.“ Gögn málsins sýna að (S)frkvstj-millilandasv var í sumarfrí til 1. júlí 2008.
 - Dagana 7.- 8. júlí 2008 vistaði (S)frkvstj-millilandasv hjá sér og sendi til (S)forstj minnisblað með tillögum að víðtæku samráði Eimskips og Samskipa í sjóflutningum, samnýtingu kerfa og breytingu siglingakerfa. Var efni minnisblaðsins í algjöru samræmi við efni og markmið samráðsverkefni fyrirtækjanna á þessum tíma, sbr. áðurnefnda „Nýtt upphaf“ glærुकyningu Eimskips frá 8. og 9. júní 2008.



- Tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf til (E)forstj 9. júlí 2008 þar sem (E)frkvstj-flutnkerf varaði (E)forstj við því að „láta eftir“ tekjur af flutningaþjónustu Eimskips sem tengdust Vestmannaeyjum. Í minnisblaðinu sem (S)frkvstj-millilandasv vistaði 8. júlí 2008 var lagt til að Eimskip hætti að sigla til Vestmannaeyja og flutningar til og frá Vestmannaeyjum yrðu með skipum Samskipa.
- (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv ræddu saman í 28. viku ársins 2008 vegna samráðs í sjóflutningum. Talið er að það hafi verið 9. júlí 2008.
- Stjórnarfundargerð Samskipa Holding vegna fundar 14. júlí 2008 og glærukynning (S)forstj á þeim fundi (sem byggði á skjölum sem m.a. (S)frkvstj-millilandasv hafði útbúið og tengdust samráðsverkefninu). Fundargerðin gefur til kynna að samskipti hafi átt sér stað við Eimskip og frekari samskipti séu fyrirhuguð.
- (S)forstö-innfl1 sendi þann 22. júlí 2008 tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv með heitinu „Fundur með Eimu“. Í honum greindi (S)forstö-innfl1 frá því að hann hafi rætt við (E)forstö-innfl og þeir ákveðið að hafa fund í næstu viku og spyr hvernig það henti (S)frkvstj-millilandasv.
- (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH funda þann 25. júlí 2008 með a.m.k. (E)stjform.
- 14. ágúst 2008: Fundur (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl , (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 .
- 27. ágúst 2008: Samtal (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl .
- 5. september 2008: Fundur (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl , (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 .
- 1. október 2008: Samtal (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-EimÍsl.
- 6. október 2008: Fundur (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl , (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 .
- 15. október 2008: (S)forstö-innfl1 ræddi við Eimskip, líklegast (E)forstö-innfl .
- 16. október 2008: Samtal (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl .
- 22. október 2008: Fundur (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfl, (S)frkvstj-Rotterdam, (E)frkvstj-innanl og (E)svæðisstj1.
- 17. nóvember 2008: Samtal (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl .
- 4. desember 2008: Fundur (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl , (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 .
- 8. desember 2008: Samtal (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-EimÍsl.
- 23. desember 2008: Fundur (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl , (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 .
- 7. janúar 2009: Fundur (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl , (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 .

2415. Varðandi framangreinda upptalningu á samskiptum Eimskips og Samskipa ber að hafa eftirfarandi í huga:

- Eimskip og Samskip upplýstu Samkeppniseftirlitið ekki um framangreind samskipti m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl , (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 .



Voru þannig ekki t.d. afhend samtímagögn, t.d. fundargerðir eða minnispunktar, sem sýna hvað rætt hafi verið á þessum fundum.

- Upptalningin hér að framan er ekki tæmandi. Þar eru t.d. ekki taldir með fjölmargir tölvupóstar sem (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, eða (E)forstö-innfl sendu (S)frkvstj-millilandasv eða (S)forstö-innfl1 eða öfugt á árinu 2008.
- Ekki eru heldur talin með samskipti stjórnenda Eimskips og Samskipa á þessum tíma sem tengdust sjóflutningum eða öðrum þáttum „Nýtt upphafs“ verkefnisins.¹³³⁹
- Eftir undirritun nýs Norður-Ameríkusamnings, 7. janúar 2009, voru áfram reglubundin samskipti milli yfirmanna sjóflutninga Eimskips og Samskipa.

2416. Samkeppniseftirlitið vísar hér til umfjöllunar í kafla 7.2.1.1. Þar er m.a. bent á að vorið og sumarið 2008 hefðu Samskip ekki verið með nein skip í beinum siglingum milli Íslands og Norður-Ameríku og samstarfið á þessari siglingaleið fólst m.a. í því að Samskip nýttu sér skip Eimskips. Þegar horft er á Norður-Ameríku samstarfið einangrað fæst ekki séð hvaða erindi eða hlutverki yfirmenn eða sérfræðingar á sviði siglingakerfa gegndu í viðræðum um endurnýjun þess.

2417. Í kafla 7.2.1.1 er einnig gerð grein fyrir gögnum frá Eimskip og Samskipum frá maí/júní 2008 sem sýna lítið vægi þessara flutninga Eimskips fyrir Samskip fyrir bæði fyrirtækin. Í fundargerð Eimskips frá 19. ágúst 2008 er rætt um takmarkaða flutninga til Norður-Ameríku á þessum tíma („Það er ekkert að sækja í útflutningi til US, ekkert að ná í“), sbr. kafla 8.15.9. Skipan „samninganefnda“ Eimskips og Samskipa og umfang samskipta viðkomandi stjórnenda fyrirtækjanna var þannig í engu samhengi við takmarkað fjárhagslegt vægi þessa samstarfs fyrirtækjanna.

2418. Hér skiptir verulegu máli að fundargerð Eimskips frá 2. júní 2008 sýnir að stjórnendur Eimskips sem komu að siglingakerfum fyrirtækisins áttu að leiða viðræður við Samskip og að samskipti við Samskip yrðu „öll á rekstrarhliðinni“. Hjá skipafélögum eru rekstrardeildir eða rekstrarsvið jafnan þær einingar sem bera ábyrgð á siglingakerfum. Þessi áhersla á siglingakerfi endurspeglast í glærुकynningu (E)frkvstj-albjsv og (E)forstj um „Nýtt upphaf“ verkefnið frá 8. og 9. júní 2008. Þessi áhersla birtist einnig í gögnunum sem (S)forstj fékk send kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008. Þar var áfram unnið að „Nýtt upphaf“ verkefninu og settar fram tillögur sem tengdust hinu ólögmeta samráði við Eimskip, m.a. um breytingar á siglingakerfum. Voru þær í samræmi við stefnumörkunina í umræddri glærुकynningu (E)frkvstj-albjsv og (E)forstj. Sem fyrr sagði vann (S)frkvstj-millilandasv 12. og 13. ágúst 2008 að skjölum sem vörðuðu m.a. siglingakerfi Eimskips og Samskipa. Fundur hans með Eimskip fór fram daginn eftir. Skömmu eftir að fundinum með Eimskip lauk boðaði (S)forstj fulltrúa Samskipa á honum til fundar morguninn eftir til að halda áfram að ræða aðgerðir vegna siglingakerfis og aðgerðir til að hækka verð gagnvart viðskiptavinum.

2419. Sams konar atburðarrás átti sér stað m.a. í tengslum við fundi (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 5. september og 6. október 2008.

2420. Sem fyrr segir var aukið samráð í flutningum til og frá Norður-Ameríku hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu og þar með hluti þess sem rætt var í samskiptum (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1. Varðandi tilvísun Samskipa að alltaf hafi staðið til að óska eftir undanþágu samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga ber að hafa eftirfarandi í huga.

2421. Norður-Ameríku samningar Eimskips og Samskipa féllu einnig undir bandarísk samkeppnislög. Annaðist Federal Maritime Commission (FMC) eftirlit með sértækum samkeppnisreglum sem gilda í

¹³³⁹ Samanber t.d. verkefnalista forstöðumanns landflutninga Samskipa, [...], frá 18. ágúst 2008 en þar stóð verkefnið „[s]jóflutninga“ eftirfarandi: „Tilboð til Eimskipa“. Vísast hér einnig til fundar [...] og [...] og viðræður á fundinum um sjóflutninga þann 17.09.2008 og tilboð Samskipa til Eimskips um slotsamning milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar 18.09.2008.



sjóflutningum. Hér er gagnlegt að hafa í huga ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007. Þar er lýst tölvupósti frá (E)starfsm til (E)frkvstj-sölu-fyrirv (þáverandi stjórnendur hjá Eimskip), dags. 13. júlí 2001, sem bar yfirskriftina „Samningar sem brjóta í bága við samkeppnisreglur í USA“:

„Trúnaðarmál

Nýlega voru gerðir samningar við Banana, Sölufélag garðyrkjumanna og Grænan markað sem kveða á um [...] % eftirágreiddan afslátt af FOB sjóflutningsgjöldum og uppskipun allra sendinga frá Evrópu og Ameríku. [...]

Samkvæmt vinnureglum Eimskips við tilboðs og samningagerð sem gefnar voru út 3. júní 1999 er sölumönnum óheimilt að veita eftirágreidda afslætti af flutningsgjöldum til og frá Bandaríkjunum og skulu flutningsgjöld vera að fullu í samræmi við gjaldskrá og samninga sem skráðir eru hjá Federal Maritime Commission (FMC).

Í The „Shipping Act of 1984“ kemur fram að flutningsaðilar skulu hafa á skrá hjá FMC alla flutningsgjalddataxta og sérsamninga við einstaka viðskiptavini sem þeir annast flutninga fyrir. Flutningsaðilum er óheimilt að veita afslætti, beint eða óbeint frá þessum flutningsgjaldatöxtum eða sérsamningum og eru lagðar á flutningsaðila háar sektir ef þessu er ekki fylgt.

- Hver eru viðbrögð sölu- og markaðssviðs þegar ekki er farið eftir skráðum vinnureglum?
- Hvað gerir sölu- og markaðssvið til að koma í veg fyrir að samið sé um eftirágreiddan afslátt vegna flutnings til Ameríku?

Hér legg ég aðaláherslu á að samningar þessir eru brot á samkeppnisreglum í Bandaríkjunum, en vil um leið benda á aðra þætti þessara samninga sem vert er að taka til skoðunar.”

2422. Ekki er að sjá að grundvallarbreytingar hafi á rannsóknartímabilinu orðið á því lagaumhverfi í Bandaríkjunum sem lýst er í framangreindum tölvupósti Eimskips.¹³⁴⁰

2423. Samkvæmt þessu bar Eimskip að tilkynna til FMC um alla samninga sem fyrirtækið gerði við Samskip um flutninga til og frá Bandaríkjunum. Jafnframt taldi Eimskip sig geta sætt íþyngjandi viðurlögum ef fyrirtækið bryti gegn þessum bandarísku samkeppnisreglum. Tölvupóstur (E)forstö-innfl til (S)forstö-innfl1 frá 6. nóvember 2008 (afrit sent til (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (S)frkvstj-millilandasv) sýnir að það voru hinar bandarísku reglur sem voru ástæða þess að umræddir samningar fyrirtækjanna voru einnig sendir til Samkeppniseftirlitsins, sbr. kafli 10.2. Í tölvupóstinum féllst (E)forstö-innfl ekki á það með Samskipum að fjalla ætti um flutninga til og frá Kanada í nýjum Norður-Ameríku samningi en flutningar tengdir Kanada féllu ekki undir FMC reglurnar. Í tölvupósti (E)forstö-innfl sagði:

„Þessi áhersla á Kanada er ný af nálinni og vekur upp spurningar. Þessi samningur sem við erum að gera snýr að skráningu hjá FMC í Bandaríkjunum og ákveðinni skuldbindingu sem verið hefur af okkar hálfu varðandi pláss og fleira frá USA. Það er einnig vegna þessara formlegheita og skuldbindinga sem þessir samningar hafa farið til Samkeppniseftirlitsins til skoðunar. Það hefur ekki þótt ástæða til þess varðandi einstaka gáma frá einstökum höfnum í öðrum löndum en USA. Því munum við ekki setja Kanada inn.”

2424. Samkvæmt þessu bar einungis að fjalla um flutninga sem féllu undir bandarískar samkeppnisreglur í Norður-Ameríku samningi Eimskips og Samskipa. Þegar samráð fyrirtækjanna féll ekki undir bandarískar samkeppnisreglur var ekki óskað eftir undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga, sbr. t.d. ólögmaett samráð á grundvelli hins leyndlega „neyðarsamkomulags“ frá 2001, gámasamráð og samráð í landflutningum hér á landi. Af þessum samtímagögnum ræður Samkeppniseftirlitið að

¹³⁴⁰ Á heimasíðu FMC er sagt að stofnunin framfylgi m.a.: „The Shipping Act of 1984, as amended by the Ocean Shipping Reform Act of 1998.“ Sjá á slóð: https://www.fmc.gov/about/about_fmc.aspx.



fyrirtækin hafi ekki talið eins mikla áhættu fólgni í því að fara gegn íslenskum samkeppnislögum eins og þeim bandarísku. Í samræmi við þetta greindu Eimskip og Samskip ekki frá „Nýtt upphaf“ verkefninu þegar fyrirtækin óskuðu á árinu 2009 eftir undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga vegna nýs samnings um Norður-Ameríku flutninga. Í ákvörðun þessari hefur sömuleiðis verið fjallað um skeytingarleysi stjórnenda gagnvart eftirfylgni með samkeppnislögum og hvort í gildi hafi verið undanþága skv. 15. gr. íslenskra samkeppnislaga eður ei, sbr. umfjöllun í kafla 14.39.5, 16.9 og 16.11.

2425. Gögnin sýna að Samskip og Eimskip reyndu að fara gegn FMC reglunum. Af samtímagögnum og upplýsingum frá Samskipum má sjá að fyrirtækin ræddu og héldu samstarfi vegna Norður-Ameríku flutninga „*utan*“ samnings sem var skilað til samkeppnisyrivalda.¹³⁴¹ Fyrirtækin voru með „*munlegt samkomulag*“ og aðgerðir til að komast í „*kringum*“ FMC reglurnar, sbr. kafli 8.912, 10.2, 10.5.1 og 10.6.2. Einnig var útbúið sérstakt „*hliðarskjal*“/„*hliðarsamningur*“, þ.e. samningur sem fór gegn FMC reglunum og var því ekki tilkynntur til FMC. Kom þetta t.d. skýrt fram í tölvupósti (S)forstö-innfl1 til (E)forstö-innfl o.fl. um Norður-Ameríku samninginn, en þar segir: „*Sælir. Sjáumst á morgun kl 15.00. Spurning hvort það þurfi nokkuð að fæla þetta hliðarskjal. Við stilltum því upp sem samkomulagi á milli Eimskip Íslandi og Samskip hf., en ekki Samskip Inc.*“. (S)frkvstj-millilandasv bætti við: „*Sælir, já það var einmitt hugmyndin með þessum hliðarsamningi að losna við að fæla hann. Við mætum til ykkar á morgun kl. 15.00*“, sbr. kafli 14.33.12. Þegar Eimskip og Samskip óskuðu eftir undanþágu Samkeppniseftirlitsins vegna nýs samnings um Norður-Ameríku flutninga greindu fyrirtækin hvorki frá „*Nýtt upphaf*“ verkefninu, samstarfi sem var haldið „*utan*“ samningsins þ.m.t. „*hliðarsamningi*“ fyrirtækjanna, sbr. kafli 16.7.5.
2426. Þegar (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl , (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 hittust á fundum eða ræddu saman í síma var um að ræða samskipti stjórnenda Eimskips og Samskipa sem báru, eins og ítrekað hefur komið fram, ábyrgð á siglingakerfum, verðlagningu og öðrum samkeppnisþáttum í sjóflutningum fyrirtækjanna. Heildarmat Samkeppniseftirlitsins á gögnum málsins er að í reglubundnum samskiptum þeirra á m.a. árinu 2008 hafi átt sér stað ólöglegt samráð sem miðaði m.a. að því að draga úr flutningsgetu og skapa skilyrði til að hækka verð eða vinna gegn verðlækkun. Voru þessi samskipti umræddra lykilstjórnenda Eimskips og Samskipa einnig í eðli sínu til þess fallin að draga úr óvissu og sjálfstæði þessara keppnauta sem samanlagt voru með hátt í 100% markaðshlutdeild í sjóflutningum til og frá Íslandi. Háttsemi fyrirtækjanna var augljóslega til þess fallin að raska samkeppni með alvarlegum hætti.
2427. Horfa ber til alls framangreinds þegar gögn sem tengjast hinum reglulegum samskiptum (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl , (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 eru virt.

8.15.6. Fundur Eimskips og Samskipa 14. ágúst 2008

2428. Þann 14. ágúst 2008 var bókaður fundur í dagbók (S)forstö-innfl1 með (S)frkvstj-millilandasv. Heiti fundarins var „*Undirbúningur*“ og var hann bókaður frá kl. 10:30 til 12:00.¹³⁴² Verður að telja að hér hafi verið um að ræða undirbúning fyrir fundinn með Eimskip kl. 13:00. Klukkan 11:49 sama dag sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst til (E)starfsm-flutnstýr og bað hann um að taka saman hvað Samskip hefðu flutt með Eimskip frá Bandaríkjunum til Íslands á árunum 2005, 2006, 2007 og 2008. Í tölvupóstinum segir síðan:

„*Þeir koma hingað í heimsókn kl. 1300 nærðu að gera það tilbúið fyrir mig???*“.

2429. (E)frkvstj-flutnkerf fékk svar frá (E)starfsm-flutnstýr sama dag kl. 15:14 og framsendi það til (E)forstö-innfl daginn eftir kl. 08:37.¹³⁴³

¹³⁴¹ Mgr. 1102 í athugasemdum Samskipa við AI.

¹³⁴² Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Fundur bókaður af [...] 13.08.2008, kl. 16:17. Fundartími 14.08.2008, kl. 10:30-12. Doc. ID. 0.7.33.658107.

¹³⁴³ Afrituð tölvupóstasamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.397690.

2430. Í dagbók (S)forstö-innfl1 var í samræmi við framangreint bókaður fundur kl. 13:00 þann 14. ágúst og var heiti hans: „*Flutningasamningur milli félaganna til og frá Ameríku*“.¹³⁴⁴ Er þetta fundurinn sem (E)forstö-innfl boðaði (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-flutnkerf á deginum á undan. Í tölvupósti (E)forstö-innfl til (E)forstj, dags. 23. ágúst 2008, er vísað til þessa fundar og greint frá því að „(E)frkvstj-EimÍsl kom svo inn á fundinn.“, sbr. umfjöllun hér á eftir.
2431. Hvorki Eimskip né Samskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um fundinn 14. ágúst 2008.¹³⁴⁵ Þar af leiðandi afhentu fyrirtækin ekki gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á fundinum. Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnispointar sem teknir hafa verið saman á fundinum.
2432. Skömmu eftir fund Eimskips og Samskipa 14. ágúst 2008 sendi (S)forstj fundarboð (nánar tiltekið kl. 17:58 þann 14. ágúst 2008) til (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfl og boðaði til fundar frá kl. 9:30 til 10:45 daginn eftir. Heitið á fundinum var „*Millilandakerfi*“ og í fundarboðinu sagði (S)forstj:
- „Þurfum sameiginlega að ná mynd á næstu skref er við munum taka og meta grófan ávinning af aðgerðum, þ.e. stóra myndin:*
1. *Alcoa*
 - *strategía, hugsanlegar verðhækkanir og hvenær byrji að tikka inn*
 2. *Útflutningur – fiskur*
 - *verðhækkanir*
 3. *Innflutningur*
 - *sértækar hækkanir, ss LCL, thc, akstur, geymsla etc*
 4. *Aðrar aðgerðir*
 - *erlendis*
 - *innanlands*
 5. *MCL*
 6. *Kerfin*
 - *skref sbr. fyrri umræðu*
- Við þurfum þó að fá mynd á hversu framlegð muni dragast saman í innflutningi mv updated magnáætlun. [(S)forstö-innfl1] þú þarft því að ná utan um tekjuhliðina á innflutningnum, kostnaðarhliðin er klár frá fyrri update á budget.“¹³⁴⁶*
2433. Átti samkvæmt þessu að ræða m.a. aðgerðir vegna siglingakerfa eftir fund (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 með Eimskip. Einnig átti að ræða aðgerðir vegna hækkana á verði gagnvart viðskiptavinum, bæði sértækar og almennar hækkanir. Voru þetta sömu atriði og (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj höfðu rætt um á fundi sínum daginn áður, 13. ágúst

¹³⁴⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip og Samskipum. [...]. Fundur boðaður af [...] dags. 13.8.2008, kl. 12:04. Fundartími 14.08.2008, kl. 13-14. Doc. ID. 0.7.33.396500.

¹³⁴⁵ Í kafla 23 er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga.

¹³⁴⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...]. [...] boðar [...], [...] og [...] á fundinn 14.08.2008 kl. 17:58. Fundartími 15.08.2008, kl 9:30-10:45. Doc. ID. 0.7.33.486988.



2008, sbr. áðurnefndan verkefnalista vistaðan í gögnum (S)frkvstj-millilandasv kl. 12:22 þann dag. Ólíkt umræðum stjórnendanna og áðurnefndum verkefnalista sem (S)frkvstj-millilandasv vistaði 13. ágúst 2008 var ekki að finna í lið 3 í þessum dagskrárlista (S)forstj spurninguna „-sókn ?“ Voru þannig vangaveltur um samkeppni við Eimskip í innflutningi ekki lengur til umræðu hjá þessum lykilstjórnendum eftir fundinn með Eimskip 14. ágúst 2008.

2434. Með hliðsjón af þessum lista (S)forstj, um áformaðar verðhækkanir Samskipa af ýmsum toga, má minna á fyrrnefndar upplýsingar frá framkvæmdarstjórnarfundum Samskipa deginum áður um ótryggt ástand í efnahagsmálum og að „[ú]litið er svart, lækkanir í magni og nýting afleit“.¹³⁴⁷ Þetta svarta útlit hafði engin áhrif á þá afstöðu forstjóra Samskipa að leggja mikið kapp á margvíslegar verðhækkanir.
2435. Sem fyrr sagði sátu fund Eimskips og Samskipa 14. ágúst 2008 framkvæmdastjórnarnir (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv. Voru þetta framkvæmdastjórnar sem báru m.a. ábyrgð á siglingakerfum fyrirtækjanna sem þeir stýrðu. Til viðbótar sátu fundinn forstöðumenn innflutningsdeilda Eimskips og Samskipa, (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1. Þá sat forstjóri Eimskips á Íslandi, (E)frkvstj-EimÍsl, hluta fundarins. Voru þannig staddir saman á fundi stjórnendur Eimskips og Samskipa sem báru ábyrgð á siglingakerfum, verðlagningu og öðrum samkeppnisþáttum í sjóflutningum fyrirtækjanna.
2436. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að á fundinum 14. ágúst 2008 hafi Eimskip og Samskip áfram rætt um aukið ólöglegt samráð í sjóflutningum til og frá Íslandi. Þessi fundur hafi verið liður í framkvæmd á verkþættinum „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í glærुकyningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið. Rætt hafi verið um nýjan Norður-Ameríku samning og önnur atriði sem féllu undir verkefnið „Slotsamningar í siglingakerfinu“. Ber að hafa í huga að þetta var jafnframt vettvangur sem tengdist verðsamráði fyrirtækjanna, sbr. umfjöllun í kafla 11.21. Líkt og þar kemur fram höfðu ítrekuð samskipti æðstu stjórnenda Eimskips og Samskipa þau áhrif að eyða óvissu á markaðnum og veita stjórnendum vissu og öryggi til að viðhalda og hækka verð án ótta við viðbrögð keppinautarins. Til að mynda gefa gögn málsins eindregið til kynna að á fundinum 14. ágúst 2008 hafi Eimskip og Samskip haft með sér m.a. samráð varðandi álagningu olíugjalds (BAF), sbr. næsta kafla hér á eftir.
2437. Í þessu samhengi ber að hafa í huga að á þessum tímamarki höfðu stjórnendur Eimskips og Samskipa, sem báru ábyrgð á öðrum rekstri sem féll undir „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna einnig átt í samskiptum. Þannig höfðu (S)frkvstj-MCL, (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Contain fundað í Rotterdam 23. eða 24. júní 2008 (verkefnið „Samstarf í „short sea“ þjónustu“), (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl fundað 4. júlí 2008 á kaffihúsinu Mokka (verkefnið „Innanlandsþjónusta“) og (S)forstj-frystig og (E)frkvstj-alþjsv ítrekað reynt seinni hluta júní 2008 að koma á fundi (verkefnið „Frystigeymslurekstur“). (S)frkvstj-MCL og (E)frkvstj-Contain höfðu aftur rætt saman 24. júlí 2008 og þá höfðu m.a. „bakhjarlarnir“ (S)aðaleig-stjform-SH og (E)stjform fundað 25. júlí 2008. Til viðbótar hafði (E)frkvstj-flutnkerf verið í samskiptum við Samskip 19. júní 2008, ásamt því að (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-flutnkerf höfðu átt í samskiptum í júlí 2008. Þá höfðu (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 hnykkt á ólöglegu verðsamráði Eimskips og Samskipa 10. – 13. júní 2008 og (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl reynt að hindra samkeppni frá Íslandspósti í júlí og ágúst 2008.
2438. Varðandi fund fyrirtækjanna 14. ágúst 2008 ber að áréttta að umræddir lykil stjórnendur fyrirtækjanna áttu síðan eftir að funda a.m.k. fimm sinnum í viðbót á fimm mánaða tímabili árið 2008, auk síma og tölvupóstsamskipta milli funda. Voru þessir fundir mikilvægur vettvangur fyrir samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma, sbr. kafla 8.15.5.

¹³⁴⁷ Afhent skjal frá Samskipum 22.11.2016, viðauki 8, fundargerðir framkvæmdastjórnarfundum, 2008. „vika 33_13. ágúst 2008“.



2439. Tveimur virkum dögum eftir fund lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips, eða þann 19. ágúst 2008, sendi (S)forstj tölvupóst kl. 8:41 til m.a. (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv sem varðaði „revised budget”.¹³⁴⁸ Í tölvupósti hans sama dag kl. 08:45, til (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv var vísað til fundar sem halda ætti í lok vikunnar.¹³⁴⁹ Eins og fram kemur hér á eftir var stefnt að því að (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv myndu aftur funda með Eimskip föstudaginn 22. ágúst 2008.
2440. Í mgr. 782 – 785 í athugasemdum Samskipa við AI kemur fram að á fundinum 14. ágúst 2008 hafi eingöngu verið fjallað um nýjan Norður-Ameríku samning. Fundurinn hafi engin tengsl haft við hið „ímyndaða” „Nýtt upphaf” verkefni. Eins og rökstutt er í kafla 25.22.3 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa.

8.15.7. Áfram unnið að samráðsaðgerðum í kjölfar fundarins 14. ágúst 2008

2441. Fundur Samskipa og Eimskips 14. ágúst 2008 var vettvangur samráðs fyrirtækjanna. Var þetta þannig enn einn samskiptavettvangur fyrirtækjanna af mörgum sem tengdist ólögsmætu samráði fyrirtækjanna árið 2008. Undirstrika ber að þegar Samskip og Eimskip áttu í viðræðum 14. ágúst 2008 höfðu fyrirtækin þegar átt í samskiptum sem höfðu það að markmiði að raska samkeppni. Gögn málsins sýna að í kjölfar þess að samráðsverkefnið hófst í byrjun júní 2008 gripu þau til hækkunaraðgerða eða undirbjuggu viðtækar hækkanir gagnvart viðskiptavinum. Hvergi í gögnum málsins er að finna ótta um viðbrögð helsta keppinutarins.
2442. Eins og áður hefur komið fram hækkaði Eimskip verðskrár í landflutningum 11. ágúst 2008 og tilkynntu Samskip um verðhækkun á m.a. landflutningum síðar í sama mánuði.

8.15.7.1. Yfirlit yfir verðhækkunaraðgerðir Samskipa og Eimskips

2443. Vegna umfjöllunar um atvik sem tengdust fundi fyrirtækjanna 14. ágúst 2008 telur Samkeppniseftirlitið óhjákvæmilegt að draga saman helstu samtímagögn sem sýna áframhaldandi hækkunaraðgerðir fyrirtækjanna eða undirbúning slíkra aðgerða, sbr. m.a. umfjöllun í köflum 8.15.4, 8.15.6, 8.15.7.2, 8.15.9, 8.15.10, 8.15.11, 8.16.2.1, 8.16.4. Athuga skal að ekki er um að ræða tæmandi talningu um verðhækkanir og undirbúning þeirra í ágúst og september 2008:
- Verðhækkanir Samskipa á gjaldskrá og þjónustugjöldum í innflutningi 1. september 2008, sbr. gögn Samskipa dags. 13., 14., 19. 26., 27. og 28. ágúst 2008.
 - Verðhækkanir Samskipa á gjaldskrá og þjónustugjöldum í útflutningi 1. september 2008, sbr. gögn Samskipa dags. 13., 14., 19., 27. og 28. ágúst 2008.
 - Aðrar viðbótar og sértækar verðhækkunaraðgerðir Samskipa beint sérstaklega að útflutningi á fiski, sbr. gögn Samskipa dags. 14., 19. og 24. ágúst 2008, ásamt upptöku á nýju gjaldi, svokölluðu karagjaldi 8. september 2008.
 - Aðrar sértækar verðhækkunaraðgerðir Samskipa í útflutningi beint sérstaklega að stóriðju, sbr. t.d. gögn Samskipa frá 13., 14. og 19. ágúst 2008.
 - Verðhækkanir Samskipa á gjaldskrá og þjónustugjöldum í landflutningi 1. september 2008, sbr. gögn Samskipa 27. ágúst 2008.
 - Upptaka á nýju gjaldi í landflutningum hjá Samskipum, svokölluðu stykkjagjaldi 1. september 2008, sbr. samtímagögn Samskipa 27. ágúst 2008.

¹³⁴⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.488159.

¹³⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.488162.



- Verðhækkunar Samskipa gagnvart Icelandic Seafood Iceland („ISI“), sbr. gögn Samskipa 19. og 30. ágúst 2008.
- Verðhækkunar Samskipa gagnvart HB Granda, sbr. gögn Samskipa 19. og 30. ágúst 2008.
- Verðhækkunar Samskipa gagnvart B&L, sbr. gagn Samskipa frá 30. ágúst 2008.
- Niðurfelling eða lækkun Samskipa á afsláttum hjá lykilviðskiptavinum, eins og
 - Vífilfelli,
 - Árvakri,
 - Húsasmiðjunni,
 - Aðföngum,
 - Rúmfatalagernum,
 - BYKO,
 - Ísam og
 - Kaupási, sbr. samtímagagn Samskipa frá 1. september 2008.
- Samskip unnu einnig að því að „troða“ FAF (olíugjald) á alla viðskiptavinum og hækka heimakstur með heilgáma, sbr. gögn Samskipa frá 1. september 2008.
- Aðgerðir Samskipa og Eimskips vegna innheimtu BAF (olíugjalds í sjóflutningum), sbr. umfjöllun í kafla 8.15 og 14.55.
- Verðhækkunar Eimskips beint sérstaklega að flutningi á fiski.
- Verðhækkunar Eimskips gagnvart Nathan & Olsen, sbr. gögn Eimskips 13. og 26. ágúst 2008 og 2. september 2008.
- Verðhækkunar Eimskips gagnvart Ísafold, sbr. gagn Eimskips 13. ágúst 2008.
- Verðhækkunar Eimskips gagnvart Toyota, sbr. gagn Eimskips 13. ágúst 2008.
- Verðhækkunar Eimskips gagnvart Aðföngum, sbr. gögn Eimskips frá 26. ágúst 2008.
- Verðhækkunar Eimskips gagnvart Innesi, sbr. gögn Eimskips frá 26. ágúst 2008 og 2. september 2008.

2444. Séu þessi samtímagögn metin heildstætt er ljóst að verðhækkunar Samskipa og Eimskips voru viðtækar á þessum tíma. Þessar aðgerðir fyrirtækjanna renna stoðum undir verðsamráð Samskipa og Eimskips, sbr. umfjöllun í kafla 11.21. Á sama tíma unnu fyrirtækin að öðrum þáttum í samráði þeirra, eins og breytingu á siglingakerfum og samnýtingu flutningakerfa. Eins og áður segir skal taka mið af þessum samtímagögnum þegar atvik í kjölfar fundar Samskipa og Eimskips 14. ágúst 2008 eru skoðuð. Verður nú vikið að þeim í næsta kafla.

8.15.7.2. Aðgerðir tengdar álagningu olíugjalda og samstarfi í sjóflutningum

2445. Samkeppniseftirlitið telur eins og áður segir að á áðurnefndum fundi Samskipa og Eimskips 14. ágúst 2008 hafi fyrirtækin m.a. rætt um hækkun á olíugjaldi í sjóflutningum til og frá Íslandi (BAF). Áður en vikið er að því er rétt að fjalla um tiltekin atriði sem tengjast álagningu á olíugjaldi (BAF gjald í sjóflutningi og FAF gjald í landflutningi).



2446. Eins og fram kemur í kafla 5.10 var olíuálag, svokallað BAF, á sínum tíma tekið upp í sjóflutningum á alþjóðavísu til að bregðast við miklum sveiflum á eldsneytisverði og gjaldinu ætlað að vinna gegn því óhagræði að þurfa endurtekið að breyta samningum skipafélaga og viðskiptavina vegna utanaðkomandi hækkana á mikilvægum kostnaðarlið. Af samtímagögnum má ráða að önnur sjónarmið virðist hafa gilt hér á landi, sbr. m.a. umfjöllun í kafla 5.10. Þar er líka gerð grein fyrir gögnum sem gefa vísbendingar um ólögmaett samráð Eimskips og Samskipa um álagningu olíugjalds. Ber að hafa þetta í huga þegar gögn um olíugjald (BAF) hjá Eimskip og Samskipum í ágúst 2008 og á rannsóknartímabilinu almennt eru metin. Um mikilvægi BAF innheimtu fyrir reksturinn vísast til skýrslu PWC, sem var unnin fyrir Eimskip í júní 2008. Þar kom fram eftirfarandi: „*We separately note the Group's ability to pass fuel prices increases to its customers is a key driver for profitability*“.¹³⁵⁰
2447. Í gögnum málsins koma víða fram, m.a. á síðari hluta árs 2008, áform Eimskips um að krefja þá viðskiptavinir fyrirtækisins um greiðslu olíugjalds sem til þessa hefðu ekki greitt það gjald og auka þar með tekjur fyrirtækisins. Þannig var á fundi hjá Eimskip þann 22. júlí 2008 m.a. rætt um slæma stöðu í innlandsflutningum og þörf á m.a. að skoða „*olíuálag-stærstu viðskiptavinir eru ekki að borga eins og Húsamiðjan –S.S -Innes, ÁTVR - Byko, Reykjagarður. Aðgerðir setja olíugjald á ferskiskflutninga á Suðurnesjum, ásamt þeim fyrirtækjum sem ekki eru að borga.*“¹³⁵¹
2448. Á fundi Eimskips þann 29. júlí 2008 kom m.a. fram að (E)forstö-innfl hafi hitt Innes vegna BAF gjalda en samningur þeirra rynnir út um haustið. Þá var sagt að (E)frkvstj-innanl hafi rætt „*hækkunir á innanlandsflutningum og þjónustugjöldum Flytjanda. Hækkun gjaldskrá 9,8% frá og með 11. ágúst 2008.*“ Kom fram að verið væri að ræða við alla stærri viðskiptamenn sem ekki greiddu olíugjald eða væru með mjög háan afslátt af olíugjaldi. Þetta væri forgangsverkefni hjá (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-innanl. Viðræður við Húsamiðjuna gengju vel og „*þarf að taka umræðu við Aðföng áfram og fara yfir útreikninga hjá þeim*“.¹³⁵²
2449. Líkt og áður greinir sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst 31. júlí 2008 þar sem hann undirbjó undirmenn sína (viðskiptastjóra innflutnings) til þess að svara viðskiptavinum Samskipa ef viðskiptavinir gerðu athugasemdir við „*mikla*“ hækkun Samskipa á BAF í ágúst (23%).
2450. Hér ber að hafa í huga að það er staðfest í athugasemdum Samskipa að fyrirtækið hafi á þessum tíma unnið að þeim aðgerðum sem miðuðu m.a. að því að tryggja að allir viðskiptavinir greiddu olíugjald (BAF).¹³⁵³
2451. Í framangreindum tölvupósti frá (E)frkvstj-flutnkerf til (E)forstj, (E)frkvstj-alþjssv og (E)frkvstj-EimÍsl þann 5. ágúst 2008 var fjallað um „*Nýtt upphaf*“ verkefnið og hækkun á verði, sbr. kafli 8.15. Kom m.a. þetta fram í meðfylgjandi glærुकyningu:

„*USA/Canada: Revenue Increases*

**Rate increase from middle of August 4-7,9% to our customers*

**Renew contract with Samskip from sept 2008 increase abt. 600-USD per 40' container 600x15x26= USD 234.000 per year. ...*

**Charging all import customers BAF per year USD 200.000*“.¹³⁵⁴

¹³⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]. Viðhengi við tölvupóstinn var skýrslan: „*Labrador_Full Report_Finalv2.0.pdf*“, merkt maí 2008. Doc. ID. 0.7.33.240179. Glæra 87.

¹³⁵¹ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. „*Fundargerð EI vika 30 2008*“. Fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips frá 22.07.2008.

¹³⁵² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Fundargerð EI vika 31 2008*“. Fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips frá 29.07.2008.

¹³⁵³ Mgr. 1274 í athugasemdum Samskipa við AII.

¹³⁵⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Cost Saving Measures Autumn 2008 5.08.08.ppt*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.98702.



2452. Sem fyrr segir var á fundi hjá Eimskip þann 13. ágúst 2008 áfram rætt m.a. um leiðir til að hækka verð gagnvart viðskiptavinum og innleiða BAF á stærri viðskiptavini. Var ekki talin ástæða til að óttast viðbrögð viðskiptavina eða keppinauta, en í fundargerð sagði m.a. þetta:

„[(E)forstö-innfl] á fund með Toyota og Ísafold-Nathan Olsen í vikunni ásamt fleiri viðskiptavinum. Hækka þarf verð á Ísafold og Nathan Olsen og innleiða BAF á þessa aðila. Lítil viðbrögð frá viðskiptavinum varðandi hækkunina 11. ágúst.“¹³⁵⁵

2453. Viðskiptavinir Eimskips gerðu athugasemdir við fyrirtækið vegna hækkunar þess á olúgjaldi. Þann 14. ágúst 2008 fékk (E)forstö-innfl tölvupóst frá viðskiptavini Eimskips (Múrbúðinni), sem kvartaði vegna tilefnislausrar hækkunar Eimskips á BAF gjaldinu. Í tölvupóstinum sagði:

„Sæll [(E)forstö-innfl], ég óska eftir fundi v/mjög mikillar hækkunar á BAF nú á milli mánaða, og á sama tíma og olía lækkar. Þessi kostnaður er ekki ásættanlegur.“

2454. Sem fyrr sagði sat (E)forstö-innfl fund með Samskipum 14. ágúst 2008. Hann svaraði Múrbúðinni daginn eftir:

„Alveg sjálfsagt að hittast.“

Ég er laus eftir 15:30 í dag. Hentar það?

BAF útreikningur okkar er algjörlega fræðilegur þ.e. reikniformúla sem byggir á olíuverði LS380 á Rotterdam markaði hverju sinni. Það má sjá þá þróun á bunkerworld.com“.¹³⁵⁶

2455. Líkt og fjallað er um í kafla 8.16.6 sýna gögn málsins að (E)forstö-innfl staðhæfði ranglega í framangreindum tölvupósti að BAF útreikningur Eimskips hafi verið „algjörlega fræðilegur“, en í tilvísaðri umfjöllun er fjallað um gögn málsins sem sýna að Eimskip breytti tvívegis um aðferðafræði til útreiknings á BAF síðari hluta árs 2008. Útreikninga á BAF mátti ekki sýna viðskiptavinum fyrirtækisins þar sem „fiktað“ hafði verið í formúlunni. Þá hafi Eimskip „stundum“ breytt BAF formúlu í því skyni að auka álagningu.

2456. Þann 15. ágúst 2008 sendi (E)forstö-flutnstý tölvupóst til (E)frkvstj-flutkerf, (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Eimísl með hugmyndum sínum um hvernig skyldi staðið að skiptingu kostnaðar milli færeyska dótturfélagsins Faroe Ship og móðurfélagsins. Sagði þar m.a.:

„Slots. Faroe Ship to pay for slots on European liner vessels (and slots on America Route if used) according to number of slots used. Based on a fixed amount for each 20' slot and a variable portion that fluctates with bunker prices. Exact numbers to be decided. Calculated and returned monthly.“

2457. (E)frkvstj-alþjsv svaraði þann 18. ágúst 2008 og gerði alvarlegar athugasemdir við tillögu undirmanns síns. Sagði (E)frkvstj-alþjsv að hér væri um mikla breytingu að ræða og „svona mál þarf fyrst að ræða hér innandyrá“ og bendir m.a. á:

„Varðandi olíuálagið þá þarf að skilja að markaðsaðstæður ráða hvernig það er lagt á. Það er eitt kerfi á Íslandi, annað í Færeyjum og þriðja í Noregi svo dæmi séu tekin. Það sem er samræmt á öllum stöðum er að samkeppnin á hverjum stað notar sama kerfi. Þetta þarf að hafa í huga, svo það er heldur betur óvarleg nálgun að ætla að Íslandskerfi sé með einföldum hætti innleitt á annað svæði í annað samkeppnisumhverfi“.¹³⁵⁷

¹³⁵⁵ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð EI vika 33 2008“. Fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips frá 13.08.2008.

¹³⁵⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.397236.

¹³⁵⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.99539. Undirstrikun er Samkeppniseftirlitsins.



2458. Ætla má að (E)frkvstj-alþjvsv hafi talið þessi skilaboð mikilvæg fyrir önnur dótturfélög þar eð hann framsendi þann 24. ágúst 2008 framangreind tölvupóstsamskipti til (E)frkvstj-fjárm hjá finnska dótturfélaginu Containerships.
2459. (E)frkvstj-alþjvsv var framkvæmdastjóri hjá Eimskip og hóf störf hjá fyrirtækinu árið 1993. Fyrir liggur að þegar (E)forstj tók við sem forstjóri Eimskips vildi hann að (E)frkvstj-alþjvsv kæmi að málum sem tengdust Samskipum. Við skýrslutöku hjá lögreglu gaf (E)forstj þá skýringu á því að (E)frkvstj-alþjvsv væri lykilstarfsmaður og mjög vandvirkur og öflugur („sterkur“) í starfi, sbr. kafla 7.2.1.1. Þá sat (E)frkvstj-alþjvsv í „Nýtt upphaf“ vinnuhópnum. Ber að horfa til þessa alls þegar tölvupóstur (E)frkvstj-alþjvsv frá 18. ágúst 2008 er metinn.
2460. Hér skiptir máli að vísbendingar eru um að Samskip og Eimskip hafi haft með sér samráð um álagningu olúgjalds fyrir árið 2008, sbr. kafla 5.10. Hvað sem því líður ber að setja tölvupóst (E)frkvstj-alþjvsv í samhengi við fund lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips 14. ágúst 2008. Líkt og fjallað er um í tengslum við tölvupóst (S)forstö-innfl1 dags. 19. ágúst 2008 hér á eftir er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að álagning olúgjalds hafi verið til umræðu á fundinum og að Samskip og Eimskip hafi með ólögætum hætti miðlað á milli sín upplýsingum um olúgjald og fyrirhugaða hækkun á gjaldinu og víðtækari beitingu þess. Er þetta í samræmi við sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið dags. 16. júní 2021, þar sem viðurkennd eru alvarleg brot Eimskips gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins með aðgerðum í kjölfar fundar með Samskipa 6. júní 2008, í því fólst m.a. „[s]amráð við Samskip um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum.“
2461. Verður af orðum (E)frkvstj-alþjvsv 18. ágúst 2008 m.a. einnig ráðið að skilningur hans á álagningu olúgjalds var með þeim hætti að á hverju markaðssvæði „samræmdi“ „samkeppnin“ „kerfi“ sín við álagningu á BAF og að til væri sérstakt „Íslandskerfi“, sem ekki væri unnt að innleiða á öðru svæði í öðru samkeppnisumhverfi. Í þessu sambandi ber að hafa umfjöllun ákvörðunar þessarar um frásagnir af óvenju háu olúgjaldi á Íslandi, sbr. kafli 8.16.6. Þetta svar (E)frkvstj-alþjvsv vekur óhjákvæmilega athygli ef horft er til upplýsingagjafar Samskipa við rannsókn málsins þar sem fullyrt hefur verið án frekari rökstuðnings eða dæma að „fyrirkomulag“ við álagningu BAF gjalds á Íslandi sé það sama „og í hinum alþjóðlega flutningaheimi“. ¹³⁵⁸ Í þessu samhengi má hafa í huga umfjöllun í kafla 8.16.6 þar sem stærsta skipafélag heims Maersk kvartaði í nóvember 2009 við Eimskip og Samskip yfir óheyrilega háu verði í flutningum til Íslands. Meðal annars var BAF Samskipa sagt vera „extremely high and is not comparable to anything on the market (being upto 20 times as much as market level!).“
2462. Sem fyrr segir sýna gögn málsins að lögð var mikil áhersla á innheimtu BAF af viðskiptavinum hjá bæði Eimskip og Samskipum frá því að samráðsverkefnið hófst um mitt árið. Jafnframt var unnið m.a. í þeim þætti samráðsverkefnisins sem varðaði samráð í siglingum til og frá Íslandi. Þá liggur fyrir að þeir starfsmenn fyrirtækjanna sem höfðu með BAF og aðra verðlagningu að gera á m.a. innflutningi fyrirtækjanna hittust fimmtudaginn 14. ágúst 2008, þ.m.t. (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl. Þann fund sátu einnig (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl en þeir fengu í hendur framangreindan tölvupóst (E)frkvstj-alþjvsv frá 18. ágúst 2008 um BAF „Íslandskerfið“. Þá sat (S)frkvstj-millilandasv einnig fundinn en hann var framkvæmdastjóri millilandasviðs Samskipa (æðsti stjórnandi sjóflutningsdeildar) og staðgengill forstjóra en gögn málsins sýna að hann hafði ríka aðkomu að samráði Samskipa við Eimskip.
2463. Þremur virkum dögum eftir umræddan fund stjórnenda Samskipa og Eimskips, þ.e. þriðjudaginn 19. ágúst 2008, sendi (S)forstö-innfl1 tveimur undirmönnum sínum ((S)starfsm og (S)starfsm) tölvupóst. Heiti hans var „USA BAF“ og í honum sagði:

¹³⁵⁸ Mgr. 60 í bréfi Samskipa til Samkeppniseftirlitsins dags. 13.01.2021.



„Það þarf að uppfæra BAF-ið í samræmi við BAFi-ð hjá Eimskip. Þeir eru núna að rukka 353 USD per TEU og hækka í 461 USD per TEU 26. ágúst. Við erum hins vegar að rukka 338 USD per TEU.

Við skulum setja BAF-ið strax í 461 USD per TEU. Þið getið séð aðrar tölru á heimasíðu Eimskips.“¹³⁵⁹

2464. (S)starfsm svaraði tölvupósti (S)forstö-innfl1 daginn eftir: „Ég uppfæri Eimskip BAF á sama tíma og ég uppfæri okkar. Við erum að rukka 353 USD núna og höfum verið að rukka það síðan 1. ágúst. Síðan hækka ég aftur 1. sept.“ (S)forstö-innfl1 svaraði samdægurs: „Ok flott. [(S)starfsm] getur þú þá í framtíðinni uppfært heimasíðuna á sama tíma.“¹³⁶⁰ Í samræmi við fyrirmæli (S)forstö-innfl1 hækkaði BAF í Norður-Ameríku flutningum hjá Samskipum strax sama dag, 20. ágúst 2008.¹³⁶¹
2465. Tilvísun (S)forstö-innfl1 til þess að BAF Eimskips, vegna Norður-Ameríku flutninga, myndi hækka úr 353 í 461 USD þann 28. ágúst 2008 er í samræmi við innanhússgagn Eimskips frá 23. júlí 2008, sbr. tölvupóst (E)starfsm-innfl til samstarfsmanna 23. júlí 2008. Í þeim innanhússtölvupósti Eimskips kom m.a. fram að BAF hjá Eimskip myndi hækka 28. ágúst 2008 úr 353 í 461 USD á gám (USA/CA 20' gámur).¹³⁶² Gögn málsins sýna að viðskiptavinir Eimskips hafi fyrst fengið tilkynningu um þessa hækkun á BAF talsvert síðar, eða þann 29. ágúst 2008, sbr. tölvupóst og viðhengi (E)viðskstj til (E)viðskstj1 dags. 28. ágúst 2008 „Olúgjaldabreytingar“.¹³⁶³
2466. (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv sátu fund með (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl 14. ágúst 2008, sbr. umfjöllun að framan. Samkvæmt gögnum málsins var fundurinn haldinn í húsakynnum Eimskips og hófst kl. 13:00. Tveimur mínútum eftir að fundurinn hófst (kl. 13:02) vistaði (E)forstö-innfl hjá sér Excel-skjal með upplýsingum um BAF Eimskips. Í því skjali má m.a. finna upplýsingar um umrædda hækkun Eimskips sem var fyrirhugað að tæki gildi 28. ágúst 2008 (353 USD í 461 USD).¹³⁶⁴ Það var síðan þremur virkum dögum seinna sem (S)forstö-innfl1 sendi framangreindan tölvupóst til undirmanna sinna um fyrirhugaða hækkun Eimskips ásamt fyrirmælum um að hækka BAF hjá Samskipum og það „strax“.
2467. Samkvæmt framansögðu bjó (S)forstö-innfl1 19. ágúst 2008 yfir nákvæmum upplýsingum um fyrirhugaða hækkun Eimskips á BAF. Upplýsingarnar voru á þessum tíma ekki opinberar, sbr. m.a. orðlagið: „Þið getið séð aðrar tölur á heimasíðu Eimskips.“ Ekki verður önnur ályktun dregin en að (S)forstö-innfl1 hafi fengið umræddar upplýsingar frá Eimskip og er líklegast að það hafi gerst á fundi hans og (S)frkvstj-millilandasv með (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl 14. ágúst 2008. Þessar upplýsingar voru nýttar af (S)forstö-innfl1 til þess að mæla fyrir um tafarlausar verðhækkun að þessu leyti hjá Samskipum.
2468. Samkeppniseftirlitið telur tölvupóst (S)forstö-innfl1 19. ágúst 2008 með öðrum fyrirliggjandi gögnum sýna að Samskip og Eimskip hafi rætt um og með ólögumætum hætti miðlað upplýsingum um olúgjald (BAF USA) og fyrirhugaða hækkun Eimskips á því gjaldi. Felur sú miðlun í sér sjálfstætt brot gegn 10. gr. samkeppnislaga.
2469. Samkeppniseftirlitið tekur fram að upplýsingamiðlun Eimskips til Samskipa, um fyrirhugaða verðhækkun á olúgjaldi 28. ágúst 2008, tengdist ekki framkvæmd á hinum ólögumætum samningi Samskipa og Eimskips vegna samstarfs í Norður-Ameríku flutningum. Samskip greiddu ekki til Eimskips olúgjald á þessum tíma vegna Norður-Ameríku samstarfsins, þótt Samskip hafi síðan krafist

¹³⁵⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.659108. Undirstrikun er áhersla SE.

¹³⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.659129.

¹³⁶¹ „Gjaldskrá - Olúgjald BAF“. Sótt á eldri útgáfu vefsíðu Samskipa, aðgengilegt á slóð: http://wayback.vefsafn.is/wayback/20081117100342/http://www.samskip.is/flutningathjonusta/innflutningur/gjaldskra/olugjald_baf/.

¹³⁶² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.251410.

¹³⁶³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.108520. Viðhengi við tölvupóstin „Verðbreytingar xls“. Ekki fannst svar frá [...] til [...] en önnur gögn málsins sýna að [...] hafði það verkefni hjá Eimskip að senda viðskiptavinum tilkynningar um breytingar á BAF, sbr. t.d. tölvupóst [...] til [...], dags. 29.10.2008 „olíuálg“. Doc. ID. 0.7.33.281357.

¹³⁶⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.75985. Sheet: „ákv.júlí 08 LFSO“.



sína viðskiptavini um BAF á þessari siglingaleið og einnig í TA-flutningum frá Norður-Ameríku, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.4.

2470. Í fyrirleggjandi gögnum er ekki hægt að finna því stoð að samskipti fyrirtækjanna, um þann hluta „Nýtt upphaf“ verkefnisins, sem sneri að áframhaldandi samstarfi vegna Norður-Ameríku flutninga, hafi í ágúst 2008 leitt af sér óhjákvæmilega upplýsingamiðlun Eimskips til keppinautarins um fyrirhugaða framtíðar verðbreytingu hálfan mánuð fram í tímann. Þrátt fyrir að keppinautar eigi viðræður um hugsanlegt áframhaldandi samstarf mega þeir ekki miðla viðkvæmum verð upplýsingum sín á milli, sbr. umfjöllun í kafla 4.6.3.
2471. Fyrirmæli (S)forstö-innfl1 þann 19. ágúst 2008 um hækkun Samskipa á olúgjaldi skal skoða með hliðsjón af öðrum gögnum málsins, þ.á m. skal setja þau í samhengi við tölvupóst hans frá 31. júlí 2008 til undirmanna sinna. Þar sagði (S)forstö-innfl1 eftirfarandi um „mikla“ hækkun á olúgjaldi hjá Samskip í ágúst: „Eg er með gögn sem styðja þessa miklu hækkun á BAF-inu. Látið mig vita ef þið þurfið þau til að réttlæta þetta gagnvart viðskiptavinum okkar“, sbr. kafla 8.15. Tuttugu dögum síðar, 19. ágúst 2008, gaf (S)forstö-innfl1 því undirmönnum sínum enn á ný fyrirmæli um að hækka olúgjaldið enn frekar og það „strax“. Stuttu síðar, 1. september 2008, sagði (S)forstö-innfl1 það væri markmið að „troða“ olúgjaldi á alla viðskiptavini í innflutningi (FAF, olúgjald í landflutningum). Í samræmi við önnur verðhækkunargögn á þessum tíma var enginn ótti hjá (S)forstö-innfl1 um viðbrögð keppinautarins. Þvert á móti. Eins og áður segir sýna gögn málsins að Eimskip hækkaði síðan umrætt olúgjald (BAF USA) nokkrum dögum síðar, 28. ágúst 2008.
2472. Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 hefur einnig þýðingu fyrir þær sakir að þar gaf hann undirmanni sínum fyrirmæli um að eftirleiðis skyldu Samskip „uppfæra BAF Samskipa í samræmi við BAF Eimskips“ og samtímis uppfæra þetta verð fyrirtækjanna á „heimasíðu“ fyrirtækjanna (gert mánaðarlega). Vísast hér einnig til tölvupóstar (S)forstö-flutnstj frá 4. desember 2008 þar sem fram kom: „Varðandi USA þá tökum við BAF beint frá Eimskip, þ.e. sama BAF og þeir eru með á USA“, sbr. umfjöllun í kafla 10.5.1. Í bréfi Samskipa 24. nóvember 2017 kemur fram, vegna upplýsingaöflunar samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga, að BAF gjald Samskipa í Norður-Ameríku flutningum hafi alfarið ráðist af því gjaldi sem tilgreint var af hálfu Eimskips á hverjum tíma.
2473. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að „Nýtt upphaf“ verkefni Eimskips og Samskipa og áframhaldandi samskipti lykilstjórnenda fyrirtækjanna síðari hluta árs 2008 hafi a.m.k. auðveldað eða skapað kjörskilyrði fyrir fyrirtækin til að hækka eða halda uppi verði. Eins og rökstutt er í kafla 11.21 er það niðurstaða eftirlitsins að í reglubundnum samskiptum fyrirtækjanna á m.a. árinu 2008 hafi átt sér stað ólöglegt samráð sem miðaði m.a. að skapa skilyrði til að hækka verð eða vinna gegn verðlækkun.
2474. Gögn málsins sýna að viðræður fyrirtækjanna hafi, eftir fundinn 14. ágúst 2008, áfram tekið til ólöglegs samráðs um álagningu olúgjalds, sbr. umfjöllun um fund fyrirtækjanna í 4. desember 2008, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.5.1 um ólöglegt samráð um álagningu olúgjalds í Norður-Ameríku flutningum og Evrópu-flutningum og umfjöllun í kafla 10.5.2 um samráðsaðgerðir fyrirtækjanna sem miðuðu að því að hækka verð til viðskiptavina með því að leggja olúgjald á „alla“ viðskiptavini.
2475. Einnig ber að rifja hér upp verðsamráð Samskipa við Eimskip sem (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl1 önnuðust framkvæmd á og varðaði afsláttarkjör þessara keppinauta til viðskiptavina, sbr. umfjöllun í kafla 8.1 um tölvupóstsamskipti (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl1 10. – 13. júní 2008. Í þessu samhengi ber og að hafa í huga að (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv funduðu ítrekað með (E)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl á seinni hluta ársins, m.a. þann 4. desember 2008. Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 til (S)frkvstj-millilandasv, dags. 10. desember 2008, sýnir að á fundinum hafi verið rætt um álagningu BAF á viðskiptavini: „Heyrði í [...] forstjóra Nathan og Olsen áðan. Í því samtali kom í ljós að þeir eru enn að greiða samkvæmt gamla samningnum sínum hjá Eimskip. Það þýðir að þeir greiða EKKI BAF á USA. Þetta staðfestir það að Eimskips menn lugu að



okkur á síðasta fundi varðandi það að allir þeirra viðskiptavinir greiði BAF frá USA!!¹³⁶⁵ Tilvísun (S)forstö-**innfl1** til síðasta fundar vísar til fundar Samskipa og Eimskips 4. desember 2008 og sýnir að á fundinum hafi verið rætt um álagningu BAF gagnvart viðskiptavinum. Bendir þetta m.a. til þess að aðgerðir um að allir viðskiptavinir greiddu BAF hafi verið til umræðu.

2476. Á grundvelli framangreindra gagna er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip og Eimskip hafi haft með sér ólögmæta upplýsingagjöf og ólögmætt samráð um álagningu BAF og í ágúst 2008. Að mati Samkeppniseftirlitsins er framangreint því enn frekar til stuðnings því að ólögmætt verðsamráð hafi átt sér stað samhliða aðgerðum fyrirtækjanna og fjölbættum samskiptum þeirra á milli um málefni sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið.

2477. Samkeppniseftirlitið telur að verkefnalisti sem (S)forstö-**landfl**, forstöðumaður landflutninga Samskipa, vistaði 18. ágúst 2008 sé einnig lýsandi fyrir það ástand sem leiddi af samráði fyrirtækjanna. Í verkefnalistanum segir nánar tiltekið:

„Olúgjald á vskm.

- Prómens
- Mjöll Frigg

Sjóflutningur

- Ath. með afgreiðslustaðla hjá [(S)forstö-**flutnstj**]
- Tilboð til Eimskipa

Karagjaldið

- Fundur með Umbúðamiðlun.

Sala

- Tala við [forstjóra Vífilfells]
- Setja upp rök fyrir hækkunum.¹³⁶⁶

2478. Næsti yfirmaður (S)forstö-**landfl**, (S)frkvstj-**innanl**, hafði átt í samskiptum við (E)frkvstj-**innanl**, sbr. m.a. fund þeirra 11. ágúst 2008 sem fjallað er um í kafla 8.15.3. Í þessum verkefnalista (S)forstö-**landfl** var vísað til Eimskips og fjallað um álagningu gjalda og að það þyrfti að „setja upp rök“ fyrir verðhækkun gagnvart mikilvægum viðskiptavini.

2479. Hér ber að hafa í huga að (S)forstö-**landfl** (og (S)rekststj-**landfl3**) átti fund með Eimskip 9. september 2008. Þar var rætt um aukið samráð Eimskips og Samskipa í landflutningum á Norður- og Austurlandi „og fleirra [svo]“. Er þessu lýst nánar í kafla 8.16.4.

2480. Þá ber að nefna að á verkefnalista (S)forstö-**landfl** frá 18. ágúst 2008 var ekki eingöngu að finna aðgerðir sem tengdust verðsamráði Samskipa og Eimskips heldur var þar einnig nefnt verkefnið: „Sjóflutningur, „Tilboð til Eimskipa“. Þannig var tveimur virkum dögum eftir fund Eimskips og Samskipa komið á verkefnalista forstöðumanns Samskipa það verkefni að gera Eimskip tilboð í sjóflutninga. Varðaði þetta þann þátt samráðs Eimskips og Samskipa sem tók til samnýtingar á flutningakerfum, sbr. glærukynningu Eimskips um „Nýtt upphaf“ verkefnið, sbr. þann verkþátt sem tengdist „[s]lotsamningum í siglingkerfinu“, sbr. glærukynningu Eimskips frá 8. og 9. júní 2008. Fyrirliggjandi eru skýr samtímagögn sem sýna framgang samráðsins með m.a. slotsamningum í

¹³⁶⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.700319.

¹³⁶⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Verkefni 1808088.doc“. Fannst á heimasvæði [...], vistað 18.08.2008, kl. 15:53. Doc. ID. 0.7.33.8235.



sjóflutningum tengt Íslandi, sbr. umfjöllun hér á eftir í köflum 8.16 og áfram, sbr. t.d. tölvupóst (S)frkvstj-innanl til (E)frkvstj-innanl 18. september 2008, tölvupósta (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv 5., 14.-20. október 2008 og slotsamning fyrirtækjanna sbr. tölvupósta (E)frkvstj-skiparekst frá 12. og 20. nóvember 2008.

2481. Samskip mótmæla því að hafa haft ólögmeitt samráð við Eimskip um álagningu BAF í ágúst 2008. Eins og rökstutt er í kafla 25.22.4 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á sjónarmið fyrirtækisins að því leyti.

8.15.7.3. Samskip boða Alcoa á fund – verðhækkun undirbúin

2482. Samkeppniseftirlitið áréttar að Alcoa var mjög mikilvægur viðskiptavinur og umfangsmikill kaupandi flutningsþjónustu á Íslandi, sbr. nánari umfjöllun í kafla 6.5 og 9.2.2.

2483. Í október 2007 undirrituðu Samskip og Alcoa samning um útflutning á áli til Rotterdam og annarra hafna á meginlandi Evrópu sem og á austurströnd Bretlands. Samkvæmt skýrum samtímagögnum Samskipa taldi fyrirtækið sig eiga tilkall til alls gámaflutnings á áli Alcoa til Evrópu, sbr. umfjöllun í kafla 6.5.

2484. Að mati Samkeppniseftirlitsins sýna fyrirliggjandi gögn að flutningsþjónusta tengd Alcoa var mikilvægur þáttur í undirbúningi Samskipa og Eimskips að „Nýtt upphaf“ verkefninu vegna breytinga siglingakerfa og takmörkunar á flutningsgetu. Hér er einnig mikilvægt að nefna að fyrirliggjandi samtímagögn frá seinni hluta árs 2008 fjalla oftast en ekki í sömu andrá um annars vegar þessi þætti sem féllu beint undir „Nýtt upphaf“ verkefnið og hins vegar aðgerðir til að ná fram verulegum verðhækkunum m.a. gagnvart lykilviðskiptavinum eins og Alcoa, sbr. umfjöllun hér að framan.

2485. Samkeppniseftirlitið telur óhjákvæmilegt að draga saman fyrirliggjandi gögn um undirbúning verðhækkana Samskipa gagnvart Alcoa í aðdraganda þess að Samskip og Eimskip áttu samskipti og funduðu 14. ágúst 2008:

- Í tölvupósti (S)forstj frá 8. júlí 2008 (um „Revised budget“) gaf hann fyrirmæli til (S)frkvstj-millilandasv um að hann myndi m.a. stilla upp hugsanlegum breytingum á skipakerfi og hvernig verðlagningu yrði háttað gagnvart Alcoa („[...] hvernig pricing aðgerð gv Alcoa“), sbr. umfjöllun í kafla 8.9.5.2. Hafa ber í huga að á sama tíma og (S)frkvstj-millilandasv fékk þau fyrirmæli að stilla upp verðlagningar „aðgerð“ gagnvart Alcoa þá var hann sama dag (og daginn áður, 7. júlí 2008) að vinna að tillögum að auknu samráði Samskipa við Eimskip vegna breytinga á siglingakerfum fyrirtækjanna beggja, takmörkun á flutningsgetu þeirra og samnýtingu flutningakerfa. Í þeim tillögum, sem komu fram í minnisblöðum dags. 7. og 9. júlí 2008, var fjallað um flutningsþjónustu fyrir Alcoa. Talið er að Samskip og Eimskip hafi rætt saman um tillögur (S)frkvstj-millilandasv á þessum tímapunkti, líklegast í viku 28 (kringum 9. júlí 2008), sbr. kafla 8.9.5.4.
- Þótt í umræddum samráðstillögum (S)frkvstj-millilandasv hafi ekki verið að finna umfjöllun um verðhækkunar Samskipa gagnvart Alcoa þá bera minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv og önnur gögn málsins með sér að flutningsþjónusta fyrir Alcoa tengdist með beinum hætti „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna á þessum tíma, sbr. t.d. skjal (S)forstö-flutnstj sem hann sendi til (S)forstj kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008, sbr. umfjöllun í kafla 8.13.1.
- Nokkrum dögum eftir áður nefnd fyrirmæli (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv eða 15. júlí 2008 sendi (S)forstö-útfli, forstöðumaður útflutningsdeildar og undirmaður (S)frkvstj-millilandasv, tölvupóst til undirmanns þar sem fjallað var um greiningu á tekjumyndun hjá Alcoa. Þar komu fram eftirfarandi fyrirmæli frá (S)forstö-útfli: „full sving með [að ná] hugsanlegum tekjum er við getum kreist úr úr þessu“, sbr. kafla 8.9.6.



- Þann 25. júlí 2008 funduðu Samskip og Eimskip ((S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj og a.m.k. (E)stjform) um „Nýtt upphaf“ verkefnið. Þremur dögum fyrr, eða þann 22. júlí 2008, hafði (S)forstj endursent til (S)frkvstj-millilandasv fyrrnefndan tölvupóst sinn til (S)frkvstj-millilandasv frá 8. júlí 2008 um „Revised budget“ en hann tók m.a. til verðlagningar gagnvart Alcoa. Með áframsendingunni vísaði (S)forstj til samtals við (S)frkvstj-millilandasv og bað hann um að skoða vel áðurnefndan tölvupóst frá 8. júlí 2008 (þar sem m.a. var rætt um verðlagningu gagnvart Alcoa) og sagði (S)forstj við (S)frkvstj-millilandasv: „förum svo ígrundað yfir a föstudag“. Hafa ber í huga að föstudagur var 25. júlí 2008 þegar lykilstjórnendur fyrirtækjanna áttu í viðræðum, sbr. kafla 8.13.
- Eftir fund Samskipa og Eimskips 25. júlí 2008 héldu fyrirtækin áfram að vinna að verðhækkunum, bæði almennum og sértækum gagnvart lykilverðskiptavinum þeirra. Einn þessara lykilverðskiptavina Samskipa var eins og áður greinir þeirra allra stærsti viðskiptavinur í útflutningi, Alcoa. Sjá hér t.d. umfjöllun í kafla 8.15.7.1.

2486. Enn og aftur sýna gögn málsins sama mynstrið og áður um háttsemi stjórnenda Samskipa fyrir næstu samskipti þeirra við Eimskip. Þannig liggur fyrir að daginn áður en Samskip funduðu með Eimskip 14. ágúst 2008 hafi m.a. (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv unnið að undirbúningi verðhækkana m.a. gagnvart Alcoa, sbr. umfjöllun hér að framan um fund (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj og verkefnalista (S)frkvstj-millilandasv dags. 13. ágúst 2008.
2487. Stuttu eftir fund (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 með Eimskip, 14. ágúst 2008, sendi (S)forstj fundarboð til þeirra tveggja og (S)forstö-útfl. Samkvæmt fundarboðinu ætluðu þessir lykilstjórnendur Samskipa að hittast morguninn eftir, 15. ágúst 2008. Þar var til umræðu málefni sem vörðuðu aðgerðir sem allar tengdust samráðinu við Eimskip á þessum tíma, þ.á m. umfangsmiklum verðhækkunaraðgerðum.
2488. Eins og sjá má af framangreindu fundarboði (S)forstj var verðhækkun gagnvart Alcoa sérstakur dagskrárliður sem var til umræðu á þessum fundi stjórnenda Samskipa 15. ágúst 2008. Miðað við áðurnefnda umræðu innan Samskipa í júlí 2008 um hækkunaraðgerðir gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavinum var nú á hinn bóginn kominn fram ákveðnari tónn hjá forstjóranum um verðhækkun gagnvart Alcoa. Á umræddum fundi stjórnenda Samskipa 15. ágúst 2008 átti samkvæmt fundarboði (S)forstj nánar tiltekið að ræða „strategíu“ Samskipa gagnvart Alcoa, hugsanlegar verðhækkanir og hvenær hægt væri að láta verðhækkun taka gildi. Ljóst er að þessi „strategía“ Samskipa lá fyrir nokkrum dögum síðar þegar fyrirtækið óskaði eftir fundi með Alcoa, sbr. umfjöllun hér á eftir.
2489. Í millitíðinni, nánar tiltekið að kvöldi sunnudagsins 17. ágúst 2008, fengu bæði Samskip og Eimskip fundarbeiðni frá yfirmanni flutningaþjónustumála Alcoa, sbr. tölvupósta Alcoa til m.a. (S)forstö-útfl, (E)deildstj-útfl1 og (E)frkvstj-skiparekst með heitinu „Review of Alcoa Fjarmaal Shipping Activities - October 20-24“. Hér ber að rifja upp að á þessum tíma var ekki aðeins í gildi samningur milli Samskipa og Alcoa heldur einnig samningar milli Alcoa og Eimskips. Var um að ræða samninga frá árinu 2007, annars vegar um að Eimskip sæi um alla skipaafgreiðslu fyrir Alcoa í Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði og hins vegar að Eimskip annaðist innflutning á rafskautum frá Noregi til Reyðarfjarðar og skautaleyfum til baka. Vísast nánar um þetta til kafla 6.5.
2490. Í framangreindum tölvupósti Alcoa kom fram eftirfarandi: „[Innkaupasjóri Alcoa á Íslandi] and I feel is it both appropriate and important to have a review of Alcoa Fjarmaal's inbound and outbound shipping and logistics activities now that we have been running at full production for some time. We should review our contracts for any amendments that may be necessary and discuss operations improvement opportunities based on our experiences over the past year of shipping.

Based on everyone's feedback I would ask that you keep Week 43, October 20-24 available for these meetings. Meetings should take place at the Fjarmaal plant location.



If you know now of any days that week that you are not available please let me know. My initial thought is to plan 1 day with Eimskip/Elkem to discuss the anode vessel activity between Iceland and Norway, one day to discuss terminal operations with Eimskip/Samskip and one day to discuss export metal shipments with Samskip.

*Please provide any suggestions you may have for these meetings. I would ask each of you to put together a list of subjects you would like to discuss in our meeting sessions. More to follow.*¹³⁶⁷

2491. Af þessu má sjá að Alcoa hafi þegar um miðjan ágúst 2008 boðað til funda með Samskipum og Eimskip 20. – 24. október 2008. Taldi Alcoa mikilvægt að fara yfir reynslu af flutningaþjónustu fyrir Alcoa eftir að fyrirtækið hafði um nokkurt skeið náð hámarks framleiðslu á áli. Vildi Alcoa yfirfara samninga og að gerðar yrðu nauðsynlegar viðbætur svo og skoðuð tækifæri til að bæta þjónustuna.
2492. Samkvæmt fundarbeiðninni áætlaði Alcoa að fram færu þrjár aðskildir fundir framangreinda daga í október 2008: 1) fundur með Eimskip/Elkem til að ræða flutning á rafskautum milli Íslands og Noregs, 2) fundur til að ræða um hafnarþjónustu við Eimskip og Samskip og 3) fundur til að ræða útflutning Samskipa á áli.
2493. Eins og rakið er í kafla 9.4.1 áttu sér stað fundir Samskipa, Eimskips og Alcoa á Reyðarfirði dagana 22. – 23. október 2008. Fundirnir voru þó ekki nákvæmlega með þeim hætti sem Alcoa hafði lagt til í fyrrnefndu fundarboði frá 17. ágúst 2008, heldur fór þá m.a. fram sameiginlegur fundur Samskipa og Eimskips með Alcoa 22. október 2008. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum ræddu Samskip og Eimskip þennan dag m.a. um atriði sem tengdust breytingu á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu. Fóru þessi samskipti Samskipa og Eimskips fram þegar Samskip höfðu stuttu áður lýst því yfir að fyrirtækið væri að ljúka samningum við m.a. Eimskip, sbr. tölvupóst (S)forstj frá 20. október 2008.
2494. Sem fyrr segir ræddu (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útlfl „strategíu“ gagnvart Alcoa og hvenær verðhækkunar gætu tekið gildi tveimur dögum áður en Alcoa sendi umrætt fundarboð. Ljóst er af viðbrögðum Samskipa við fundarboði Alcoa að „strategía“ Samskipa gagnvart Alcoa lá þá fyrir. Ekki átti að bíða fram í október 2008 með að funda með Alcoa heldur var boðað til annars fundar.
2495. Daginn eftir áður nefnt fundarboð Alcoa eða þann 18. ágúst 2008 sendi (S)forstö-útlfl þannig annars konar fundarboð til viðskiptavinarins. Þar var óskað eftir fundi með Alcoa „um markaðsþróun flutninga til og frá Íslandi og husanlegar aðgerðir samfara breyttum aðstæðum.“¹³⁶⁸ Fundartíminn var tilgreindur 29. ágúst 2008. Framangreint fundarboð Samskipa til Alcoa og eftirfarandi gögn sýna að „husanlegar aðgerðir“ í framangreindu samhengi vörðuðu a.m.k. kröfu Samskipa um verðhækkunar gagnvart Alcoa.¹³⁶⁹ Samkvæmt fundarboði Samskipa til Alcoa áttu (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útlfl að sitja fundinn.
2496. Daginn eftir, 19. ágúst 2008, sendi (S)forstö-útlfl tölvupóst til (S)forstj og upplýsti um fundarboðið til Alcoa og undirbúning á verðhækkunum vegna flutningsþjónustu á fiski:
- „Fundur boðaður með Alcoa 29/8 hér í REY. Útfærsla á hækkunum á fiskinn í fullum gangi og klárast innan tíðar.“*¹³⁷⁰
2497. Af framangreindu er því ljóst að nokkrum klukkustundum eftir fund Samskipa með Eimskip 14. ágúst 2008 réðust Samskip í það að ræða og taka áfram undirbúning að verðhækkun gagnvart

¹³⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.222358.

¹³⁶⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Fundarboð sent til Alcoa 18.08.2008. Fundartími 29.08.2008. Doc. ID. 0.7.33.793949.

¹³⁶⁹ Samanber umfjöllun hér að framan um áður nefnda tölvupósta og fundarboð Samskipa, dags. 13.08.2008, 14.08.2008, 15.08.2008 og umfjöllun hér síðar um tölvupóst [...] til [...] dags. 30.08.2008, og tölvupóst [...] til [...], [...] og [...], 31.08.2008. Öll þessi samtímagögn fjalla m.a. um áform Samskipa um verðhækkun gagnvart Alcoa.

¹³⁷⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.488245.



lykilviðskiptavinum, m.a. gagnvart Alcoa. Aðeins tveimur virkum dögum eftir fund Samskipa með Eimskip höfðu Samskip sent fundarboð til Alcoa þar sem gögn málsins sýna að ræða átti verðhækkunar. Í gögnum málsins er ekki að finna ótta hjá stjórnendum Samskipa um viðbrögð frá helsta keppinautnum, Eimskip. Að mati Samkeppniseftirlitsins var það hið ólögmeta samráð Samskipa og Eimskips sem gerði fyrirtækinu mögulegt að halda ótrautt áfram í aðgerðum til undirbúnings á verulegum verðhækkunum sumarið 2008. Fundarbeiðni Alcoa 17. ágúst 2008 breytti engu um verðhækkunar „strategíu“ Samskipa gagnvart viðskiptavininum.

2498. Áréttu skal að þessi undirbúningur að verðhækkun Samskipa gagnvart Alcoa var ein af fjölmörgum hækkunaraðgerðum sem þegar höfðu tekið gildi, voru í undirbúningi um miðjan ágúst 2008 eða áttu eftir að koma til framkvæmda hjá bæði Samskipum og Eimskip. Á þessum tíma vann Eimskip einnig að hækkunaraðgerðum m.a. gagnvart stórum viðskiptavinum fyrirtækisins. Í dæmaskyni má nefna að samkvæmt fyrirliggjandi fundargerðum framkvæmdastjórnar Eimskips 13. og 26. ágúst 2008 unnu stjórnendur Eimskips t.a.m. að því að hækka verð gagnvart Aðföngum, Toyota, Ísafold og Nathan & Olsen, sbr. kafla 8.15.7.1.
2499. Varðandi Alcoa horfir Samkeppniseftirlitið einnig til þess að Samskip vissu eða mátti vera ljóst að innan við árgamall samningur fyrirtækisins við Alcoa yrði settur í uppnám ef gerð yrði krafa um verðhækkun. Eimskip yrði þá í kjöraðstöðu til að sækja og gera tilraun til að ná öllum flutningunum frá Samskipum. Hafa ber í huga að Eimskip hafði reynslu af og þekkti vel til flutninga á áli og þegar hér var komið sögu hafði Eimskip til að mynda misst umtalsverða flutninga fyrir Alcan úr kerfum sínum. Auk þess var Eimskip þá þegar að selja annars konar flutningaþjónustu og tengda þjónustu til Alcoa og þekkti því þarfir viðskiptavinarins vel, sbr. kafla 9.2.
2500. Af framangreindu má ætla að ef Samskip hefðu talið forsendur samnings við Alcoa vera breyttar, þá hefði við skilyrði samkeppni á markaði mátt ætla að allar aðgerðir Samskipa gagnvart Alcoa hefðu verið afar varfærnar í samkeppnilegu tilliti. Samtímagögn Samskipa sýna á hinn bóginn engan ótta um viðbrögð Eimskips. Til að mynda var ekki spurning hjá stjórnendum Samskipa um það hvort heldur hvenær hækkunin gagnvart Alcoa gæti tekið gildi. Áðurgreint óttaleysi endurspeglar einnig í öðrum samtímagögnum Samskipa vegna annarra verðhækkana Samskipa á þessum tíma, t.d. þegar fyrirtækið vann að öðrum verulegum og fordæmalausum hækkunum á gjaldskrár fyrirtækisins (sem tók gildi 1. september 2008, og sem Samskip unnu að samhliða því að boða Alcoa á fund til að ræða m.a. verðhækkunar).
2501. Gögn málsins sýna að Samskip hafi áfram fjallað um verðhækkunar gagnvart Alcoa í lok ágúst 2008, sbr. tölvupósta (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv 30. og 31. ágúst 2008 og umfjöllun í kafla 8.15.11. Á fundi stjórnar Samskipa hf. 1. september 2008 var samkvæmt fundargerð m.a. rætt um: „veruleg[a] hækkun á Alcoa samningi“ og gert ráð fyrir að hækkunin myndi samsvara um 200 milljónum kr. í tekjur á ársgrundvelli. Í glærukynningu frá sama fundi kemur fram að viðræður við Alcoa væru hafnar og Samskip hafi farið fram á 300 milljón kr. hækkun á samningnum við Alcoa, sbr. nánari umfjöllun í kafla 8.15.11.
2502. Í mgr. 41 í athugasemdum Samskipa við AI er staðhæft að fundur fyrirtækisins og Alcoa í ágúst 2008 hafi ekki verið haldinn. Engin gögn voru hins vegar lögð fram þessu til stuðnings. Hvað sem þessu líður liggur fyrir í málinu að Samskip héldu fund með Alcoa í Pittsburg í Bandaríkjunum 15. september 2008 og mættu (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útl fyrir hönd Samskipa á þann fund, sbr. tölvupóst (S)frkvstj-millilandasv til Alcoa daginn fyrir fund hans og (S)forstö-innfl1 með (E)frkvstj-Eimísl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl þann 5. september 2008 og tölvupóst (S)frkvstj-millilandasv til Alcoa 10. september 2008. Nánar er fjallað um umræddan fund Samskipa og Alcoa 15. september 2008 í kafla 8.16.5.3 og 8.16.8 hér á eftir en gögn málsins sýna að á þeim fundi hafi Samskip krafist mikillar hækkunar á verði í gildandi samningi við Alcoa frá október 2007. Í hnotskurn urðu atvik síðan þau að veruleg verðhækkun Samskipa gagnvart Alcoa, ásamt skerðingu á þjónustu, gekk eftir þann 24. nóvember 2008, en þá var gerður viðauki við fyrrgreindan samning fyrirtækjanna frá október 2007, sbr. umfjöllun um þau atvik í kafla 9.



8.15.8. Umfjöllun í Hollandi um samráð Eimskips og Samskipa

2503. Við heildarmat á gögnum þessa máls er mikilvægt að benda á að á þessum tíma, þ.e. í ágúst 2008, var meðal yfirmanna Samskipa erlendis rætt um að Samskip og Eimskip hefðu skipt með sér markaðnum. Kemur þetta fram í tölvupósti sem hollensk samkeppnisyfirvöld létu Samkeppniseftirlitinu í té við rannsókn málsins.
2504. Um er að ræða tölvupóst sem (S)frkvstj-frystig sendi þann 21. ágúst 2008 til stjórnenda Kloosterboer í Hollandi.¹³⁷¹ Í honum reifaði (S)frkvstj-frystig samtal við annan stjórnanda hjá Samskipum, (S)forstj-frystig.
2505. Hér ber að rifja upp að (S)forstj-frystig var yfirmaður frystigeymslureksturs Samskipa og var hann með starfsstöð í Hollandi. (S)forstj sendi tölvupóst til m.a. (S)forstj-frystig þann 20. maí 2008 í tilefni af ráðningu (E)forstj sem forstjóra Eimskips. Kvaðst (S)forstj þekkja (E)forstj vel og lagði til að hann, (S)forstj-frystig, (S)frkvstj-MCL og (S)stjórnarm-fjármstj myndu ræða um (E)forstj og Eimskip á fundi sem fyrirhugaður var í Rússlandi stuttu síðar í maí 2008. Þann 10. júní 2008 skipulagði (S)forstj að (E)frkvstj-alþjsv myndi hitta (S)forstj-frystig vegna samráðsverkefnisins og í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH til (S)forstj, dags. 22. júlí 2008, kom fram að (S)forstj-frystig og (S)frkvstj-MCL biðu fréttu af fyrirhuguðum fundi með Eimskip sem haldinn var 25. júlí 2008. (S)frkvstj-frystig er einn af Kloosterboerbræðrunum en hann hóf störf hjá Samskipum eftir kaup þeirra á sjávarútvegshluta Kloosterboer á árinu 2005.
2506. Í tölvupósti (S)frkvstj-frystig frá 21. ágúst 2008 kom fram að hann og (S)forstj-frystig hefðu rætt ítarlega saman fyrr um morguninn, m.a. um mögulega fjárhagsörðugleika aðaleiganda Samskipa, (S)aðaleig-stjform-SH.¹³⁷² Var í því samhengi vísað til samráðs við Eimskip:

„[...] mín persónulega tilfinning er að hann [(S)aðaleig-stjform-SH], og því Samskip líka hangi á bláþræði. Auðvitað spilar stoltið inn í þessu hvað varðar Samskip, og menn vænta þess að MCL verður sá fyrsti sem fer út. Þeir hafa reynt að vinna saman við Eimskip (gámaskip) og skipta markaðnum á milli sín, en þeir gripu Ikea pakkann fyrir aftan bakið á þeim, og þess vegna gaus [(S)aðaleig-stjform-SH] hærrí en geysir. Samskiptum við Eimskip var hætt.“

2507. Sem fyrr segir sýna gögn málsins samráð milli frystigeymslufyrirtækja Eimskips og Samskipa í Hollandi (Daalimpex og Kloosterboer) en hluti samráðsverkefnisins var að kanna möguleika á að auka þá samvinnu. Einnig ber að hafa í huga niðurstöðu hollenskra samkeppnisyfivalda frá mars 2016 um að Eimskip, Samskip, eignarhaldsfélag Kloosterboerfjölskyldunnar (Kloosbeheer) og eitt fyrirtæki til viðbótar hefðu á árunum 2006 - 2009 haft með sér alvarlegt ólögmeitt samráð á frystigeymslumarkaðnum í Hollandi, sbr. kafla 7.5.1. Í þessum tölvupósti frá 21. ágúst 2008 kemur einnig fram að (S)frkvstj-frystig hafi lagt til að (S)forstj-frystig myndi ræða við (E)frkvstj-Daalimpex (framkvæmdastjóra dótturfélags Eimskip, Daalimpex) og einnig sagt að (S)frkvstj-frystig hafi verið búinn að eiga samskipti við hana:

„-ég lagði til samtal við [(E)frkvstj-Daalimpex] en hann vill að ég verði viðstaddur. [(E)frkvstj-Daalimpex] veit þegar um þetta og ég tala við hana um (það).“¹³⁷³

2508. Við skýrslutöku hjá lögreglu vísaði (E)frkvstj-alþjsv til samskipta (S)frkvstj-frystig og (E)frkvstj-Daalimpex og hélt því fram að (E)frkvstj-Daalimpex og (S)frkvstj-frystig hefðu verið „*prímus mótorarnir*“ í umræddu ólögmeitu samráði Eimskips og Samskipa í Hollandi, sbr. kafla 7.5.1.

¹³⁷¹ Afhentur tölvupóstur frá hollenskum samkeppnisyfirvöldum. Tölvupóstur frá [...] til stjórnenda Kloosterboer [...], dags. 21.08.2008, kl. 9:40.

¹³⁷² Afhentur tölvupóstur frá hollenskum samkeppnisyfirvöldum. Tölvupóstur frá [...] til „Group-Five“, dags. 21.08.2008, kl. 09:40.

¹³⁷³ Afhentur tölvupóstur frá hollenskum samkeppnisyfirvöldum. Tölvupóstur frá [...] til stjórnenda Kloosterboer [...], dags. 21.08.2008, kl. 9:40.



2509. Samskiptin sem lýst er í tölvupósti (S)frkvstj-frystig eru því til frekara vitnis um samráð Eimskips og Samskipa á þessum tíma.
2510. Þessi tölvupóstur (S)frkvstj-frystig gefur jafnframt til kynna áhyggjur stjórnenda innan Samskipa Holding um versnandi fjárhagslega stöðu (S)aðaleig-stjform-SH og Samskipa samstæðunnar.
2511. Ummæli (S)frkvstj-frystig voru í samræmi við fyrirliggjandi samtímagögn sem sýna að frá fyrri hluta árs 2008 höfðu Samskip Holding staðið í viðræðum og gripið til aðgerða til að koma til móts við kröfur og verjast vanefndaúrræðum helsta lánadrottins samstæðunnar, hollenska bankans Fortis, sbr. umfjöllun í köflum 6.7 og 8.10.1. Eins og áður greinir var (S)aðaleig-stjform-SH stærsti eigandi Samskipa Holding. Atvik vegna Fortis voru ennþá yfirstandandi þegar (S)frkvstj-frystig sagði að (S)aðaleig-stjform-SH og Samskipasamstæðan stæðu mjög tæpt. Undirstrika ber að fjárhagslegir erfiðleikar Samskipa Holding tóku til erlendarar starfsemi samstæðu Samskipa. Íslenski rekstur Samskipa hf. gekk á hinn bóginn vel og hafði (S)aðaleig-stjform-SH gefið stjórnendum þau fyrirhugað að vernda ætti Samskip á Íslandi sem „cash cow“ samstæðunnar.
2512. Varðandi umrædd ummæli (S)frkvstj-frystig tengd IKEA, um að Eimskip hafi „gripið“ IKEA fyrir aftan „bakið“ á Samskipum, skal hafa í huga að fyrirtækið á Íslandi var á þessum tíma með viðskipti og samning hjá Eimskip. Engin tilfærsla varð á sjóflutningssviðskiptum við IKEA á Íslandi á þessum tíma. Verður því að telja að í tölvupósti (S)frkvstj-frystig sé rætt um flutninga fyrir það fyrirtæki annars staðar í Evrópu.¹³⁷⁴ Þrátt fyrir að í tölvupóstinum segi að (S)aðaleig-stjform-SH hafi reiðst og samskipti við Eimskip hafi verið aflögð þá sýna samtímagögn þvert á móti áframhaldandi samskipti og samvinnu Samskipa og Eimskips á Íslandi. Þá ber að hafa í huga að IKEA á Íslandi var andlag ólögðmætrar markaðsskiptingar fyrirtækjanna síðar á brotatímabili þessa máls, sbr. umfjöllun í kafla 14.29.
2513. Í mgr. 798 í athugasemdum Samskipa við AI er því mótmælt að framangreindur tölvupóstur (S)frkvstj-frystig væri til vitnis um samráð Eimskips og Samskipa. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á sjónarmið Samskipa sem tengjast þessu, sbr. umfjöllun í kafla 25.22.5.

8.15.9. Fyrirhugaður fundur Eimskips og Samskipa 22. ágúst 2008

2514. Þann 22. ágúst 2008 var líkt og áður greinir stefnt að fundi Samskipa og Eimskips og unnið að „Nýtt upphaf“ verkefninu og verðhækkunaraðgerðum.
2515. Í fundargerð framkvæmdastjórnar hjá Eimskip, vegna fundar 19. ágúst 2008, kemur fram að hækkun á „þjónustugjöldum Flytjanda fór vel í gegn, fengum varla nokkra umræðu frá viðskiptamönnum.“ Einnig segir: „Það er ekkert að sækja í útflutningi til US, ekkert að ná í.“¹³⁷⁵ Gefur þetta til kynna að Samskip hafi ekki nýtt sér hækkun Eimskips til að auka hlutdeild sína í landflutningum. Einnig er þetta til stuðnings takmarkaðri rekstrarlegri þýðingu Norður-Ameríku flutninga á þessum tíma.
2516. Í mgr. 801 í athugasemdum Samskipa við AI er því mótmælt að framangreind fundargerð Eimskips feli í sér vísbendingu um takmarkaða samkeppni eða um samráð fyrirtækjanna. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þau sjónarmið sem Samskip setja fram. sbr. umfjöllun í kafla 25.22.6.
2517. Gögn málsins sýna að þennan sama dag, þriðjudaginn 19. ágúst 2008, hafi helstu stjórnendur Samskipa unnið samhliða að aðgerðum og verkefnum sem annars vegar féllu beint undir „Nýtt upphaf“ verkefnið og hins vegar að áframhaldandi undirbúningi að bæði almennum verðhækkunum og sértækum hækkunum gagnvart stórum viðskiptavinum (t.d. Alcoa sbr. umfjöllun hér að framan). Sérstaklega var undirbúið að hækka flutningsgjöld vegna útflutnings á fiski frá Íslandi. Ræddi

¹³⁷⁴ Sbr. afhent yfirlit Samskipa um misst/fengin viðskipti. Afhent 10.04.2015. Sbr. einnig afhent skjal frá Eimskip um 25 stærstu viðskiptavinum í „5. Húsgögn“ 01.12.2016.

¹³⁷⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð EI vika 34 2008.doc“. Fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips 19.07.2008. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.108292.



(S)forstj í þessu samhengi um fund í „lok viku“. Sem fyrr kom hvergi fram í samtímagögnum stjórnenda ótti við við samkeppnisleg viðbrögð Eimskips við fyrirhuguðum verðhækkunum.

2518. Sem fyrr segir var á þessum tíma stefnt að fundi Eimskips og Samskipa föstudaginn 22. ágúst 2008. Ekki er hins vegar ljóst hvort í tölvupósti (S)forstj hér á eftir (þ.e. tölvupóstur til (S)forstö-innfl1 , sendur 19. ágúst 2008, kl. 8:45) hafi beinlínis verið vísað til þess fundar, en þar sagði „þegar við fundum í lok viku“. Hvað sem því líður verður ekki betur séð en að forstjórinn hafi talið óhætt að beita sér fyrir miklum verðhækkunum gagnvart viðskiptavinum fyrirtækisins án nokkurs ótta um viðbrögð helsta keppinautarins, Eimskips. Að mati Samkeppniseftirlitsins var það samráð Samskipa og Eimskips sem gerði þetta mögulegt. Skal þessu lýst nánar:

- Að morgni 19. ágúst (kl. 08:41) sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 , (S)forstö-flutnstj og (S)forstö-útfl. Efni hans var „Revised budget“ og í honum segir:

„Erum sammála um að taka eftirfarandi skref:

1. Kerfin-(S)frkvstj-millilandasv á fund nú í dag í Hamburg, og heyrum hver staða er þar síðar í vikunni

2. Alcoa-(S)forstö-útfl boðar til fundar

3. Útflutningur-(S)forstö-útfl undirbýr hækkanir á fiskinn

4. Innlutningur-[(S)forstö-innfl1] klárar revised budget fyrir innfl. byggt á magnáætlun, koma með tillögur að hækkunum

5. MCL [(S)frkvstj-MCL]- kollegar okkar í Rtm eru að greina tækifæri¹³⁷⁶.

- Nokkrum mínútum síðar (kl. 08:45) sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstö-innfl1 , (afrit til (S)frkvstj-millilandasv) og efni hans var „Innlutningur“. Í honum segir:

„Í nógu að snúast, þ.e.:

Revised budget

- afar mikilvægt að revised budget fyrir innfl. verði klárt nú þegar við fundum í lok viku, en í því er mikilvægt að það sé tekið niður á mánuði, mv. fyrri reynslu

Hækkanir

-klára samanburð á:

a) verðskrár okkar við keppinauta

b) verðskrár okkar versus kostnaðarverð viðkomandi verkþáttar koma með tillögu að hækkunum og mati á hverju þær skila

Intra Europe magn

-ég heyri að menn eru að byrja að bóka vöru milli hafna, sem er gott, en afar mikilvægt að fara rétt af stað með í upphafi, ræði við þig verðmálin td.¹³⁷⁷

- (S)forstö-útfl svaraði kl. 8.53 tölvupósti (S)forstj frá kl. 08:41 og sagði: „Fundur boðaður með Alcoa 29/8 hér í REY. Útfærsla á hækkunum á fiskinn í fullum gangi og klárast innan tíðar.“¹³⁷⁸

¹³⁷⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.488159.

¹³⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.488162.

¹³⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.488245.



Hér vísaði (S)forstö-útfli til fundarboðs til Alcoa deginum áður, 18. ágúst 2008. Varðandi ummæli (S)forstö-útfli um útfærslur á hækkunum Samskipa á fiski þá var um að ræða áframhaldandi undirbúning að verðhækkunum sem hann ásamt (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 ræddu 15. ágúst 2008 og settu í undirbúning eftir fund (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 með Eimskip deginum áður, sbr. umfjöllun hér að framan.

- (S)forstö-útfli sendi annan tölvupóst stuttu síðar (kl. 09:00) sem svar við „Revised budget“ tölvupósti (S)forstj (afrit til (S)frkvstj-millilandasv):

„Tækifæri til hækkana sé ég á eftirfarandi máta hér fyrir neðan,

1. Í frostinu þá gætum við náð árangri á skjótan máta ef rétt er að staðið þar sem ISI og HB Grandi eru með með lausa samininga.

2. Varðandi ferskfisk þá legg ég til karagjald upp á 10 EUR per kar. og gæti verið tilkynnti í vikunni eða næstu út á markaðinn.

3. Alcoa þekkjum við og munum ræða nánar 29/8 á fundi með þeim.

4. Elkem set ég upp á þann veg að ef þeir fara ekki að auka flutningana með okkur á haustmánuðum þá mun ég boða 10 usd mt hækkun á sjófrakt þeirra.“

2519. Síðan birti (S)forstö-útfli í tölvupóstinum eftirfarandi yfirlit yfir fyrirtæki og vöruflokka þar sem væri hægt að hækka verð og fá ný tekjuliði með verulegri árlegri tekjuaukningu hjá Samskipum á Íslandi (487 milljónir kr. á ári). Í samræmi við önnur samtímagögn staðfestir yfirlit og umfjöllun (S)forstö-útfli að undirbúningur Samskipa, m.a. um miklar verðhækkanir í útflutningi, tóku til umfangsmestu vöruflutninganna, þ.e. að hækka verð á flutningum á áli og fiski:¹³⁷⁹

¹³⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.794112.



Alcoa		
Annual magn	Gámaþörf	Gámar per viku
350.000,00	14.000,00	269,23
Staðsetningargjald		
	Einingar verð usd	
	350,00	
Fjöldi gáma per viku	Verð per gám	Annual tekjuaukning
150,00	52.500,00	218.400.000,00
Aukining á álverði	Annual tekjuaukning	
7,50	210.000.000,00	
Elkem		
Annual magn	Gámaþörf	Gámar per viku
90.000,00	3.600,00	69
Sjófrakts hækkun per tonn usd	10,00	
Annual tekjuhækkun isk	72.000.000,00	
Ferskfiskur		
Annual karafjöldi	84.000,00	
Karagjald EUR	10,00	
Annual tekjuaukninga	100.800.000,00	
Frosinn fiskur		
Annual magn mt	100.000,00	
Annual gámaþörf	4.000,00	
Hæknair í EUR per gám	200,00	
Annual tekjuaukninga	96.000.000,00	
Heildar tekjuaukning		
	ISK	
Stóriðja	290.400.000,00	
Ferskfiskur	100.800.000,00	
Frosinn fisku	96.000.000,00	
Samtals	487.200.000,00	

2520. (S)forstj svaraði 21. ágúst 2008 (kl. 08:05) tölvupósti (S)forstö-útfl frá 19. ágúst 2008 (sem hann sendi kl. 09:00). (S)forstö-útfl hafði, eins og áður segir lýst mati sínu á því hvernig unnt væri að hækka verð á útflutningi (sem var svar hans við beiðni (S)forstj). Í svari (S)forstj sagði:

„þakkir fyrir skýr markmið og leiðir ... nú förum við í slaginn ...”¹³⁸⁰

2521. Hvergi í umfjöllun þessara lykilstjórnenda var að finna ótta um viðbrögð helsta keppinautarins, Eimskips. Af fyrirliggjandi gögnum málsins er ljóst að áður nefnd ummæli (S)forstj um að fara í „slaginn” vísa til þess að stjórnendur Samskipa myndu taka „slaginn” um hækkanir við viðskiptavinum fyrirtækisins, sbr. einnig tölvupóst (S)forstö-umb.erl 28. ágúst 2008 til starfsmanna Samskipa erlendis þar sem tilkynnt var um verulegar verðhækkanir Samskipa gagnvart viðskiptavinum: „Í

¹³⁸⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.794564.



know the notice is very short and maybe in some instances customers might have a clause that rates can not be altered with such notice. We need to take that fight". Sjá nánari umfjöllun um þetta efni í næsta kafla.

2522. Eftir að hafa fengið þessa hvatningu um að fara „í slaginn“ sendi (S)forstö-útfli tölvupóst skömmu seinna sama morgun (kl. 08:50) til undirmanns síns, (S)viðskstj4, og bað hann að undirbúa eftirfarandi verðhækkun:

„Ég vil biðja þig að undirbúa í næstu viku tilkynningu um karagjald í ferskum fiski, legg til 10 eur per kar sem ætti að gefa okkur 100 millj. isk annual. þurfum að koma þessu gjaldi á innan 14 daga helst.“

2523. Ljóst er af svari (S)viðskstj4 að hann taldi þetta fela í sér verulega verðhækkun og benti á að þetta þýddi 600-650 evrur fyrir stóran gám.

2524. (S)forstö-útfli svaraði þessum tölvupósti (S)viðskstj4 24. ágúst 2008 og sagði: „já þetta eru miklar hækkanir“ og einnig kemur fram í svarinu að hann vilji að þessi verðhækkun taki gildi í næstu viku.¹³⁸¹ Áfram var engan bilbug að finna á stjórnendum Samskipa um að fara fram með þessa verðhækkun eða að hjá þeim mætti greina óvissu eða ótta um viðbrögð helsta keppinautarins, Eimskips. Hafa ber í huga að af áðurnefndri umfjöllun (S)forstö-útfli átti eingöngu þetta nýja gjald eitt og sér að skila Samskipum rúmlega 100 milljóna kr. tekjuaukningu á ári hverju.

2525. Sem fyrr segir stóð til að Samskip og Eimskip myndu hittast 22. ágúst 2008. Í dagbók (S)forstö-innfl1 þennan dag var hann bókaður kl. 10 á fund með heitinu: „Magn og tekjuáætlun 2009 + hækkanir 1. sept.“.¹³⁸² Kl. 14:00-15:00 var síðan bókaður fundur (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv með (E)forstö-innfl vegna „USA“. (E)forstö-innfl boðaði fundinn hjá Eimskip. Boðaðir ásamt (E)forstö-innfl voru (E)frkvstj-flutnkerf hjá Eimskip og hjá Samskipum (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 með heitinu „Ameríkusamningur“.¹³⁸³

2526. Hins vegar sendi (S)forstö-innfl1 deginum á undan (21. ágúst 2008) tölvupóst til (E)forstö-innfl og tók þetta fram: „Við [(S)frkvstj-millilandasv] komumst því miður ekki með á fundinn kl. 14:00 á morgun. Getið þið tekið hann kl. 10:30 á morgun? Ef ekki þá þurfum við því miður að fresta honum þar til á fimmtudag eða föstudag í næstu viku.“¹³⁸⁴ Í kjölfarið áttu sér stað frekari tölvupóstsamskipti milli (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl, síðar einnig (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl. Niðurstaðan varð að fundinum milli fyrirtækjanna var frestað til 28. ágúst 2008. Honum virðist síðan hafa verið frestað aftur til 1. september 2008.¹³⁸⁵

2527. Í mgr. 802 – 807 í athugasemdum Samskipa við AI er því mótmælt að framangreind umfjöllun innan fyrirtækisins um m.a. hækkun á verði og viðskipti við Alcoa hafi tengingu við samskipti við Eimskip og undirbúningi fyrir fund fyrirtækjanna sem á endanum var haldinn 5. september 2008. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa og undirstrikar að þegar í ágúst 2008 höfðu fyrirtækin átt samskipti sem höfðu það að markmiði að raska samkeppni. Fór sú háttsemi þeirra gegn 10. gr. samkeppnislaga. Fundur fyrirtækjanna 5. september 2008 var einn vettvangur af mörgum í samfelldu samráði þeirra. Nánar er fjallað um sjónarmið Samskipa í kafla 25.22.6.

2528. Ljóst er að (E)forstj lagði á þessum tíma áherslu á að ljúka þeim þætti samráðsverkefnisins sem varðaði samstarf fyrirtækjanna í Norður-Ameríku flutningum. Hann sendi 23. ágúst 2008 tölvupóst

¹³⁸¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.795110.

¹³⁸² Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] [...] boðar [...] á fund 22.08.2008, kl. 08:47. Fundartími stuttu síðar kl. 10-11. Doc. ID. 0.7.33.660003.

¹³⁸³ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip og Samskip. [...] Fundur boðaður af [...]15.08.2008, kl. 14:22. Fundartími 22.08.2008, kl. 14-15. Doc. ID. 0.7.33.658431.

¹³⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.401627.

¹³⁸⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.402293.



til m.a. (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-lögfr með heitinu „USA samningur við Samskip.“ Í tölvupóstinum sagði aðeins þetta:

„Það verður að klára þennan samning hið fyrsta“.

2529. Í tengslum við þetta spurði (E)frkvstj-lögfr (E)forstö-innfl um framvindu mála. (E)forstö-innfl svaraði 25. ágúst 2008 og greindi frá samskiptum við Samskip:

„Við (E)frkvstj-flutkerf hittum þá [(S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl] í þar síðustu viku og (E)frkvstj-EimÍsl kom svo inn á fundinn. Það er stál í stál varðandi hækkun sem við ætlum að ná í gegn og fara þeir fram á lækkun á verðum. Það er ákveðinn fundur eftir viku þ.e. næsta mánudag en þeir frestuðu fundi s.l. föstudag og geta ekki hitt okkur núna í vikunni. Það sem skiptir máli er að ná saman um verð en ég ræddi innihaldið og framkvæmdina við þá. Þeir eru ánægðir með framkvæmd okkar á þessum flutningum. Þóttust lítið þekkja til að Samkeppniseftirlitið hefði erindi frá þeim til umsagnar frá 2006 sem ekkert svar hefði borist við. Ég tjáði þeim að núgildandi verð myndu falla úr gildi eftir 1. október n.k.“

2530. (E)forstj svaraði sama dag og sagði:

„Ég vil vera með á þessum fundum –vinsamlegast setjið mig inn í efnis samningsins og berið við þann fyrri.“¹³⁸⁶

2531. (E)forstj var í september 2013 spurður af Samkeppniseftirlitinu hvort hann hefði komið að samskiptum við Samskip vegna Norður-Ameríku samstarfsins. Í svari hans sagði:

„Nei. Aftur, ég reyni að halda mér frá þessu og það að vera Íslendingur hér það, ég myndi bjóða hættunni heim að vera þarna hinu megin og vera alltaf að taka inn einhverja kúnna, biðja um afslætti, þannig að ég reyni að halda mig frá því en get það aldrei alveg, það er alltaf eitthvað sem óvart dettur inn hjá mér og ég þarf að, ég þarf að taka á málum.“¹³⁸⁷

2532. Hér ber að rifja upp að við skýrslutöku hjá lögreglu árið 2018 gaf (E)forstj eftirfarandi skýringar þegar hann var spurður um gögn sem tengdust Norður-Ameríku samstarfinu við Samskip á árinu 2008:

- Aðspurður um m.a. uppsögn Eimskips á Norður-Ameríku samningnum 30. maí 2008 og ósk um að hefja tafarlaugar viðræður við Samskip um nýjan samning sagði (E)forstj að hann hafi verið mótfallinn þessu samstarfi við Samskip og viljað segja samningnum upp í þeirri von að Samkeppniseftirlitið myndi ekki heimila þetta samstarf, sbr. kafla 7.2.1.1. Tók (E)forstj t.d. fram að hann hafi ekkert viljað flytja fyrir Samskip („engan áhuga á að flytja fyrir Samskip eitt einasta box“).¹³⁸⁸ Þrátt fyrir þetta sagði (E)forstj að umræður um Norður-Ameríku samninginn við Samskip, sem unnið var eftir á árinu 2008, „voru ekkert á mínu borði“.¹³⁸⁹
- Í tölvupósti til (E)frkvstj-flutkerf þann 27. júní 2008 setti (E)forstj fram þau tilmæli að Eimskip myndi biðja Samskip um að hætta að keppa í flutningum til og frá Norður-Ameríku (í gegnum Evrópu) og notast þess í stað alfarið við skip Eimskips. Jafnframt átti að hækka verð á þessum beinu flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Eins og lýst er í kafla 8.4 fæst ekki betur séð en að (E)forstj hafi með framburði sínum hjá lögreglu staðfest að vakað hafi fyrir honum að fá Samskip til þess að hætta umræddri samkeppni. Jafnframt kom fram í kafla 8.4 að virða verði þennan tölvupóst (E)forstj frá 27. júní 2008 í samhengi við það sem fram komi í „Nýtt upphaf“ glærum hans og fundi (E)forstj með yfirmanni Samskipa í Norður-Ameríku, (S)frkvstj-N-Am, þann 25. júní 2008.

¹³⁸⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.317623.

¹³⁸⁷ Endurrit af munnlegri upplýsingagjöf Eimskips ([...]) til Samkeppniseftirlitsins, dags. 17.09.2013, bls. 9.

¹³⁸⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 72.

¹³⁸⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 71.



- Aðspurður um framangreindan tölvupóst frá 23. ágúst 2008 („*það verður að klára þennan samning hið fyrsta*“) virtist (E)forstj gefa þá skýringu, við skýrslutöku hjá lögreglu, að hann hafi verið að ýta á eftir samningagerð við Samskip svo unnt væri að hækka verð Eimskips og til þess að það væri unnt yrði að senda nýjan samning til Federal Maritime Commission (FMC). Neitun Samskipa um að borga hærra verð fyrir Norður-Ameríku flutninga hafi tafið þessa vinnu.¹³⁹⁰
- Aðspurður um orðalagið „*Ég vil vera með á þessum fundum*“ í framangreindum tölvupósti frá 25. ágúst 2008 sagði (E)forstj: „*Já sko þarna er verið að tala um Íslendingana, [(E)frkvstj-lögfr] [...] og [(E)forstö-innfl] og þegar ég segist vera, vilja vera á þessum fundum vil ég sjá hvað þau ætla að gera. Eitt af þessum málum sem að ég hef þá viljað fylgjast með*“. Bætti (E)forstj síðan þessu við: „*En ég var ekki að óska eftir því að fara á, á fundina, ég sé það ekki í þessu*“.¹³⁹¹

2533. Munnleg upplýsingagjöf (E)forstj hjá Samkeppniseftirlitinu og framburður hjá lögreglu er ekki í samræmi við samtímagögn. Það er ekki rétt að (E)forstj hafi reynt að halda sig frá málefnum sem tengdust þessu samstarfi við Samskip. Hann þvert á móti lagði áherslu á þau, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.1.1 um atvik í lok maí og byrjun júní 2008 og umfjöllun í kafla 8.4 um tölvupóst (E)forstj frá 27. júní 2008. Tölvupóstur (E)forstj frá 25. ágúst 2008 staðfestir þetta og orðalag hans gefur til kynna að (E)forstj hafi ákveðið að taka beinan þátt í þessum samskiptum við Samskip. Hins vegar skiptir ekki höfuðmáli hvort (E)forstj lýsti yfir vilja til að sitja fundi með Samskipum eða sitja undirbúningsfundum með undirmönnum sínum áður en þeir hittu Samskip. Eftir sem áður sýnir gagnið að (E)forstj hafi sýnt þessu málefni mikinn áhuga. Sá áhugi var hins vegar í engu samræmi við takmarkaða þýðingu Norður-Ameríku flutninga á þessum tíma fyrir bæði Eimskip og Samskip, sbr. m.a. framangreinda fundargerð Eimskips frá 19. ágúst 2008 og umfjöllun hér að framan um fund Eimskips og Samskipa 14. ágúst 2008. Er þetta, ásamt öðrum fyrirbyggjandi samtímagögnum, til stuðnings því að á fundum (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 , (E)forstö-innfl , (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-Eimísl hafi verið rætt um fleiri samráðsmálefni en Norður-Ameríku samstarfið.
2534. Í mgr. 808 í athugasemdum Samskipa við AI er umfjöllun Samkeppniseftirlitsins um tölvupósta (E)forstj frá 23. og 25. ágúst 2008 gagnrýnd. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þá gagnrýni, sbr. kafla 25.22.6.

8.15.10. Miklar verðhækkningar Samskipa 1. september 2008 o.fl.

2535. Áfram var unnið að undirbúningi verðhækkana innan Samskipa. Sunnudaginn 24. ágúst 2008 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstö-innfl1 . Heiti hans var „*revised*“ og það (S)forstj (S)forstö-innfl1 að senda sér það sem hann hafi kynnt á föstudegi og jafnframt „*senda samantekt yfir það sem mun hækka nú um mánaðarmótin og hverju það muni skila*“.¹³⁹²
2536. (S)forstj sendi einnig sama morgun tölvupóst til (S)forstö-útfl og spurði;
- „*varstu klár með það hvað mun hækka nú frá og með 1 sept, innfl ætlar að hækka myndarlega sem og landflutningar.*“
2537. (S)forstö-útfl svaraði sama dag, 24. ágúst 2008, og sagði að sjófrakt myndi hækka um 5%, þjónustugjöld um 10% og sama á „*útseldum innanlandsakstri.*“ (S)forstj svaraði og spurði um hækkun á „*karagjaldinu á ferska*“. Í svari (S)forstö-útfl við þeirri spurningu sagði að undirmaður hans myndi klára:
- „*tilkynninguna í vikunni og sendir út, byrjum að rukka frá og með næstu viku. Þetta þýðir 400-600 EUR hækkun á gám ef við rukkum 10 EUR per kar, heldurðu að við komumst upp með það?*“.¹³⁹³

¹³⁹⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 79.

¹³⁹¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 105.

¹³⁹² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.660459.

¹³⁹³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.489462.



2538. Samkvæmt þessu ætlaði (S)forstö-útl tilkynna um karagjalðið á tímabilinu 25. – 29. ágúst og byrja að innheimta það mánudaginn 1. september 2008. Var (S)forstö-útl hins vegar óviss um að Samskip gætu framkvæmt þá verðhækkun á flutningum á ferskum fiski sem fólst í þessu karagjalði.
2539. Í framangreindum tölvupósti frá 25. ágúst 2008 frá (E)forstj til (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-lögfr (afrit til (E)frkvstj-flutnkerf) kvaðst (E)forstj vilja taka þátt í umræddum fundum með Samskipum. Samkvæmt dagbók (E)forstö-innfl var haldinn innanhúsfundur hjá Eimskip daginn eftir, eða 26. ágúst 2008, kl. 11-12. Samkvæmt fundarboði átti að ræða „Samningur við Samskip frá Ameríku“ og í samræmi við fyrirmæli (E)forstj voru á fundinn boðaðir (E)forstj, (E)frkvstj-flutnkerf, og (E)frkvstj-Eimísl.¹³⁹⁴ Eftir fundinn eða kl. 17:30 sendi (E)forstö-innfl tölvupóst til umræddra fundarmanna. Heiti tölvupóstsins var „Ameríkusamningur“ og í honum fjallaði (E)forstö-innfl m.a. um hækkanir á samningnum og hugmynd um nýtingu Samskipa á vöruhúsi Eimskips í Richmond í Bandaríkjunum. Segir m.a.:
- „Ég ræði hugmyndina um vinnuna í Richmond við [(S)forstö-innfl] fyrir fundinn“.¹³⁹⁵
2540. Samkvæmt þessu var undirstrikað mikilvægi þessa máls af hálfu Eimskips með beinni aðkomu (E)forstj og að ráðgerður var annar fundur Samskipa og Eimskips og hugðist (E)forstö-innfl ræða við (S)forstö-innfl1 fyrir þann fund. Sýnir þetta einnig að í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið var til umræðu hjá Samskipum og Eimskip aukið samstarf tengt Norður-Ameríku flutningum, þ.á m. möguleg nýting Samskipa á vöruhúsi Eimskips í Richmond í Bandaríkjunum.
2541. Sama dag, 26. ágúst 2008, var haldinn fundur framkvæmdastjórnar Eimskips. Í fundargerð er haft eftir (E)frkvstj-innanl að unnið væri að eftirfylgni vegna gjaldskrárhækkunar sem gerð var 11. ágúst og að gjaldataka gagnvart Húsasmiðjunni myndi taka ákveðnum breytingum vegna BAF og að hann muni hitta „Aðföng væntanlega í vikunni til að ná fram hækkun umfram samning.“ Þá kemur fram að (E)forstö-innfl væri að „vinna í að Samskip, Innes, Nathan o.fl. greiði okkur BAF gjöld núna í framhaldinu.“¹³⁹⁶
2542. Samkvæmt framangreindu hugðist (E)forstö-innfl ræða við (S)forstö-innfl1 fyrir næsta fund fyrirtækjanna. Sýna gögn málsins að (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 hafi rætt saman daginn eftir, þ.e. 27. ágúst 2008. Þetta sést af tölvupósti sem (E)forstö-innfl sendi (S)forstö-innfl1 um kvöldið þann dag. Í byrjun hans segir:
- „Varðandi reikningsstöðu á félagi minn og nágretta í sumarþustaðalandinu fyrir norðan sem ég ræddi við þig í dag.“¹³⁹⁷
2543. Í tölvupóstinum var síðan að finna upplýsingar um viðskipti nágretta (E)forstö-innfl við Samskip og við blasir að (S)forstö-innfl1 hafði, að beiðni (E)forstö-innfl, fallist á að skoða hugsanlega leiðréttingu á reikningi nágrenns. Rennir þetta stöðum undir tengsl og samskipti helstu stjórnenda þessara keppinauta. Í ljósi framangreinds tölvupósts (E)forstö-innfl frá deginum á undan verður að telja að málefni tengd samráði fyrirtækjanna hafi einnig verið til umfjöllunar í þessu samtali. Hvað sem þessum samskiptum (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl líður ber að hafa í huga að á þessum tíma, í ágústmánuði 2008, höfðu Eimskip og Samskip þegar með sér ólöglegt samráð á markaðnum sem a.m.k. auðvelduðu eða sköpuðu kjörskilyrði til að grípa til verulegra verðhækkana gagnvart viðskiptavinum. Gögn sem sýna samskipti yfirmanna keppinauta, sem komu að ákvörðunum um verðhækkanir, samtímis því að fyrirtækin unnu að þessum aðgerðum samráðsins hafa óhjákvæmilega einnig sönnunargildi í máli sem þessu. Um þetta vísast til umfjöllunar í köflum 6 – 8.

¹³⁹⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.403842.

¹³⁹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.320122.

¹³⁹⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips 26.08.2008. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.404957.

¹³⁹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.662638.



2544. Sama dag og (S)forstö-innfl1 ræddi við (E)forstö-innfl var hann þannig að leggja lokahönd á undirbúning að „myndarlegri“ verðhækkun á þjónustu innflutningsdeildar Samskipa. Sést þetta skýrlega af tölvupóstum sem hann sendi yfir daginn.¹³⁹⁸ Samskip sendu út þennan dag tilkynningu um verðhækkun á landflutningaþjónustu Samskipa en tilkynning um hækkun á innflutnings- og útflutningsþjónustu var send daginn eftir.¹³⁹⁹ Tilkynningin um hækkun á landflutningum hljóðaði svo:

„Reykjavík 27. ágúst 2007

Ágæti viðskiptavinur

Frá og með mánudeginum 1. september nk. mun almenn gjaldskrá Landflutninga - Samskipa hækka sem nemur 5,5%.

Jafnframt hefur verið ákveðið að taka upp nýtt stykkjagjald frá og með sama tíma, kr. 107 fyrir hverja flutningseiningu á fylgibréfi umfram þá fyrstu.

Ofangreindar hækkanir eru til þess að mæta auknum innlendum rekstrarkostnaði og hækkandi meðhöndlunarkostnaði.

Ný verðskrá verður birt á vefslóðinni www.landflutningar.is.

2545. Sem fyrr segir sýna gögn málsins að (S)forstö-innfl1 ræddi við (E)forstö-innfl þann 27. ágúst 2008. Þann dag sendi (S)frkvstj-N-Am, framkvæmdastjóri Samskipa í Bandaríkjunum, tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og spurði hann hvort eitthvað væri að „frétta af EI [Eimskip] samningsmálum“. (S)forstö-innfl1 svaraði daginn eftir og greindi (S)frkvstj-N-Am frá því að það yrði haldinn fundur með Eimskip í næstu viku.¹⁴⁰⁰
2546. Í mgr. 811 í athugasemdum Samskipa við AI er því mótmælt að tölvupóstur (E)forstö-innfl til (S)forstö-innfl1 frá 27. ágúst 2008 hafi nokkra tengingu við ætlað samráð Eimskips og Samskipa. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa, sbr. umfjöllun í kafla 25.22.7.
2547. Þann 28. ágúst 2008 var því áfram unnið að því hjá Samskipum að hrinda verðhækkunum á inn- og útflutningi í framkvæmd. Klukkan 08:40 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfli (afrít til (S)frkvstj-millilandasv) með heitinu „Hækkanir 1 sept“. Gaf (S)forstj þau fyrirmæli að þeir skyldu taka saman á eitt blað hvað hækkanir 1. september 2008 ættu eftir að skila Samskipum í formi aukinnar framlegðar og senda þessa samantekt til hans og (S)frkvstj-millilandasv. Einnig sagði í tölvupóstinum:
- „Jafnframt er vert að lækka eitthvað af gjaldskrárliðum hjá okkur, sem augljóslega eru of háir, og ekki unnið eftir eða í mjög litlu mæli, til að hreinlega geta sýnt fram á að um breytingar á gjaldskra er að ræða, ekki einvörðungu hækkunum, tilgangurinn að gera verðlagningu meira „transparent.“¹⁴⁰¹
2548. Hér ber að rifja upp að samkvæmt áður nefndum tölvupósti (S)forstö-útfli frá 24. ágúst 2008 ætluðu Samskip að tilkynna um karagjaldið á tímabilinu 25. – 29. ágúst og byrja að innheimta það mánudaginn 1. september 2008. Það var hins vegar ekki tilkynnt um það fyrr en 8. september 2008. Samkvæmt tölvupóstinum frá 24. ágúst 2008 var (S)forstö-útfli óviss um að Samskip gætu framkvæmt þá miklu verðhækkun á flutningum á ferskum fiski sem fólst í þessu karagjaldi.
2549. Framangreindur tölvupóstur (S)forstj til m.a. (S)forstö-útfli var sendur kl. 08:40 þann 28. ágúst 2008. Eftir að hafa fengið þetta verkefni frá (S)forstj tengt verðhækkun á útflutningi sendi (S)forstö-útfli

¹³⁹⁸ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.662019. Frá G...]. „hækkun“, dags. 27.08.2008, kl. 11:21. Doc. ID. 0.7.33.662036. [...] Doc. ID. 0.7.33.662100. [...] Doc. ID. 0.7.33.662416.

¹³⁹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.662504.

¹⁴⁰⁰ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.662561. [...] Doc. ID. 0.7.33.662731.

¹⁴⁰¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.795572.



síðar sama morgun (kl. 11:32) tölvupóst til starfsbróður síns hjá Eimskip, (E)forstö-útfl forstöðumann útflutningsdeildar Eimskips. Í tölvupóstinum sagði þetta í heiti hans:

„viltu hringja í mig í gsm, [símanúmer]“¹⁴⁰²

2550. Ekkert annað kom fram í tölvupóstinum. Í samkeppnisrétti getur gagn af þessum toga sannað að keppinautar hafi rætt saman, sbr. kafla 4. Í máli þessu er hins vegar ekki ágreiningur um (S)forstö-útfl og (E)forstö-útfl ræddu saman í kjölfar tölvupóstsins.
2551. Þessir yfirmenn, (S)forstö-útfl og (E)forstö-útfl, gegndu, eðli málsins samkvæmt, lykilhlutverki varðandi verðlagningu á útflutningsþjónustu fyrirtækjanna. Engar vísbendingar eru um annað en að þessi ósk um símtal hafi tengst starfi þessara einstaklinga. Á þessum tímapunkti voru miklar verðhækkningar áformaðar hjá Samskipum. Ber hér að áréttu að í áætlunum um karagjald fólst samkvæmt (S)forstö-útfl mikil hækkun á tekjum Samskipa, sbr. kafla 8.15.9 þar sem lýst er tölvupóst hans frá 24. ágúst 2008 til (S)viðskstj4. Í tölvupósti (S)forstö-útfl til (S)forstj, sama dag, lýsti hann efasemdum um að Samskip „komist upp með það“ að leggja á þetta gjald, sbr. kafla 8.15.10. Þeir sem hefðu getað hindrað þessi áform Samskipa um mikla verðhækkun í formi karagjalds voru væntanlega annars vegar öflugir viðskiptavinir (sem t.d. gætu hóttað að flytja viðskipti sín annað) og hins vegar Eimskip (með því að ráðast ekki í sambærilega hækkun og taka í viðskipti óánægða viðskiptavini Samskipa).
2552. Engar skýringar finnast í samtímagögnum málsins um ástæðu þess að (S)forstö-útfl bað (E)forstö-útfl að hringja í sig þennan dag. Eimskip og Samskip veittu engar upplýsingar um þessi samskipti (S)forstö-útfl og (E)forstö-útfl þegar fyrirtækin svöruðu beiðnum Samkeppniseftirlitsins samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga. Í athugasemdum við AI hafa Samskip gefið þessar skýringar:
- Í mgr. 814 í athugasemdum Samskipa við AI kemur fram að (S)forstö-útfl og (E)forstö-útfl hafi rætt saman en samtalið hafi ekki fjallað um verð fyrirtækjanna. Eru þessi samskipti (S)forstö-útfl og (E)forstö-útfl sögð hafa tengst synjun Eimskips á að flytja fyrir Samskip gáma með vörum Elkem til Norður-Ameríku.
 - Í mgr. 884 í athugasemdum Samskipa við AI er hins vegar staðhæft að þessi samskipti (S)forstö-útfl og (E)forstö-útfl hafi verið „persónulegs eðlis og alls ótengd rannsóknarefnum þessa máls.“
2553. Er því ekki innbyrðis samræmi í umfjöllun Samskipa um þessi samskipti (S)forstö-útfl við starfsbróður sinn hjá Eimskip. Þá eru engin gögn lögð fram af hálfu Samskipa, né hafa fundist í gögnum málsins, til stuðnings því að viðræður (S)forstö-útfl og (E)forstö-útfl hafi annaðhvort tengst flutningum fyrir Elkem á Grundartanga eða persónulegum málefnum sem hefðu engin tengsl við flutningastarfsemi Eimskips og Samskipa.
2554. Í þessu samhengi verður og að horfa til tölvupósts sem (E)forstö-útfl sendi (E)deildstj-útfl1 þann 8. september 2008, sbr. kafla 8.16.4. Varðaði hann umrætt karagjald Samskipa og gerði (E)forstö-útfl grein fyrir viðhorfum (S)forstö-útfl, (S)forstj og (S)viðskstj4 til þess gjalds. Gefur þetta greinilega til kynna samskipti milli (S)forstö-útfl og (E)forstö-útfl í kjölfar beiðni hins fyrrnefnda um símtal. Fyrir liggur að daginn eftir, 9. september 2008, var bókað í fundargerð hjá Eimskip að ákveðið hefði verið að taka upp samskonar karagjald og Samskip. Sama kvöld sendi (E)deildstj-útfl1 tölvupóst til (E)frkvstj-Eimísl og afrit til (E)forstö-útfl. Heiti póstsins var „Karagjald á 20FT gáma“ og áframsendi (E)deildstj-útfl1 þar annan tölvupóst til (E)viðskstj1 og (E)deildstj-útfl3 um innleiðingu karagjalds hjá Eimskip. Í hinum áframsenda pósti mátti sjá (E)deildstj-útfl1 vísa til fyrirmæla um að innleiða hjá Eimskip karagjald á alla 20FT gáma. Áttu (E)viðskstj1 og (E)deildstj-útfl3 að útbúa tilkynningu þess efnis og senda til viðskiptamanna Eimskips, sbr. umfjöllun í kafla 8.6.14. Af þessu má ráða að (E)deildstj-útfl1 hafi þar verið að vísa til fyrirmæla yfirmanna sinna (E)frkvstj-Eimísl og (E)forstö-

¹⁴⁰² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.108488. Hér ber að geta að [...] fékk sent til baka „Out of office“ tölvupóst frá [...]. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.795893.



útfli um innleiðingu karagjaldsins hjá Eimskip. Þá liggur fyrir að þrátt fyrir umræddar áhyggjur (S)forstö-útfli var karagjaldinu hrint í framkvæmd 10. september 2008. Hafði (S)forstö-útfli áður frestað því að tilkynna um þetta gjald en gerði það eftir að hann sendi tölvupóstinn til (E)forstö-útfli og bað hann um að hringja í sig.

2555. Í sáttinni frá 16. júní 2021 viðurkennir Eimskip að hafa átt í alvarlegu ólögmætu samráði við Samskip. Hafi þessi brot falist í tilteknum aðgerðum sem „gripið var til eftir fund með Samskipum 6. júní 2008, sbr. einnig „Nýtt upphaf“ glærukynningu Eimskips frá 9. júní 2008“. Í þessum alvarlegu brotum fólst m.a. samráð „við Samskip um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum. Samráð þetta var umfangsminna á lokaári rannsóknartímabilsins (á árinu 2013).“
2556. Er þessi viðurkenning Eimskips í fullu samræmi við framangreind samtímagögn og hefur því mikla þýðingu í samkeppnisrétti, sbr. kafla 4.7.7.
2557. Þegar framangreind gögn málsins eru virt í samhengi verður að telja að skýringin á beiðni (S)forstö-útfli um símtal við (E)forstö-útfli sé sú að hún hafi verið liður í því að búa í haginn fyrir þessari verðhækkun Samskipa og að samskipti hafi átt sér stað milli fyrirtækjanna vegna a.m.k. karagjaldsins, sbr. einnig nánari umfjöllun hér á eftir um tölvupóst (E)forstö-útfli frá 8. september 2008. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á það sjónarmið Samskipa að viðræður (S)forstö-útfli og (E)forstö-útfli hafi ekki tekið til gjalddöku Eimskips og Samskipa, sbr. umfjöllun í kafla 25.22.7. Er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að þessi samskipti (S)forstö-útfli og (E)forstö-útfli hafi verið hluti af hinu ólögmæta samráði Samskipa og Eimskips á þessum tíma.
2558. Í því sambandi er rétt að taka fram að óháð umræddum samskiptum (S)forstö-útfli og (E)forstö-útfli var á þessum tíma þegar fyrir hendi samráð Eimskips og Samskipa sem gerði fyrirtækjunum kleift, án ótta um viðbrögð hvors annars, að grípa til verulegra verðhækkana gagnvart viðskiptavinum. Um þetta vísast til umfjöllunar hér að framan. Samtímagögn sem sýna yfirmenn keppinauta eiga í samskiptum samtímis því sem unnið hafi verið að verðhækkunum hafa óhjákvæmilega ríkt sönnunargildi í máli sem þessu.
2559. Um miðjan dag þann 28. ágúst 2008 sendi (S)forstö-umb.erl, forstöðumaður umboða Samskipa erlendis, tölvupóst til stjórnenda Samskipa annars staðar í Evrópu þar sem fyrirtækið rak starfsemi sem tengdist flutningum til og frá Íslandi (afrit til (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfli). Í honum sagði (S)forstö-umb.erl að höfuðstöðvarnar á Íslandi hefðu ákveðið verulega verðhækkun gagnvart viðskiptavinum Samskipa. Í því fólst m.a. hækkun á þjónustugjöldum Samskipa erlendis:

„Due to the economic crisis in Iceland and a sky high inflation of about 15% we are forced to increase our tariffs.

Today an announcement will be sent out to all Icelandic customers (both import and export) informing them of increases for seafreight, all local charges in Iceland and a 10% increase on all service charges abroad Iceland. The letter is being translated and will be sent to you as soon as ready.

These increases will be valid as from 1.9.2008.

[...]

For your prepaid/collect customers this rate increase (incl. of s/f and charges in Iceland) will have a considerable effect and they need to be notified. You can use letter that will be sent out today in Iceland or use it's text to create another more local letter.

We appreciate to know the feedback you will get and if you foresee some serious implications.



I know the notice is very short and maybe in some instances customers might have a clause that rates can not be altered with such notice. We need to take that fight. Offers made from DORIS will still be valid until their expiry (normally quotes have 30 or 60 days validity)."¹⁴⁰³

2560. Gagnvart hinum erlendu stjórnendum Samskipa voru þessar miklu verðhækkunar þannig skýrðar með vísan til mikillar verðbólgu og efnahagskreppu á Íslandi. Í tölvupósti (S)forstö-umb.erl var óskað eftir sjónarmiðum ef viðtakendur teldu að alvarleg vandamál („serious implications“) gætu leitt af þessari verðhækkun. Jafnframt skyldi „berjast“ („fight“) við viðskiptavinum sem hefðu ákvæði í samningum sínum við Samskip sem bönnuðu verðhækkunir með svo skömmum fyrirvara. Var það í samræmi við ummæli (S)forstj rúmri viku fyrr: „nú förum við í slaginn ...“ sbr. umfjöllun hér að framan um tölvupóst (S)forstj til (S)forstö-útfi dags. 21. ágúst 2008.
2561. Framkvæmdastjóri Samskipa í Rotterdam í Hollandi, (S)frkvstj-Holland, varð við þessu og sendi tölvupóst til (S)forstö-umb.erl kl. 13:43 hinn 28. ágúst 2008 (afrit til (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfi) og spurði:
- „What will be the consequence of this increase for our market-position (especially seen the current drop in volume)?*
- How do we expect our competitor to respond?*
- Will keep you informed on the reactions of our customers (especially on the contracts).*
- Will this also be applicable for on- and pre-carriage?“¹⁴⁰⁴*
2562. (S)forstö-umb.erl svaraði þessum spurningum (S)frkvstj-Holland með tölvupósti sama dag, kl. 15:31. Í honum sagði:
- „These issues have been analysed but the findings are clear. So far Eimskip has raised their rates 2 times this year of up to 20%, our increase is now e.g. 6.5 on europe S/F. For pre/onc we can not increase our margin, we would loose that biz...*
- These increases are very bald¹⁴⁰⁵ and we need to be quite sensitive to the feedback we get, both from our customers and the competition. If on some items a flat 10% increase will cause loose of biz then we need to re-evaluate. Also regarding notice to market being so short, if exceptions are demanded forcefully by some customers then we have to evaluate.“¹⁴⁰⁶*
2563. Í tölvupósti (S)frkvstj-Holland var í raun spurt um hver yrðu viðbrögð Eimskips („our competitor“) við þessari hækkun. Er ljóst að hann hafði áhyggjur yfir því að þessi verðhækkun gæti verið erfið í framkvæmd í ljósi minnkandi eftirspurnar og að viðskiptavinir gætu snúið sér til Eimskips. Í svari (S)forstö-umb.erl fólst að stjórnendur Samskipa á Íslandi teldu ljóst að Eimskip myndi ekki bregðast við þessari hækkun með því að bjóða betri kjör í því skyni að ná til sín óánægðum viðskiptavinum Samskipa.
2564. Hins vegar er ljóst að stjórnendur Samskipa á Íslandi höfðu enga slíka vissu um aðgerðir erlendra keppinauta í for- og áframflutningum (on- and pre-carriage) annars staðar í Evrópu.¹⁴⁰⁷ Þvert á móti þá lögðu Samskip til grundvallar að samkeppnisleg viðbrögð erlendra keppinauta myndu leiða til þess að fyrirtækið missti viðskipti í for- eða áframflutningum. („For pre/onc we can not increase our margin, we would loose that biz...“). Verðhækkun Samskipa tók þannig aðeins til þeirra þátta þar sem Eimskip var helsti keppinauturinn. Ber að virða þetta í samhengi við það samstarf og þau

¹⁴⁰³ Undirstrikun Samkeppniseftirlitsins. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum [...] Doc. ID. 0.7.33.795978.

¹⁴⁰⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum: [...] Doc. ID. 0.7.33.796046.

¹⁴⁰⁵ Á væntanlega að standa „bold“, þ.e. að verðhækkunin sé mjög djörf.

¹⁴⁰⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.796208.

¹⁴⁰⁷ T.d. flutningur á útfluttri vöru (t.d. frosnum sjávarafurðum) frá skipi Samskipa í Rotterdam til endanlegs áfangastaðar og flutningur að skipi Samskipa í Rotterdam sem siglir síðan til Íslands.



samskipti sem voru á milli Eimskips og Samskipa á þessum tíma. Er þetta að mati Samkeppniseftirlitsins enn ein vísbendingin um ólögmeæt samráð Eimskips og Samskipa á þessum tíma.

2565. Framangreindar áhyggjur (S)frkvstj-Holland af þessari verðhækkun höfðu þannig ekki þau áhrif að stjórnendur Samskipa á Íslandi hættu við eða drægju úr henni. Tilkynning um verðhækkun Samskipa á innflutnings- og útflutningsþjónustu var send viðskiptavinum að kvöldi 28. ágúst 2008. Hún hljóðaði svo: „Ágæti viðskiptavinar

Frá og með mánudeginum 1. september nk. mun sjóflutningsgjaldskrá Samskipa til/frá Evrópu hækka sem nemur 6,5% og sjóflutningsgjöld til/frá Bandaríkjunum og Kanada munu hækka um 16%.

Þjónustugjaldskrár inn- og útflutningsdeilda hækka um 10% bæði á Íslandi og erlendis. Gjaldskrá fyrir uppskipun lausavöru (LCL/LCL) mun hins vegar hækka um 18% og tekið verður upp sérstakt gjald fyrir óbrettaða lausavöru, kr. 1.250.- pr. rúmmetra.

Auk þessa mun gjaldskrá Samskipa fyrir heimakstur heilgáma hækka um fasta upphæð:

5.000 kr. fyrir akstur innan höfuðborgarsvæðisins

10.000 kr. fyrir akstur á Suðurnes, Suðurland að Hvalsvellu og Vesturland að Borgarnesi

15.000 kr. fyrir akstur á aðra staði

Ofangreindar hækkanir eru til þess að mæta auknum rekstrarkostnaði og kostnaðarhækkunum hérlendis og erlendis."

2566. Sagði síðan í tölvupóstinum að nánari upplýsingar um þessa hækkun veittu (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útf1.¹⁴⁰⁸

2567. Mánudaginn 1. september 2008 tóku umræddar verðhækkanir Samskipa gildi.¹⁴⁰⁹ (E)frkvstj-flutnkerf framsendi (kl. 10:25) tilkynningu um hækkunina til (E)forstö-innfl (afrit til (E)frkvstj-innan).¹⁴¹⁰

2568. Ljóst er að Samskip ætluðu sér ekki aðeins að hækka verðskrá sína heldur ætlaði fyrirtækið einnig að ná fram tekjuhækkun með sértækum verðhækkunum gagnvart stórum viðskiptavinum, ásamt með því að fella niður tiltekna afslætti. Voru gefin fyrirmæli frá stjórnendum Samskipa til undirmanna um að ganga í þetta verk af mikilli ákveðni. Voru þetta m.a. sömu stjórnendur og höfðu átt og áttu eftir að eiga í samskiptum við stjórnendur Eimskips. Þetta má sjá í tveimur tölvupóstum sem (S)forstö-innfl1 sendi undirmönnum sínum (viðskiptastjórum innflutnings) 1. september 2008. Í þeim fyrri sagði hann:

„Hér er stóra verkefnið. Meðfylgjandi er listi yfir þá sem eru með 100% afslátt af heimakstri. Það er ekki víst að þetta sé tæmandi listi, þ.a. ef þið vitið af einhverjum fleirum þá endilega bætið þeim við.

Nú þarf að fara í alla þessa viðskiptavini og hækka aksturinn um 5000 kr.

Þið getið tekið saman ykkar fyrirtæki úr þessu skjali. Ég fer yfir þau fyrirtæki sem er ekki búið að úthluta á morgun eða miðvikudag.

¹⁴⁰⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. Frá markaðsdeild til viðskiptavina Samskipa, dags. 28.08.2008, kl. 19:27.

¹⁴⁰⁹ Sbr. einnig afhentar upplýsingar frá Samskipum, 10.04.2015, fskj. 4 „Breytingar á gjaldskrá Samskipa vegna reglubundinna áætlunarsiglinga til og frá Íslandi“.

¹⁴¹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.223469.



Þetta þarf að vinnast mjög hratt því við viljum að þessi hækkun byrji að tikka strax. Ef þið viljið að ég, [(S)frkvstj-millilandasv] eða [(S)forstj] komi með ykkur á einhverja af þessum fundum þá er það sjálfsagt.

*Förum yfir stöðuna á þessu á mánudaginn.*¹⁴¹¹

2569. Meðfylgjandi tölvupóstinum var listi yfir fjölmarga öfluga viðskiptavinum Samskipa eins og t.d. eftirfarandi fyrirtæki: Vífilfell, Árvakur, Húsasmiðjan, Aðföng/Hagkaup, Rúmfatalagerinn, Byko, Íslensk Ameríska og Kaupás.

2570. Síðari tölvupóstur (S)forstö-innfl1 sýnir að stjórnendum Samskipa þótti ekki nóg að gert heldur átti að tryggja að allir þessir viðskiptavinir skyldu til viðbótar einnig greiða olúgjald vegna aksturs (FAF). Var þetta orðað svo í tölvupósti (S)forstö-innfl1 sem sendur var stuttu síðar:

*„Það er einnig markmiðið að troða FAF á alla núna á sama tíma og við erum að hækka aksturinn. Farið endilega með það að markmiði inn á fundina.*¹⁴¹²

2571. Var samkvæmt þessu lagt fyrir viðskiptastjóra innflutnings hjá Samskipum að fara á fund stærstu viðskiptavina fyrirtækisins og ná fram verðhækkun á akstri og „troða“ upp á þá olúgjaldi. Einnig hafði (S)forstj sagt að fara ætti í „slaginn“ og þar vísað til viðskiptavina að mati eftirlitsins. Jafnframt ber að hafa í huga fyrirmælin í framagreindum tölvupósti (S)forstö-umb.eri um að barist („fight“) skyldi við viðskiptavinum sem höfðu ákvæði í samningum sínum við Samskip sem takmörkuðu eða hömluðu verðhækkunir með skömmum fyrirvara, sbr. umfjöllun í kafla 8.15.9. Rökstutt hefur verið hér að framan að öflugir viðskiptavinir skipafélaganna hefðu hæglega getað fært viðskipti sín ef þeir sættu sig ekki við kjör sín og betri kjör væru í boði annars staðar, sbr. m.a. kafla 6.4. Ljóst er af gögnum málsins að Samskip hefðu ekki haft áhyggjur af viðbrögðum Eimskips vegna þessara verðhækkana. Rennir framangreint stöðum undir ólöglegt samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma.

2572. Gögn málsins gefa til kynna að Samskipum hafi orðið ágengt í að ná því markmiði fyrirtækisins að „troða“ olúgjaldi (FAF) á alla viðskiptavinum Samskipa og þá til viðbótar við hækkun á verði á akstri. Vísast hér til skýrslu (S)forstj, sem fjallað var um á stjórnarfundum Samskipa Holding 4. nóvember 2008, sbr. kafla 10.4.3. Þar kom fram þetta um verðhækkunir sem skipulagðar voru í ágúst 2008:

„Rate increases -we are achieving so to say all rate increases that were planned end august“.

2573. Sjá hér einnig skjöl sem voru meðfylgjandi tölvupósti (S)stjórnarm-fjármstj til stjórnar Samskipa Holding 6. desember 2008. Þar kom m.a. fram um verðhækkun 2008: -"For local trucking a lump sum increase of 5.000, 10.000 and 15.000 was introduced (Sept)" og varðandi olúgjaldið: „- Increased FAF towards customers (van distr.b, fcl, all customers)“, sbr. umfjöllun í kafla 10.5.4.

2574. Sem fyrr segir var hin verulega verðhækkun Samskipa 1. september 2008 réttlætt m.a. með vísun til kostnaðarhækkunar erlendis í tilkynningu til viðskiptavina hér á landi. Aðrar skýringar komu hins vegar fram í tilkynningu til starfsmanna Samskipa erlendis. Þrátt fyrir að Samskip hefðu staðhæft annað í tilkynningu til viðskiptavina á Íslandi fóru sumir kostnaðarliðir lækkandi á þessum tíma. Þann 9. september 2008 sendi (S)forstj póst til (S)forstö-innfl1 og spurði: „Hvað erum við að greiða frá Kína til Evrópu? verð í frjálsu falli“.¹⁴¹³ (S)forstö-innfl1 svaraði samdægurs:

¹⁴¹¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.664939.

¹⁴¹² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.664943.

¹⁴¹³ Hér má einnig hafa í huga glærakynningu [...] frá 6. september 2008 sem styður að kostnaður í sjóflutningum hafi almennt farið lækkandi á þessum tíma. Í þessari kynningu [...] kemur fram að minnkandi eftirspurn hefði leitt til lækkunar á leiguverði skipa og að horfur væru á „áframhaldandi lágu eða lækkandi“ leiguverði á skipum, sbr. kafla 8.16.2.3. Einnig má líta til þess að verð á olíu lækkaði á þessum tíma, sbr. t.d. tölvupóst Múrbúðarinnar til Eimskips 13. ágúst 2008 þar sem kvartað var yfir hækkun á olúgjaldi á sama tíma og heimsmarkaðsverð á olíu fór lækkandi, sbr. kafla 8.15.7.2.



„Við höfum verið að fá miklar lækkanir á Far East verðin. Við höfum fengið verð frá Mearsk, Ebrex og Apex (John Born). Ég hef trú á að lækkanirnar hafi verið að skila sér til okkar. Við höfum hins vegar ekki lækkað okkar útsöluverð. Við vorum með 100 USD í álagningu per TEU en nú er álagningin komin yfir 1000 USD per 40 feta gám. Það hefur gengið hjá okkur að skila þessum lækkunum ekki út. Við erum nú að gera verðkönnun hjá Eimskip til að sjá hvert þeirra verð er. Við heyrðu reyndar í gær að Jónar hefðu lækkað verðin sín og því hafa viðskiptavinir kvartað við okkur. Ég fer yfir það með Jónum í dag.“¹⁴¹⁴

2575. Samkvæmt þessum samtímagögnum lækkaði umræddur erlendur kostnaður verulega hjá Samskipum en á sama tímabili hækkaði fyrirtækið verð verulega og lét viðskiptavinum sína, a.m.k. þá sem tengdust íslenska markaðnum, ekki njóta neins ábata af þessum lækkandi kostnaði. Eins og áður nefndur tölvupóstur (S)forstö-innfl1 frá 9. september 2008 ber með sér þýddi þetta að álagning fyrirtækisins jókst mjög mikið (hækkun um 400%). Að mati Samkeppniseftirlitsins var samráðið við Eimskip meginástæða þess að það „gekk“ hjá Samskipum „að skila þessum lækkunum ekki út.“ Ber hér að hafa í huga að (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv höfðu föstudaginn 5. september 2008 átt fund með (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-Eimísli og (E)forstö-innfl. Var sá fundur hluti af ólögumætu samráði fyrirtækjanna þessum tíma, sbr. kafla 8.16.2.
2576. Þar sem keppinautarnir voru í sumum tilvikum fleiri en Eimskip töldu Samskip sig hins vegar ekki komast upp með hegðun af þessum toga, sbr. umfjöllun hér að framan um verð á for- og áframflutningum í erlendum höfnum. Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 ber einnig með sér að Samskip hf. hafi ætlað að gera athugasemdir við verðlækkun dótturfélagsins Jóna. Af samhenginu verður ekki annað ráðið en að stöðva hafi átt þá háttsemi Jóna að lækka verð. Var framangreint í samræmi við fyrirmæli (S)aðaleig-stjform-SH til stjórnenda Samskipa í mars 2008 um að vernda Samskip á Íslandi sem „cash cow“ samstæðunnar, sbr. umfjöllun í kafla 6.7.
2577. Hér að framan var gerð grein fyrir fyrir viðbrögðum (S)frkvstj-Holland, stjórnanda hjá Samskipum í Hollandi, við verðhækkuninni sem tók gildi 1. september 2008. Í þeirri aðgerð fólst m.a. hækkun á landflutningum á Íslandi. Þann 8. september 2008 sendi (S)viðskstj, viðskiptastjóri í útflutningsdeild, tölvupóst til (S)forstö-útfl. Fjallaði hann um verð á landflutningum Samskipa og bar heitið „Eðlileg verð?????“. Kom fram í tölvupóstinum mikil óánægja með óeðlilega háa verðlagningu á landflutningaþjónustu Samskipa. Bent var m.a. á þetta:
- „...ekki nokkur leið fyrir okkur að verja þessi verð frá Landflutningum gagnvart okkar viðskiptavinum.“
- „Besta leiðin til að ná í meiri viðskipti er ekki að vera nógu dýr!!“
2578. Tilgreindi (S)viðskstj síðan tiltekna verðlagningu landflutninga Samskipa og sagði að um væri að ræða;
- „hreint og klárt okur [...]“.
2579. Einnig sagði (S)viðskstj að fyrst Samskip væru „að sigla þarna [frá Reyðarfirði] á annaðborð hefði ég haldið að það væri gott að reyna að ná einhverju upp í fastakostnaðinn?“¹⁴¹⁵
2580. Ljóst er að bæði (S)frkvstj-Holland og (S)viðskstj höfðu áhyggjur af því að verðstefna Samskipa gæti gert fyrirtækið ósamkeppnishæft. Að sama skapi er ljóst að stjórnendur Samskipa deildu ekki þessum áhyggjum undirmanna, a.m.k. í þeim tilvikum þar sem Eimskip var helsti keppinauturinn.
2581. Líkt og í landflutningum höfðu lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips á sviði sjóflutninga átt í ítrefuðum samskiptum í aðdraganda þessarar hækkunar Samskipa, sbr. m.a. fundinn 14. ágúst og samtalið 27. ágúst 2008. Auk umræðu um a.m.k. „Nýtt upphaf“ verkefnið sem tók til sjóflutninga og

¹⁴¹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.668586.

¹⁴¹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.799896.



BAF voru þessi samskipti til þess fallin að draga úr sjálfstæði þessara keppinauta og æskilegri óvissu um fyrirætlanir hvors annars. Þar að auki voru þetta samskipti sem höfðu það að markmiði að raska samkeppni og höfðu stjórnendur í samtölum sínum bæði hvata og tækifæri til að skiptast á skoðunum um hverskonar málefni sem gátu haft áhrif á samkeppni fyrirtækjanna í sjóflutningum. Skiptir hér miklu að í samtímagögnum kemur ekki fram að (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 eða (S)forstj hafi óttast samkeppnisleg viðbrögð Eimskips vegna þessarar verulegu verðhækkunar sjóflutningsþjónustu. Til viðbótar kemur hvergi fram í samtímagögnum að (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-Eimísl, (E)forstö-innfl eða (E)forstj hafi íhugað að auka samkeppni og afla nýrra viðskiptavina þegar Samskip stigu fram með þessa miklu hækkun.

2582. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samskipti Samskipa og Eimskips hafi a.m.k. auðveldað eða skapað kjörskilyrði fyrir Samskip til að hækka verð verulega 1. september 2008, sbr. einnig umfjöllun í kafla 11.10.6. Þetta hafi aukið til muna þau skaðlegu áhrif sem voru til þess fallin að leiða af þessum samskiptum fyrirtækjanna. Þá ber til viðbótar að virða allar verðhækkningar Samskipa og Eimskips á síðari hluta ársins 2008 til janúar 2009 í einu lagi og verður fjallað um þær í kafla 11.21.
2583. Í mgr. 816 og áfram í athugasemdum Samskipa við AI er mótmælt þeim ályktunum sem Samkeppniseftirlitið dregur af framangreindum gögnum sem tengjast m.a. verðhækkun Samskipa. Eins og rökstutt er í kafla 25.22.7 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þetta.

8.15.11. Fyrirmæli (S)forstj um áframhaldandi aðgerðir til að skila góðri afkomu Samskipa

2584. Stuttu áður en verulegar verðhækkningar Samskipa gagnvart viðskiptavinum tóku gildi 1. september 2008, nánar tiltekið laugardaginn 30. ágúst 2008, sendi (S)forstj eftirfarandi tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv með heitinu „Revised“. Fólust í honum m.a. markmið um góða afkomu Samskipa hf.:

„Við stöndum frammi fyrir mikill áskorun - afkoma lífæðar félagsins að dragast saman um 550 mkr ágúst-des sbr excel skjalið, þrátt fyrir miklar aðgerðir hér og þar. Jafnframt útlit fyrir að árið 2009 verði mjög strembið.“

Árin 2006 og 2007 voru félaginu góð, en afkoma má samt ekki verða mikið slakari en afkoma var þau árin, hún þarf að vera amk 1,2 - 1,5 mia per ár, og við verðum að bregðast við þannig að árin 2008, 2009 og 2010 verði ekki fjarri því, þó ytra umhverfi verði snúið.“

Við þurfum að vinna meira með stóru myndina, módelið sjálf, og átta okkur á hvernig við komum félaginu á þá braut að það grípi tækifærin þegar magn eykst á markaði, en getið jafnframt brugðið við þegar samdráttur verður - þurfum að gera atburði liðinna ára, þe uppganginn, sem og niðursveifluna, að lærdóm til lengri tíma.“

2585. Því næst fór (S)forstj í tölvupóstinum yfir „næstu skref“ og nefndi þar m.a.;

- Alcoa, „koma á fundi með [Alcoa] sem fyrst, tíminn vinnur ekki með okkur og það blæður mest þessa mánuðina.“
- verðhækkningar væru „komnar út, en nú er það varnarleikurinn og eftirfylgnin“ (vísaði þar til verðhækkana 1. september 2008).
- „verðhækkningar á lykilkúnnna“, m.a. ISI, Granda og B&L.

2586. Gaf (S)forstj þau fyrirmæli til (S)frkvstj-millilandasv að hann skyldi taka saman tölur m.a. með yfirliti yfir áhrif hækkana á verðskrá Samskipa 1. september 2008, hækkun gagnvart Alcoa („?“) og verðhækkningar „á sértæka kúnnna, þe ISI og Granda“. Sagði (S)forstj að hann ætti fund með (S)stjform-S og (S)stjórnam-fjármstj (stjórnamönnum Samskipa hf.) eftir helgina (á mánudegi) og



hann þyrfti „að gefa þeim status“. Fyrir þann fund átti (S)frkvstj-millilandasv að vera búinn að taka saman yfirlitið. Þá sagði (S)forstj einnig að það þyrfti að „ná utan um árið 2009“.¹⁴¹⁶

2587. Þá má af tölvupósti (S)forstj sjá að hann gaf (S)frkvstj-millilandasv þau fyrirmæli að koma á fundi með Alcoa sem fyrst. Eins og rakið var hér að framan í kafla 8.15.7.3 höfðu Samskip, eftir fund með Eimskip 14. ágúst 2008, boðað Alcoa á fund þar sem m.a. var ráðgert að leggja fram kröfu um verulega verðhækkun Samskipa gagnvart Alcoa. Fundurinn átti að fara fram 29. ágúst 2008 en honum var frestað samkvæmt upplýsingum Samskipa. Með áðurnefndum tölvupósti (S)forstj 30. ágúst 2008 var hann að fylgja eftir gagnvart (S)frkvstj-millilandasv að þessum verðhækkunarfundi með Alcoa yrði komið á dagskrá sem fyrst. Eins og rakið verður hér síðar fór fram fundur Samskipa með Alcoa þann 15. september 2008 þar sem Samskip m.a. lögðu fram kröfu um verðhækkun.
2588. Það er því ljóst af þessum tölvupósti (S)forstj að grípa átti til fleiri aðgerða en þeirra verulegu verðhækkana Samskipa sem tóku gildi 1. september 2008. Farið skyldi í verðhækkunaraðgerðir gagnvart lykilviðskiptavinum, eins og t.d. Alcoa, Iceland Seafood og Granda.
2589. Vinna átti með „stóru myndina“. (S)frkvstj-millilandasv skyldi hafa hraðar hendur og vinna tölulega greiningu og senda til (S)forstj, (S)stjform-S og (S)stjórnarm-fjármstj og þyrfti hún að vera tilbúin tveimur sólarhringum síðar, mánudaginn 1. september 2008. Sem fyrr segir var ráðgerður fundur með Eimskip fimmtudaginn 4. september 2008. Rifja ber upp að á vettvangi stjórnar Samskipa hf. hafði aukið samstarf við Eimskip verið rætt allt frá fyrri hluta árs 2008 sbr. umfjöllun í kafla 6.7. Í þeim viðræðum voru viðstaddir fyrrnefndir (S)forstj, (S)stjform-S og (S)stjórnarm-fjármstj.
2590. Samkeppniseftirlitið tekur í fyrsta lagi fram að í þessum tölvupósti (S)forstj frá 30 ágúst 2008, um aðgerðir Samskipa, varð ekki vart við áhyggjur hans yfir mögulegum samkeppnislegum viðbrögðum Eimskips við almennum og sértækum verðhækkunum Samskipa, t.d. um að „lykilkúnnar“ myndu bregðast illa við hækkunum Samskipa og ná betri kjörum hjá Eimskip. Er þetta í samræmi við önnur samtímagögn sem sýna að óvissa hafi minnkað eða henni verið eytt á markaðnum með ólögmetu samráði Samskipa og Eimskips.
2591. Í öðru lagi má sjá af tölvupósti (S)forstj að með aðgerðum Samskipa og umfangsmiklum verðhækkunum gagnvart viðskiptavinum átti afkoma fyrirtækisins árin 2008, 2009 og 2010 ekki að verða „mikið slakari“ eða „fjarri“ afkomu á árunum 2006 og 2007, sem (S)forstj sagði hafa verið góða. Voru markmiðin um afkomu metnaðarfull, þrátt fyrir að af tölvupósti (S)forstj væri ljóst að miklar áskoranir væru framundan og erfiðar ytri aðstæður.
2592. Í þriðja lagi var tölvupóstur (S)forstj, um áform um góða afkomu Samskipa á Íslandi öll þrjú árin 2008 – 2010, í samræmi við áðurgreind fyrirmæli (S)aðaleig-stjform-SH til stjórnenda Samskipa, um að vernda Samskip hf. á Íslandi sem „cash cow“ samstæðunnar, sbr. fundargerð Samskipa Holding frá 18. mars 2008, og stefnumörkun og tilkynningu (S)aðaleig-stjform-SH til stjórnenda frá 25. mars 2008 um að Samskip hf. myndu geta tekist á við áskoranir í efnahagslífinu („Capable in dealing with a challenging economic environment“) og skilað met EBITDA („Achieving a record EBITDA percentage result“), sbr. umfjöllun í kafla 6.7.3.
2593. Í fjórða lagi er óhjákvæmilegt að benda á að í bónussamningi Samskipa við (S)forstj, sem hafði verið gengið frá 1. júlí 2008, var forstjóranum settur fjárhagslegur hvati eða markmið. Þetta fólst í því að stefnt skyldi að því að EBITDA framlegð Samskipa hf. yrði 11% af veltu fyrirtækisins. Var þetta fjárhagslega viðmið ein af hvatningum gagnvart forstjóra Samskipa en hann fengi tuga milljóna kr. bónusgreiðslu í mars 2009 í samræmi við bónussamninginn, sbr. nánari umfjöllun í kafla 7.6.1. Kom fram í bónussamningnum að (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj skyldu fara mánaðarlega yfir það hvort (S)forstj næði viðmiðum bónussamningsins (m.a. framangreindu fjárhagslegu viðmiði). Umræddur bónussamningur var í gildi þegar (S)forstj sendi áðurnefndan tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv 30. ágúst 2008. Þau ummæli (S)forstj að afkoma Samskipa árin 2008, 2009 og 2010

¹⁴¹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.491978.



skyldi ekki vera „fjarri“ afkomu áranna 2006 og 2007 skulu sett í samhengi við fyrrgreindan bónussamning og það fjárhagslega viðmið sem þar var sett fram ásamt tilgreindri mánaðarlegri eftirfylgni (S)aðaleig-stjform-SH (og (S)stjform-S sbr. umfjöllun hér síðar) með vinnu (S)forstj.

2594. Í fimmta lagi verður að setja framangreind fyrirmæli (S)forstj 30. ágúst 2008 um hækkunaraðgerðir og góða afkomu Samskipa á Íslandi í samhengi við að Samskip Holding átti og hafði frá fyrstu mánuðum 2008 átt í viðræðum við helsta lánadrottinn samstæðunnar, hollenska bankann Fortis. Af gögnum málsins má sjá að bankinn hafði a.m.k. frá mars 2008 gert kröfur um aðgerðir af hálfu Samskipa Holding, sbr. umfjöllun í kafla 6.7.2, 6.7.3 og 8.10.1. Áréttu ber að það var rekstur erlendrar starfsemi Samskipa Holding sem átti í erfiðleikum en íslenski reksturinn, dótturfélagið Samskip hf., gekk vel.
2595. Virða ber framangreind fyrirmæli (S)forstj í tölvupósti hans 30. ágúst 2008, um frekari aðgerðir og fyrirmæli um góða afkomu frá Samskipum hf. árið 2008, í samhengi við að í júlí 2008 höfðu Samskip Holding sett fram á fundi með Fortis að fyrirtækið myndi grípa til aðgerða sem m.a. myndu felast í því að EBITDA Samskipa Holding yrði 15 milljónir evra fyrir árið 2008. Rekstur Samskipa á Íslandi átti að standa undir næstum allri þeirri afkomu. Samkvæmt fundargerð stjórnar Samskipa Holding 14. júlí 2008 átti lánanefnd Fortis að taka fyrir málefni Samskipa Holding í ágúst 2008, sbr. kafla 8.10.1.
2596. Viðræður Samskipa Holding við Fortis voru ennþá yfirstandandi í nóvember 2008, sbr. stjórnarfundargerð Samskipa Holding 4. nóvember 2008 og umfjöllun í kafla 10.4.3. Eins og rakið hefur verið hér að framan sýna samtímagögn skýrt að erfiðleikar Samskipa Holding hjá helsta lánadrottni samstæðunnar, Fortis banka. Gögn málsins sýna sömuleiðis að þetta skapaði þrýsting á stjórnendum Samskipa og aðaleiganda fyrirtækisins (S)aðaleig-stjform-SH, um að bregðast við kröfum Fortis.
2597. Hvað sem líður björgunaraðgerðum vegna Fortis þá er fyrirliggjandi að Samskip á Íslandi gripu til aðgerða, þ.á m. verulegra verðhækkana gagnvart viðskiptavinum í ágúst og september 2008. Grundvölluðust þessar aðgerðir á samráði við Eimskip. Samkvæmt fyrirmælum (S)forstj þann 30. ágúst 2008 átti að tryggja hámarks EBITDA Samskipa á Íslandi, ekki fjarri góðri afkomu árin 2006 og 2007. Í þessum ummælum (S)forstj kristallast að mati Samkeppniseftirlitsins sá skortur á samkeppni sem leiddi af samráði Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Segja má að gögnin sýni einbeittan vilja hlutaðeigandi stjórnenda og eiganda ((S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj) til að tryggja að Samskip á Íslandi myndi skila góðri afkomu það sem eftir lifði af árinu 2008. Samskip á Íslandi yrði eins og að var stefnt „cash cow“ samstæðunnar.
2598. Fyrir liggur einnig að (S)aðaleig-stjform-SH var meðal stærstu hluthafa í Kaupþing banka, sbr. umfjöllun í kafla 6.7.1.3 hér að framan þar sem vísað er til umfjöllunar í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og fall íslensku bankanna. Kaupþing banki stóð frammi fyrir miklum áskorunum á þessum tíma. Þau atvik eru ekki hluti af máli þessu en rétt að benda á að tímasetningar í aðdraganda falls bankans og tímasetningar í þessu máli gerðust samhliða, þ.á m. framangreind fyrirmæli (S)forstj um góða afkomu Samskipa á Íslandi í tölvupósti hans 30. ágúst 2008. Samhliða erfiðleikum og björgunaraðgerðum (S)aðaleig-stjform-SH í ágúst og september 2008 sem tengdust Kaupþingi banka, var á grundvelli hins ólögmeta samráðs við Eimskip jafnframt unnið hjá Samskipum að aðgerðum og undirbúningi frekari aðgerða, þar sem fyrirmæli og markmið voru skýr. Tryggja skyldi góða afkomu af rekstri Samskipa á Íslandi þrátt fyrir að teikn væru á lofti um verri ytri aðstæður.
2599. Í sjötta lagi er rétt að virða fyrrnefnd fyrirmæli (S)forstj í tölvupóstinum 30. ágúst 2008, þess efnis að afkoma Samskipa fyrir árin 2008-2010 skyldi ekki vera „fjarri“ afkomu áranna á undan, 2006-2007, í samhengi við fjölda samtímagagna sem sýna síðar ánægju stjórnenda yfir mjög góðri afkomu Samskipa á Íslandi árin 2008 til 2010, sbr. umfjöllun í kafla 8.15.11.



2600. Til að tryggja skjótan framgang þeirra verkþátta sem fjallað var um í áðurnefndum tölvupósti 30. ágúst 2008 sagði (S)forstj að lokum að hann myndi „[...] boða til fundar nk fimmtudag (þ.e. 4. september 2008), við tökum lungað úr deginum til þess að ræða þessa stóru mynd með kollegunum- og komust að niðurstöðu með veginn framundan, allar okkar aðgerðir nú miðast við óbreytt kerfi, en ef það ekki dugar þarf að hugsa út fyrir það.“¹⁴¹⁷
2601. (S)frkvstj-millilandasv svaraði tölvupósti (S)forstj sama dag og sagði: „Sammala Engin af them sartaeku adgerdum sem thu nefnir i lokin eru inni i thessari endurskodudu aaelun“. (S)forstj svaraði um hæl: „En 1 sept haekkanir“ og í svari (S)frkvstj-millilandasv við þeim tölvupósti segir: „Eru inni 90m innf og 60m utfl minnir mig“.¹⁴¹⁸
2602. Varðandi fyrrnefnd ummæli (S)forstj um að aðgerðir Samskipa myndu 30. ágúst 2008 miðast við óbreytt siglingakerfi („en ef það ekki dugar þarf að hugsa út fyrir það“) þá voru þau ekki í samræmi við það að tveimur dögum síðar fjallaði hann á stjórnarfundum Samskipa hf. (ásamt (S)stjórnarm-fjármstj og (S)stjform-S) um að Samskip drægju úr flutningsgetu og spöruðu við það 300 milljónir kr. á ári, sbr. umfjöllun hér á eftir um fundargerð stjórnarfundar Samskipa hf. 1. september 2008. Hvað sem þessu líður þá er a.m.k. ljóst að Samskip áttu eftir að breyta siglingakerfi fyrirtækisins og draga verulega úr flutningsgetu síðar á árinu 2008. Var það liður í „Nýtt upphaf“ verkefni Eimskips og Samskipa, sbr. umfjöllun hér síðar í ákvörðuninni.
2603. Daginn eftir að fyrirmæli (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv voru sett fram, nánar tiltekið sunnudaginn 31. ágúst 2008, sendi (S)forstj aftur tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv, ásamt (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfl. Í tölvupóstinum kom fram að mynd væri að komast á „revised budget“ og til að fullklára það verkefni þyrfti hann upplýsingar um áhrif verðhækkana sem taka áttu gildi 1. september 2008 gagnvart m.a. Alcoa, Icelandic Seafood („ISI saltfiskur/síld“) og flutningi á ferskum fiski/kör.¹⁴¹⁹ Ber að skoða þessa tvo tölvupósta (S)forstj (30. og 31. ágúst 2008) um „stóru myndina“ og „revised budget“ saman og í samhengi við önnur gögn málsins.
2604. Á stjórnarfundum Samskipa hf. 1. september 2008 var farið yfir tvo dagskrárliði, annars vegar uppgjör fyrir janúar til júlí 2008 og hins vegar „Revised budget“. Á fundinn voru mættir, (S)stjform-S, (S)stjórnarm-fjármstj og (S)forstj.
2605. Um uppgjör janúar – júlí 2008 kemur m.a. fram í fundargerðinni að framlegð Samskipa hf. fyrstu sjö mánuði ársins 2008 hafi verið í takt við áætlanir fyrirtækisins, þótt júlímánuður hafi verið verulega undir væntingum. Undir dagskrárliðnum „Revised Budget“ segir að í „ljósi verulegs magnsamdráttar á sumarmánuðum var unnin ný endurmetin áætlun fyrir tímabilið ágúst – desember 2008.“ Gerði stjórn Samskipa hf. ráð fyrir að magn myndi dragast saman um 30% á tímabilinu (ágúst til desember) í innflutningi. Segir að það myndi að öllu óbreyttu hafa veruleg áhrif á afkomu fyrirtækisins. Þess vegna hafi verið gripið til „margvíslegra aðgerða“. Eru þar í fundargerðinni taldar upp aðgerðir upp á 1,2 milljarða króna. Voru þar meðal annars eftirfarandi „aðgerðir“ sem tengdust samráði Samskipa og Eimskips:
- „umtalsverðar hækkunar“ 1. september og gert var ráð fyrir að þær skiluðu 400 milljónum króna á ársgrundvelli.
- „veruleg hækkun á Alcoa samningi“, áhrif um 200 milljónir kr. á ársgrundvelli.
- „dregið úr flutningsgetu með breytingu á skipakerfi“, áhrif 300 milljónir kr. á ársgrundvelli.¹⁴²⁰

¹⁴¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.491978.

¹⁴¹⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.492010.

¹⁴¹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.663941.

¹⁴²⁰ Afhent skjal frá Samskipum 22.11.2016 (viðauki 6 Fundargerðir Samskipa hf.). Fundargerð 01.09.2008. 6. fundur.



2606. Kemur fram í fundargerðinni að með þessum aðgerðum myndi afkoma Samskipa á Íslandi, í ágúst-desember 2008 verða jákvæð upp á 175 milljónir króna.

2607. Fyrirliggjandi er afhent glærुकyning frá stjórnarfundinum 1. september 2008. Þar segir m.a. eftirfarandi um „Revised“ og „Aðgerðir“:

„Verðhækkanir:

Almennar verðhækkanir inn- og útflutnings munu skila um 120 mkr framlegðarauka frá sept til ársloka, og á ársgrundvelli 440 mkr.

Verðhækkanir á ferskan fisk munu skila um 90 mkr á ársgrundvelli og tæpum 30 mkr til loka árs.

Innanlandsþjónusta hækkar verð um 12% frá og með 1 sept.

Aðrar verðhækkanir munu skila 100 mkr á ársgrundvelli, en eru ekki áætlaðar í revised budget.

*Alcoa viðræður eru hafnar, erum við að fara fram á 300 mkr hækkun á samninginn.*¹⁴²¹

2608. Framangreint sýnir að stjórn Samskipa hf. hafi gert ráð fyrir verulegum ábata af almennum hækkunaraðgerðum í sjó- og landflutningum og sértækum verðhækkunum fyrirtækisins á flutningi á ferskum fiski. Þá staðreynir þetta sömuleiðis að fyrirtækið hafi ennþá verið að vinna að frekari verðhækkunum, m.a. gagnvart Alcoa.

8.16. Áframhaldandi viðræður fyrirtækjanna og önnur atvik fram til 6. október 2008

2609. Í lok ágúst 2008 vísaði (S)forstj til þess í tölvupósti innan Samskipa að ræða þyrfti „stóru myndina“ (breytingar á siglingakerfi, verðhækkanir o.fl.) á fundi fimmtudaginn 4. september 2008.

2610. Eins og gögn málsins sýna var ráðgerður fundur Samskipa ((S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1) með Eimskip ((E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl) 4. september 2008. Hann var hins vegar haldinn daginn eftir. Undirmenn (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl hittust á fundi á Reyðarfirði 9. september 2008 og (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl funduðu í Smáralind í Kópavogi 17. september 2008. Verður þessu og öðrum atvikum fram til 6. október 2008 lýst í þessum kafla.

8.16.1. Samskipti (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj-frystig

2611. Um svipað leyti, í lok ágúst og byrjun september 2008, voru stjórnendur Eimskips og Samskipa einnig að vinna að öðrum þáttum „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Þannig var unnið ötullega að frekara samráði á kæli- og frystigeymslumarkaðnum í Hollandi en þann 27. ágúst 2008 áttu sér stað tölvupóstsamskipti milli (E)frkvstj-alþjsv og Kloosterb4 (einn Kloosterboerbræðra). Var þar vísað til „last weekend“ (þ.e. veiðiferðar hér á landi helgina 16.-17. ágúst) og ákveðið að hittast á Schiphol flugvelli 1. september 2008.¹⁴²²

2612. Daginn eftir sendi (E)frkvstj-alþjsv tölvupóst til (S)forstj-frystig og kvaðst vera í Rotterdam 3. september 2008 og spurði hvort þeir gætu hist. (S)forstj-frystig kvaðst ekki geta það þann dag og spurði (E)frkvstj-alþjsv hvenær hann yrði aftur í Hollandi. Í svari (E)frkvstj-alþjsv segir að hann yrði í Hollandi um mánaðamótin september/október. Kemur fram að þeir hafi ákveðið að finna fundartíma þá. Þann 1. september 2008 sendi (E)frkvstj-alþjsv tölvupóst til (S)forstj-frystig. Í tölvupóstinum segir: „I am currently planing [svo] few things will give you potential meeting days later this week.“¹⁴²³

¹⁴²¹ Afhent gagn frá Samskipum 22.11.2016, viðauki 6, 01.09.2008, „Kynning“. Glæra 23.

¹⁴²² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. Doc. ID. 0.7.33.100393/0.7.33.100513/0.7.33.100508.

¹⁴²³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.101239/0.7.33.101273/0.7.33.101480.

2613. Hér ber enn og aftur að rifja það upp að fundur æðstu stjórnenda Samskípa og Eimskíps var 6. júní 2008, glærur (E)forstj „Nýtt upphaf“ eru frá 9. júní 2008 og daginn eftir hafði (S)forstj samband við m.a. (S)forstj-frystig og sagði honum frá því að (E)frkvstj-alþjv myndi hafa samband.¹⁴²⁴ Í samræmi við þetta hafði (E)frkvstj-alþjv samband við (S)forstj-frystig síðar í júní 2008 og samskipti þeirra sýna að þeir reyndu að ná fundi saman, sbr. kafla 8.2.3. Þann 22. júlí 2008 sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)forstj vegna fundar með Eimskip sem halda átti 25. júlí 2008. Greindi (S)aðaleig-stjform-SH frá því að m.a. (S)forstj-frystig biði fréttu af þeim fundi, sbr. kafla 8.13. Ljóst er að eftir þann fund hafði (E)frkvstj-alþjv aftur samband við (S)forstj-frystig, sbr. framangreindan tölvupóst hans frá 28. ágúst 2008. Ekki hafa hins vegar fundist gögn sem sýna hvort þessi fundur (E)frkvstj-alþjv og (S)forstj-frystig hafi verið haldinn haustið 2008 eða hvort samskipti þeirri hafi átt sér stað með öðrum máta, t.d. símtali. Tölvupóstsamskipti þeirra sýna hins vegar að áfram var unnið að þessum verkþætti í „Nýtt upphaf“ verkefningu.
2614. Í mgr. 841 í athugasemdum Samskípa við AI er því haldið fram að framangreind samskipti (E)frkvstj-alþjv og (S)forstj-frystig hafi aðeins tengst mögulegum eignakaupum Samskípa. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þetta, sbr. umfjöllun í kafla 25.23.1.

8.16.2. Fundur Samskípa og Eimskíps 5. september 2008

8.16.2.1. Fundur til að fara yfir hækkunar o.fl.

2615. Sem fyrr segir áformaði (S)forstj að haldinn yrði fundur meðal stjórnenda Samskípa þann 4. september 2008. Jafnframt liggur fyrir að til stóð að halda fund með Eimskip þennan sama dag. Skal þessum og tengdum atvikum lýst nánar:

- Þann 1. september 2008 (kl. 13:10) sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)forstö-innfl . Í honum segir: „Þú sást líklega að [(S)frkvstj-millilandasv] hafnaði fundarboðinu fyrir fundinn á eftir. Eruð þið lausir á fimmtudag?“.¹⁴²⁵ Fimmtudagur sem (S)forstö-innfl1 vísar hér til er 4. september 2008.
- Tölvupóstsamskipti voru á milli (E)frkvstj-flutkerf, (E)forstj og (E)frkvstj-EimÍsl þann 1. september 2008. Varða þau þann hluta „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem fólst í að semja við Samskip um siglingar til og frá Norður-Ameríku. Í tölvupósti sínum kvaðst (E)forstj m.a. vera sammála þeirri tillögu (E)forstö-innfl að „verð hækki um USD 900 per 40 ft., þ.e. 450 per teus“ og að hluti af „þeirri hækkun verði BAF og þá fljóttandi, td. BAF gjaldskrá mínus 40% eða svo.“ Þetta gerði (E)forstj með tölvupósti sem sendur var kl. 16:54 og jafnframt spurði (E)forstj hver væri staðan á þessu verkefni. (E)frkvstj-EimÍsl svaraði þessu nokkrum mínútum síðar og sagði:

„Þeir [Samskip] frestuðu fundi í dag fram á fimmtudag. Voru að senda tilkynningu um hækkun á gjaldskráum hjá sér sem ég vil biðja [(E)forstö-innfl] hér með að senda á okkur til upplýsingar. Þar eru þeir að hækka á Usa bæði Baf og frakt.“¹⁴²⁶

- (S)forstj sendi tölvupóst 1. september 2008 (kl. 16:55) til yfirstjórnar Samskípa og fjallaði um „revised“. Sagði í honum að endurskoðuð áætlun gerði ráð fyrir „verulegum hækkunum frá 1. sept, sem og hinum ýmsu aðgerðum sem búið er að grípa til. Við höfum svo jafnframt tækifæri á neðangreindu:

-alcoa 300 mkr.

-mcl 100-250 mkr.

[...]

¹⁴²⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.473047. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.473061.

¹⁴²⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.409635 / 0.7.33.409666.

¹⁴²⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.324837.



Ég kalla eftir fundi á fimmtudag, þar sem agenda er eftirfarandi:

1. Kynning á revised ágúst-desember og aðgerðir sem gripið er til
2. Kynning á grunnkerfum-shipping/landflutningar
3. Umræður um aðgerðir

Hver framkvæmdastjóri geri kynningu fyrir sitt svið.¹⁴²⁷

- (S)forstj sendi tölvupóst 1. september 2008 til (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv kl. 16:57. Það hann (S)forstö-innfl1 að „vinsamlega uppfæra budget 2009 eftir að þessar breytingar með 1. sept hækkun hafa verið settar inn í þetta ár, og stilla upp hvaða hækkanir verði settar inn á næsta ári.“¹⁴²⁸ Þetta þyrfti að vera tilbúið á hádegi 3. september 2008.

2616. Hér ber að horfa til þess að í tölvupósti (S)forstö-innfl1 til (S)frkvstj-N-Am þann 28. ágúst 2008 var fjallað um verðhækkun gagnvart viðskiptavinum Samskipa (Norske Skog) og Eimskip. Sagði í tölvupóstinum að Samskip stefndu á að:

„taka upp Norske Skog samninginn um áramót og stefnum á að hækka hann. Það verður fundur með EI [Eimskip] í næstu viku“.¹⁴²⁹

2617. Samkvæmt þessu setti forstöðumaður innflutningsdeildar Samskipa, sem átti að sitja fund með Eimskip viku síðar, hækkunaraðgerðir fyrirtækisins gagnvart viðskiptavinum í samhengi við að funda ætti með Eimskip vikuna á eftir. Þetta kemur einnig fram í gögnum Eimskips. Haldinn var fundur í framkvæmdastjórn Eimskips 2. september 2008. Í fundargerð þess fundar var einnig vísað til fyrirhugaðs fundar með Samskipum og rætt um verðhækkanir. Í fundargerð er þannig haft eftir (E)forstö-innfl :

„Fundur boðaður með Samskip á fimmtudag til að fara yfir hækkanir. Er að fara að boða fund með Nathan og fara yfir hækkanir með þeim. Einnig að hitta Innes aftur vegna samnings þeirra sem er laus núna, verðum að ná inn hækkun á þann samning.

Samskip var að hækka gjaldskrá sína í vikunni. Mikil gjaldskráhækkun frá og með 1. sept.“¹⁴³⁰

2618. (E)frkvstj-flutnkerf vísaði einnig til fyrirhugaðs fundar með Samskipum fimmtudaginn 4. september 2008 í tölvupósti sem hann sendi starfsmanni Eimskips í Bandaríkjunum 2. september 2008. (E)frkvstj-flutnkerf hafði áður (14. júlí 2008) beðið viðkomandi starfsmann, (E)frkvstj-N-Am, um upplýsingar um hvað það kostaði að senda 40 feta gám frá Bandaríkjunum (Richmond) til Rotterdam vegna þess sem hann nefndi „study on market price“. (E)frkvstj-flutnkerf bað (E)frkvstj-N-Am um frekari upplýsingar í tölvupósti 1. september 2008 og í tölvupósti 2. september til (E)frkvstj-N-Am sagði hann: „Many thanks for this please try to get some more info because we are going to meet Samskip on Thursday morning for renewing the contract so it will be good to have some comparison what another lines is [svo] doing between USA and Europe.“¹⁴³¹

2619. Daginn eftir, 3. september 2008 kl. 15:50, boðaði (S)forstj (S)frkvstj-millilandasv til fundar næsta dag, þ.e. 4. september kl. 9:30 til að ræða „skipakerfi“.¹⁴³² Í samræmi við áður nefndan tölvupóst

¹⁴²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.492720.

¹⁴²⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.664874. Sjá einnig [...] Doc. ID. 0.7.33.664885 / 0.7.33.664961.

¹⁴²⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.662731.

¹⁴³⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð EI vika 36 2008“. Fundargerð framkvæmdastjórafundar dags. 02.09.2008. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.414458.

¹⁴³¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.26404.

¹⁴³² Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.493897.



(S)forstj til yfirstjórnar 1. september 2008, var fundað um „Revised budget“ eftir hádegi 4. september 2008, frá kl. 13:30 til kl. 19:00.¹⁴³³

2620. Samkvæmt framansögðu vildi (S)forstj að þann 4. september 2008 yrði „stóra myndin“ rædd og hafði hann boðað yfirstjórn Samskipa hf. til fundar af því tilefni þann dag. Ljóst var af tölvupósti (S)forstj að nýlegar og verulegar verðhækkanir Samskipa 1. september 2008 myndu ekki duga til að ná því EBITDA markmiði sem stjórnendur áttu að ná. Sagði (S)forstj að það væru til viðbótar „tækifæri“ í breytingum á siglingakerfi og frekari verðhækkunum (t.d. gagnvart Alcoa) og „aðrar aðgerðir?“. Samskip afboðuðu fund sem halda átti með Eimskip 1. september og lögðu til að fundurinn yrði þess í stað haldinn 4. september 2008. Fundurinn var að endingu haldinn 5. september samanber umfjöllun hér á eftir. Gögnin frá Eimskip sýna að fallist var á það fundarboð og átti á þeim fundi a.m.k. að ræða „hækkanir“ og a.m.k. samráðsverkefnið sem tengdist flutningum til og frá Norður-Ameríku. (S)frkvstj-millilandasv vann á þessum tíma að „stóru myndinni“ með (S)forstj og öðrum æðstu stjórnendum Samskipa og frestaði fundartímanum með Eimskip þar til stjórnendur Samskipa hefðu fundað og rætt um „stóru myndina“.
2621. Rétt er því að skoða betur þau atvik sem áttu sér stað daginn fyrir fund Eimskips og Samskipa, þ.e. atvik kringum 4. september 2008.

8.16.2.2. Atvik 4. september 2008

2622. Samkvæmt gögnum málsins stóð til að fulltrúar Samskipa og Eimskips myndu hittast 1. september 2008. (S)forstö-innfl1 sendi þann dag tölvupóst til (E)forstö-innfl og vísaði til þess að (S)frkvstj-millilandasv hafi hafnað því fundarboði og spurði hvort fyrirtækin gætu þess í stað fundað fimmtudaginn 4. september 2008. Samkeppniseftirlitið telur að (S)frkvstj-millilandasv hafi gegnt mikilvægu hlutverki í samskiptum Eimskips og Samskipa á þessum tíma. Hér má t.d. rífa upp eftirfarandi:
- Á fyrri hluta árs 2008 vann (S)frkvstj-millilandasv að „stúdíu“ (einnig nefnd „póm stúdía“ í gögnum málsins)¹⁴³⁴ „innan mjög lítils hóps“ hjá Samskipum (m.a. með (S)forstj). Fjallaði (S)frkvstj-millilandasv meðal annars um aukið samstarf við Eimskip í siglingum til og frá Íslandi, sbr. umfjöllun í kafla 6.7.
 - (S)frkvstj-millilandasv samdi minnisblað þar sem koma fram tillögur til Eimskips um umfangsmikið ólöglegt samráð. Eru þar settar fram tillögur um samráð um breytingar á siglingakerfum fyrirtækjanna, markaðsskiptingu o.fl. Voru þessar tillögur settar fram í beinu samhengi við verkefnið sem tengdust samráði Eimskips og Samskipa í siglingum til og frá Íslandi og lýst er í „Nýtt upphaf“ glærुकyningunni sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir. Var um að ræða tvær útgáfur af minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv. Önnur dagsett 7. júlí og hin 9. júlí 2008. Vísast hér til umfjöllunar í köflum 8.9.2 og 8.9.5.3 um þessi skjöl (S)frkvstj-millilandasv.
 - Samkeppniseftirlitið telur að Eimskip og Samskip hafi rætt framangreindar tillögur í minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv þann 9. júlí 2008, sbr. kafla 8.9.5.
 - (S)forstj fjallaði um þessar tillögur í minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv á stjórnarfundum Samskipa Holding 14. júlí 2008. Þar kom einnig fram að (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj hygðust funda með Eimskip, sbr. kafla 8.10.1.
 - Kvöldið fyrir fund (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj með Eimskip 25. júlí 2008 sendi undirmaður (S)frkvstj-millilandasv skjöl til (S)forstj. Voru þar einnig settar fram tillögur um samráð Samskipa

¹⁴³³ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...].

¹⁴³⁴ Sjá umfjöllun í kafla 6.7.2. um tölvupóst [...] til [...]dagana 17. mars og 2. apríl 2008.



og Eimskips í siglingum til og frá Íslandi. Þau gögn sýna einnig að Samskip fengu í hendur trúnaðarupplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi Eimskips, sbr. kafla 8.13.1.

- (S)frkvstj-millilandasv sat m.a. fund Eimskips og Samskipa þann 14. ágúst 2008. Dagana á undan vann (S)frkvstj-millilandasv að skjölum sem vörðuðu „Nýtt upphaf“ verkefnið. Var í þeim áfram fjallað um siglingakerfi Eimskips og Samskipa, sbr. kafla 8.15.4. Yfirmaður siglingakerfa Eimskips, (E)frkvstj-flutnkerf, sat þennan fund með (S)frkvstj-millilandasv.
- Þann 28. ágúst 2008 vann (S)frkvstj-millilandasv aftur í skjölum sem vörðuðu „Nýtt upphaf“ verkefnið.¹⁴³⁵ Fundur Samskipa með Eimskip var eins og áður sagði fyrirhugaður 1. september 2008. Að undirlagi (S)forstj vann (S)frkvstj-millilandasv og aðrir æðstu stjórnendur Samskipa að „stóru myndinni“, en ætlunin var að tryggja góða afkomu Samskipa 2008, 2009 og 2010. Varðaði þessi vinna þætti sem féllu undir samráðsverkefnið. Er þar fjallað um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu.

2623. Tímasetningar funda og fundarboða Eimskips og Samskipa í byrjun september 2008 og athafnir hlutaðeigandi stjórnenda á sama tíma vekja spurningar. Upphaflega var ráðgert að Eimskip og Samskip hittust á fundi mánudaginn 1. september 2008. Honum var þó frestað og var fundur fyrirtækjanna næst fyrirhugaður fimmtudaginn 4. september 2008 á milli kl. 14 og 15. Að morgni þess dags vann (S)frkvstj-millilandasv áfram í skjölum sem vörðuðu „Nýtt upphaf“ verkefnið. Vistaði hann skjöl bæði kl. 09:58 og 13:57.¹⁴³⁶ (S)frkvstj-millilandasv bar ábyrgð á siglingakerfum Samskipa og framangreind gögn gefa til kynna ríka aðkomu hans að „Nýtt upphaf“ verkefninu. Gögnin gefa einnig til kynna að á fundunum með Eimskip, sem (S)frkvstj-millilandasv sat, hafi verið fjallað um fleiri samráðsverkefni en einungis Norður-Ameríku samstarfið. Ber að árétta að (E)frkvstj-flutnkerf sat einnig þessa fundi en hann bar ábyrgð á siglingakerfi Eimskips.

2624. Fyrir liggur að (S)forstj boðaði (S)frkvstj-millilandasv á fund 4. september 2008 kl. 09:30 til að ræða „skipakerfi“ en (S)frkvstj-millilandasv vistaði skömmu seinna (kl. 09:58) glærुकynningu sem bar heitið „Siglingakerfi Samskipa“.¹⁴³⁷ Gögn málsins sýna að einum klukkutíma síðar hafi (S)frkvstj-millilandasv sent (E)forstö-innfl tilkynningu um að hann kæmist ekki á fyrirhugaðan fund fyrirtækjanna eftir hádegisdaginn þann dag.¹⁴³⁸ Um hálf tíma síðar sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til Alcoa og setti fram beiðni um fund.¹⁴³⁹ Gögn málsins sýna að þessi fundarbeiðni tengdist „Nýtt upphaf“ verkefninu um breytingu á siglingakerfum og verulegum verðhækkunum Samskipa gagnvart Alcoa. Þremur mínútum eftir að (S)frkvstj-millilandasv sendi fundarboð til Alcoa, eða kl. 11:39 sendi hann fundarboð til (S)forstö-innfl1 með nýjum fundartíma fyrir fund Samskipa og Eimskips og hafði (S)frkvstj-millilandasv þá fært hann aftur til næsta dags, 5. september á milli kl. 8:30 og 9:30.¹⁴⁴⁰

2625. Í þessu sambandi er rétt að líta til þess að engin gögn hafa fundist við rannsókn málsins sem gefa vísbendingu um að (S)frkvstj-millilandasv hafi gert tilraun til þess að fá staðgengil fyrir sig til að mæta á fundinn með Eimskip þann 4. september 2008. Þá hefur engin skýring fundist á því hvers vegna (S)frkvstj-millilandasv gat ekki sótt fundinn eða hvort nauðsynlegt var að (S)frkvstj-millilandasv sæti fundinn og hvort ekki var nægilegt að (S)forstö-innfl1 hefði mætt þar, eftir atvikum ásamt öðrum fyrir hönd Samskipa. Í þessu sambandi ber einnig að hafa í huga lítið rekstrarlegt vægi samstarfs í Norður-Ameríku flutningum, bæði fyrir Eimskip og Samskip, ásamt því að á þessum tíma var hið ólöglegt samráð í Norður-Ameríku flutningum hvort eð er í framkvæmd milli fyrirtækjanna.

¹⁴³⁵ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „[...] siglingakerfið agust 08 uppf.ppt“, fannst vistað á heimasvæði [...] dags. 28.08.2008, kl. 13:39. Doc. ID. 0.7.33.23620.

¹⁴³⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „águst sipping revised ag.ppt“, fannst vistað á heimasvæði [...]dags. 04.09.2008, kl. 09:58. Doc. ID. 0.7.33.20782. Titill skjalsins er „Siglingakerfi Samskipa“. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Kynning sept 2008.ppt“, fannst vistað á heimasvæði [...] 04.09.2008, kl. 13:57. Doc. ID. 0.7.33.26097. Titill kynningarinnar er „Skipakostur Samskipa“.

¹⁴³⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „ágúst shipping revised [...].ppt“. [...] vistar hjá sér skjalið 04.09.2008, kl. 09:57. Titill skjalsins er „Siglingakerfi Samskipa“. Doc. ID. 0.7.33.20782.

¹⁴³⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.411785.

¹⁴³⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.798228.

¹⁴⁴⁰ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.666664 / 0.7.33.666776. Sjá einnig [...] Doc. ID. 0.7.33.661842.



Samkeppniseftirlitið telur ljóst af gögnum málsins að áður en til fundar með Eimskip kom hafi (S)frkvstj-millilandasv viljað klára umræðu meðal æðstu stjórnenda Samskipa 4. september 2008, um „stóru myndina“ og þ. á m. þætti sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips. Um þetta vísast einnig til gagna og umræðu fyrirtækjanna í aðdraganda að og í kjölfar fundar fyrirtækjanna mánuði síðar, 6. október 2008, sbr. umfjöllun hér síðar. Renna framangreind atvik öll, og mikilvægi þess að (S)frkvstj-millilandasv, yfirmaður siglingakerfis Samskipa, skyldi mæta sjálfur á fundinn, enn frekari stoðum undir að fundurinn 5. september 2008 hafi verið vettvangur fyrir framkvæmd og viðhald á hinu ólögsmæta samráði fyrirtækjanna á þessum tíma.

2626. Áðurnefnd fundarbeiðni (S)frkvstj-millilandasv til yfirmanns flutningamála hjá Alcoa (TWS) 4. september 2008 var seinni beiðni Samskipa um fund með Alcoa, sbr. framangreinda fundarbeiðni (S)forstö-útfli til Alcoa sem send var tveimur virkum dögum eftir fund Samskipa og Eimskips 14. ágúst 2008 og umfjöllun um ráðgerðan fund Samskipa með Alcoa 29. ágúst 2008. Sá umbeðni fundur virðist ekki hafa farið fram þó í kynningu (S)forstj á stjórnarfundum Samskip hf. 1. september 2008 hafi komið fram að viðræður við Alcoa um verðhækkun væru hafnar, sbr. umfjöllun hér að framan.
2627. Hvað sem þessu líður telur Samkeppniseftirlitið ljóst að í nýrri fundarbeiðni Samskipa til Alcoa 4. september 2008 hafi verið komin fram meiri ákveðni í framgöngu Samskipa gagnvart Alcoa heldur en þegar Samskip nálguðust Alcoa um viðræður í ágústmánuði. Af fundarbeiðni (S)frkvstj-millilandasv 4. september 2008 til Alcoa má þannig sjá að Samskip voru þar að tilkynna Alcoa að fyrirtækið vildi ræða fyrirliggjandi samning og að Samskip vildu funda sem fyrst. Vísaði (S)frkvstj-millilandasv til þess að efnahagslegar aðstæður hefðu breyst stórkostlega hér á landi, útlitið væri ekki gott og jafnvægi í inn- og útflutningi væri að raskast, sbr. eftirfarandi ummæli (S)frkvstj-millilandasv í fundarboðinu; „as you know the economic situation here in Iceland has changed dramatically this summer and the outlook for the coming [svo] 18 - 24 months is not positive. The balance in our container trade has turned from an east bound imbalance to a huge west bound imbalance, i.e. export volumes exceed import volumes by far. We need to sit down with you to discuss our contract and propose to meet in Pittsburg at your earliest convenience.“
2628. Eins og áður segir sendi (S)frkvstj-millilandasv þessa fundarbeiðni til Alcoa á sama tíma og hann vann að „Nýtt upphaf“ verkefninu með Eimskip og undirbjó fund Samskipa með Eimskip daginn eftir, 5. september 2008. Rennir það stoðum undir að atvik vegna Alcoa á þessum tíma hafi tengst samráði Samskipa og Eimskips.
2629. Líkt og áður greinir vann (S)frkvstj-millilandasv einnig að glærुकynningu að morgni 4. september 2008. Bar hún heitið „Siglingakerfi Samskipa“. Talið er að efni þeirrar kynningar hafi komið til umræðu á fundi stjórnenda Samskipa síðar þennan dag en líkt og áður greinir hafði (S)forstj ákveðið að yfirstjórn Samskipa myndi hittast þennan dag, 4. september 2008. Ræða átti „revised“, „stóru myndina“ og frekari aðgerðir Samskipa, sbr. áðurgreinda tölvupósta (S)forstj 30. og 31. ágúst og 1. september 2008. Samkvæmt dagbók (S)forstj stóð fundurinn yfir frá kl. 13:30 til kl. 19 þennan dag. Átti hver framkvæmdastjóri Samskipa að semja kynningu fyrir sitt svið, sbr. áðurnefndan tölvupóst (S)forstj til yfirstjórnar 1. september 2008.
2630. Í umræddri glærुकynningu (S)frkvstj-millilandasv, „Siglingakerfi Samskipa“, var vikið að þáttum sem m.a. höfðu með „Nýtt upphaf“ verkefni Eimskips og Samskipa að gera. Rétt er að víkja að þessu.
2631. Á glæru 4 í þessari kynningu (S)frkvstj-millilandasv var fjallað um „Töpuð/ný viðskipti“ og þar segir m.a.: „Samskip jók hlutdeild á árinu 2007, en er nú ca á núlli fyrstu sex mánuði ársins. Búið er að endurnýja við stærstu viðskiptavinum félagsins, og all nokkur tækifæri til sóknar á síðari hluta ársins“. Virtust Samskip meta markaðsaðstæður þannig að það væri unnt að afla nýrra viðskipta á seinni hluta ársins 2008. Á hinn bóginn kemur eftirfarandi fram í næstu glæru:




Einingaverksmiðjan – samn kláraður í vikunni.
Íshlutir – munnlegt samkomulag komið, frí teifa frágangi.
Toys 'r Us – mun klárast
Alcoa Brammer – klárt

Stóra spurningin hvað gera skal með : BYKO, Danól/Ölgerðin, Innes og Nathan&Olsen.

Fyrirtæki	Samningur	Sjóflutningur	Heildarfl.gj.
Blue Water	Atlantsskip	40.000	70.000
Byko	Eimskip	130.000	380.000
Einingaverksmiðjan	Eimskip	13.000	30.000
Flotgölf	Atlantsskip	25.000	50.000
Íshlutir	Atlantsskip	30.000	70.000
Lifland	Eimskip	20.000	45.000
Toy's R Us	Eimskip	5.000	12.000
Alcoa - Brammer	Nýtt	15.000	35.000
Innes		45.000	80.000
Ölgerðin		110.000	250.000
Nathan & Olsen		75.000	140.000

2632. Á þessari glæru eru taldir upp tilteknir viðskiptavinir Samskipa, Eimskips og Atlantsskipa og gerð grein fyrir magni og tekjum af flutningum fyrir þá. Það sem vekur sérstaka athygli á glærunni er að „stóra spurningin“ sé hvað „gera skal“ með viðskipti við Byko, Danól/Ölgerðina, Innes og Nathan & Olsen. Hafa ber í huga að öll þessi fyrirtæki voru á þessum tíma mikilvægir viðskiptavinir Eimskips.¹⁴⁴¹ Eins og nánar verður rökstutt í kafla 12.2, sbr. kafla 14, er það mat Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi haft ólögmætt samráð við Eimskip um að keppa ekki um viðskipti við mikilvæga viðskiptavini. Hafi Samskip að þessu leyti skipt markaðnum með Eimskip. Í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið kemur fram að eftir fund Eimskips og Samskipa 6. júní 2008 hafi Eimskip átt í ólögmætu samráði „við Samskip um skiptingu markaða eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum. Samráð þetta var umfangsminna á lokaári rannsóknartímabilsins (á árinu 2013)“.
2633. Á næstu glæru í kynningu frá (S)frkvstj-millilandasv frá 4. september 2008 var gerð grein fyrir flutningsgetu Samskipa, Eimskips og Nesskipa. Í glærunni þar á eftir er fjallað um „Breytingar hjá EI“ og lítur hún svo út:

¹⁴⁴¹ Athuga þó að flutningar fyrir Byko virðast hafa skipst á milli flutningafyrirtækjanna.



2634. Á næstu glærum er að finna umfjöllun um breytingar á siglingakerfi Samskipa og áhrif þeirra á tekjur fyrirtækisins. Reiknaður er út ávinningur af því að fækka skipum í siglingum til og frá Íslandi. Jafnframt voru áhrif þess metin ef skip með minni flutningsgetu yrðu notuð. Ljóst er samkvæmt glærunum að umtalsverður sparnaður væri talinn felast í því að fækka/minnka skip. Á móti myndi geta til þess að sinna tilteknum flutningum minnka eða hverfa með tilheyrandi tekjutapi. Voru það flutningar á þær hafnir sem nefndar eru í glærunum „*jaðarhafnir*“ og fram kemur að framlegð af flutningum til þeirra væri rétt rúmlega einn milljarður króna. Um var að ræða eftirfarandi hafnir/viðskiptavinum:

- Alcoa á Reyðarfirði
- Vestmannaeyjar
- Elkem á Grundartanga
- Útflutningur frá Færeyjum
- „*Rotterdam Express / Imm*“ (innflutningur á grænmeti frá Rotterdam)

2635. Hér ber að áréttu að þessar glæsur voru vistaðar sama dag, 4. september 2008, og áformaður var fundur milli Eimskips og Samskipa. Sami stjórnandi Samskipa, (S)frkvstj-millilandasv, hafði aðkomu að hvoru tveggja, þ.e. glærunum og samskiptum við Eimskip. Glæurnar sýna m.a. að greiningar og mögulegar breytingar á kjarnaþáttum í starfsemi Samskipa eru metnar með hliðsjón af aðgerðum Eimskips. Alkunna er að fyrirtæki meti gjarnan mögulegar aðgerðir á markaði með hliðsjón af stöðu og hugsanlegum viðbrögðum helstu keppinauta. Í samkeppnisrétti er sjálfstæði fyrirtækja grundvöllur samkeppni þannig að þau taki hvert um sig og á eigin forsendum ákvarðanir þegar þau ákveða viðskiptastefnu sína.

2636. Þessi og önnur gögn Samskipa eru hins vegar öðru marki brennd. Hér skal rifjað upp að áður en samráð fyrirtækjanna hófst af fullum þunga eftir 6. júní 2008 ráðgerðu Samskip að bregðast við samdrætti í innflutningi með því að „*sækja sterkt*“ á stóra viðskiptavini Eimskips, og ná þannig auknu magni inn í siglingakerfi sitt, sbr. umfjöllun hér að framan í kafla 6.7.6 um „*grænlenka daga*“ og „*herferð*“ Samskipa gegn Eimskip. Í umræddri glærुकynningu (S)frkvstj-millilandasv má sjá hvernig þar kveður við allt annan tón hjá fyrirtækinu gagnvart markaðssókn á stóra viðskiptavini Eimskips. Hafa ber í huga að á þessum tíma, í september 2008, var áfram fyrirséð hjá æðstu stjórnendum Samskipa að innflutt magn myndi dragast saman á næstu mánuðum. Á einni glæru (S)frkvstj-millilandasv er „*stóra spurningin*“ sögð vera sú hvað „*gera skal með*“ mjög stóra viðskiptavini Eimskips eins og Ölgerð Egils Skallagrímssonar. Sjá má í gögnum málsins hvernig Samskip svöruðu þessari spurningu. Í stað þess að herja á Eimskip og ná meira magni inn í skipin lét fyrirtækið t.d. viðskipti Eimskips við Ölgerðina í friði. Þetta má sjá með því að virða þetta sönnunargagn í samhengi við gögn frá t.d. október 2009 um útböð Ölgerðarinnar sem gefa til kynna samráð Samskipa við Eimskip um að keppa ekki um viðskipti við stóra viðskiptavini hvors annars („*friðurinn*“), sbr. umfjöllun í kafla 14.3 og áframhaldandi samvinnu í tengslum við „*Nýtt upphaf*“ verkefnið þar sem er að finna vangaveltur um hvernig skuli skipta tilteknum mikilvægum viðskiptum milli fyrirtækjanna. Varð það og raunin að Eimskip og Samskip höfðu með sér ólöglegt samráð um markaðsskiptingu á mikilvægum viðskiptavinum í innflutningi til Íslands, sbr. annars vegar sáttin við Eimskip og hins vegar umfjöllun hér síðar.
2637. Klukkan 15:38 þann 4. september 2008 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)forstj. Í honum segir: „*Það næst ekki koma saman fundi í dag með viðskiptastjórum til að fara yfir 2 blaða kerfið og strategíu á markaðnum. Morgundagurinn gengur ekki heldur vegna fundar með Eimskip [...]*“.¹⁴⁴²
2638. Gögn málsins sýna að í byrjun september 2008 hafi einnig verið unnið innan Eimskips að „*Nýtt upphaf*“ verkefninu með Samskipum.
2639. Að morgni 4. september 2008 (kl. 10-11) áttu (E)frkvstj-flutnkerf, (E)fulltr.flutnstý og (E)starfsm fund um gáamál. Heiti fundarboðsins var „*[á]ætlan 2008/2009 gámar*“.¹⁴⁴³ Talið er að þessi fundur Eimskips hafi tengst undirbúningi (E)frkvstj-flutnkerf vegna fundarins með Samskipum sem hafði átt að halda eftir hádegi þennan dag (en var frestað þar til daginn eftir 5. september 2008). Hér ber að líta til þess að samráð Samskipa og Eimskips tók meðal annars til aukins gámasamstarfs fyrirtækjanna. Til að mynda fékk (E)frkvstj-flutnkerf þann 2. október 2008 send drög frá (E)starfsm-flutnstýr1 að gagnkvæmum samningi milli Eimskips og Samskipa um leigu á gámum ásamt yfirlýsingu um að fyrirtækin myndu styðja við viðskiptasamstarf hvors annars, sbr. umfjöllun hér á eftir í kafla 8.17.1. Í kjölfarið hófst aukið gámasamráð fyrirtækjanna, sbr. umfjöllun í kafla 8.17.1, 8.17.16 og 18.
2640. Sem fyrr segir það (E)frkvstj-flutnkerf starfsmann Eimskips í Bandaríkjunum ((E)frkvstj-N-Am) 2. september um að senda sér gögn til undirbúnings fundinum sem halda ætti með Samskipum 4. september 2008, sbr. kafla 8.16.2.1. Þann dag sendi (E)frkvstj-flutnkerf aftur tölvupóst til (E)frkvstj-N-Am (kl. 12:46) og ítrekaði ósk um gögn því hann yrði að mæta á fund eftir tvo tíma. Hann þyrfti að hafa „*all the cost on the table*“.¹⁴⁴⁴ Þessi tölvupóstsamskipti gefa til kynna að (E)frkvstj-flutnkerf hafi m.a. verið að leggja mat á hvað það myndi kosta Samskip að eiga ekki í samstarfi við Eimskip í siglingum milli Íslands og Norður-Ameríku heldur keppa við fyrirtækið með því að bjóða alfarið upp á sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku (TA-flutninga) með viðkomu í Rotterdam. Var framangreint eitt af viðfangsefnum „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins vegna endurskoðunar á siglingakerfum fyrirtækjanna og samnýtingu flutningakerfa, sbr. tölvupóst (E)forstj til (E)frkvstj-flutnkerf 27. júní 2008 þar sem (E)forstj setti fram þá hugmynd eða tillögu að Eimskip myndi biðja Samskip um að

¹⁴⁴² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]. „*Fundur með viðskiptastjórum*“, dags. 04.09.2008, kl. 15:38. Doc. ID. 0.7.33.666921.

¹⁴⁴³ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...]. „*Áætlan 2008/2009 gámar*“. Fundur dags. 04.09.2008, kl. 10-11.

¹⁴⁴⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. Milli IJS og SLY. „*RE: Freight for 40 DC Richmond –Rdam to day*“, dags. 14.07-04.09.2008. Doc. ID. 0.7.328.26404.



hætta að keppa í flutningum til og frá Norður-Ameríku (með TA-flutningum í gegnum Evrópu) og notast þess í stað alfarið við skip Eimskips.

2641. Þann 4. september 2008 var fundur (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv bókaður milli kl. 13 og 14.¹⁴⁴⁵ Í athugasemdum Eimskips kemur fram að á þeim fundi hefðu (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv rætt „ýmsar nýjar úrfærslur á sigingakerfi á milli Íslands og Norður-Ameríku“.¹⁴⁴⁶ Samkeppniseftirlitið bendir á að Norður-Ameríku flutningar voru einn þáttur af samráðsverkefni Eimskips og Samskipa, sbr. glærुकyninguna sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir. Samkeppniseftirlitið vísar einnig til þess að (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv báru ábyrgð á „Nýtt upphaf“ verkefninu hjá Eimskip og voru ásamt (S)forstj meðlimir „vinnuhópsins“.
2642. Síðar sama dag hélt (E)forstj áfram að funda með undirmönnum sínum sem báru ábyrgð á „Nýtt upphaf“ verkefninu eða höfðu haft aðkomu að framgangi þess. Samkvæmt dagbók (E)forstj átti hann fund á milli kl. 15 og 16 þann 4. september 2008 með (E)frkvstj-innanl. (E)frkvstj-innanl bar ábyrgð á landflutningum Eimskips og hafði sumarið 2008 átt í samskiptum við (S)frkvstj-innanl og unnið að auknu samráði fyrirtækjanna.¹⁴⁴⁷ Strax í kjölfar fundar (E)forstj og (E)frkvstj-innanl, á milli kl. 16 og 17:30, átti (E)forstj fund með (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-alþjsv, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-N-Atlants og (E)deildstj-útf1 til að ræða „TA flutninga“ („Trans Atlantic“ flutninga), þ.e. þá flutninga sem (E)frkvstj-flutnkerf var að skoða í áðurnefndum samskiptum við (E)frkvstj-N-Am og var það liður í undirbúningi (E)frkvstj-flutnkerf fyrir fundinn með Samskipum.¹⁴⁴⁸ Seinni part dags 4. september 2008 var innan Eimskips einnig unnið að atriðum sem tengdust sjóflutningum Eimskips milli Íslands og Evrópu, þ. á m. varðandi gáma, Alcoa og aðra umfangsmikla kaupendur flutningsþjónustu hér á landi, sbr. tölvupóstasamskipti (E)forstö-innfl við (E)forstö-fjárn2, afrit til m.a. (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-flutnkerf kl. 17:30 þennan dag, sbr. einnig áðurnefndan fund (E)frkvstj-flutnkerf um gáma þann 4. september 2008 kl. 10-11.¹⁴⁴⁹
2643. Ljóst er því að (E)forstj átti þennan dag ítrekaða fundi með undirmönnum sínum sem báru ábyrgð á starfsemi Eimskips sem tengdist „Nýtt upphaf“ verkefninu. Við blasir m.a. að áðurnefndur fundur sem (E)forstj sat með undirmönnum sínum á milli kl. 16 og 17:30 þennan dag hafi tengst auknu samstarfi við Samskip.
2644. Fyrir liggur þannig að (E)forstj lagði í byrjun september 2008 áfram mikla áherslu á að unnið væri að auknu samstarfi við Samskip. Þessi áhersla (E)forstj á samstarf við Samskip er athygliverð fyrir þær sakir að stjórnendur Eimskips glímdu á sama tíma við ærin verkefni vegna afar erfiðrar fjárhagslegrar stöðu Eimskips. Í dæmaskyni má nefna að á sama tíma og (E)forstj lagði áherslu á Samskip vofði til að mynda yfir Eimskip að tuga milljarða króna ábyrgð vegna flugfélagsins XL Leisure Group væri við það að falla á fyrirtækið. Það raungerðist svo nokkrum dögum síðar, 12. september 2008. Fyrirliggjandi er að þrátt fyrir ærin verkefni vegna fjárhagserfiðleika Eimskips vann (E)forstj ötullega að framkvæmd samráðsins við Samskip á þessum tíma. Sýna umrædd samtímagögn að miklum tíma og orku helstu stjórnenda Eimskips var ráðstafað í þessa vinnu þrátt fyrir t.a.m. tiltölulega lítið rekstrarlegt mikilvægi samstarfs Samskipa og Eimskip í Norður-Ameríku flutningum. Að mati Samkeppniseftirlitsins undirstrika þessi atvik ríka áherslu og forgang (E)forstj varðandi samráð við Samskip og mikilvægi þess. Hér vísast einnig til umfjöllunar um bónussamning (E)forstj í kafla 7.6.2.
2645. Í mgr. 845 og áfram í athugasemdum Samskipa við AI er því mótmælt að samskipti milli Eimskips og Samskipa í september 2008 hefðu tengst öðru en endurnýjun á Norður-Ameríkusamningi. Þá er því mótmælt að (S)frkvstj-millilandasv hafi gengt sérstöku hlutverki í kjölfar fundar Eimskips og Samskipa 6. júní 2008. Jafnframt er því mótmælt að framangreind gögn (S)frkvstj-millilandasv

¹⁴⁴⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.328246.

¹⁴⁴⁶ Sjá mgr. 642 í athugasemdum Eimskips við AI.

¹⁴⁴⁷ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.328252.

¹⁴⁴⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.327292.

¹⁴⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].



tengist hinu „Ímyndaða“ „Nýtt upphaf“ verkefni. Eins og rökstutt er í kafla 25.23.2 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa.

8.16.2.3. Fundurinn 5. september 2008 og glærur (S)frkvstj-millilandasv frá 6. september 2008

2646. Samkvæmt dagbók (E)forstö-innfl var haldinn fundur á milli kl. 8:30 og 9:30 föstudaginn 5. september 2008 með Samskipum undir yfirskriftinni „Ameríkusamningur“. Fundinn sátu, auk (E)forstö-innfl , (S)forstö-innfl1 , (S)frkvstj-millilandasv, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl.¹⁴⁵⁰
2647. Samkeppniseftirlitið vísar til umfjöllunar í kafla 8.15.5 um hin reglubundnu samskipti umræddra stjórnenda Eimskips og Samskipa og til hvaða atriða ber að horfa í því samhengi.
2648. Hvorki Samskip né Eimskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um fundinn 5. september 2008.¹⁴⁵¹ Þar af leiðandi afhentu fyrirtækin ekki gögn sem gefa til kynna hvað var rætt á fundinum. Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hafa ekki fundist fundargerð eða minnispointar sem teknir hafa verið saman á fundinum.
2649. Strax eftir fundinn með Samskipum var bókaður tveggja klukkustunda langur fundur hjá lykilstjórnendum Eimskips. Hann sátu sömu stjórnendur og setið höfðu fundinn með Samskipum, þ.e. (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl , ásamt (E)frkvstj-innanl, (E)frkvstj-skiparekst o.fl.¹⁴⁵²
2650. Gögn frá Samskipum daginn eftir fundinn með Eimskip hafa hér einnig þýðingu. Skal nú vikið að því og áréttuð aðkoma (S)frkvstj-millilandasv að þeirri vinnu en hann sat umræddan fund með Eimskip.
2651. Með tölvupósti laugardaginn 6. september 2008 (kl. 13:00) sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til (S)forstj með heitinu „Siglingakerfi“. Í honum segir:
- „Hér kemur samantektin varðandi siglingakerfin - Setti þetta í sér kynningu en auðvitað má steypa þessu inn í heildarkynninguna að öllu leiti eða hluta. Þú skoðar og metur þetta.*
- læt einnig fylgja með Excel skjalið á bak við töflurnar í kynningunni:*
- og pælingarnar sem þú sendir í gær (bætti við í gulu reitina frá okkur (S)forstö-flutnstj og (S)forstö-skiparek)*“
2652. Með tölvupóstinum fylgdu þannig þrjú skjöl. Glærुकynning sem bar heitið: „Siglingakerfi Samskipa – aðlögun að minnkandi innflutningsmagni“, excel-skjal sem töflurnar í glærunum eru byggðar á og exel-skjal frá (S)forstj sem (S)frkvstj-millilandasv o.fl. höfðu unnið í („pælingarnar sem þú sendir í gær“, skjalið nefnt „kerfispælingar - reply“).¹⁴⁵³ Í síðastnefnda skjalinu kemur m.a. eftirfarandi fram:

¹⁴⁵⁰ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.661842.

¹⁴⁵¹ Í kafla 23 er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga.

¹⁴⁵² Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.402852.

¹⁴⁵³ Afrituð tölvuskjöl frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.24241; („Siglingakerfi 0609.2008.ppt“) 05.09.2008, kl. 22:58. Doc. ID. 0.7.33.28142; [...] 05.09.2008, kl. 22:58. Doc. ID. 0.7.33.25926.



Akrafell / Hvassafell:					Mv 1,5 ár.	
	Scenario 1	Scenario 1b	Scenario 2	Tilvik 6) í skjali	1). 2ja skipa kerfi:	
Charter	1.500	1.500	1.500	1.634	Akr/Hva í burtu 1b.	675
					Breyta Arn/Heg	515
Reyðarfjörður	30	30	50	30	Net	1.190
Færeyjar export	120	120	120	120	önnur kostn.spörun ?	
Express Island	100	100	100	100		
Alcoa	500	500	750	638	Ókostir:	
Net	750	750	480		Fara úr 4ra skipa kerfi, þmt:	
					Alcoa	
Skilakostnaður	340	255	340	352	Færeyjar	
Slot á 7.500 TEU @ €250	236	236	236	236	Express	
Net	410	495	140	158	Reyðarfjörður almennt	
Net	174	259	-96		Allt á slot samningum með EI, nema Alcoa farið.	

2653. Umrætt skjal hafði (S)forstj útbúið og sent (S)frkvstj-millilandasv 5. september 2008. Sýnir þetta m.a. að sama dag og Samskip funduðu með Eimskip vann forstjóri fyrirtækisins í skjali sem gerði ráð fyrir samstarfi við Eimskip í tengslum við tiltekna hugmynd um breytingu á siglingakerfi fyrirtækisins. Voru viðskiptin við Alcoa einnig nefnd í því samhengi („Allt á slot samningum með EI, nema Alcoa farið“). Er þetta til stuðnings því að þessi málefni hafi verið til umræðu á fundi fyrirtækjanna 5. september 2008. Þessu enn frekar til stuðnings ber að líta til þess að á stjórnarfundum Samskipa Holding 8. september 2008 gerði (S)forstj stjórninni grein fyrir „Cooperation with Eimskip“ vegna „sailing system“, sbr. nánar hér á eftir í kafla 8.16.3.
2654. Meðfylgjandi tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv til (S)forstj var glærुकyning sem var byggð m.a. á framangreindu excel-skjali. Bar kynningin heitið „Siglingakerfi Samskipa – aðlögun að minnkandi innflutningsmagni“. Í kynningunni bar (S)frkvstj-millilandasv saman áhrif yfir tveggja ára tímabil af fimm mismunandi útfærslum á afkomu Samskipa annars vegar og Eimskips hins vegar, sem væru frávik frá gildandi siglingakerfi. Í þessu fólst ítarleg greining (S)frkvstj-millilandasv á áhrifum af breyttu siglingakerfi Samskipa á EBITDA Eimskips og Samskipa. Jafnframt var gert ráð fyrir samstarfi milli fyrirtækjanna og að mikilvægir viðskiptavinir færðust á milli þeirra. Rétt er að birta hluta af þessum glærum („GRT“ stendur fyrir Grundartanga en eins og áður sagði önnuðust Samskip á þessum tíma flutninga fyrir járnblendiverksmiðjuna sem þar er starfrækt (Elkem)):



Samskip		Samskip hf.
<h2>Leiðir</h2>		
• Eftirfarandi leiðir skoðaðar:		
1)	Óbreytt kerfi	2 x 900 + 2 x 1.140 TEU
2)	GRT út	2 x 700 + 2 x 1.140 TEU
3)	ALCOA min	2 x 900 + 2 x 700 TEU
4)	GRT út + ALCOA min	4 x 700 TEU
5)	Tvö skip	2 x 1.140 TEU
6)	Tvö skip	2 x 900 TEU

2655. Í glærum (S)frkvstj-millilandasv voru þannig fimm leiðir til skoðunar varðandi siglingakerfi Samskipa (til viðbótar því að halda óbreyttu fjögurra skipa kerfi). Í öllum nema einni leiðanna var gert ráð fyrir samnýtingu á siglingakerfi með Eimskip „keppinautum“ eða áform um ólögmeta skiptingu viðskiptavina (aðgerðir nr. 2, 3, 5 og 6 á glærunum). Af gögnum málsins er ljóst að samstarf við „keppinauta“ á glærum (S)frkvstj-millilandasv var tilvísun til aukins samstarfs við Eimskip, sbr. t.d. glærukynningu (S)forstj frá 8. september („Cooperation with Eimskip“). Þetta er einnig staðfest í mgr. 872 í athugasemdum Samskipa við AI þar sem fram kemur að með „keppinautum“ á glærum kynningarinnar sé verið að vísa til slotsamninga við Eimskip vegna takmörkunar á flutningsgetu Samskipa. Undirstrika skal aftur að (S)frkvstj-millilandasv sendir umrædd gögn til (S)forstj daginn eftir fund hans með Eimskip, þ.e. laugardaginn 6. september 2008.
2656. Benda skal á að í allri umfjöllun (S)frkvstj-millilandasv í glærunum er hvergi að finna ótta um viðbrögð helsta keppinautarins, t.d. á þeim leiðum þar sem gert var ráð fyrir að Samskip gætu staðið við skuldbindingar gagnvart Alcoa um útflutning á áli. Þvert á móti var beinlínis gengið út frá því sem vísu að einungis flutningsmagnið, sem Samskip gætu ekki sinnt eftir takmörkun á flutningsgetu (t.d. vegna Alcoa), færi til Eimskips. Undirstikar þetta ástandið á markaðnum sem Samskip og Eimskip höfðu skapað á þessum tíma með alvarlegri röskun á samkeppni.
2657. Í glærum (S)frkvstj-millilandasv var „leið 2“ talin heppilegust fyrir Samskip. Henni var lýst nánar í glærunum:



Niðurstöður 1(2)

- Meðfylgjandi tafla sýnir áhrif ólíkra leiða annars vegar á EBITDA hjá Samskipum og hins vegar hjá keppinautum. Upphæðir eru í mkr og taka til 24 mánaða tímabils:

		Samskip	Keppinautar
1)	Núverandi kerfi	2 x 900 + 2 x 1.140 TEU	0
2)	GRT út	2 x 700 + 2 x 1.140 TEU	-681
3)	Alcoa min	2 x 900 + 2 x 700 TEU	-361
4)	GRT út + Alcoa min	4 x 700 TEU	-782
5)	Tvö skip	2 x 1.140 TEU	-707
6)	Tvö skip	2 x 900 TEU	-668

Niðurstöður 2(2)

- Út frá fjárhagslegum ávinningi og samkeppnisstöðu virðist leið 2) skynsamlegasti kosturinn í stöðunni til að stoppa í það gat sem myndast með minnkandi innflutningi. Leiðin skilar hlutfallslega miklum ávinningi til Samskipa án þess að styrkja fjárhagslega stöðu keppinauta okkar um of.
- Að sama skapi geta leiðir 5) og 6) vart talist skynsamlegar enda styrkja þær stöðu keppinauta Samskipa meira en eigin stöðu.
- Leiðir 2) og 4) eru flóknari í framkvæmd en leið 3) að því leiti að þær fela í sér umtalsverðar uppsagnir (amk 25 manns), neikvæða umræðu og ímynd og kunna að leiða til þvingunaraðgerða gegn félaginu. Ekki er lagt mat á annan kostnað í þessum samanburði en launakostnað vegna uppsagna og starfsloka.
- Leið 3) kann að skaða langtíma viðskiptasamband Samskipa og Alcoa og kann að veikja ímynd Samskipa og traust ekki sist meðal stórnotenda á flutningaþjónustu. Slíkt kann að gera Samskipum erfiðara fyrir en ella að vaxa þegar markaðir taka við sér á ný.
- Nánari útlitun á einstökum leiðum fer hér á eftir:



samskip	Samskip hf.	
2) GRT út - 2 x 700 + 2 x 1.140 TEU		
	2009	2010
núverandi kerfi 2 x 900 + 2 x 1.140 TEU	3.515	3.515
2 x 700 gless + 2 x 1.140 TEU	3.068	3.068
Reach stacker í VES	20	20
Reach stacker í FO	20	20
Starfslokakostnaður	135	40
Söluhagnaður ARNF/HEGF	-116	0
Samtals kerfi	-388	-367
Elkem töpuð framlegð	187	187
Samtals án nýrra viðskipta	-201	-180
Ný viðskipti (BYKO)	-150	-150
Heildarávinningur	-351	-330
<i>Ávinningur keppinauta</i>	<i>-37</i>	<i>-37</i>

2658. Umrædd leið „leið 2“ í glærum (S)frkvstj-millilandasv gerði þannig ráð fyrir að Samskip yrðu áfram með fjögur skip í siglingum en tvö þeirra hefðu minni flutningsgetu (úr 900 TEU í 700 hvort skip). Þetta þýddi að Samskip hefðu hætt að sigla til Grundartanga og þannig ekki getað lengur sinnt flutningum fyrir Elkem. Til að veita upp á móti því voru lögð til grundvallar „Ný viðskipti (BYKO)“. Um þetta segir (S)frkvstj-millilandasv í næstu glæru:

„Gert er ráð fyrir því að Samskipum takist að loka samningum við BYKO um heildarflutninga og flutningar Elkem færast til keppinauta.“¹⁴⁵⁴

2659. Á þessum tíma var Byko í viðskiptum við bæði Eimskip og Samskip en meginhluti viðskiptanna (70%) var hjá Eimskip.¹⁴⁵⁵
2660. Í glæru (S)frkvstj-millilandasv var þannig lagt til grundvallar að Samskip myndu fá viðskipti Byko við Eimskip og viðskiptin við Elkem færðust til „keppinauta“. Gefur þetta til kynna að Samskip hefðu áformað ólögmeta skiptingu á viðskiptavinum sem lið í umræddri breytingu, þ.e. að fá flutningana fyrir Byko í stað flutninga fyrir Elkem sem færu til Eimskips. Ber hér einnig að hafa í huga framangreindar glærur (S)frkvstj-millilandasv frá 4. september 2008 þar sem segir að „stóra spurningin“ væri hvað ætti að gera varðandi viðskipti við Byko og aðra mikilvæga viðskiptavinum Eimskips (Danól, Ölgerðina, Innes og Nathan & Olsen).
2661. Þá ber að hafa í huga að á leið þrjú á glærunum („Alcoa min“) gerði (S)frkvstj-millilandasv ráð fyrir að halda hluta af útflutningi á áli fyrir Alcoa inni í kerfum Samskipa og að skip Samskipa yrði þá fullnýtt „en umfram magn færi með keppinautum [Eimskip]“. Kom einnig fram á glærum (S)frkvstj-millilandasv að óvíst væri á þessu stigi hvort Alcoa hefði áhuga á slíku samkomulagi. Sömuleiðis var

¹⁴⁵⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Siglingakerfi 06.09.2008.ppt“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. „Siglingakerfi“, dags. 06.09.2008, kl. 13:00. Doc. ID. 0.7.33.496220.

¹⁴⁵⁵ Afhent gögn frá Samskipum 10.04.2015, tölul. 9 („Liður 9.1 Innflutningur Heildarlisti“). Afhent gögn frá Eimskip 23.03.2015, fskj. 5 („50 stærstu“).



ráðgert í áðurnefndri glæru (S)frkvstj-millilandasv að Samskip fengju viðskipti BYKO inn í sín siglingakerfi frá Eimskip. Fyrir utan breyttan skipakost sem fjallað var um á glærunni má segja að þetta hafi átt eftir að raungerast í breyttu siglingakerfi Samskipa í nóvember 2008 og var þetta það fyrirkomulag sem tengdist samráði fyrirtækjanna um breytt siglingakerfi og takmörkun flutningsgetu, þar sem Samskip héldu meirihluta af Alcoa útflutningnum til Evrópu en Eimskip sinnti flutningum á umframmagni Alcoa sem Samskip gátu ekki sinnt. Viðhéldu Samskip og Eimskip síðan þessu fyrirkomulagi í rúm fjögur ár uns það fór að draga úr „friðnum“ á milli þeirra. Fór það einnig svo að það voru ekki viðskipti BYKO sem fóru til Samskipa heldur viðskipti Nathan & Olsen. Var það í samræmi við áðurnefnda glærुकynningu (S)frkvstj-millilandasv frá 4. september 2008 um „stóru spurninguna“ en þar hafði (S)frkvstj-millilandasv talið upp m.a. BYKO og Nathan & Olsen.

2662. Í glærum (S)frkvstj-millilandasv kemur einnig fram að leiðir fimm og sex væru vart skynsamlegar frá sjónarhóli Samskipa vegna mikils ávinnings fyrir Eimskip og að viðskiptin við Alcoa myndu tapast að fullu. Í glærunum segir í tengslum við þetta að gert væri ráð fyrir „hagstæðum slot samningum“ við Eimskip.
2663. Samkeppniseftirlitið telur að framangreint sé hluti af þeim atriðum sem Eimskip og Samskip ákváðu að vinna að í samráðsverkefninu og var liður í samráði fyrirtækjanna á þessum tíma.
2664. Framangreind „leið 2“, sem talin var skynsamlegust í glærunum, varð hins vegar ekki að endingu fyrir valinu hjá Samskipum. Önnur útfærsla var valin, sem var áþekk áðurnefndri „leið 3“ á glærum (S)frkvstj-millilandasv. Endanleg útfærsla fól í sér fækkun skipa úr fjórum í þrjú og ólögmeitt samráð við Eimskip, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir um atvik í október og nóvember 2008.
2665. Við mat á því hvað fór fram á fundi Samskipa og Eimskips að morgni 5. september 2008 er einnig rétt að horfa til tölvupósts sem (E)frkvstj-skiparekst sendi kl. 17:07 þennan sama dag. Var tölvupósturinn til (E)frkvstj-flutnkerf sem setið hafði fundinn með Samskipum um morguninn. Einnig sendi (E)frkvstj-skiparekst afrit af póstinum til (E)deildstj-útfl1 og (E)frkvstj-Eimísl, sem einnig hafði setið fundinn með Samskip sama morgun. Heiti tölvupósts (E)frkvstj-skiparekst var: „Alcoa – Ál til Rotterdam“ og þar kom fram eftirfarandi:
- „Talaði við [(E)frkvstj-Holl] áðan og hann tjáði mér m.a. að Steinweg gæti ekki lengur tekið á móti 40 ft. gámum frá okkur og ætluðu líka að hafna þeim frá Samskip. Þetta er náttúrulega gott mál, ef þeir standa við þetta gagnvart Samskip, því það endanlega drepur þeirra „case“, því kostnaðarlega má það ekki við neinu. Í framhaldinu hljóta þeir að óska eftir upptöku samnings við Alcoa.*
- Verið getur að nú þegar hafi það gerst því [TWS] hjá Alcoa var rétt í þessu að spyrja hvort við gætum, ef á þyrfti að halda tekið eitthvað af áli til Rotterdam og ég kvað okkur örugglega geta það og lofaði að koma tilbaka með það pláss sem við gætum boðið honum. Að vísu mun ég skilyrða það við 40ft.*
- Ég nefndi 2.000 tonn „fixed“ á viku á fundinum í morgun, en þú hélt það væri meira.*
- Ertu til í að láta skoða þetta sem fyrst“.*¹⁴⁵⁶
2666. Í tölvupóstinum fjallaði (E)frkvstj-skiparekst þannig um flutninga á áli fyrir Alcoa til Rotterdam. Hér skiptir máli að rifja upp að á þessum tíma var í gildi samningur milli Samskipa og Alcoa um flutning á áli í gámum frá Reyðarfirði til Rotterdam. Í minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv frá 7. júlí 2008 var þetta orðað svo: „Samskip unnu útboð/verðkönnun Alcoa um alla flutninga á framleiðsluvörum fyrirtækisins til Evrópu“, sbr. einnig umfjöllun í kafla 6.5.
2667. Alcoa var eins og áður segir í september 2008 mjög stór viðskiptavinur Samskipa og áttu Samskip að annast „alla“ flutninga á framleiðslu Alcoa til Evrópu. Í framangreindum gögnum Samskipa, þar sem rætt er um „revised/stóru myndina“, var ítrekað vísað til Alcoa og verulegra

¹⁴⁵⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.26704.



verðhækkunaraðgerða gagnvart því fyrirtæki. Í gögnum frá Samskipum þar sem fjallað er um breytingar á siglingakerfum fyrirtækisins og Eimskips er einnig fjallað um Alcoa. Er þar m.a. metið hvaða áhrif það hefði á tekjur af flutningum fyrir Alcoa ef flutningsgeta Samskipa yrði takmörkuð, sbr. glærुकyningu (S)frkvstj-millilandasv frá 4. september 2008. Í glærुकyningu (S)frkvstj-millilandasv frá 6. september 2008 er fjallað um það sama.

2668. Skjölin sem (S)forstö-flutnstj sendi (S)forstj kvöldið fyrir fund hans og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip þann 25. júlí 2008 skipta hér einnig máli. Í þeim skjölum, sem lýst er í kafla 8.13.1, er gerð grein fyrir hugmyndum um takmörkun á flutningsgetu Samskipa (úr fjórum skipum í þrjú) og samráði við Eimskip sem m.a. tengdist flutningum fyrir Alcoa. Til þess að þetta fyrirkomulag gengi upp er í skjölunum miðað við að Eimskip annaðist hluta af útflutningi Samskipa á áli fyrir Alcoa og lagt er mat á ábata Eimskips af þessu (rætt um tekjur Eimskips „af álflutningi fyrir Samskip“). Þá kemur sömuleiðis fram þessi samvinna tengd m.a. flutningum fyrir Alcoa:

„Ef Eimskip afhenda tóma gáma á RFJ (Reyðarfirði) og samþykkja Steinweg sem depot í RTM (Rotterdam) ná báðir aðilar að hagræða

Eimskip sparar THC (Terminal Handling Charges) í RTM og Samskip kemst af með færri gáma.“

2669. Fyrirtækið Steinweg sem hér er vísað til rak hafnarþjónustu í m.a. Rotterdam. Var það í samningssambandi við Alcoa og hafði tekið að sér að afferma álið úr gámum Samskipa í höfninni í Rotterdam og veita Alcoa vöruhúsaþjónustu.¹⁴⁵⁷

2670. Eimskip var ekki með samning við Steinweg um hafnarþjónustu.¹⁴⁵⁸ Tölvupóstur (E)frkvstj-skiparekst sýnir að sama dag og Eimskip og Samskip höfðu átt fund var Eimskip í framhaldinu að athuga með hafnarþjónustu hjá Steinweg, þjónustuaðila Alcoa. Kveðst (E)frkvstj-skiparekst hafa verið að ræða við yfirmann Eimskips í Hollandi ((E)frkvstj-Holl) sem hafi fengið tiltekna upplýsingar frá þarlandu hafnarfyrirtæki (Steinweg). Strax eftir fund (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl með Samskipum þennan sama morgun höfðu (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl átt tveggja klukkustunda langan fund með öðrum lykilstjórnendum Eimskips, m.a. (E)frkvstj-skiparekst. Tölvupóstur (E)frkvstj-skiparekst vísaði til þess að á þeim fundi hafi verið til umræðu aðkoma Eimskips að flutningum á áli fyrir Alcoa, sbr.: „Ég nefndi 2.000 tonn „fixed“ á viku á fundinum í morgun, en þú hélt það væri meira.“ Ljóst er af tölvupósti hans að (E)frkvstj-skiparekst hafi einnig talað við (E)frkvstj-Holl um Steinweg varðandi hafnarþjónustuna.

2671. Tölvupóstur (E)frkvstj-skiparekst var sendur kl. 17:07 og „rétt í þessu“ hafði Alcoa spurt hvort Eimskip gæti tekið „eitthvað“ af álútflutningi til Rotterdam „ef á þyrfti að halda“. Það var því seinni partinn 5. september 2008 sem fyrirspurn Alcoa kom til Eimskips en sjá má af gögnum málsins að fyrr þennan dag hafði Eimskip þá þegar haft þennan þátt til umræðu og m.a. kannað upplýsingar um hafnarþjónustu hjá þjónustuaðila Alcoa, Steinweg.

2672. Þessi umleitan Alcoa til Eimskips 5. september 2008, sem (E)frkvstj-skiparekst lýsir í tölvupóstinum, skal einnig sett í samhengi við að Samskip höfðu frá sumrinu 2008 unnið að verðhækkunaraðgerðum gagnvart Alcoa. Samtímagagn Samskipa frá 11. júlí 2008 sýnir að fyrirtækið miðaði við að „kreista“ „hugsanlegar tekjur“ sem hægt væri frá Alcoa, sbr. umfjöllun í kafla 8.9.6. Þá skal þessi fyrirspurn Alcoa til Eimskips jafnframt sett í samhengi við að daginn áður, 4. september 2008, hafði (S)frkvstj-millilandasv sent fundarbeiðni til Alcoa þar sem hann óskaði eftir viðræðum um samning fyrirtækjanna („as you know the economic situation here in Iceland has changed dramatically this summer and the outlook for the coming 18 – 24 months is not positive. The balance in our container trade has turned from an east bound imbalance to a huge west bound imbalance, i.e. export volumes

¹⁴⁵⁷ Lýst svo í bréfi Alcoa til Samkeppniseftirlitsins frá 12.10.2017: „Empty containers [...] were to be transported to Reyðarfjörður, filled with Fjardaál's products and then moved on to Rotterdam. The containers would be emptied in the port of Rotterdam at Alcoa's logistics operator (Steinweg) area. Alcoa had already entered into warehouse agreements with Steinweg.“

¹⁴⁵⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 224 – 225.



exceed import volumes by far. We need to sit down with you to discuss our contract and propose to meet in Pittsburg at your earliest convenience."), sbr. umfjöllun hér að framan um þau atvik.

2673. Viðbrögð Alcoa seinni partinn 5. september 2008, sem fólust í því að spyrja Eimskip hvort það gæti komið „*eitthvað*“ að flutningum, voru ljóslega eðlilegur þáttur í umleitan fyrirtækisins til að halda uppi flutningum á vörum fyrirtækisins til Rotterdam og bregðast við fundarboði **(S)frkvstj-millilandasv** 4. september 2008. Hafa ber í huga að á þessum tíma vissi Alcoa ekki að Samskip kæmu til með að skerða þjónustu gagnvart fyrirtækinu með takmörkun á flutningsgetu.
2674. Þegar framangreint er virt saman er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að á fundinum 5. september 2008 hafi Samskip og Eimskip rætt um aukið ólöglegt samráð í sjóflutningum til og frá Íslandi, breytingu siglingakerfa og takmörkun á flutningsgetu. Hafi þessi fundur verið liður í framkvæmd á verkþættinum „*Slotsamningar í siglingakerfinu*“ í „*Nýtt upphaf*“ verkefninu. Tilgangur þessara samskipta Samskipa og Eimskips var því að vinna að verkefni fyrirtækjanna sem hafði það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Fólu samskiptin því í sér ólöglegar samstilltar aðgerðir. Var þessi fundur, líkt og aðrir fundir, vettvangur fyrir skipulagningu, framkvæmd og framgang hins ólöglega samráðs fyrirtækjanna á þessum tíma.
2675. Nánar tiltekið hafi á fundinum verið rætt um nýjan Norður-Ameríku samning og önnur atriði sem féllu undir verkþáttinn „*Slotsamningar í siglingakerfinu*“. Tölvupóstur **(E)frkvstj-skiparekst** frá 5. september 2008, virtur m.a. með framangreindum gögnum Samskipa frá 24. júlí 2008 og 6. september 2008, styður það mat Samkeppniseftirlitsins að á fundinum að morgni 5. september 2008 hafi Samskip og Eimskip m.a. rætt um breytingar á siglingakerfum fyrirtækjanna og tengd viðskipti við mikilvæga viðskiptavinum. Hafi verið fjallað um aðgerðir tengdar þessu sem fólu í sér markaðsskiptingu, þ.e. möguleg tilfærsla á mikilvægum viðskiptavinum og aðkomu Eimskips að flutningum Samskipa fyrir Alcoa. Var þessi fundur, líkt og aðrir fundir fyrirtækjanna, vettvangur fyrir skipulag, framkvæmd og viðhald á samráði þeirra á þessum tíma, sbr. og kafla 8.15.5.
2676. Hvað áhrærir fyrirspurn Alcoa 5. september 2008 til Eimskips um áflutninga til Rotterdam (sem Samskip höfðu samning um á þessum tíma) sýna gögn málsins að það var ekki þá sem Eimskip hóf kerfisbundna og reglulega aðkomu að flutningum á áli fyrir Alcoa til Rotterdam. Það var ekki fyrr en eftir næsta fund lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips þann 6. október 2008 sem það gerðist, sbr. umfjöllun í kafla 8.17.14 um viðskiptaáætlun Eimskips dags. 11. október 2008, („*Samskip? hluti til Eimskip*“) og breytingu Samskipa á siglingakerfinu og takmörkun á flutningsgetu síðar í október 2008. Í samræmi við ólöglegt samráð fyrirtækjanna tók Eimskip í kjölfarið að sinna reglulega umframflutningum á áli Alcoa sem Samskip gátu ekki flutt vegna takmörkunarinnar. Það fyrirkomulag var við lýði í rúm fjögur ár, sbr. umfjöllun í m.a. kafla 9.11.
2677. Líkt og gert var ráð fyrir í skjali **(S)forstö-flutnstj** frá 24. júlí 2008 notuðu bæði Eimskip og Samskip Steinweg, hafnarþjónustuaðila Alcoa, sem „*depot*“ í Rotterdam. Eimskip flutti gámana frá sínum gámaavelli í Rotterdam yfir til Steinweg. Fyrirliggjandi er eins og áður greinir að í kjölfar takmörkunar á flutningsgetu Samskipa í lok október 2008 sá Eimskip um umframflutninga á áli sem Samskip gátu ekki flutt fyrir Alcoa til Rotterdam. Við þá flutninga notaði Eimskip ekki aðeins eigin tóma gáma heldur einnig gáma Samskipa. Atvik voru þau að mestur hluti framleiðslu Alcoa var lestaður í gáma Samskipa. Eimskip flutti þannig álið „*oft á tíðum*“ í gámum í eigu Samskipa frá Mjóeyrarhöfn til Rotterdam. Allir fluttir algámar, hvort sem þeir voru í eigu eða fluttir með Samskip eða Eimskip, enduðu síðan hjá Steinweg. Voru félögin með „*skilgreint verklag um það hvar gámar Samskipa, sem Eimskip fluttu, enduðu*“, þ.e. allir gámar Samskip og Eimskips enduðu hjá Steinweg.¹⁴⁵⁹ Hvassafell, skip Samskipa á Leið 2, var síðan nýtt til að flytja tóma gáma frá Steinweg í Rotterdam til Reyðarfjarðar, sem aftur voru notaðir í útflutning Samskipa og Eimskips fyrir Alcoa frá Mjóeyrarhöfn.

¹⁴⁵⁹ Sjá mgr. 502 í athugasemdamum Samskipa við AII. Sjá einnig umfjöllun í kafla 18 um samráð Samskipa og Eimskips um leigu eða lán á gámum.



2678. Eimskip hefur viðurkennt að fyrirtækið hafi átt í samskiptum og samstarfi við Samskip sem fór gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins, sbr. mgr. 3 í inngangi sáttarinnar við Samkeppniseftirlitið. Eimskip viðurkennir m.a. að á seinni hluta árs 2008 hafi fyrirtækið haft ólögmaett samráð við Samskip um breytingar á siglingakerfi og takmörkun á flutningsgetu og um markaðsskiptingu. Er þessi viðurkenning Eimskips í samræmi við framangreind samtímagögn og hefur því mikla þýðingu í samkeppniserétti, sbr. kafla 4.7.7.
2679. Í mgr. 860 og áfram í athugasemdum Samskipa við AI er því mótmælt að framangreind gögn gefi til kynna ólögmaett samráð við Eimskip. Á fundinum 5. september 2008 hefðu Eimskip og Samskip aðeins rætt endurnýjun Norður-Ameríku samstarfsins. Skjöl (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv sem vísi til samvinnu við Eimskip væru með öllu ótengd fundinum með Eimskip. Væru þau hluti af eðlilegri innri skoðun hjá Samskipum á mismunandi sviðsmýndum til að bregðast við breytingum á markaði. Þá dragi Samkeppniseftirlitið ranga ályktun af tölvupósti (E)frkvstj-skiparekst frá 5. september 2008. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa, sbr. umfjöllun í kafla 25.23.3.

8.16.2.4. Fyrirmæli forstjóra Eimskips á Íslandi um verðhækkun

2680. Forstjóri Eimskips á Íslandi, (E)frkvstj-EimÍsl, hafði sem fyrr segir fundað með (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 föstudaginn 5. september 2008. Með honum á fundinum með Samskip voru (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-flutnkerf. Gögn frá Eimskip sýna að þann 9. september 2008, lagði (E)frkvstj-EimÍsl áherslu á að Eimskip héldi áfram að hækka verð en Eimskip hafði jafnframt hækkað verð tæpum mánuði fyrr.
2681. Þennan dag, 9. september 2008, sendi (E)forstö-vöruþróun tölvupóst sem sýndi að (E)frkvstj-EimÍsl vildi huga sem fyrst að því að hækka verð viðskiptavina hjá Eimskip. Var um ræða tölvupóst til GGS og var afrit sent m.a. til (E)forstö-innfl : Tölvupósturinn bar heitið: „Greining sem þarf að vinna í dag og á morgun v. gjaldskrárhækkana hjá okkur og Samskip“.
2682. Bað (E)forstö-vöruþróun (E)starfsm-innfl um að „taka saman greiningu á hækkun hjá Samskip þ.e. áhrif hækkana fyrir þá og samanburð við okkar hækkanir núna sl. 12 mánuði“. Sagði (E)forstö-vöruþróun að (E)frkvstj-EimÍsl vilji sjá þennan samanburð „núna sem fyrst“. Bað (E)forstö-vöruþróun (E)starfsm-innfl einnig að hringja í (E)forstö-innfl vegna verkefnisins.¹⁴⁶⁰ Að kvöldi sama dags sendi (E)forstö-innfl tölvupóst til m.a. (E)forstö-vöruþróun og (E)starfsm-innfl með skjali sem innihélt samanburð á þjónustugjöldum Eimskips og Samskipa.¹⁴⁶¹
2683. Samhengisins vegna er rétt að hafa í huga að þennan sama dag, þann 9. september 2008, hittust undirmenn (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl ((E)svæðisstj1, (E)þjstj-Austur, (S)forstö-landfl og (S)rekststj-landfl3) á fundi. Var sá fundur, líkt og fundurinn 5. september 2008, hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu og átti ólögmaett samráð sér stað á þeim fundi sbr. kafla 8.16.4.
2684. Þann 14. september 2008 var (E)starfsm-innfl falið að vinna að verkhækkunum Eimskips og bað (E)forstö-vöruþróun hann um að stilla upp töflu „þannig að skýrari mynd fái á fljótu bragði fyrir þann sem fær þessa kynningu hver tækifæri okkar eru til hækkunar á gjaldskrá“. ¹⁴⁶²
2685. Í kjölfar samskipta Samskipa og Eimskips í m.a. júlí 2008 höfðu Eimskip hækkað verð 11. ágúst 2008. Hafði (E)frkvstj-EimÍsl, ásamt (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-flutnkerf, setið fundina með (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 14. ágúst og föstudaginn 5. september 2008. Samkvæmt framangreindu hófst vinna Eimskips við næstu gjaldskrárhækkun Eimskips fjórum dögum eftir fund (E)frkvstj-EimÍsl með Samskipum, þ.e. 9. september 2008. Yfirumsjón vinnunnar og undirbúnings var í höndum (E)forstö-innfl og (E)forstö-vöruþróun. Unnið var að verðhækkun Eimskips á

¹⁴⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.581964.

¹⁴⁶¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Samanburður Eimskip Samskip þjónustugjöld sept 2008.xls“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.416420.

¹⁴⁶² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Samanb.gjaldsk._EI_Samskip_sept_2008.ppt“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.588901.



gjaldskrá og þjónustugjöldum samhliða öðrum hækkunum, t.d. hækkunum gagnvart mikilvægum viðskiptavinum, myntbreytingum á samningum („ISK í EUR“) og hækkun á BAF. Allar þessar hækkanir raungerðust, sbr. umfjöllun hér síðar. Var þessi vinna að undirlagi (E)frkvstj-Eimísl og (E)frkvstj-flutnkerf.

2686. Hér ber einnig að hafa í huga tölvupóstinn sem (S)forstö-innfl1 sendi (S)forstj 9. september 2008, sbr. kafla 8.15.10. Hafði tiltekinn erlendur kostnaður lækkað verulega hjá Samskipum en á sama tímabili hækkaði fyrirtækið verð verulega og lét viðskiptavinum sína, a.m.k. þá sem tengdust íslenska markaðnum, ekki njóta neins ábata af lægri kostnaði. Þýddi þetta að álagning Samskípa á flutningsgjöld var sögð aukast mikið. Að mati Samkeppniseftirlitsins var samráðið við Eimskip meginástæða þess að það „gekk“ hjá Samskipum „að skila þessum lækkunum ekki út.“ Í því sambandi hefur þýðingu að (S)forstö-innfl1 hafði fundað með þeim stjórnendum Eimskíps sem báru ábyrgð á verðlagningu í sjóflutningum 14. ágúst og 5. september 2008.
2687. Hvergi kemur fram ótti við samkeppni frá helsta keppinautum og eru þessi atvik skýr birtingarmynd á því að samskipti lykilstjórnenda Samskípa og Eimskíps a.m.k. auðvelduðu eða sköpuðu kjörskilyrði fyrir fyrirtækin til að halda uppi eða hækka verð.

8.16.3. Stjórn Samskípa Holding aftur gerð grein fyrir samstarfi við Eimskip

2688. Fundur stjórnar Samskípa Holding var haldinn í Rotterdam 8. september 2008 kl. 14:30. Mættir á fundinn voru (S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjform-S, (S)stjórnarm-fjármstj, (S)forstj, (S)frkvstj-MCL, (S)forstj-frystig, (S)stjórnarm-H og (S)starfsm.¹⁴⁶³ Þessi fundur fór því fram þremur dögum eftir áður nefndan fund Samskípa með Eimskip þann 5. september 2008.
2689. Af gögnum málsins má sjá að á stjórnarfundinum upplýsti (S)forstj stjórnina um aðgerðir í formi verðhækkana/aukinnar gjaldtöku og kynnti hann auk þess framgang samráðsverkefnisins um m.a. samstarf við Eimskip vegna takmörkunar á flutningsgetu í siglingakerfinu. Skal nú vikið að þessu.
2690. Gögn málsins sýna að kvöldið fyrir fundinn, eða þann 7. september 2008, hafi (S)forstj undirbúið glærुकynningu með aðstoð (S)frkvstj-fjárm. Klukkan 21:04 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-fjárm og spurði „er mikið eftir“? (S)frkvstj-fjárm svaraði kl. 21:36 og sagði: „Komið“. Meðfylgjandi var glærुकynningin sem bar heitið „(S)forstj kynning 8 sept v1“.¹⁴⁶⁴ Á fyrstu glæru segir:

¹⁴⁶³ Afhent fundargerð Samskípa Holding 10.03.2017. „Minutes Board Meeting of Samskip of Samskip Holding [...]“, dags. 08.09.2008, kl. 14:30.

¹⁴⁶⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.496482. Sjá hér einnig [...]. Doc. ID. 0.7.33.30843, glæra 27.



2691. Á glæru nr. 2 er gerð grein fyrir því að (S)forstj ætlaði að gera stjórninni m.a. grein fyrir „Revised budget“:

samskip	Efnisyfirlit	Iceland
<ul style="list-style-type: none">▪ July results▪ Revised budget<ul style="list-style-type: none">▪ Total▪ Total excluding Jonar / Faroe Island▪ Shipping▪ Domestic▪ Support▪ Cashflow statement		
Confidential – September 2008		2

2692. Á „Shipping“ hluta umfjöllunar (S)forstj um „Revised budget“ segir m.a.:



Sailing system - following is being explored now:

-Cooperation with Eimskip

-Same system

- Increase freight rates temporarily on Alcoa
- Increase market share on imports

-Reduced capacity – see separate presentation

2693. Á þessari glæru má sjá að til skoðunar væri samstarf við Eimskip vegna breytinga á siglingakerfi Samskipa. Var þetta í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið og fyrri umræðu á vettvangi stjórnar Samskipa Holding, sbr. t.d. umræðu á fundi stjórnar 14. júlí 2008, sbr. kafla 8.10.1. Á glærunni kemur einnig fram sá valmöguleiki að Samskip héldu siglingakerfinu óbreyttu. Fæli það í sér tímabundna hækkun á verði gagnvart Alcoa og að fyrirtækið yki markaðshlutdeild í innflutningi. Hefði það óhjákvæmilega falið í sér sókn gagnvart viðskiptavinum Eimskips. Með þessu hefðu Samskip getað nýtt betur flutningsgetu en á sama tíma hefði aukin samkeppni skapað þrýsting á að verð fyrirtækjanna hefðu lækkað eða hækkað minna.
2694. Gögn málsins sýna á hinn bóginn ótvírætt að Samskip og Eimskip brugðust við breytingu á markaði með ólögumætum samstilltum aðgerðum og samningum sem ekki síst höfðu það markmið að koma í veg fyrir að samdráttur í innflutningi myndi leiða til harðrar samkeppni. Með slíku samráði Samskipa og Eimskips vegna breytingu siglingakerfa stóðu þau stóðu vörð um framlegð sína í rúm fjögur ár. Þetta gerðu fyrirtækin m.a. með því að keppa ekki um mikilvæga viðskiptavinum og höfðu þess í stað samráð „um skiptingu markaða eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum“, sbr. sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið og umfjöllun í kafla 14 hér á eftir.
2695. Þá skal hér vísað til þeirra markmiða sem fram koma í framangreindum tölvupósti (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv frá 1. september 2008. Þar kom skýrt fram að afkoma Samskipa árin 2008, 2009 og 2010 ætti ekki að vera „fjarri“ afkomu árána á undan 2006 og 2007, sem (S)forstj sagði að hefðu verið „góð“. Ef Samskip hefðu valið að viðhafa samkeppni gagnvart Eimskip þá hefði framangreindum áformum um afkomu Samskipa verið stefnt í hættu. Það hefði sömuleiðis farið gegn fyrirmælum (S)aðaleig-stjform-SH frá 18. mars 2008, um að vernda Samskip á Íslandi sem „cash cow“ samstæðunnar.
2696. Hér ber og að horfa til þess að í mgr. 872 í athugasemdum Samskipa við AI kemur fram að „Cooperation with Eimskip“ í framangreindri glærukynningu (S)forstj vísi til umfjöllunar um slotsamninga við Eimskip sem fjallað er um í glærukynningu (S)frkvstj-millilandasv frá 6. september 2008.



2697. Rétt er að geta þess að á framangreindri glæru Samskipa (nr. 27 „*Sailing System Iceland*“) kom einnig fram að (S)forstj héldi sérstaka kynningu fyrir stjórnina um takmörkun á flutningsgetu („*Reduced capacity*“). Talið er að þar væri verið að vísa til glærुकynningarinnar „*Siglingakerfi 06.09.2008*“ ásamt skjölunum „*kerfispælingar – reply*“ og „[...] *Siglingakerfið uppf 3*“ en öll þessi skjöl hafa fundist við rannsókn málsins vistuð á sama stað og glærुकynning (S)forstj fyrir umræddan stjórnarfund, þ.e. á sameiginlegu drifi Samskipa í möppunni „*Stjórnarfundir/2008/08.09.2008 Rotterdam*“. ¹⁴⁶⁵ Í þessum skjölum er m.a. gert ráð fyrir viðtæku samstarfi við Eimskip við breytingar á siglingakerfi Samskipa og m.a. markaðsskiptingu á mikilvægum viðskiptavinum fyrirtækjanna, sbr. nánari umfjöllun hér að framan í kafla 8.16.2.3.
2698. Ný útgáfa af umræddri glærुकynningu „(S)forstj kynning 8 sept v1.ppt“ var send milli (S)frkvstj-fjárm og (S)forstj morguninn fyrir umræddan stjórnarfund Samskipa Holding, nánar tiltekið kl. 10:11 þann 8. september 2008. ¹⁴⁶⁶ Athygli vekur að þá var búið að eyða út framangreindri glæru 27 (þar sem fjallað er um „*Cooperation with Eimskip*“). Hvað sem þessu líður verður eindregið ráðið af áðurnefndum undirbúningsgögnum fyrir fundinn að (S)forstj hafi kynnt fyrir stjórn Samskipa Holding ráðagerðir Samskipa sem fram komu í skjölum frá (S)frkvstj-millilandasv sem hann vann í stuttu áður, eða 4. - 6. september 2008. Af þessum samtímagögnum verður ráðið að (S)forstj hafi gert stjórn grein fyrir að Samskip væru að skoða samstarf við Eimskip vegna siglingakerfis fyrirtækisins.
2699. Til viðbótar staðfestir síðasta glæran í umræddri kynningu (S)forstj („(S)forstj kynning 8 sept v1“) að hann hafi kynnt stjórn aðgerðir vegna siglingakerfisins, m.a. með samráði við Eimskip. Í glærunni er varðandi siglingakerfið vísað til skoðunar á valmöguleikum sem hefðu þegar verið til umfjöllunar í kynningu hans á fundinum (Samkeppniseftirlitið hefur til áherslu auðkennt með gulu línu um að kanna skulu frekar áðurnefnda valkosti um samstarf við Eimskip um siglingakerfi): ¹⁴⁶⁷

¹⁴⁶⁵ Sjá einnig um vistun gagna á þessu tölvudrifi: afritaður tölvupóstur frá Samskipum. Frá [...] „*Kynning*“, dags. 08.09.2008, kl. 11:53. Doc. ID. 0.7.33.496819. Þar vísaði [...] til þess að endanleg útgáfa hafi verið vistuð á sameiginlega drifi yfirstjórnar (Deildir/Yfirstjórn/Stjórnarfundir/2008/08.09.2008 Rotterdam). Á þessu tölvudrifi voru vistuð: „[...] *kynning 8 sept*“ (með glæru 27), „[...] *kynning 8 sept v1*“ (án glæru 27), „*Siglingakerfi 06.09.2008*“, vistað 06.09.2008 og „*kerfispælingar – reply*“, vistað 05.09.2008 og „[...] *Siglingakerfið uppf 3*“, vistað 05.09.2008.

¹⁴⁶⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum[...]. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.496734.

¹⁴⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] „*Kynning*“, 08.09.2008, kl. 11:53. Doc. ID. 0.7.33.496819. Þar vísar [...] til þess að endanleg útgáfa hafi verið vistuð á sameiginlegu drifi Samskipa. Við leit í afrituðum gögnum fannst kynningin „[...] *kynning 8 sept v1*“ vistuð á drifi yfirstjórnar. Sjá glæru nr. 31.



Samskip	Conclusion	Iceland
<p>My conclusion is that the budget is too stretch, and we should prepare ourselves for tougher times.</p> <p>Budget and detailed action plan is to be finalized by end of July, in the meantime following will be explored further:</p> <p>Import volumes – we should expect more drop in volumes</p> <p>Sailing system – explore the alternatives already mentioned</p> <p>Staff – further evaluate opportunities to scale down</p> <p>Pricing – increase rates and scale down service level were margins not sufficient</p>		
Confidential – September 2008		30

2700. Í fundargerð stjórnarfundarins var gerð grein fyrir umfjöllun (S)forstj um „revised budget“ á Íslandi. Sýnir fundargerðin að á fundinum hafi verið rætt um siglingakerfi Samskipa á Íslandi. Í því sambandi kemur fram eftirfarandi: „System – scaling down system will lead to ISK 400 million lower cost“. Undir dagskrárliðnum „Charter market – Fleet utilization“ í fundargerðinni kemur fram að (S)forstj og (S)frkvstj-MCL hafi gert stjórn grein fyrir „various options which are currently being explored about the vessels they have in operations for the moment.“ Í fundargerðinni segir meðal annars að í ljósi minnkandi innflutnings til Íslands væri ljóst („it is clear“) að Samskip þyrftu að draga úr flutningsgetu. Kemur svo fram í fundargerðinni: „Various options have been explored to scale down to 2 vessels, continue with 4 vessels but smaller.“ Með vísan til fyrri umræðu á fundum Samskipa Holding m.a. um slotsamninga við Eimskip, samtímagagna Samskipa frá byrjun september 2008 og skjala (S)forstj frá fundinum telur Samkeppniseftirlitið að (S)forstj hafi gert stjórninni grein fyrir því m.a. að áfram væri til skoðunar aukið samstarf við Eimskip vegna endurskoðunar Samskipa á siglingakerfi þess.

2701. Ljóst er af fundargerð Samskipa Holding 8. september 2008 að (S)forstj hafi einnig gert stjórninni grein fyrir verðhækkunum. Er fundargerðin í samræmi við önnur gögn málsins um að á þessum tíma hafi mikil áhersla verið lögð á verðhækkun og hvers konar gjalddöku gagnvart viðskiptavinum Samskipa hf. Í fundargerðinni segir (feitletrun er úr fundargerð):

„Pricing:

- general rate increase 1st of May (8,5%-ISK **100 million** annualized), domestic
- general rate increase 1st of September (10%-ISK **440 million** annualized) all tariffs
- adding in new service charges, f.e Warehousing, fresh fish, domestic trucking (**ISK 150 million**)



- *adjusting sales prices on various services provided by Samskip (partly done)*
- *increase prices towards Alcoa (ISK 200 million-discussions initiated)*.¹⁴⁶⁸

2702. Einnig kemur fram í fundargerðinni að áætlaður væri 30% samdráttur í innflutningi til Íslands það sem eftir lifði af árinu 2008. Á glærum (S)forstj frá stjórnarfundinum var einnig rætt um þessar verðhækkanir og til viðbótar í landflutningum hér á landi: „*Fresh fish- increase prices on contracts as of 1 st oct. Tub fee as of 1 st oct.*”¹⁴⁶⁹ Jafnframt var fjallað um hækkanir vegna olúgjalds í landflutningum (FAF). Í glæru um „*shipping*” kemur fram að gjöld vegna tómbra gáma hefðu verið lögð á 1. september 2008.
2703. Hér vekur m.a. eftirtekt að viðbrögðin við áætluðum 30% samdrætti í innflutningi voru m.a. verðhækkanir og nýir tekjuliðir. Framangreind gögn frá stjórnarfundum Samskipa Holding 8. september 2008 bera enn frekar með sér að samstarf við Eimskip og minnkun á flutningsgetu Samskipa var enn til skoðunar. Er hér nánast sama framsetning á hugmyndum um aðgerðir og kom fram á stjórnarfundum Samskipa Holding hinn 14. júlí 2008, sbr. kafla 8.10.1. Byggir þetta á eða er sama efnis og verkefni sem fram koma í glærुकynningu Eimskips um „*Nýtt upphaf*” verkefnið og þeirri aðferðafræði sem fram kom í áður nefndum skjölum (S)frkvstj-millilandasv (t.d. frá 7. og 8. júlí og byrjun september 2008), þ.e. um „*efnahagslega rökréttar aðgerðir*” sem fælust m.a. í því að keppinautar samræmdu að verulegu leyti siglingakerfi sín, skiptu með sér mörkuðum og takmörkuðu framboð, sbr. kafla 7.3 – 7.5 og 8.9. Með því yrðu sköpuð skilyrði til verðhækkunar og bættrar afkomu fyrirtækjanna.¹⁴⁷⁰ Áréttu ber að þetta er einnig í samræmi við markmið og tilgang „*Nýtt upphaf*” samráðsverkefnisins.
2704. Í mgr. 871 og áfram í athugasemdum Samskipa við AI er því mótmælt að (S)forstj hafi gert stjórn Samskipa Holding grein fyrir framgangi hins „*ímyndaða*” „*Nýtt upphaf*” verkefnis á stjórnarfundum 8. september 2008. Í mgr. 875 – 878 í athugasemdum Samskipa er því hafnað að fyrirtækin hafi samræmt siglingakerfi sín, skipt með sér mörkuðum og takmarkað flutningsgetu. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa, sbr. umfjöllun í kafla 25.23.4.

8.16.4. Samráð í landflutningum 8. og 9. september 2008 og karagjöld

2705. Sama dag og fundur Samskipa Holding var haldinn, 8. september 2008, var unnið hjá Eimskip í þeim þætti „*Nýtt upphaf*” verkefnisins sem tengdist landflutningum.
2706. Áður en vikið verður að þeim atvikum ber að rifja upp að þegar fulltrúar Samskipa og Eimskips hittust á fundi 6. júní 2008 var fyrir hendi ólögmaett samráð í landflutningum, sbr. kafla 5.11 og 7.5.3. Er það í samræmi við sátt Eimskips frá 16. júní 2021. Í sáttinni viðurkennir Eimskip að „*tiltekið ólögmaett samráð við Samskip hafi verið fyrir hendi áður en fundur fyrirtækjanna 6. júní 2008 átti sér stað. Það samráð var hins vegar umfangsminna en samráðið sem hófst eftir umræddan fund. Tók það m.a. til landflutninga á Norðurlandi [...]*”.
2707. Samkvæmt glærunni um landflutninga í kynningunni um „*Nýtt upphaf*” verkefnið var markmið samráðsverkefnisins að því leyti að meta ábata af því að Eimskip og Samskip myndu „*samnýta betur*” kerfi sín í landflutningum hér á landi. Átti að kostnaðargreina „*helstu rútur*” og meta hvar „*ójafnvægi er í hvoru kerfi fyrir sig*”. Skoða átti sameiginlegar afgreiðslustöðvar fyrirtækjanna og meta hagræði af því að vera með „*sameiginlegt kerfi*” í landflutningum. Framkvæmdastjórnar landflutninga, (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl, hittust á fundi á kaffihúsinu Mokka 4. júlí 2008 og hjá SVP 11. ágúst 2008.

¹⁴⁶⁸ Afhent fundargerð Samskipa Holding, afhent þann 10.03.2017. „*Minutes Samskip Board Meeting 8 Sept 2008.doc*”, dags. 08.09.2008, kl. 14:30, bls. 7.

¹⁴⁶⁹ Viðhengi [...] við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.496734. Glæra 19. Sömu glæru má finna á glærुकynningunni [...] sem var vistuð á tölvudrifi yfirlýðing Samskipa vegna fundarins 08.09.

¹⁴⁷⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „*Memo 2008.07.09.doc*”. Fannst vistað á heimasvæði [...]. Einnig fannst skjalið vistað á heimasvæði [...] Doc. ID. 0.7.33.27729/0.7.33.31107. Sjá einnig afritaðan tölvupóst frá Samskipum. „*Siglingakerfi*”, dags. 08.07.2008, kl. 14:23. Doc. ID. 0.7.33.478217.



2708. Þá ber að hafa í huga glærur sem (E)frkvstj-innanl vistaði daginn fyrir fund Eimskips og Samskipa, þ.e. 24. júlí 2008, sbr. kafla 8.13. Í lokaglærunni kemur þetta m.a. fram:

- „Flytja vörur í gámum á Austurland, nota S [Samskip] og E [Eimskip] 2 ferðir pr viku – tvíhliða flutningasamningur
 - Ath ferskur fiskur”.¹⁴⁷¹

2709. Var í þessari glæru (E)frkvstj-innanl lagt til grundvallar að Eimskip og Samskip myndu hafa samráð og standa saman að flutningum á Austurlandi. Var þetta í samræmi við það almenna markmið samráðsverkefnisins að kanna hagkvæmni þess að auka samstarf þessara keppinauta, m.a. í landflutningum. Varðandi tilvísun til flutninga á ferskum fisk í glærum (E)frkvstj-innanl ber að líta til þess að ólögmeitt samráð Eimskips og Samskipa tók einnig til flutninga á ferskum fiski, sbr. t.d. umfjöllun í kafla 17.6. Í lok ágúst 2008 var rætt innan Samskipa hvort fyrirtækið myndi komast upp með að hækka verulega verð á flutningum á ferskum fiski (karagjaldið). Telur Samkeppniseftirlitið að samskipti hafi átt sér stað milli Eimskips og Samskipa vegna þessa, sbr. umfjöllun í kafla 8.15.9 og hér á eftir.

2710. Þann 8. september 2008 áttu sér stað samskipti milli Samskipa og Eimskips vegna landflutninga á landsbyggðinni. Þann dag sendi undirmaður (E)frkvstj-innanl, (E)rekststj-landfl, (kl. 14:10) tölvupóst til (E)frkvstj-innanl, (E)rekstj-aksturst, (E)svæðisstj1, (E)sölustj-innanl3 og (E)þjstj-Austur. Var heiti hans „Akstur austur fyrir Samskip”. Greindi (E)rekststj-landfl frá samskiptum sínum við (S)rekststj-landfl2, yfirmann Samskipa (svæðisstjóra) á Norðurlandi. Í tölvupóstinum sagði:

„[(S)rekststj-landfl2] hjá Samskip var að tala við mig og kanna hvort við séum tilbúnir í að taka fyrir þá vörur austur frá AKU

alla þriðjudaga og alla fimmtudaga og lesta þá hjá þeim eða eftir samkomulagi..

Við vorum á sínum tíma að rukka þá um 4,5 kr + vsk á kg en þið skoðið hvað við getum gert þetta á í dag .

Svo eru þeir opnir fyrir auknu samstarfi á norður og austurlandi .

Þið skoðið þetta og (E)sölustj-innanl3 þú talar svo við [(S)rekststj-landfl2] um framhaldið þar sem að ég fer að láta af störfum .

*Síminn hjá [(S)rekststj-landfl2] er [...]*¹⁴⁷²

2711. Klukkan 15:17 þennan sama dag áframsendi (E)frkvstj-innanl til (E)svæðisstj1, svæðisstjóra Eimskips á Austurlandi, drög að samningi Eimskips við Samskip þar sem gert var ráð fyrir víðtæku samráði fyrirtækjanna í landflutningum.¹⁴⁷³ Drögin voru á rafrænu bréfsefni Samskipa og báru heitið „Flutningssamkomulag milli Landflutninga-Samskipa og Flytjanda”. Var um að ræða drög dagsett 8. maí 2006.¹⁴⁷⁴ Á bls. 2 í drögunum segir m.a. þetta:

¹⁴⁷¹ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Fannst á heimasvæði [...], afhent þann 23.03.2015 [...]. Titill glærुकyningarinnar er: „Innanlandssvið Eimskips á Íslandi greining á afkomu í flutningakerfi nóv 2007- maí 2008. 22. júlí 2008”.

¹⁴⁷² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.51892.

¹⁴⁷³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.225718. [...]sendi samningsdrögin til [...] þann 03.09.2008.

¹⁴⁷⁴ Um var að ræða drög sem höfðu orðið til á árinu 2006 en sama skjal fannst vistað á heimasvæðum [...] og [...] árið 2006. Afritað skjal frá Eimskip. „Flutningasamningur Flytjandi 0406”, fannst á heimasvæði [...], síðast vistað 08.05.2006, kl. 18:00. Afhent tölvuskjal frá Eimskip 23.03.2015. „Flutningasamningur Flytjandi 0406 (2)”, vistað á heimasvæði [...] dags. 26.05.2006. Sjá einnig afhentan tölvupóst frá Eimskip. Frá [...] til Logos, afrit til [...]. „Tvíhliða flutningasamningur í landflutningum”, dags. 03.07.2008, kl. 08:32. Fskj. 16 með athugasemdum Eimskips við AI.



Aðilar samnings, Landflutningar-Samskip, Kjalavogi, 104 Reykjavík, kt 440986-1539, hér eftir nefnt Landflutningar-Samskip og Flytjandi, Korngörðum 2, 104 Reykjavík, kt 000000-0000, hér eftir nefnt Flytjandi, gera með sér svohljóðandi

Flutningasamning

1. Markmið og gildistími samningsins.

- 1.1. Tilgangur samningsins er að gera hvorum aðila hans fyrir sig kost á að auka sveigjanleika og lækka kostnað í flutningakerfum sínum. Í þeim tilgangi munu Landflutningar-Samskip og Flytjandi annast flutninga fyrir hvorn annan í áætlanakerfum sínum samkvæmt óskum þar um.
- 1.2. Aðilar samnings munu taka við vörum á flutningamiðstöðvum gagnaðila í Reykjavík og koma þeim til skila á vöruflytningamiðstöðva eða umboðsmanna þeirra á landsbyggðinni. Sama máli gegnir um flutninga frá landsbyggðinni til Reykjavíkur.
- 1.3. Miðað er við að flutningabílar flutningsaðila verði ekki fyrir umtalsverðum tögum á flutningamiðstöðvum gagnaðila. Biðgjald verður innheimt í þeim tilvikum sem sendibíll verður fyrir tögum séu vörusendingar ekki tilbúnar til flutnings á umsömdum tíma. Biðgjaldið reiknast þannig að greidd er ein eining fyrir hverjar hafnar 20 mínútur ~~sem~~ billinn er í bið.
- 1.4. Samningur þessi gildir frá undirritun og tekur breytingum samkvæmt þróun VÍSITÖLU (ath grunnur og útreikningur). Samningurinn er ótímabundinn en uppsegjanlegur með þriggja mánaða skriflegum fyrirvara, frá og með næstu mánaðamótum að telja.

2. Flutningsgjöld.

- 2.1 **Aðilar samnings fá** eftirfarandi afslátt frá verðskrár hvors annars vegna landflutninga með áætlunarbílum hvors annars á eftirtöldum leiðum :

Rvk-flutningamiðstöð / flutningamiðstöð-Rvk	XX%
Aðrar leiðir*	XX%

*Aðrar leiðir eru leiðir sem verktakar aðila eru með reglubundnar ferðir til:
Akranes, Blönduós, Borðeyri, Búðardalur, Dranganes, Fagurhólsmýri, Garður, Grindavík, Grundarfjörður, Hellissandur, Hofsó, Hólmavík, Hvammstangi, Höfn, Keflavík, Njarðvík, Ólafsvík, Sandgerði, Sauðárkrúkur, Siglufjörður, Skagaströnd, Stykkishólmur, Vogar, Þorlákshöfn, Patreksfjörður, Tálknafjörður, Bíldudalur.

2712. (E)frkvstj-innanl sendi sjálfum sér önnur samningsdrög daginn eftir. Höfðu þau tekið breytingum og í þeirri útgáfu var búið að setja inn afsláttinn sem átti að gilda milli fyrirtækjanna.¹⁴⁷⁵ Um var að ræða annað og lengra komið skjal sem hafði verið til vinnslu hjá (E)frkvstj-innanl í nóvember 2006.¹⁴⁷⁶

2713. Samkeppniseftirlitið vísar í þessu samhengi til kafla 5.11.3 þar sem fjallað er um atvik á árinu 2006. Er þar lýst glærुकynningu (E)frkvstj-innanl frá 23. febrúar 2006 þar sem fram koma hugmyndir um verulega aukið samstarf Samskipa og Eimskip í landflutningum. Er þar einnig gerð grein fyrir umræddum samningsdrögum og að gögn málsins sýndu að Eimskip og Samskip hefðu rætt þessar hugmyndir um aukið samstarf. Kemur t.d. þetta fram í glærुकynningu (E)frkvstj-innanl frá 21.

¹⁴⁷⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.225996.

¹⁴⁷⁶ Afhent heimasvæði [...] 23.03.2015. „Flutningssamningur Flytjandi_11_10_06“, síðast vistað 30.11.2006, kl. 17:27.



nóvember 2006; „tvíhliða samningur hefur legið hjá Samskip síðan í júní 2006". Sýnir framangreint að eftir að „Nýtt upphaf" verkefnið hófst og í kjölfar samskipta stjórnenda fyrirtækjanna á sviði landflutninga sá (E)frkvstj-innanl ástæðu að taka aftur til athugunar drög frá 2006 um umfangsmikið samstarf Samskipa og Eimskips í landflutningum. Eins áður sagði sendi (E)frkvstj-innanl drögin frá 2006 til (E)svæðisstj1 þann 8. september 2008. Daginn eftir fundaði (E)svæðisstj1 með Samskipum og ræddi samstarf í landflutningum. Þá funduðu (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl þann 17. september 2008. Er þessu lýst nánar hér á eftir.

2714. Við gagnaöflun í málinu afhentu Samskip Samkeppniseftirlitinu drög að sama samningi um samstarf í landflutningum. Þau drög eru á hinn bóginn dagsett 17. september 2008.¹⁴⁷⁷ Verður gerð frekari grein fyrir þeim drögum hér á eftir en ber að árétta hér að við rannsókn Samkeppniseftirlitsins á landflutningamarkaði árið 2010 var engin útgáfa umræddra draga afhent Samkeppniseftirlitinu eða upplýst um tilvist þeirra.

2715. Skömmu eftir að (E)frkvstj-innanl hafði sent umrædd drög að samningi við Samskip til (E)svæðisstj1 svaraði (E)rekstj-aksturst (kl. 16:30) framangreindum tölvupósti (E)rekstj-landfl. Í svari hans sagði:

„Það er fínt að hefja samstarf á þessari leið. Spurning hvaða verð við eigum að bjóða þeim? (E)sölustj-innanl3 getur þú gefið þeim „tilboð" í þessa flutninga."

2716. (E)svæðisstj1 brást við þessu og sendi tölvupóst um hálf tíma síðar og í honum sagði:

„Bið ykkur að anda með nefinu, það er væntanleg hingað til mín í fyrramálið, sendinefnd frá Samskipum til að ræða þessa hluta og fleirra.

Á þessi leið ekki að vera í mínum höndum??"¹⁴⁷⁸

2717. Það gekk eftir að „sendinefnd" frá Samskipum kom á fund svæðisstjóra Eimskips á Austurlandi, sem staðsettur var á Reyðarfirði, því daginn eftir, 9. september 2008, sendi (E)svæðisstj1 tölvupóst til yfirmanns síns, (E)frkvstj-innanl, og samstarfsmanna hjá Eimskip þar sem sagði:

„Hingað til okkar, mættu þeir [(S)forstö-landfl], forstöðumaður Landflutningardeildar Samskipa og [(S)rekstj-landfl3], starfandi rekstrarstjóri Samskipa á austurlandi, en ásamt mér sat (E)þjstj-Austur ... fundinn. [(S)forstö-landfl] og [(S)rekstj-landfl3] föluðust eftir samvinnu í akstri milli Norður- og Austurlands, og í dreifingu innan Austurlands, frá EGS til SEY og frá RFJ til ESK/NES.

Niðurstaða af fundinum var að [(S)rekstj-landfl3] og (E)þjstj-Austur var falið að fara yfir stöðuna, og finna út hvar við getum unnið saman, báðum til hagsbóta. Fara yfir tímasetningu á akstri, magni og reyna að finna út eðlilega gjaldtöku."¹⁴⁷⁹

2718. Hvorki Eimskip né Samskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um fyrrnefnt samtal (S)rekstj-landfl2 og (E)rekstj-landfl 8. september 2008. Eins og áður sagði sátu (S)forstö-landfl og (S)rekstj-landfl3 („sendinefndin") fund með (E)svæðisstj1 og (E)þjstj-Austur 9. september 2008. Hér ber að líta til eftirfarandi upplýsinga sem Samskip og Eimskip veittu við rannsókn málsins um samskipti m.a. (S)forstö-landfl við Eimskip:

- Með bréfi Samskipa 14. janúar 2016 voru veittar eftirfarandi upplýsingar um samskipti (S)forstö-landfl við Eimskip: „[(S)forstö-landfl], forstöðumaður landflutninga, minnst ekki neinna samskipta við starfsmenn eða stjórnendur Eimskips sem tengjast störfum hjá umbjóðanda mínum, ef undan eru skilin samskipti sem hann átti við stjórnendur Eimskips á Austurlandi í árslok

¹⁴⁷⁷ Afhent tölvuskjal frá Samskipum 10.04.2015. „Flutningssamkomulag milli Samskipa hf. og Eimskipafélags Íslands ehf. dagsett 17.09.2008". Fskj. 10 ii) upplýsingabeiðni 29. janúar 2015, sbr. svarbréf Samskipa til eftirlitsins frá 10.04.2015.

¹⁴⁷⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.51909.

¹⁴⁷⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.51921.



2008 eða ársbyrjun 2009. Þau samskipti tengdust staðbundnum flutningum á Austurlandi sem áður hefur verið gerð grein fyrir. [(S)forstö-landfl] minnst samskipta sem starfsmenn umbjóðanda míns og Eimskips áttu við forsvarsmenn Samkeppniseftirlitsins vegna þessa."

- Framangreindar upplýsingar frá Samskipum voru bornar undir Eimskip með bréfi Samkeppniseftirlitsins frá 13. september 2017. Í svarbréfi Eimskips frá 13. október 2017 segir eftirfarandi um fundinn sem (S)forstö-landfl sagði að hafi átt sér stað í árslok 2008 eða ársbyrjun 2009: „Umbjóðendur okkar geta ekki staðfest að umræddur „fundur“ hafi átt sér stað, dagsetningu, eða hverjir hafi setið mögulegan fund. Þá finna umbjóðendur okkar engin gögn sem tengjast nefndum samskiptum.

Hins vegar skal þess getið þjónustustjóri Flytjanda á Reyðarfirði, [(E)þjstj-Austur], rekur minni til þess að nefndur [(S)forstö-landfl], ásamt mögulega [(S)rekststj-landfl2], starfsmanni Samskipa, hafi á einhverjum tímapunkti, mögulega þeim sem ræðir um í beiðninni, komið á skrifstofu Flytjanda að eigin frumkvæði, í þeim tilgangi að ræða viðskipti Samskipa við Flytjanda á Austurlandi. Nánar tiltekið hafi verið um ræða deilur um fjárhæð reikninga, sem Flytjandi hafi gefið út á Samskip vegna tiltekinna viðskipta. Eftir því sem þjónustustjórinn best man lauk því þannig að reikningarnir sem gefnir voru út hafi staðið og verið greiddir."

- Samkeppniseftirlitið óskaði eftir því að Samskip veittu nánari upplýsingar um þau samskipti (S)forstö-landfl við Eimskip sem lýst var í bréfi fyrirtækisins frá 14. janúar 2016. Samskip svöruðu þessu svo í bréfi frá 24. nóvember 2017: „Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er ennfremur óskað nánari upplýsinga um samskipti sem [(S)forstö-landfl] telur að hann hafi átt við stjórnendur Eimskips á Austurlandi í árslok 2008 eða ársbyrjun 2009. Eins og tilgreint var í bréfi umbjóðanda míns frá 14. janúar 2016 þá lutu þau samskipti að viðskiptum félaganna tveggja á Austurlandi en til þessa hefur verið vísað í fyrri samskiptum umbjóðanda míns við Samkeppniseftirlitið, bæði í tilefni af þessari rannsókn og rannsókn stofnunarinnar á landflutningamarkaði fyrir allnokkrum árum síðan.

Eins og [(S)forstö-landfl] man best þá var aðdragandi umræddra samskipta sá að [(S)frkvstj-innanl], þáverandi framkvæmdastjóri innanlandssviðs Samskipa, átti fund með starfsmönnum Samkeppniseftirlitsins, líklega í árslok 2008. [(S)forstö-landfl] telur að þann fund hafi einnig setið [(E)frkvstj-innanl], framkvæmdastjóri hjá Eimskipi. Á fundinum hafi verið reifaðar hugmyndir félaganna um viðskipti á Austfjörðum. Á þessum tíma lá fyrir að rekstur félaganna beggja var afar þungur, gripið hafði verið til uppsagna og margvíslegra aðgerða til að draga úr kostnaði, í því skyni að tryggja rekstrarhæfi.

Kostnaður af flutningum á Austfjörðum var umbjóðanda mínum einstaklega þungur. Svæðið er erfitt yfirferðar og viðskipti umbjóðanda míns takmörkuð. Eimskip hafði þá, og hefur enn, yfirburðastöðu í flutningum á svæðinu. Af hálfu umbjóðanda míns hefur ávallt verið lögð á það áhersla að geta boðið flutninga hvert á land sem er, hvort sem það er þá gert á eigin vegum, með samningum við verktaka eða í þessu tilviki með samningum við Eimskip.

Í kjölfar umrædds fundar forsvarsmanna félaganna með Samkeppniseftirlitinu fékk [(S)forstö-landfl] þau skilaboð að leita samninga við Eimskip um flutninga milli Reyðarfjarðar og Norðfjarðar. Gekk það eftir og keypti umbjóðandi minn því umrædda þjónustu af Eimskipi. Varan var þá flutt af umbjóðanda mínum, ýmist með eigin flutningatækjum eða með samningum við verktaka til Reyðarfjarðar. Eimskip annaðist flutning þaðan og til Norðfjarðar.

Eftir því sem [(S)forstö-landfl] best man þá var haldinn fundur á starfsstöð Eimskips á Eskifirði í aðdraganda þessara viðskipta. [(S)forstö-landfl] minnst þess að [(S)rekststj-landfl3], sem þá gegndi tímabundið starfi rekstrarstjóra á Austurlandi, hafi komið með honum til fundarins. Af hálfu Eimskips hafi líklegast hist fyrir [(E)svæðisstj1] og [(E)þjstj-Austur]. [(S)forstö-landfl] getur ekki tímasett fundinn nákvæmlega enda hefur hann engan aðgang að dagbókargögnum frá þessum tíma, sbr. það sem Samkeppniseftirlitið hefur áður verið upplýst um það efni. Hann telur líklegast



að þetta hafi verið í desember 2008 eða janúar 2009. Þar sem erindið var í eðli sínu einfalt, þ.e. beiðni um kaup á þjónustu á umræddri leið, þá veit [(S)forstö-landfl] ekki til þess að nokkur gögn hafi orðið til vegna þessa, hvorki fundargögn né samningar. Hins vegar hafa eðli málsins samkvæmt verið gefnir út reikningar vegna viðskiptanna. [(S)forstö-landfl] hefur engin önnur samskipti átt við starfsmenn eða stjórnendur Eimskips."

2719. Við skýrslutöku hjá lögreglu voru áðurefndir tölvupóstar Eimskips frá 8. og 9. september 2008 bornir undir (S)forstj og (E)forstj:

- Var (S)forstj spurður hvort hann gæti skýrt fund „sendinefndar“ Samskipa með Eimskip:

(S)forstj Nei, ég bara þekki það ekki.

HS Hvaða send... sendinefnd frá Samskipum erum við að tala um?

(S)forstj Ég þekki það ekki, ég þekki það ekki.

HS Varstu upplýstur um fund þessarar sendinefndar?

(S)forstj Ég held ekki, ég þekki það ekki.

HS Varð eitthvað úr þessu samstarfi sem þarna er nefnt?

(S)forstj Ég þekki það ekki.

[...]

HS Hvað er átt við með þarna niðurstöðu fundarins sem þarna er lýst í þarna síðustu málsgreininni í póstinum? („Niðurstaða af fundinum var að [(S)rekststj-landfl3] og (E)þstj-Austur var falið að fara yfir stöðuna, og finna út hvar við getum unnið saman, báðum til hagsbóta. Fara yfir tímasetningu á akstri, magni og reyna að finna út eðlilega gjaldtöku“)

(S)forstj Ég þekki það ekki.¹⁴⁸⁰

- Framangreindir tölvupóstar voru einnig bornir undir (E)forstj. Veitti hann engar skýringar á þeim og kvaðst ekki hafa verið upplýstur um samninga við Samskip um samstarf í landflutningum. Var hann spurður hvort undirmenn hans hefðu umboð til að gera slíka samninga. Svaraði hann svo: „Nei raunar ekki, allavega þurfa menn að ræða það og spyrja.“¹⁴⁸¹

2720. Samkvæmt framansögðu halda Samskip því fram að (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl hafi fundað með Samkeppniseftirlitinu í árslok 2008 og þar hafi verið gerð grein fyrir hugmyndum Eimskips og Samskipa um viðskipti á Austfjörðum. Eftir það hafi (S)forstö-landfl verið falið að leita samninga við Eimskip um flutninga milli Reyðarfjarðar og Norðfjarðar og hafi (S)forstö-landfl og (S)rekststj-landfl3 í því skyni átt fund með (E)svæðisstj1 og (E)þstj-Austur á Eskifirði í lok árs 2008 eða byrjun árs 2009. (S)forstö-landfl hafi enga aðra fundi átt með Eimskip.

2721. Eimskip lýsa hins vegar ódagsettum fundi (S)forstö-landfl með (E)svæðisstj1. Á þeim fundi hafi ekki (S)rekststj-landfl3 heldur (S)rekststj-landfl2 verið með (S)forstö-landfl og fundurinn hafi ekki verið haldinn á Eskifirði heldur á Reyðarfirði. Hafi fundurinn ekki varðað flutninga milli Reyðarfjarðar og Norðfjarðar heldur deilur um fjárhæð reikninga.

2722. Forstjórar Eimskips og Samskipa kveðast ekkert vita um þessi atvik.

2723. Samkvæmt framansögðu ber Eimskip og Samskipum ekki saman um fund (S)forstö-landfl með (E)svæðisstj1. Þá er það rangt hjá Samskipum að í árslok 2008 hafi (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl fundað með Samkeppniseftirlitinu til að ræða samstarf á Austurlandi. Hið rétta er að (S)frkvstj-

¹⁴⁸⁰ Endurrit skýrsla [...] hjá lögreglu, bls. 125 – 126.

¹⁴⁸¹ Endurrit skýrsla [...] hjá lögreglu, bls. 174 -175.




innanl og (E)frkvstj-innanl funduðu með Samkeppniseftirlitinu 16. október 2008. Umræðuefni þess fundar var ekki samstarf Eimskips og Samskipa á Austurlandi, sbr. nánari umfjöllun í kafla 8.19.6.

2724. Framangreind samtímagögn frá 8. og 9. september 2008 sýna að 8. september 2008 ræddu (S)rekststj-landfl2 og (E)rekststj-landfl saman um að Eimskip myndi annast flutninga fyrir Samskip frá Akureyri til Austurlands. Kvað (E)rekststj-landfl (S)rekststj-landfl2 hafa lýst því yfir að Samskip væru opin fyrir „*auknu samstarfi á norður og austurlandi.*“ (E)frkvstj-innanl brást við þessu og sendi (E)svæðisstj1 drög að samningi um viðamikil samstarf við Samskip í landflutningum á landinu öllu og kvaðst (E)svæðisstj1 eiga fund með Samskipum daginn eftir til að ræða þá samvinnu sem (E)rekststj-landfl lýsti í tölvupósti sínum og meira til. Sá fundur var haldinn og leiddi til niðurstöðu sem fólst í því að undirmönnum (E)svæðisstj1 og (S)forstö-landfl var falið „*að fara yfir stöðuna, og finna út hvar við getum unnið saman, báðum til hagsbóta.*“ Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að framangreind vinna og samskipti Eimskips og Samskipa hafi verið liður í framkvæmd á „*Nýtt upphaf*“ verkefninu. Tilgangur þessara samskipta fyrirtækjanna var því að vinna að verkefni sem hafði það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Fólu samskiptin því í sér ólögmetar samstilltar aðgerðir.
2725. Af þessu leiðir einnig að Eimskip og Samskip veittu Samkeppniseftirlitinu ekki upplýsingar um fund fyrirtækjanna 9. september 2008. Þá ber upplýsingagjöf um samskipti (S)forstö-landfl og (E)svæðisstj1 þess merki að reynt hafi verið að villa um fyrir Samkeppniseftirlitinu. Ennfremur er ótrúverðugt að (S)forstj og (E)forstj hafi ekkert vitað um þessi samskipti fyrirtækjanna sem þeir stýrðu, ekki síst í ljósi þess að þau féllu undir „*Nýtt upphaf*“ verkefnið og þeir sátu báðir í „*vinnuhópnum*“ sem átti að sjá til þess að viðkomandi verkefni yrðu unnin. Með sáttinni frá 16. júní 2021 viðurkennir Eimskip að hafa brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga með því að hafa ekki veitt nauðsynlegar og réttar upplýsingar eða afhent gögn í þágu rannsóknar málsins.
2726. Dagana 8. og 9. september 2008 áttu sér ekki aðeins stað samtöl milli þeirra sem komu að landflutningum fyrirtækjanna heldur átti sér einnig stað samtöl milli yfirmanna innflutningsdeilda þeirra, sbr. samskipti (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 sem lýst er í kafla 14.2 og 8.16.9. Sýnir þetta nána samvinnu þessara keppinauta á þessum tíma.
2727. Sem fyrr segir hækkuðu Samskip verð á þjónustu sinni verulega þann 1. september 2008. Dagana fram að þeirri hækkun ræddu (S)forstö-útfl, (S)forstj og (S)viðskstj4 um nýtt gjald, karagjald, sem átti að leggja á fisksendingar í körum. Eins og fram hefur komið sagði (S)forstö-útfl í tölvupóstum frá 24. ágúst 2008 að þetta gjald fæli í sér mikla verðhækkun og spurði (S)forstj hvort Samskip „*komist upp með það*“ að leggja á þetta gjald. Eftir að hafa fengið fyrirmæli frá (S)forstj tengd þessum verðhækkunum sendi (S)forstö-útfl 28. ágúst 2008 tölvupóst á starfsbróður sinn hjá Eimskip, (E)forstö-útfl, og bað hann um að hringja í sig. (E)forstö-útfl, líkt og (S)forstö-útfl, kemur að verðlagningu á útflutningi á m.a. fiski.
2728. Samskip tilkynntu 8. september 2008 að karagjaldið yrði lagt á frá og með 10. september 2008. Þetta má m.a. sjá af tölvupósti sem (E)deildstj-útfl1 sendi (E)forstö-útfl og (E)frkvstj-Eimísl þann dag kl. 11:30.¹⁴⁸² Meðfylgjandi honum var þessi tilkynning frá Samskipum:

¹⁴⁸² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.109120.



SAMSKIP



Tilkynning Announcement

Ágæti viðskiptavinur

Frá og með 10. september nk. munu Samskip taka upp karagjald á allar fisksendingar í körum frá Íslandi.

Gjaldið er eftirfarandi:

Fyrir lausasendingu (LCL)	EUR 10.- per kar
Fullir gámar 20' (FCL)	EUR 215.- per gám <i>32 þús</i>
Fullir gámar 40' (FCL)	EUR 430.- per gám <i>64 þús</i>

Nánari upplýsingar veitir [REDACTED] forstöðumaður útflutningasveitar,
sími [REDACTED] [REDACTED] [@samskip.com](mailto:[REDACTED]@samskip.com)

2729. Eftir að hafa fengið þennan tölvupóst frá (E)deildstj-útf1 sendi (E)forstö-útf1 tölvupóst til (E)frkvstj-Eimísl (kl. 11:50 sama dag) og í honum segir:

„Vildi heyra í þér út af þessu máli:

- Eins og ég skynja markaðinn þá er hann upside down út af þessu og að Samskip hafi stuðað mikið með þessu
- [...] ¹⁴⁸³ hringdi í mig á föstudaginn alveg brjáláður og sagði að hann myndi segja upp samningum við Samskip og við fengum þetta yfir til okkar – Sagði þetta myndi kosta sig fleiri milljónir og við mættum ekki gera slíkt hið sama því annars tækju menn sig saman og settu sjálfir upp fersk fisk rútu (hef reyndar ekki áhyggjur af því í núverandi árferði; olía, gengi, lausafjárekreppa o.s.frv.). Ég svaraði honum til að ég væri ekki búinn að taka ákvörðun um þetta mál þ.e.a.s. hvernig ég myndi bregðast við.
- Karagjaldið hjá okkur skilar okkur um 35 Mkr. á ári
- Einn bátur líkt og hjá [MK] gefur okkur í sjóflutningstekjur eingöngu rúmar 35 Mkr.

Staðan er þessi:

- Við og Samskip vorum á pari í verðlangingunni [svo] í ferska en með þessari hækkun þá er Samskip EUR 215 hærri per teus.
- Eftir þetta útspil Samskipa þá er það er klárlega freistandi að hækka gjöldin og fá auknar tekjur
- Freistandi að ná í bátinn hjá [MK].

¹⁴⁸³ Viðskiptavinur.



- Það sem blundar í kollinum á mér er þetta:
- Ná bátnum hans [MK] yfir en ég sé ekki það gangi upp nema við sleppum hækkun á hann.
- Hækkum karagjaldið okkar um 50% þannig að tekjur aukast um 18 Mkr.
- Samtals ætti þetta að skila 50 Mkr í tekjuaukningu".¹⁴⁸⁴

2730. Að kvöldi 8. september 2008 framsendi (E)forstö-útfli til (E)deildstj-útfli1 tölvupóstinn sem hann hafði sent (E)frkvstj-EimÍsl. Jafnframt upplýsti hann (E)deildstj-útfli1 um eftirfarandi:

„Sendi þér þetta svona en ég fór yfir þetta með [(E)frkvstj-EimÍsl] núna áðan og hann sagðist vilja hugsa þetta og mögulega ræða þetta á fundinum á morgun og því sendi ég þetta á þig. Þú sérð hvernig ég er að hugsa þetta og svo þekkir þú hvernig ég spila „pókerinn“. Ef ég skil mínar heimildir rétt þá er togstreita innan Samskipa með þetta gjald, [(S)forstö-útfli] á að vilja standa á því en [(S)forstj] og [(S)viðskstj4] eru honum ekki sammála.

Sjáum til ræðum saman á morgun“.

2731. Þessi viðbrögð (E)forstö-útfli við tölvupósti (E)deildstj-útfli1 renna stoðum undir önnur gögn málsins um að samskipti (E)forstö-útfli og (S)forstö-útfli fram að þessu hafi tekið til karagjaldsins, sbr. kafla 8.15.10 um gögn frá 28. ágúst 2008. Í viðbrögðum (E)forstö-útfli við tölvupósti (E)deildstj-útfli1 8. september 2008 sést að hann þannig vísa til „heimilda“ hans innan úr Samskipum, um „togstreitu“ stjórnenda um álagningu gjaldsins, og (E)deildstj-útfli myndi vita hvernig hann spilaði „pókerinn“. Aftur á móti ber áðurnefndur tölvupóstur (E)deildstj-útfli1 til yfirmanna sinna (E)forstö-útfli og (E)frkvstj-EimÍsl með sér að hann hafi ekki haft aðkomu að samskiptum við Samskip vegna álagningu karagjaldsins. Þá sýna gögn málsins að næstu skref hjá Eimskip vegna karagjaldsins voru ákveðin næsta dag. Eins og (E)forstö-útfli hafði búist við, sbr. áðurnefndan tölvupóst hans 8. september 2008, var rætt um karagjald Samskipa (og fund Samskipa og Eimskips um landflutninga) á fundi hjá stjórnendum Eimskips daginn eftir. Mættir á fundinn voru (E)forstö-útfli, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)deildstj-útfli1, (E)frkvstj-innanl, (E)frkvstj-skiparekst o.fl. Kemur þetta fram í fundargerð vegna fundar 9. september 2008.¹⁴⁸⁵ Í henni segir:

„[(E)frkvstj-innanl]

[...]

Fundur með Samskip á Austurlandi, [(E)svæðisstj1] hittir þá í dag. Ekki þekkt hvað fundurinn í dag snýst um.

[(E)deildstj-útfli1]

Samskip tilkynnti í sl. viku að þeir myndu taka upp karagjald v. tómra fiskara til Íslands. Eigum að taka upp karagjald á alla gáma okkar, en einungis hefur verið innheimt fyrir 40 feta RF gáma fram að þessu. Þetta verður sett í farveg strax í vikunni og sent út bréf á viðskiptamanna.“

2732. Að kvöldi þennan dag, 9. september kl. 22:34, sendi (E)deildstj-útfli1 tölvupóst til yfirmanna sinna í útflutningsdeild Eimskips, (E)frkvstj-EimÍsl (afrit til (E)forstö-útfli). Heiti póstsins var „Karagjald á 20FT gáma“ og var hann í samræmi við ákvörðun á fundi Eimskips fyrr þennan dag um innleiðingu karagjalds á alla gáma hjá Eimskip. Í tölvupósti (E)deildstj-útfli1 sagði: „Samkvæmt fyrirmælum – framkvæmum þetta í vikunni.“ Með tölvupóstinum áframsendi (E)deildstj-útfli1 tölvupóst sem hann hafði sent nokkrum mínútum fyrr til (E)viðskstj1 og (E)deildstj-útfli3. Þar kom fram eftirfarandi tilmæli (E)deildstj-útfli1 : „Nú ætlum við að innleiða karagjald á 20FT gáma, alla gáma, einnig 20FT

¹⁴⁸⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.109120.

¹⁴⁸⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð EI vika 37 2008 doc“. Fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips 09.09.2008. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.109562.

IN gáma (sama gjald og er á 20FT RF gám) [...] (E)viðskstj1 vins. útbúa tilkynningu þess efnis á viðskiptamenn, í samráði við mig.¹⁴⁸⁶

2733. Eins og fram kemur í kafla 8.15.10 óskaði (S)forstö-útfli eftir því 28. ágúst 2008 að (E)forstö-útfli hringdi í sig. Fyrir liggur í málinu að (S)forstö-útfli og (E)forstö-útfli ræddu saman í kjölfarið. Er verulegt ósamræmi í skýringum Samskipa á þessu samtali. Í tölvupóstinum frá 8. september lýsti (E)forstö-útfli afstöðu m.a. (S)forstö-útfli og (S)forstj til álagningar þessa gjalds. Framangreind gögn frá Eimskip styðja því það að ólögmet samskipti hafi átt sér stað milli Eimskips og Samskipa vegna m.a. umræddra karagjalda, sbr. einnig umfjöllun í kafla 8.15.10.
2734. Fundargerðin vegna framangreinds fundar Eimskips daginn eftir sýnir að ekki stóð til að nýta sér óánægju viðskiptavina Samskipa og ná þeim yfir til Eimskips með því að grípa til samkeppnisaðgerða, líkt og (E)deildstj-útfli hafði m.a. viðrað í tölvupósti sínum til (E)forstö-útfli og (E)frkvstj-EimÍsl 8. september 2008. Þvert á móti skyldi verð Eimskips hækkað. Að mati Samkeppniseftirlitsins er þetta enn ein birtingarmynd af ólögmetu samráði fyrirtækjanna á þessum tíma sem einnig tók til m.a. siglingakerfa þeirra, landflutninga og hækkunar á verði. Á nánast alveg sama tíma áttu Eimskip og Samskip fundi og ákváðu samráð í landflutningum og Eimskip ákvað að fylgja Samskipum í að hækka verð á flutningum á fiski. Samhengi þessa má einnig sjá í glærुकynningu (E)frkvstj-innanli frá 30. september 2008. Á glæru sem ber heitið „Helstu breytingar á starfsemi 2008“ kemur eftirfarandi m.a. fram:¹⁴⁸⁷

- Viðræður í gangi við Umbúðamiðlun um að rukkað verði fyrir flutninga á tómmum fiskikörum frá sept 2008
- 30% hækkun á flutningsverði í ferskiskflutningum frá sept 2008 – ígildi olíuálags bætt við
- Samvinna með Samskip á ýmsum flutningaleiðum – tvíhliða samningar - mikil tækifæri framundan í þessu
- Hættum rekstri á eigin flutningabilum á leiðinni Selfoss-Reykjavík í júní 2008 – verktakar annast flutninga
- Viðræður í gangi um lokun vöruafgreiðslu á Höfn í Hornafirði



2735. Sem fyrr segir sendi (E)frkvstj-innanli drög að samningi við Samskip, til (E)svæðisstj1 8. september 2008 þar sem gert var ráð fyrir víðtæku samráði í landflutningum. Daginn eftir sat (E)frkvstj-innanli ásamt (S)frkvstj-millilandasv fund hjá SVÞ til að ræða m.a. landflutningamál.¹⁴⁸⁸ Sá fundur hófst kl. 12:00 og klukkan 13:41 sama dag sendi (E)frkvstj-innanli sjálfum sér nýja útgáfu af umræddum drögum að samningi við Samskip sem gefur til kynna að hann hafi eftir fundinn hjá SVÞ séð tilefni til að vinna áfram við drögin.¹⁴⁸⁹ Hér verður líka að rifja upp fyrri samskipti (S)frkvstj-innanli og (E)frkvstj-innanli, t.d. fundinn á Mokka 4. júlí 2008. Síðar í þessum sama mánuði sátu þeir fund í „Smáralind“, sbr. nánari umfjöllun í kafla 8.16.7.
2736. Í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið viðurkennir fyrirtækið að hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með samráði við Samskip „um landflutningaþjónustu á flutningaleiðum á Íslandi og skiptingu á mörkuðum á tilteknum flutningaleiðum.“ Tekur þessi viðurkenning til samráðs á megin rannsóknartímabili þessa máls (árin 2008 – 2013), sbr. 1. gr. sáttarinnar. Jafnframt kemur fram í 1. gr. sáttarinnar að Eimskip viðurkenni að fyrir 6. júní 2008 hafi verið fyrir hendi ólögmett samráð við

¹⁴⁸⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.261693.

¹⁴⁸⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.238025.

¹⁴⁸⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.193927. Afhent fundargerð frá SVÞ 21.12.2016, fskj. A-26. Fundargerð fagnefndar flutningssviðs SVÞ dags. 09.09.2008.

¹⁴⁸⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.225996.



Samskip í m.a. landflutningum á Norðurlandi. Þá viðurkennir Eimskip samráð við Samskip um álagningu gjalda í flutningsþjónustu og miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum, sbr. áður nefnda 1. gr. sáttarinnar.

2737. Í mgr. 879 og áfram í athugasemdum Samskipa við AI segir að ekkert hafi orðið af umfangsmiklu samstarfi í landflutningum, sbr. framangreind drög að flutningasamningi. Eimskip og Samskip hafi hins vegar átt í „tilfallandi gagnkvæmum viðskiptum á áætlunarleiðum sínum í landflutningum“. Þau viðskipti hefðu verið lögmæt og ótengd hinu „ímyndaða“ „Nýtt upphaf“ verkefni. Þá er því mótmælt að Eimskip og Samskip hafi haft með sér ólögmætt samráð um álagningu karagjalds. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa, sbr. umfjöllun í kafla 25.23.5.

8.16.5. Framkvæmdastjórar hjá Eimskip ræða um samstarf við Samskip

2738. Áður en vikið er að gögnum Eimskips frá 9. – 15. september 2008 er rétt að rifja upp að í byrjun ársins 2008 breytti Eimskip siglingakerfi sínu og jók flutningsgetu sína milli Íslands og Evrópu, sbr. kafla 6.2.2. Var tekin upp ný siglingaleið, Austurleið og var henni m.a. ætlað að vera til hagsbóta þeim sem vildu flytja ferskan fisk frá Austurlandi til Bretlands. Var þessu lýst svo:

„Brottförum frá Reykjavíkur fjölgar úr tveimur í þrjár en einnig fer útflutningur fram beint frá Mjóeyrarhöfn við Reyðarfjörð, sem verður önnur mesta vöruflutningahöfn landsins. Ný tenging opnast til að koma ferskum fisk frá Reyðarfirði inn á markaði í Bretlandi á mánudögum.“¹⁴⁹⁰

2739. Með breytingu Eimskips á siglingakerfinu í ágúst 2008 datt út þessi tenging milli Reyðarfjarðar og Bretlands, sbr. umfjöllun í kafla 8.14.

2740. Þann 9. september 2008 sendi rekstrarstjóri Eimskips í Vestmannaeyjum, (E)svæðisstj3, tölvupóst til (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-innanl, (E)frkvstj-alþjv, (E)deildstj-útf1 og (E)frkvstj-N-Atlants. Heiti póstsins var: „Ferskur fiskur frá Austurlandi til Bretlands“.¹⁴⁹¹ Í tölvupóstinum sagði (E)svæðisstj3:

„Nú er komið að því að flestir bátar hér í eyjum fara á miðin fyrir austan og landa mikið þar. Við erum ekki lengur með neina tengingu beint á Bretland að austan og fiskur þarf því að fara í gegnum RTM.“

2741. Með framangreindu vísaði (E)svæðisstj3 til þess að með breyttu siglingakerfi hefði Eimskip felld niður tenginguna milli Reyðarfjarðar og Bretlands (Immingham). Þetta skapaði vandræði hjá Eimskip og er ljóst af tölvupósti (E)svæðisstj3 að umtalsverður útflutningur Eimskips á ferskum fiski væri í uppnámi.

2742. Í tölvupósti (E)svæðisstj3 kemur fram að hann teldi útilokað að flytja fiskinn með Samskipum til Bretlands. Kynnti (E)svæðisstj3 í tölvupóstinum hugmyndir um hvernig Eimskip gæti leyst þetta vandamál fyrirtækisins á eigin spýtur og boðið útgerðum fullnægjandi útflutning á ferskum fiski til Immingham.

2743. Samkeppniseftirlitið hefur við rannsókn málsins ekki fundið þess merki að umræddir stjórnendur Eimskips hafi svarað áður nefndum tölvupósti (E)svæðisstj3. Eftirgreind samtímagögn Eimskips sýna á hinn bóginn að 10. og 15. september 2008 ræddu (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-flutnkerf málefni sem vörðuðu samstarf við Samskip m.a. vegna útflutnings á ferskum fiski frá Reyðarfirði og útflutning fyrir Alcoa frá sömu höfn. Voru áður nefndar tillögur (E)svæðisstj3 um eigin aðgerðir Eimskips ekki til umræðu heldur þvert á móti samstarf við Samskip.

¹⁴⁹⁰ „Nýtt siglingakerfi hjá Eimskip“, Morgunblaðið. 10.01.2008. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1184433/>.

¹⁴⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.102136.



8.16.5.1. Framkvæmdastjórar hjá Eimskip fjalla um flutningsgetu og kostnað Samskipa

2744. Daginn eftir tölvupóstinn sem (E)svæðisstj3 sendi fékk (E)frkvstj-EimÍsl sendan tölvupóst frá (E)frkvstj-flutnkerf. Sem fyrr segir höfðu (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl, ásamt (E)forstö-innfl, átt fund með (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl 14. ágúst og 5. september 2008 þar sem rætt var m.a. um siglingakerfin og flutninga fyrir Alcoa, sbr. umfjöllun í kafla 8.16.2.3.

2745. Heiti þessa tölvupósts (E)frkvstj-flutnkerf frá 10. september 2008 var „Samanburður á siglingaáætlun“, þ.e. samanburður á siglingaáætlunum Eimskips og Samskipa. Í honum var fjallað sérstaklega um áætlun Samskipa sem tengdist Reyðarfirði og Færeyjum. Þar segir:

„Hérna er samanburðurinn á siglingaáætlun milli skipafélaga, hvað varðar RFJ (Reyðarfjörður) þá hafa þeir (S-line) verið að fara þaðan seinni partinn á fimmtudögum og komnir til Kollafjarðar á hádegi á föstudögum svo það er ekki alveg að marka áætlunina þó að þar er nefnt miðvikudagur.“¹⁴⁹²

2746. Síðan fylgir eftirfarandi samanburðaryfirlit:

Eimskip siglingaáætlun	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.	Laugard.	Sunnud.
Reykjavík	Suðurl leið	Norðurl leið	Suðurl leið	Norðurl leið			
Grundartangi		Suðurl leið	Norðurl leið				
Vestmannaeyjar				Suðurl leið			
Reyðarfjörður					Norðurl leið		
Þórshöfn					Austurl leið	Norðurl leið	Norðurl leið
Immingham				Suðurl leið			Suðurl leið Austurl leið
Rotterdam	Norðurl leið		Suðurl leið				
Hamborg	Suðurl leið						
Fredrikstad			Norðurl leið				
Gautaborg				Norðurl leið			
Árósar		Austurl leið			Norðurl leið		
Norðurl leið M/V Dettifoss - Goðafoss 1.457 teu Suðurl leið M/V Brúarfoss - Selfoss 724 teu Austurl leið M/V Blikur 698 teu							
S-Line siglingaáætlun	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.	Laugard.	Sunnud.
Reykjavík	Græn leið	Blá leið Græn leið		Blá leið			Græn leið
Grundartangi			Blá leið				
Vestmannaeyjar					Blá leið		
Reyðarfjörður			Græn leið				
Kollafjörður	Blá leið			Græn leið			
Immingham	Blá leið			Græn leið			
Rotterdam		Blá leið					
Cuxhaven			Blá leið				
Varberg				Blá leið			
Árósar					Blá leið		
Blá leið M/V Arnarfell - Helgafell 909 teu Græn leið M/V Akrafell - Hvassafell 1.139 teu							

2747. (E)frkvstj-EimÍsl svaraði daginn eftir og gaf fyrirmæli til (E)frkvstj-flutnkerf um að eftirfarandi yrði gert:

„Vinsamlegast láta stilla saman fyrir okkur kostnað á Teu hjá okkur í okkar kerfi og þeirra. Hvað ál er stór þáttur í þeirra burðargetu og hvað er þá eftir í annað á Íslandi og sama á okkur.“

Síðan vantar inn í kortið hjá Samskip eitthvað um grænu leiðina hún fer samkvæmt þessu korti inn á Reyðarfjörð og Kollafjörð og Immingham vantar líklega Rotterdam.

¹⁴⁹² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.27510.



Blá leið fer inn á Immingham Rotterdam Cux Varberg Arhus".¹⁴⁹³

2748. (E)frkvstj-flutnkerf framsendi samdægurs þennan tölvupóst til (E)forstö-flutnstý og bað hann um að „skoða þetta varðandi kostnaðinn per teu í kerfunum.”¹⁴⁹⁴ (E)forstö-flutnstý áframsendi þessa verkbeiðni til (E)starfsm-flutnstýr. Lét (E)forstö-flutnstý (E)starfsm-flutnstýr vita að hann gæti fengið upplýsingar um „dagkostnað skipanna hjá Samskip” hjá (E)frkvstj-flutnkerf.¹⁴⁹⁵
2749. Samkvæmt framangreindum tölvupóstsamskiptum unnu (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-flutnkerf að því 11. september 2008 að „stilla saman” kostnaði, burðargetu álflutninga og annað í siglingakerfum Eimskips og Samskipa. Ljóst er af þessu að þetta tengdist annars vegar álflutningum fyrir Alcoa og flutningum Samskipa sem gátu tengt saman Reyðarfjörð – Færeyjar (Kollafjörð) – Immingham. Ber að virða þetta m.a. í ljósi áðurnefnds tölvupósts (E)svæðisstj3 frá 9. september 2008 um vandræði Eimskips við að flytja ferskan fisk frá Austurlandi á markað í Bretlandi. Um flutninga á áli vísast til tölvupósts (E)frkvstj-skiparekst til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl 5. september 2008, glærुकyningar (S)frkvstj-millilandasv frá 4. september 2008 og 6. september 2008 og umfjöllunar (S)forstj á stjórnarfundum Samskipa Holding 8. september 2008 („Cooperation with Eimskip”), sbr. einnig umfjöllun hér á eftir.
2750. Talið er að framangreind tölvupóstsamskipti Eimskips og samantekt (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-flutnkerf á upplýsingum um burðargetu, álflutninga og viðkomuhafnir fyrirtækjanna hafi tengst skoðun fyrirtækjanna á „Nýtt upphaf” verkefninu og verið áframhaldandi vinna og greining vegna þessa verkefnisins.

8.16.5.2. Fundur framkvæmdastjóra Eimskips 15. september 2008

2751. Áfram var fjallað innan Eimskips um málefni og aðgerðir tengdar „Nýtt upphaf” verkefninu við Samskip. Að morgni 15. september 2008 var haldinn „framkvæmdastjórafundur” hjá Eimskip. Fundinn sátu (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-innanl og ETM. Allir þátttakendur í fundinum nema einn (ETM) höfðu átt í samskiptum við stjórnendur Samskipa vegna „Nýtt upphaf” verkefnisins.
2752. Í fundargerð þessa fundar sagði:

„Stefnt er að því að ná meiri flutningum frá Alcoa til EUR þar sem að Samskip á erfitt með að sinna öllum þeirra þörfum. Áhugi er fyrir hendi að tryggja fast magn pr. mánuð en ekki stóra slumpa í lok ársfjórðunga eins og hefur verið undanfarið.

Það er í skoðun að setja upp sérstaka ferskfisrútu í innanlandskerfinu sem fer hringin og safnar ferskum fiski sem færi til RTM þar sem að honum væri dreift um Evrópu.

Skoða hvort að hægt sé að senda ferskan fisk með Samskip til Færeyja þar sem að honum er siglt áfram til Immingham.

Klára verður nýja reiknireglu fyrir USA BAF fyrir 1. október.

Passa verður að BAF fari ekki of hratt niður við lækkun olíuverðs þar sem að við höfum þurft að bera töluvert óhagræði af hækkandi olíuverði í langan tíma.”¹⁴⁹⁶

2753. Fundur (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl var haldinn að morgni föstudagsins 5. september 2008. Umræddur fundur framkvæmdastjóra Eimskips mánudaginn 15. september 2008 fór þannig fram fimm virkum dögum síðar.

¹⁴⁹³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.27532.

¹⁴⁹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.27552.

¹⁴⁹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.27661.

¹⁴⁹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.28147.



2754. Samkvæmt fundargerðinni voru a.m.k. fjögur verkefni til skoðunar hjá Eimskip þann 15. september 2008: (1) Stefna að því að ná meiri útflutningi á áli Alcoa til Evrópu (EUR) og „áhugi“ væri á að „tryggja“ Eimskip fast flutningsmagn, (2) ný „ferskfisksrúta“ (3) mögulegur slotsamningur um útflutning Samskipa á ferskum fiski fyrir Eimskip og (4) aðgerðir til að vinna gegn verðlækkun á BAF og klára nýja formúlu fyrir BAF gagnvart viðskiptavinum í Norður-Ameríku flutningum. Allt voru þetta atriði sem voru andlag ólögmeðs samráðs milli Samskipa og Eimskips.
2755. Fyrstu þrjú atriðin í fundargerðinni tengjast samráði Samskipa og Eimskips um takmörkun á flutningsgetu fyrirtækjanna og samnýtingu á flutningakerfum þeirra. Voru aðgerðir fyrirtækjanna sem þessu tengdust til þess fallnar að vinna á móti því að verð á flutningamarkaði lækkaði. Til þess að mæta viðfangsefnum, vegna takmörkunar á flutningsgetu, stefndu fyrirtækin meðal annars að því að samnýta flutningakerfi sín, sbr. til dæmis atriði 1 og 3 í fundargerðinni. Það felur í sér ólögmeðt samráð samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga þegar fyrirtæki hafa með sér samstarf í þeim tilgangi að takmarka flutningsgetu sína, jafnvel þótt það sé gert í þeim tilgangi að „hagræða“ í rekstri enda er fyrirtækjum óheimilt að hafa með sér samráð um slíkar aðgerðir. Þannig áskilur 10. gr. samkeppnislaga að fyrirtæki taki sjálfstæðar ákvarðanir, jafnframt þegar um er að ræða hagræðingaraðgerðir. Því var ekki að heilsa í tilvikum Samskipa og Eimskips.
2756. Samhliða þessu höfðu Samskip og Eimskip með sér verðsamráð sem fólst í umfangsmiklum verðhækkunum gagnvart viðskiptavinum, meðal annars álagningu á svonefndu BAF-gjaldi. Atriði 4 í fundargerðinni tengist verðsamráði fyrirtækjanna og hafði þau áhrif að olíugjald á sjóflutningsmarkaði vegna Norður-Ameríku hækkaði í kjölfarið.
2757. Eins og áður sagði fjölluðu (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl dagana 10. og 11. september 2008 um siglingaráætlanir fyrirtækjanna, að taka ætti út „ál“ og hvað væri þá eftir í „annað“ (undir það fellur eðli málsins samkvæmt útflutningur á fiski). Ber að virða fundargerð Eimskips frá 15. september 2008 í þessu ljósi, þ.e. varðandi það að Eimskip fengi fastan hluta af útflutningi á áli fyrir Alcoa og Samskip útflutning á ferskum fiski fyrir Eimskip frá Íslandi til Færeyja. Jafnframt ber að virða fundargerðina og tölvupóstana frá 10. og 11. september 2008 í ljósi m.a. eftirfarandi samtímagagna sem urðu til fyrir 10. september 2008:
- Eins og áður sagði takmarkaði Eimskip í ágúst 2008 flutningsgetu með breytingu á siglingakerfi sínu milli Íslands og Evrópu. Af þessu leiddi að Eimskip missti beina tengingu við Bretland frá Austurlandi/Norðurlandi. Bretland var mikilvægt markaðssvæði fyrir ferskan fisk. Möguleg leið Eimskips til þess að bregðast við þessu var að flytja fiskinn með Samskipum frá Reyðarfirði til Færeyja í veg fyrir Austurleið Eimskips og þaðan til Immingham, sbr. kafla 8.14.
 - Gögnin sem (S)forstj fékk send kvöldið fyrir fund hans og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip 25. júlí 2008 sýna ráðagerðir um að í tengslum við minnkun á flutningsgetu Samskipa tæki Eimskip að sér hluta af álútflutningi Alcoa „fyrir Samskip“, sbr. kafla 8.13.1.
 - Þann 24. júlí 2008 fjallaði (E)frkvstj-innan um eftirfarandi samstarf við Samskipa: „• Flytja vörur í gámum á Austurland, nota [Samskip] og [Eimskip] 2 ferðir pr viku – tvíhliða flutningasamningur - ATH ferskur fiskur“, sbr. kafla 8.13.
 - Á fundi (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl 14. ágúst 2008 var rætt um aukið ólögmeðt samráð í sjóflutningum til og frá Íslandi. Það er einnig mat Samkeppniseftirlitsins að á fundinum 14. ágúst 2008 hafi Eimskip og Samskip haft með sér verðsamráð varðandi álagningu BAF.¹⁴⁹⁷ Við heildarmat á þessu skiptir máli að sama dag og fundurinn með Eimskip var haldinn sendi (S)forstj fundarboð til (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfl og vildi ræða eftirfarandi daginn eftir (15. ágúst 2008):

¹⁴⁹⁷ Vísast hér til kafla 8.15.6 og 8.15.7.2.



„Þurfum sameiginlega að ná mynd á þau skref er við munum taka og meta grófan ávinning af aðgerðum, þ.e. stóra myndin:"

1. Alcoa

–strategía, hugsanlegar verðhækkanir og hvenær byrji að tikka inn.

2. Útflutningur – fiskur

–verðhækkanir

3. Innflutningur

–sértækar hækkunir [...]

–almennar hækkunir

[...]

6. Kerfin

–skref sbr. fyrri umræðu".

- Á verkefnalista forstöðumanns landflutninga Samskipa, (S)forstö-landfl, frá 18. ágúst 2008, kom fram m.a. það verkefni að gera Eimskip tilboð í sjóflutninga, sbr. kafla 8.15.7.2. Önnur verkefni á listanum tengdust einnig samráðinu við Eimskip, þ.á m. álagningu á olúgjaldi.
- Á fundi (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl 5. september 2008 var rætt um aukið ólöglegt samráð a.m.k. varðandi sjóflutning og takmörkun á flutningsgetu til og frá Íslandi. Við heildarmat á þessu skipta máli skjölin sem (S)frkvstj-millilandasv vann við bæði fyrir og eftir þennan fund, sbr. skjölin frá 28. ágúst og 4. og 6. september 2008, sbr. kafla 8.16.2. Í síðastnefndri glærुकynningu (S)frkvstj-millilandasv kom fram, varðandi takmörkun á flutningsgetu Samskipa að leitað yrði til „keppinautar“ um flutning á umframmagni sem Samskip kæmi til með að geta ekki sinnt fyrir Alcoa. Jafnframt skiptir máli fundarboð (S)frkvstj-millilandasv til Alcoa 4. september 2008 og gögn vegna fundar stjórnar Samskipa Holding 8. september 2008 þar sem (S)forstj gerði grein fyrir því að til skoðunar væri samstarf við Eimskip vegna breytinga á siglingakerfi, sbr. kafla 8.16.3.
- Gögn málsins sýna samskipti (S)rekststj-landfl2 og (E)rekststj-landfl 8. september 2008 og fund (S)forstö-landfl og (S)rekststj-landfl3 með (E)svæðisstj1 og (E)þjstj-Austur 9. september 2008 tengdum auknu samstarfi og samnýtingu flutningakerfa á Austurlandi og „fleira“, sbr. umfjöllun í kafla 8.16.4.

2758. Einnig ber að virða áðurgreinda tölvupósta Eimskips frá 10. og 11. september og fundargerð framkvæmdastjóra Eimskips frá 15. september 2008 í ljósi m.a. eftirfarandi samtímagagna sem urðu til eftir 15. september 2008:

- Tveimur dögum eftir að (E)frkvstj-innanl sat fund framkvæmdastjórnar Eimskips, þar sem rætt var um málefni Samskipa og samstarf, sat hann fund með (S)frkvstj-innanl, þ.e. 17. september 2008. Vísast til þess fundar og gagna sem honum tengjast, sbr. umfjöllun í kafla 8.16.7, þ.á m. tölvupóst (S)frkvstj-innanl til (E)frkvstj-innanl daginn eftir, 18. september 2008, þar sem (S)frkvstj-innanl gerði (E)frkvstj-innanl verðtilboð í sjóflutninga Samskipa fyrir Eimskip til Reyðarfjarðar.
- Breytingar Eimskips á forsendum útreiknings olúgjalds (BAF) í lok september og nóvember 2008 til hækkunar gjaldsins, sbr. umfjöllun um samráð Samskipa og Eimskips vegna álagningar olúgjalds í kafla 8.16.6.



- Samskipti (E)frkvstj-EimÍsl og (S)frkvstj-millilandasv 1. október 2008, sbr. kafla 8.16.11.
- Drög að gámaleigusamningi Eimskips og Samskipa dags. 2. október 2008, sbr. umfjöllun í kafla 8.17.1.
- Tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf til (S)frkvstj-millilandasv (afrit til (E)forstö-innfl), 5. október 2008, vegna fundar Eimskips og Samskipa varðandi umræðuefni fundar fyrirtækjanna daginn eftir, sbr. umfjöllun í kafla 8.17.3.
- Fundur (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 , (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl 6. október 2008, sbr. kafla 8.17.5.
- Skjöl (S)frkvstj-millilandasv frá 7. október 2008, sbr. kafla 8.17.8.
- Alcoa hafnaði 8. október 2008 tillögu Samskipa um verðhækkun á gildandi samningi fyrirtækjanna, sbr. kafla 8.17.9.
- Rekstraráætlun Eimskips frá 11. október 2008. Þar kemur fram að möguleiki væri á því að Eimskip tæki að sér hluta af útflutningi Samskipa á áli frá Alcoa, sbr. umfjöllun í kafla 8.17.14.
- Aukið gámasamráð Eimskips og Samskipa hefst, sbr. tölvupóstsamskipti (E)starfsm-flutnstýr1, (S)starfsm og (E)fulltr.flutnstý 13. október 2008, sbr. umfjöllun í kafla 8.17.16 og 18.
- Tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf til (S)frkvstj-millilandasv, afrit til (E)forstö-innfl 14. október 2008 ((E)frkvstj-flutnkerf spurði hvort (S)frkvstj-millilandasv hefði verið búinn að „skoða þetta eitthvað hvað varðar Færeyjar“), sbr. umfjöllun í kafla 8.19.2. Færeyjar í þessu sambandi tengdust takmörkun á flutningsgetu og samnýtingu flutningakerfa Samskipa og Eimskips vegna flutninga milli Íslands og Færeyja.
- Tölvupóstur (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útl og (S)forstö-innfl1 15. október 2008. Rætt um fund þeirra fyrr þennan dag og verkskiptingu, m.a.: „Slotverð EI [Eimskip] - (S)forstö-innfl1 ræði við EI um almennt slotverð hjá þeim, hvort sem um er að ræða innfl eða útl.“, sbr. umfjöllun í kafla 8.19.3.
- Tölvupóstur (S)frkvstj-N-Am til (S)forstö-innfl1 , afrit til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv 15. október 2008, þar kom m.a. fram: „[...] allt frá því í vor höfum við stefnt allri frakt á Eimskip þar sem hagar heildarinnar ræður för [...]“, sbr. umfjöllun í kafla 8.19.3.
- Tölvupóstsamskipti milli (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv 15.-20. október 2008 og tengd gögn vegna almenns slotsamnings milli fyrirtækjanna, sbr. umfjöllun í kafla 8.19 og 9.3. Þar kom m.a. fram hjá (E)frkvstj-flutnkerf í tölvupósti til (S)frkvstj-millilandasv: „Við erum tilbúnir að skoða allt komið með tillögu“, sjá nánari umfjöllun í kafla 8.19.3.
- Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 til (E)forstö-innfl 16. október 2008 þar sem kom fram: „Varstu búinn að kíkja á flutninginn frá Reykjavík til Færeyja“, sbr. umfjöllun í kafla 8.19.4.
- Í tölvupósti (S)forstj frá 20. október 2008 lýsti hann því yfir að Samskip væru að ljúka samningum við m.a. Eimskip, sbr. umfjöllun í kafla 9.3.
- Fundur Eimskips og Samskipa 22. október 2008 á Reyðarfirði, kafla 9.4.
- Samskiptin sem áttu sér stað milli Eimskips og Samskipa eftir 22. október 2008, sbr. yfirlit í kafla 9.4.

2759. Þessum gögnum sem urðu til eftir 15. september 2008, og tengdum samskiptum Eimskips og Samskipa, verður lýst hér á eftir en saman gefa öll framangreind gögn til kynna að umfjöllun (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-innanl á tímabilinu 10. – 15. september 2008 um



olíugjald (BAF), útflutning á áli og ferskum fiski tengdust „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna sem laut að siglingakerfum þeirra og takmörkun á flutningsgetu, auk hækkunar á verði.

8.16.5.3. Nánar um samráð tengt álútflutningi fyrir Alcoa

2760. Samkvæmt framangreindri fundargerð Eimskips frá 15. september 2008 átti að stefna að því að ná meiri útflutningi á áli Alcoa til Evrópu þar sem að „Samskip á erfitt með að sinna öllum þeirra þörfum. Áhugi er fyrir hendi að tryggja fast magn pr. mánuð en ekki stóra slumpa í lok ársfjórðunga eins og hefur verið undanfarið.“
2761. Hér skal áréttað að á þessum tíma önnuðust Samskip flutninga á áli Alcoa til Evrópu, sbr. samning fyrirtækjanna frá október 2007 og umfjöllun í kafla 6.5. Voru Alcoa aðeins með flutningasamning við Samskip um þessa flutninga. Samkvæmt minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv frá 7. júlí 2008 önnuðust Samskip „alla flutninga á framleiðsluvörum fyrirtækisins [Alcoa] til Evrópu“, sbr. og umfjöllun í kafla 9.2.1.
2762. Ummælin í fundargerðinni um „stóra slumpa í lok ársfjórðunga“ vísa til þess að Eimskip hafði á þessum tímapunkti í tvígang árið 2008 flutt álfarm fyrir Alcoa til Evrópu, þ.e. undir lok fyrsta ársfjórðungs 2008 (mars) og undir lok annars ársfjórðungs 2008 (júni). Í fyrra tilfellinu gerðu Alcoa Eimskip það ljóst að um væri að ræða „einskiptis tilraun“ og „engin framtíðar skuldbinding um frekari viðskipti“, sbr. tölvupóst Alcoa til Eimskips 28. mars 2008 og umfjöllun í kafla 9.2.1.
2763. Flutningurinn fyrir Alcoa í mars 2008 átti sér stað áður en „Nýtt upphaf“ samráðsverkefnið hófst. Samtímagögn frá Eimskip sýnir frásögn af því að (E)svæðisstj1 hafi heyrt að „Samskipamenn“ hafi orðið „æfir“ vegna þess að það stæði öðrum til boða að koma að flutningum fyrir Alcoa til Evrópu, sbr. umfjöllun um tölvupóst (E)svæðisstj1 25. mars 2008 í kafla 9.2.1. Er ljóst að þessi óánægja Samskipa stafaði af því að fyrirtækið taldi sig geta gert tilkall til alls gámaútflutnings Alcoa á áli til Rotterdam.
2764. Í seinna tilvikinu, í júní 2008, var „Nýtt upphaf“ verkefnið hins vegar hafið og í gögnum málsins kemur ekki fram óánægja Samskipa með þann flutning Eimskips á álfarmi fyrir Alcoa.
2765. Ástæða þessa breytta viðhorfs Samskipa er að flutningar á áli fyrir Alcoa frá Reyðarfirði til Rotterdam tengdust „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips. Það verkefni tók til þess að að meta aukið samstarf Samskipa og Eimskips vegna m.a. „[f]ækkun[ar]/smækkun[ar] skipa“, sbr. glærुकyninguna sem (E)frkvstj-alpjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir. Samtímagögn sýna skýrlega að þessir flutningar fyrir Alcoa höfðu, í kjölfar fundar Samskipa og Eimskips 6. júní 2008, verið einn hluti af þeim viðfangsefnum sem þyrfti að leysa í samráði fyrirtækjanna um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu. Áskorunin var m.a. sú hvernig Samskip gætu áfram annast útflutning fyrir Alcoa á sama tíma og talið var nauðsynlegt að draga úr flutningsgetu vegna samdráttar í innflutningi.
2766. Í samræmi við þetta breytta viðhorf Samskipa var innan fyrirtækisins fjallað um hugsanlega aðkomu Eimskips að flutningum Samskipa fyrir Alcoa fjórum sinnum á ári (líklega í lok hvers ársfjórðungs), sbr. umfjöllun í kafla 8.9.6 um gagn frá 11. júlí 2008. Í skjölum sem (S)forstj fékk send kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008 var miðað við að hluti af flutningum Samskipa á áli Alcoa til Rotterdam yrði sinnt af Eimskip. Lagt var mat á ábata Eimskips af því að fyrirtækinu yrði að þessu leyti tryggt fast magn af flutningum Samskipa fyrir Alcoa, sbr. eftirfarandi skjámynd af hluta viðkomandi skjals Samskipa:

Eimskip	
Tekjur af álútflutningi fyrir Samskip	50



2767. Í þessu gagni Samskipa var m.ö.o. miðað við að Eimskip myndi annast útflutning á áli Alcoa „fyrir Samskip“ til Evrópu, sbr. nánari umfjöllun í kafla 8.13.1.
2768. Gögn málsins sýna að í byrjun september 2008 var til skoðunar sú útfærsla að Samskip myndu minnka flutning fyrir Alcoa og hækka verulega verð gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavini. Gögnin sýna að til þess að þetta fyrirkomulag gæti gengið upp var nauðsynlegt fyrir Samskip að auka samstarf við Eimskip. Hér ber m.a. að horfa til áður nefndrar glærुकynningar (S)frkvstj-millilandasv sem var vistuð 6. september 2008. Var í þeirri glærुकynningu (S)frkvstj-millilandasv fjallað um þá útfærslu á takmörkun á flutningsgetu að Samskip myndu halda hluta af flutningum á áli fyrir Alcoa inni í kerfum Samskipa og skip Samskipa yrði þá „fullnýtt“ „en umfram magn færi með keppinautum [Eimskip]“. Kom einnig fram á glærum (S)frkvstj-millilandasv að óvíst væri á þessu stigi hvort Alcoa hefði áhuga á slíku fyrirkomulagi, sbr. kafla 8.16.2.3.
2769. (E)frkvstj-Eimísl, (E)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-flutnkerf tóku þátt í fundi framkvæmdastjóra Eimskips 15. september 2008 en þessir lykilstjórnendur Eimskips höfðu átt og áttu eftir að vera í ítrekuðum samskiptum við lykilstjórnendur Samskipa. (E)frkvstj-Eimísl og (E)frkvstj-flutnkerf höfðu t.d. fundað með (S)frkvstj-millilandasv 14. ágúst og 5. september 2008. Hefur verulega þýðingu að það var daginn eftir fundinn 5. september 2008 sem (S)frkvstj-millilandasv vistaði framangreinda glærुकynningu, þar kom fram að hluti af álútflutningi fyrir Alcoa gæti farið til Eimskips. Nokkrum dögum seinna unnu (E)frkvstj-Eimísl og (E)frkvstj-flutnkerf að því að „stilla saman“ kostnað, burðargetu álflutninga og annað í siglingakerfum Eimskips og Samskipa sem tengdist m.a. álflutningum fyrir Alcoa, sbr. framangreind tölvupóstsamskipti þeirra 10. og 11. september 2008.
2770. Í fundargerðinni vegna fundar m.a. (E)frkvstj-Eimísl og (E)frkvstj-flutnkerf 15. september 2008 var vísað í nútíð til þess að Samskip „á“ erfitt með að sinna öllum flutningum fyrir Alcoa. Hér skiptir máli að á þessum tíma áttu Samskip, með fjögurra skipa siglingakerfi, ekki í erfiðleikum með að sinna „öllum þörfum“ Alcoa eins og fullyrt er í fundargerðinni. Á hinn bóginn sýnir m.a. umrædd glærुकynning (S)frkvstj-millilandasv frá 6. september 2008 að til skoðunar var að Samskip myndu takmarka flutningsgetu og að flutningsmagnið frá Alcoa, sem Samskip gætu ekki sinnt eftir þá breytingu, myndi færast til Eimskips. Þessi umfjöllun í fundargerð Eimskips frá 15. september 2008 miðaði því auðsýnilega við þá aðstöðu sem kæmi upp ef Samskip takmörkuðu flutningsgetu gagnvart Alcoa. Áform Samskipa um að draga úr flutningsgetu voru ekki opinber og höfðu á þessum tíma ekki verið nefnd við Alcoa, sbr. nánar hér á eftir. Endurspeglar þessi umfjöllun í fundargerð Eimskips því óhjákvæmilega viðræður við Samskip um takmörkun á flutningsgetu og flutninga fyrir Alcoa.
2771. Samkeppniseftirlitið telur að ummæli í fundargerðinni frá 15. september 2008 um „áhuga“ á að „tryggja“ Eimskip fastan flutning vegna Alcoa vísi ekki til áhuga eða vilja Alcoa. Hér ber að hafa eftirfarandi í huga:
2772. Á þessum tíma var sem fyrr segir í gildi samningur frá október 2007 um að Samskip myndi annast gámaflutninga á áli Alcoa til Rotterdam og annarra hafna á meginlandi Evrópu sem og á austurströnd Bretlands. Gildistími þessa samnings var fimm ár. Með hliðsjón af þessum skuldbindingum og framangreinds tölvupósts Alcoa til Eimskips 28. mars 2008 er afar ósennilegt að í fundargerðinni frá 15. september 2008 sé vísað til áhuga Alcoa á að tryggja Eimskip fast magn af flutningum sem féllu undir samninginn við Samskip.
2773. Alcoa hafði, tveimur mánuðum fyrr, 17. ágúst 2008, sent fundarboð til Samskipa og Eimskips. Þar óskaði Alcoa eftir því að halda þrjá aðgreinda fundi með Samskipum og Eimskip dagana 20. – 24. október 2008. Á þeim fundum vildi Alcoa að farið yrði yfir reynslu af flutningaþjónustunni og hafnarþjónustu í Mjóeyrarhöfn. Í umræddu fundarboði Alcoa var hvergi fjallað um eða gefið í skyn að áhugi væri fyrir hendi að tryggja Eimskip fasta flutninga vegna útflutnings á áli eða flutninga á föstu magni af áli fyrir Alcoa pr. mánuð. Þvert á móti var fundarboð Alcoa í samræmi við önnur gögn málsins um að Samskip sáu um „alla“ flutninga fyrir Alcoa á áli til Evrópu en Eimskip sinnti



hafnarþjónustu í Mjóeyrarhöfn og flutningum á rafskautum og skautleifum milli Noregs og Íslands, sbr. umfjöllun í kafla 9.2.1.

2774. Ekki var heldur vísað til áhuga Alcoa á að tryggja Eimskip fast magn af álflutningum þegar Alcoa virðist hafa leitað til Eimskips síðdegis 5. september 2008 og spurt hvort fyrirtækið gæti flutt eitthvað af áli til Rotterdam, „*ef á þyrfti að halda*“, sbr. umfjöllun um tölvupóst (E)frkvstj-skiparekst þann dag í kafla 8.16.2.3. Hins vegar hefur þessi fyrirspurn Alcoa til Eimskips án efa veitt framkvæmdastjórum Eimskips aukna vissu fyrir því að þessi þáttur „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins með Samskipum myndi geta gengið eftir. Sú umleitan Alcoa er auk þess sett í samhengi við að daginn áður hafði (S)frkvstj-millilandasv sent fundarbeiðni til Alcoa. Þar óskaði (S)frkvstj-millilandasv eftir fundi með Alcoa til að ræða samning fyrirtækjanna en gögn málsins sýna að Samskip höfðu undirbúið frá ágúst 2008 að leggja fram tillögu um verðhækkun gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavini.
2775. Samkeppniseftirlitið bendir einnig á að gögn málsins sýna að (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útfl áttu fund með Alcoa sama dag og umræddur fundur framkvæmdastjóra Eimskips fór fram, þ.e. 15. september 2008. Sá fundur fór fram í Pittsburgh í Bandaríkjunum. Fundur framkvæmdastjóra Eimskips hófst kl. 08:30 en fundur Samskipa með Alcoa fór fram síðdegis þennan dag. Á fundinum með Alcoa lögðu Samskip fram tillögu um verðhækkun. Ekkert í gögnum málsins gefur til kynna að á þessum fundi með Alcoa hafi Samskip kynnt áform um að draga úr flutningsgetu og geta ekki eftir það sinnt öllum gámaútflutningi á áli Alcoa til Evrópu. Vísast nánar um þetta til kafla 8.16.8.¹⁴⁹⁸
2776. Þann 8. október 2008 hafnaði Alcoa kröfu Samskipa um hækkun á verði. Í kjölfar þess, eða í kringum 10. október 2008, gerðu Samskip Alcoa fyrst grein fyrir áformum um breytt fyrirkomulag á flutningsþjónustunni með takmörkun flutningsgetu Samskipa, sbr. umfjöllun í kafla 8.17.12 og upplýsingar í mgr. 41 í athugasemdum Samskipa við AI.
2777. Hvað sem öðru líður sýnir fundargerð Eimskips frá 15. september 2008, samkvæmt orðalagi sínu, vitneskju lykilstjórnenda hjá fyrirtækinu um að Samskip ætti erfitt með sinna flutningsþörfum afar mikilvægs viðskiptavinar með fullnægjandi hætti. Engin gögn sýna hins vegar að Eimskip hafi áformað eða reynt með samkeppni að ná þessum viðskiptum af Samskipum. Undir eðlilegum kringumstæðum má ætla að umleitan Alcoa til Eimskips 5. september 2008 og vitneskjan um erfiðleika Samskipa hafi átt að gefa Eimskip tilefni eða hvata til að a.m.k. taka slíkar samkeppnisaðgerðir til skoðunar. Ber í því sambandi að hafa í huga að samkvæmt upplýsingum Eimskips var á þessum tíma mikið ónýtt flutningsrými í skipum fyrirtækisins.¹⁴⁹⁹
2778. Samtímagögn sýna heldur engan ótta hjá Samskipum við samkeppnisleg viðbrögð Eimskips vegna aðgerða tengdum Alcoa og öfugt:
2779. Samskip áformuðu á þessu tíma að bæði hækka verð og draga úr flutningsþjónustu gagnvart Alcoa. Hvergi kemur fram í samtímagögnum ótti við að Eimskip myndi bjóða betur og ná til sín flutningum fyrir Alcoa, þvert á móti var við þessar aðgerðir Samskipa gengið út frá samstarfi við Eimskip vegna flutninganna.
2780. Hvorki í fundargerðinni frá 15. september 2008 eða öðrum gögnum Eimskips kemur fram ótti við viðbrögð Samskipa ef Eimskip myndi með reglubundnum hætti fara að flytja hluta af þeim flutningum sem féllu undir samning Samskipa við Alcoa. Í mars 2008 var hins vegar innan Eimskips rætt um að „*Samskipamenn*“ hefðu orðið „*æfir*“ þegar aðrir en Samskip komu að þessum flutningum á þeim tíma.

¹⁴⁹⁸ Sbr. athugasemdir Samskipa við AI, mgr. 41. Þar kemur fram að skerðing flutningsgetu hafi fyrst verið kynnt Alcoa í október 2008.

¹⁴⁹⁹ Mgr. 544 í athugasemdum Eimskips við AI.



2781. Eins og lýst verður í kafla 9 náðu Samskip og Eimskip með ólögmætum samstilltum aðgerðum saman um m.a. aðgerðir tengdar takmörkun á flutningsgetu og útflutningi á áli fyrir Alcoa. Birtingarmynd þessa var m.a. eftirfarandi:

- Um miðjan október 2008 var Alcoa ljóst að Samskip ætluðu að hækka verð og draga úr flutningsþjónustu. Alcoa skoðaði m.a. þann valkost hvort Eimskip gæti tekið að sér flutning á áli fyrirtækisins til Evrópu en Eimskip gaf til kynna að fyrirtækið væri aðeins reiðubúið til að flytja hluta af áli Alcoa til Evrópu (25%), sbr. kafla 9.8.
- Framangreint leiddi til þess að Alcoa þurftu frá nóvember 2008 að sætta sig við verulega verðhækkun Samskipa og verri þjónustu sem leiddi af takmörkun Samskipa á flutningsgetu. Hluti af reglulegum álútflutningi Samskipa fyrir Alcoa færðist við þetta frá Samskipum til Eimskips, sbr. m.a. kafla 9.7. Stóðu þeir flutningar yfir fram á árið 2013.
- Í gögnum Eimskips t.d. frá árunum 2009 og 2010 kom fram mikil ánægja með flutninga á áli fyrir Alcoa til Rotterdam. Voru notuð orð eins og „alsæla“ og „snilld“ til að lýsa þessu, sbr. kafla 9.11.
- Sökum samráðsins við Eimskip komust Samskip ítrekað upp með að hafna beiðni Alcoa um endurskoðun á verðhækkuninni frá nóvember 2008 og fyrirkomulag flutninganna yrði endurskoðað, sbr. kafla 9.9.

2782. Fundargerð Eimskips frá 15. september 2008 og önnur framangreind gögn sýna þannig áframhaldandi framkvæmd á ólögmætu samráði Eimskips og Samskipa í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Af umfjöllun umræddrar fundargerðar framkvæmdastjóra Eimskips 15. september 2008 og öðrum gögnum málsins leiðir að í september 2008 var til skoðunar hjá Samskipum og Eimskip að tryggja Eimskip kerfisbundnari og meiri aðkomu að þessum flutningum Samskipa fyrir Alcoa heldur en tilfallandi flutninga í ársfjórðungslok. Tengdist þetta eins og áður greinir ólögmætu samráði fyrirtækjanna um endurskoðun siglingakerfa, takmörkun á flutningsgetu og samnýtingu flutningakerfa.

8.16.5.4. Frekari fundir stjórnenda Eimskips

2783. Daginn eftir fund framkvæmdastjóra Eimskips, 15. september 2008, þar sem m.a. var rætt um atriði tengd auknu samstarfi með Samskipum vegna flutninga á fiski og útflutning á áli fyrir Alcoa, má sjá að í dagbók (E)frkvstj-EimÍsl var bókaður fundur á skrifstofu hans með (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-skiparekst.¹⁵⁰⁰ (E)frkvstj-skiparekst var forstöðumaður rekstrardeildar Eimskips og kom m.a. að stóriðjuflutningum Eimskips. Hann hafði átt samskipti við Samskip m.a. um viðkvæm viðskiptaleg málefni, sbr. umfjöllun í kafla 8.6 um tölvupóst hans frá 2. júlí 2008 sem lýsir samtali við (S)frkvstj-millilandasv.

2784. Gögn málsins gefa til kynna að næstu daga í septembermánuði hafi (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-skiparekst og/eða (E)frkvstj-EimÍsl átt a.m.k. þrjá fundi eða símtöl með (E)forstj og/eða (E)frkvstj-alþjvs, þ.e. mánudaginn 22. september, laugardaginn 27. september og mánudaginn 29. september 2008.¹⁵⁰¹ Hafa ber í huga að (E)forstj og (E)frkvstj-alþjvs sátu í vinnuhópi með (S)forstj samkvæmt glærुकyningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið. Talið er að framangreindir fundir (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-skiparekst með (E)forstj og (E)frkvstj-alþjvs hafi m.a. tengst vinnu og atriðum í samráðinu við Samskip á þessum tíma. Gögnin sýna að á sama tíma höfðu (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-skiparekst aðkomu að því að „fikta“ í formúlu við útreikninga á olíugjaldi (BAF USA). Var það í samræmi við umræðu og ákvörðun á áðurnefndum fundi þeirri 15. september 2008 og var það hluti af ólögmætu samráði Eimskips og Samskipa á þessum tíma, sbr. kafla 8.16.5.

¹⁵⁰⁰ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...]

¹⁵⁰¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.349347. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.351111.



2785. Þann 29. september 2008 sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst til (E)forstj þar sem hann sagði: „Ertu búinn að funda með (E)frkvstj-EimÍsl varðandi þessi framtíðar mál??“ Stuttu síðar svaraði (E)forstj: „Var að klára fundinn -vil að þið tveir þú og (E)frkvstj-skiparekst komi yfir“. ¹⁵⁰² Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er talið að (E)frkvstj-flutnkerf hafi þar verið að vísa til „Nýtt upphaf“ verkefnisins með Samskipum og hvaða fyrirkomulagi fyrirtækin myndu koma upp á flutningamarkaði hér á landi. Tveimur dögum síðar átti (E)frkvstj-EimÍsl símtal við (S)frkvstj-millilandasv og í kjölfarið hittust stjórnendurnir Samskipa og Eimskips enn á ný eða þann 6. október 2008 til að ræða samráðsverkefnið, sbr. kafla 8.17. Þremur dögum áður höfðu lykilstjórnendur Eimskips, m.a. þeir sem höfðu aðkomu að samráðinu við Samskip, haldið áfram að funda ((E)forstj, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-alþjvs, (E)frkvstj-Contain, (E)frkvstj-flutnkerf, ásamt (E)frkvstj-N-Atlants, (E)frkvstj-skiparekst og (E)frkvstj-lögfr). ¹⁵⁰³

8.16.5.5. Samantekt

2786. Fundargerð Eimskips frá 15. september 2008 og önnur framangreind gögn sýna áframhaldandi framkvæmd á ólögum samráði Eimskips og Samskipa í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Í næsta kafla er fjallað nánar um þýðingu umfjöllunar um olíugjald (BAF) í fundargerðinni.

2787. Fjallað er um framangreind gögn Eimskips frá 10. – 15. september 2008 í mgr. 888-893 í athugasemdum Samskipa við AI. Samskip mótmæla því að gögn gefi til kynna ólöglegt samráð við Eimskip. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á sjónarmiðin sem Samskip setja fram, sbr. umfjöllun í kafla 25.23.6.

8.16.6. **Álag á BAF aukið og gjaldið hækkað**

2788. Gögn málsins sýna að eftir fund (S)forstj, (S)aðaleig-stjform-SH, (E)forstj og (E)stjform 6. júní 2008 voru fyrir hendi sömu aðgerðir og áherslur hjá Samskipum og Eimskip varðandi álagningu BAF- og FAF-gjalda. Hækka skyldi verð viðskiptavina (og þannig auka tekjur Samskipa og Eimskips) með því að „allir“ viðskiptavinir myndu greiða gjöldin. Í þessu fólst einnig að verjast kröfum viðskiptavina um lækkun á gjöldunum. Fjallað var um þessi atriði samhliða hjá Samskipum og Eimskips. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip og Eimskip hafi haft með sér ólöglegt samráð um BAF. Atvik m.a. í ágúst og desember 2008 renna stoðum undir slíkt, sbr. kafla 8.15.7.2.

2789. Í sáttinni frá 16. júní 2021 viðurkennir Eimskip að hafa átt í alvarlegu ólögum samráði við Samskip. Hafi þessi brot fallist í tilteknum aðgerðum sem „gripið var til eftir fund með Samskipum 6. júní 2008, sbr. einnig „Nýtt upphaf“ glærुकyningu Eimskips frá 9. júní 2008“. Í þessum alvarlegu brotum fólst m.a. samráð: „við Samskip um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum. Samráð þetta var umfangsminna á lokaári rannsóknartímabilsins (á árinu 2013).“

2790. Á framangreindum fundi (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-innanl og ETM 15. september 2008 kom fram að klára þyrfti „nýja reiknireglu fyrir USA BAF“ og passa að „BAF [færi] ekki of hratt niður við lækkun olíuverðs“.

2791. Í ljósi framangreinds er rétt að huga nánar að útreikningum Samskipa og Eimskips á BAF á rannsóknartímabilinu.

8.16.6.1. Um forsendur fyrirtækjanna að baki formúlu BAF

2792. Samkeppniseftirlitið rannsakaði m.a. hvernig Eimskip og Samskip stóðu að álagningu og innheimtu olíugjalda og hver samskipti fyrirtækjanna voru vegna þeirrar framkvæmdar. Í gagnabeiðni til

¹⁵⁰² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.351111.

¹⁵⁰³ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.352608.



fyrirtækjanna í janúar 2015 var m.a. spurt um breytingar á verð- og gjaldskrárám fyrirtækjanna á rannsóknartímabilinu.

2793. Þar sem takmarkaðar upplýsingar höfðu borist frá fyrirtækjunum um gjaldskrárliðinn BAF (Bunker Adjustment Factor; olúgjald) var gagnabeiðnin ítrekuð í bréfum til fyrirtækjanna í september og október 2017.¹⁵⁰⁴ Var þar óskað eftir ýmsum upplýsingum varðandi BAF, s.s. hvað þessi tekjuliður felur í sér, tilgangi gjaldsins, hvenær það var fyrst tekið upp, hvað hafi ráðið því hvort viðskiptavinir hefðu verið krafðir um greiðslu á BAF og hvað hafi skýrt frávík og hvernig BAF hafi verið reiknað út á rannsóknartímabilinu. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um þróun BAF gjaldsins á rannsóknartímabilinu og mánaðarlegum upplýsingum um olíuverð á viðeigandi tegundum eldsneytis og innheimtu á BAF. Hér verða reifuð nokkur meginatriði í þeim skýringum sem bárust frá fyrirtækjunum, auk þess sem vikið er að þeim annars staðar þar sem fjallað er um atvik í tímaröð á grundvelli samtímagagna.¹⁵⁰⁵
2794. Í svörum beggja fyrirtækjanna við gagnabeiðni Samkeppniseftirlitsins kemur fram að bæði tóku upp BAF í upphafi árs 2003 í því skyni að sveiflur í olíuverði endurspegluðust í flutningskostnaði sem viðskiptavinir greiddu.
2795. Í skýringum Eimskips á útreikningi gjaldsins segir m.a. svo:

Í upphafi árs 2007 ákvarðaðist gjaldið þannig að meðalolíuverð, tekið af vefsíðunni www.bunkerworld.com fyrir Rotterdam á hverjum tíma miðað við mánuðinn á undan, var lækkað um 100, og því deilt í með 10, sem svo aftur var margfaldað með 6, sbr. neðangreindar jöfnur:

Tugir fyrir ofan : $\frac{\text{meðal olíuverð} - 100}{10}$
BAF Evrópu: $\text{Tugir fyrir ofan} * 6$

Álagið fyrir Ameríkuflutninga var síðan 20% álag ofan á álagið fyrir Evrópuflutninga fram til september 2008, er það var hækkað í 40%.

2796. Skýringar Samskipa á útreikningi BAF eru svohljóðandi:

BAF var reiknað samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$\text{BAF per TEU} = (a - k) * 60\%$$

Þessi formúla er rúnuð að næsta hálfu tug (5 USD)

a = meðalverð svartolíu í Rotterdam í líðandi mánuði (rúnað að næsta tug)

k = 100 USD per tonn

Fyrir lausavöru greiðist 6,20% af BAF per TEU á hvern rúmmetra og 12,25% af BAF per TEU á hvert tonn.

¹⁵⁰⁴ Bréf Samkeppniseftirlitsins til Eimskips dags. 13.09.2017, um ítrekun á upplýsingaskyldu og beiðni um frekari gögn og upplýsingar, töluliður 6.2, og bréf Samkeppniseftirlitsins um sama efni til Samskipa, dags. 18.10.2017, töluliður 6.2.

¹⁵⁰⁵ Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins dags. 13.10.2017, töluliður 6.2 og bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 24.11.2017, töluliður 6.2.



2797. Eins og fjallað hefur verið um í tengslum við BAF sýna samtímagögn að aðferð Samskipa og Eimskips við álagningu og útreikning á BAF hafi verið ólík því sem tíðkist í nálægum ríkjum. Framangreindar upplýsingar sýna hins vegar að aðferð Eimskips og Samskipa var frá upphafi nánast hin sama. Hjá báðum fyrirtækjunum var BAF reiknað af meðaltalsverði á svartolíu í mánuðinum á undan sem er umfram 100 USD á hvert tonn. Reiknuðu bæði fyrirtækin BAF sem 60% af þessum umframkostnaði (BAF kostnaði). Bæði fyrirtækin reiknuðu BAF í dollurum á hverja gámaeiningu (TEU). Eini sjáanlegi munurinn á útreikningsreglum Samskipa og Eimskips fólst í því að Samskip námundaði olíuverð að næsta hálfu tug sem og að tímaviðmið um þróun olíuverðs virðast ekki hafa verið nákvæmlega þau sömu.

2798. Eimskip greindi frá því við rannsókn málsins að í nóvember 2008 hafi sú breyting verið gerð að ný kostnaðarjafna hafi verið tekin í notkun. Við útreikning hafi verið notað meðalolíuverð síðasta mánaðar (umfram 100\$). Er greint nánar frá forsendum útreikningsins, en síðan segir:

Frá nóvember 2008 leit því kostnaðarjafnan út með svofelldum hætti:

- Aukaolíukostnaður: $s \cdot (e_1 \cdot (x_1 - 100) + (x_2 - 200) \cdot e_2 + e_3 \cdot x_3)$
 - Borgandi TEUs fjöldi: $n \cdot p$
 - Eining: USD á fullt TEU
 - BAF kostnaðarjafna:
- $BAF(x_1, x_2) = (e_1 \cdot (x_1 - 100) + e_2 \cdot (x_2 - 200) + e_3 \cdot x_3) \cdot s / n \cdot p$

- e_1 : IFO eyðsla
- x_1 : IFO verð
- e_2 : MGO eyðsla
- x_2 : MGO verð
- e_3 : Smurolíueyðsla
- x_3 : smurolíuverð
- s : lengd siglingar

BAF er skilgreint sem aukaolíukostnaður umfram \$100 IFO og \$200 MGO

Ofan á þetta lagðist svo 20% álag frá nóvember 2008 til ágúst 2011. Álagið var hækkað í þrepum (1% á mánuði) frá september 2011 til janúar 2012 upp í 25%, sbr. neðangreinda töflu. Hélt þáð þannig út hið umbeðna tímabil.

BAF Álag - Breytingar 2008-2013

nóv.08	sep.11	okt.11	Nov 11	des.11	jan.12
20%	21%	22%	23%	24%	25%

Eftir breytinguna í nóvember 2008 var BAF gjaldskrá látin endurspeglar meðaltal BAF-kostnaðar Eimskips síðastliðins mánaðar að viðbættu 20% BAF álagi. BAF fyrir N-Ameríku og Evrópu er reiknað í sitt hvoru lagi eftir breytingu. Forsendur jöfnunnar eru: Siglingatími (1/2 hringur), olíueyðsla á sólarhring, nýting siglingaleiða, lestunargeta og grunnolíuverð. Nýja formúlan er því **fastir liðir** þ.e. forsendurnar + álagið og **breytilegur olíukostnaðar** (meðalolíuverð skv. www.mabux.com á hverju BAF tímabili (ca. 4 vikur)). Í nýja kerfinu hækkar BAF gjaldið því einungis ef markaðsverð olíu hækkar og sömuleiðis lækkar það ef markaðsverðið lækkar.

2799. Sem nánari skýringu á breytingu á BAF í nóvember 2008 tekur Eimskip fram að athugun hafi sýnt að gjaldið endurspeglar kostnað ekki nægjanlega vel. Segir að „[á] þessum tíma var olíu kostnaður að hækka mjög hratt og sjóflutningsfyrirtæki víða um heim fundu mikið fyrir því að erfitt var að endurheimta kostnaðinn, sérstaklega á ákveðnum sjóleiðum yfir Atlantshafið. Í kjölfarið tók Eimskip þá ákvörðun að útbúa nýja kostnaðarjöfnu sem talin er endurspeglar raunverulegan kostnað betur. Forsendur jöfnunnar eru siglingartími, olíueyðsla á sólarhring, nýting siglingaleiða, lestunargeta og grunnolíuverð. Út frá þessu er BAF svo reiknað niður á TEU. Við gerð nýju kostnaðarjöfnun[ar] var



tekið mið af MAERSK Line stærsta sjóflutningsfyrirtæki í heimi og BAF jöfnunni sem [þ]að hafði gefið út. Ný gjaldskrá endurspeglar þannig meðaltal olúkostnaðar Eimskips að viðbættu álagi og áðurnefndum forsendum. BAF fyrir N-Ameríku er óháður BAF fyrir Evrópu, þ.e. reiknað í sitt hvoru lagi." Áréttu ber að fyrir breytinguna á formúlunni í nóvember hafði Eimskip stuttu áður, í september 2008, hækkað álag við útreikning á BAF vegna Norður-Ameríku flutninga úr 20% í 40%.

2800. Eins og samtímagögn lýsa skiptust fyrirtækin á upplýsingum um BAF og var það að fullu samræmt milli fyrirtækjanna í Norður-Ameríku flutningum, en Samskip notuðu sömu gjaldskrá og Eimskip fyrir BAF vegna flutninga til og frá Norður-Ameríku, sbr. umfjöllun hér að framan um atvik í ágúst 2008.

8.16.6.2. Eimskip hækkar álag og unnið að frekari breytingu formúlu BAF: atvik 15. – 30. september 2008

2801. Í áðurnefndri fundargerð „framkvæmdastjórafundar“ hjá Eimskip þann 15. september 2008 var fjallað um aukið samstarfi við Samskip. Þar kom einnig fram eins og áður segir eftirfarandi:

„Klára verður nýja reiknireglu fyrir USA BAF fyrir 1. október

Passa verður að BAF fari ekki of hratt niður við lækkun olíuverðs þar sem að við höfum þurft að bera töluvert óhagræði af hækkingu olíuverði í langan tíma.“

2802. Fundinn sátu m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-innanl. Rifja ber upp að BAF var rætt á fundi (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl með (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 þann 14. ágúst 2008 og telur Samkeppniseftirlitið tölvupóst (S)forstö-innfl1 frá 19. ágúst 2008, með öðrum fyrirliggjandi gögnum, sýna að Samskip og Eimskip hafi miðlað með ólögnum hætti upplýsingum um BAF (Norður-Ameríku BAF) á fundinum, sbr. kafli 8.15.7.2.

2803. Þann 22. september 2008 var aftur fjallað um BAF innan Eimskips. Þá sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst til (E)starfsm-flutnstýr, afrit til (E)forstö-flutnstý. Í viðhengi er Excel-skrá: „BAF380 nota 2004.xls“.¹⁵⁰⁶ Þar sem hér var vísað í BAF-útreikning fyrir árið 2004 er rökrétt að álykta að Eimskip hafi á þessum tíma verið að þreifa sig áfram með formúluna og álagningu á BAF. Upplýsingar sem fram koma í tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf til (E)frkvstj-EimÍsl um BAF formúluna daginn eftir, þ.e. 23. september 2008, styðja einnig við framangreinda ályktun, en þar segir: „Sendum þér á morgun hvaða áhrif þetta hefur á tekjur ef við lækkum BAF-ið á Evrópu og á móti hækkingu á USA og hvaða viðskiptavinir eru ekki að borga BAF“.¹⁵⁰⁷ Í viðhengi var glærुकyning, „BAF útreikningar“ í skjalinu „BAF 23sept2008“:

- Á glæru með fyrirsögninni „Tillaga“ stendur:

*„*BAF gjaldskrá endurspeglar meðaltal BAF-kostnaðar Eimskips síðastliðins mánaðar að viðbættu X% álagi;*

**X% álag er ýmist 10, 20 eða 30%;*

**BAF fyrir N-Ameríku sé óháð BAF fyrir Evrópu – (þ.e. reiknað sitt í hvoru lagi).“*

- Á glæru með fyrirsögninni „Skýringar“ er að finna reiknireglur og tillögur um það hvaða skýringar Eimskip skyldi gefa viðskiptavinum sínum á BAF en margir stórir viðskiptavinir höfðu kallað eftir skýringum frá Eimskip um innheimtu á gjaldinu. Þá fylgdi glæra með línuritum yfir tímabilið 1. október 2007 til 13. október 2008 sem sýndi annars vegar þróun svonefnds BAF kostnaðar¹⁵⁰⁸ í Evrópu og hins vegar BAF-tekjur skv. eftirfarandi fjórum möguleikum:

¹⁵⁰⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „BAF380 nota 2004.xls“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.28750.

¹⁵⁰⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „BAF 23sept2008.pptx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.29119.

¹⁵⁰⁸ Með hliðsjón af framanrituðu má ætla að í hugtakinu BAF-kostnaður hafi falist olúkostnaður umfram 100 dollara á tonn.



- (i) BAF skv. gjaldskrá 2007-08;
- (ii) Gjaldskrá skv. tillögu (álag 30%);
- (iii) Gjaldskrá skv. tillögu (álag 20%);
- (iv) Gjaldskrá skv. tillögu (álag 10%).

2804. BAF-tekjur voru í öllum tilvikum umfram BAF-kostnað þar sem en tekjurnar hækkuðu hlutfallslega með hærra álagi. Þá fylgdi samsvarandi glæra um BAF gjald viðskiptavina í Norður-Ameríku flutningum.
2805. Samkvæmt framansögðu var gert ráð fyrir að BAF stæði straum af öllum olíukostnaði umfram 100 dollara á tonn. Er það einnig í samræmi við svör Eimskips.¹⁵⁰⁹
2806. (E)frkvstj-flutnkerf sendi þann 24. september 2008 tölvupóst til (E)starfsm og spurði: „Við erum að skoða formúluna fyrir BAF útreikninga ásamt hækkun / lækkun á olíu í ágúst – sept getur þú sent mér hvaða magn ásamt verði við bunkeruðum á skipin okkar á þessu tímabili.“ (E)starfsm svaraði daginn eftir og sendi (E)frkvstj-flutnkerf Excel-skrá yfir olíutökur frá 1. ágúst 2008, en tók fram að reikningar fyrir afgreiðslur í september væru ekki allir komnir.¹⁵¹⁰ (E)frkvstj-flutnkerf sendi þessar upplýsingar áfram til (E)forstö-vörupróun og (E)forstö-flutnstý.
2807. Þann 30. september 2008 sendi (E)forstö-vörupróun tölvupóst til (E)starfsm og (E)starfsm-innfl og var afrit af honum sent m.a. til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl. Í honum sagði: „*Bið ykkur vinsamlega um að uppfæra BAF gjöld okkar í dag.*
- BAF vegna EU tekur breytingu skv. hefðbundnum útreikningi á olíuverði frá 25. ágúst til 25. sept.*
- BAF vegna US og CA. Vinsamlega reikna breytingu út frá olíuverði frá 25. ágúst til 25. sept. EN HÆKKA svo um 40% þar sem við höfum ekki náð að kovera olíukostnað okkar á Ameríkuleið.*
- TA BAF¹⁵¹¹ verður frá og með núna EU BAF + US/CA BAF.“¹⁵¹²*
2808. Til upprifjunar skal það nefnt að Eimskip hafði gefið viðskiptavinum sínum til kynna að BAF-útreikningar væru í föstum skorðum og réðust aðeins af heimsmarkaðsverði á olíu samkvæmt tiltekinni formúlu útreikningur Eimskips á BAF væri „algjörlega fræðilegur“, sbr. tölvupóst (E)forstö-innfl til Múrbúðarinnar 14. ágúst 2008 og umfjöllun í kafla 8.15.7.2.
2809. Af framangreindum tölvupóstum (E)frkvstj-flutnkerf frá 22.- 24. september 2008 og fundargerð Eimskips 15. september 2008 má skýrt ráða að Eimskip vann á þessum tíma að því að „skoða formúluna fyrir BAF útreikninga“, þ.e. að breyta útreikningi BAF í því skyni að hækka gjaldið. (E)frkvstj-flutnkerf hafði sem fyrr segir setið fundi með Samskipum dags. 14. ágúst og 5. september 2008 þar sem m.a. var rætt um BAF og á fyrri fundinum var upplýsingum einnig miðlað á milli fyrirtækjanna með ólögmetum hætti, sbr. kafla 8.15.7.2.
2810. Samkvæmt tölvupósti (E)forstö-vörupróun ákvað Eimskip þann 30. september 2008 að breyta útreikningi á BAF vegna beinna flutninga til Norður-Ameríku. Um verulega hækkun var að ræða. BAF gjald vegna flutninganna svarað til BAF gjalds í flutningum til Evrópu auk 20% álags en með breytingunni var álagið vegna Norður-Ameríku flutninga hækkað í 40%.

¹⁵⁰⁹ Í svarbréfi Eimskips til Samkeppniseftirlitsins frá 13.10.2017 kemur fram að grunnhugsun baki BAF sé „sú að kostnaður [Eimskips] við það að verð á hvert tonn af svartolíu fari yfir 100 bandaríkjadali sé innheimtur hjá viðskiptavinum. Fari kostnaður fyrir hvert tonn undir þá fjárhæð er þannig ekkert innheimt“.

¹⁵¹⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Afr í liner vessels ág. – sept. 2008.xls“. Viðhengi við afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.29336.

¹⁵¹¹ TA er skammstöfum fyrir Trans-Atlantic. Hér er því vísað til BAF fyrir flutninga milli Norður-Ameríku og Íslands sem fara um meginland Evrópu.

¹⁵¹² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip [...] Doc. ID. 0.7.33.111292.



2811. Þá var samkvæmt tölvupósti (E)forstö-vörubróun tekið upp nýtt BAF-gjald sem greiða skyldi af TA-flutningum (flutningum milli Norður-Ameríku og Íslands en færu um meginland Evrópu). Átti þessi breyting sér stað á sama eða svipuðum tíma og Eimskip hafði átt í ítrekuðum samskiptum við Samskip, þar sem m.a. var rætt um BAF.
2812. Framangreindir tölvupóstar (E)frkvstj-flutnkerf frá 22. og 24. september 2008, tölvupóstur (E)forstö-vörubróun frá 30. september 2008, auk breytinga Eimskips á kostnaðarjöfnu til útreiknings á BAF gjaldi í nóvember 2008 sýna því að olúgjöld Eimskips byggðust ekki á „fræðilegri formúlu“ sem endurspeglaði heimsmarkaðsverð á olíu. Breytingar Eimskips á forsendum gjaldsins sýna að nota átti það til að auka tekjur Eimskips. Sést þetta t.a.m. á tölvupósti (E)forstö-flutnstý til (E)forstj o.fl. frá 4. apríl 2013. Tölvupósturinn fjallar um breytingar Eimskips á forsendum útreiknings BAF á árinu 2008. Mælti (E)forstö-flutnstý „*ekki sérstaklega með að dreifa þessu því það má bera þetta saman við olíuverð og sjá að við höfum fíktað í okkar formúlu!*“.
2813. Með umræddri breytingu í september 2008 tókst Eimskip að hækka það BAF gjald sem viðskiptavinir greiddu. Þetta er m.a. staðfest í (E)forstö-innfl í tölvupósti til undirmanns og (E)forstö-útfl (afrit til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-flutnstý) 17. október 2008: „við [Eimskip] hækkuðum BAF útreikning“ vegna Norður-Ameríku með því að hækka álag úr 20% í 40%.¹⁵¹³
2814. Hér skal rifjað upp að um mánuði fyrr þann 19. ágúst 2008 gaf (S)forstö-innfl1 þau fyrirmæli að Samskip skyldu innheimta nákvæmlega sama BAF og Eimskip vegna Norður-Ameríku flutninga, sbr. kafla 8.15.7.2. Þar sem fyrirtækin höfðu komið á því fyrirkomulagi að hafa BAF vegna Norður-Ameríku flutninga samræmt að fullu þá leiddi „fikt“ Eimskips í formúlu BAF til þess að Samskip hækkaði einnig BAF gjald til viðskiptavina sinna.
2815. Gögn málsins sýna að haustið 2008 hafi heimsmarkaðsverð á skipaolíu farið hratt lækkandi. Skýring Eimskips við rannsókn málsins, sbr. umfjöllun hér að framan, um að breytingar á formúlu BAF hafi komið til vegna þess að olíukostnaður skipafélaga hafi á þessum tíma „hækkað mjög hratt“ eru ekki í samræmi við framangreinda þróun. Í samtímagagni frá Samskipum er að finna mánaðarleg yfirlit frá maí 2003 til desember 2008 um þróun á BAF miðað við mismunandi forsendur og olíuverð. Um verðþróun á skipaolíu (LS 380) kemur þar m.a. fram að eftir að verð náði hámarki í júlí 2008, 730 dollarar á tonn, fór það ört lækkandi og var u.þ.b. 295 dollar í nóvember 2008.¹⁵¹⁴ Í febrúar/mars 2009 útgáfu fagtímaritsins „Bunkerspot“ birtist eftirfarandi mynd sem sýnir verðþróun á skipaolíu frá febrúar 2008 til janúar 2009, m.a. í Evrópu og Norður-Ameríku.¹⁵¹⁵

¹⁵¹³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.114390.

¹⁵¹⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „BAFgjald2009.xls“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...]


¹⁵¹⁵ Sjá heimasíðu Bunkerspot: https://www.bunkerspot.com/images/mags/mag_pdfs/BS_v6i1_febmar_09.pdf.



Bunker Overview

12 month rolling price charts

380 CST Fuel Oil



2816. Í ljósi þessa kemur ekki á óvart að hækkun á BAF gjaldi haustið 2008 hafi sætt harðri gagnrýni viðskiptavina fyrirtækjanna sem kölluðu eftir skýringum þar sem þeir töldu hækkunina í andstöðu við þróun olíuverðs á heimsmarkaði. Að þessu verður vikið í næsta kafla.

2817. Að mati Samkeppniseftirlitins endurspeglar þessi framkvæmd ólögmaett samráð fyrirtækjanna og þær afleiðingar sem það hafði á verðlagningu og samkeppni. Í þessu sambandi skal áréttað að Eimskip vann áfram að því að „fikta“ í formúlu BAF til að hækka það, en í nóvember 2008 breytti Eimskip formúlu BAF vegna bæði Evrópuflutninga og Norður-Ameríku flutninga. Var þá tekin upp ný kostnaðarjafna til útreiknings BAF, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.6.

8.16.6.3. BAF gjald á Íslandi sagt óvenju hátt miðað við aðra markaði

2818. Það var ekki aðeins Múrbúðin sem gagnrýndi BAF gjaldið. Fleiri viðskiptavinir Samskipa og Eimskips lýstu óánægju sinni og vísuðu til lækkandi eldsneytisverðs á heimsmarkaði. Af samtímagögnum verður ráðið að Samskip og Eimskip vildu ekki sýna viðskiptavinum sína útreikninga á BAF. Töldu viðskiptavinir BAF gjald fyrirtækjanna óvenju hátt miðað við sambærileg gjöld á öðrum mörkuðum, sbr. hér á eftir. Er hér gagnlegt að rekja nokkur gögn sem draga þetta fram.

2819. Aukin álagning Eimskips á BAF sætti gagnrýni viðskiptavina fyrirtækisins sem kölluðu eftir skýringum þar sem þeir töldu hana í andstöðu við þróun olíuverðs á heimsmarkaði. Dagana 3. til 29. október 2008 áttu sér þannig stað tölvupóstsamskipti Eimskips við mikilvægan viðskiptavin (Aðföng) um BAF og þróun olíuverðs.

2820. Þann 3. október 2008 sendu Aðföng tölvupóst til undirmanns (E)forstö-innfl ((E)viðskstj2) og óskuðu eftir að fá sendar upplýsingar um þróun á olíuverði á heimsmarkaði og til samanburðar BAF hjá Eimskip. Bentu Aðföng á mjög öra lækkun á heimsmarkaðsverði á olíu samfara þrengingum í efnahagslífi og í tölvupóstinum sagði einnig þetta:

„Ég hef áhyggjur af því að þið séuð ekki að lækka á sama hátt og þið hækkið“.

2821. Aðföng ítrekaðu beiðnina viku síðar, þ.e. þann 10. október 2008, og tóku eftirfarandi fram: „Olía hríðfellur, og í þessu ástandi er það vel við hæfi að hafa þessa hluti á hreinu“. (E)viðskstj2 svaraði tölvupósti Aðfanga samdægurs og sagði m.a. að „[v]ið útreikninginn á BAF hjá okkur þá er stuðst við meðalverð yfir lengra tímabil, ekki bara einhverja toppa eða lægðir. Við erum ekki að nota sömu



olíu og talað er um í fréttum. Olían sem við notum er LS 380 og eru sveiflurnar á henni ekki eins og þeirri olíu sem nefnd er í fréttum, þó svo að vissulega sé fylgni þarna á milli."

2822. Líkt og (E)forstö-innfl, í framangreindu svari frá ágúst 2008 við fyrirspurn Múrbúðarinnar, gaf (E)viðskstj2 þannig ranglega til kynna BAF Eimskips væri grundvallað á hlutlægum mælikvarða sem byggðist eingöngu á verðþróun á viðkomandi olíu. Eimskip hafði stuttu áður eða í lok september 2008 breytt formúlu til útreiknings BAF og átti eftir að breyta formúlunni aftur í nóvember 2008, sbr. kafli 10.4.4. Þessi breyting hafði ekkert með verðþróun á viðkomandi olíu að gera heldur var markmiðið að hækka gjaldið og auka tekjur Eimskips (og þar með Samskipa þar sem BAF gjald fyrirtækjanna í Norður-Ameríku flutningum var að fullu samræmt, sbr. kafla 8.15.7.2).
2823. Aðföng töldu þetta ekki fullnægjandi svar frá Eimskip og daginn eftir krafðist fyrirtækið í tölvupósti til (E)viðskstj2 að „fá frá ykkur þetta skjal, sem sýnir þróun á heimsmarkaði, sem þið notist við, og svo þróun á baf við hliðina á.“ Í framhaldinu áttu sér stað samskipti milli starfsmanna Eimskips ((E)viðskstj2, (E)starfsm-innfl, (E)starfsm, (E)forstö-vörubrúun og (E)forstö-flutnstý) þar sem unnið var að því að taka saman upplýsingar um þróun BAF gjalds með samanburði við þróun heimsmarkaðsverðs á olíu. Sýna gögnin að þann 17. október 2008 sendi (E)forstö-flutnstý tölvupóst til (E)viðskstj2, (E)starfsm, (E)starfsm-innfl og (E)forstö-vörubrúun og sagði: „Hér er olíuverðsþróun jan-sept 2008. Ég er að bíða eftir meiri gögnum til að setja þetta saman 2003-2008“. Meðfylgjandi svari (E)forstö-flutnstý var skráin „Olíuverðsþróun 2008.xls“.¹⁵¹⁶
2824. Aðföng héldu hins vegar áfram að kvarta yfir BAF gjaldi Eimskips. Sendi fyrirtækið tölvupóst til (E)viðskstj2 þann 29. október 2008 undir fyrirsögninni: „bafið, sem er alla lífandi að drepa.... nema skipafélögin“. Vildu Aðföng fá lækkun á BAF gjaldi til samræmis við lækkun á olíuverði. Þar sagði: „Varðandi olíugjaldið, þá sé [ég] að olían sem þið notið hefur lækkað úr 538 í 266 dollara. Það er nánast 50% lækkun á einum mánuði. Ég vænti þess að þið lækkið a.m.k. samsvarandi því BAF-ið“. Af innanhússamskiptum Eimskips í kjölfarið má leiða að BAF gjald Eimskips myndi ekki ná 50% lækkun í takt við þróun á olíuverði, sem Aðföng vísuðu til.¹⁵¹⁷
2825. Setja verður framangreind samskipti í samhengi við þá niðurstöðu að áralöng ólögmæt markaðsskipting Samskipa og Eimskips tók m.a. til flutningsviðskipta Aðfanga, sbr. umfjöllun í kafla 14.25.1, 14.27, 14.37.6 og 14.49.
2826. Erlendir viðskiptavinir staðhæfðu á þessum tíma að BAF gjald á Íslandi væri óeðlilega hátt. Þann 27. október 2008 barst Samskipum þannig tölvupóstur frá Norske skog sem benti fyrirtækinu á að BAF á Íslandi væri mun hærra en á öðrum mörkuðum, en þar sagði: „Now that I have reviewed all markets and prices, I would like to point out, that the BAF for Iceland is quite high compared to other markets.“¹⁵¹⁸
2827. Samhengisins vegna má nefna að kvartað var yfir hinu sama ári síðar. Fyrir liggur að í nóvember 2009 kvartaði skipafélagið Maersk yfir BAF gjaldi Samskipa og sagði það miklu mun hærra en á öðrum flutningamörkuðum. Var BAF gjald Samskipa sagt vera;
- „extremely high and is not comparable to anything on the market (being upto 20 times as much as market level!“.
2828. Á árinu 2009 lýsti Maersk því að verð Eimskips væri „extremely high“ og tók fram að Eimskip hefði, ólíkt Maersk, ekki skilað verulegri lækkun á kostnaði til viðskiptavina, sbr. kafla 14.15.
2829. Í Morgunblaðinu, þremur dögum eftir tölvupóst Norske skog, eða 30. október 2008, kom fram að erlendis hefðu farmgjöld aldrei lækkað jafnmikið. Rætt var við (S)forstj og tók hann m.a. þetta fram: „Olíuverð er einnig að lækka mikið og það dregur úr rekstrarkostnaði skipa. Farmgjöld lækka á

¹⁵¹⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.634972.

¹⁵¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.444567.

¹⁵¹⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.680845.



ýmsum sjóleiðum við slíkar aðstæður og það er hið besta mál fyrir okkur og viðskiptavinum okkar", sbr. kafla 10.4.2. Verð Samskip voru hins vegar ekki lækkuð á þessum tíma, þ.á m. BAF gjald.¹⁵¹⁹

2830. Í byrjun nóvember 2008 hafði BAF-gjaldskrá Maersk, sem Samskip skiptu við, á siglingaleiðinni milli Evrópu og Austurlanda fjær, lækkað mjög mikið. Eins og áður greinir spurði starfsmaður Samskipa erlendis (S)forstö-útfl hvort Samskip ættu sökum þessa ekki að lækka BAF gjald sitt. (S)forstö-útfl hafnaði því í tölvupósti frá 7. nóvember 2008. Samskip ákváðu þannig að láta viðskiptavinum sína, t.d. útflytjendur á fiski frá Íslandi til Austurlanda fjær, ekki njóta þessa heldur kröfðu þá áfram um BAF samkvæmt þrefalt hærri gjaldskrá, sbr. kafla 10.4.4

8.16.7. Markaðsskipting á Austurlandi og framkvæmdastjórnar landflutninga hittast í Smáralind

2831. Hér að framan var fjallað um þann þátt hins ólögmeta samráðs Samskipa og Eimskips sem sneri að verðhækkunum, þ. á m. svokölluðu karagjaldi en eins og áður segir höfðu Samskip þann 8. september 2008 tilkynnt um upptöku á karagjaldi í útflutningi. Samtímagögn sýna umfjöllun og áform um aukna innheimtu á karagjaldi hjá Eimskip daginn eftir, sbr. fundargerð frá fundi stjórnenda Eimskips 9. september 2008. Sama kvöld hóf Eimskip innleiðingu á karagjaldi í útflutningi á alla gáma og átti sú hækkun að koma til framkvæmda í sömu viku, sbr. tölvupóst (E)deildstj-útfl1 til (E)frkvstj-EimÍsl, afrit til (E)forstö-útfl , að kvöldi 9. september 2008.
2832. Var karagjald áfram til umræðu á næsta fundi stjórnenda Eimskips viku síðar, 16. september 2008. Á fundinn voru mættir m.a. (E)frkvstj-innanl, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-útfl og (E)frkvstj-flutnkerf. Höfðu allir framangreindir stjórnendur Eimskips verið í samskiptum við Samskip á þessum tíma.
2833. Í fundargerð vegna fundar stjórnenda Eimskips 16. september 2008 var greint frá því að verið væri að vinna að samburði á gjaldskrá Eimskips og Samskipa og eftirfarandi segir um karagjald Samskipa:

*„Markaðurinn er ósáttur við karagjaldið sem Samskip innleiddi í sl. viku á sína viðskiptamenn, bæði nálgunina og einnig þá hækkun sem þetta færir á „bottom line“ verð þeirra. Við höfum ekki breytt hjá okkur þeirri aðferðafræði að rukka karagjald einungis á 40 feta RF gáma. Þurfum að skoða hvort við breytum því að innheimta karagjald á alla gáma sem við flytjum tóm kör til IS“.*¹⁵²⁰

2834. Skoða verður þessi ummæli í fundargerðinni í ljósi þess að viku áður, þ.e. 9. september 2008, var Eimskip búið að ákveða að taka upp aukna innheimtu á karagjaldi. Fyrir liggur að 9. september 2008 höfðu starfsmenn útflutningsdeildar fengið fyrirmæli frá yfirmönnum sínum (líklega (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-útfl) um að útbúa tilkynningu til viðskiptavina og innleiða þessa sömu viku karagjald á alla 20 feta gáma. Á hinn bóginn liggur ekki fyrir hvort og hvenær Eimskip hóf aukna innheimtu á karagjaldi, sbr. fundargerð af fundi Eimskips 16. september 2008. Þó liggur fyrir að Eimskip tilkynnti um verðhækkunir 14. nóvember 2008. Þær verðhækkunir tóku m.a. til útflutnings á fiski, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.7. Af því tilefni tók Eimskip einnig upp nýtt gjald fyrir tollskjalagerð í útflutningi vegna tómrá fiskikara til Íslands.¹⁵²¹
2835. Í áætlun útflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2009 kom fram að Samskip hefðu tekið upp karagjald árið 2008 og var áætlað að það myndi skila fyrirtækinu tekjum að upphæð 40 milljónir króna árið 2009.¹⁵²² Í afhentum gjaldskráum Samskipa vegna útflutnings á ferskum fiski árin 2009 til 2012 má sjá að innheimt var karagjald, eða „Tube repos“.¹⁵²³

¹⁵¹⁹ Afhent skjal Samskipa „BAF 2007-2013“, afhent með bréfi Samskipa til Samkeppniseftirlitsins dags. 24.11.2017, tölul. 6.2.

¹⁵²⁰ Afhent afrit af fundargerð frá Eimskip. „Fundargerð EI vika 38 2008“, dags. 16.09.2008. Afhent þann 13.10.2017, liður 9.

¹⁵²¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.290005.

¹⁵²² Afritað skjal frá Samskipum. „Áætlun Útflutningssdeildar 2009“, bls. 15. Síðast vistað á sameiginlegu tölvudrifi Samskipa 14.10.2009, kl. 15:39.

¹⁵²³ Þetta gjald var ekki á afhentri gjaldskrá vegna ársins 2008. Afhentur gjaldskrár Samskipa vegna útflutnings á ferskum fiski, árin 2008 til 2012. Afhent 24.11.2017, viðauki 6.



2836. Liggur fyrir að sama dag og fyrrnefndur fundur Eimskips fór fram, þar sem fjallað var um aukið karagjald á viðskiptavinum, 16. september 2008, voru fyrirtækin í samskiptum vegna ólögmætrar skiptingar á flutningsleiðum, sbr. umfjöllun hér síðar. Daginn eftir átti [\(E\)frkvstj-innanl](#), sem hafði verið þátttakandi í áðurnefndum fundum Eimskips (þar sem m.a. var rætt um aukið karagjald), fund með [\(S\)frkvstj-innanl](#) þar sem málefni fyrirtækjanna voru rædd.
2837. Af framangreindum gögnum má skýrlega sjá að Eimskip sá karagjald Samskipa ekki sem tækifæri til sóknar gagnvart óánægðum viðskiptavinum keppinautarins. Er það í samræmi við önnur samtímagögn um hina ólögmætu háttsemi. Þá vísast til þess að með sátt við Eimskip viðurkennir fyrirtækið að hafa á rannsóknartímabilinu brotið alvarlega gegn 10. gr. samkeppnislaga, m.a. með samráði við Samskip um álagningu gjalda, ákvörðun afsláttarkjara í flutningsþjónustu og miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum. Er sátt Eimskips í samræmi við samtímagögn um samráð Samskipa og Eimskips um álagningu karagjalds í útflutningi.
2838. Sem fyrr segir kom „*sendinefnd*“ frá Samskipum á fund svæðisstjóra Eimskips á Austurlandi ([\(E\)svæðisstj1](#)) þann 9. september 2008. Strax eftir þann fund greindi [\(E\)svæðisstj1](#) m.a. [\(E\)frkvstj-innanl](#) frá efni hans. Sagði í tölvupósti hans að Samskip hefðu óskað eftir „*samvinnu í akstri milli Norður- og Austurlands, og í dreifingu innan Austurlands, frá EGS til SEY og frá RFJ til ESK/NES.*“ Þá kom fram í tölvupósti [\(E\)svæðisstj1](#) að niðurstaða fundarins hafi verið að tveimur starfsmönnum fyrirtækjanna, [\(S\)rekststj-landfl3](#) og [\(E\)þjstj-Austur](#), hafi verið; „*falið að fara yfir stöðuna, og finna út hvar við getum unnið saman, báðum til hagsbóta. Fara yfir tímasetningu á akstri, magni og reyna að finna út eðlilega gjaldtöku.*“
2839. Þetta leiddi til niðurstöðu.
2840. Þannig greindi [\(E\)svæðisstj1](#) frá því þann 16. september 2008 að Eimskip og Samskip hefðu náð samkomulagi um umrædda flutninga. Það gerði hann í tölvupósti til [\(E\)frkvstj-innanl](#) og með afriti til [\(E\)frkvstj-EimÍsl](#). Í honum sagði m.a.:
- „*(E)þjstj-Austur og [(S)rekststj-landfl3] hjá Samskipum eru búnir að koma sér saman um að Eimskip sjá um akstur REF-ESK-NES og Samskip um SEY.*“¹⁵²⁴
2841. Við skýrslutöku hjá lögreglu var framangreindur tölvupóstur [\(E\)svæðisstj1](#) borinn undir [\(S\)forstj](#). Kvaðst [\(S\)forstj](#) ekki geta útskýrt efni hans. Neitaði hann aðspurður að hafa vitað af þessu og gaf þær skýringar að „*það er margt og mikið sem að hérna, sem að hérna er á, að hérna koma á stóru fyrirtæki, stóru heimili*“. Þá sagðist [\(S\)forstj](#) ekki þekkja hver hafi tekið ákvörðun um framangreinda skiptingu á flutningsleiðum. Var [\(S\)forstj](#) þá spurður um hvort undirmenn hans hefðu haft heimild eða umboð til að taka ákvarðanir um skiptingu á flutningsleiðum milli fyrirtækjanna. Svaraði hann svo:
- [\(S\)forstj](#) Ég væri til í að vita bara sko hvernig skipting það hefði verið.
- HS Já, myndi það breyta máli hvernig skiptingu?
- [\(S\)forstj](#) Nei, ég bara, ég get ekki séð að það hafi hérna átt sér stað.
- HS Gekk þetta skipulag eftir?
- [\(S\)forstj](#) Ég þekki það ekki.¹⁵²⁵
2842. Við skýrslutöku hjá lögreglu var [\(E\)forstj](#) bent á að tölvupóstur [\(E\)svæðisstj1](#) til [\(E\)frkvstj-innanl](#) frá 16. september 2008 gæfi til kynna að Eimskip og Samskip hefðu komið sér saman um ákveðna skiptingu á flutningsleiðum í landflutningum. Aðspurður kvaðst [\(E\)forstj](#) ekki hafa vitað af þessu. Var

¹⁵²⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.228346.

¹⁵²⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 126.



hann spurður hvort undirmenn hans hefðu haft heimild að gera samkomulag af þessum toga við Samskip. Neitaði hann því.¹⁵²⁶

2843. Samkvæmt framansögðu kváðust forstjórar Eimskips og Samskipa ekkert vita um það samkomulag sem lýst er í tölvupósti (E)svæðisstj1. Í svari (E)forstj fólst að (E)þjstj-Austur, (E)svæðisstj1 og (E)frkvstj-innanl hafi verið óheimilt að semja með þessum hætti við Samskip án heimildar frá (E)forstj. Svar (S)forstj við sömu spurningu er mjög óljóst.
2844. Í kafla 8.17.15 er gerð grein fyrir tölvupósti (E)frkvstj-innanl til (E)forstj og (E)frkvstj-Eimísl frá 10. október 2008. Vísaði hann til umræðna við (E)forstj og (E)frkvstj-Eimísl um hugmyndir að umfangsmikilli samvinnu við Samskip í landflutningum. Var eðli þess samstarfs í samræmi við glæruna um landflutninga í „Nýtt upphaf“ verkefninu. Gerði (E)frkvstj-innanl grein fyrir tiltekinni „viðbót“ við þetta samstarf Eimskips við Samskip og kvaðst ekki vilja staðfesta fund um þessar hugmyndir „nema með ykkar vitund og samþykki“. (E)forstj svaraði samdægurs og sagði:
- „Halda viðræðum áfram“.
2845. Var þannig lagt fyrir (E)frkvstj-innanl að ræða áfram samráðshugmyndir við Samskip. Í þessu ljósi er framangreindur framburður (E)forstj við skýrslutöku hjá lögreglu einkar ótrúverðugur.
2846. Eimskip og Samskip voru á þessum tíma samanlagt með afar sterka stöðu í landflutningum á Íslandi. (S)forstj og (E)forstj og næstráðendum þeirra í landflutningum (framkvæmdastjórnarnir (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl) hlaut því að vera ljóst að allt samstarf þessara fyrirtækja í landflutningum og sjóflutningum væri afar viðkvæmt í samkeppnislegu tilliti, sbr. t.d. umfjöllun í kafla 4.6.6 um ákvörðun samkeppnisráðs nr. 27/2003 og úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í málum nr. 13/1997 og 9/2003. Í því sambandi ber einnig að hafa í huga að fyrirtækin hafa ítrekað lýst því yfir við rannsókn málsins að þeim hafi verið ljós nauðsyn þess að óska eftir undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga áður en þau gætu hafið samstarf í m.a. landflutningum. Er því ótrúverðugt að undirmenn (S)forstj og (E)forstj hafi gert framangreint samkomulag án nokkurrar vitneskju eða aðkomu þeirra. Að sama skapi er ótrúverðugt að (E)forstj og (S)forstj hafi ekki getað útskýrt samkomulagið vegna þess að þeir hafi ekkert vitað um þessi samskipti fyrirtækjanna sem þeir stýrðu. Þetta er enn ótrúverðugra þegar horft er til þess að aukið samstarf í landflutningum var eitt af verkefnum í „Nýtt upphaf“ glærukynningunni, sbr. og framangreindan tölvupóst (E)forstj frá 10. október 2008. Þar að auki bera fyrirtæki ábyrgð á allri háttsemi starfsmanna sinna sem fer gegn samkeppnisreglum.¹⁵²⁷ Þá skal áréttað að um brot er að ræða þótt ekki sé sýnt fram á að æðstu stjórnendur hafi haft vitneskju um viðkomandi atvik.¹⁵²⁸
2847. Í meðal annars mgr. 822 í athugasemdum Samskipa við AI er staðfest að Samskip hafi annast flutninga fyrir Eimskip milli Seyðisfjarðar og Egilsstaða og að Eimskip hafi annast flutninga fyrir Samskip milli Reyðarfjarðar og Neskaupsstaða. Halda Samskip því fram að þetta hafi verið tilfallandi gagnkvæm viðskipti og ekki farið gegn 10. gr. samkeppnislaga.
2848. Samkeppniseftirlitið bendir á að tölvupóstur (E)svæðisstj1 til (E)frkvstj-innanl frá 16. september 2008 er skýrt samtímagagn. Sýnir hann að fyrirtækin höfðu náð saman um skiptingu landflutningamarkaða eftir landsvæðum. Samskip myndu annast flutninga fyrir Eimskip milli

¹⁵²⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 175.

¹⁵²⁷ Sjá t.d. mgr. 23 – 24 í dómi dómstóls ESB frá 21.07.2016 í máli nr. C-542/14, VM Remonts, EU:C:2016:578: “23. [...] An employee performs his duties for and under the direction of the undertaking for which he works and, thus, is considered to be incorporated into the economic unit comprised by that undertaking [...].

24. For the purposes of a finding of infringement of EU competition law any anti-competitive conduct on the part of an employee is thus attributable to the undertaking to which he belongs and that undertaking is, as a matter of principle, held liable for that conduct.”

¹⁵²⁸ Sjá t.d. mgr. 151 í dómi undirréttar ESB í máli nr. T-146/09, Parker gegn framkvæmdastjórninni, EU:T:2013:258: „It is must be borne in mind that, according to settled case-law, for an infringement of Article 85 EC to be attributed to an undertaking it is not necessary for there to have been action by, or even knowledge on the part of, the partners or principal managers of the undertaking concerned by that infringement; action by a person who is authorised to act on behalf of the undertaking suffices [...].”



Seyðisfjarðar og Egilsstaða og þar með myndi Eimskip ekki stunda akstur á þessari leið í samkeppni við Samskip. Hið sama leiddi af samkomulaginu um flutninga Eimskips fyrir Samskip á flutningaleiðinni Reyðafjörður – Eskifjörður og Neskaupsstaður. Samkeppniseftirlitið vísar hér til umfjöllunar í kafla 4.6.4 um ólögmdæta markaðsskiptingu skv. 10. gr. samkeppnislaga. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að þetta samtímagagn sýni að náðst hafi ólögmdætur samningur milli Samskipa og Eimskips um skiptingu landflutningamarkaða eftir landsvæðum. Var þetta í samræmi við það markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins að „auka samstarf“ fyrirtækjanna í landflutningum, sbr. glæru 2 í kynningunni. Eins og rökstutt er í kafla 25.38.5 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á það með Samskipum að um hafi verið að ræða lögmdætt samstarf. Í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið viðurkennir fyrirtækið brot gegn 10. gr. samkeppnislaga með samráði við Samskip um „landflutningaþjónustu á flutningaleiðum á Íslandi og skiptingu á mörkuðum á tilteknum flutningaleiðum.“

2849. Sama dag og (E)frkvstj-innanl fékk tölvupóstinn frá (E)svæðisstj1, 16. september 2008, sendi hann fundarboð til (E)frkvstj-Eimísl og þann 17. september 2008 var bókað í dagbók (E)frkvstj-innanl að hann hafi átt fund með (E)frkvstj-Eimísl frá 10:00-11:00 „vegna EXP karamál o.fl.“¹⁵²⁹ Þegar þessi lýsing og framangreind fundargerð frá deginum á undan er höfð í huga er líklegt að áðurgreint karagjald Samskipa hafi borið á góma, sbr. umfjöllun hér að framan um þau atvik samráðs Samskipa og Eimskips. Samkvæmt dagbók (E)frkvstj-innanl var hann klukkutíma síðar bókaður á eftirfarandi fund:

„(S)frkvstj-innanl Smáralind“.¹⁵³⁰

2850. Átti þessi fundur að standa frá 12:00 til 13:30. Samkvæmt þessu hittust yfirmenn landflutninga hjá Samskipum og Eimskip á fundi í verslunarmiðstöðinni Smáralind í hádeginu 17. september 2008. Höfðu þeir hist áður, sbr. m.a. fund þeirra á kaffihúsinu Mokka 4. júlí 2008 sem lýst er í kafla 8.7. Einnig áttu þeir fundi í október 2008, sbr. umfjöllun í kafla 10.3.

2851. Hér ber að rifja upp að aðspurður sagði (E)frkvstj-innanl við upplýsingagjöf hjá Samkeppniseftirlitinu í september 2013 að hann hafi ekki átt í neinum samskiptum við Samskip vegna samstarfs fyrirtækjanna, sbr. kafla 7.7.2. Greindi (E)frkvstj-innanl þannig ekki frá fundi sínum með (S)frkvstj-innanl á Mokka 4. júlí 2008 og ekki heldur frá fundinum í Smáralind 17. september 2008.

2852. Hvorki Eimskip né Samskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um fund (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl þann 17. september 2008.¹⁵³¹ Þar af leiðandi afhentu fyrirtækin ekki gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á fundinum. Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hafa ekki fundist fundargerð eða minnisþingtar sem teknir hafa verið saman á fundinum.

2853. Í mgr. 895 í athugasemdum Samskipa við AI segir að (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl hafi verið í samskiptum vegna landflutningastarfsemi fyrirtækjanna. Segir fyrirtækið að Samkeppniseftirlitið „fullyrði“ að (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl hafi fundað 17. september 2008. Í mgr. 506 í athugasemdum Samskipa við AI kemur fram að (S)frkvstj-innanl reki „ekki minni til að hafa hitt (E)frkvstj-innanl á fundi í Smáralindinni“. Þannig kemur ekki skýrt fram í sjónarmiðum Samskipa hvort fyrirtækið staðfesti að þessi umræddi fundur hafi átt sér stað eða hafni því. Í athugasemdum Eimskips er aftur á móti staðfest að fundurinn átti sér stað sem og umræðuefnið einnig staðfest. Í mgr. 358 og 359 í athugasemdum Eimskips við AI kemur þannig fram að á fundinum í Smáralind 17. september 2008 hafi (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl rætt um mögulegan tvíhliða flutningasamning milli Eimskips og Samskipa. Jafnframt hafi verið rætt um að möguleikar væru á „annars konar samstarfi, s.s. rekstri sameiginlegra vöruafgreiðslna.“ Þessu til skýringar vísar Eimskip

¹⁵²⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.228522.

¹⁵³⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.193974.

¹⁵³¹ Í kafla 23 er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga.



til þess að á „þessum tíma voru miklar blikur á lofti í efnahagsástandi heimsins en Lehmann Brothers bankinn féll t.a.m. þann 15. september 2008.“ Segir Eimskip einnig að fyrirtækjunum hafi verið fullkomlega ljóst að það þyrfti undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga til þess að ráðast í samstarf af þessum toga. Í kafla 25.23.7 er fjallað nánar um athugasemdir Samskipa vegna fundarins 17. september 2008.

2854. Við mat á atvikum tengdum fundi (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl 17. september 2008 skipta máli framangreind drög að samkomulagi Eimskips og Samskipa um víðtækt samráð í landflutningum. Samkvæmt afhentum tölvupósti Eimskips hafði (E)frkvstj-innanl, daginn fyrir fund með (S)frkvstj-innanl, 4. júlí 2008, sent tölvupóst til lögmanns fyrirtækisins með heitinu „*Tvíhliða flutningasamningur í landflutningum*“. Í póstinum vísar (E)frkvstj-innanl til þess að hann finni ekki hjá sér eintak og biður umræddan lögmann því að senda til sín „*drög að „tvíhliða flutningasamningi” sem við vorum að vinna saman árið 2006.*“¹⁵³² Ekki liggur fyrir hvort þessum tölvupósti var svarað en ljóst er að (E)frkvstj-innanl átti eftir að komast yfir eintak af drögunum því sem fyrr segir sendi (E)frkvstj-innanl drögin til (E)svæðisstj1 deginum áður en „*sendinefndin*“ frá Samskipum kom á fund (E)svæðisstj1 (8. september 2008). Við rannsókn málsins óskaði Samkeppniseftirlitið eftir að Eimskip og Samskip myndu afhenda afrit samninga og samningsdraga við önnur flutningafyrirtæki (þ.á m. milli þeirra).¹⁵³³ Samskip hafa afhent Samkeppniseftirlitinu eintak af umræddum drögum frá 2008 en afhentu ekki þau sem voru dagsett 2006.¹⁵³⁴ Eimskip synjaði á hinn bóginn afhendingu gagna vegna þessarar upplýsingaskyldu fyrirtækisins.¹⁵³⁵
2855. Framangreind afhent drög Samskipa eru dagsett sama dag og fundur (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl í Smáralind átti sér stað, þ.e. 17. september 2008. Fela drögin í sér víðtækt samstarf milli fyrirtækjanna og tóku drögin þannig til samvinnu Eimskips og Samskipa á helstu landflutningaleiðum hér á landi. Segir í drögunum að Samskip og Eimskip myndu „*annast flutninga fyrir hvort annan í áætlunarkerfum sínum samkvæmt óskum þar um.*“ Gætu fyrirtækin falið hvort öðru flutninga á vörum teldu þau það hagkvæmara en að stofna til sérstakrar ferðar með eigin flutningatækjum. Einnig kemur fram að Eimskip og Samskip fengju „*eftirfarandi afslátt frá verðskrár hvors annars vegna landflutninga með áætlunarbílum hvors annars á eftirtöldum leiðum:*
- Rvk-flutningamiðstöð / flutningamiðstöð-Rvk 55%*
- Aðrar leiðir 45%*
- Það sem tilgreint var sem „*aðrar leiðir*“ væru leiðir sem „*verktakar*“ sæju um. Um er að ræða eftirfarandi áfangastaði á þeim leiðum: Akranes, Blönduós, Borðeyri, Búðardal, Drangsnæs, Fagurhólsmýri, Garð, Grindavík, Grundarfjörð, Hellissand, Hofsó, Hólmavík, Hvammstanga, Höfn, Keflavík, Njarðvík, Ólafsvík, Sandgerði, Sauðárkrók, Siglufjörð, Skagaströnd, Stykkishólm, Voga, Þorlákshöfn, Patreksfjörð, Tálknafjörð og Bíldudal. Jafnframt segir í drögunum að samningurinn væri gerður með fyrirvara um að Samkeppniseftirlitið heimilaði undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga, sbr. 15. gr. laganna. Samningurinn tæki ekki gildi fyrr en að fengnu slíku samþykki.
2856. (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl áttu fund með Samkeppniseftirlitinu þann 16. október 2008 vegna mögulegs samstarfs fyrirtækjanna í landflutningum. Ekki var á þeim fundi greint frá þessum drögum og því síður sótt um undanþágu vegna þeirra. Ekki var heldur greint frá „*Nýtt upphaf*“ verkefni fyrirtækjanna, sbr. nánari umfjöllun í kafla 8.19.6.

¹⁵³² Fskj. 16 með athugasemdum Eimskips við AI. Afhentur tölvupóstur Eimskips. Frá [...] til Logos, afrit til [...]. „*Tvíhliða flutningasamningur í landflutningum*“, dags. 03.07.2008, kl. 08:32.

¹⁵³³ Bréf Samkeppniseftirlitsins til Samskipa frá 29.01.2015, ii) 10. tölul. Bréf Samkeppniseftirlitsins til Eimskips 23.01.2015, ii) 11. tölul.

¹⁵³⁴ Afhent tölvuskjal frá Samskipum 10.04.2015. „*Flutningssamkomulag milli Samskipa hf. og Eimskipafélags Íslands ehf. dagsett 17.09.2008*“. Fskj. 10 ii) upplýsingabeiðni 29.01.2015, sbr. svarbréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins frá 10.04.2015.

¹⁵³⁵ Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins frá 23.03.2015, sbr. einnig bréf Eimskips frá 19.2.2016 eftir ítrekunarbréf Samkeppniseftirlitsins dags. 22.10.2015.



2857. Morguninn eftir fundinn með (S)frkvstj-innanl þann 17. september 2008 í Smáralind sendi (E)frkvstj-innanl tölvupóst (kl. 08:24) til undirmanna sinna og bar hann heitið:

„Landflutningar fyrir Samskip“

2858. Var tölvupósturinn til (E)svæðisstj1 (svæðisstjóra á Austurlandi), Eey (svæðisstjóra á Akureyri) og (E)starfsm (rekstrarstjóra á Vestfjörðum). Afrit af póstinum fengu (E)rekstj-aksturst, (E)sölustj-innanl1, (E)þjstj-Austur og SA. Í tölvupóstinum sagði:

„Mig langar til að biðja ykkur um að senda mér punkta um hvaða þjónustu við erum að veita Samskip og eins hvað erum að kaupa af þeim eftir flutningsleiðum og eins á hvaða verðum er verið að vinna/kaupa flutninga.

Eins hvort þið sjáið tækifæri í því að auka svona tvíhliða flutningssamninga.“¹⁵³⁶

2859. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)forstj spurður um þennan tölvupóst (E)frkvstj-innanl. Svaraði hann með þessum hætti:

(S)forstj Ég bara þekki það ekki.

HS Var í skoðun tvíhliða flutningssamningur á milli Eimskips og Samskipa í innanlandsflutningum?

(S)forstj Ég þekki það ekki.

HS Manstu eftir einhverri umræðu um þetta?

(S)forstj Nei.

HS Voru einhverjir eldri samningar til staðar?

(S)forstj Ég þekki það ekki.

HS Og þessi tillaga, það er talað um að auka samstarfið.

(S)forstj Ég þekki það ekki, ég sko, þið þekkið að örugglega miklu betur heldur en ég sko að hérna ...

HS En við erum að, erum að spyrja þig sko.

(S)forstj Já, ég þekki það ekki.¹⁵³⁷

2860. (S)forstj var þá bent á að ummælin í tölvupósti (E)frkvstj-innanl um að „auka“ samstarf í landflutningum væri í samræmi við það sem fram kæmi í „Nýtt upphaf“ glærukynningunni. Kaus (S)forstj að tjá sig ekki um þetta.¹⁵³⁸ (S)forstj var einnig spurður um framangreind drög að samningi milli Eimskips og Samskipa. Kvaðst hann ekkert vita um þetta. Hann kvaðst heldur ekki vita hvort unnið hafi verið eftir drögunum eða hvort í gildi hafi verið munnlegur samningur milli Eimskips og Samskipa í landflutningum.¹⁵³⁹

2861. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj einnig spurður um framangreind atriði. Kvaðst (E)forstj ekkert vita um umfjöllun um aukna samvinnu við Samskip sem lýst væri í tölvupósti (E)frkvstj-innanl og kvaðst heldur ekki þekkja drögin að landflutningasamningnum.¹⁵⁴⁰

2862. Samkeppniseftirlitið vísar hér til umfjöllunar um framburði (S)forstj og (E)forstj um tölvupóst (E)svæðisstj1 til (E)frkvstj-innanl 16. september 2008. Með vísan til sömu sjónarmiða og þar koma fram telur Samkeppniseftirlitið framburði (S)forstj og (E)forstj um framangreind gögn frá 17.

¹⁵³⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.52064.

¹⁵³⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 127.

¹⁵³⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 127.

¹⁵³⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 127-128.

¹⁵⁴⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 175-176.



september 2008 vera ótrúverðuga. Þar að auki bera fyrirtæki ábyrgð á allri háttsemi starfsmanna sinna sem fer gegn samkeppnisreglum.

2863. Þegar fundur (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl í Smáralind og samningsdrögin eru virt með þessum tölvupósti (E)frkvstj-innanl blasir að mati Samkeppniseftirlitsins við að fundur þeirra var hluti af þeim þætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem laut að því að vinna að auknu ólögmætu samráði fyrirtækjanna í landflutningum. Hið sama á við um fund þeirra 4. júlí 2008. Er þetta í raun viðurkennt af Eimskip að því leyti að fyrirtækið segir í athugasemdum sínum að Samskip og Eimskip hafi á þessum fundum rætt um aukið samstarf í landflutningum. Jafnframt hafi á fundinum 17. september 2008 (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl rætt möguleika á „annars konar samstarfi, s.s. rekstri sameiginlegra vöruafgreiðslna“, sbr. mgr. 358 í athugasemdum fyrirtækisins við AI. Áréttu ber að í mgr. 506 í athugasemdum Samskipa við AI er sömuleiðis staðfest að á fundi (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl 4. júlí 2008 hafi þeir rætt „möguleika á samstarfi milli félaganna í innanlandsflutningum.“
2864. Áðurnefndur tölvupóstur sem (E)frkvstj-innanl sendi kl. 10:12 þann 18. september 2008 gefur til kynna að aðrir þættir „Nýtt upphaf“ verkefnisins hafi verið til umræðu á fundinum með (S)frkvstj-innanl deginum á undan, sbr. nánar hér á eftir.
2865. Rekstrarstjóri Eimskips á Vestfjörðum ((E)starfsm) svaraði tölvupósti (E)frkvstj-innanl sama morgun (18. september 2008) og lýsti möguleikum á aukinni samvinnu við Samskip á Vestfjörðum:
- „Við erum ekki að vinna mikið saman hér fyrir vestan, við erum að hífa gáma af bílum hjá þeim aðalega 20 feta gáma*
- við höfum aðeins unnið saman í því að taka ferskfisk fyrir hvorn annan til Rvk í Faxalón og ekki rukkað fyrir það.*
- Samskip er með gámalyftu á Ísafirði sem er ílla nýtt, við gætum auðveldlega séð um þessa fáu gáma fyrir þá.*
- Ég talaði við [(S)starfsm] hjá Samskip Ísa í vikunni, með það að taka fyrir okkur gáma til Rvk hún gaf mér verð 120.000 + vsk mér fanst það mikið. var sáttur við 100 en það gekk ekki.*
- Það væri mjög gott ef við náum saman í verði, við tökum gáma í skipið aðra hvora viku og þeir aftur fyrir okkur í akstur þá viku sem skipið kemur ekki, mikil hagræðing fyrir báða.*
- Við gætum unnið mikið saman hér á svæðinu fyrir vestan, Bolungarvík, Þingeyri, Suðureyri, Flateyri.*
- Ef þetta kemur til verða að vera skýrar línur með verð.”¹⁵⁴¹*
2866. (E)frkvstj-innanl framsendi þennan póst um hæl til (E)rekstj-aksturst og (E)sölustj-innanl1 og sagði: „Undirstrikar að við setjumst yfir þetta og ákveðum með verðstefnuna“.¹⁵⁴²
2867. Fleira var rætt á fundi (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl í Smáralindinni. Á fundinum var þannig a.m.k. einnig rætt um tilboð Samskipa til Eimskips um sjóflutninga til Reyðarfjarðar frá Reykjavík, sbr. umfjöllun hér á eftir. Daginn eftir Smáralindar-fundinn sendi (S)frkvstj-innanl formlega tilboðið til Eimskips vegna sjóflutninga til Reyðarfjarðar. Þetta má sjá af tölvupóstum sem sendir voru daginn eftir og var staðfest í mgr. 359 í athugasemdum Eimskips við AI:
- Eins og áður sagði sendi (E)frkvstj-innanl tölvupóst kl. 10:12 þann 18. september 2008. Var hann sendur til m.a. (E)rekstj-aksturst , (E)svæðisstj1 og (E)frkvstj-EimÍsl. Tölvupósturinn bar heitið

¹⁵⁴¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.52064.

¹⁵⁴² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.52064.



„Sjóflutningur REY-RFJ“, þ.e. sjóflutningur milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar. Í tölvupóstinum sagði:

„Samskip eru búnir að koma með verð í sjóflutning frá REY til RFJ.

- 20 ft 55 þús kr.

- 40 ft 85-90 þús kr.

Við förum með gám inn á terminal í Holtagörðum og sjáum sjálfir um hífið á RFJ. Við bjóðum sama verð í þetta ef þeir vilja nota okkar skip.¹⁵⁴³

- (E)frkvstj-EimÍsl svaraði tölvupósti (E)frkvstj-innanl kl. 11:13 sama dag:

„Hver er kostnaður við að aka fullum gám austu [svo] miðað við 40 feta og 20 feta verðin hjá þeim. Þurfum að taka inn í útreikning akstur frá okkur til þeirra og annan þann kostnað sem til fellur.“¹⁵⁴⁴

- Klukkan 16:59 þennan sama dag sendi (S)frkvstj-innanl eftirfarandi tölvupóst til (E)frkvstj-innanl:

„Skv beiðni ykkar þá get ég gefið ykkur eftirfarandi verð í sjóflutning til Reyðarfjarðar;

- 20 feta 57.423

- 40 feta 90.824

BAF, þjónustugjald, hafnarvernd og vörugjöld hafna eru ekki innifalin. Ef um yfirhæðir er um að ræða þá leggst 60% álag til viðbótar.

Þú leyfir mér að heyra hvernig þetta leggst í ykkur.¹⁵⁴⁵

- Klukkan 20:39 sama dag framsendi (E)frkvstj-innanl tölvupóst (S)frkvstj-innanl til (E)frkvstj-EimÍsl, (E)svæðisstj1 og (E)rekstj-aksturst. Í tölvupósti (E)frkvstj-innanl segir að nú væri „tilboðið komið formlega frá Samskip, þurfum að ræða og svara.“¹⁵⁴⁶

- Kl. 20:42 svaraði (E)frkvstj-EimÍsl tölvupósti (E)frkvstj-innanl og sagði: „Þurfum að fá Baf á þetta hjá þeim og önnur þjónustugjöld.“¹⁵⁴⁷

2868. Samkvæmt þessum gögnum er ljóst að (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl hittust 17. september 2008 og morguninn eftir greindi (E)frkvstj-innanl samstarfsmönnum sínum frá því að Samskip væru búnir að gefa upp verð á sjóflutningum frá Reykjavík til Reyðarfjarðar. Frekara samstarf hafi augljóslega verið til skoðunar því (E)frkvstj-innanl segir einnig í tölvupósti sínum að Eimskip myndi:

„bjóða sama verð í þetta ef þeir vilja nota okkar skip“.

2869. Síðar þennan sama dag, 18. september, sendi (S)frkvstj-innanl skriflegt tilboð Samskipa í þessa flutninga í tölvupósti til (E)frkvstj-innanl; „Skv beiðni ykkar“. Í kjölfarið upplýsti (E)frkvstj-innanl samstarfsmenn um að núna væri tilboðið „formlega“ komið. Ætla má að (E)frkvstj-innanl hafi fengið tilboðið „óformlega“ deginum áður á fundinum í Smáralind. Gögnin sýna síðan að (E)frkvstj-EimÍsl vildi tryggja að Samskip myndu greiða BAF og önnur þjónustugjöld ef Samskip myndu flytja með Eimskip.

¹⁵⁴³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.52068.

¹⁵⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.229307.

¹⁵⁴⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.229457.

¹⁵⁴⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.52080.

¹⁵⁴⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.229538.



2870. (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl voru framkvæmdastjórar landflutninga hjá fyrirtækjum sínum. Framangreind gögn frá 18. september 2008 sýna að á fundinum daginn áður hafi fyrirtækin boðið hvort öðru upp á sjóflutninga milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar. Í mgr. 359 í athugasemdum Eimskips segir: „Á fundinum óskaði (E)frkvstj-innanl einnig eftir tilboði Samskipa í flutninga á gámum frá Reykjavík til Reyðarfjarðar líkt og rakið er í andmælaskjali. Gerði (S)frkvstj-innanl munnlegt tilboð á fundinum og sendi síðan í kjölfarið tilboð í tölvupósti [...]“ Eimskip lét þess ógetið að í þessum samskiptum fólst boð Eimskips um að flytja fyrir Samskip. Samskip láta þess ógetið að í þessum samskiptum fólst einnig boð Eimskips um að flytja fyrir Samskip, sbr. mgr. 902-903 í athugasemdum við AI. Nánar er fjallað um sjónarmið Samskipa um framangreint í kafla 25.23.7.
2871. Með breytingu Eimskips á siglingakerfinu og takmörkun flutningsgetu í ágúst 2008 hætti fyrirtækið að sigla með Austurleið til og frá Íslandi. Með sama hætti hafði viðkoma Norðurleiðar á Reyðarfirði það í för með sér að skapa möguleika fyrir Eimskip og Samskip (Leið 2) til að samnýta siglingaleiðirnar. Af gögnum málsins er ljóst að áðurnefnt tilboð Samskipa til Eimskips, um sjóflutninga frá Reykjavík til Reyðarfjarðar, varðaði þessa samnýtingu á flutningakerfum fyrirtækjanna. Var það í samræmi við ólögmeitt samráð fyrirtækjanna á þessum tíma.
2872. Samandregið sýna öll framangreind gögn áframhaldandi ólögmeita samvinnu fyrirtækjanna. Eftir fund með Samskipum (5. september 2008) þar sem rædd voru atriði tengd siglingakerfum, eins og viðskipti við Alcoa á Reyðarfirði, fjallaði (E)frkvstj-flutnkerf í tölvupósti frá 10. september 2008 um siglingakerfi Samskipa sem tengdist Reyðarfirði. Var starfsmanni Eimskips bent á að tala við (E)frkvstj-flutnkerf til þess að fá upplýsingar um tiltekinn kostnað Samskipa. Nokkrum dögum seinna ræddu (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-Eimísl og (E)frkvstj-innanl um Alcoa flutningana og samstarf við Samskip vegna flutninga á ferskum fiski frá Reyðarfirði (til að ná tímanlega inn á Bretlandsmarkað). Þann 16. september 2008 var (E)frkvstj-innanl greint frá því að Eimskip og Samskip hefðu haft með sér samráð um landflutninga á Austurlandi og daginn eftir fundaði (E)frkvstj-innanl með (S)frkvstj-innanl og ræddu þeir m.a. samráð um sjóflutninga frá Reykjavík til Reyðarfjarðar. Allt framangreint sýnir vinnu við „Nýtt upphaf“ verkefnið og leiðir til að tryggja aukna samvinnu og samnýtingu flutningakerfa. Þegar horft er til þess;
- að drögin að hinu víðtæka landflutningasamkomulagi voru dagsett sama dag og fundur (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl var haldinn, og
 - að morguninn eftir fundinn sendi (E)frkvstj-innanl tölvupóst til yfirmanna Eimskips á landsbyggðinni og bað þá m.a. um tillögur um að auka samvinnu við Samskip í landflutningum,
- verður að leggja til grundvallar að á fundi (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl í Smáralind hafi áframhaldandi ólögmeitt samráð *Eimskips og Samskipa verið rætt og framvinda þess, sbr. drög að tvíhliða flutningasamningi* í landflutningi milli Eimskips og Samskipa dags. 17. september 2008 og samningstilboð 18. september 2008 vegna sjóflutninga til Reyðarfjarðar.
2873. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip og Eimskip hafi á fundinum 17. september 2008 fjallað um „Nýtt upphaf“ verkefnið. Verkefnið hafi haft það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Af því leiðir að öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt var um einstaka verkþætti í „Nýtt upphaf“-verkefninu fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga. Á það meðal annars við um þennan fund (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl. Var þessi fundur, líkt og aðrir fundir, vettvangur fyrir skipulagningu, framkvæmd og framgang hins ólögmeita samráðs fyrirtækjanna á þessum tíma.
2874. Samskip mótmæla þeim ályktunum Samkeppniseftirlitsins á grundvelli gagnanna frá september 2008. Eins og rökstutt er í kafla 25.23.7 og 25.25.8 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á sjónarmið fyrirtækisins.
2875. Með sátt við Samkeppniseftirlitið þann 16. júní 2021 viðurkenndi Eimskip að fyrirtækið hafi átt í samskiptum og samstarfi við Samskip sem hafi farið gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-



samningsins, sbr. mgr. 3 í inngangi sáttarinnar, sbr. einnig 1. gr. sáttarinnar, þar sem viðurkennd eru alvarlegt brot með aðgerðum sem gripið var til eftir fund með Samskipum 6. júní 2008, sbr. einnig „Nýtt upphaf“ glærुकynninguna frá 9. júní 2008. Í því fólst m.a. samráð Eimskips og Samskipa á „um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi“ og samráð við Samskip „um landflutningaþjónustu á flutningaleiðum á Íslandi og skiptingu á mörkuðum á tilteknum flutningaleiðum“, sbr. 1. og 4. tölul. 1. gr. sáttarinnar. Er þessi viðurkenning Eimskips í samræmi við framangreind samtímagögn og hefur því mikla þýðingu í samkeppnisrétti, sbr. kafla 4.7.7.

8.16.8. Samskip senda tillögu að verðhækkun til Alcoa 19. september 2008

2876. (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útfl áttu fund með Alcoa Inc. í Pittsburgh í Bandaríkjunum 15. september 2008 og var þar fjallað a.m.k. um kröfu Samskipa um verðhækkun á samningi fyrirtækjanna frá október 2007.
2877. Þremur dögum síðar funduðu (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útfl um Alcoa, þ.e. að morgni 18. september 2008.¹⁵⁴⁸ Síðar sama dag vistaði (S)frkvstj-millilandasv hjá sér tölvuskjal um verðhækkunina gagnvart Alcoa. Af því skjali má sjá að gert var ráð fyrir að samningsverð við Alcoa myndi hækka sem næmi greiðslu upp á 250 USD pr. gám meðan samdráttur myndi vara í innflutningi Samskipa til Íslands.¹⁵⁴⁹
2878. Að kvöldi sama dags, 18. september 2008 áttu (S)forstj og (S)frkvstj-fjárm í tölvupóstsamskiptum varðandi fjárhagsupplýsingar um Samskip sem átti að senda til Alcoa. Í tölvupósti (S)frkvstj-fjárm sagði m.a. „Alcoa er okkur mikilvægur hlekkur í þeim breytingum sem við stefnum að.“¹⁵⁵⁰
2879. Daginn eftir, þann 19. september 2008, sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til Alcoa (afrit til (S)forstö-útfl) varðandi tillögu um viðauka sem fól í sér breytingar á samningi fyrirtækjanna. Í tölvupóstinum kom m.a. fram eftirfarandi: „Clause 3 - We need your volume commitment as stated in clause 3 of the freight agreement“ og „Our freight agreement assumes up to abt 6.500 MT/week. In our present vessel set-up we could move up to 7.700 MT/week for Alcoa by re-routing other export cargo with additional cost.“
2880. Meðfylgjandi þessum tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv var skjal sem innihélt drög að viðauka við samning Samskipa við Alcoa frá 2007. Í viðaukanum fólst sú breyting að Alcoa myndi til viðbótar við samningsgreiðslur greiða Samskipum 250 USD pr. hlaðinn gám í staðsetningargjald á meðan samdráttur væri í innflutningi Samskipa til Íslands. Gert var ráð fyrir að hækkunin væri tímabundin þar sem hún átti að ganga til baka þegar innflutningsmagn Samskipa næði innfluttu magni Samskipa árið 2007. Alcoa svaraði (S)frkvstj-millilandasv sama kvöld og kvaðst fyrirtækið ætla skoða málið og vera síðan í sambandi.¹⁵⁵¹
2881. Eins og rakið verður hér á eftir gerði (S)forstj á þessum tíma ráð fyrir að ná fram verðhækkun gagnvart Alcoa og að hún myndi skila hundruðum milljónum króna í auknar tekjur árlega fyrir Samskip á Íslandi, sbr. umfjöllun í kafla 8.16.9 um glærुकynningu hans „Stöðufundur m (S)stjform-S 22 sept 2008“.
2882. Var verðhækkun Samskipa gagnvart Alcoa ein af mörgum aðgerðum fyrirtækisins og til þess fallin að bæta verulega afkomu Samskipa hf. Eftir miðjan september 2008 voru vissulega teikn á lofti á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og í íslensku efnahagslífi og er ljóst að Samskip töldu sig þurfa að grípa til aðgerða vegna yfirvofandi samdráttar í innflutningi. Óhjákvæmilegt er hér einnig að benda á að þessar hækkunaraðgerðir Samskipa á Íslandi gagnvart Alcoa tengdust einnig

¹⁵⁴⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.803216.

¹⁵⁴⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Alcoa Samskip Freight Agreement 18-09-08 - Addendum.doc“. Vistað í tölvugögnum [...] 18.09.2008, kl. 18:22. Doc. ID. 0.7.33.25930.

¹⁵⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.502195.

¹⁵⁵¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.804718.



þjörgunaraðgerðum (S)aðaleig-stjform-SH og Samskipa Holding gagnvart stórum lánveitanda Samskipa Holding, Fortis banka, sbr. kafla 8.10.1. Eðlilegt er að fyrirtæki bregðist við breyttum aðstæðum. Á hinn bóginn gera samkeppnislög ráð fyrir að fyrirtæki taki sjálfstæðar ákvarðanir á grundvelli eigin mats um aðstæður sínar. Samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga er ólögmaett að keppinautar eigi samráð í tengslum við slíkar aðgerðir. Krafa Samskipa um verðhækkun gagnvart Alcoa 19. september 2008 og önnur gögn málsins eru birtingarmynd ólögmaets samráðs Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Áréttu ber í þessu samhengi að í samtímagögnum Samskipa er hvergi að finna neinn ótta um viðbrögð Eimskips vegna kröfu Samskipa um verulegar verðhækkningar, m.a. gagnvart Alcoa. Þvert á móti var í gögnum Samskipa frekar gert ráð fyrir auknu samstarfi við Eimskip t.d. tengt flutningsþjónustu fyrir Alcoa, sbr. umfjöllun t.d. um glærुकynningu (S)frkvstj-millilandasv frá 6. september 2008 í kafla 8.16.2.3.

2883. Samkeppniseftirlitið tekur fram að í tillögum Samskipa til Alcoa um viðauka við samning fyrirtækjanna var ekki gert ráð fyrir að þjónusta Samskipa við Alcoa yrði skert. Þvert á móti gáfu Samskip í tillögu sinni til Alcoa frá 19. september 2008 til kynna þann möguleika að fyrirtækið væri reiðubúið að skuldbinda sig til aukins útflutnings fyrir Alcoa. Tillögur um breytt siglingakerfi með minni flutningsgetu og skertri þjónustu áttu eftir að koma fram síðar.
2884. Þannig má segja að fyrsta atrenna Samskipa gagnvart Alcoa hafi miðað við að því að ná fram verðhækkun samhliða því að fyrirtækið vann að endurskoðun siglingakerfisins í samráði við Eimskip. Við þá endurskoðun var flutningsþjónusta við Alcoa þýðingarmikil enda um að ræða einn umfangsmesta kaupanda flutningsþjónustu hér á landi. Sjá um þetta t.d. umfjöllun hér á eftir um gögn sem (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útfl fengu send frá (S)forstö-flutnstj 21. september 2008 um „skipapælingar“.
2885. Eins og rakið verður í næsta kafla unnu (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útfl í lok september 2008 af mikilli festu að því að fá svör frá Alcoa um kröfu Samskipa um nýjan viðauka og verðhækkun. Á sama tíma hélt (S)forstj þeim (S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjórnarm-fjármstj og (S)stjform-S stöðugt upplýstum um aðgerðir Samskipa og framgang þeirra, sbr. einnig umfjöllun í næsta kafla.

8.16.9. Forstjóri Samskipa upplýsir um stöðu mála og önnur atvik til 23. september 2008

2886. Daginn eftir að (S)frkvstj-innanl sendi (E)frkvstj-innanl tilboð í sjóflutninga frá Reykjavík til Reyðafjarðar þ.e. 19. september 2008, og samhliða því að (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útfl unnu að verðhækkun gagnvart m.a. Alcoa, sendi (S)forstj tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH. Efni hans var „Eimskip“ og í honum segir aðeins „Sælir-þú kannski bjallar við tækifæri.¹⁵⁵²“
2887. Í mgr. 904 í athugasemdum Samskipa við AI er því mótmælt að þessi tölvupóstur tengist samráði við Eimskip. Staðhæfa Samskip að „eina aðkoma (S)aðaleig-stjform-SH að samskiptum við Eimskip [hafi lotið] að áhuga Samskipa á að kaupa tiltekna erlendar eignir Eimskips. Aldrei [hafi komið] til slíkra viðskipta.“
2888. Samskip fjalla hins vegar ekki um hvaða málefni tengd Eimskip (S)forstj ætlaði að ræða við (S)aðaleig-stjform-SH. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hafa ekki fundist samtímagögn sem gefa til kynna hvað hafi komið fram í símtali (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH sem afar líklegt er að hafi átt sér stað í kjölfar sendingar tölvupósts (S)forstj.
2889. Lýsing Samskipa á aðkomu (S)aðaleig-stjform-SH að samskiptum við Eimskip er röng. Samkvæmt gögnum málsins hafði (S)aðaleig-stjform-SH margvíslega aðkomu að hinu ólögmaeta samráði Samskipa og Eimskips og var það framkvæmt að m.a. hans undirlagi, sbr. einnig umfjöllun um tilmæli (S)aðaleig-stjform-SH á fundi stjórnar Samskipa Holding um að vernda bæri Samskip á Íslandi sem „cash cow“ samstæðunnar og bónussamning (S)aðaleig-stjform-SH við (S)forstj í kafla 6.7 og 7.6.1. (S)aðaleig-stjform-SH undirbjó samráð við Eimskip á fyrrihluta ársins 2008, sbr. m.a. skýrsluna frá

¹⁵⁵² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.502531.



maí 2008 sem hann lét Eglu vinna fyrir sig. (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj funduðu með stjórnarformanni og forstjóra Eimskip 6. júní 2008 og telur Samkeppniseftirlitið ljóst að (S)aðaleig-stjform-SH hafi verið einn af „bakhjörllum“ verkefnisins sem vísað er til í „Nýtt upphaf“ glærukynningunni sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir. (S)aðaleig-stjform-SH fékk afrit af tölvupósti (S)forstj 10. júní 2008 þegar hann skipulagði annars vegar fund (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Contain með (S)frkvstj-MCL til þess að ræða samráð í „short sea“ siglingum og hins vegar fund (E)frkvstj-alþjsv með (S)forstj-frystig til þess að ræða samráð á frystigeymslumarkaði. (S)aðaleig-stjform-SH sat fund Samskipa Holding 14. júlí 2008 þar sem fundargerð lýsir því að rætt hafi verið um aukið samstarf við Eimskip og kom fram að (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj ætluðu að fylgja þessu máli eftir á Íslandi. Þá undirbjó (S)aðaleig-stjform-SH og sat fundinn með Eimskip 25. júlí 2008. Frá þeim tíma og fram til 19. september 2008 höfðu stjórnendur Eimskips og Samskipa átt ítrekað í samskiptum, sbr. m.a. fundina 4. júlí, 14. ágúst, 5. september og 17. september 2008. Ákveðnir áfangar í hinu ólögmeta samráði höfðu náðst á þessum tíma, sbr. m.a. markaðsskiptingu á Austurlandi og gagnkvæmt tilboð Samskipa og Eimskips um sjóflutninga frá Reykjavík til Reyðarfjarðar. Þann 8. september 2008 sat (S)aðaleig-stjform-SH stjórnarfund Samskipa Holding í Rotterdam þar sem gögn málsins sýna að (S)forstj kynnti fyrir stjórn aðgerðir vegna siglingakerfisins, m.a. með samstarfi við Eimskip. Áðurnefnd beiðni (S)forstj til (S)aðaleig-stjform-SH um símtal vegna Eimskips kom fram ellefu dögum eftir að rætt hafði verið um samstarf við Eimskip á fundi stjórnar Samskipa Holding. Með hliðsjón af framangreindu er talið afar líklegt að (S)forstj hafi viljað ræða við (S)aðaleig-stjform-SH um Eimskip og „Nýtt upphaf“ verkefnið.

2890. Þremur dögum eftir áðurnefndan tölvupóst frá (S)forstj til (S)aðaleig-stjform-SH með heitinu „Eimskip“, þ.e. 22. september 2008, var „stöðufundur“ (S)forstj með (S)stjform-S, formanni stjórnar Samskipa hf. og stjórnarmanni í Samskipum Holding. (S)stjform-S var auk þess framkvæmdastjóri Kjalars, félags (S)aðaleig-stjform-SH, sem átti stóran eignarhlut í Kaupþing banka á þessum tíma.
2891. (S)stjform-S (og (S)stjórnarm-fjármstj) fylgdust vel með vinnu (S)forstj þessa daga en gögn málsins sýna að þetta var a.m.k. annar stöðufundur stjórnarmannanna með (S)forstj á stuttum tíma í september 2008, sbr. einnig áðurnefndan tölvupóst (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv 30. ágúst 2008. Í þessu sambandi skal hafa í huga að (S)stjform-S hafði þegar komið að ákvarðanatöku og umræðum innan Samskipa á árinu 2008 um aðgerðir sem vörðuðu aukið ólögmett samráð við Eimskip og undirbúning þess, sbr. fundargerð frá stjórnarfundi Samskipa hf. 4. apríl 2008, tölvupóst til (S)stjform-S 12. maí 2008 þar sem meðfylgjandi var skýrsla (S)aðaleig-stjform-SH um Eimskip, fundargerð frá fundi stjórnar Samskipa Holding 14. júlí 2008, tölvupóst (S)stjform-S til (S)aðaleig-stjform-SH 22. júlí 2008 vegna fundar um „New Beginning“ (haldinn 25. júlí 2008) og fundargerð frá fundi Samskipa Holding 8. september 2008. Gögn málsins gefa vísbendingu um að (S)stjform-S (og reyndar einnig (S)stjórnarm-fjármstj) hafi á þessum tíma annast eftirfylgni með störfum (S)forstj þar sem á sérstökum stöðufundum var tekin staðan á framgangi aðgerða hjá Samskipum. Þessar aðgerðir vörðuðu m.a. samráð Samskipa og Eimskips, sbr. einnig áðurnefndan tölvupóst (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv 30. ágúst 2008, þar sem (S)forstj fjallar um aðgerðir Samskipa og það að afkoma fyrirtækisins árin 2008, 2009 og 2010 ætti ekki að vera „fjarri“ góðri afkomu árunna 2006 og 2007. Verður að setja framangreint einnig í samhengi við fyrirmæli (S)aðaleig-stjform-SH á stjórnarfundi Samskipa Holding 18. mars 2008, um að vernda skyldi Samskip á Íslandi sem „cash cow“ samstæðunnar. Þá verður einnig að virða þessa eftirfylgni (S)stjform-S og (S)stjórnarm-fjármstj með störfum (S)forstj í samhengi við björgunaraðgerðir Samskipa Holding vegna krafna frá helsta lánveitanda samstæðunnar, hollenska bankans Fortis. Fyrirliggjandi er í máli þessu að (S)stjórnarm-fjármstj hafði átt í viðræðum við Fortis banka frá mars 2008, sbr. umfjöllun í kafla 6.7.1, 6.7.3 og 8.10.1. Samkvæmt gögnum málsins laut stór þáttur í aðgerðum Samskipa vegna Fortis að því að tryggja hámarks afkomu árið 2008. Samskip hf. á Íslandi áttu að standa undir



næstum allri þeirri afkomu. Til viðbótar við óveðurský í efnahagslegu tilliti má því ætla að einnig hafi verið mikill þrýstingur á stjórnendur Samskipa á Íslandi að skila samstæðunni „heimanmundi“.¹⁵⁵³

2892. Til undirbúnings áðurnefnds stöðufundar (S)forstj og (S)stjform-S 22. september 2008 sendi (S)forstö-flutnstj tölvupóst til (S)forstj, (S)forstö-útl og (S)frkvstj-millilandasv kvöldið áður. Þar hann heitið „skipapælingar“. Í honum segir: „Í meðfylgjandi viðhengi eru pælingar fyrir fundinn á morgun það vantar 10.000 – 30.000 tonn á að 500 TEU skip ráði við allan útflutning þegar búið er að henda Elkem út“.¹⁵⁵⁴
2893. Meðfylgjandi tölvupóstinum var glærukynningin: „Siglingakerfi Samskip-Aðlögun kerfa að minnkandi innflutningsmagni“. Í henni var rætt um tvær aðferðir og m.a. hver sé „ávinningur keppinauta af þeim“.¹⁵⁵⁵
2894. Í glærunum er fjallað um áhrif minni flutningsgetu Samskipa á flutninga til og frá Grundartanga. Á glærunum má sjá umfjöllun um áhrif þess ef Samskip myndu hætta að sigla til og frá Grundartanga og þar með hætta flutningnum fyrir Elkem. Líkt og í glærum (S)frkvstj-millilandasv frá 6. september 2008 var fjallað um þýðingu þess að Samskip myndu hætta að sigla til Grundartanga og að þá myndu viðskipti Samskipa við Elkem færast til Eimskips og viðskipti Eimskips við Byko í staðinn færast til Samskipa. Glærukynning (S)forstö-flutnstj var í samræmi við fyrri glæsur (S)frkvstj-millilandasv. Voru þannig enn á ný í gögnum stjórnenda Samskipa settar fram hugmyndir um skiptingu markaðarins eftir mikilvægum viðskiptavinum í tengslum við aðgerðir sem miðuðu að því að draga úr flutningsgetu. Tvær sviðsmyndir í glærunum miða þannig að verulegum samdrætti í flutningsgetu sem hefði í för með sér tilfærslu á flutningum til Eimskips og því betri nýtingu í skipakerfi beggja fyrirtækjanna. Er það í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins og þjónaði hagsmunum beggja fyrirtækjanna. Var hér um að ræða áframhaldandi umfjöllun um samráðshugmyndir sem áður höfðu komið fram í framangreindum glærum (S)frkvstj-millilandasv frá 4. og 6. september 2008, sbr. umfjöllun hér að framan í kafla 8.16.2.2 og 8.16.2.3.
2895. Hér að framan var fjallað um samtímagögn frá mánaðamótum ágúst/september 2008, sem sýna að (S)forstj vann að því sem hann nefndi „stóru myndina“, sem fólst í undirbúningi frekari aðgerða Samskipa, þ. á m. þátta sem tengdust hinu ólögmeta samráði við Eimskip. Samkvæmt þessum gögnum (S)forstj átti afkoma fyrirtækisins árin 2008, 2009 og 2010 ekki að vera „fjarri“ afkomu Samskipa á árunum 2006 og 2007 sem (S)forstj sagði í tölvupóstinum hafa verið góð ár hjá fyrirtækinu. Voru þetta fyrirmæli (S)forstj jafnvel þó hann í sama tölvupósti vísaði til þess að ytra umhverfi yrði „snúið“ og útlit fyrir að árið 2009 yrði „mjög strembið“, sbr. tölvupóst (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv frá 30. ágúst 2008.
2896. Áðurnefnd glærukynning „Siglingakerfi Samskip-Aðlögun kerfa að minnkandi innflutningsmagni“ (sem (S)forstj fékk senda til sín 21. september 2008) og eftirfarandi glærukynning gefa til kynna að á stöðufundi (S)forstj með (S)stjform-S 22. september 2008 hafi verið fjallað um þessa vinnu (S)forstj við „stóru myndina“. Samráðið við Eimskip og aðgerðirnar áttu að skila því að afkoma Samskipa á Íslandi yrði í samræmi við „góð“ ár í rekstri Samskipa árin 2006 og 2007. Verður nú vikið nánar að þessum atvikum.
2897. Í málinu er fyrirbyggjandi glærukynningin „Stöðufundur m (S)stjform-S 22 sept 2008“. Eins og heiti skjalsins ber með sér tengdist kynningin umræddum stöðufundi (S)forstj með (S)stjform-S 22. september 2008.

¹⁵⁵³ Sjá hér til hliðsjónar afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Samskip - fjárhagsleg endurskipulagning - september 2009.docx“. Minnisblað [...] Doc. ID. 0.7.33.639942.

¹⁵⁵⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.804897.

¹⁵⁵⁵ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Skipakerfi 21.09.2008“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.804897.



2898. Í þessari kynningu er farið yfir m.a. „Revised budget“. Á glæru 9 kemur eftirfarandi fram (feitletrað og rautt að lit eins og fram kemur á glæru en undirstrikun er Samkeppniseftirlitsins):

„ADGERÐIRRRRRRRRRRRRRR“:

Pricing:

- general rate increase 1 st of May (8,5% - **100 mkr.** annualized), domestic
- general rate increase 1st of September (10% - **440 mkr** annualized), all tarrifs
- adding in new service charges, f.e. Warehousing, fresh fish, domestic trucking (**150 mkr**)
- adjusting sales prices on various services provided by Samskip (partly done)
- increasing prices towards Alcoa (**200 mkr** – discussions initiated)

[...]

System:

- scaling down system lead to **400 mkr** lower costs
- shipping SWEA MCL volumes from R´dam to Sweden will generate **60 mkr**

*There will be a drop in ebitda during august-december of 360 mkr, full effects of above actions will be reached by year end and prospects for 2009 are to be in line with results of Iceland for 2006 and 2007, in IKR.*¹⁵⁵⁶

2899. Glæra nr. 13 hefur titilinn „Iceland“/ „Stóra myndin“ og þar stendur eftirfarandi:

¹⁵⁵⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...]



Samskip		Iceland
Stóra myndin:		
Uppgjör ágúst – desember 390 mkr neikvæð frávik frá áætlun, heildar frávik annualized áætluð 1,5 mia. Aðgerðir munu skila:		
Launakostnaður	300 mkr	
Verðhækkunar	450 mkr	
Alcoa hækkun	300 mkr	
Short Sea	100 mkr	
Skipakerfi	500 mkr	
Sum	1650 mkr	
Samkeppnin ??		
Confidential – September 2008		13

2900. Framangreindar glærur lýsa áherslum Samskipa á þessum tíma sem fólust ekki síst í verðhækkunum og breytingum (minnkun) á siglingakerfi fyrirtækisins sem byggðust m.a. á ólögmaetu samráði við Eimskip. Er þetta enn frekar til stuðnings því hversu „Nýtt upphaf“ verkefnið var samofið verðhækkunum og frekari gjaldtöku hjá viðskiptavinum.
2901. Hér að framan er fjallað um atvik undir lok septembermánaðar árið 2008 vegna yfirstandandi alþjóðlegrar lausafjákræppu og erfiðrar stöðu íslensku viðskiptabankanna þriggja, sbr. umfjöllun í kafla 6.7.1, 8.16.11 og 8.17.4. Þær erfiðu aðstæður ber að setja í samhengi við að á þeim tíma réru helstu eigendur og stjórnendur Samskipa öllum árum að því að afkoma Samskipa á Íslandi skyldi um komandi ár verða í takti við góða afkomu fyrirtækisins góðærisárin 2006 og 2007. Talið er að samráðið með Eimskip hafi verið til þess fallið að gera fyrirtækinu þetta kleift og skal virða framangreint í samhengi við eftirgreind gögn málsins, sbr. einnig kafla 8.15.11:
- Fyrirmæli (S)aðaleig-stjform-SH til stjórnenda þann 18. mars 2008 um að vernda Samskip á Íslandi sem „cash cow“ samstæðunnar, sbr. kafla 6.7.3.
 - Fjárhagslegt markmið skv. bónussamningi Samskipa við ÁG („Bónus skema“) frá 1. júlí 2008, þar sem stefnt skyldi að því að EBITDA framlegð Samskipa hf. yrði 11% af veltu fyrirtækisins, sbr. kafla 7.6.1.
 - Í bónussamningnum kom fram að (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj skyldu fara mánaðarlega yfir stöðuna á því hvort (S)forstj væri að ná markmiðum bónussamningsins (m.a. framangreindu fjárhagslegu markmiði). Umræddur bónussamningur var í gildi þegar (S)forstj hittu (S)stjform-S (og (S)stjórnarm-fjármstj) á stöðufundum í september 2008. Talið er að stöðufundirnir hafi beint eða óbeint tengst eftirliti með markmiði bónussamningsins. Fyrirnefndar glærur frá fundi (S)forstj og (S)stjform-S renna stoðum undir framangreint enda bera þær með sér að þar hafi verið fjallað um aðgerðir og að afkoma fyrirtækisins árið 2009 yrði í takt við afkomu fyrirtækisins árin 2006 og 2007.



- Í þessu sambandi er jafnframt vakin athygli á umfjöllun í fyrrnefndum glærum frá fundi (S)forstj og (S)stjform-S 22. september 2008 er fjallað um aðgerðir og metnaðarfulla afkomu Samskipa vegna þeirra. Þetta verður að virða í samhengi við fjölda annarra samtímagagna sem sýna ánægju (S)forstj og annarra stjórnenda með góða afkomu Samskipa á Íslandi eftir efnahagshrunið haustið 2008, sbr. umfjöllun í kafla 10.6.3 og 12.2.5.2. Á sama tíma glímdu önnur fyrirtæki á Íslandi, heimilin og þjóðarbúið við afleiðingar hrunsins.
2902. Hér vekur einnig eftirtekt að í áðurnefndri glærukynningu, sem merkt var stöðufundi (S)forstj með (S)stjform-S frá 22. september 2008, var gert ráð fyrir því að verð til Alcoa yrði hækkað á sama tíma og flutningsgeta Samskipa yrði dregin saman. Kom þessi verðhækkun gagnvart Alcoa til viðbótar við miklar verðhækkningar á gjaldskrá Samskipa stuttu áður, 1. september 2008. Hér ber að rifja upp að viku fyrr höfðu Samskip lagt fram kröfu um verulega verðhækkun á fundi með Alcoa í Pittsburg í Bandaríkjunum 15. september 2008, sbr. einnig tölvupóst Samskipa til Alcoa 10. og 19. september 2008. Þegar (S)forstj mætti á stöðufund með (S)stjform-S lá ekki fyrir afstaða Alcoa til kröfu Samskipa. Hvað sem því líður sýnir framangreind glæra frá fundi (S)forstj með (S)stjform-S að Samskip töldu sig hafa góða von um að geta bæði dregið verulega úr flutningsgetu en engu að síður hækkað samtímis verulega verð á þjónustu gagnvart viðskiptavinum fyrirtækisins, þ. á m. stórum og mikilvægum viðskiptavinum eins og Alcoa o.fl.
2903. Á áðurnefndri glæru 13 frá fundi (S)forstj og (S)stjform-S kemur fram neðst undir upptalningu á aðgerðum Samskipa: „*Samkeppnin?*“. Undirstrikar þetta að mati eftirlitsins að ein forsenda þess að upptaldar aðgerðir á glærunni gætu gengið upp væri áframhaldandi samráð við Eimskip. Í þessu sambandi skal rifja upp að skömmu áður, í glærukynningu (S)frkvstj-millilandasv frá 4. september 2008, var fjallað um undirbúning á siglingakerfisbreytingu Samskipa og kom þar m.a. fram að „*stóra spurningin*“ væri hvað „*gera skal*“ með viðskipti við Byko, Danól/Ölgerðina, Innnes og Nathan & Olsen. Hafa ber í huga að öll þessi fyrirtæki voru á þessum tíma mikilvægir viðskiptavinir Eimskips. Tilvísun í „*stóru spurninguna*“ í kynningu (S)frkvstj-millilandasv laut að því hvernig Samskip myndu nálgast þá viðskiptavini sem taldir voru upp í glærukynningunni, þ.e. hvaða verð og kjör yrðu boðin. Samtímagögn sýna að Samskip settu fram sambærilegar spurningar um samkeppnishegðun síðar á samráðstímabilinu, en í október 2009 fóru Samskip aftur yfir „*spurningar*“ varðandi samkeppni á markaðnum, sbr. kafla 14.9.2 þar sem fjallað er um niðurstöðu „*kreppuhóps*“ Samskipa, en þar var m.a. spurt: „*Hafa Samskip verið að koma í veg fyrir verðhækkningar?*“; Eru Samskip sá „*aðili á markaðnum sem ekki er unnt að treysta?*“; Er mögulegt að Samskip hafi „*komið í veg að friður kæmist á?*“
2904. Jafnvel þó að á stöðufundi (S)forstj og (S)stjform-S 22. september 2008 hafi verið uppi álitaefni hjá þeim um „*samkeppnina*“, þ.e. Eimskip, þá sýna samtímagögn, sem urðu til eftir fundinn, ótvírætt hvaða leið var áfram valin hjá Samskipum og Eimskip. Áfram var valið samstarf við Eimskip en ekki samkeppni. Um þetta vísast til umfjöllunar í næstu köflum um atvik í október til desember 2008 og „*frið*“ fyrirtækjanna frá árinu 2009 til ársins 2013, sbr. umfjöllun í kafla 14.
2905. Þótt keppinautar eigi í nánú samráði getur verið tortryggni milli þeirra um að staðið sé við samráðið, sbr. umfjöllun í kafla 4.8. Á þessum tímapunkti, þ.e. 22. september 2008, lá ekki fyrir hvernig Samskip og Eimskip myndu fara með þann þátt samráðsins sem tók til sjóflutninga, þ.e. hvernig Samskip kæmu til með að breyta siglingakerfi sínu og takmarka flutningsgetu, sbr. t.d. verkefni fyrirtækjanna á glærum númer 6 og 7 um siglingakerfin og slotsamninga í „*Nýtt upphaf*“ glærukynningunni. Sú útfærsla lá ekki fyrir fyrr en nokkrum vikum síðar, sbr. kafla 9.5 og áfram, þar sem því er lýst að Samskip drógu úr flutningsgetu í lok október og Eimskip hafði þá þegar dregið úr flutningsgetu í ágúst og dró enn frekar úr flutningsgetu tengt Íslandi um miðjan nóvember 2008. Þessu samráði með breytingum á siglingakerfi íslenska markaðarins var, ásamt m.a. ólögmætri markaðsskiptingu mikilvægra viðskiptavina, síðan viðhaldið í rúm fjögur ár.



2906. Í mgr. 905-910 í athugasemdum við AI mótmæla Samskip þeim ályktunum sem Samkeppniseftirlitið dregur af glærukynningum frá 22. september 2008. Eins og rökstutt er í kafla 25.23.9 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þau sjónarmið Samskipa.
2907. Eins og fjallað er um í kafla 8.16.5 unnu Eimskip eins og Samskip frá miðjum 15. september 2008 áfram að helstu þáttum „Nýtt upphaf“ verkefnisins vegna siglingakerfisins. Vísast hér til áður nefnds fundar framkvæmdastjóra Eimskips 15. september 2008 þar sem fjallað var um aukið samstarf við Samskip. Einnig vísast til funda og símtala (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-skiparekst og/eða (E)frkvstj-Eimísl með (E)forstj og/eða (E)frkvstj-alþjv 22., 27. og 29. september 2008.¹⁵⁵⁷ Talið er að nefndir fundir (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-Eimísl og (E)frkvstj-skiparekst með (E)forstj og (E)frkvstj-alþjv hafi tengst vinnu og atriðum í „Nýtt upphaf“ verkefninu með Samskip á þessum tíma.
2908. Sem fyrr segir hækkuðu Samskip almennt verð fyrirtækisins verulega þann 1. september 2008 og lögðu á karagjald 10. sama mánaðar. Eimskip hækkaði verð á landflutningum um miðjan ágúst 2008. Um miðjan september 2008 var innan Samskipa beðið eftir verðhækkunum Eimskips. Þetta má m.a. sjá af eftirgreindum tölvupóstum innan Jóna og milli Jóna og Samskipa.
2909. Þann 16. september 2008 sendi (S)starfsm, starfsmaður hjá Jónum, tölvupóst til framkvæmdastjóra fyrirtækisins ((S)frkvstj-Jóna) og lýsti yfir miklum erfiðleikum við að keppa á markaðnum þrátt fyrir talsverð sóknarfæri. Heiti tölvupóstsins var, „FCL tilboð o.fl. „Strandaglópar“ eða pólitísk ákvörðun“.¹⁵⁵⁸ Í tölvupóstinum sagði:
- „Ég er með neðangreint „á puttanum“ þessa dagana og kemst hvorki lönd né strönd vegna þess einfaldlega að við erum með allt of há verð...þ.e. hærri verð en Eimskip (Atlu) ... á öllum sviðum.“*¹⁵⁵⁹
2910. Síðan eru í tölvupóstinum taldir upp ýmsir viðskiptavinir sem (S)starfsm taldi mögulegt að ná í viðskipti með því að lækka verð og fella niður gjöld (feitletrun (S)starfsm):
- „Til þess að komast e-ð áfram með þetta þá tel ég að við þurfum að gera eftirfarandi:*
- 1. Gefa gámaverð frá Evrópu: 20´ gámur ca Eur 700 og 40´ gámur ca Eur 900 (enn lægra hjá Álfaborg (og jafnvel fleirum..))**
 - 2. Taka Staðsetningargjaldið út**
 - 3. Taka af nýjustu hækkanir hér heima (og fara með heimkeyrslu niður í Kr 15-17 þús p/gám)**
- Ef við gerum þetta þá eigum við kannski möguleika í ofangreinda... þó ekkert endilega 100 % víst...*
- Er þetta e-ð sem hægt er að ræða? ef ekki þá verður maður bara snúa sér að annars konar sölu, þ.e. minni aðilum osfrv*
- Fyrir utan þetta er svo margir aðrir aðilar, sem við solumenn erum að vinna í sbr verkefnalista okkar*
- Hitti m.a. [...] í Örninn/Hjól aðeins í gær (á Korpunni) og hann er æfur vegna farmskrárhækkana en [(S)starfsm] er að undirbúa fund með honum*
- Vorum að fá inn beiðni um tilboð frá Pennanum 20-30 gáma ári ...*

¹⁵⁵⁷ Afritaður tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.103391. Afrituð tölvupóstsamskipti [...]. Doc. ID. 0.7.33.349347. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.351111.

¹⁵⁵⁸ FCL er skammstöfun fyrir „Full Container Load“, þ.e. heilgámasendingar.

¹⁵⁵⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.499984.



Osfrv, osfrv"

2911. Sem fyrr segir var heiti tölvupóstsins „Strandaglópar“ eða *pólítísk ákvörðun*. Er ljóst af efni hans að (S)starfsm var að spyrja yfirmann sinn hvort Jónar ætluðu ekki að lækka verð eða hvort aðrir hagsmunir réðu því að verð væri ekki lækkað (*pólítísk ákvörðun*). Ef verð yrði ekki lækkað myndi fyrirtækið tapa viðskiptum og starfsmenn þess vera eins og strandaglópar.
2912. (S)frkvstj-Jóna framsendi þennan tölvupóst (S)starfsm til (S)forstö-innfl1 (með afriti til (S)forstj) og sagði eftirfarandi: „*skv umræðum okkar í síðustu viku og sjá hér að neðan stutta samantekt yfir það sem er í gangi.*“
- Jónar Transport eru að festast inni á FCL markaðnum og geta ekki hreyft sig. Við erum ekki með þann sveigjanleika í verðum (sjófrakt, uppskipun, staðsetningargjaldi) sem innflutningsdeild hefur að geta verið að kvóta verð sem að eru fyrir neðan gildandi verðskrár.*
- Það er töluvert af litlum og meðalstórum kúnum að leita fyrir sér þessa dagana á „spot markaðnum“ (í kjölfar neikvæðra fréttu af EIMU) og vilja geta átt inngöngu hjá Jónum. Ef að verðin eru svona mikið hærri að þá er ég ekkert endilega viss um að þeir leiti til Samskipa. Hér er ekki verið að tala um að gera samninga. ATLU og TVG bíða eftir að EIMU gangi fram með almennar hækkanir en útlitið er frekar að þeir ætli í sértækar hækkanir.“¹⁵⁶⁰*
2913. Samkvæmt þessu bjó framkvæmdastjóri Jóna yfir vitneskju um að helsti keppinauturinn, TVG, biði eftir því að móðurfélagið, Eimskip, legði línuna og hækkaði verð. Jafnframt taldi (S)frkvstj-Jóna sig vita að Eimskip stefndi frekar að sértækum hækkunum í stað almennrar hækkunar. Gefur orðalagið í tölvupósti til kynna að þær upplýsingar væru komnar frá keppinauti Samskipa/Jóna. Ber að hafa í huga að í málinu liggur fyrir að (S)frkvstj-Jóna átti ítrekað í samskiptum við stjórnendur hjá TVG og Eimskip þar sem m.a. verðsamráð átti sér stað.¹⁵⁶¹
2914. Jafnframt benti hann (S)forstö-innfl1 og (S)forstj á að mögulegt væri að ná auknum viðskiptum með samkeppnisaðgerðum. Ekki var hins vegar um það að ræða að Samskip lækkuðu verð á þessum tíma til að halda í viðskiptavinum eða afla sér aukinna viðskipta. Var það í skilningi umrædds tölvupósts „*pólítísk ákvörðun*“ að halda uppi verði á þessum tíma. Er það í samræmi við það sem fram hefur komið um „*Nýtt upphaf*“ verkefnið og áhrif þess.
2915. Í mgr. 910 -911 í athugasemdum við AI mótmæla Samskip þeim ályktunum sem Samkeppniseftirlitið dregur af tölvupóstum (S)starfsm og (S)frkvstj-Jóna frá 16. september 2008. Eins og rökstutt er í kafla 25.23.10 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þau sjónarmið Samskipa.
2916. Eins og lýst hefur verið undirrituðu Eimskip og Samskip 30. nóvember 2001 samkomulag sem tók til samráðs þeirra um siglingar til og frá öðrum Evrópuríkjum. Nefndu fyrirtækin samkomulagið: „*Trúnaðarmál Neyðarsamkomulag*“. Það átti að taka til „*gámaflutninga með skipum félaganna*“ sem „*skapast vegna bilana skips, strands og annarra svipaðra óviðráðanlegra orsaka*.“ Gögn málsins sýna hins vegar að þetta samkomulag var framkvæmt með mun rýmri hætti. Þannig sýna gögn frá Eimskip frá árinu 2007 að innheimt hafi verið „*2x fyrir venjulegan flutning*“. Með öðrum orðum tók þetta samkomulag ekki aðeins til flutninga vegna óviðráðanlegra orsaka heldur einnig til venjulegra flutninga, þ.e. til almennra flutninga fyrirtækjanna til og frá öðrum Evrópuríkjum eftir því sem fyrirtækin töldu þörf á. Er í málinu að finna eintak af skjalinu þar sem verð fyrir hina „*venjulegu*“ flutninga hefur verið handskrifað á samkomulagið frá 2001, sbr. kafla 5.4.1 hér að framan. Rökstutt er í kafla 5.4 að þetta samstarf Eimskips og Samskipa á grundvelli „*neyðarsamkomulagsins*“ hafi farið gegn 10. gr. samkeppnislaga.

¹⁵⁶⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.474588.

¹⁵⁶¹ Sjá t.d. kafla 8.16.11, 8.17.11, 14.6, 14.56.



2917. Tölvupóstsamskipti milli Eimskips og Samskipa m.a. á tímabilinu 1. september til 23. september 2008 sýna framkvæmd á hinu ólögmæta samráði í Evrópusiglingum :

- (E)deildstj-útfli3, deildarstjóri í útflutningsdeild Eimskips, sendi 1. september tölvupóst til (S)kostneftirl, starfsmanns í kostnaðareftirliti Samskipa. Kvaðst hann ekki skilja reikninga frá Samskipum fyrir meira en tvær milljónir kr.: „Ég verð að viðurkenna að ég skil ekkert í þessum reikningum. Gámarnir eru í fyrsta lagi ykkar [...], fluttir af ykkur og þeir eru ekki til í okkar kerfum.“
- (S)kostneftirl svaraði samdægurs: „Þetta eru 4 gámar til Immingham. Skv. mínum heimildum er [...] ykkar kúnni. Það féll niður áramótaskip hjá ykkur og hann sendi því með okkur í þeirri viku. Við vorum ekki á því að rukka þetta til Eimskips eins og beðið var um en Soffanias hafnaði alltaf reikningunum. Svo var greiðanda breitt í Eimskip eftir að staðfesting fékkst frá ykkur [...]
- (E)deildstj-útfli3 svaraði (S)kostneftirl þann 23. september 2008: „Afsakaðu drátt á svörum en ég er búinn að vera skoða þetta fram og til baka.“

Ég kem til með að greiða fyrir þessa flutninga en reikningar eru ekki réttir skv. neyðarsamkomulagi okkar á milli. Bið þig því vinsamlegast um að sjá til þess að reikningar verði leiðréttir svo ég geti komið áfram greiðslu.“

- (S)kostneftirl varð við þessu og bað starfsmann Samskipa um að lagfæra reikningana „skv. Eimskipa samkomulaginu“. Var (S)forstö-útfli sent afrit af þessum tölvupóstsamskiptum.¹⁵⁶²
- Starfsmaður Samskipa í Bretlandi sendi þann 8. september 2008 tölvupóst til starfsmanns Eimskips í Bretlandi. Vísaði hann til símtals við viðkomandi fyrr um daginn; „I refer to a confirmation that [(E)forstö-innfl] in Eimskip Iceland has given to our Import Manager in Iceland [(S)forstö-innfl1], that this container will ship on your vessel sailing from Immingham this week.“ (S)forstö-innfl1 framsendi samdægurs þennan tölvupóst til (E)forstö-innfl og sagði: „Reddar þú ekki þessum gámi fyrir mig. Þetta er gámurinn sem við ræddum um daginn.“ (E)forstö-innfl svaraði þessu játandi daginn eftir.¹⁵⁶³

2918. Eins og áður segir er rökstutt í kafla 5.4 að þetta samstarf Eimskips og Samskipa hafi farið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið viðurkenndi fyrirtækið að hafa átt í ólögmætu samráði „við Samskip um sjóflutninga milli Íslands og annarra Evrópulanda“, sbr. tölul. 1.5 1. gr. sáttarinnar frá 16. júní 2021. Þá ber og að horfa til þess að Eimskip og Samskip ræddu um að nota þetta samkomulag sem grunn til þess að auka ólögmætt samráð fyrirtækjanna, sbr. umfjöllun í kafla 9.3 um tölvupóst (S)frkvstj-millilandasv til (E)frkvstj-flutnkerf 20. október 2008.

2919. Í mgr. 913-914 í athugasemdum Samskipa við AI er því haldið fram að framangreint samstarf við Eimskip hafi verið lögmætt. Ekki er unnt að fallast á það og vísar Samkeppniseftirlitið til umfjöllunar um sjónarmið Samskipa í kafla 29.

2920. Eins og áður greinir höfðu m.a. (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)forstö-útfli fundað 2. september 2008. Þar var m.a. fjallað um fyrirhugaðan fund með Samskipum (sem fór fram 5. sama mánaðar). Einnig var fjallað um verðhækkanir gagnvart mikilvægum viðskiptavinum, þ.á m. Innness („[...] hitta Innes aftur vegna samnings þeirra sem er laus núna, verðum að ná inn hækkun á þann samning“, sbr. kafla 8.16.2.1. Þetta gekk eftir eins og fram kemur í gögnum frá 23. september 2008. Hækkanir Eimskips fólu m.a. í sér upptöku nýrra gjalda gagnvart Innness (m.a. BAF) og „veruleg[a] hækkun“, sbr. tölvupóst (E)sölustj til (E)forstö-innfl („Innnessamningurinn“) þennan dag, sbr. kafla 14.5.1.

¹⁵⁶² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.805732.

¹⁵⁶³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.668294. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.416401.



8.16.10. Stjórnendur Samskipa ræða „stóru málin“

2921. Þann 23. september 2008 var í tölvupósti (S)forstj til (S)aðstm-frvkstj fjallað um dagskrá fundar daginn eftir hjá yfirstjórn Samskipa. Fyrsta mál á dagskrá var: „Almennt staðan á „stóru málunum““ og þar var tilgreint tvennt: *verðhækkanir*“ og *„kerfi“* (skipakerfi).¹⁵⁶⁴
2922. Gögn frá 24. september til 20. október 2008 gefa til kynna að aukinn þungi hafi færest í samráð Samskipa og Eimskips á þessu tímabili og í kjölfarið hafi ákveðin niðurstaða náðst. Hér ber fyrst að líta til þess sem segir í fundargerð framkvæmdastjórnar Samskipa vegna fundar sem haldinn var þann 24. september 2008, sbr. einnig fyrrgreindan tölvupóst frá (S)forstj deginum áður. Mættir á þennan fund voru skv. fundargerð (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl ásamt (S)frkvstj-fjárm. Á dagskrá fundarins kom þetta fram:
- „1. Almennt staða á stóru „málunum“-(S)forstj/(S)frkvstj-fjárm/(S)frkvstj-millilandasv/(S)frkvstj-innanl*
- verðhækkanir*
- kerfi“*
2923. Um þennan dagskrárlið var eftirfarandi bókað: „Erfiðleikar Eimskips hjálpa til við verðhækkanir- en enn er óvissa hvað þeir gera í hækkunum.“¹⁵⁶⁵
2924. Að mati Samkeppniseftirlitsins afmarkar þessi dagskrárliður fundar framkvæmdastjóra Samskipa vel „stóru málin“ hjá Samskipum á þessum tíma, þ.e. verðhækkanir og breytingar á siglingakerfum. Sjá má af fundargerðinni að umræða framkvæmdastjórnarinnar um „stóru málin“ var sett í samhengi við Eimskip. Eðlilegt var að horft væri til Eimskips í þessu sambandi enda fyrirtækið helsti keppinatur Samskipa. Af fundargerðinni má aftur á móti ráða að umræða framkvæmdastjórnanna sneri ekki að ótta um viðbrögð Eimskips við fordæmalausum verðhækkunum Samskipa heldur hvað Eimskip myndi „gera í hækkunum“. Þessi umfjöllun í fundargerðinni endurspeglar hvernig samkeppni á flutningamarkaði hérlendis hafði verið raskað í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Í samræmi við önnur samtímagögn rennir þessi umræða lykilstjórnenda Samskipa um Eimskip stoðum undir að á þessum tíma óttuðust Samskip ekki að Eimskip myndi mæta verulegum verðhækkunum Samskipa með því að bjóða lægra verð og þannig freista þess að ná til sín viðskiptavinum frá Samskipum. Hvorki í aðdraganda hækkunaraðgerða Samskipa í september 2008 né í kjölfar þeirra var að sjá ótta hjá framkvæmdastjórum fyrirtækisins um slík viðbrögð Eimskips. Þvert á móti áttu stjórnendur fyrirtækjanna í ítrekuðum samskiptum og var markvisst unnið að auknu samráði við Eimskip. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að þessi samskipti lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips hafi a.m.k. auðveldað eða skapað kjörskilyrði fyrir fyrirtækin til að halda uppi eða hækka verð. Þá ber til viðbótar að virða allar verðhækkanir Samskipa og Eimskips frá ágúst 2008 til janúar 2009 í einu lagi og verður fjallað um þær í kafla 11.21.
2925. Vegna umræðu á fundi framkvæmdastjórnar Samskipa um „stóru“ málin þá ber að halda því til haga að Eimskip hafði hækkað verð og átti eftir að hækka verð frekar gagnvart viðskiptavinum, bæði sértækar og almennar verðhækkanir, sbr. umfjöllun í kafla 8.15.7.1 og kafla 11. Þannig sýna gögn málsins að Eimskip lagði í lok september 40% álag á olúgjald (BAF) í sjóflutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Hjá Eimskip var einnig unnið að hækkunaraðgerðum í formi þess að hækka álag á BAF vegna Evrópusiglinga úr 20% upp í 40%. Á sama tíma vann Eimskip að því að færa gjaldeyrísáhættu yfir á viðskiptavinum með því að breyta gjaldskrá í sjóflutningi úr íslenskum krónum yfir í evrur, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.7. Var þar um að ræða verulegar verðhækkanir hjá Eimskip

¹⁵⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá [...] Doc. ID. 0.7.33.504003. Afritaður tölvupóstur [...] Doc. ID. 0.7.33.504107.

¹⁵⁶⁵ Afhent tölvuskjal frá Samskipum 22.11.2016, viðauki 8. Fundargerð frá framkvæmdastjórafundi Samskipa hf. 24.09.2008. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Framkvæmdastjórafundur – fundargerð 24. september 2008“. Fannst á sameiginlegu tölvudrifi Samskipa, vistað 24.09.2008, kl. 16:03.



(allt að 80% verðhækkun gagnvart viðskiptavinum í innflutningi, sbr. skjal (E)forstö-innfl frá 25. nóvember 2008). Barst Eimskip m.a. þessi tölvupóstur og kvörtun frá viðskiptavini af þessu tilefni:

„Eruð þið eitthvað klikkuð? Hver samþykkir 80% hækkun?“

2926. Enn fremur undirbjó Eimskip á þessum tíma og hækkaði þjónustugjöld í sjó- og landflutningum og lagði á ný gjöld. Komu þær hækkanir til framkvæmda í nóvember 2008, sbr. umfjöllun Samkeppniseftirlitsins í kafla 10.4.7.
2927. Á sama tíma og áðurnefndur fundur framkvæmdastjórnar Samskipa var haldinn, 24. september 2008 sýna samtímagögn að (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útfl unnu að því að fá svör frá Alcoa við kröfu Samskipa um verulega verðhækkun, sbr. umfjöllun hér að framan um tölvupóst (S)frkvstj-millilandasv til Alcoa og viðhengi dags. 19. september 2008.
2928. Gögn málsins gefa til kynna að Alcoa hafi verið tvístígandi þegar Samskip lögðu fram kröfu um viðauka við samning fyrirtækjanna og verulega verðhækkun. Í þessu sambandi má sjá að Alcoa óskaði t.a.m. eftir að Samskip myndu afhenda fyrirtækinu frekari gögn t.d. fjárhagsupplýsingar um rekstur Samskipa og innflutningstölur. Rétt er að rekja þetta.
2929. Áður en fyrrgreindur framkvæmdastjórnarfundur Samskip, 24. september 2008, fór fram sendi (S)frkvstj-millilandasv snemma morguns (kl. 07:26) tölvupóst til Alcoa (afrit til (S)forstö-útfl) með fjárhagsupplýsingum sem Alcoa hafði beðið um frá Samskipum um reksturinn. Var um að ræða upplýsingar Samskipa um fyrra hluta árs 2008. Tilgreindi (S)frkvstj-millilandasv einnig í póstinum eftirfarandi: „As mentioned in previous email we are happy to share financial information with you on a regular basis to comfort you with regard to our financial health.“ Jafnframt bað (S)frkvstj-millilandasv Alcoa um að staðfesta símafund daginn eftir.
2930. Alcoa svaraði (S)frkvstj-millilandasv sama dag og sagði ekki unnt að halda símafund daginn eftir og Alcoa muni upplýsa Samskip hvenær unnt sé að funda.¹⁵⁶⁶ Þrátt fyrir þessi svör Alcoa héldu Samskip áfram að þrýsta á viðbrögð daginn eftir. Þann dag, 25. september 2008, sendi (S)forstö-útfl tölvupóst til innkaupastjóra hjá Alcoa og bað viðkomandi um að hringja í sig.¹⁵⁶⁷ Síðar sama kvöld sendi Alcoa tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv (afrit til (S)forstö-útfl og innkaupastjóra Alcoa) og óskaði eftir upplýsingum um samanburð á innflutningi Samskipa árið 2007 miðað við fyrri ár. Spurði Alcoa hvort árið 2007 hafi verið umfangsmesta ár Samskipa í innflutningi. Kom fram að Alcoa ætlaði að ræða málið innanhúss daginn eftir.¹⁵⁶⁸ Daginn eftir, föstudaginn, 26. september 2008, sendi (S)forstö-útfl tölvupóst á Alcoa (afrit til innkaupastjóra Alcoa og (S)frkvstj-millilandasv) með umbeðnum upplýsingum um innflutning í TEU og útflutning í tonnum árin 2005, 2006 og 2007.¹⁵⁶⁹
2931. Ljóst er af framangreindum gögnum málsins að undir lok septembermánaðar árið 2008 hafði Alcoa ekki tekið afstöðu til verðhækkunarkröfu Samskipa og þeirrar tillögu Samskipa að verðhækkunin skyldi haldast þar til innflutningur Samskipa myndi ná sambærilegu umfangi og á góðærisárinu 2007. Á hinn bóginn má sjá í gögnum sem stafa frá (S)forstj að hann gekk út frá því í aðgerðum Samskipa að verðhækkun gagnvart Alcoa yrði að veruleika, sbr. áðurnefnda glæru 13 í glærukynningu hans til (S)stjform-S 22. september 2008, sbr. kafla 8.16.9. Leit (S)forstj á verðhækkun gagnvart Alcoa sem mikilvægan þátt í „stóru“ málunum en samkvæmt ummælum (S)forstj átti að vera komin „mynd“ á þessi „stóru“ mál, þ. á m. vegna Alcoa, 20. október 2008, sbr. umfjöllun í næsta kafla um tölvupóst (S)forstj til (S)stjórnarm-fjármstj 28. september 2008. Segja má að þessi framsetning forstjórans endurspeglir samráðið við Eimskip á þessum tíma.

¹⁵⁶⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.503847. [...] Doc. ID. 0.7.33.806403.

¹⁵⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.806968.

¹⁵⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.807064.

¹⁵⁶⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

8.16.11. Forstjóri Samskipa sér fram á niðurstöðu í „stóru málunum“

2932. Sunnudaginn 28. september 2008 sendi (S)stjórnarm-fjármstj, fjármálastjóri Samskipa Holding sem sat í stjórn Samskipa hf., tölvupóst til (S)forstj og spurði hvort stjórnarfundur Samskipa hf. yrði haldinn þann 6. október 2008. (S)forstj svaraði daginn eftir

„eigum við kannski að færa þann fund fram til 20 okt, þ.e. þetta er vinnudegi eftir fundinn á föstudag, sem og margt stórt sem verið er að vinna í ss skip, hækkanir, alcoa etc sem er í vinnslu en ekki kominn niðurstaða með, en verður komin mynd á 20 okt. sem og áætlun á síðustu metrum.“¹⁵⁷⁰

2933. Þann 29. september 2008 hittust eins og áður segir stjórnendur Eimskips sem komu að „Nýtt upphaf“ verkefninu. Klukkan 12:00 – 16:30 átti (E)forstj fund með (E)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-Eimísl.¹⁵⁷¹ Sama dag átti (E)frkvstj-alþjv fund með (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-skiparekst. Eins og rökstutt var hér að framan er talið að þessi fundir hafi m.a. varðað samráðið við Samskip.¹⁵⁷²

2934. Samkvæmt framansögðu taldi (S)forstj sig vita 29. september 2008 hvenær „mynd“ eða niðurstaða yrði kominn í „stóru málin“ og sama dag funduðu (E)forstj og (E)frkvstj-alþjv með lykilstjórnendum Eimskips sem höfðu átt í samskiptum við Samskip, þ.e. (E)frkvstj-Eimísl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-innanl.

2935. Daginn eftir, þ.e. 30. september 2008, breytti (E)forstj verkefnalistanum sínum. Eins og lýst er í kafla 7.2.1.1 birtist „Nýtt upphaf“ verkefnið fyrst á verkefnalista (E)forstj daginn fyrir fund hans og (E)stjform með (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj 6. júní 2008:



2936. Samkvæmt verkefnalista sem (E)frkvstj-alþjv sendi til (E)forstj 16. júní 2008 var „Nýtt upphaf“ tilgreint sem eitt af verkefnum stjórnendanna tveggja, en (E)frkvstj-alþjv ásamt (E)forstj voru tilgreindir sem hluti af vinnuhópi „Nýtt upphaf“ verkefnisins ásamt (S)forstj, sbr. m.a. kafla 7.3.4. Athuga ber að samkvæmt verkefnalistanum var litur „Nýtt upphaf“ verkefnisins merktur rauður og áætlaður verktími frá júní til loka nóvember 2008.¹⁵⁷³ Í samræmi við tímaáætlun verkefnalistans var unnið að „Nýtt upphaf“ verkefninu sumarið og haustið 2008.

2937. Umræddan dag, 30. september 2008, vistaði (E)forstj hjá sér uppfærðan verkefnalista, sbr. kafla 7.3.4. Í því skjali hafði liturinn í skjalinu fyrir „Nýtt upphaf“ breyst úr rauðum í gulan. Er það til staðfestingar því að „Nýtt upphaf“ væri í vinnslu en því væri ekki lokið. Í þessum uppfærða verkefnalista (E)forstj 30. september 2008 var áfram gert ráð fyrir að „Nýtt upphaf“ verkefninu yrði lokið í nóvember 2008.

2938. Ljóst er að mikilvægum verkþáttum í „Nýtt upphaf“ verkefninu lauk í nóvember 2008, sbr. kafla 9. Þannig hafði flutningsgeta verið takmörkuð, gámasamstarf aukið og gripið til ýmissa ráðstafana til að hið ólögmeta samráð myndi ganga fram með skilvirkum hætti. Aftur á móti var áfram unnið að öðrum verkþáttum eins og t.d. nýjum Norður-Ameríku samningi og auknu samstarfi í skipaafgreiðslu.

2939. Sú staðreynd að gögn (S)forstj og (E)forstj sýna með eins dags millibili vissu um framgang í „Nýtt upphaf“ verkefninu endurspeglar hið ólögmeta samráð fyrirtækjanna og Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.

¹⁵⁷⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.506666.


¹⁵⁷¹ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.351119.

¹⁵⁷² Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.78361.

¹⁵⁷³ Líkt og fyrr greinir sagði [...] aðspurður í skýrslutöku hjá lögreglu um litakóðunina á verkefnalistanum: „Sko gula, já græn þýðir að búið er að ljúka því“ „Rauða væntanlega ekki hafið“ „Gult í vinnslu“. „Ekkert flóknara en það“. Endurrit skýrsla [...] hjá lögreglu, bls. 118.




2940. Í málinu er að finna glærukynningu (E)frkvstj-innanl sem ber heitið „Innanlandssvið Eimskips – Rekstraráætlanir 2009 – 30. september 2008 (E)frkvstj-innanl“ og er hún þannig dagsett daginn eftir fund (E)frkvstj-innanl með (E)forstj.¹⁵⁷⁴ Í henni kemur fram að Eimskip stefni að því að hækka verð á landflutningum 1. apríl og 1. desember 2009, í bæði skiptin um 5%. Fram kemur að afkoma væri óviðunandi, mikil samkeppni (markaðurinn sagður vera „tvíkeppnismarkaður“) og að tilteknir stórir viðskiptavinir væru með of lágt verð. Síðan er greint frá helstu breytingum á árinu 2008:




Helstu breytingar á starfsemi 2008

- Heimastursturgjald sett á landsvísu í nóvember 2007
- Dregið hefur verið úr allri starfsemi á Eskifirði samhliða því að skipakomur félagsins eru nú á Reyðarfirði
- Strandsiglingar til og frá Ísafirði hafnar í september 2008, verkefni til reynslu fram að áramótum
- Viðræður í gangi við Umbúðamiðlun um að rukkað verði fyrir flutninga á tómunum fiskikörum frá sept 2008
- 30% hækkun á flutningsverði í ferskfiskflutningum frá sept 2008 – ígildi olíuálags bætt við
- Samvinna með Samskip á ýmsum flutningaleiðum – tvíhliða samningar - mikil tækifæri framundan í þessu
- Hættum rekstri á eigin flutningabílum á leiðinni Selfoss-Reykjavík í júní 2008 – verktakar annast flutninga
- Viðræður í gangi um lokun vöruafgreiðslu á Höfn í Hornafirði




2941. Í næstu glæru er verkefnum og áherslum fyrir árið 2009 lýst þannig:

¹⁵⁷⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Innanlandssvið áætlanir 2009 29 sept 08.ppt“. Titill: „Innanlandssvið Eimskips – Rekstraráætlanir 2009“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. „Innanlandssvið áætlanir 2009 29 sept 08.ppt“. [...] Doc. ID. 0.7.33.238025.




Innanlandsflutningar – verkefni og áherslur 2009

- Aksturskostnaður
 - Verktakar vs eigin bílar (dráttarbílar / kassabílar)
 - Auka hlut verktaka í dráttarbílaakstri
 - Ætíum að eiga flesta kassabíla og öll dráttartæki, vagna/grindur
- Opnunartími í afgreiðslum
 - Stytta opnunartíma og lækka kostnað
 - Fækkun á eigin afgreiðslum, lækkun á kostnaði
- Strandflutningar
 - Vestfirðir á 2 vikna fresti til reynslu í 3 mánuði frá 12.sept 2008
 - Reyðarfjörður, Eimskip + Samskip – 2 ferðir í viku
- Vöruafgreiðslur og innansvæðisdreifing
 - Athuga möguleika á að stofna sérstakt félag með Samskip og etv. fleirum sem tæki yfir allar vöruafgreiðslur og innansvæðisdreifingu, leggja erindi fyrir samkeppniseftirlit ?
 - Akstur til og frá – tvíhliða samningar




2942. Hér ber að rifja upp hvað sagði í „Nýtt upphaf“ glærukynningunni frá júní 2008 um landflutninga, en minnt skal á að kjarni þess verkefnis var að meta hagkvæmni verkefna „með því að auka samstarf milli Samskip og Eimskip“:



5. Innanlandspjónusta

- Markmið
 - Meta hvort möguleiki er að samnýta betur innanlandsframleiðslukerfi með það að leiðarljósi að lækka kostnað á hverja framleidda einingu
- Verkefnið
 - Kostnaðargreina helstu rútur og meta hvar ójafnvægi er í hvoru kerfi fyrir sig
 - Sameiginlegar afgreiðslustöðvar
 - Stilla upp sameiginlegu kerfi og meta hagræði
 - Hluti/heild/afgreiðslur



2943. Í samræmi við önnur gögn málsins er í „Nýtt upphaf“ verkefninu vísað til samstarfs milli Eimskips og Samskipa sem þegar var fyrir hendi í júní 2008. Þannig átti að meta möguleika á því að „samnýta betur“ landflutningakerfi fyrirtækjanna. Gert var og ráð fyrir samvinnu og upplýsingaskiptum um



viðkvæma samkeppnisþætti fyrirtækjanna. Átti vinnuhópurinn samkvæmt verkefninu að „kostnaðargreina“ helstu flutningaleiðir og meta „hvar ójafnvægi er í hvoru kerfi fyrir sig“. Einnig átti að kanna kosti þess að ganga enn lengra í samstarfi og hvort stilla ætti upp sameiginlegu landflutningakerfi og afgangslustöðvum Eimskips og Samskipa.

2944. (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl funduðu 4. júlí, 11. ágúst og 17. september 2008. Undirmenn þeirra ræddu ítrekað um samvinnu í landflutningum, sbr. samtal (S)rekststj-landfl2 og (E)rekststj-landfl 8. september 2008, fund (E)svæðisstj1, (E)þjstj-Austur, (S)forstö-landfl og (S)rekststj-landfl3 9. september 2008 og samskipti (E)þjstj-Austur og (S)rekststj-landfl3 í kjölfarið sem leiddu til samkomulags um markaðsskiptingu á Austurlandi sem (E)svæðisstj1 tilkynnti (E)frkvstj-innanl um 16. september 2008. Um þetta vísast til umfjöllunar hér að framan.
2945. Þegar framangreind samskipti Samskipa og Eimskips eru virt með hliðsjón af „Nýtt upphaf“ glærunni um landflutninga og umfjöllun um samvinnu við Samskip í glærum (E)frkvstj-innanl er ljóst að talsverður áfangi hafði náðst 30. september 2008 í ólögum samráði fyrirtækjanna í landflutningum í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Samkvæmt glærum (E)frkvstj-innanl var ein helsta breytingin á árinu 2008 hjá innanlandssviði Eimskips samvinna við Samskip á „ýmsum flutningaleiðum“. Einnig er mikilvægt að í glærunum segir að Eimskip sjái „mikil tækifæri framundan“ í samvinnu við helsta keppinaut fyrirtækisins í landflutningum. Í samræmi við gögn hér að framan, sbr. til dæmis tölvupóst (S)frkvstj-innanl til (E)frkvstj-innanl frá 18. september 2008 sem fjallað er um í kafla 8.16.7, var fyrirhuguð samvinna við Samskip vegna sjóflutninga til og frá Reyðarfirði. Þá átti að kanna möguleika á því að ganga enn lengra í samvinnu við Samskip og stofna sameiginlegt félag sem myndi annast „allar vöruafgreiðslur og innansvæðisdreifingu“, sbr. umfjöllun í kafla 8.19.6.
2946. Einnig sýna glæsur (E)frkvstj-innanl að Eimskip hafði náð fram 30% hækkun á flutningi á ferskum fiski. Þann 11. ágúst 2008 var verð á landflutningaþjónustu Eimskips hækkað um 9,8%. Samkvæmt glærum (E)frkvstj-innanl voru tvær verðhækkanir til viðbótar fyrirhugaðar. Hvergi kemur fram ótti við að samkeppni frá Samskipum geti hindrað þau áform. Er það í samræmi við gögn Samskipa frá þessum tíma þar sem ekki var að finna áhyggjur af viðbrögðum Eimskips við verðhækkun Samskipa. Nánar er fjallað um verðhækkanir og atvik þessu tengd í samráði fyrirtækjanna í kafla 11.
2947. Sem fyrr segir kom fram í glærum (E)frkvstj-innanl að til skoðunar væri sameiginlegt landflutningakerfi og sameiginlegar afgangslustöðvar Eimskips og Samskipa. Áður höfðu komið fram hugmyndir í gögnum frá Samskipum sem miðuðu einnig að því sem nefna má formbundna samvinnu milli Samskipa og Eimskips, sbr. gögn (S)frkvstj-millilandasv frá 7. júlí 2008 um heildarsamræmingu siglingakerfa fyrirtækjanna. Bæði í þessum gögnum (S)frkvstj-millilandasv og framangreindri glæru (E)frkvstj-innanl er vísað til samkeppnislaga/Samkeppniseftirlitsins. Enda þótt Eimskip og Samskip hafi haldið víðtæku ólögum samráði sínu leyndu fyrir samkeppnisyrvöldum er því ljóst að þegar fyrirhugað samráð þeirra tók á sig slíka áþreifanlega og sýnilega mynd fóru fyrirtækin ekki í grafgötur um nauðsyn þess að óska eftir undanþágu frá banni samkeppnislaga við ólögum samráði keppinauta. Hvað sem því líður er ljóst að þessar hugmyndir Eimskips og tillögurnar í gögnum (S)frkvstj-millilandasv voru liðir í því meginmarkmiði „Nýtt upphaf“ verkefnisins að meta „hagkvæmni“ þess að „auka samstarf“ á milli Samskipa og Eimskips í flutningastarfsemi fyrirtækjanna.
2948. Það felur í sér ólögum samráð samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga þegar fyrirtæki hafa með sér samstarf í þeim tilgangi að takmarka flutningsgetu sína, jafnvel þótt það sé gert í þeim tilgangi að „hagræða“ í rekstri enda er fyrirtækjum óheimilt að hafa með sér samráð um slíkar aðgerðir. Þannig áskilur 10. gr. samkeppnislaga að fyrirtæki taki sjálfstæðar ákvarðanir, jafnframt þegar um er að ræða hagræðingaraðgerðir. Því var ekki að heilsa í tilviki Samskipa og Eimskips.
2949. Þegar hér var komið sögu í lok september 2008, voru í aðsigi afdrifaríkir atburðir sem tengdust m.a. stórum eigendum Samskipa og Eimskips, en aðaleigendur fyrirtækjanna höfðu rík tengsl við

fjármálakerfið hér á landi í gegnum eignatengsl þeirra eða tengdra félaga, annars vegar eignatengsl aðaleigenda Samskipa í Kaupþing banka og hins vegar eigenda Eimskips í Landsbanka Íslands, sbr. umfjöllun í kafla 6.7. Þannig var boðað til fréttamannafundar í Seðlabanka Íslands 29. september 2008, þar sem tilkynnt var að Glitnir banki hefði vikuna á undan leitað til Seðlabankans um fjármögnun. Var á fundinum lesin upp tilkynning frá forsætisráðuneytinu um að samkomulag hefði verið gert um hlutafjárframlag ríkissjóðs til Glitnis. Í kjölfar þessa varð atburðarásin hröð þegar fjármálafyrirtæki féllu hvert af öðru næstu daga á eftir, þ. á m. Kaupþing banki, Landsbanki Íslands og Glitnir banki.¹⁵⁷⁵ Eftirfarandi gögn gefa til kynna að aukinn þungi hafi færst í ólögmeitt samráð Samskipa og Eimskips í kjölfarið.

2950. Daginn eftir blaðamannafund Seðlabankans um erfiðleika Glitni banka sendi (S)forstj eftirfarandi tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv kl. 20:14 með heitingu „alcoa“: „*sælir - voru þeir alcoa menn komnir til baka?*“. Hér að framan í ákvörðuninni hefur verið fjallað um verðsamráð Samskipa og Eimskips og atvik vegna verðhækkunarkröfu Samskipa gagnvart Alcoa. Fyrirspurn (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv tengdist þessum aðgerðum. (S)frkvstj-millilandasv hafði haft mikla aðkomu að þessum hækkunaraðgerðum og samskiptum við Alcoa í lok september 2008 og er ljóst af gögnunum að Alcoa hafði verið tvístígandi og óskað frekari gagna vegna kröfu Samskipa um verðhækkun, sbr. umfjöllun hér að framan.
2951. (S)frkvstj-millilandasv svaraði (S)forstj morguninn eftir, 1. október 2008 kl. 09:29 þar sem fram kom eftirfarandi: „*heyrði í [innkaupastjóra Alcoa] í gær. Þeir funda mikið innanhúss þessa dagana. Þetta stendur verulega í þeim en klár vilji hjá [innkaupastjóranum] til að reyna að ná lendingu með okkur. Hann á fundi með [...] í dag og ég reikna með að heyra frá honum seinna í dag.*“¹⁵⁷⁶
2952. Gögn málsins gefa til kynna að sama morgun, 1. október 2008, hafi (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-Eimísl rætt saman um „Nýtt upphaf“ verkefnið. Fyrir liggur að þann morgun boðaði (E)frkvstj-Eimísl bæði (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl til fundar með Samskipum og vísaði í fundarboðinu til samskipta við (S)frkvstj-millilandasv. Eins og lýst verður hér á eftir var þessi fundur haldinn 6. október 2008.¹⁵⁷⁷ Sú staðreynd að þessi fundur var haldinn eftir samskipti (E)frkvstj-Eimísl og (S)frkvstj-millilandasv gefur til kynna aukna þýðingu hans, enda gegndu þeir miklum ábyrgðarstöðum hjá fyrirtækjunum. Gögn málsins sýna að um kvöldið 1. október 2008 hafi (S)frkvstj-millilandasv unnið í málefnum sem tengdust „Nýtt upphaf“ verkefninu. Sendi hann tölvupóst til (S)forstö-innfl1 sem bar heitið „Verðin í USA samningnum“ og bað hann (S)forstö-innfl1 um að senda sér „*excel skjalið sem við vorum með fyrir síðasta fund þar sem einingarverðin komu fram.*“ (S)forstö-innfl1 svaraði og benti (S)frkvstj-millilandasv á að þetta skjal væri í hans tölvu.¹⁵⁷⁸
2953. Þann 2. október 2008 sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst til erlends starfsmanns Eimskips. Greindi hann frá því að „*our old friends S-Line*“ (þ.e. Samskip) vildu flytja tvo gáma frá Bretlandi (Immingham) til Reykjavíkur.¹⁵⁷⁹ (S)frkvstj-Jóna hafði nokkrum mínútum áður sent tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf og beðið um þessa flutninga.¹⁵⁸⁰ Vekur eftirtekt að framkvæmdastjóri hjá Eimskip ((E)frkvstj-flutnkerf) vísi til helsta keppinautar fyrirtækisins sem „*gamals vinar*“. Hér ber og að hafa í huga að á þessum tíma var í gildi ólögmeitt samráð vegna Evrópuflutninga („*neyðarsamkomulagið*“ frá 2001) milli fyrirtækjanna sem í reynd var framkvæmt þannig að það tæki til flutnings á gámum fyrir hvort annað þótt engin „*neyð*“ væri fyrir hendi, sbr. umfjöllun hér að framan. Í október 2008 kom framkvæmd á „*neyðarsamkomulaginu*“ aftur til umræðu milli fyrirtækjanna. Hófu þau samningslotu sem tengdist þessu samkomulagi, útvíkkun þess og þeim þætti

¹⁵⁷⁵ Vísast um þetta til skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls bankanna árið 2008. Aðgengilegt á slóð: <https://www.rna.is/eldri-nefndir/addragandi-og-orsakir-falls-islensku-bankanna-2008/skyrsla-nefndarinnar/>.

¹⁵⁷⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.507977.

¹⁵⁷⁷ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.426307.

¹⁵⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.673812.

¹⁵⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.30324.

¹⁵⁸⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.30322.



samráðsverkefnisins sem laut að slótsamningi milli fyrirtækjanna. Verður þessu lýst nánar hér á eftir í köflum 8.19, 9.1, 9.3, 9.12.2 og 11.14.2.

2954. Þennan sama dag, 2. október 2008, var innan Eimskips fjallað aftur um samvinnu við Samskip í landflutningum. Sem fyrr segir höfðu fyrirtækin „*komið sér saman*“ um aukið samráð með ólögumætri skiptingu á tilteknum akstursleiðum á Austurlandi, sbr. tölvupóst (E)svæðisstj1 til (E)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-EimÍsl frá 16. september 2008. Þann 2. október 2008 sendi (E)svæðisstj1 tölvupóst til (E)rekstj-aksturst og (E)forstö-fjárh2 vegna þessa. Sendi hann þeim excel-skjöl vegna vinnu við áætlun fyrir 2009 og setti fram þessa útskýringu í tölvupóstinum:

„Setti inn útgjöld vegna akstur milli EGS og SEY að upphæð 6 milljónir, og lækkaði aksturskostnað sem því nam, vegna samnings við Samskip um að aka fyrir okkur vöru til SEY, þó að samningarnir séu ekki alveg frágengnir. Erum byrjaðir.

*Hækkaði á móti sértekjur á RFJ, þar sem við ætlum að aka fyrir samskip vörum frá RFJ til ESK og NES.*¹⁵⁸¹

2955. Samkvæmt þessu var umrætt ólögumætt samráð þá þegar hafið en frágangi á samningi við Samskip ekki lokið. Samkeppniseftirlitið telur hér hafa þýðingu að nokkrum dögum áður, 26. september 2008, hafði (E)rekstj-aksturst sent tölvupóst til (E)svæðisstj1 og í honum sagði: „*Hér kemur samningsform*“. Um var að ræða samning frá 18. apríl 2008 og í honum segir m.a.:

„Eimskipafélag Íslands ehf., kt. 660288-1049, hér eftir nefndur verkkaupi og Flutningaþjónusta Gunnars ehf. kt. 510573-0219, hér eftir nefndur verktaki, gera með sér eftirfarandi:

SAMKOMULAG UM AKSTUR OG ÞJÓNUSTU

1. gr. Verkefni / Trúnaður

Með samkomulagi þessum tekur verktaki að sér að flytja vörur fyrir verkkaupa milli Reykjavíkur og Suðurnesja (án Grindavíkur og Voga) og sér verktaki jafnframt um afgreiðslu og dreifingu á vörum á Suðurnesjum fyrir Verkkaupa. Verktaki tekur að sér að annast alla almenna akstursþjónustu samkvæmt gildandi áætlunarferðum verkkaupa og dreifingu á vörum til viðskiptavina verkkaupa.

[...]

Aðilum er ljóst að verktaki er einnig með þjónustusamning við Landflutninga Samskip og ábyrgist verktaki að fyllsta trúnaðar skuli gætt á milli allra hagsmunaaðila. Núverandi afgreiðsla verktaka í Reykjanesbæ verður merkt með merki verkkaupa og skal þess gætt að jafnræðis skuli gætt er varðar stærð og gerð allra merkinga. Þá skulu öll flutningatæki framvegis einungis merkt lógói verktaka svo og vinnufatnaður.

Verktaki mun á engan hátt reyna að hafa áhrif á það hvort flutningakerfið viðskiptavinir velja í viðskiptum sínum við verktaka. Ef upp koma vafaatriði svo sem að viðskiptavinur velji ekki sjálfur hvort kerfið skal notað skal verktaki reyna að skipta viðskiptum bróðurlega á milli aðila. Í stórum útboðum skal verktaki gefa báðum aðilum upp sömu afsláttakjör á áætlunarleiðinni.

Greiðslur fyrir þjónustu verktaka:

1. Verktaki flytur vörur á milli Reykjavíkur og Suðurnesja á þeim kjörum sem verkkaupi semur við sína viðskiptavini. Verkkaupi skuldbindur sig þó til að vera í fullu samráði við verktaka í tilboðsgerð.¹⁵⁸²

¹⁵⁸¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]

¹⁵⁸² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...]



2956. (E)svæðisstj1 framsendi þetta skjal til annars starfsmanns Eimskips á Austurlandi ((E)svæðisstj) og sagði í tölvupóstinum aðeins þetta við (E)svæðisstj með mikilli áherslu (feitlettrað og undirstrikað af (E)svæðisstj1): „**Algjört Trúnaðarmál.**”¹⁵⁸³
2957. Ekki hafa komið fram gögn sem benda til þess að í lok september og byrjun október 2008 hafi staðið yfir samningaviðræður/frágangur milli Eimskips á Austurlandi og annars keppinautar í landflutningum („verktaka”) en Samskipa. Þegar umrædd gögn eru virt saman er líklegast að þetta samningsform hafi tengst skriflegum „frágangi” á munnlegum ólögum samráðssamningi Eimskips og Samskipa um akstur á Austurlandi.
2958. Í mgr. 915 og áfram í athugasemdum Samskipa við AI er fjallað um framangreind gögn. Sú umfjöllun er ekki til þess fallin að breyta mati Samkeppniseftirlitsins og vísast hér til kafla 25.23.11.
2959. Samkvæmt framansögðu var áfram unnið í „stóru málunum” hjá Samskipum, m.a. hækkun á verði, siglingakerfi og Alcoa og (S)forstj taldi að mál myndu fara að skýrast í kringum 20. október 2008. Verða nú rakin gögn málsins fram til 20. október 2008. Verður m.a. gerð grein fyrir fundi (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl 6. október 2008 og öðrum samskiptum þessara keppinauta.

8.17. Fundur Samskipa og Eimskips 6. október 2008 og tengd atvik

2960. Eins lýst hefur verið voru breytingar á siglingakerfum hluti af „Nýtt upphaf” samráðsverkefninu og áttu Samskip og Eimskip fund vegna þessa þann 6. október 2008. Nánar tiltekið sýna gögn málsins að þennan dag hafi (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl hist aftur á fundi.
2961. (E)frkvstj-flutnkerf hafði setið fundina 14. ágúst og 5. september 2008 með Samskipum. Hann sat einnig fundinn 6. október 2008. Samkeppniseftirlitið telur að atvik sem áttu sér stað 2. og 5. október 2008 og varða m.a. (E)frkvstj-flutnkerf sýni undirbúning fyrir fundinn með Samskipum 6. október 2008. Skal þessum atvikum lýst áður en vikið verður að fundi fyrirtækjanna 6. október 2008.

8.17.1. Aukið gámasamstarf undirbúið

2962. Gögn málsins gefa til kynna að 1. október 2008 hafi (E)frkvstj-EimÍsl og (S)frkvstj-millilandasv rætt saman um „Nýtt upphaf” verkefni Samskipa og Eimskips, sbr. umfjöllun hér að framan. Daginn eftir fékk (E)frkvstj-flutnkerf send drög að gagnkvæmum samningi milli Eimskips og Samskipa um leigu á gámum ásamt yfirlýsingu um að fyrirtækin myndu styðja við viðskiptasamstarf hvors annars.
2963. Áður en þeim drögum er lýst ber að horfa til þess að eins og á öðrum sviðum flutningastarfsemi Eimskips og Samskipa var fyrir hendi samráð milli fyrirtækjanna sem tengdist gámum áður en „Nýtt upphaf” samráðsverkefnið hófst í júní 2008. Sýna gögnin að fyrir hendi hafi verið gagnkvæmt samkomulag milli Eimskips og Samskipa um leigu eða lán á gámum, sbr. umfjöllun í kafla 18.
2964. Eins og rökstutt er í ákvörðun þessari höfðu Eimskip og Samskip með sér ólögum samráð um m.a. breytingu á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu. Gögn málsins sýna að það var talsverð áskorun að takmarka flutningsgetu og gera breytingar á siglingakerfum á seinni hluta ársins 2008 vegna mismunandi aðstæðna í annars vegar innflutningi og hins vegar útflutningi. Fyrirsjáanlegt var að slæmar horfur í efnahagsmálum hér á landi myndu leiða til þess að innflutningur færi minnkandi. Hins vegar voru aðstæður allt aðrar í útflutningi og mikill vöxtur fyrirsjáanlegur, einkanlega vegna aukinnar framleiðslu stóriðjuvera eins og Alcoa.

¹⁵⁸³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]



2965. Til þess að samráð Samskipa og Eimskips yrði árangursríkt metur Samkeppniseftirlitið það svo að gögn málsins sýni að fyrirtækin hafi haft samstarf um að leysa úr viðfangsefnum sem þau stóðu frammi fyrir.
2966. Af gögnum málsins má sjá að stjórnendum Samskipa töldu það ljóst að það yrði ójafnvægi í inn- og útflutningi til og frá Íslandi, þ.e. það yrði samdráttur í innflutningsmagni meðan útflutningur frá landinu myndi aukast. Af þessu leiddi fyrirséður skortur á tómunum gámum til að nýta í útflutning. Með samráði Samskipa og Eimskips um takmörkun á flutningsgetu og breytingu siglingakerfis í október/nóvember 2008 unnu fyrirtækin að því að að mæta þessu viðfangsefni og stýringu á tómunum gámum milli viðkomuhafna á Íslandi, sbr. nánari umfjöllun í kafla 18.
2967. Þá ber að taka fram að samráð Samskipa og Eimskips um gáma var ekki bara bundið við sjóflutningsmarkaðinn heldur sýna gögn málsins að fyrirtækin höfðu uppi sömu ólögsmætu háttsemina á landflutningamarkaði, sbr. umfjöllun í kafla 17.
2968. Gögn málsins gefa til kynna að hið aukna gámasamráð hafi að hluta hafist í lok september 2008.¹⁵⁸⁴ Eins og fram kom kafla 8.16.11 ræddu (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-EimÍsl saman 1. október 2008. Boðaði (E)frkvstj-EimÍsl þá (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl sama dag til fundar með Samskipum 6. október 2008. Í fundarboði (E)frkvstj-EimÍsl vísaði hann til samskipta við (S)frkvstj-millilandasv og sagði:
- „Það þarf að klára gáamál við þá [Samskip] þ.e. [út]færslur á gámagerðum að sögn [(S)frkvstj-millilandasv]“*
2969. Daginn eftir, þ.e. fimmtudaginn 2. október 2008, sendi (E)starfsm-flutnstýr1, sérfræðingur í flutningsstýringu Eimskips, tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf þar sem meðfylgjandi voru drög að samningi milli Eimskips og Samskipa sem tóku til gáma. Þessi sending (E)starfsm-flutnstýr1 var ekki útskýrð nánar í tölvupóstinum en titill samningsins er: „*Interchange agreement*“ og er skjalið dagsett þennan sama dag, þ.e. 2. október 2008.¹⁵⁸⁵
2970. Eins og sjá má af eftirfarandi skjámynd, sem tekin er af fyrstu síðu samningsins, var markmið hans þetta;
- „to establish working procedures and rates for interchange of containers between EI [Eimskip] and Samskip and to support commercial co-operations.“¹⁵⁸⁶*

¹⁵⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]

¹⁵⁸⁵ Sama dag var [...] að hlutast til um að Jónar ([...]), sem [...] kallar í tölvupóstsamskiptum: „*our old friends S-Line*“, myndu fá að flytja gáma með Eimskip frá Immingham til Reykjavíkur, sbr. umfjöllun í kafla 8.16.11.

¹⁵⁸⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Form for Cabotage agreement*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...]



INTERCHANGE AGREEMENT

October 2, 2008

Between **Eimskipafélags Íslands ehf, (hereinafter called EI)**
Korngardar 2
104 Reykjavík
ICELAND

And **Samskip ... (hereinafter called Samskip)**

1. Objective of the agreement

The objective of this agreement is to establish working procedures and rates for interchange of containers between EI and Samskip and to support commercial co-operations.

2. Definitions

Containers:
Manufactured, tested and maintained in compliance with the following standards:

International standards Organisation (ISO), International Convention for Safe Containers (CSC) of 1972 and any amendments thereof, Customs Convention on Containers of 1956 and any amendments thereof, Australian Quarantine Regulations in respect of Timber Component Treatment. Current IICL standards for repair and cleaning.

Lessee:
Samskip

Lessor:
EI

Unit:
40' Dry vans and 40' HC dry vans

Owner:
The physical owner of the units or the party who is responsible for them if taken on lease from a commercial leasing company.

Transporter:
The party moving the container.

Shipper:
The issuer of the bill of lading

2971. Af framangreindu markmiði og öðru efni samningsins má sjá að hann tók til gagnkvæms samkomulags milli Eimskips og Samskipa um leigu á gámum ásamt yfirlýsingu um að fyrirtækin myndu styðja við viðskiptasamstarf hvors annars.
2972. Hér ber að rifja upp að (E)frkvstj-flutnkerf var falið að leiða viðræður við Samskip og samskiptin við Samskip áttu að vera „öll á rekstrarhliðinni“ (ábyrgðasviði (E)frkvstj-flutnkerf hjá Eimskip sem tók til flutningakerfis Samskipa), sbr. umfjöllun í kafla 7.2.1.1 um fundargerð Eimskips frá 2. júní 2008. Hafði (E)frkvstj-flutnkerf átt í ítrekuðum samskiptum við Samskip fyrir 2. október 2008 og sem fyrr sagði sat hann fundinn með stjórnendum Samskipa mánudaginn 6. október 2008.
2973. Áðurnefnd tilvísun (E)frkvstj-EimÍsl 1. október 2008 til ummæla (S)frkvstj-millilandasv um gáma skal sett í samhengi við að fjallað er um gámagerðir/tegundir í viðauka A í áðurnefndum drögum að gámaleigusamningi Eimskips og Samskipa dags. 2. október 2008. Þá er ljóst að á þessum tíma voru



fyrirtækin sömuleiðis að horfa á gámanotkun og -leigu í undirbúningi að samstarfi í siglingum milli Íslands og Norður–Ameríku.

2974. Samhengisins vegna verður að horfa til þess að eftir fund (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-Eimísl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 6. október 2008 var í samtímagögnum málsins vísað til „nýs“ samnings milli Eimskips og Samskipa á sviði gáma. Í tölvupósti (E)starfsm-flutnstýr1 13. október 2008 til samstarfsmanna var vísað til nýs samnings við Samskip með þessum hætti:
- „We´ve a new deal in place which could serve us pretty good“, sbr. kafla 8.17.16.
2975. Gagnkvæmt samkomulag Samskipa og Eimskips um lán eða leigu á gámum fól í sér samnýtingu á búnaði og tengdist samnýtingu á flutningakerfum og gámastýringu. Hér ber að taka fram að gámasamráð Samskipa og Eimskips var síðan samfellt út rannsóknartímabilið eða a.m.k. til júní 2013. Er þessu lýst nánar í kafla 18.
2976. Eins og ljóst má vera hafa gámar mikla þýðingu bæði í sjóflutningum og landflutningum. Í kafla 4.6.7 er því lýst að samstarf keppinauta um skipti eða leigu á gámum geti verið andstætt 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. EES samningsins, ekki síst þegar viðkomandi hafa samanlagt mjög háa markaðshlutdeild. Samningar milli keppinauta um t.a.m. leigu á gámum geta hins vegar notið undanþágu frá banni við samráði keppinauta skv. reglugerð framkvæmdastjórnar ESB nr. 906/2009. Eins og fram kemur í kafla 4.6.7 tók undanþága þeirrar reglugerðar þó ekki til samstarfs Eimskips og Samskipa. Fyrirtækin upplýstu ekki Samkeppniseftirlitið um þetta samstarf sitt. Bann 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. EES samningsins tók því að öllu leyti til þessa gámasamstarfs Eimskips og Samskipa. Engin undanþága samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga var í gildi vegna þessa samstarfs Eimskips og Samskipa.
2977. Samskip mótmæla því að um brot hafi verið að ræða, sbr. mgr. 468 og áfram í athugasemdum fyrirtækisins við AII. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þau sjónarmið Samskipa, sbr. nánari umfjöllun í kafla 29.
2978. Í sátt Eimskips viðurkennir fyrirtækið að hafa á rannsóknartímabilinu brotið alvarlega gegn 10. gr. samkeppnislaga, m.a. með samráði við Samskip „um gagnkvæma leigu eða lán á gámum“, sbr. tölul. 1.5 í 1. gr. sáttarinnar frá 16. júní 2021.

8.17.2. Beðið eftir Alcoa

2979. Þann 3. október 2008 sat (S)forstj fund stjórnar Samskipa Holding í Ijmuiden í Hollandi. Í fundargerð er greint frá áframhaldandi vinnu Samskipa hf. við breytingar á siglingakerfinu og tengingu þess við viðræður Samskipa um verðhækkun gagnvart Alcoa:
- „Iceland is still working on ways how to scale down the sailing system and outcome of that is now to some extent dependend [svo] on discussions we are currently having with Alcoa.“¹⁵⁸⁷
2980. Laugardaginn 4. október 2008 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv þar sem eingöngu stóð í heiti hans eftirfarandi: „kom e-d fra alcoa?“. Má ætla af þessu að (S)forstj hafi verið orðinn óþreyjufullur eftir viðbrögðum frá Alcoa vegna kröfu Samskipa um verulega verðhækkun. (S)frkvstj-millilandasv svaraði (S)forstj um kvöldið: „Nei“.¹⁵⁸⁸
2981. Að kvöldi sunnudagsins 5. október 2008 sendi (S)forstj sjálfum sér minnisatriði um „Ýmislegt“. Þar stóð m.a. eftirfarandi: -"alcoa, [forstjóri Alcoa í Evrópu]? skýr svör“.¹⁵⁸⁹ Á þessum minnislista

¹⁵⁸⁷ Afhent fundargerð Samskipa Holding 10.03.2017. „Minutes Board Meeting of Samskip of Samskip Holding BV“ 03.10.2008 kl. 08:00, bls. 5. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Minutes Samskip Board Meeting 3 Oct 2008.doc“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. „Minutes from last board meeting“. [...] Doc. ID. 0.7.33.515387.

¹⁵⁸⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti [...] Doc. ID. 0.7.33.510065.

¹⁵⁸⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.510253.



(S)forstj komu fram fleiri atriði sem vörðuðu samráðið með Eimskip, sbr. umfjöllun um þennan minnislista hér síðar.

2982. Ummælin í fundargerð Samskipa Holding staðfesta að breytingar á siglingakerfi og takmörkun á flutningsgetu Samskipa voru nátengdar viðskiptunum við Alcoa. Tölvupóstur (S)forstj 4. og 5. október 2008 sýna að helgina fyrir fundinn með Eimskip 6. október 2008 vildi að hann að það lægju fyrir skýr svör frá Alcoa.

8.17.3. Samskipti (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv 5. október 2008

2983. Eins og áður segir áttu forstjóri Eimskips á Íslandi, (E)frkvstj-EimÍsl, og (S)frkvstj-millilandasv, samskipti 1. október 2008. Daginn eftir fékk (E)frkvstj-flutnkerf send til sín framangreind samningsdrög um aukið gámasamstarf með Samskip.

2984. Auk samningsdraganna, sem (E)frkvstj-flutnkerf fékk send 2. október 2008, hefur tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf frá 5. október 2008 einnig þýðingu við mat á því sem fram fór á fundinum 6. október 2008.

2985. Um er að ræða tölvupóst sem (E)frkvstj-flutnkerf sendi (S)frkvstj-millilandasv kl. 17:29 sunnudaginn 5. október 2008 (afrit til (E)forstö-innfl). Efni hans var „Gámar í USA og fl.“ og í honum segir:

„Tvö mál hérna fyrir fundinn á morgun.

1) Gámamál í USA

Við getum aðeins boðið ykkur 40'Dc standard á Cabotage samning á eftirfarandi kjörum.

- *Free days: 45 days after container is picked up from Eimskip depot Richmond*
- *Rental: 8,0 USD pr/diem, after free days*
- *Delivered clean into Eimskip depot Reykjavik*

2) Ísland – Færeyjar

*Hvað getur þú boðið okkur í flutninga á 20 – 40' gámum RFJ – Færeyjar???*¹⁵⁹⁰

2986. Tölvupósturinn sýnir að ræða átti málefni sem féllu undir „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í glærुकyningu um „Nýtt upphaf“ verkefnið sem (E)frkvstj-alþjv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir. Tilvísun til Færeyja sýnir framgang viðræðna fyrirtækjanna um samstarf í sjóflutningum milli Íslands og annarra Evrópulanda og að þau áttu í áframhaldandi samstarfi um það efni. Hér má einnig vísa til umfjöllunar að framan um verkefnalista (S)forstö-landfl um samningstilboð Samskipa til Eimskips í sjóflutningum frá 18. ágúst 2008, fjórum dögum eftir fund stjórnenda Eimskips og Samskipa 14. ágúst 2008, og framkvæmdastjórnarfundar Eimskips þann 15. september 2008, en þann fund sátu (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-innanl og ETM. Þar kom fram að Eimskip hafði ákveðið að skoða að senda fisk með Samskipum til Færeyja sem siglt væri áfram til Immingham og stefnt yrði að því að ná meiri flutningum fyrir Alcoa. Allt felur þetta í sér staðfestingu á auknu samstarfi fyrirtækjanna sem tengdist breytingum á siglingakerfum þeirra. Var þetta í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins.

2987. Hér ber enn fremur að hafa í huga að á þessum tíma, í október 2008, var þegar í framkvæmd ólögmaett samráð fyrirtækjanna í sjóflutningum. „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna gekk á þessum tíma út á að víkka og auka það samráð. Varðandi framkvæmd samráðsins vísast t.d. til tölvupóstsamskipta milli starfsmanna Eimskips: „Samskip reikn 00150877“, dagana 3. – 7. október 2008. Þar var rætt um útflutning Eimskips fyrir Samskip á gámum milli Reykjavíkur og Immingham

¹⁵⁹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.428027.



í Bretlandi. Af samskiptunum má ráða að samvinnan tengdist útflutningi á sjávarafurðum frá Íslandi til Immingham. Í tölvupósti (E)deildstj-útfl3 til (E)forstö-útfl sagðist hann „vera með þetta mál“ og tiltók (E)deildstj-útfl3 einnig að hann myndi „rukka þá [Samskip] 2x“.¹⁵⁹¹ Fyrir liggur að Eimskip og Samskip höfðu a.m.k. frá árinu 2001 verið með samráð í Evrópusiglingum með svokölluðu „neyðarsamkomulagi“ og tók það m.a. til „venjulegra flutninga“ og kröfðu fyrirtækin þá hvort annað um 2x neyðarverð fyrir slíka þjónustu, sjá nánari umfjöllun í kafla 5.4.

2988. Sýnir þetta að fyrirtækin voru þá þegar í ólögmatu samráði tengdu Evrópusiglingum, m.a. vegna útflutnings til Bretlands. Ber að minna hér á að Eimskip viðurkennir slík samskipti og samstarf við Samskip sem fól í sér brot á 10. gr. samkeppnislaga. Fólst þetta m.a. í samráði við Samskip á rannsóknartímabilinu „um sjóflutninga milli Íslands og annarra Evrópulanda“, sbr. inngang og tölul. 1.5 í 1. gr. sáttar við Eimskip frá 16. júní 2021. Ljóst er að með samráði fyrirtækjanna í október 2008 átti að gera þetta gildandi samkomulag vegna „venjulegra“ Evrópuflutninga mun víðtækara að efni og umfangi.

8.17.4. Neyðarlögin o.fl.

2989. Hér er nauðsynlegt að horfa til þess að fyrsta vikan í októbermánuði ársins 2008 var viðburðarík hér á landi. Glitnir banki var við það að falla og tíðir fundir íslenskra stjórnvalda og viðskiptabankanna þriggja voru haldnir vegna vanda Glitnis, Landsbankans og Kaupþings banka. Um þetta vísast til skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008.¹⁵⁹² Hér verður þó aðeins stiklað á stóru um helstu atvik dagana 4. til 6. október 2008, með það fyrir augum að rifja upp við hvaða aðstæður samráð Samskipa og Eimskips átti sér stað. Skiptir þetta einnig máli sökum tengsla m.a. aðaleiganda Samskipa við Kaupþing banka á þessum tíma og er því er rétt hér að hafa í huga atvik sem tengdust þeim banka.¹⁵⁹³

2990. Helgina 4. – 5. október 2008 birtust í fjölmiðlum fréttir um fundi vegna vandamála bankakerfisins hér á landi. Laugardaginn 4. október 2008 var ljóst að hugsanlega myndu bresk yfirvöld grípa inn í starfsemi dótturfélags Kaupþings í Bretlandi, Singer & Friedlander (KSF). Þann 5. október 2008 ræddu stjórnvöld neyðaráætlun fyrir íslenska bankakerfið. Vegna fjarhagsvanda hafði Glitnir vikuna áður leitað til Seðlabankans um aðstoð og samið var um að ríkið myndi eignast 75% hlut í bankanum og greiða fyrir 600 milljónir evra. Samkomulagið kom þó ekki til framkvæmda og var rekstur Glitnis tekinn yfir af Fjármálaeftirlitinu og skilanevnd sýðan sett yfir rekstur hans. Kaupþing banki var einnig í miklum vandræðum en þennan sama dag, 5. október 2008, hringdi þáverandi forsætisráðherra Bretlands til þáverandi forsætisráðherra Íslands þar sem sá fyrrnefndi taldi að KSF hefði gerst brotlegur við bresk lög með því að flytja 1.600 milljónir punda úr landi.

2991. Snemma morguns 6. október 2008 var á fundi ríkisstjórnarinnar lagt fram frumvarp um neyðarlögin svonefndu.¹⁵⁹⁴ Nokkrum klukkustundum síðar, klukkan 13:15, hittust lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips og ræddu samráðsverkefnið, sbr. nánar hér á eftir. Síðar sama dag, klukkan 16:00, flutti forsætisráðherra sjónvarpsávarp til íslensku þjóðarinnar. Klukkan 23:18 voru neyðarlögin samþykkt á Alþingi. Á grundvelli þeirra var rekstur viðskiptabankanna þriggja, Glitnis, Landsbanka og

¹⁵⁹¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.112069.

¹⁵⁹² Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, „Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir“, bindi 7, kafla 20 – 23. Aðgengilegt á slóð: <https://www.ra.is/eldri- nefndir/addragandi-og-orsakir-falls-islensku-bankanna-2008/skyrsla-nefndarinnar/>.

¹⁵⁹³ Atvik tengd fjármálahruninu í október 2008 og eignarhaldi [...] og tengdum félögum í Kaupþing banka verða ekki aðgreind frá atvikum í máli þessu og sést það skýrlega í gögnum málsins einnig. Til að mynda var á fundi stjórnar Samskipa Holding 04.11.2008 sérstakur dagskrárliður um „Financial Situation in Iceland – Impact on Samskip“. Í fundargerð frá fundinum segir þetta um þá umræðu stjórnar Samskipa Holding: „[...] discussed the situation in Iceland, what has happened there with the total collapse of the financial system. Impact is has had on him personally as an investor in Kaupthing Bank and actions that he is currently working on to mitigate the situation. This will take some time to sort out but meanwhile it is important that management of Samskip continues to focus on Samskip.“ Nánar er fjallað um stjórnarfund Samskipa Holding 04.11.2008 í kafla 10.4.3.

¹⁵⁹⁴ Sem varð að lögum nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármáلامarkaði o.fl.



Kaupþings, og síðar einnig nokkurra annarra fjármálafyrirtækja, tekinn yfir af Fjármálaeftirlitinu sem í framhaldinu setti skilanefndir yfir rekstur þeirra.

2992. Eins og hinir viðskiptabankarnir tveir stóð Kaupþing banki frammi fyrir miklum áskorunum hér á landi en einnig voru yfirvöld í Hollandi og Bretlandi að beita sér gegn bankanum eða dótturfélögum hans. Unnið var að björgunaraðgerðum innan Kaupþings banka í ágúst, september og október 2008. Um aðkomu (S)aðaleig-stjform-SH, stærsta eiganda Samskípa, að þeim aðgerðum segir í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að [(S)aðaleig-stjform-SH] „tengist einnig málefnum Sheikh Mohammed Bin Khalifa Al-Thani í Kaupþingi. [(S)aðaleig-stjform-SH] kom á sambandi Al-Thani og bankans, en í september 2008 samþykkti lánanefnd Kaupþings nokkur lán til Al-Thani og félaga sem honum tengjast, eitt þeirra sneri að fjármögnun á kaupum Al-Thani á hlutabréfum í Kaupþingi, en hann keypti rúm 5% í bankanum í lok september 2008. Gögn bankans sýna ótvíræð tengsl á milli [(S)aðaleig-stjform-SH] og kaupa Al-Thani á Kaupþingsbréfunum.“ Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 12. febrúar 2015 í máli nr. 145/2014, *Ákærvaldið gegn Ólafi Ólafssyni o.fl.*, er líkt og áður greinir fjallað um þessi málsatvik haustið 2008 sem rétturinn taldi fela í sér refsiverða markaðsmisnotkun með hlutabréf Kaupþings banka. Í kafla 6.7.1 hér að framan hefur verið gerð grein fyrir tengslum (S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjform-S og (S)forstj við Kaupþing banka og fjárfestingartengd félögin, Eglu og Kjalar. (S)aðaleig-stjform-SH gegnum þessi tengdu félög átti stóran eignarhlut í Kaupþing banka á þessum tíma árið 2008. (S)stjform-S sat í stjórn Kaupþings banka hf. og var framkvæmdastjóri Kjalars og Eglu en (S)forstj var stjórnarmaður í félögunum.
2993. Gögn málsins sýna að framangreindir stjórnarmenn og forstjóri Samskípa höfðu ríka aðkomu að aðgerðum sem fólst m.a. í hinu ólögumæta samráði Samskípa og Eimskíps. Því ólögumæta ástand sem var komið upp árið 2008 átti síðan eftir að vara í rúm fjögur ár.

8.17.5. Fundur Samskípa og Eimskíps kl. 13:15 þann 6. október 2008

2994. Seinni part sunnudagsins 5. október 2008, kl. 18:33, bókaði (S)forstj þá (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-fjárm á fund kl. 9-10, morguninn eftir, þann 6. október 2008. Fundarheitið var „Fara yfir stöðu mála“.¹⁵⁹⁵
2995. Stuttu síðar, kl. 20:28 þann 5. október 2008, sendi (S)forstj sjálfum sér tölvupóst án heitis en með minnislista fyrir sjálfan sig. Yfirskrift minnislistans var „Ýmislegt“. Þar kom m.a. fram eftirfarandi atriði:
- „-innflutningur, dragast saman verulega umfram áætlun (FARI/INFL) – aðgerðaráætlun, líta einföldum augum á, þe kerfið byggist á innfl
- alcoa, [forstjóri Alcoa í Evrópu]? skýr svör
- færeyjar THC og almennt framlegð af starfsemi
- [...]
- Silver Sea
- kerfispælingar
- [...]“¹⁵⁹⁶
2996. Þarna var (S)forstj, forstjóri Samskípa á Íslandi og stjórnarmaður í Eglu og Kjalar (nær alfarið í eigu (S)aðaleig-stjform-SH), kvöldið fyrir fund Samskípa með Eimskíp, að minna sig á atriði sem m.a. tengdust samráði við Eimskíp sem hafði staðið frá miðju ári 2008, en Kjalar, Eglu og tengd félög voru

¹⁵⁹⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.510208.

¹⁵⁹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.510253.



meðal stærstu eigenda í Kaupping banka. Þetta gerði (S)forstj kvöldið fyrir lögfestingu neyðarlaga á Alþingi.

2997. Hér skiptir einnig máli að horfa til samtímagagna málsins sem sýna að m.a. eftirfarandi átti sér stað hjá Samskipum og Eimskip daginn eftir, þann 6. október 2008:

- Klukkan 07:38 fékk (E)forstö-innfl senda kynningu „Áætlun 2009 – Kynning 29.9.2008.ppt“ frá samstarfsmanni sínum. Í þessum glærum er m.a. að finna tilvísun efnispáttu „Nýtt upphaf“ verkefnisins á innanlandssviði: „Samvinna með Samskip á ýmsum flutningaleiðum – tvíhliða samningar – mikil tækifæri framundan í þessu“.¹⁵⁹⁷ Gögnin sýna að á þessum tíma voru Eimskip og Samskip áfram að vinna að því að auka samstarf í landflutningum, m.a. með víðtæku allsherjar samstarfi á þeim markaði hér á landi, sbr. m.a. umfjöllun í kafla 8.19.6.
- Klukkan 09:13 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv með heitinu „Eimskip fundur“. Í honum sagði að (E)forstö-innfl hafi hringt og viljað fresta fundinum til 13:15 og spurði hann (S)frkvstj-millilandasv hvort það væri í lagi. (S)frkvstj-millilandasv svaraði kl. 10:39 og féllst á þessa breytingu á fundartíma.¹⁵⁹⁸
- Klukkan 9-10 fundaði (S)forstj með (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-fjárm til að fara yfir stöðu mála, sbr. áður nefnt fundarboð (S)forstj frá 5. október 2008.
- Í dagbók (S)forstö-innfl1 var bókaður fundur með (S)frkvstj-millilandasv kl. 11 með heitinu „USA – undirbúa“.¹⁵⁹⁹ Var sá fundur augljóslega haldinn til að undirbúa fundinn með Eimskip. Fundur Eimskips og Samskipa hafði upphaflega verið boðaður kl. 12:00 en var sem fyrr segir frestað til kl. 13:15 þennan sama dag.
- Þennan morgun vann (S)frkvstj-millilandasv í skjölum sem vörðuðu „Nýtt upphaf“ verkefnið. Um klukkustund fyrir fundinn með Eimskip (kl. 11:57) vistaði (S)frkvstj-millilandasv þannig Excel skjöl þar sem fjallað var um breytingar á siglingakerfinu og áhrif þeirra á tekjur af flutningum fyrir Alcoa á Reyðarfirði og Elkem á Grundartanga.¹⁶⁰⁰ Sýnir þetta að (S)frkvstj-millilandasv undirbjó sig með samskonar hætti fyrir þennan fund með Eimskip og hann hafði gert áður. Vísast hér m.a. til umfjöllunar í kafla 8.15.4 og 8.16.2.2 þar sem fjallað er um undirbúning (S)frkvstj-millilandasv fyrir fundina með Eimskip 14. ágúst og 5. september 2008.
- (E)forstö-innfl vistaði kl. 13:04 glærukynninguna um m.a. samráðsverkefni í landflutningum sem hann fékk senda kl. 07:38 þennan dag, sbr. umfjöllun hér að framan.¹⁶⁰¹
- Klukkan 13:15 hófst fundur (E)forstö-innfl , (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-Eimísl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 . Var fundurinn bókaður í eina og hálf klukkustund.

2998. Samkeppniseftirlitið vísar hér til umfjöllunar í kafla 8.15.5 um hin reglubundnu samskipti umræddra stjórnenda Eimskips og Samskipa og til hvaða atriða ber að horfa í því samhengi.

2999. Hvorki Samskip né Eimskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um fundinn 6. október 2008.¹⁶⁰² Þar af leiðandi afhentu fyrirtækin ekki gögn sem gefa til kynna um hvað hafi verið rætt á fundinum. Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI

¹⁵⁹⁷ Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. „Áætlun 2009 – Kynning 29.9.2008.ppt“. Glæra 29. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.428133.

¹⁵⁹⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.674103 / 0.7.33.674114.

¹⁵⁹⁹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.674086.

¹⁶⁰⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.24543. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.20641. Samhliða þessari vinnu vistaði [...] Doc. ID. 0.7.33.25946. Annað skjal sem tengdist þessum skipakerfisþætti samráðs Samskipa og Eimskips fannst vistað á heimasvæði [...] Doc. ID. 0.7.33.27708.

¹⁶⁰¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Áætlun 2009 – Kynning 29 9 2008.ppt“. [...] Doc. ID. 0.7.33.77654.

¹⁶⁰² Í kafla 23 er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga.



eða AII. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnispointar sem teknir hafi verið saman á fundinum.

8.17.6. (S)frkvstj-millilandasv vistar skjal um kvöldið 6. október 2008

3000. Sem fyrr sagði vann (S)frkvstj-millilandasv í skjölum sem varða „Nýtt upphaf“ verkefnið morguninn fyrir fundinn með Eimskip. Vistaði (S)frkvstj-millilandasv þannig Excel skjal þar sem fjallað var um breytingar á siglingakerfinu og áhrif þeirra á tekjur af flutningum fyrir Alcoa og Elkem á Grundartanga.
3001. Eftir fund Samskipa og Eimskips, þ.e. að kvöldi 6. október 2008, vann (S)frkvstj-millilandasv áfram í skjölum sem tengdust „Nýtt upphaf“ verkefninu. Klukkan 22:23 vistaði hann glærukynninguna „2ja skipa siglingakerfi“.¹⁶⁰³ Líkt og heiti skjalsins ber með sér fjallar kynningin um takmörkun á flutningsgetu Samskipa ef skipum fyrirtækisins yrði fækkað úr fjórum í tvö skip (annað hvort Arnarfell/Helgafell eða Akrafell/Hvassafell). Á fyrstu glæru (S)frkvstj-millilandasv var gert ráð fyrir að með slíkri breytingu myndu Samskip missa áflutninga fyrir Alcoa, Samskip myndu áfram sinna Grundartanga (flutningar fyrir Elkem) en fyrirtækið myndi hætta siglingum til Vestmannaeyja og Færeyja. Gert var ráð fyrir að Samskip myndu tapa 500 milljónum kr. í framlegð á ári vegna þessa. Jafnframt myndi „express“ leiðin frá Rotterdam til Reykjavíkur detta út með breytingunni. Á glæru 6 kom þó fram að hægt yrði að halda inni Færeyjum ef Grundartanga (Elkem) yrði sleppt sem viðkomuhöfn á Íslandi.
3002. Klukkan 22:36 boðaði (S)forstj þá (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-Jóna, (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-fjárm til fundar morguninn eftir, 7. október 2008, milli klukkan 9 og 10:30. Heiti fundarboðsins var „Staða mála“.¹⁶⁰⁴ Af framangreindum og eftirgreindum gögnum (S)frkvstj-millilandasv er talið að umræðuefni hafi meðal annars tekið til þátta sem varðaði samráðið við Eimskip.

8.17.7. Hugað að verðhækkun morguninn eftir fund Samskipa og Eimskips

3003. Morguninn eftir fund Eimskips og Samskipa 6. október 2008, þ.e. klukkan 09:45 þann 7. október 2008, var innan Eimskips boðað til fundar m.a. (E)forstö-innfl, (E)forstö-útfli og (E)forstö-vörubrún. Á fundinum átti að fjalla um „möguleika á verðbreytingum“.¹⁶⁰⁵
3004. Eins og áður segir sat (E)forstö-innfl fundinn með Samskipum deginum áður.
3005. Sama morgun vann m.a. (E)forstö-útfli að þeim aðgerðum Eimskips er vörðuðu innleiðingu á olúgjaldi (BAF) gagnvart öllum viðskiptavinum.¹⁶⁰⁶ Virða ber þetta í samhengi við umfjöllun um samráð fyrirtækjanna sem tengdist álagningu olúgjalda, sbr. kafla 8.15.7.2 og 8.16.6.
3006. Er ljóst að þessi fundur (E)forstö-innfl, (E)forstö-útfli og (E)forstö-vörubrún fól í sér undirbúning á hækkun á sjóflutningsþjónustu Eimskips. Eins og lýst er hér á eftir kemur fram í skjali (E)forstö-vörubrún frá 13. október 2008 að hækka eigi sjóflutningsgjaldskrá um 24,7% og „toga út“ hækkanir gagnvart tilteknum viðskiptavinum.

8.17.8. Skjal (S)frkvstj-millilandasv frá 7. október 2008

3007. Daginn eftir fund Samskipa og Eimskips 6. október 2008 vann (S)frkvstj-millilandasv áfram í framangreindri skoðun á siglingakerfi og takmörkun á flutningsgetu Samskipa en þann dag vistaði hann Excel skjal sem bar heitið „Yfirlit magn og flutningsgeta“, nánar tiltekið vistað kl. 19:08 þann 7. október 2008. Á síðu sem fjallar um innflutning var sett fram yfirlit yfir flutninga Samskipa á

¹⁶⁰³ Afritað skjal frá Samskipum. „2ja skipa siglingakerfi.ppt“, fannst vistað á heimasvæði [...], vistað þann 06.10.2008, kl. 22:23. Doc. ID. 0.7.33.27708.

¹⁶⁰⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.510789.

¹⁶⁰⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.429114.

¹⁶⁰⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.111995.



árunum 2006-2008. Síðan er stillt upp tveimur valkostum fyrir árið 2009 þar sem m.a. flutningar Samskipa fyrir einn helsta viðskiptavin Eimskips, Ölgerðina, eru ýmist taldir með eða ekki:¹⁶⁰⁷

tonn	2005	2006	2007	2008	2009(A)	2009(B)
janúar		22.005	23.846	25.275	15.503	16.312
febrúar		26.784	29.882	26.038	19.160	20.160
mars		28.607	28.632	25.176	19.354	20.364
apríl		29.529	26.165	26.316	18.831	19.814
maí		30.003	31.466	25.952	20.784	21.869
júní		30.987	32.822	24.453	21.576	22.702
júlí		28.420	28.646	19.308	19.295	20.303
ágúst		25.244	26.590	16.127	17.526	18.441
september		31.016	29.396	14.698	20.427	21.493
október		32.970	28.706	15.788	20.854	21.943
nóvember		28.017	30.876	18.525	19.913	20.952
desember		19.037	30.578	18.347	16.776	17.651
Samtals	299.374	332.621	347.605	256.004	230.000	242.004
DWT		21.624	21.624	23.303	23.303	

Ölgerð inni og Elkem úti
Elkem inni án Ölgerðar

3008. Var þannig í raun miðað við tvær sviðsmyndir í skjalinu. Annars vegar að viðskipti Eimskips við Ölgerðina myndu færast til Samskipa og viðskipti Samskipa við Elkem færu til Eimskips. Hins vegar að Ölgerðin yrði áfram hjá Eimskip og Elkem áfram hjá Samskipum. Þess má geta að útfærslan varð að endingu sú að miða við seinni valkostinn. Ber hér að hafa í huga að samningur Ölgerðarinnar við Eimskip rann út á árinu 2009, sbr. kafla 14.3. Eins og þar er rakið sýna gögn málsins að ólöglegt samráð Samskipa og Eimskips (hinn svokallaði „friður“ um stóra viðskiptavini) tók þá m.a. til viðskipta við Ölgerðina.

3009. Á næstu síðu í þessu skjali (S)frkvstj-millilandasv er fjallað um útflutning og þar er m.a. fjallað um Alcoa: Ólíkt því sem fram kom í skjali sem (S)frkvstj-millilandasv vistaði hjá sér daginn áður („2ja skipa siglingakerfi“) var á síðunni, sem vistuð var daginn eftir fund Samskipa og Eimskips, gert ráð fyrir að Samskip myndu halda útflutningi Alcoa til Evrópu, a.m.k. að hluta:

¹⁶⁰⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Yfirlit magn og flutningsgeta.xls“ fannst vistað á heimasvæði [...], vistað þann 07.10.2008, kl. 19:08. Doc. ID. 0.7.33.29056. Önnur útgáfa af þessu skjali fannst vistað á heimasvæði [...] tæpum mánuði áður 12.09.2008, þar er ekki búið að setja inn „comment“ um Ölgerðina og Elkem. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Yfirlit magn og flutningsgeta.xls“, fannst vistað á heimasvæði [...], vistað þann 12.09.2008, kl. 16:16. Doc. ID. 0.7.33.29083, sbr. einnig sama afritaða skjal frá Samskipum. [...] einnig vistað 12.09.2008, kl. 16:16. Doc. ID. 0.7.33.24794.



tonn	2005	2006	2007	2008	2009(A)	2009(B)		
janúar	14.171	17.255	28.516	51.486	43.153			
febrúar	19.512	21.312	33.426	50.674	42.341			
mars	22.315	21.010	44.071	55.570	47.237			
apríl	15.998	19.367	40.838	55.257	46.924			
maí	18.465	19.049	50.269	55.749	47.416			
júní	17.453	18.358	52.025	56.005	47.672			
júlí	21.295	19.395	50.878	51.729	43.396			
ágúst	22.699	19.329	43.048	49.579	41.246			
september	24.377	21.475	46.917	52.230	43.897		170.000	
október	27.470	20.373	59.629	55.883	47.549		340.000	
nóvember	27.360	20.671	45.493	51.821	43.488		510.000	
desember	20.292	20.148	40.687	50.440	42.107			
Samtals	228.630	251.408	237.742	535.797	636.423	536.423		
DWT	21.624	21.624	23.303	23.303	19.641		3.662	8.498
DWT - cargo net			15.500	15.500				

TEU	2005	2006	2007	2008	2009	2009	DWT	TEU	Útfutningur
janúar	1.213	1.290	1.499	2.317	3.695	2.874			
febrúar	1.482	1.572	1.937	2.732	3.387	2.860			
mars	1.732	1.996	2.062	3.235	4.022	3.442			
apríl	1.551	1.718	1.709	3.103	4.478	3.227			
maí	1.722	1.675	1.693	3.883	4.073	3.283			
júní	1.825	1.944	1.695	4.046	4.669	3.372			
júlí	1.698	1.749	1.698	3.702	3.508	2.905			

	DWT	TEU	Útfutningur	
Blikur	8.400	700	-100.000 Elkem út	
		7.050	600	
Stella J	5.700	500	-190.000	
Skaffafell	4.900	390	-220.000	
Akrafell	12.160	1.139		

3010. Á næstu síðu í þessu skjali (S)frkvstj-millilandasv frá 7. október 2008 er fjallað um skipakost og flutningsgetu Samskipa á árunum 2006-2008. Þar var stillt upp fjórum valkostum fyrir árið 2009 (2009 A, B, D og D). Einn valkosturinn, „2009B“, virðist hafa byggt á því að tvö skip, sem eru eins og skip Eimskips Blikur, yrðu með breyttu kerfi hluti af kerfi Samskipa. Þessi framsetning á skipakostum milli fyrirtækjanna skal einnig sett í samhengi við þau málsatvik að um mánuði síðar áttu Samskip eftir að bjóða Eimskip að taka yfir eitt leiguskip Samskipa, Akrafellið. Akrafellið var það skip Samskipa sem hætti siglingu eftir breytingu Samskipa á siglingakerfinu og takmörkun flutningsgetu í nóvember 2008, sbr. umfjöllun í kafla 9.6.

3011. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)frkvstj-millilandasv spurður um áðurnefndan tölvupóst (E)frkvstj-flutnkerf frá 5. október 2008, fundinn sem hann sat ásamt (S)forstö-innfl1 með (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl 6. október 2008 og skjölin sem hann vann í fyrir og eftir fundinn með Eimskip.

3012. Í fyrstu sagði (S)frkvstj-millilandasv að á fundinum 6. október 2008 hafi aðeins verið rætt um samstarf fyrirtækjanna í Norður-Ameríku siglingum. Var (S)frkvstj-millilandasv bent á af því tilefni að fyrnefndur póstur (E)frkvstj-flutnkerf frá 5. október 2008 gæfi til kynna að fleira hafi verið rætt en Norður-Ameríku samstarf fyrirtækjanna:

HS Mm. Það má sjá á þessum tölvupósti og, þið hafið mögulega rætt eitthvað fleira en þetta USA samstarf. Í þessum er eða þessu samstarfi sigling á milli Íslands og Færeyja.

(S)frkvstj-millilandasv Já. Ég man ekki hvað það hefur verið sko.

HS Rædduð þið á þessum fundi þessar stúdíur allar um skipakerfið?

(S)frkvstj-millilandasv Nei.

HS Fóru skipafyrirtækin í eitthvað samstarf um Ísland eða Færeyjar, gerðu þeir með sér eitthvað samstarf þar?

(S)frkvstj-millilandasv Nei.

HS Í sjóflutningum eða öðru slíku?

(S)frkvstj-millilandasv Ekki sem að ég man eftir.

HS Nei.

(S)frkvstj-millilandasv Ég man ekki reyndar herna hvernig endurskoðaða [neyðar]samkomulagið var, hvort það hélt, innihélt Færeyjar eða ekki sko.



HS Mm.

(S)frkvstj-millilandasv Það kann að hafa verið í því.¹⁶⁰⁸

3013. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)forstj spurður um tölvupóst (E)frkvstj-flutnkerf 5. október 2008 og fund Eimskips og Samskipa 6. október 2008:

HS Ég er aðeins að velta fyrir mér hver hafi verið umræðan, [(S)frkvstj-millilandasv] sat þann fund, ræddi hann þann fund eitthvað við þig?

(S)forstj Hvað, fund um hvað?

HS Ee, það var meðal annars, sjáum við hérna í þessum, ég held að það sé í þessum tölvupósti sem við vorum með núna áðan hérna, meðal annars um flutninga, samstarf fyrirtækjanna og flutninga milli Íslands og Færeyja og hins vegar um gámamál í USA. Þetta er allavega svona það var kynnt sem dagskrárefnið og síðan fara þessir slot samningar að ganga á milli fyrirtækjanna í framhaldinu og ég er svona að velta fyrir mér, þetta gerist þarna eftir 6. október.

(S)forstj Ég þekki það bara ekki.

HS Það var ekkert rætt? Eru til fundargerðir um þessa fundi sem voru haldnir [óskýrt], þá er ég ekki að tala um þennan kaffispjallsfund¹⁶⁰⁹, heldur þessa sem að fyrirtækin héldu, það voru sex fundir.

(S)forstj Sem voru á milli?

HS Milli sem sagt Eimskipa og Samskipa.

(S)forstj Ég þekki það ekki.

HS Þekkir það ekki?

(S)forstj Ég, ég var, ég hérna sat ekki ...

HS Þér er a.m.k. ekki kunnugt um það?

(S)forstj Nei.

HS Fylgdist þú með þessum fundum?

(S)forstj Nei, ég veit ekki hvað þú ert að vísa í.

3014. Þegar glærukynning (S)frkvstj-millilandasv frá 6. október 2008, „2ja skipa siglingakerfi“, var lögð fyrir (S)frkvstj-millilandasv sagði hann m.a. af því tilefni: „[...] það var allt til skoðunar held ég að ég muni rétt á þessum tíma. Þannig að menn voru að velta fyrir sér hvað væri skynsamlegt að gera [...] En ég hef svo sem ekkert meira um það að segja“.¹⁶¹⁰ Hafa ber í huga í þessu sambandi að (S)frkvstj-millilandasv kaus, við umrædda skýrslutöku hjá lögreglu, að tjá sig ekki um hvort hann hafi átt í samskiptum við starfsmenn, stjórnarmenn eða stjórnendur Eimskips á árunum 2008 - 2011.¹⁶¹¹ Eins og ítrekað hefur komið fram sýna gögn málsins að á þessum tíma átti (S)frkvstj-millilandasv ítrekuð samskipti við stjórnendur Eimskips, m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl þennan sama dag og dagana á eftir, sbr. einnig umfjöllun hér á eftir.

3015. Við skýrslutöku hjá lögreglu var einnig borið undir (S)frkvstj-millilandasv framangreint Excel skjal sem bar heitið „Yfirlit magn og flutningsgeta“ og hann hafði vistað 7. október 2008. Sagði (S)frkvstj-millilandasv að: „[...] menn voru bara að skoða allt [...]“. Aðspurður neitaði hann því að þarna væri verið að fjalla um það að Eimskip og Samskip skiptust á viðskiptavinum (Elkem til Eimskips og

¹⁶⁰⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 129.

¹⁶⁰⁹ Í skýrslutökunni nefndi [...] fund Eimskips og Samskipa 06.06.2008 ítrekað „kaffispjall“, sbr. endurrit skýrslu [...], sjá t.d. bls. 20, 21, 88 – 89, 104, 106 – 107, 109, 115 – 116 og 122.

¹⁶¹⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 129 – 131.

¹⁶¹¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 17.



Ölgerðin til Samskipa). Sagði (S)frkvstj-millilandasv umfjöllunina „*bara einhverjar fabúleringar*“ og hann gæti ekki „*tekið það lengra*“ með lögreglunni því það væri langt um liðið.¹⁶¹²

8.17.9. Alcoa fellst ekki á verðhækkun

3016. Að morgni 8. október 2008 hafði Alcoa ekki svarað kröfu Samskipa um verðhækkun en hún hafði verið kynnt á fundi með Alcoa 15. september 2008. Hér ber að rifja upp að á fundi stjórnar Samskipa Holding 3. október 2008 kom fram að vinna Samskipa hf. við að draga úr flutningsgetu væri að vissu leyti háð yfirstandandi viðræðum við Alcoa.
3017. Kl. 13:28 þann 8. október 2008 sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til Alcoa (afrit til (S)forstö-útf). Í tölvupóstinum sagði: „*Understood from [innkaupastjóra Alcoa] end of last week that we would receive something from you any time now. Pls. advice when we can expect this.*“
3018. Alcoa svaraði sama dag kl. 13:50:
„*Working on it with legal. Can indicate that will not sign your proposal*“.
3019. Viðbrögð Alcoa við verðhækkunarkröfu Samskipa voru m.ö.o. neikvæð.
3020. (S)frkvstj-millilandasv áframsendi þetta svar Alcoa með hraði til (S)forstj og sagði:
„*þurfum að hitta [forstjóra Alcoa í Evrópu] og [innkaupastjóra Alcoa] asap.*“¹⁶¹³
3021. Þessi snöru viðbrögð (S)frkvstj-millilandasv við neikvæðu svari Alcoa eru rökrétt enda sýna gögn málsins að (S)frkvstj-millilandasv hafði deginum áður og sama dag unnið að undirbúningi að breytingu siglingakerfis Samskipa og takmörkun á flutningsgetu. Gögn málsins sýna að í þessu hafi falist að Samskip myndu takmarka flutningsgetu verulega, halda a.m.k. hluta viðskipta við Alcoa innan siglingakerfis síns og ná fram verðhækkun. Það var því mikilvægt fyrir Samskip og framgang „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins við Eimskip að náð yrði samningum við Alcoa.

8.17.10. Viðræður innan Eimskips 9. október 2008

3022. Eins og lýst hefur verið sátu (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-Eimísl fundinn með (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl 6. október 2008. Þann 9. október sama ár fjölluðu þeir í tölvupóstum sín á milli um mögulegan samning við Samskip um Norður-Ameríku flutninga. (E)forstö-innfl tilgreindi í tölvupósti sínum frá 9. október 2008 það sem hann taldi að náðst hafi samkomulag um við Samskip á framangreindum fundi, þ.m.t. hækkun á flutningsverði og „*Samskip greiðir 80% af Eimskips BAF nú usd 389 per teus.*“ Í kafla 14.55 er fjallað nánar um ólögmaett samráð Samskipa og Eimskips vegna álagningar olíugjalds (BAF) á viðskiptavini.
3023. Einnig kemur fram í tölvupósti (E)forstö-innfl að náðst hafi samkomulag við Samskip varðandi tiltekið gámasamstarf: „*Eimskip útvegar standard 40 ft þurrgáma í Richmond hverju sinni og aðra gáma aðeins eftir atvikum ef hægt er. Gámaleiga reiknast ekki á þessa þurrgáma 45 dögum eftir komu skips til Íslands en eftir það USD 4,0 per gám per dag. Tel okkur eiga að setja inn „delivered cleaned to Eimskip in Reykjavik*“.
3024. Jafnframt nefndi (E)forstö-innfl atriði sem hafi verið rædd á fundi fyrirtækjanna en ekki kláruð: „*Við ræddum tengingu við Transatlantic verð en ég tel okkur ekki hafa tekið þá umræðu lengra. Þau verð eru á niðurleið að því er þeir nefndu á síðasta fundi.*“¹⁶¹⁴
3025. (E)frkvstj-flutnkerf svaraði þessum tölvupósti (E)forstö-innfl og fjallaði m.a. um samnýtingu og aukna gámasamvinnu fyrirtækjanna. Kom fram að það mætti bíða með „*Transatlantic verð*“ og

¹⁶¹² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 130 – 132.

¹⁶¹³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.511847.

¹⁶¹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.431804.



„Eimskip mun flytja 5-7 x 40´ HC tóma í ferð frá Íslandi – Richmond. Eimskip hefur heimild til að nota þá gáma undir útflutning ef þörf er. S- Line [Samskip] verða að afhenta þessa gáma inn á terminal Eimskips 3-5 dögum fyrir brottför skips“.

3026. Samkvæmt framansögðu voru á fundinum 6. október 2008 m.a. rædd atriði sem tengdust þeirri samkeppni sem Samskip gátu veitt Eimskip í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku, svokölluðum TA („Trans-Atlantic“) flutningum.
3027. Hér ber að rifja upp tölvupóst (E)forstj til (E)frkvstj-flutnkerf frá 27. júní 2008. Í honum fjallaði (E)forstj um möguleika á því að semja um „meira magn við Samskip og biðja þá að hætta Evrópu flutningum.“ Einnig lýsti hann vilja til þess að hækka flutningsgjöld á „Ameríkuleið“ og gera nýjan samning við Samskip, sbr. umfjöllun í kafla 8.4.
3028. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að unnt er að flytja farm til og frá Norður-Ameríku með a.m.k. tvennum hætti. Annars vegar með beinum siglingum frá Íslandi og hins vegar með siglingum til t.d. Rotterdam og þaðan til Norður-Ameríku og öfugt (TA eða Transatlantic siglingar). Í áðurnefndum hugmyndum (E)forstj fólst að Samskip yrði beðið um að hætta að keppa áætlanarsiglingum til og frá Norður-Ameríku (í gegnum Evrópu) og hækka verð í beinum siglingum héðan.
3029. Af tölvupósti (E)forstö-innfl er ljóst að á fundi fyrirtækjanna 6. október 2008 hafi ekki eingöngu verið rætt um að „tengja“ verð Samskipa hjá Eimskip við TA verð (og þar með raska samkeppninni á þessari siglingaleið í samræmi við hugmyndir (E)forstj), heldur jafnframt má sjá að rætt hafi verið um að TA-verð væru að lækka hjá Samskipum ((E)forstö-innfl „[þ]au verð eru á niðureið að því er þeir nefndu á síðasta fundi“).
3030. Virt saman sýna gögn málsins að keppinautarnir hafa á fundinum 6. október 2008 rætt m.a. um verðlagningu á þessum TA siglingum, sem að meira eða minna leyti voru í samkeppni við beinar siglingar Eimskips. Sem fyrr segir voru Samskip og Eimskip með 100% markaðshlutdeild í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Af þessu leiðir að öll samskipti milli keppinauta sem taka til atriða sem tengjast samkeppni milli þeirra eru afar varhugaverð í lagalegu tilliti. Eru þau sérstaklega varhugaverð ef viðkomandi fyrirtæki starfa á fákeppnismarkaði, sbr. kafla 4.6.3.2. Var þessi umræða og upplýsingamiðlun liður í ólögsmætu samráði fyrirtækjanna á þessum tíma. Er þetta í samræmi við sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið. Í henni viðurkennir Eimskip að hafa átt í alvarlegu ólögsmætu samráði við Samskip. Hafi þessi brot falist í tilteknum aðgerðum sem „gripið var til eftir fund með Samskipum 6. júní 2008, sbr. einnig „Nýtt upphaf“ glærukynningu Eimskips frá 9. júní 2008“. Í þessum alvarlegu brotum hafi falist m.a. samráð: „við Samskip um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum.“
3031. Í mgr. 935 – 937 í athugasemdum Samskipa við AI er staðfest að Eimskip hafi m.a. lýst yfir áhuga á að bæta inn í Norður-Ameríku samning tengingu við TA verð. Þannig kemur m.a. fram hjá Samskipum að í „samningaviðræðum félaganna um endurnýjun á N-Ameríkusamningnum lýsti Eimskip m.a. yfir áhuga á að bæta inn ákvæði í samning félaganna þess efnis að flutningaverð í N-Ameríkuflutningum myndi taka mið af svokölluðum „index-breytingum“ bæði til hækkunar og lækkunar í samræmi við verðsveiflur á Trans Atlantic markaði. Þessu var hafnað af hálfu Samskipa og því er ekkert slíkt ákvæði að finna í samningi félaganna.“ Í tilvitnuðum tölvupóstsamskiptum (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-flutnkerf frá 9. október 2008 sé „vitnað í þessa umræðu“. Samskip segja aukinheldur að tilvísanir til þess að Eimskip hafi haft hug á því að fá meiri viðskipti og eftir atvikum fá Samskip „til að hætta TAS flutningum eru ekki til marks um brot. Eimskip mátti fá þessa hugmynd og máttu reyna að ná þessu fram í samningum. Samskip voru að sjálfsgöðu ekki fánleg til þess og ljóst að ekkert samkomulag varð um þetta efni.“
3032. Athugasemdir Samskipa haggja ekki niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um að umræður og upplýsingamiðlun 6. október 2008 hafi verið hluti af ólögsmætum samstilltum aðgerðum á þessum tíma. Í því samhengi skal minnt á að „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna hafði það að markmiði að



raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga, sbr. kafla 11.5. Þá ber að rifja upp að nokkrum dögum eftir tölvupóst (E)forstö-innfl eða þann 15. október 2008 sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til (S)forstö-innfl1 , afrit til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv. Þar kom m.a. fram að;

„[...] allt frá því í vor höfum við stefnt allri frakt á Eimskip þar sem hagur heildarinnar ræður för [...]”, sbr. umfjöllun í kafla 8.19.3.

3033. Þau ummæli (S)frkvstj-N-Am, yfirmanns Samskipa í Norður-Ameríku, að Samskip í Norður-Ameríku hafi „stefnt allri frakt á Eimskip” gefa ótvírætt til kynna að Samskip hafi ekki á þessum tíma nýtt sér TA flutninga í samkeppni við Eimskip í flutningum á milli Íslands og Norður-Ameríku heldur sett meira magn í „kerfi” Eimskips. Þetta hafi verið gert þrátt fyrir lítinn ábata Samskipa í Bandaríkjunum en „hagur heildarinnar” hafi ráðið för. Þá liggur fyrir að Samskip og Eimskip héldu áfram samstarfi í Norður-Ameríkuflutningum, sbr. samning þeirra dags. 7. janúar 2009.
3034. Til viðbótar er ljóst að Samskip og Eimskip ræddu á fundinum 6. október 2008 um aukið gámasamstarf vegna flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku sbr. umræddan tölvupóst (E)forstö-innfl 9. október 2008, sbr. einnig tölvupóst (E)frkvstj-flutnkerf til (S)frkvstj-millilandasv 5. október 2008. Var þetta í samræmi við „Nýtt Upphaf” verkefnið um aukið samstarf fyrirtækjanna, en gögn málsins sýna að fyrirtækin unnu að og komu á auknu gámasamráði á fleiri flutningaleiðum t.d. tengdum Reyðarfirði sbr. einnig drög að samningi sem (E)frkvstj-flutnkerf fékk sendan til sín 2. október 2008, sbr. umfjöllun í kafla 8.17.1. Var þar um að ræða gagnkvæmt samkomulag milli Eimskips og Samskipum um leigu á gámum ásamt yfirlýsingu um að félögin myndu styðja við viðskiptasamstarf hvors annars. Rétt er að nefna að gámasamstarf Samskipa og Eimskips var síðan aukið, m.a. vegna samstarf í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku, sbr. kafla 16 og 18.

8.17.11. „Lítill fugl” veitir upplýsingar um Eimskip

3035. Fjallað var um Eimskip hjá Samskipum þann 9. október 2008. Þann dag sendi (S)frkvstj-Jóna tölvupóst til (S)forstj. Í honum sagði (S)frkvstj-Jóna að „lítill fugl” hafi sagt honum;

„að ef að bílaflutningurinn væri dreginn frá að þá hefðu Eimu einungis verið 7% undir í magni í innfl. september milli ára. sá hinn sami blés á sögusagnir um vandræði með bunkeringu og að sjoppan væri að loka á næstu dögum. [Bankastjóri Landsbankans] hefði gefið vilyrði um gott veður á meðan menn fyndu nýja eigendur að geymslunum ... reksturinn gengi það vel

já það er margt í þessu”.¹⁶¹⁵

3036. Efni þessa tölvupósts (S)frkvstj-Jóna gefur til kynna að upplýsingar í honum væru komnar frá Eimskip. Í honum er að finna nákvæmar upplýsingar um innflutning Eimskips og að Landsbankinn hafi gefið „gott veður” á meðan Eimskip („menn”) væri að selja tilteknar eignir. Er líklegt að „lítill fugl” sé stjórnandi hjá Eimskip. Að mati Samkeppniseftirlitsins sýnir tölvupósturinn vel tengsl milli Samskipa og Eimskips á þessum tíma og stjórnenda fyrirtækjanna.
3037. Þótt það hafi ekki úrslitaáhrif hér nákvæmlega frá hverjum innan Eimskips upplýsingar hafi borist, þá ber að hafa í huga fyrirbyggjandi gögn um rík tengsl (S)frkvstj-Jóna og (E)frkvstj-flutnkerf, sbr. umfjöllun í kafla 14.17.4. Nokkrum dögum fyrr höfðu þeir verið í samskiptum vegna samráðs fyrirtækjanna í siglingum milli Evrópu og Íslands, sbr. umfjöllun um atvik 2. október 2008 í kafla 8.16.11. Í tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf kom fram að hann vísaði vegna þessa til „our old friends S-Line”. Sömuleiðis ber að nefna að gögn málsins gefa til kynna að (S)frkvstj-Jóna hafi setið fund með öðrum framkvæmdastjórum Samskipa 7. október 2008, daginn eftir fund Samskipa með Eimskip, þar sem m.a. atriði sem tengdust samráðsverkefninu voru rædd, sbr. umfjöllun hér að framan um fund Samskipa og Eimskips 6. október og skjal (S)frkvstj-millilandasv frá 7. október 2008.

¹⁶¹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.471710.



8.17.12. Skjal (S)frkvstj-millilandasv frá 10. október 2008

3038. Þann 10. október 2008 kl. 13:59 vistaði (S)frkvstj-millilandasv hjá sér glærुकynningu með heitinu „kynning 10.okt.ppt“.¹⁶¹⁶ Í samræmi við áðurgreind gögn málsins sýnir glærुकynning (S)frkvstj-millilandasv að á þessum tímapunkti hafi verið búið að taka ákvörðun um að Samskip myndu draga verulega úr flutningsgetu með því að fara úr fjögurra í þriggja skipa kerfi, þótt ítarleg útfærsla um t.d. siglingatíma og viðkomuhafnir á siglingaleiðinni hafi ekki legið fyrir á þeirri stundu.¹⁶¹⁷ Í skýrslutöku (S)frkvstj-millilandasv hjá lögreglu kom fram að með þessu hafi verið gert ráð fyrir að siglt yrði „bara leiðina til Rotterdam“.¹⁶¹⁸ Með takmörkuninni fólst að á Leið 2 yrðu ekki lengur tvö skip heldur eitt sem framvegis átti eingöngu að sinna útflutningi fyrir Alcoa á áli frá Reyðarfirði til Rotterdam. Takmörkunin þýddi því að Samskip skertu þá flutningsgetu sem stóð Alcoa til boða hjá fyrirtækinu.
3039. Í breytingunni fólst jafnframt að Samskip hættu að sigla legginn frá Reykjavík til Reyðarfjarðar á Leið 2 en samkvæmt upplýsingum Samskipa fór nær allur innflutningur til Íslands til Reykjavíkur en næstum enginn til Reyðarfjarðar.¹⁶¹⁹ Í því fólst að á flutningaleiðinni frá Evrópu til Reyðarfjarðar voru aðallega fluttir tómir og óborgandi gámar (sem voru síðan nýttir í útflutning fyrir Alcoa), og var flutningaleiðin því ekki nýtt nema að litlu leyti fyrir flutninga á almennum innflutningi til Íslands (þar sem Samskip hættu að sigla til Reykjavíkur á þessari leið). Með þessu fyrirkomulagi Samskipa var veruleg takmörkun á flutningsgetu vegna innflutnings til Íslands (Reykjavíkur) frá Evrópu.
3040. Varðandi þessa breytingu Samskipa og það fyrirkomulag sem var komið upp, þ.e. um að hætta viðkomu í Reykjavík og með því að flytja umtalsvert magn af tómunum gámum til Reyðarfjarðar á rannsóknartímabilinu, þá fer það illa saman við upplýsingar frá Samskipum við rannsókn málsins. Í athugasemdum Samskipa kemur fram að skipafélög forðist það „eins og heitan eldinn að flytja tóma gáma á milli landa“. Segja Samskip augljósa ástæðu fyrir því „en í þeim tilvikum greiðir enginn annar fyrir flutninginn“.¹⁶²⁰
3041. Varðandi innflutning til Íslands og stóra viðskiptavini Eimskips þá skal til viðbótar hafa í huga að í septembermánuði 2008 höfðu stjórnendur Samskipa verið önnur kafnir við að leita svara við „stóru spurningunum“, sem fólust í því hvað fyrirtækið ætlaði að gera varðandi sókn gagnvart stórum viðskiptavinum Eimskips í innflutningi, sbr. umfjöllun hér að framan um glærुकynningu sem vistuð var í tölvugögnum (S)frkvstj-millilandasv 4. september 2008. Af fyrirliggjandi gögnum er ljóst hvert var svar Samskipa við þessum spurningum. Eins lýst verður nánar hér á eftir var sniðið siglingakerfi utan um útflutning frá Íslandi og með ólögætum samstilltum aðgerðum með Eimskip var haustið 2008 útbúið framtíðarskipulag á íslenska flutningamarkaðnum sem varði í rúm fjögur ár ásamt einnig m.a. ólögættri markaðsskiptingu mikilvægra viðskiptavina.

8.17.13. Samskip greina Alcoa frá því að flutningsþjónusta verði skert og ítreka kröfu um hækkun á verði

3042. Eins og lýst hefur verið höfðu Samskip farið fram á það við Alcoa að verð á flutningum á áli fyrirtækisins til Rotterdam yrði hækkað. Tölvupóstur Alcoa til Samskipa frá 8. október 2008 sýnir að fyrirtækið ætlaði ekki að samþykkja þá kröfu Samskipa.
3043. Þrátt fyrir að Samskip hefðu fengið þessi neikvæð viðbrögð frá Alcoa sýndu Samskip ekkert hik og fóru strax fram á fund með fyrirsvarsmönnum Alcoa, sbr. umfjöllun hér að framan.

¹⁶¹⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.24763.

¹⁶¹⁷ Til að mynda lá þarna ekki fyrir nákvæmlega hvernig skipakostir Samskipa yrðu með í breyttu kerfi. Þarna var til dæmis gert ráð fyrir að Akrafell myndi sigla áfram en Hvassafell myndi hætta siglingum á Leið 2 hjá Samskipum. Raunin varð síðan sú að Hvassafell hélt áfram siglingum en Samskip létu Akrafell liggja við bryggju í Danmörku fram á árið 2010, sbr. umfjöllun í kafla 9.6.

¹⁶¹⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 134 – 135.

¹⁶¹⁹ Mgr. 121 í bréfi Samskipa til Samkeppniseftirlitsins 13.01.2021.

¹⁶²⁰ Mgr. 108 í athugasemdum Samskipa við AI.



3044. Samkvæmt upplýsingum Samskipa áttu (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv fund með forstjóra Alcoa í Evrópu og innkaupastjóra Alcoa 10. október 2008.¹⁶²¹ Þá sýna gögn málsins að einni mínútu eftir að (S)frkvstj-millilandasv vistaði sama dag hjá sér glærukynninguna „kynning 10.okt.ppt“ áttu hann og (S)forstj bókaðan fund með heitinu „alcoa“.¹⁶²² Af þessu og samtímagögnum í kjölfarið (sbr. umfjöllun hér síðar um atvik 13. október 2008 og síðar) má ráða að Samskip hafi fundað með fyrirsvarsmönnum Alcoa 10. október 2008.
3045. Ljóst er að á þessum fundi settu Samskip fram tvær kröfur. Annars vegar áréttaði fyrirtækið kröfu sína um að verð yrði hækkað. Hins vegar gerðu Samskip grein fyrir áformum um að takmarka flutningsgetu og þar með flutningsþjónustu gagnvart Alcoa. Kröfðust Samskip að samningi fyrirtækjanna yrði breytt vegna þessa.
3046. Samkvæmt þessu treystu Samskip sér ekki aðeins til þess ítreka kröfu um verðhækkun heldur einnig að boða í fyrsta sinn gagnvart Alcoa skerðingu á flutningaþjónustu.
3047. Alcoa er afar öflugt fyrirtæki og Samskip máttu vita að þessar kröfur gáfu Alcoa ríkt tilefni til að kanna hvort Eimskip gæti boðið betra verð og þjónustu en Samskip.
3048. Hér verður hins vegar að undirstrika að Samskip og Eimskip höfðu frá miðju ári 2008 átt í ítrekuðum samskiptum og unnið að „Nýtt uppha“ verkefninu, þ. á m. um atvik sem tengdust breytingu á siglingakerfum og um flutninga fyrir Alcoa. Vísast um þetta til umfjöllun hér að framan.
3049. Vegna samráðsins var því enginn ótti hjá Samskipum um viðbrögð Eimskips þrátt fyrir að aðgerðir vegna Alcoa miðuðu nú einnig að takmörkun á flutningsgetu auk ítrekunar á kröfu um verulega verðhækkun.
3050. Hér ber einnig að hafa í huga að rétt áður en fundur Samskipa og Alcoa hófst 10. október 2008 sendi (S)frkvstj-N-Am (kl. 13:10) tölvupóst til (S)forstö-útl og þar spurði hann m.a. hvort það væri „eitthvað nýtt að fréttu innan Samskipa og eða Eimskip“.¹⁶²³
3051. (S)forstö-útl var forstöðumaður útflutnings Samskipa og hafði komið að m.a. þeim þætti „Nýtt uppha“ verkefnisins sem tók til breytingar á siglingakerfum og takmörkunar á flutningsgetu sem og að undirbúningi viðræðna við Alcoa.
3052. Í kafla 7.1.3 er gerð grein fyrir samskiptum (E)forstj og annars vegar (S)forstö-útl og hins vegar (S)frkvstj-N-Am. Í kafla 8.2.4 er fjallað um fund (E)forstj og (S)frkvstj-N-Am 25. júní 2008.
3053. Sú staðreynd að yfirmaður Samskipa í Norður-Ameríku, (S)frkvstj-N-Am, spyrji (S)forstö-útl að því hvað sé að „frétta innan ... Eimskips“ undirstrikar þau sterku tengsl sem voru á milli þessara keppinauta og að (S)frkvstj-N-Am hafi leitað til (S)forstö-útl sem beið niðurstöðu af viðræðum Samskipa við Alcoa og hvort sá angi samráðsins við Eimskip myndi ná fram að ganga. Hér skiptir einnig máli að eftir fund Samskipa með Alcoa þennan dag, eða klukkan 16:51 10. október 2008, sendi (S)forstö-útl tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og spurði fréttu í þessu sambandi: „hvert verður framhaldið með Alcoa?“¹⁶²⁴ Við rannsókn þessa máls hefur ekki fundist að framangreindu hafi verið svarað með tölvupósti.

8.17.14. Hluti Alcoa flutninga „til“ Eimskips

3054. Fjórum dögum eftir fund (E)frkvstj-flutnkerf með Samskipum eða þann 10. október 2008 bað hann undirmann sinn ((E)starfsm-flutnstýr1) um að taka saman upplýsingar varðandi „gámastokk í höfnun“. Talið er að framangreint hafi tengst samskiptunum við Samskip og samráði fyrirtækjanna á þessum tíma um takmörkun á flutningsgetu, flutningsþjónustu fyrir Alcoa og viðfangsefnum vegna

¹⁶²¹ Mgr. 41 í athugasemdum Samskipa við AI.

¹⁶²² Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.513111.

¹⁶²³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.811491.

¹⁶²⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.811617.



gámastýringar í kerfum þeirra, sbr. einnig framangreind drög að gámaleigusamningi milli Samskipa og Eimskips sem (E)frkvstj-flutnkerf fékk send til sín frá (E)starfsm-flutnstýr1 þann 2. október 2008. Þegar (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv unnu að „*almennum slotsharing samningi*“ í sjóflutningum nokkrum dögum síðar óskaði (E)frkvstj-flutnkerf eftir uppfærslu á gámaskjalinu, sbr. tölvupóst (E)frkvstj-flutnkerf til (E)starfsm-flutnstýr1 20. október 2008.¹⁶²⁵

3055. Tölvupóstur sem (E)svæðisstj1 sendi (E)frkvstj-innanl daginn eftir fund Alcoa með Samskipum, 11. október 2008, skiptir hér einnig máli.

3056. (E)svæðisstj1 var undirmaður (E)frkvstj-innanl og var hann svæðisstjóri Eimskips á Austurlandi með aðsetur á Reyðarfirði. Bar hann ábyrgð á landflutningum Eimskips á því landsvæði og á þeirri þjónustu sem Eimskip veitti Alcoa á Reyðarfirði. Rifja ber upp að (E)svæðisstj1 og (E)þjstj-Austur funduðu með „*sendinefnd*“ Samskipa ((S)forstö-landfl og (S)rekststj-landfl3) 9. september 2008 og frekari samskipti áttu sér stað milli (E)þjstj-Austur og (S)rekststj-landfl3 í kjölfarið, sbr. kafla 8.16.4. Yfirmenn (E)svæðisstj1 og (S)forstö-landfl ((E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl) funduðu 17. september 2008, sbr. kafla 8.16.7. Í tölvupósti (E)forstj frá 10. október 2008 til (E)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-EimÍsl var (E)frkvstj-innanl sagt að halda áfram þeim samskiptum við Samskip. Er þeim atvikum lýst í kafla 8.17.15.

3057. Sem fyrr segir sendi (E)svæðisstj1 tölvupóst til (E)frkvstj-innanl 11. október 2008. Meðfylgjandi honum var að finna skjalið „*Viðskáætlun2009 Austurland.doc*“. Samkvæmt upplýsingum í skjalinu var það útbúið daginn áður, 10. október 2008 kl. 15:11.¹⁶²⁶ Var skjalið þannig útbúið nánast á sama tíma og fundur (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv með Alcoa stóð yfir en sá fundur var bókaður milli 14:00 – 15:00 þennan dag.

3058. Í umræddri viðskiptaáætlun Eimskips fyrir árið 2009 kemur fram að Eimskip kynni að fá aukin verkefni fyrir Alcoa. Er sagt að eitt helsta tækifæri Eimskips á Austurlandi á árinu 2009 væri:

„*Álversverkefni, auka verk fyrir Alcoa*“.

3059. Í samræmi við þetta kemur eftirfarandi fram í markaðsgreiningu í sama skjali um „*[s]pennandi tíma framundan*“ og að „*markaður*“ gæti aukið flutningsmagn og -tekjur Eimskips um 50%. Í því sambandi kemur m.a. fram að hluti útflutnings Samskipa vegna álframleiðslu færi „*til*“ Eimskips:

„*Samskip ? hluti til Eimskip*“

3060. Við skýrslutöku (S)frkvstj-millilandasv hjá lögreglu var hann beðinn um að skýra framangreinda umfjöllun í gagni Eimskips frá 11. október 2008 um að hluti flutninga Samskipa fyrir Alcoa myndi færast til Eimskips:

HS En þarna í, í kafla 2.2. „*External: Threats and opportunities*“ það er þarna tækifæri, álversverkefnið, auka verk fyrir Alcoa og í kafla 3. „*Market, Market Analysis*.“ Álframleiðsla. Já, þú sérð þetta þarna.

(S)frkvstj-millilandasv Mhm.

HS Og fyrir aftan þarna 400 þúsund tonn, þá er: (Samskip ? hluti til Eimskip). Geturðu skýrt það af hverju, af hverju gerir hérna Eimskip ráð fyrir Samskip, sem sagt finnst í gögnum Eimskips.

(S)frkvstj-millilandasv Mm, ég veit ekki, ég veit ekki hver spurningin er en, en auðvitað get ég ekki tjáð mig um þetta, ég hef ekki, í fyrsta lagi ekki séð þetta, þetta er eitthvað innanhússplagg frá Eimskip.

¹⁶²⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]

¹⁶²⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.243144.



HS Já.

(S)frkvstj-millilandasv Þannig að ég veit ekki hvað þeir eru að, hvað þeir eru að pæla hér.

HS Já. En þetta er sem sagt svona á sama tíma og þú, þú ert með þessa stúdíu sem við höfum farið yfir, sem gerir ráð fyrir að halda álflutningi inn í kerfum Samskipa, það er svona tíma, tímasetningin.

(S)frkvstj-millilandasv Mhm, þeir eru náttúrlega að sinna, eins og ég sagði áðan, ákveðnum flutningum fyrir Alcoa allan tímann og sjá um rekstur á gámvelli ...

HS Já.

(S)frkvstj-millilandasv ... frá upphafi sem sagt.

HS Mhm.

(S)frkvstj-millilandasv Ég veit ekkert hvað þeir eru að pæla þarna eða reference þetta á við.

3061. Gat (S)frkvstj-millilandasv þannig ekki útskýrt af hverju Eimskip töldu á þessum tíma líkur á því að hluti af þeim flutningum sem féll undir samning Samskipa við Alcoa myndi færast til Eimskips.

3062. Sem fyrr segir höfðu Samskip á fundinum 10. október 2008 annars vegar áréttað kröfu um verðhækkun og hins vegar greint frá áformum um takmörkun á flutningsgetu, sem gat ekki þýtt annað en skerta þjónustu við Alcoa. Samtímagögn sýna engar áhyggjur af samkeppnislegum viðbrögðum Eimskips. Samkeppniseftirlitið telur ljóst að þessar aðgerðir Samskipa gagnvart Alcoa voru grundvallaðar á samráði við Eimskip um m.a. breytingu siglingakerfa og takmörkun flutningsgetu. Daginn eftir fund (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl 5. september 2008 var í glærुकynningu (S)frkvstj-millilandasv fjallað um þann möguleika að Eimskip myndu taka að sér hluta af flutningum Samskipa fyrir Alcoa. Á fundi m.a. (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-innanl 15. september 2008 kom fram að áhugi væri fyrir hendi að „tryggja“ Eimskip fast magn í álflutningum fyrir Alcoa til Evrópu, sem annars heyrðu undir samning Samskipa við Alcoa, sbr. umfjöllun í kafla 8.16.5.

3063. Í þessu skjali sem (E)svæðisstj1 sendi (E)frkvstj-innanl 11. október 2008 var sem áður sagði talið mögulegt að hluti af flutningum Samskipa fyrir Alcoa myndi færast til Eimskips. Verður að draga þá ályktun að (E)svæðisstj1 hafi talið sig búa yfir áreiðanlegum upplýsingum um þessa mögulegu breytingu því ella hafi hann vart sett þær fram í umfjöllun um viðskiptaáætlun Eimskips á Austurlandi fyrir árið 2009 sem hann sendi til yfirmanns síns.

3064. Aftur á móti var því ekki slegið föstu í þessu skjali (E)svæðisstj1 að umræddir flutningar myndu færast til Eimskips enda lá ekki fyrir á þessum tíma endanleg niðurstaða í þessum þætti hins ólögsmæta samráðs fyrirtækjanna. Samhengisins vegna er rétt að ítreka hér að samráð Samskipa og Eimskips gekk að þessu leyti upp. Samskip annars vegar hækkuðu verð verulega gagnvart Alcoa og hins vegar náðu fram sparnaði með því takmarka flutningsgetu og þjónustu við Alcoa. Eimskip fékk til sín hluta af þessum flutningum Samskipa og sinnti þeim fram á árið 2013. Voru þau viðskipti uppspretta mikillar ánægju hjá stjórnendum Eimskips og Samskipa. Er gerð nánari grein fyrir þessu í kafla 9.11.

3065. Að mati Samkeppniseftirlitsins er því ljóst að framangreint skjal (E)svæðisstj1 er, líkt og m.a. fundargerð Eimskips frá 15. september 2008, til vitnis um ólögsmætt samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma.

8.17.15. (E)forstj segir að halda skuli áfram viðræðum við Samskip

3066. Til viðbótar framangreindum samskiptum Samskipa og Eimskips var einnig um að ræða samskipti milli (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl í október 2008.



3067. Eins og lýst var hér að framan áttu (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl fund í verslunarmiðstöðinni Smáralind þann 17. september 2008. Rifja ber einnig upp að á þessum tíma hafði talsverður árangur náðst í „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips, m.a. þeim verkþætti sem tók til samnýtingar flutningakerfa í landflutningum, sbr. umfjöllun í kafla 8.16.11 um glærुकynningu (E)frkvstj-innanl frá 30. september 2008.
3068. Til skoðunar var enn víðtækra samstarf Samskipa og Eimskips í landflutningum. Var þessu lýst svo í umræddri glærुकynningu (E)frkvstj-innanl:

- Athuga möguleika á að stofna sérstakt félag með Samskip og etv. fleirum sem tæki yfir allar vöruafgreiðslur og innansvæðisdreifingu, leggja erindi fyrir samkeppniseftirlit ?
- Akstur til og frá – tvihiða samningar

3069. Í október 2008 unnu Samskip og Eimskip áfram að framgangi þessa þáttar „Nýtt upphaf“ verkefnisins um aukið samstarf í landflutningum. Má sjá þetta af tölvupósti lögmannstofunnar Logos til (E)frkvstj-innanl fimmtudaginn 2. október 2008 um „Nýtt mál“ og var í honum vísað til samtals Logos og (E)frkvstj-innanl deginum á undan.¹⁶²⁷
3070. Samkvæmt afhentu gagni frá Eimskip lagði Logos fram minnisblað til Eimskips ((E)frkvstj-innanl) og Samskipa ((S)frkvstj-innanl) þann 10. október 2008. Fram kemur í inngangi minnisblaðsins að það væri tekið „saman að beiðni ofangreindra félaga [Eimskips og Samskipa] vegna möguleika á samstarfi og/eða sameiningu á starfsemi félaganna á markaði fyrir innanlandsflutninga. Er einkum horft til þess hvernig Samkeppniseftirlitið myndi líta á slíkt samstarf og/eða sameiningu.“ Um fyrirhugað samstarf sagði í minnisblaðinu:
- „Skv. upplýsingum frá félögum er hugsunin sú að stofnað verði nýtt sjálfstætt félag í sameiginlegri eigu Eimskips og Samskipa. Það félag muni annað hvort taka yfir alla flutningastarfsemi félaganna innanlands, eða að sjá um sameiginlegan rekstur á afgangslustöðvum félaganna á landsbyggðinni“.¹⁶²⁸
3071. Hugmyndir um eitt sameiginlegt landflutningafyrirtæki eða sameiginlegan rekstur á afgangslustöðvum voru í fullu samræmi við samráðsverkefni fyrirtækjanna, sbr. glæran um „Innanlandsþjónustu“ í glærुकynningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið.
3072. Minnisblað Logos var fimm blaðsíður að lengd. Þar kom m.a. fram að Eimskip og Samskip þyrftu annað hvort að senda samrunatilkynningu til Samkeppniseftirlitsins eða óska eftir undanþágu fyrir samstarfinu. Í niðurstöðukafla minnisblaðsins kom fram að „við allar venjulegar aðstæður“ væri líklegt að Samkeppniseftirlitið myndi leggja gegn hinu sameiginlega verkefni fyrirtækjanna. Hins vegar væri ljóst að „engar venjulegar aðstæður“ væru ríkjandi í íslensku efnahagslífi og varnir um hið fallandi félag og efnahagslegar framfarir gerðu „það að verkum að vel er mögulegt að Samkeppniseftirlitið sjái sig knúið til að fallast á verkefnið“, þó líklega með skilyrðum um m.a. sjálfstæði stjórnar og takmörkunum á upplýsingaflæði til fyrirtækjanna.
3073. Þennan sama dag, 10. október 2008, sendi (E)frkvstj-innanl tölvupóst til (E)forstj og (E)frkvstj-Eimísl. Rifjaði (E)frkvstj-innanl upp það sem hann hafði áður sagt þeim um samvinnu við Samskip í landflutningum, greindi frá framgangi þess verkefnis og bað um heimild til að halda áfram með það verkefni:

„Haldinn var fundur á Logos núna í vikunni varðandi lagalegar heimildir fyrir stofnun á félagi sem tæki yfir alla vöruafgreiðslustarfsemi, innansvæðisdreifingu á landsbyggðinni og einnig flutninga

¹⁶²⁷ Afhentur tölvupóstur frá Eimskip. Fskj. 19 með athugasemdum Eimskips við AI.

¹⁶²⁸ Mgr. 364 í athugasemdum Eimskips við AI. Fskj. 20 – 23 með athugasemdunum.



til/frá Reykjavík út á land fyrir E og S sjá meðfylgjandi. Þetta er nokkurn veginn í samræmi við það sem við vorum áður búnir að ræða með þeirri viðbót að til að ná enn meiri árangri og einföldun í framkvæmd þá eru flutningar til/frá landsbyggðinni teknir líka með.

Ef þessi leið er farin myndu c.a. 3-4 af hverjum 10 stn okkar á landsbyggðinni missa vinnuna og sama hjá S.

Vil ekki staðfesta þennan fund nema með ykkar vitund og samþykki. ¹⁶²⁹

3074. (E)forstj svaraði um hæl og sagði: „Halda viðræðum áfram.“ ¹⁶³⁰

3075. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj spurður um þessi tölvupóstsamskipti:

HS Halda viðræðum áfram.

(E)forstj ... halda viðræðum áfram. [óskýrt] fundur á LOGOS núna í ...

HS Hvaða viðræður voru það sem átti að halda áfram?

(E)forstj [óskýrt]. Ég man ekki eftir þessu en ég hef greinilega [óskýrt].

HS Er þetta ...

(E)forstj Það stendur, hann er að tala um að haldinn verði fundur á LOGOS lögfræðistofunni okkar varðandi lagalegar heimildir fyrir stofnun á einhverju félagi sem taki yfir alla vöru [óskýrt] afgreiðslustarfsemi innan svæðisdreifingu á landsbyggðinni og flutninga til og frá Reykjavík. Já þannig að ég, þarna er ég, einhver, þarna er sem sagt lögfræðifirma okkar með í ráðum við að stofna félag.

HS Og þú, en þú ekki inn í, inn í þessu eða?

(E)forstj Ég er ekki á þessum fundi nei.

HS En manstu, veistu hvaða fundur þetta var og ...

(E)forstj Nei ...

HS ... hvaða viðræður þetta eru sem þú vilt að sé haldið áfram?

(E)forstj ... [óskýrt] og það er náttúrlega ekkert sem gerði bara opna á þetta ef hann er að ræða þetta við lögfræðistofuna okkar hann, hvort þetta sé einhver möguleiki. Ég, ég man ekkert eftir þessu. [...]

HS Við erum ekkert að tala neitt um það. Nei það er verið, hann er að gera það herna ókei geri það, þegar þú segir „haltu viðræðum áfram“ ...

(E)forstj Já ...

HS Þá er verið að tala um viðræður. Við erum ...

(E)forstj Ég er að tala um viðræður við LOGOS. ¹⁶³¹

3076. Samkvæmt þessum framburði (E)forstj var hann í tölvupóstinum frá 10. október 2008, sem hann kvaðst muna lítið eftir, ekki að gefa fyrirmæli til (E)frkvstj-innanl að halda áfram viðræðum við Samskip heldur við lögmannstofuna Logos. Þessi framburður (E)forstj er bæði í ósamræmi við athugasemdir Eimskips við AI og samtímagögn. Hér skiptir máli að vinna lögmannna Logos átti sér stað eftir beiðni bæði Eimskips og Samskipa, sbr. fyrirsögn og inngang í minnisblaði Logos 10. október 2008.

¹⁶²⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.241997. Tölvupósturinn er einnig fskj. með athugasemdum Eimskips við AI, nr. 22.

¹⁶³⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.242011.

¹⁶³¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 180-181 og 183.



3077. Í mgr. 358 í athugasemdum Eimskips við AI er þannig sagt að á fundinum í Smáralind 17. september 2008 hafi (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl rætt um mögulegan tvíhliða flutningasamning milli Eimskips og Samskipa. Jafnframt hafi verið rætt á fundinum um að möguleikar væru á „*annars konar samstarfi, s.s. rekstri sameiginlegra vöruafgreiðslna.*” Í tölvupósti (E)frkvstj-innanl frá 10. október 2008 er vísað til þess sem búið hafi verið að ræða varðandi samstarf Eimskips og Samskipa og upplýst um „*viðbót*” við samstarfið og (E)forstj og (E)frkvstj-EimÍsl greint frá því að ef viðkomandi samstarfi yrði hrint í framkvæmd myndu 3-4 af hverjum 10 starfsmönnum bæði Samskipa og Eimskips á landsbyggðinni missa vinnuna. Bjó (E)frkvstj-innanl þannig yfir upplýsingum um til hvaða ráðstafana Samskip myndu grípa í starfsmannamálum ef samstarfshugmyndir kæmu til framkvæmda. Kallaði (E)frkvstj-innanl eftir samþykki yfirmanna sinna til þess að halda þessum samningaviðræðum við Samskip áfram. Þá ber að líta til þess að samvinnan við Samskip, sem lýst er í tölvupósti (E)frkvstj-innanl frá 10. október 2008, var í fullu samræmi við það sem fram kemur í glærinni um landflutninga í „*Nýtt upphaf*” verkefninu og svar (E)forstj við tölvupósti (E)frkvstj-innanl í samræmi við markmið verkefnisins („*Halda viðræðum áfram*”). Þann 16. október 2008 áttu (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl fund með Samkeppniseftirlitinu, sbr. umfjöllun hér á eftir.
3078. Með vísan til framangreinds er ekki unnt að fallast á það með (E)forstj að hann hafi í tölvupósti sínum frá 10. október 2008 verið að beina þeim fyrirmælum til (E)frkvstj-innanl að halda áfram viðræðum við lögmennt Eimskips.
3079. Á sama tíma og Samskip og Eimskip áttu samskipti og unnu að „*Nýtt upphaf*” verkefninu vegna breytinga á siglingakerfi og takmörkun flutningsgetu fékk (E)frkvstj-innanl grænt ljós hjá (E)forstj til að halda áfram viðræðum við Samskip um aukid samstarf á landflutningamarkaði. (E)frkvstj-innanl hafði einnig aðkomu að samráði Eimskips og Samskipa tengdu siglingakerfum og flutningum fyrir Alcoa á þessum tíma, sbr. umfjöllun í næsta kafla.

8.17.16. Vísað til nýs gámasamnings Samskipa og Eimskips

3080. Gámastýring er eðli málsins samkvæmt órjúfanlegur og mikilvægur þáttur í rekstri skipafélaga og siglingakerfa sem annast gámaflutninga. Gögn málsins sýna að samhliða öðrum þáttum samráðsins hafi Samskip og Eimskip einnig unnið að því að auka gámasamstarf sitt.
3081. Eins og áður greinir ræddu (E)frkvstj-EimÍsl og (S)frkvstj-millilandasv saman 1. október 2008. Eftir samtalið boðaði (E)frkvstj-EimÍsl þá (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl til fundar með (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl sem haldinn var 6. október 2008. Í fundarboði (E)frkvstj-EimÍsl vísaði hann til þess að (S)frkvstj-millilandasv hafi sagt að það þyrfti „*að klára gáamál við þá*”. Þann 2. október 2008 sendi (E)starfsm-flutnstýr1 tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf þar sem meðfylgjandi voru drög að samningi milli Eimskips og Samskipa sem tóku til gáma. Var um að ræða drög að gagnkvæmum samningi milli Eimskips og Samskipa um leigu á gámum ásamt yfirlýsingu um að fyrirtækin myndu styðja við viðskiptasamstarf hvors annars.
3082. Eftir fund Samskipa og Eimskips 6. október 2008 áttu sér stað samskipti milli fyrirtækjanna vegna gámasamstarfs. Þannig sendi (S)starfsm (starfsmaður flutningsstjórnunardeildar Samskipa) þann 13. október 2008 tölvupóst til (E)starfsm-flutnstýr1 og (E)fulltr.flutnstý (verkefnastjóra í flutningastýringardeild Eimskips) og spurði hvort Eimskip gæti lánað Samskipum tóma frystigáma í Danmörku.
3083. (E)starfsm-flutnstýr1 svaraði (S)starfsm samdægurs og sagði Eimskip eiga þrjá gáma til að leigja Samskipum og sagði síðan: „*Það sem við höfum áhuga á er 30 dagar fríir frá pup og eftir það 25\$ pr/dag. Það ætti við ef Eimskip tekur frá Samskip og ef Sam[s]kip tæki frá EIMSKIP.*” (S)starfsm svaraði og sagðist ganga að þessu samkomulagi. Viðbrögð (E)starfsm-flutnstýr1 voru þá þessi: „*Þá á þetta við um future pup á frystigámum, hjá báðum fyrirtækjum*”. (S)starfsm svarar: „*Já flott*”.¹⁶³²

¹⁶³² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]



3084. Strax eftir þessi samskipti Eimskips og Samskipa, eða kl. 11:13 þann 13. október 2008, sendi (E)starfsm-flutnstýr1 tölvupóst aftur til (S)starfsm en núna einnig til annarra starfsmanna hjá Eimskip. Þar gaf (E)starfsm-flutnstýr1 samstarfsmönnum sínum þau fyrirmæli að Eimskip ætlaði að leigja Samskipum þrjá frystigáma. Síðan sagði hann: „Samskip fá þá í 30 daga fría, frá pup, og eftir það 25\$ pr/dag. þannig verður það." Síðan endaði (E)starfsm-flutnstýr1 tölvupóstspóstinn á að láta (S)starfsm vita af tengiliðaupplýsingum um starfsmann Eimskips í Danmörku „vegna gáma”.¹⁶³³
3085. Þremur mínútum síðar eða kl. 11:16 þennan dag, 13. október 2008, sendi (E)starfsm-flutnstýr1 tölvupóst til fleiri samstarfsmanna Eimskips. Þar komu fram eftirfarandi fyrirmæli:
- „If there are any Samskip reefers that we can use, than [svo] its ok by me to use them (If Samskip agrees ofcourse). We ´ve a new deal in place which could serve us pretty good”.*¹⁶³⁴
3086. Af framangreindu má sjá að (E)starfsm-flutnstýr1 vísaði til „nýs” samnings við Samskip varðandi samstarf um gagnkvæma frystigámaleigu þann 13. október 2008. Þetta er í samræmi við önnur gögn málsins um aðdraganda og áframhaldandi samráð Samskipa og Eimskips vegna gámaleigu, sbr. kafla 18.
3087. Þann 30. október 2008 átti sér stað símtal milli gámostýringardeilda Eimskips og Samskipa en þann dag vísaði (E)fulltr.flutnstý í tölvupósti til símtals síns við (S)starfsm.¹⁶³⁵
3088. Í innanhússamskiptum hjá Eimskip þennan sama dag, 30. október 2008, benti (E)starfsm-flutnstýr1 á að Eimskip hefði náð nýjum samningi sem fælist í því að fyrirtækið gæti notað gáma frá Samskipum. Af gögnum má ráða að upphaflega hafi Eimskip ekki ætlað að leigja gáma frá Samskipum vegna þeirra flutninga sem fjallað er um í tölvupóstsamskiptunum. Þetta hafi hins vegar breyst með hinum nýja samningi við Samskip. Útskýrði (E)starfsm-flutnstýr1 þessa breytingu í tölvupósti 31. október 2008:
- „You ´re right; I requested that it would not be used under cargo. However that has changed, we reach a deal with Samskip. So pls use Samskip containers for cargo, as I instructed via email 13okt ´08.”*¹⁶³⁶
3089. Drögin að samningnum við Samskip, sem (E)starfsm-flutnstýr1 sendi (E)frkvstj-flutnkerf 2. október 2008, báru heitið : „Interchange agreement”. Þann 5. nóvember 2008 kemur fram í tölvupósti (E)fulltr.flutnstý til (S)starfsm (afrit til (E)starfsm-flutnstýr1) að Eimskip og Samskip eigi ennþá eftir að undirrita „interchange agreement”. Kvaðst (E)fulltr.flutnstý ætla að senda (S)starfsm drög að samningi daginn eftir.¹⁶³⁷ Þessi samningsdrög sem (E)fulltr.flutnstý ætlaði að senda Samskipum hafa ekki fundist við rannsókn málsins.
3090. Varðandi gámasamstarf Samskipa og Eimskips þá mótmæla Samskip í athugasemdum sínum við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins að s.k. „interchange” samningur hafi varðað aðra flutninga en þá sem tengdust Norður-Ameríku samningnum. Halda Samskip því m.a. fram að samningur sem vísað er til í framangreindum samskiptum um flutninga frá Danmörku hafi verið sérstakur samningur um frystigámaflutninga, en ekki hluti af „interchange” samningnum. Engin gögn eru þó lögð fram til að styðja þá fullyrðingu. Hvað sem því líður er það ekki aðalatriðið hvort fyrirtækin hafi veitt hvort öðru liðsinni með einum eða fleiri samningum, skriflegum eða munnlegum, heldur skiptir höfuðmáli að þau juku við samráðið m.a. með ólögum samningi sín á milli, sbr. nánar hér síðar.
3091. Gögn málsins sýna að eftir fund Samskipa og Eimskips 6. október 2008 lá fyrir að fyrirtækin myndu auka liðsinni í gáamálum hvort við annað. Birtingarmynd þessa var síðan á brotatímabilinu með

¹⁶³³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]

¹⁶³⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]

¹⁶³⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]

¹⁶³⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]

¹⁶³⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]



ýmsum hætti, líkt og lesa má úr tölvupóstum um samfellda framkvæmd hins ólögmeta samráðs á tímabilinu öllu. Aukið gámasamráð var víðtækt og tók eins og fram hefur komið til landflutninga innanlands, sjóflutninga til og frá Íslandi milli Evrópu, Norður-Ameríku og víðar.

3092. Hvorki Samskip né Eimskip veittu upplýsingar við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga um gámasamtarf fyrirtækjanna. Þá afhentu fyrirtækin ekki heldur upplýsingar um drög að „interchange“ gámaleigusamningi eins og þeim bar skv. 19. gr. samkeppnislaga. Fjallað er um brot Samskipa gegn 19. gr. samkeppnislaga í kafla 23. Með sátt við Samkeppniseftirlitið viðurkenndi Eimskip að hafa brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga með því að hafa ekki veitt nauðsynlegar og réttar upplýsingar eða afhent gögn í þágu rannsóknar Samkeppniseftirlitsins, sbr. 3. gr. sáttar við Eimskip frá 16. júní 2021.
3093. Í fyrirbyggjandi gögnum málsins má sjá ítrekuð samskipti starfsmanna gámastýringardeilda Samskipa og Eimskips vegna samráðsins. Skapaðist að mati Samkeppniseftirlitsins ákveðin samvinnustemning milli fyrirtækjanna, sem einnig var til staðar á öðrum sviðum í rekstri þeirra, þar sem vísað var í léttum dúr til þess að Eimskip og Samskip ynnu vel saman í samræmi við slagorð Samskipa á þessum tíma, sbr. t.d. tölvupóst Eimskips til Samskipa 1. júní 2010:
- „Together we make things happen! ©“, sbr. umfjöllun í kafla 18.
3094. Var framangreint í fullu samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið eins og því er lýst í glæru forstjóra Eimskips frá 9. júní 2008 um að „[á]kveðið hefur verið að meta hagkvæmni eftirfarandi verkefna með því að auka samstarf á milli Samskip og Eimskip“.
3095. Í sáttinni við Samkeppniseftirlitið viðurkennir Eimskip að hafa haft samráð við Samskip á rannsóknartímabilinu um m.a. gagnkvæma leigu eða lán á gámum og aðrar aðgerðir sem miðuðu að því að raska samkeppni í flutningsþjónustu, sbr. tölul. 1.5 í 1. gr. sáttarinnar.

8.17.17. Samantekt

3096. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljóst að frá miðju ári 2008 áttu Eimskip og Samskip í ítrekuðum samskiptum og auknu samstarfi sem hafði það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Frá því að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst um mitt árið 2008 miðuðust aðgerðir fyrirtækjanna m.a. við að hafa með sér hagnýta samvinnu til að losna við þá óvissu sem felst í samkeppni. Fólst í þessu m.a. að mæta með samstilltum aðgerðum fyrir séðum samdrætti í innflutningi en nýta um leið með sambærilegum hætti mikil tækifæri í útflutningi. Gögn málsins sýna að markvisst var unnið að þessum þáttum og útfærslum þeirra í kjölfar leynilegs fundar stjórnarformanna og forstjóra fyrirtækjanna 6. júní 2008 og að ákveðinn þungi og aukin festa færðist í þetta samstarf fyrirtækjanna haustið 2008.
3097. Áréttu ber að Eimskip og Samskip veittu Samkeppniseftirlitinu engar upplýsingar um fund fyrirtækjanna 6. október 2008. Sem fyrr segir voru (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv spurðir við skýrslutöku hjá lögreglu um þann fund Eimskips og Samskipa og tengd atvik.
3098. (S)forstj kvaðst ekkert vita um tölvupóst (E)frkvstj-flutkerf til (S)frkvstj-millilandasv frá 5. október 2008 og fundinn með Eimskip daginn eftir. Varðandi þann framburð (S)forstj þá liggur fyrir að (S)frkvstj-millilandasv (framkvæmdastjóri sem bar ábyrgð gagnvart (S)forstj á inn- og útflutningi og á siglingakerfi Samskipa) og (S)forstö-innfl1 (forstöðumaður innflutningsdeildar) sátu frá 14. ágúst 2008 og út árið 2008 marga fundi með forstjóra Eimskips á Íslandi ((E)frkvstj-EimÍsl), framkvæmdastjóra Eimskips sem bar ábyrgð á siglingakerfum ((E)frkvstj-flutkerf) og forstöðumanni innflutningsdeildar ((E)forstö-innfl). Eðli málsins samkvæmt sýna samtímagögnin að (S)forstj var fullkunnugt um þessi reglubundnu samskipti við Eimskip. Dugar að nefna hér að þann 15. október 2008 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfll og fól (S)forstö-innfl1 að ræða við Eimskip um „almennt slotverð hjá þeim, hvort sem um er að



ræða innfl eða útl", sbr. kafla 8.19.3. Í þessu ljósi er framangreindur framburður (S)forstj hjá lögreglu einkar ótrúverðugur.

3099. Hvað framburð (S)frkvstj-millilandasv áhrærir vekur athygli að annars vegar kvaðst hann ekki muna hvort rætt hafi verið um önnur atriði en Norður-Ameríku samstarfið á fundinum 6. október 2008 með Eimskip og hins vegar var (S)frkvstj-millilandasv alveg viss um að atriði tengd mögulegum breytingum á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu hefðu ekki verið rædd. Tölvupósturinn sem (S)frkvstj-millilandasv fékk sendan frá (E)frkvstj-flutnkerf 5. október 2008 gefur hins vegar skýrlega til kynna að auk Norður-Ameríku samstarfsins átti að ræða önnur málefni á fundinum. Ber að áréttu að flutningur Samskipa fyrir Eimskip til Færeyja var til umræðu milli fyrirtækjanna vegna þeirrar takmörkunar á flutningsgetu sem fólst í breytingum Eimskips á siglingakerfi sínu í ágúst 2008, sbr. m.a. umfjöllun í kafla 8.16.5 um tölvupósta Eimskips frá 10. og 11. september 2008 og fundargerð vegna fundar (E)frkvstj-Eimísl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-innanl 15. september 2008. Af þessu leiðir að framburður (S)frkvstj-millilandasv er að þessu leyti ótrúverðugur.
3100. Hér ber þó að hafa í huga hvernig (S)frkvstj-millilandasv svaraði við skýrslutöku hjá lögreglu spurningu um það hvort Eimskip og Samskip hefðu haft með sér samstarf vegna siglinga milli Íslands og Færeyja þegar tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf frá 5. október 2008 var borinn undir hann. Kvaðst (S)frkvstj-millilandasv ekki muna hvernig endurskoðað „neyðarsamkomulag“ Eimskips og Samskipa hafi verið og hvort það hafi tekið til siglinga til og frá Færeyjum. Samkeppniseftirlitið telur að (S)frkvstj-millilandasv hafi með þessu vísað til þess sem nefnt var „útvíkkað neyðarsamkomulag“ eða „almennur slot sharing samningur“ í tölvupóstum (S)frkvstj-millilandasv til (E)frkvstj-flutnkerf 15. og 20. október 2008, sbr. kafla 8.16.2 og 8.16.3. Þessi tenging (S)frkvstj-millilandasv við „neyðarsamkomulag“ í skýrslutöku hjá lögreglu rennir að mati Samkeppniseftirlitsins stöðum undir að á fundi Samskipa og Eimskips 6. október 2008 hafi átt sér stað viðræður um m.a. slotsamstarf í sjóflutningum milli Íslands og Evrópu.
3101. Við frekara mat á þessum atvikum tengdum fundinum 6. október 2008 ber að horfa til þess að í gögnum málsins kemur ítrekað fram að í þeim verkþætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til sjóflutninga hafi auk þess falist möguleg ólögmat markaðsskipting til þess að láta heildaráætlun um breytingu á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu ganga upp þannig að ábati fyrirtækjanna beggja yrði sem mestur. Í glærुकyningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið var rætt um Vestmannaeyjar og í samráðstillögunum sem fram komu í minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008, var rætt um að Eimskip myndu hætta að sigla til Vestmannaeyja og nýta sér skip Samskipa í staðinn. Í tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf til (E)forstj frá sama degi var (E)forstj varaður við því að gefa eftir tekjur Eimskips af flutningaþjónustu tengdri Vestmannaeyjum (sagði (E)frkvstj-flutnkerf þetta: „Hérna eru tekjurnar varðandi Vestmannaeyjar á átta mánaðar tímabili sjá viðhengi mér væri mjög illa við að láta þetta eftir“). Samtímagögnin gefa til kynna að Eimskip og Samskip hafi rætt saman um þetta efni í viku 28 á árinu 2008, líklegast 9. júlí 2008 sbr. kafla 8.9.5.
3102. Þá ber einnig að hafa í huga í þessu samhengi skjölin sem (S)forstj fékk send kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008, sbr. kafla 8.13.1. Á verkefnalista (S)forstö-landfl fjórum dögum eftir fund Eimskips og Samskipa 14. ágúst 2008 sést að Samskip voru með það verkefni í undirbúningi um að gera Eimskip tilboð í sjóflutninga, sbr. kafla 8.15.7.2. Þann 4. september 2008 var unnið hjá Eimskip að þáttum sem tengdust samráðinu, m.a. varðandi gámamál en einnig varðandi sjóflutninga og mikilvæga kaupendur flutningaþjónustu hér á landi, þ.á m. Alcoa. Jafnframt ber að rifja upp umfjöllun um fund Samskipa og Eimskips 5. september 2008 og um skjöl (S)frkvstj-millilandasv frá 4. og 6. september 2008 sem og skjal (S)forstj frá 7. og 8. september 2008, sbr. kafla 8.16.2 og 8.16.3. Í þessum skjölum Samskipa var miðað við samvinnu við Eimskip vegna breytinga á siglingakerfinu og lagt til grundvallar að Samskip myndu fá viðskipti Eimskips við Byko og viðskiptin við Elkem myndu færast frá Samskipum til Eimskips. Þá kom einnig fram sú útfærsla á takmörkun flutningsgetu að Samskip myndu halda hluta af útflutningi á áli fyrir Alcoa inni í kerfum fyrirtækisins og að skip Samskipa yrði þá fullnýtt „en umfram magn færi með keppinautum [Eimskip]“. Einnig kom fram að „stóra spurningin“ væri hvað ætti að gera með viðskipti við mikilvæga viðskiptavinum Eimskips eins og



m.a. Ölgerðina. Bera gögn með sér að 5. september 2008 hafi Samskip og Eimskip ekki aðeins rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið sem varðaði flutninga til og frá Norður-Ameríku heldur einnig um flutninga til og frá höfnum í Evrópu og viðskipti við Alcoa.

3103. Samskonar atburðarrás átti sér stað í tengslum við fundinn 6. október 2008.
3104. Klukkustund fyrir fundinn með Eimskip 6. október 2008 vistaði (S)frkvstj-millilandasv skjöl þar sem unnið var að breytingum á siglingakerfinu og metin áhrif þeirra á tekjur af flutningum milli Íslands og hafna í Evrópu, þ. á m. vegna flutninga fyrir Alcoa á Reyðarfirði og Elkem á Grundartanga. Sýnir þetta að (S)frkvstj-millilandasv undirbjó sig með samskonar hætti fyrir þennan fund með Eimskip og hann hafði gert áður. Að kvöldi 6. október 2008 vann (S)frkvstj-millilandasv áfram í skjölum sem tengdust framangreindu. Hið sama gerði hann daginn eftir þar sem m.a. var velt upp þeim valkosti að flutningar Eimskips fyrir Ölgerðina færðust til Samskipa og flutningar Samskipa fyrir Elkem færðust til Eimskips.
3105. (S)frkvstj-millilandasv var staðgengill (S)forstj og framkvæmdastjóri sem bar ábyrgð á siglingakerfi Samskipa og öllum inn- og útflutningi fyrirtækisins. Þá eru hugmyndir um að mikilvægir viðskiptavinir færðust á milli Eimskips og Samskipa, að frumkvæði Samskipa, a.m.k. í eðli sínu afar óvenjulegar og (S)frkvstj-millilandasv mátti stöðu sinnar vegna vita að framkvæmd á þeim myndi fela í sér brot á 10. gr. samkeppnislaga. Sökum þessa má ætla að (S)frkvstj-millilandasv hafi verið fær um að útskýra hvað fyrir honum hafi vakað með skjölum hans frá október 2008 þegar þau voru borin undir hann við skýrslutöku hjá lögreglu. Aðspurður gat (S)frkvstj-millilandasv ekki sett fram fullnægjandi skýringar á umfjöllun sinni sem augljóslega fól í sér skiptingu markaða eftir viðskiptavinum. Sagði (S)frkvstj-millilandasv aðeins að „menn voru bara að skoða allt“ og neitaði því að þarna hafi verið fjallað um það að Eimskip og Samskip skiptust á viðskiptavinum. Þetta væru „bara einhverjar fabúleringar“ og (S)frkvstj-millilandasv gæti ekki „tekið það lengra“ með lögreglu. Rifja ber upp hér að fyrir við skýrslutökuna hafði (S)frkvstj-millilandasv kosið að neita að tjá sig um samskipti sín við starfsmenn, stjórnendur eða stjórnarmenn Eimskips.
3106. Á sama tíma og unnið var í október 2008 að breytingum á siglingakerfinu og takmörkun á flutningsgetu undirbyggju Samskip og Eimskip frekari verðhækkningar. Gögn málsins sýna að helgina 4. og 5. október 2008 gengu Samskip eftir kröfu um verðhækkun sem fyrirtækið sett fram gagnvart Alcoa fram á fundinum 15. september 2008. Daginn eftir fund Samskipa og Eimskips 6. október 2008 áttu yfirmenn Eimskips fund um „mögulegar verðhækkningar“, þ.á m. (E)forstö-innfl sem hafði deginum áður setið fundinn með Samskipum. Sama morgunn vann m.a. (E)forstö-útfl að þeim aðgerðum Eimskips er vörðuðu samráð fyrirtækjanna um álagningu á olúgjaldi (BAF á alla viðskiptavini).
3107. Þann 8. október 2008 sendi (S)frkvstj-millilandasv á ný tölvupóst til Alcoa og spurði um afstöðu Alcoa til kröfu Samskipa um hækkun á verði. Stuttu áður sama dag hafði (S)frkvstj-millilandasv vistað hjá sér sér excel-skjal sem sýndi að Samskip unnu að því að takmarka flutningsgetu sem myndi m.a. hafa áhrif á flutningana fyrir Alcoa. Alcoa svaraði (S)frkvstj-millilandasv sama dag og lýsti því yfir að fyrirtækið myndi ekki samþykkja þessa verðhækkun. Viðbrögð (S)frkvstj-millilandasv voru að leggja til að hann og (S)forstj myndu sem fyrst funda með Alcoa. Þessi snöggu viðbrögð (S)frkvstj-millilandasv við neikvæðu svari Alcoa eru skiljanleg enda sýna gögn málsins að (S)frkvstj-millilandasv hafði deginum áður og sama dag unnið að undirbúningi að breytingu siglingakerfis Samskipa og takmörkun á flutningsgetu. Gögnin sýna að í þessu fólst að Samskip myndu halda a.m.k. hluta viðskipta við Alcoa innan siglingakerfis síns, ná fram verðhækkun ásamt því þjónusta við Alcoa yrði skert. Það var því afar mikilvægt fyrir Samskip og framgang „Nýtt upphaf“ verkefnisins við Eimskip að náð yrði samningum við Alcoa.
3108. Þá ber að horfa til þess að í glærukyningu (S)frkvstj-millilandasv frá 10. október 2008 var fjallað um breytingar á siglingakerfum Samskipa og takmörkun á flutningsgetu. Takmörkunin þýddi því að Samskip skertu það flutningsmagn sem stóð Alcoa til boða hjá fyrirtækinu. Í samræmi við samráð Samskipa og Eimskip kom Eimskip í kjölfarið að því að sinna umframflutningum fyrir Alcoa sem



Samskip gátu ekki sinnt vegna takmörkunarinnar. Hér ber að minnast þess að í samráðstillögunum, sem (S)forstj fékk sendar kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008, var m.a. skoðuð sú útfærsla að Samskip myndu takmarka flutningsgetu og að Eimskip myndi sinna m.a. hluta af „álútflutningi“ Samskipa og innflutningi Samskipa á grænmeti („Siglingakerfi-hagræðing“, sheet „3 skip“¹⁶³⁸). Ennfremur var ábati beggja fyrirtækja metinn af þessu:

Samskip		
Árlegur sparnaður v/ færri skipa (eitt skip út)	530	Sinum RFJ með einu skipi á 10,5 daga tíðni
T/C risk á 4. skipinu	-50	Áhætta v/ framleigu á Akrafelli eða Hvassafelli
Tapaðar tekjur v/ minni flutningsgetu - 60.000 t af áli	-50	Flutningsgeta skerðist um 100.000 tonn
Aukakostnaður v/ færslu milli terminala með ál í RTM	-30	
Töpuð framlegð í útlutningi frá FO	-30	
Grænmeti fyrir BÚR	-50	Að því gefnu að hægt verði að semja við EÍ um fóst slot í viku á Suðurleið fyrir þetta tapast ekki öll framlegðin (annars tapast öll velta -80 mkr)
Ávinningur p.a.	320	
Eimskip		
Tekjur af álútlutningi fyrir Samskip	50	
Tekjur af innflutningi á grænmeti fyrir Samskip	50	
Ávinningur p.a.	100	

Ef Eimskip afhenda tóma gáma á RFJ og samþykkja Steinweg sem depot í RTM ná báðir aðilar að hagræða:
Eimskip sparar THC í RTM og Samskip kemst af með færi gáma

3109. Sömulleiðis vísast til glærुकynningar (S)frkvstj-millilandasv sem hann vistaði daginn eftir fundinn með Eimskip 5. september 2008. Í kynningunni var m.a. fjallað um svonefnda „ALCOA min“ leið. Þar var miðað við að eftir takmörkun á flutningsgetu myndi tvennt gerast. Annars vegar myndu Samskip halda áfram flutningi á áli fyrir Alcoa en þeir flutningar yrðu minni en áður. Hins vegar myndi flutningsmagnið sem Samskip gæti ekki lengur sinnt („umfram magn“) færast til Eimskips. Varðandi það síðarnefnda ber að benda á að fimm dögum síðar, 15. október 2008, hófu Samskip og Eimskip að vinna að skriflegum „almennum slot sharing samningi“ í sjóflutningi til og frá Íslandi, sbr. umfjöllun hér síðar. Slíkur „álútflutningur“ Eimskips fyrir Samskip hefðu getað fallið undir slíkt samkomulag. Sú útfærsla varð síðan ekki raunin heldur komu Samskip og Eimskip því fyrirkomulagi upp að „hluti“ Alcoa viðskiptanna fór frá Samskipum til Eimskips. Eimskip síðan, í kjölfar takmörkunar á flutningsgetu Samskipa í lok október 2008, sinnti umframflutningum sem Samskip gátu ekki sinnt fyrir Alcoa fram á árið 2013.
3110. (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv áttu fund með fyrirsvarsmönnum Alcoa 10. október 2008. Á þeim fundi settu Samskip fram kröfu um breytingu á samningnum við Alcoa vegna takmörkunar á flutningsgetu og áfram var gerð sú krafa að verð myndi hækka, þótt aðeins hafi liðið tveir sólarhringar frá því að Alcoa hafnaði kröfu Samskipa um verðhækkun á samningi fyrirtækjanna. Ekkert í gögnum málsins gefur til kynna að Samskip hafi óttast samkeppnisleg viðbrögð Eimskips vegna þessa.
3111. Jafnframt ber hér aftur að hafa í huga tölvupósta (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-flutnkerf frá 10. og 11. september 2008 og fundargerðina vegna fundar þeirra tveggja og (E)frkvstj-innanl 15. september 2008 þar sem rætt var m.a. um möguleika á því að Eimskip gæti fengið „fast magn“ af flutningum Samskipa fyrir Alcoa, sbr. kafla 8.16.5 og 8.17.4. Í þessu samhengi hefur því þýðingu að í skjalinu „Viðskáætlan2009 Austurland“ sem (E)svæðisstj1 vistaði 10. október og sendi (E)frkvstj-innanl 11. október 2008 var vísað til þess að hluti af flutningum Samskipa fyrir Alcoa myndi mögulega færast „til“ Eimskips, sbr. kafla 8.17.14.
3112. Sem fyrr segir var (S)frkvstj-millilandasv í skýrslutöku hjá lögreglu spurður um þetta skjal (E)svæðisstj1 frá 11. október 2008 þar sem helsti keppinautur Samskipa fjallaði um að fá hluta af viðskiptum frá Samskipum. Svaraði (S)frkvstj-millilandasv því til að um væri að ræða „eitthvað innanhússplagg“ frá Eimskip. Var (S)frkvstj-millilandasv þá bent á að þessi umfjöllun Eimskips, um Samskip og áflutninga fyrir einn af langstærstu viðskiptavinum þeirra, kæmi fram á sama tíma og gögn Samskipa ((S)frkvstj-millilandasv) sýndu að fyrirtækið hafi komist að þeirri niðurstöðu að halda aðeins hluta af Alcoa flutningnum inni í kerfum sínum. Vegna þessa vísaði (S)frkvstj-millilandasv til þess að Eimskip hafi sinnt „ákveðnum flutningum fyrir Alcoa allan tímann“ og Eimskip hafi séð um

¹⁶³⁸ Sjá kafla 8.13.1.



reksturinn á gámavellinum (á Reyðarfirði). Samkeppniseftirlitið telur þessar skýringar (S)frkvstj-millilandasv með engu tengjast spurningu lögreglu um tímasetninguna. Umfjöllun Eimskips frá september og október 2008, sem lögregla vísaði til og bar undir (S)frkvstj-millilandasv, varðaði ekki fyrri útflutning Eimskips fyrir Alcoa og heldur ekki hafnarþjónustu Eimskips á Reyðarfirði. Þvert á móti stendur í skjalinu „hluti til Eimskips“ og er hvergi vísað til fyrri flutninga eða hafnarþjónustu í því sambandi. Samkvæmt orðalaginu er vísað skýrt til þess að Eimskip kynnu að fá hluta af viðskiptum frá Samskipum sem stafaði frá stærsta viðskiptavini þeirra í útflutningi. Þetta átti síðan eftir að ganga eftir. Þá er ekki rétt hjá (S)frkvstj-millilandasv að Eimskip hefðu „*allan tímann*“ sinnt útflutningi á áli fyrir Alcoa, sbr. yfirlit yfir flutninga Eimskips fyrir Alcoa í kafla 9.11 og umfjöllun í kafla 9.2.1 um atvik í mars 2008, þegar í ummælum (E)svæðisstj1 frá mars 2008 var vísað til þess að „*Samskipamenn séu æfir*“ þegar Eimskip hafði flutt einn farm af áli fyrir Alcoa til Rotterdam. Þá ber að rifja upp hvernig (S)frkvstj-millilandasv lýsti í minnisblaði sínu frá 7. júlí 2008 eðli samnings Samskipa við Alcoa, sbr. kafla 8.9.2:

„Sú útfærsla sem hér er viðruð er gerð með hliðsjón af ofangreindum þáttum og eftirfarandi staðreyndum:

- *Samskip unnu útboð/verðkönnun Alcoa um alla flutninga á framleiðsluvörum fyrirtækisins til Evrópu.*”

3113. Svar (S)frkvstj-millilandasv við skýrslutökuna var því ekki í samræmi við samtímagögn. Líkt og rakið var hér að framan var (S)frkvstj-millilandasv á þessum tíma í ítrekuðum samskiptum við stjórnendur Eimskips þar sem rædd voru viðkvæm viðskiptaleg málefni og „*Nýtt upphaf*“ verkefnið. Sem fyrr segir neitaði (S)frkvstj-millilandasv hins vegar að tjá sig við skýrslutökuna um þessi samskipti við Eimskip.¹⁶³⁹
3114. Líkt og áður greinir gefur glærुकyning (S)frkvstj-millilandasv frá 10. október 2008 til kynna að fyrir hafi legið hjá Samskipum að fyrirtækið myndi takmarka verulega flutningsgetu sína með því að fara úr fjögurra í þriggja skipa kerfi. Útfærsla á þessu lá ekki nákvæmlega fyrir 10. október 2008 og eðli málsins samkvæmt höfðu Samskip á þessum tímapunkti ekki veitt opinberlega neinar upplýsingar um þessi áform fyrirtækisins. Á þessum tíma var sem fyrr segir í gildi samningur milli Samskipa og Alcoa þess efnis að Samskip myndu annast flutninga á áli Alcoa með gámum til Evrópu.
3115. Þrátt fyrir þetta má sjá í framangreindu skjali (E)svæðisstj1 („*Viðskáætlun 2009 Austurland*“) sem að mögulegt væri að hluti af flutningum Samskipa fyrir Alcoa myndi færast til Eimskips. Verður að draga þá ályktun að (E)svæðisstj1 hafi talið sig búa yfir áreiðanlegum upplýsingum um þessa mögulegu breytingu því ella hafi hann vart sett þær fram í umfjöllun um viðskiptaáætlun Eimskips á Austurlandi fyrir árið 2009 sem hann sendi til yfirmanns síns. Þetta skjal sem (E)svæðisstj1 sendi (E)frkvstj-innanl sýnir þannig að innan Eimskips hafi þannig verið taldar nægjanlegar líkur á því að samráð við Samskip myndi skila ábata þannig að ástæða væri til að tilgreina framangreint í viðskiptaáætlun fyrir Eimskip á Austurlandi fyrir árið 2009. Hér ber að hafa í huga samskiptin sem átt höfðu sér stað milli Eimskips og Samskipa fyrir 11. október 2008. Jafnframt ber að líta til þess að (E)svæðisstj1 og (E)frkvstj-innanl sátu fund með m.a. (S)frkvstj-millilandasv á Reyðarfirði þann 22. október 2008 sem, auk m.a. fundarins 6. október 2008, hefur þýðingu varðandi samráð Samskipa og Eimskips um breytingu á siglingakerfinu og takmörkun á flutningsgetu, sbr. kafla 9.4.1 og 8.17.5. Eins og rökstutt verður sýna samtímagögnin að þessi áform fyrirtækjanna gengu eftir. Í kjölfar breytinga Samskipa á siglingakerfinu, í lok október 2008, fór hluti af flutningi á áli sem Samskip fluttu fyrir Alcoa til Evrópu skv. samningi þar um yfir til Eimskips, sbr. kafla 9.11.
3116. Ljóst er, samkvæmt tölvupósti (E)frkvstj-flutkerf 5. október 2008, að Eimskip vildi ræða á fundinum 6. október 2008 um samvinnu í siglingum til Færeyja. Útflutningur á ferskum fisk frá Reyðarfirði til Færeyja skipti máli fyrir Eimskip á þessum tíma, sbr. umfjöllun hér að framan um tölvupóst sem rekstrarstjóri Eimskip í Vestmannaeyjum, (E)svæðisstj3, sendi þann 9. september 2008 til m.a.

¹⁶³⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 17.

(E)frkvstj-Eimísl, (E)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-alþjv. Flutningar fyrir Alcoa skiptu einnig miklu máli þegar fjallað er um siglingar frá Reyðarfirði.

3117. Þegar horft er til allra framangreindra gagna, ekki síst tölvupóst (E)frkvstj-flutnkerf 5. september 2008, gagna (S)frkvstj-millilandasv frá 4. og 6. september og 6., 7. og 10. október 2008 og gagns (E)svæðisstj1 frá 10. október 2008, telur Samkeppniseftirlitið að líkt og á fundinum 5. september 2008 hafi á fundinum 6. október 2008 verið rætt um þann þátt „Nýtt upphafs“ samráðsverkefnisins sem tók til siglinga milli Íslands og annarra Evrópuríkja. Hafi verið rætt um siglingakerfin og takmörkun á flutningsgetu og tengd málefni, sbr. framangreind atriði sem varða flutninga frá Reyðarfirði. Líkt og þegar fundurinn 5. september 2008 var haldinn er í skjölum (S)frkvstj-millilandasv, frá 6. og 7. október 2008, að finna umfjöllun sem m.a. gefur til kynna áætlanir um skipti á stórum viðskiptavinum milli Eimskips og Samskipa í tengslum við breytingar á siglingakerfum.
3118. Gögn málsins sýna einnig að á fundinum 6. október 2008 hafi verið rætt um þann verkþátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til siglinga milli Íslands og Norður-Ameríku. Í framangreindum tölvupósti (E)forstö-innfl til (E)frkvstj-flutnkerf frá 9. október 2008 sagði hann að rætt hafi verið við Samskip um „tengingu við Transatlantic verð“.
3119. Hér ber að rifja upp að í „Nýtt upphaf“ glærum (E)forstj frá 9. júní 2008 átti aukið samráð við Samskip mögulega að felast m.a. í þessu:



3120. Hér ber einnig að rifja upp tölvupóst (E)forstj til (E)frkvstj-flutnkerf frá 27. júní 2008. Í honum fjallaði (E)forstj um möguleika á því að semja um „meira magn við Samskip og biðja þá að hætta Evrópu flutningum.“ Einnig lýsti hann vilja til þess að hækka flutningsgjöld á „Ameríkuleið“ og gera nýjan samning við Samskip, sbr. kafla 8.4.
3121. Sem fyrr segir er unnt að flytja farm til og frá Norður-Ameríku með a.m.k. tvennum hætti. Annars vegar með beinum siglingum til og frá Íslandi og hins vegar með siglingum til t.d. Rotterdam og þaðan til Norður-Ameríku og öfugt (TA siglingar). Samskip gátu því með TA-flutningum veitt Eimskip samkeppni í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Hér ber að hafa í huga að í mgr. 968 í athugasemdum Samskipa við AI er staðhæft að TA-flutningar fyrirtækisins á árinu 2008 hafi verið um 59% af heildarflutningum fyrirtækisins til og frá Norður Ameríku en að meðaltali 71% árin 2008-2013. Það sem eftir stóð var flutt með Eimskip.¹⁶⁴⁰

¹⁶⁴⁰ Ekki er ljóst af umfjöllun Samskipa í mgr. 968 í athugasemdunum hvort birt tafla um TA-flutninga sé hlutfall af TEU, tonnum eða tekjum. Þessi ónákvæmni Samskipa kemur að mati Samkeppniseftirlitsins ekki að sök hér. Samkvæmt afhentum upplýsingum Samskipa 02.01.2018 tímabilið árin 2007 – 2013 var meirihluti (öll árin yfir 50%) flutninga Samskipa milli Norður-Ameríku og Íslands flutt með TA flutningum (hvort sem horft er til hlutfalls af TEU, tonnum teða tekjum). Samtímagagn Samskipa sýnir einnig að tímabilið 2008 – 2012 var meirihluti flutninga Samskipa vegna Norður-Ameríku flutt með TA-flutningum (í TEU), sbr. afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1040609. Þó er ósamræmi milli afhentra upplýsinga Samskipa og framangreinds samtímagagns fyrirtækisins um hlutfall TA flutninga. Samkvæmt samtímagagninu voru t.d. TA-flutningar Samskipa árið 2008 69% af heildarflutningum en í afhentum upplýsingum Samskipa er hlutfallið staðhæft 57,7%. Þetta ósamræmi kemur þó hér ekki að sök hér enda kjarnaatriðið að horfa til þess að allar þessar upplýsingarnar sýna að meirihluti flutninga Samskipa vegna Norður – Ameríku voru TA flutningar og Samskip gátu með þeim veitt Eimskip samkeppni í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku.



3122. Samkvæmt glærukynningunni sem (E)frkvstj-alþjvsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir áttu Samskip að taka „saman magn til/frá USA og Kanada til að setja í kerfið“. Í þessu fólst óhjákvæmilega að Samskip ætluðu að skoða að draga úr eða hætta TA-flutningum í samkeppni við Eimskip og auka þar með flutninga með skipum Eimskips. Í tölvupósti sem (E)forstj sendi (E)frkvstj-flutnkerf 27. júní 2008 fólst að Samskip yrðu beðin um að hætta að keppa með því að bjóða upp á TA-flutninga, færa flutninga yfir í kerfi Eimskips og hækka verð í beinum flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Í minnisblöðum (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008, var m.a. lagt til að Eimskip myndi draga úr flutningsgetu í Norður-Ameríku flutningum og að Samskip gætu hætt að nota TA-flutninga fyrir mikilvæga Norður-Ameríku flutninga (innflutningur á pappír) og þess í stað færa þá flutninga „inn í kerfi Eimskips til að bæta nýtingu kerfisins með því að Eimskip færi á móti magn frá sér inn í kerfi Samskipa frá Evrópu.“ Er því ljóst að í „Nýtt upphaf“ verkefninu fólst athugun á ábata þess að Samskip myndu draga úr eða hætta TA-samkeppni við Eimskip.
3123. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að samkvæmt tölvupósti (E)forstö-innfl frá 9. október 2008 um að keppinautarnir hafi á fundinum 6. október 2008 rætt um verðlagningu á þessum TA siglingum sem að meira eða minna leyti voru í samkeppni við beinar siglingar Eimskips. Var þetta liður í ólögsmætu samráði fyrirtækjanna. Samskip hefur við rannsókn málsins staðfest að Eimskip hafi lýst yfir áhuga á að tengja flutningsverð Samskipa hjá Eimskip við verðþróun á TA markaði. Hér verður líka að rifja upp að nokkrum dögum eftir tölvupóst (E)forstö-innfl eða þann 15. október 2008 sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til (S)forstö-innfl1, afrit til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv. Þar kom m.a. fram að: „[...] allt frá því í vor höfum við stefnt allri frakt á Eimskip þar sem hagur heildarinnar ræður för [...]“, sbr. umfjöllun í kafla 8.19.3.
3124. Þegar framangreint er virt heildstætt er það mat Samkeppniseftirlitsins að á fundi Eimskips og Samskipa þann 6. október 2008 hafi, eins og á fundinum 5. september 2008, verið rætt a.m.k. um þá þætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem fólst annars vegar í ólögsmætu samráði í flutningum til og frá Norður-Ameríku og hins vegar í ólögsmætu samráði um flutninga til og frá Evrópu.
3125. Varðandi aukið gámasamstarf Eimskips og Samskipa ber að virða eftirfarandi saman:
- Samráð Eimskips og Samskipa um að breyta siglingakerfum og draga úr flutningsgetu sem átt hafði sér stað fram til október 2008.
 - Fyrirsjáanlegan skort á tónum gámum.
 - Tölvupóst (E)frkvstj-EimÍsl til m.a. (E)frkvstj-flutnkerf frá 1. október 2008 þar sem lýst er samtali við (S)frkvstj-millilandasv um gáma og boðað til fundar með (S)frkvstj-millilandasv mánudaginn 6. október 2008.
 - Sendingu (E)starfsm-flutnstýr1 á drögum að gagnkvæmum samningi milli Eimskips og Samskipa um gámaleigu til (E)frkvstj-flutnkerf 2. október 2008.
 - Fund m.a. (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv 6. október 2008.
 - Samskipti (E)starfsm-flutnstýr1 og (S)starfsm 13. október 2008, samskipti (E)fulltr.flutnstý og (S)starfsm 30. október og 5. nóvember 2008 og innanhústölvupóst Eimskips á þessu tímabili sem lýsa nýjum áfanga í gámasamstarfi Eimskips og Samskipa.
 - Viðvarandi umfangsmikið gámasamstarf Eimskips og Samskipa eftir framangreind atvik og út rannsóknartímabilið.
3126. Af framangreindu verður að draga þá ályktun að á fundinum 6. október 2008 hafi Samskip og Eimskip einnig rætt um aukið gámasamstarf bæði í Norður-Ameríkuflutningum og Evrópuflutningum. Var það til stuðnings öðru ólögsmætu samráði fyrirtækjanna um m.a. takmörkun á flutningsgetu. Var þessi fundur vettvangur fyrir framkvæmd og viðhald á hinu ólögsmæta samráði fyrirtækjanna tengt sjóflutningum á þessum tíma, sbr. og kafla 8.15.5.



3127. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip og Eimskip hafi 1., 5. og 6. október 2008 fjallað um „Nýtt upphaf“ verkefnið. Verkefnið hafi haft það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Af því leiðir að öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt var um einstaka verkþætti í „Nýtt upphaf“-verkefninu fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga. Á það meðal annars við um samskipti fyrirtækjanna 1., 5. og 6. október 2008. Var þessi fundur, líkt og aðrir fundir, vettvangur fyrir skipulagningu, framkvæmd og framgang hins ólögmeta samráðs fyrirtækjanna á þessum tíma.
3128. Í mgr. 923 – 947 í athugasemdum Samskipa við AI er fjallað um framangreind atvik í október 2008. Byggir fyrirtækið m.a. á því að á fundinum 6. október 2008 hafi eingöngu verið rætt um áframhaldandi samstarf Samskipa og Eimskips í sjóflutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Ekki hafi verið rætt um samstarf í sjóflutningum vegna Evrópu, viðskipti við Alcoa eða skiptingu á stórum viðskiptavinum. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa, sbr. nánari umfjöllun í köflum 25.4.1-25.4.5.
3129. Eimskip hefur viðurkennt að fyrirtækið hafi átt í samskiptum og samstarfi við Samskip sem fór gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins, sbr. mgr. 3 í inngangi sáttarinnar við Samkeppniseftirlitið. Eimskip viðurkennir m.a. að á seinni hluta árs 2008 hafi fyrirtækið haft ólöglegt samráð við Samskip um breytingar á siglingakerfi og takmörkun á flutningsgetu og um markaðsskiptingu. Þá viðurkennir Eimskip samráð við Samskip með miðlun mikilvægra verð- og viðskiptaupplýsinga og gagnkvæmri leigu eða láni á gámum, sbr. tölul. 1.1, 1.3 og 1.5 í sáttinni. Einnig viðurkennir Eimskip samráð við Samskip vegna landflutninga, sbr. tölul. 1.4 í sáttinni. Er þessi viðurkenning Eimskips í fullu samræmi við framangreind samtímagögn og hefur því mikla þýðingu við úrlausn málsins, sbr. kafla 4.7.7.

8.18. „Massive increases“ og veikleiki Eimskips ekki nýttur til sóknar

3130. Þann 7. október 2008 sendi (S)forstj tölvpóst til yfirmanna starfstöðva Samskipa hf. annars staðar í Evrópu („Samskip Iceland agencies“ í Hollandi, Danmörku, Færeyjum, Bretlandi og Svíþjóð). Í honum er greint frá aðgerðum sem gripið var til á Íslandi mánuðina á undan til að bregðast við samdrætti í innflutningi til landsins og viðhalda arðsemi Samskipa hf.:

„We have been working on number of measures here in Iceland the last few months in order to adjust to lower import volumes and maintain profitability, including following:

-general rate increases, both in may and september plus increasing seafreights and adding new tariffs, massive increases

-new volumes into Iceland vessels ex UK/Holland to Scandinavia

-cost cutting here and there-improving collections, cash is king is the name of the game...

-changing service standards in order to cut costs

-reducing outsourced haulage

-all investments on hold due to current cost of capital-etc etc

We are progressing well with above, our competitors are weak, I know that if we are all on top of things here, we will pass through these turbulent times in good shape and during the journey be creating opportunities for Samskip going forward.”¹⁶⁴¹

3131. Þessi tölvpóstur (S)forstj staðfestir það sem komið hefur fram hér að framan, þ.e. að þrátt fyrir samdrátt í eftirspurn tókst Samskipum að ná fram afar mikilli („massive“) verðhækkun á þjónustu

¹⁶⁴¹ Afritaður tölvpóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.512650.



fyrirtækisins, ásamt því að draga úr þjónustu í því skyni að draga úr kostnaði („*changing service standards in order to cut costs*”).

3132. Í kafla 6.6 kemur fram að þegar flutningsmagn drægist saman væri augljóst að á markaði þar sem samkeppni ríkti gæti myndast hvati hjá flutningafyrirtækjum til þess að lækka verð og leitast þannig við að ná meira flutningamagni. Efnahagsörðugleikar sem leiða af sér minnkandi eftirspurn hafa einnig þau áhrif að viðskiptavinir knýi á um verðlækkun. Samkvæmt þáverandi forstjóra Samskipa átti slík aukin samkeppni sér stað þegar erfiðleikar voru í efnahagslífinu hér á landi á árinu 2002.¹⁶⁴² Í viðtali við forstjórnann á árinu 2003 var haft eftir honum „að samkeppni á markaðnum hafi verið hörð þar sem innflutningur dróst verulega saman á síðasta ári”.¹⁶⁴³ Í gagni Eimskips frá apríl 2002, sem aflað var í húsleit í því máli sem lauk með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008, kemur einnig fram að samkeppni í sjóflutningum hafi verið hörð á þessum tíma. Eimskip hafi hækkað verð og vonast eftir því að Samskip myndu gera það sama. Þess í stað hafi Samskip nýtt sér óánægju viðskiptavina Eimskips og reynt að ná þeim yfir með því að bjóða betur. Ástæða þessarar samkeppni hafi m.a. verið þessi skv. stjórnendum Eimskips: „*þeir sigla nú í fyrsta skipti um nokkurt skeið með ófullnýtt kerfi og vilja fylla skipin*”, sbr. kafla 5.3. Samdráttur í eftirspurn og/eða ónýtt flutningsgeta í flutningakerfi geta því skapað samkeppnishvata þar sem viðkomandi fyrirtæki reyna með t.d. verðlækkun að örva eftirspurn og stuðla að sem mestri nýtingu á flutningsgetu.
3133. Fundargerðir stjórnar Samskipa Holding sýna að þetta átti sér stað á flutningamörkuðum m.a. í Bretlandi, Írlandi og Svíþjóð þegar áhrifa fjármálakreppunnar fór að gæta á árinu 2008 og síðar, sbr. kafla 14.11 og 33.3.5.¹⁶⁴⁴ Þveröfug þróun átti sér stað hér á landi. Beindist viðleitni bæði Samskipa og Eimskips mjög að því að hækka verð, þrátt fyrir afleitar markaðsaðstæður og horfur um fordæmalítinn samdrátt í eftirspurn í innflutningi. Ástæðu þessa telur Samkeppniseftirlitið að megi rekja til ólögmeðs samráðs Samskipa og Eimskips sem gerði fyrirtækjunum kleift að hækka verð eða halda verði óbreyttu.
3134. Í mgr. 938 og áfram í athugasemdum Samskipa við AI er fjallað um framangreindan tölvupóst (S)forstj frá 7. október 2008. Segja Samskip að ástæða mikilla verðhækkana fyrirtækisins hafi ekki verið samráð heldur kostnaðarhækkanir og fall íslensku krónunnar. Eins og rökstutt er í kafla 25.24.2 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa.
3135. Í framangreindum tölvupósti (S)forstj frá 7. október 2008 greindi hann starfsmönnum Samskipa erlendis frá því að Eimskip væri veikburða („*our competitors are weak*”). Hér skiptir einnig máli að á þessum tíma lá fyrir opinberlega að fjárhagsleg staða Eimskips væri mjög erfið. Höfðu fyrirtæki í viðskiptum við Eimskip af þessu áhyggjur enda getur það augljóslega haft mjög alvarleg áhrif í för með sér fyrir t.d. framleiðslufyrirtæki sem ekki fær hráefni eða heildsala sem ekki fær til sín

¹⁶⁴² Rætt var um efnahagslegar „hamfarir” á þessum tíma. Sjá; Arnór Sighvatsson, Myndun og hjöðnun viðskiptahalla árin 1998-2002, Peningamál 2003/1, bls. 72. Fjallað um mikinn viðskiptahalla á umræddum árum og eftirköst hans og bent m.a. þá þetta. „*Meðal eftirkasta má telja u.þ.b. 30% lækkun á gengi krónunnar frá vormánuðum 2000 til nóvember 2001, aukna verðbólgu, sem varð mest 9,4% í ársbyrjun 2002, og samdrátt þjóðarútgjalda um líklega u.þ.b. 6-7% á árunum 2001-2002. Slíkar hamfarir myndu tæpast nokkurs staðar meðal þróaðra ríkja teljast „mjúk lending”, nema e.t.v. á Íslandi.*”

¹⁶⁴³ Sjá frétt í Morgunblaðinu 4.09.2003, „*Samskip á siglingu*”. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/749956/>.

¹⁶⁴⁴ Samskipasamtæðan starfaði á ýmsum erlendum flutningamörkuðum og ítarlegar fundargerðir Samskipa Holding veita því vísbendingu um almennar aðstæður á viðkomandi erlendum mörkuðum (og á Íslandi). Þá getur enginn vafi leikið á því að sá gríðarlegi samdráttur sem varð í milliríkjavíðskiptum í kjölfar fjármálakreppunnar haustið 2008 leiddi almennt til mikillar verðlækkunar á sjóflutningsgjöldum. Til stuðnings þessu má horfa til UNCTAD (Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og þróun). „*Review of Maritime Transport 2009*” (Skýrsla sem hefur verið gefin árlega út frá 1968. „*The Review of Maritime Transport is a recurrent publication prepared by the UNCTAD secretariat since 1968 with the aim of fostering transparency of maritime markets and analysing relevant developments.*”). Þessi skýrsla tekur til tímabilsins janúar 2008 til júní 2009. Í reifun á helstu niðurstöðum skýrslunnar (executive summary) segir: „*As a consequence of falling demand and increased supply, freight rates have fallen from their 2008 highs. The beginning of 2008 saw a continuation of the buoyant trend experienced in the preceding year in all sectors. However, by the start of the third quarter of 2008 things had taken a turn for the worse, as the global financial crisis began to affect demand. Trade volumes in the bulk cargo and liner sectors sustained dramatic declines, which continued for the remainder of the year and well into 2009.*” Aðgengilegt á slóð: http://unctad.org/en/docs/rmt2009_en.pdf.



mikilvægar vörur til endursölu. Með sama hætti má ætla að útflytjendur í viðskiptum við Eimskip hafa velt fyrir sér rekstraröryggi sínu.

3136. Í framangreindum tölvupósti (S)frkvstj-Jóna til (S)forstö-innfl1 frá 16. september 2008 var greint frá áhuga innflytjanda (Plastprent) um að eiga viðskipti við Samskip/Jóna vegna „neikvæðra fréttu“ af Eimskip. Einnig kemur fram í honum að verðhækkunarir Samskipa gerðu hins vegar slíka markaðssókn Jóna mjög erfiða, sbr. kafla 8.16.9.
3137. Í tölvupósti (S)forstj frá 7. október 2008 var sem áður segir vísað til þess að Eimskip væri veikburða. Hið sama kemur fram í tölvupósti sem (S)forstj sendi æðstu stjórnendum samstæðunnar síðar sama dag ((S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjórnarm-fjármstj og (S)stjform-S). Nánar tiltekið framsendi (S)forstj tölvupóst frá viðskiptavini Eimskips þar sem fram kemur að viðkomandi fyrirtæki hafi verulegar áhyggjur af stöðu Eimskips og ætlaði að flytja öll viðskipti sín til Samskipa til að „ *tryggja rekstraröryggi.*“ (S)forstj tók fram í tölvupóstinum að „*BYKO einnig búnir að hringja ...*“.¹⁶⁴⁵ Eins og fram hefur komið annaðist Eimskip um 70% af flutningum fyrir Byko. Önnur gögn málsins sýna að fleiri viðskiptavinir Eimskips hefðu á þessum tíma verið uggandi yfir fjárhagslegri stöðu fyrirtækisins.
3138. Þetta sýnir að forsendur voru til þess að Samskip hæfu markaðssókn og reyndu að ná til sín viðskiptum við mikilvæga viðskiptavini Eimskips. Voru Samskip í raun í kjörstöðu til þess að bregðast við samdrætti í innflutningi með samkeppni og ná þannig til sín auknum flutningum. Þetta var sem fyrr segir aðferðafræðin sem erlend félög beittu, sbr. lýsingar í fundargerðum Samskipa Holding sem gerð er grein fyrir í kafla 12.2.5, sbr. kafla 14.11.
3139. Hér á landi var þetta hins vegar ekki gert.
3140. Telur Samkeppniseftirlitið að „*Nýtt upphaf*“ verkefnið hafi hér haft umtalsverð áhrif og Samskip talið heildarhag sínum betur borgið til lengra tíma lítið með umfangsmiklu ólögætu samráði við Eimskip, sem var á þessum tíma einnig hagfellt fyrir Eimskip. Sökum þessa var í framangreindri glærुकyningu (S)frkvstj-millilandasv frá 10. október 2008 ekki rætt um „*herferð*“ gegn Eimskip eða aðrar samkeppnisaðgerðir til að auka flutningsmagn í innflutningi. Þvert á móti var miðað við samdrátt í flutningsgetu og samráð við Eimskip, sbr. framangreind umfjöllun um atvik tengd fundi Eimskips og Samskipa 6. október 2008.
3141. Í mgr. 941-943 í athugasemdum Samskipa við AI er því haldið fram að fyrirtækinu hafi ekki verið fært á þessum tíma að hefja markaðssókn. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa, sbr. umfjöllun í kafla 25.24.2.

8.19. Eimskip greinir Samskipum frá því að fyrirtækið sé tilbúið „*að skoða allt*“

3142. Dagana 13. til 19. október 2008 var bæði innan Samskipa og Eimskips fjallað um málefni sem beint eða óbeint tengdust „*Nýtt upphaf*“ verkefninu. Þá áttu sér stað mikil samskipti milli fyrirtækjanna vegna þessa. Yfirmaður Samskipa í Norður-Ameríku lýsti því yfir við m.a. (S)forstj að öllum flutningum Samskipa frá Norður-Ameríku hafi verið beint til Eimskips og samkvæmt því hafi verið dregið úr þeirri samkeppni sem Samskip gátu veitt Eimskip með TA-flutningum milli Íslands og Bandaríkjanna með viðkomu í Rotterdam. (S)forstj lagði fyrir (S)forstö-innfl1 að ræða við Eimskip um „*almenn slotverð*“ og (S)frkvstj-millilandasv lagði til við (E)frkvstj-flutnkerf að Samskip og Eimskip myndu gera víðtækan samstarfssamning í siglingum til og frá Íslandi („*almennur slot sharing samningur*“). (E)frkvstj-flutnkerf svaraði með því að lýsa yfir að Eimskip væri tilbúið „*að skoða allt*“. Á sama tíma héldu Samskip áfram að ræða um „*taktík*“ gagnvart Alcoa og undirbúa aðgerðir gagnvart þeim viðskiptavini. Til viðbótar eru fyrirliggjandi samskipti (E)starfsm-flutnstýr1 og (S)starfsm 13. október 2008, samskipti (E)fulltr.flutnstý og (S)starfsm 30. október og 5. nóvember 2008 og innanhústölvupóstar Eimskips á þessu tímabili sem lýsa nýjum áfanga í auknu gámasamstarfi Eimskips og Samskipa. Þá voru frekari verðhækkunarir skipulagðar innan fyrirtækjanna. Skal þessu og

¹⁶⁴⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.511243.



fleiri atvikum á tímabilinu 13. – 19. október 2008 lýst nánar. Að því loknu verða þessi atvik dregin saman.

8.19.1. Atvik 13. október 2008

3143. Eftirfarandi átti sér stað 13. október 2008:

3144. Rekstrarstjóri hjá Eimskip sendi kl. 08:35 tölvupóst til m.a. (E)frkvstj-innanl með heitinu „Samskip, þjónusta“. Greindi hann með nákvæmum hætti frá breytingum á tiltekinni þjónustu Samskipa í landflutningum. Upplýsti hann (E)frkvstj-innanl um að hann hefði fengið þessar upplýsingar frá kunningja sínum sem gegndi „stjórnunarstöðu“ hjá Samskipum.¹⁶⁴⁶ Er þetta enn eitt dæmið um hversu greiðlega viðskiptalegar upplýsingar fóru á milli þessara keppinauta á samráðstímabilinu.

3145. (S)forstö-innfl1 vistaði excel-skjalið „Target okt 2008“ kl. 11:51 þann 13. október 2008. Hann prentaði það út kl. 13:09 þennan sama dag og vistaði skjalið aftur kl. 16:31. Í skjalinu eru listaðir nákvæmlega upp stærstu viðskiptavinir Eimskips í stærðarröð, niður á gámafjölda, sjóflutningstekjur og heildarflutningstekjur viðkomandi. Einnig bjó (S)forstö-innfl1 yfir upplýsingum um hvort viðkomandi viðskiptavinir Eimskips væru með „lág verð“.¹⁶⁴⁷ Ekki hafa fundist í gögnum málsins skýringar á því hvaðan (S)forstö-innfl1 hefði fengið þessar ítarlegu upplýsingar um stærstu viðskiptavini Eimskips í innflutningi. Í mgr. 948 í athugasemdum Samskipa við AI er sagt að (S)forstö-innfl1 hafi starfað hjá Eimskip til ársloka 2006 og verið kunnugt um ýmsar upplýsingar um viðskiptavini Eimskips. Staðhæft er að fyrirtækin hafi ekki átt í gagnkvæmum upplýsingaskiptum um viðskiptavinina. Það er rétt hjá Samskipum að (S)forstö-innfl1 starfaði áður hjá Eimskip. Á hinn bóginn fær enga stoð í gögnum málsins sú skýring Samskipa að þetta skjal væri til marks um að Samskip hefðu á þessum tíma verið, „sem endranær, að kortleggja viðskiptavini helsta keppinautarins með það í huga að greina viðskiptavini sem æskilegt væri að reyna að ná í.“ Þvert á móti, eins og lýst hefur verið, var á þessum tíma lögð áhersla á samvinnu við Eimskip og áframhaldandi verðhækkanir en ekki samkeppni við Eimskip.

3146. Í þessu samhengi ber að horfa til fundarboðs frá (S)forstj til (S)forstö-innfl1 , (S)forstö-útl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj. Var það sent kl. 15:18 þann 13. október 2008 og boðaði (S)forstj fund seinna þennan dag, kl. 17-18:30. Heitið á fundarboðinu var „Kerfi/kúnnar-strategía“ og í því segir (S)forstj:

„Ræðum

1. Alcoa-taktík

2. Innflutningur-targets,

3. Útflutningur-targets,

4. Kerfi.“¹⁶⁴⁸

3147. Í mgr. 949 í athugasemdum Samskipa við AI er því haldið fram að framangreind gögn frá Samskipum lýsi aðeins eðlilegum þáttum í rekstri fyrirtækisins. Fjallað er um þetta sjónarmið Samskipa í kafla 40.9.1 þar sem m.a. er bent á að umrædd gögn hafi þýðingu við heildarmat á atvikum málsins. Engin gögn málsins gefa til kynna að á þessum tíma hafi Samskip haft til skoðunar að hefja „herferð“ gagnvart mikilvægum viðskiptavinum Eimskips, líkt og var til athugunar áður en „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst 6. júní 2008, sbr. m.a. kafla 6.7.6. Siglingakerfi Samskipa var hins vegar hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu og framangreind gögn, t.d. gögn (S)frkvstj-millilandasv sem tengjast fundum Eimskips og Samskipa 5. september 2008 og 6. október 2008, sýna að skipti á

¹⁶⁴⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip Frá [...]. „Samskip, þjónusta“, dags. 13.10.2008, kl. 08:35. Doc. ID. 0.7.33.243344.

¹⁶⁴⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.13195.

¹⁶⁴⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.513919.



mikilvægum viðskiptavinum milli Eimskips og Samskipa voru til skoðunar sem hluti af aðgerðum sem miðuðu að breytingum á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu. Eins og lýst verður síðar í þessari ákvörðun fólst einnig í ólögsmætu samráði Eimskips og Samskipa markaðsskipting sem tók til mikilvægra viðskiptavina fyrirtækjanna. Eimskip reyndi ekki með samkeppni að ná mikilvægum viðskiptavinum af Samskipum eða öfugt. Er þetta viðurkennt í gr. 1.2 í sátt Eimskips frá 16. júní 2021.

3148. Samtímagögn sýna að Samskip voru ekki í október 2008 „*sem endranær*“ að kortleggja viðskiptavinum Eimskips sem væri æskilegt að sækja í. (S)forstö-innfl1 sendi stuttu síðar, 28. október 2008, annað excel-skjal til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv. Heiti skjalsins er „*Staða fyrirtækja okt 08*“. Í tölvupóstinum sagði (S)forstö-innfl1 að skjalið myndi m.a. innihalda „*aðgerðir sem við munum fara í á næstu vikum*“.¹⁶⁴⁹ Í skjalinu er að finna lista yfir viðskiptavinum og fyrirtæki, fjallað um stöðu viðskiptavina, samningagerð og skipulagningu Samskipa á vinnu sem tengdist m.a. verðhækkunum gagnvart viðskiptavinum Samskipa. Í skjalinu eru einnig listaðir upp stórir viðskiptavinir Eimskips, m.a. þeir viðskiptavinir sem höfðu verið í fyrrnefndu excel-skjali (S)forstö-innfl1 „*Target okt 2008*“. Má hér nefna umfangsmikla viðskiptavinum Eimskips á borð við Ölgerðina, Innnes og IKEA. Varðandi þessa viðskiptavini Eimskips er excel-skjal Samskipa frá 28. október 2008 autt. Þar er ekki fjallað um neinar samkeppnisaðgerðir Samskipa til að reyna að ná þessum viðskiptavinum Eimskips í viðskipti. Þótt það hafi hér ekki úrslitaáhrif þá ber líka að nefna að fyrrgreindir viðskiptavinir Eimskips voru í skjali Samskipa frá 28. október 2008 merktir „*P*“. Eins og fjallað er um í kafla 14.20.4 sýna gögnin að mikilvægir viðskiptavinir Eimskips, sem merktir voru með „*P*“ í kerfi Samskipa, voru þá sagðir „*heitbundnir Eimskip*“ og því ætti ekki að keppa um viðskipti við þá. Skýringar Samskipa, um kortlagningu á stórum viðskiptavinum Eimskips og að Samskip hafi í október 2008 ætlað að reyna að ná í þá, eru því í beinu ósamræmi við samtímagögn fyrirtækisins. Má síðan geta þess að Samskip héldu „*fríðinn*“ um t.d. áður nefnda viðskiptavinum Eimskips í fjögur ár, eða til ársloka árið 2012, sbr. m.a. umfjöllun í köflum 14.3, 14.6, 14.29, 14.35, 14.37.7 og 14.53.
3149. Þá er rétt að halda því til haga að af skýringum Samskipa um áður nefnt excel-skjal (S)forstö-innfl1 frá 28. október 2008 má leiða að skjalið varðaði ekki vinnu eða kortlagningu Samskipa á sókn á viðskiptavinum Eimskips.¹⁶⁵⁰ Samkvæmt Samskip tengdist þessi vinna (S)forstö-innfl1 vinnu Samskipa við hækkun á CAF¹⁶⁵¹ gjaldi gagnvart tilgreindum viðskiptavinum fyrirtækisins. Segja Samskip að flestir samningar fyrirtækisins í sjóflutningi hafi verið í erlendri mynt en með framangreindri hækkun á CAF gjaldi átti að hækka þá samninga sem voru í íslenskum krónum. Þetta hafi verið gert til að mæta falli krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum og neikvæðum áhrifum þeirrar þróunar fyrir rekstur Samskipa. Ekki hafi orðið af hækkun CAF gjaldsins en þess í stað ráðist í samningaviðræður við hvern og einn um hækkun, sjá nánar um þær aðgerðir og atvik samráðsins í kafla 10.
3150. Ef vikið er aftur að atvikum 13. október 2008 þá sendi (S)frkvstj-millilandasv þann dag tölvupóst til (E)forstö-innfl kl. 15:59 (afrit til (S)forstö-innfl1). Í honum segir: „*við erum að bíða eftir uppkasti af USA samningi-nýr samningur getur ekki tekið gildi fyrr en textinn er klár. Vinsamlegast hafðu það í huga þar sem tíminn gerir ekkert annað en að líða. Gamli samningurinn verður í gildi þar til nýr hefur verið undirritaður*“.¹⁶⁵² Hér ber að áréttu að á þessum tíma var ekki í gildi undanþága frá 10. gr. samkeppnislaga vegna Norður-Ameríku samstarfs Eimskips og Samskipa. Er þessi tölvupóstur (S)frkvstj-millilandasv til vitnis um framkvæmd á því ólögsmæta samstarfi á þessum tíma.
3151. Auk samskipta við Eimskip vann (S)frkvstj-millilandasv þennan dag í skjölum um breytingu á siglingakerfi Samskipa og drögum að viðauka við samning Samskipa við Alcoa, en þar var m.a. lagt til að verð yrði hækkað verulega. Gerði hann það a.m.k. í hádeginu 13. október 2008 og milli kl. 17:00 og 18:00.¹⁶⁵³ Í þessu sambandi skal haft í huga að stuttu áður en (S)frkvstj-millilandasv hóf

¹⁶⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.521493.

¹⁶⁵⁰ Mgr. 61 í bréfi Samskipa dags. 13.06.2022.

¹⁶⁵¹ Currency adjustment factor.

¹⁶⁵² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.434584.

¹⁶⁵³ Afrituð tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.26078 / 0.7.33.25315 / 0.7.33.27883. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.24749. Afritað tölvuskjal frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.30860. Afritað tölvuskjal



þessa vinnu eða kl. 12:43, hafði (S)forstj sent tölvupóst til hans með heitinu „alcoa“ og kom fram eftirfarandi tengt aðgerðum og „taktík“ gagnvart Alcoa:

„Rúta:

RFJ-KOL-RTM (UK hugsanlega mánaðarlega)

Vörur til flutnings:

-allur inn og útflutningur Samskipa via RFJ

-allur inn og útflutningur Alcoa

-Færeyjar útflutningur

Tímalengd

-verð óbreytt fram til 1 mars 2010

-við erum hér að selja þeim 8 daga tíðni, en getum breytt í vikulega

Verðlagning:

-baf, open book formula, mánaðarlega

-sjófrakt verð per viku er einfaldast (tc, hafnargjöld, annað?), en ef farið í fjögur skip aftur, þá komi til verð per gám/tonn, allt fyrirfram skilgreint

-draga frá framlegð af RFJ og Færeyjum...

-innflutningur þeirra included í ofangreindu, nema ef fer upp fyrir X..

-greitt í erlendum gjaldmiðli 7 dögum eftir afskipun (framlegð af biz þarf ma að innifela þetta)

Hagræði fyrir Alcoa

-dedicated gámostokkur og 20ft gámar sem þeir eru hrifnari af

-unit kostnaður lækkar eftir því sem magn verður meira

Samskip sjái um alla flutningaþjónustu þeirra.

þarf að upplýsa þá vel um kostnaðaruppbyggingu, þmt hvernig baf verði uppreiknað mánaðarlega fyrir heilt skip..

Bottom line – Alcoa greiðir samkeppnishæf verð fyrir góða dedicated þjónustu.¹⁶⁵⁴

3152. Framangreind umfjöllun (S)forstj í tölvupóstinum til (S)frkvstj-millilandasv er talin tengjast undirbúningi fyrir fund þeirra tveggja og (S)forstö-innfl1 , (S)forstö-útfl og (S)forstö-flutnstj sem átti að hefjast kl. 17:00 þennan sama dag, sbr. fundarboðið sem (S)forstj sendi kl. 15:18 þann 13. október 2008.
3153. Þessi tölvupóstur (S)forstj er í samræmi við önnur fyrirliggjandi gögn málsins og staðfestir að enginn ótti var hjá Samskipum um samkeppnisleg viðbrögð Eimskips vegna aðgerða sem tengdust Alcoa.

frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.26461 og útgáfa 2 vísuð kl. 17:15 Doc. ID. 0.7.33.20598. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.23234.

¹⁶⁵⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.513741.



Hér má rifja upp að Samskip höfðu átt fund með Alcoa þann 10. október 2008 þar sem Samskip höfðu lagt fram kröfur um mikla verðhækkun og skerta þjónustu.

3154. Höfðu Samskip unnið að verðhækkunaraðgerðum gagnvart Alcoa a.m.k. allt frá ágúst 2008, samhliða öðrum fordæmalausum almennum og sértækum hækkunum fyrirtækisins gagnvart öðrum viðskiptavinum, sbr. umfjöllun í kafla 8.15.7. Hvað varðar umfjöllun (S)forstj í áðurnefndum tölvupósti til (S)frkvstj-millilandasv 13. október 2008 þá skal haft í huga að þemur virkum dögum áður hafði Alcoa hafnað kröfu Samskipa um verðhækkun á samningi fyrirtækjanna frá árinu 2007, sbr. umfjöllun hér að framan um atvik 8. október 2008.
3155. Af tölvupósti (S)forstj frá 13. október 2008 og öðrum gögnum málsins, allt frá upphafi októbermánaðar 2008, má ráða að samhliða áframhaldandi samskiptum við Eimskip hafi helstu stjórnendur Samskipa unnið hratt og markvisst að þáttum sem tengdust „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips um siglingakerfi og verðhækkunum gagnvart Alcoa. Þá skal hafa í huga að af ummælum (S)forstj í tölvupóstinum má ráða að á þessum tímapunkti hafi nákvæm útfærsla á takmörkun á flutningsgetu og breytingum á siglingakerfi Samskipa ekki legið fyrir og var „taktík“ gagnvart Alcoa því ennþá til umræðu. Má hér nefna að í umræddum tölvupósti (S)forstj kemur fram að Samskip væru í viðræðum við Alcoa að „selja þeim 8 daga tíðni, en getum breytt í vikulega“. Reyndin varð hins vegar önnur eða 10,5 daga tíðni. Einnig kemur fram í tölvupósti (S)forstj að „Samskip sjái um alla flutningsþjónustu þeirra [Alcoa]“. Þessi framsetning (S)forstj gagnvart Alcoa var heldur ekki í samræmi við atvik málsins. Í kjölfarið fækkuðu Samskip skipum úr fjórum í þrjú og breyttu siglingaáætlun. Það fól í sér að Samskip sinntu ekki öllum flutningum fyrir Alcoa á áli til Rotterdam heldur kom Eimskip að umframflutningum sem Samskip gátu ekki sinnt.
3156. Þannig skiptir hér máli að í kjölfar þess að (S)forstj sendi áðurnefndan tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv 13. október 2008 voru áframhaldandi samskipti Samskipa (m.a. (S)frkvstj-millilandasv) við Eimskip um verkefnið, m.a. um víðtækan almennan „slot sharing“ samning milli keppinautanna, sbr. umfjöllun um atvik 15. og 16. október 2008 hér síðar. Í því sambandi skal hafa í huga að önnur gögn sem stafa frá (S)forstj gefa til kynna að hann hafi ráðgert að Samskip myndu ljúka samningum við Eimskip og Alcoa eftir 20. október 2008, sbr. umfjöllun í kafla 9.3 um tölvupóst (S)forstj til (S)frkvstj-MCL þann 20. október 2008. Endurspeglar þessi gögn að þann 13. október 2008 hafi nákvæm útfærsla breytinganna ekki legið fyrir.
3157. Varðandi önnur atvik þann 13. október 2008 þá liggur fyrir að (E)forstö-flutnstý sendi kl. 16:24 tölvupóst til (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnerf og (E)frkvstj-skiparekst. Meðfylgjandi honum var glærुकyning sem nefnist „Flutningsgeta“. Voru þar á einni glæru m.a. birtar upplýsingar um flutningsgetu Samskipa, Eimskips og Atlantsskipa á milli Íslands og Evrópu. Fram kom að upplýsingarnar miðuðust við maí 2008.
3158. Eftirtekt vekur að í millifyrirsögn í umfjöllun um skip og flutningsgetu Samskipa segir: „Samskip-Europe-Forthcoming setup/fleet“. Þannig gerðu Eimskip ráð fyrir í maí 2008 að Samskip yrði í fjögurra skipakerfi til framtíðar. Næsta glæra miðast aftur á móti við stöðuna á flutningsgetu á flutningamarkaðnum hérlendis í október 2008. Þar er Atlantsskip dottið út og 4 skip hjá Samskipum. Þar stóð ekki lengur: „Forthcoming setup/fleet“ við það siglingakerfi Samskipa.¹⁶⁵⁵ Hvað sem þessu líður er ljóst af tilvist og efni umræddrar glæru Eimskips að á sama tíma og Samskip unnu að aðgerðum til að takmarka flutningsgetu fengu yfirmenn hjá Eimskip, sem báru ábyrgð á siglingakerfi Eimskips), (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnerf og (E)frkvstj-skiparekst, senda til sín frá undirmanni sínum skjal sem fjallaði m.a. um flutningsgetu á markaðnum á Íslandi. Þetta voru sömu stjórnendur Eimskips ((E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-flutnerf) og höfðu átt og áttu næstu daga eftir að vera í ítrekuðum samskiptum við m.a. (S)frkvstj-millilandasv um samráðsverkefnið og slotsamninga og þar

¹⁶⁵⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Flutningsgeta.ppt“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. „Flutningsgeta.ppt“. [...] Doc. ID. 0.7.328.74245.



sem (E)frkvstj-flutkerf kunngerði við Samskip að Eimskip væri tilbúið „að skoða allt“, sbr. umfjöllun hér síðar.


3159. Hér ber að rifja upp að strax morguninn eftir fund Samskipa og Eimskips 6. október 2008, þ.e. klukkan 09:45 þann 7. október 2008, var innan Eimskips boðað til fundar (E)forstö-innfl, (E)forstö-útfl, (E)forstö-vöruþróun og (E)starfsm-innfl, þar sem fjalla átti um „möguleika á verðbreytingum.“¹⁶⁵⁶ Eins og áður segir sat (E)forstö-innfl fundinn með Samskipum deginum áður. Eimskip hélt síðan áfram undirbúningi á verðhækkunum en þann 13. október 2008 var unnið að verulegum verðhækkunum sem fyrirhugað var að tækju gildi 1. nóvember 2008. Þetta sést af glærुकynningu sem (E)forstö-vöruþróun sendi (E)frkvstj-innanl kl. 18:24.¹⁶⁵⁷ Fyrstu tvær glærurnar litu svona út:



¹⁶⁵⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.429114.

¹⁶⁵⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Gjaldskrárhækkun_tillögur_okt_2008.ppt“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. „Gjaldskrárbreytingar“. [...] Doc. ID. 0.7.33.244264.



Gjaldskrárbreyting - tillögur 

Sjóflutningsgjaldskrá

Evrópa Hækkum gjaldskrá í ISK um 24,7%

- » Viðskiptamenn með samninga í ISK og taka neysluverðsvísitölhækkun.
- Fundum maður á mann og "togum" út hækkunar

US / CA Ekki breyting

3160. Í einni glærinni kemur fram að heildartekjuaukning Eimskips „ef sjóflutningur og þjónustugjöld eru hækkuð um 1%“ sé 219.431.880 kr.
3161. Bað (E)forstö-vörupróun (E)frkvstj-innanl að setja fram tillögur um verðhækkun á landflutningaþjónustu, sbr. nánar hér á eftir. Þessi gögn sýna að Eimskip, líkt og Samskip, taldi sér fært að fara fram með miklar verðhækkunar á sama tíma og dró úr eftirspurn sökum efnahagsörðugleika. Er þetta t.d. öfugt við það sem átti sér stað hjá erlendum keppinautum Samskippa Holding og lýst er í stjórnarfundargerðum þess félags, sbr. kafla 14.11.
3162. Hér ber og að hafa í huga áður nefndan tölvupóst (S)forstö-innfl1 frá 1. september 2008 þar sem hann greindi undirmönnum sínum frá því að markmið Samskippa væri að „troða“ upp á viðskiptavinum fyrirtækisins tilteknu gjaldi, sbr. kafla 8.15.10. Samkvæmt framangreindri glæru var stefnan hjá Eimskip að „toga“ út verðhækkun.
3163. Gefa bæði þessi ummæli til kynna að fyrirtækin töldu sig í sterkri stöðu gagnvart viðskiptavinum og höfðu ekki áhyggjur af viðbrögðum helsta keppinautarins. Hlaut Eimskip að vera ljóst að mikilvægir viðskiptavinir fyrirtækisins hefðu á þessum tíma haft áhyggjur af slæmri fjárhagsstöðu Eimskips, sbr. og framangreindan tölvupóst (S)forstj til m.a. (S)aðaleig-stjform-SH þann 7. október 2008 þar sem hann greindi frá því að áhyggjufullir viðskiptavinir Eimskips hefðu haft samband við Samskip. Er rökrétt að ef Eimskip hafi verið í óvissu um viðbrögð Samskippa hafi fyrirhuguð veruleg verðhækkun á sama tíma og viðskiptavinir höfðu áhyggjur af rekstrahæfi Eimskips a.m.k. kallað á umræður innan fyrirtækisins hvort sú verðhækkun myndi skapa kjöraðstæður fyrir Samskip að ná viðskiptavinum Eimskips til sín. Engin gögn um slíkt hafa komið fram og þvert á móti taldi Eimskip sig vera í stöðu til þess að geta „togað“ út hækkun á verði gagnvart viðskiptavinum sínum. Telur Samkeppniseftirlitið að þetta sé birtingarmynd á því ólögmeta samráði sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma. Í mgr. 953 – 954 í athugasemdum Samskippa við AI er þessu mótmælt. Samkeppniseftirlitið getur hins vegar ekki fallist á þau sjónarmið sem Samskip setja fram, sbr. umfjöllun í kafla 25.24.7.



8.19.2. Atvik 14. október 2008

3164. Líkt og daginn áður hélt (S)frkvstj-millilandasv áfram að vinna að og vista hjá sér drög að nýjum viðauka við samning Samskipa og Alcoa frá árinu 2007. Í tölvugögnum hans kl. 12:25 þann 14. október 2008 eru vistuð slík drög („Alcoa Samskip Addendum 13-10“). Áfram var í drögum (S)frkvstj-millilandasv gert ráð fyrir skerðingu á þjónustu við Alcoa og verðhækkun.¹⁶⁵⁸ Af þessum drögum (S)frkvstj-millilandasv og öðrum frá deginum áður er ljóst að ekki hafi legið fyrir á þessum tíma hvort Samskip hefðu viðkomu í Færeyjum á Leið 2 með breyttu siglingakerfi (sama leið og sinnti útflutningi Samskipa á áli fyrir Alcoa frá Reyðarfirði). Færeyjar voru ýmist inni eða úti sem viðkomuhöfn á þessum tíma í undirbúningsgögnum Samskipa.¹⁶⁵⁹
3165. (S)forstö-innfl1 sendi kl. 12:28 fyrrgreint excel-skjal „Target október 2008“ til (S)forstj. Tölvupóstur hans bar heitið „Eimskip og target listi“ og í honum sagði: „Hér er target listinn og listinn yfir stærstu viðskiptavinum Eimskips“.¹⁶⁶⁰ Ber að skoða þetta í samhengi við m.a. framangreint fundarboð (S)forstj frá deginum á undan.
3166. (E)forstö-innfl sendi kl. 14:25 tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 (afrit til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl) og tiltók í honum það sem hann taldi að hafi „náðst samkomulag um milli Eimskips og Samskip“, þ.e. varðandi þann þátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tengist samvinnu í áætlunarsiglingum til og frá Norður-Ameríku. Í lok tölvupóstsins sagði:
- „2. ára samningur
- Gildistími frá 1. nóvember 2008
- Samningi stillt upp á „lögformlegan hátt“ og mun ég koma til ykkar eintaki til yfirlestrar mjög fljótlega.“¹⁶⁶¹
3167. Varðandi ummæli (E)forstö-innfl um að Norður-Ameríku samningi yrði stillt upp á „lögformlegan hátt“ ber að hafa í huga umfjöllun í kafla 8.15.5 um Federal Maritime Commission (FMC) og bandarískar samkeppnisreglur.
3168. Athuga ber að samningur Eimskips og Samskipa vegna Norður-Ameríku var hins vegar ekki undirritaður fyrr en 7. janúar 2009 eða tæpum þremur mánuðum síðar.
3169. (S)frkvstj-millilandasv áframsendi fyrrgreindan tölvupóst frá (E)forstö-innfl til (S)forstö-innfl1 15. október. (S)forstö-innfl1 svaraði og sendi svarið einnig til (S)forstö-útf. (S)forstö-útf. svaraði samskiptunum 16. október kl. 8:35: „Mér sýnist menn vera búnir að convera þetta nokkuð vel, það verður erfitt að fá þá til að flytja gáma á sínum skipum á milli USA hafna þar sem það er lögprot skv. FMC reglum.“¹⁶⁶²
3170. Gögn málsins sýna greinilega að (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl höfðu á fundi sínum 6. október 2008 ákveðið að fara „í kringum“ umræddar samkeppnisreglur FMC í Bandaríkjunum því (S)frkvstj-millilandasv svaraði síðar 16. október 2008; „eins og við ræddum á fundinum þá munu þeir [Eimskip] flytja gámana „free of charge“ þ.e. ekki rukka okkur [Samskip] sérstaklega fyrir það og komast þannig í kringum málið.“¹⁶⁶³ Önnur gögn málsins gefa einnig til kynna að Samskip og Eimskip hafi haft með sér samráð til þess að fara gegn bandarískum samkeppnisreglum og beita FMC blekkingum. Fyrirtækin ræddu um „munnlegt samkomulag“ og einnig var útbúið sérstakt „hliðarskjal“/“hliðarsamningur“ árið 2010 til

¹⁶⁵⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.23454.

¹⁶⁵⁹ Raunin varð síðan sú að Samskip kom síðan við í Færeyjum á Leið 2, sbr. umfjöllun síðar í ákvörðuninni.

¹⁶⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.514207. [...] Afritað tölvuskjal frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.19896.

¹⁶⁶¹ Afritaður tölvupóstur frá Eim/Sam[...] Doc. ID. 0.7.33.814360.

¹⁶⁶² Afritaður tölvupóstur frá Eim/Sam. [...] Doc. ID. 0.7.33.814360.

¹⁶⁶³ Afritaður tölvupóstur frá Eim/Sam. [...] Doc. ID. 0.7.33.814360.



þess að „*losna við að fæla*“ samninginn til FMC. Þegar Eimskip og Samskip óskuðu eftir undanþágu hjá Samkeppniseftirlitinu vegna nýs samnings um Norður-Ameríku flutninga greindu fyrirtækin hvorki frá „*Nýtt upphaf*“ verkefninu né „*hliðarsamningi*“. Vísast um þetta til kafla 10.5.1 og 16.7.5.

3171. Í mgr. 957 í athugasemdum Samskipa við AI er mótmælt umfjöllun Samkeppniseftirlitsins um bandarískar samkeppnisreglur. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þau sjónarmið sem Samskip setja fram, sbr. umfjöllun í kafla 25.24.8.
3172. (E)frkvstj-flutnkerf25.endi kl. 14:29 tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv (afrit til (E)forstö-innfl). Í honum spurði (E)frkvstj-flutnkerf hvort (S)frkvstj-millilandasv hafi verið búinn:
- „að skoða þetta eitthvað hvað varðar Færeyjar.“¹⁶⁶⁴
3173. Skoða ber þennan tölvupóst (E)frkvstj-flutnkerf frá 14. október 2008 í samhengi við tölvupóstinn sem hann sendi (S)frkvstj-millilandasv 5. október 2008 varðandi m.a. flutninga til Færeyja og önnur atvik sem tengdust fundi (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl , (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 6. október 2008, sbr. kafla 8.17. Virt saman sýna þessi gögn að á fundinum 6. október 2008 hafi, í samræmi við tillöguna í tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf til (S)frkvstj-millilandasv frá 5. október 2008, verið fjallað m.a. um mögulega flutninga Samskipa fyrir Eimskip til Færeyja og Eimskip hafi 14. október 2008 viljað leiða þessar viðræður til lykta. Ber að hafa í huga að þessi flutningur Samskipa fyrir Eimskip var álitinn mikilvægur fyrir Eimskip til þess að geta veitt útflytjendum á ferskum fiski fullnægjandi þjónustu, sbr. kafla 8.17.5. Þá ber jafnframt að horfa til þess að (S)frkvstj-millilandasv svaraði þessum tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf þann 15. október 2008 og sagði að Samskip legði til að „*við gerum almennan slot sharing samning á milli félaganna sem gera báðum aðilum mögulegt að bóka skip hvors annars á fyrirfram umsömdum verðum*“, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.
3174. Samskip fjalla í athugasemdum við AI um tölvupóst (E)frkvstj-flutnkerf frá 14. október 2008 í samhengi við gögn frá m.a. 15. október 2008. Ekki er fallist á þau sjónarmið Samskipa, sbr. umfjöllun í kafla 25.24.10.
3175. Að kvöldi 14. október 2008 sendi (S)frkvstj-millilandasv fundarboð til (S)forstj, (S)forstö-innfl1 , (S)forstö-útfl, (S)forstö-skiparek og (S)forstö-flutnstj með heitinu „*Alcoa*“. Boðaði hann til fundar morguninn eftir, 15. október kl. 8:30-9:00. Í fundarboðinu sagði eftirfarandi: „*Stuttur stöðufundur. Ákv. næstu skref*“.¹⁶⁶⁵ Talið er að fundarboðið hafi tengst fyrirhuguðum aðgerðum Samskipa vegna Alcoa um verðhækkun og skerta þjónustu vegna takmörkunar á flutningsgetu. Gefa gögn til kynna að Samskipum hafi á þessum tíma verið orðið nokkuð ágengt með kröfur sínar gagnvart Alcoa, sbr. umfjöllun hér á eftir um tölvupóst (S)frkvstj-millilandasv til (S)forstj og (S)forstö-flutnstj daginn eftir.
3176. Í málinu er að finna glærukynningu (E)frkvstj-innanl frá 14. október 2008 sem ber heitið „*Innanlandssvið – rekstraráætlanir 2009 - (E)frkvstj-innanl/DOM -14. október 2008*“.¹⁶⁶⁶ Þar er gert ráð fyrir að verð fyrir innanlandsflutninga Eimskips hækki um 5% þann 1. apríl 2009 og um sama 1. nóvember 2009. Í annarri glæru segir:

¹⁶⁶⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum [...] Doc. ID. 0.7.33.676371.


¹⁶⁶⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.514562.

¹⁶⁶⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip [...] Doc. ID. 0.7.33.287281.




Innanlandsflutningar – Tekjur 2009

- Áætlanaflutningar: -2% í magni
 - Áætlun 2009 er 2.107m sem er aukning um 8,8% sem skýrist af gjaldskrárhækkunum og hækkunum á fiskflutningum
- Fiskflutningar: 30% í tekjum vegna hækkana undanfarið
- Stöðvargjöld: Hækkðu um 11% í ágúst 2008 og hækka aftur um 5% í maí 2009. Nokkrir samningar við aðila að Flytjandanetinu taka verðbreytingum í samræmi við vísitölu í nágildandi samningum




3177. Síðan er fjallað um að ýmsir stórir viðskiptavinir Eimskips greiði of lágt verð. Einnig kemur fram að annars vegar séu landflutningar hér á landi „tvíkeppnismarkaður“ og afar hörð samkeppni og hins vegar sé um að ræða samvinnu „með Samskip á ýmsum flutningaleiðum“ og mikil tækifæri í því. Eftirfarandi kemur einnig fram:



Innanlandsflutningar – verkefni og áherslur 2009

- Aksturskostnaður
 - Verktakar vs eigin bílar (dráttarbílar / kassabílar)
 - Auka hlut verktaka í dráttarbílaakstri
 - Ætlum að eiga flesta kassabíla og öll dráttartæki, vagna/grindur
- Opnunartími í afgreiðslum
 - Styttu opnunartíma og lækka kostnað, föst laun og yfirvinna
 - Fækkun á eigin afgreiðslum, lækkun á kostnaði
- Strandflutningar
 - Vestfirðir á 2 vikna fresti til reynslu í 3 mánuði frá 12.sept 2008
 - Reyðarfjörður, Eimskip + Samskip – 2 ferðir í viku
- Vöruafgreiðslur og innansvæðisdreifing – target umfram áætlun 2009
 - Athuga möguleika á að stofna sérstakt félag með Samskip og etv. fleirum sem tæki yfir allar vöruafgreiðslur og innansvæðisdreifingu, leggja erindi fyrir samkeppniseftirlit ?
 - Akstur til og frá – tvíhliða samningar





3178. Var þannig í þessum glærum (E)frkvstj-innanl að finna sömu ráðagerð um hækkun verðs og umfangsmikla samvinnu við Samskip og gert var í glærum hans frá 29. september 2008, sbr. kafla 8.16.4. Í glærum (S)frkvstj-innanl frá 19. október 2008 var einnig fjallað um aðgerðir til að hækka verð í landflutningum, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir. Endurspeglar þessi samtímagögn hið ólögsmæta ástand sem Eimskip og Samskip höfðu komið á og auðveldaði fyrirtækjunum kleift að halda uppi og hækka verð, sbr. umfjöllun um atvik sumarið 2008, t.d. um fund (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl á Mokka 4. júlí 2008 og önnur gögn í kafla 11.
3179. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj beðinn um að útskýra þessa glærुकynningu (E)frkvstj-innanl frá 14. október 2008 þar sem lýst var samvinnu við Samskip og um tengingu hennar við framangreind drög að víðtæku samkomulagi Eimskips og Samskipa um samvinnu í landflutningum sem dagsett voru sama dag og (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl hittust á fundi í Smáralind, þ.e. 17. september 2008:
- HS ... glærur. Sem sagt já á glæru 13 er svo talað um helstu breytingar á starfsemi innanlandsflutninga ...
- (E)forstj Mhm.
- HS ... 2008 og meðal annars nefnt samvinna við Samskip á ýmsum flutningaleiðum, tvíhliðasamningar, mikil tækifæri framundan.
- (E)forstj Mhm.
- HS Og svo á glæru 15 segir meðal annars undir liðnum „strandsiglingar“: „Reyðarfjörður, Eimskip + Samskip tvær ferðir í viku“. Þannig að við svo sem, þú hefur svo sem svarað þessu en, en spurningin var hvort að það hafi verið munnlegt eða skriflegt samkomulag þarna á milli félaganna um samstarf innanlands?
- (E)forstj Uuu.
- HS Þú hefur ekki þekkt þessa samninga sem við höfum verið að ...
- (E)forstj Nei, nei.
- HS ... eða þessi drög sem við erum að bera undir þig.
- (E)forstj Nei, raunar ekki.
- HS Var, var ...
- (E)forstj Ég veit ekki heldur hvaða umfang þetta er sko.
- HS Jafnvel hvort sem það væri mikið eða lítið, væri, var eitthvert samkomulag?
- (E)forstj Nei, ég meina það var ekkert, það var ekkert samkomulag í gangi sem ég vissi um sko.
- HS Ekkert munnlegt samkomulag?
- (E)forstj Um?
- HS Um samstarf á flutningsleiðum, eins og er ...
- (E)forstj Nei.
- HS ... lýst hérna á glæru, ...
- (E)forstj Nei.
- HS ... glærinni sko. Af hverju eru undirmenn þínir að skrifa þetta á glærur?
- (E)forstj Þetta er bara skýrsla sem væntanlega [(E)frkvstj-innanl] er að vinna í [(E)frkvstj-EimÍsl] ...



HS Yfirmann sinn, [óskýrt]?

(E)forstj Yfirmann sinn.

HS Mhm.

HS Og ertu að benda þá á þá?

(E)forstj Hvað [óskýrt]?

HS Að þeir, þeir hafi verið. Ég meina það er verið að skrifa herna á gagn sem finnst hjá ykkur, afhentu skjali ...

(E)forstj Já.

HS ... um að það sé samvinna ...

(E)forstj Þetta er skýrsla um, um væntanlega starfsemina í 14. október ...

HS Já.

(E)forstj ... 2009 að það er verið að vinna í ...

HS 2008.

(E)forstj ... rekstraráætlun, rekstraráætlun fyrir 2009.

HS Já.

(E)forstj Og þetta er gagn sem þeir eru að vinna og ég, ég les ekki þessi gögn.

HS Nei en þessi glæra finnst hjá þér.

(E)forstj Þessi glæra finnst hjá mér.

HS [óskýrt] já. Svo erum við með skjal herna hjá undirmönnum þínum sem er verið að lýsa einum þætti, framhald af honum.

(E)forstj Mhm.

HS Og vísar þú að þú hafir ekkert vitað um þetta og þetta sé, við erum að tala um við [(E)frkvstj-Eimísl] og [(E)frkvstj-innanl], þeir bera ábyrgð á þessu?

(E)forstj Og, á að gera samninga?

HS Já.

(E)forstj Já.

HS Og ekkert í samráði við þig, þú varst algjörlega ...

(E)forstj Nei.

HS ... fyrir utan þetta?

(E)forstj Ég er ekki í samráði við.

HS Já ókei þá er það komið fram.¹⁶⁶⁷

3180. Samkvæmt þessu virðist (E)forstj annars vegar byggja á því að ekki hafi verið fyrir hendi samstarf við Samskip í landflutningum á þessum tíma (eða að hann hafi ekki vitað af því) og hins vegar að engar viðræður hafi átt sér stað við Samskip um aukið samstarf í landflutningum. Sökum þessa ber að líta til mgr. 324 og áfram í athugasemdum Eimskips við AI. Þar er staðfest að samstarf við Samskip hafi verið fyrir hendi. Jafnframt er staðfest að (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl hafi á fundinum í Smáralind 17. september 2008 rætt um mögulegt aukið samstarf í landflutningum. Ber (E)forstj og

¹⁶⁶⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 177 – 179.



Eimskip þannig ekki saman um þessi atriði, sbr. einnig sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið frá 16. júní 2021.

3181. Þá ber að horfa til þess að í kafla 8.17.5 var gerð grein fyrir tölvupósti (E)frkvstj-innanl til (E)forstj og (E)frkvstj-Eimísl frá 10. október 2008. Vísaði (E)frkvstj-innanl til viðræðna við (E)forstj og (E)frkvstj-Eimísl um hugmyndir að umfangsmikilli samvinnu við Samskip í landflutningum. Gerði (E)frkvstj-innanl grein fyrir tiltekinni „viðbót“ við þetta samstarf við Samskip og kvaðst ekki vilja staðfesta fund um þessar hugmyndir „nema með ykkar vitund og samþykki“. (E)forstj svaraði samdægurs og sagði: „Halda viðræðum áfram“. Var þannig lagt fyrir (E)frkvstj-innanl að ræða áfram samráðshugmyndir við Samskip. Þegar (E)forstj var spurður um samninginn frá september 2008, sem tók til markaðsskiptingar á Austurlandi, sagði (E)forstj að (E)frkvstj-innanl og aðrir undirmenn hans hefðu ekki haft heimild til að gera slíka samninga við Samskip án samþykkis hans, sbr. kafla 8.16.7. Hið öndverða kom fram í framangreindum framburði hans vegna glærukynningar (E)frkvstj-innanl frá 14. október 2008.
3182. Í þessu ljósi er framangreindur framburður (E)forstj við skýrslutöku hjá lögreglu einkar ótrúverðugur.
3183. Við upplýsingagjöf hjá Samkeppniseftirlitinu í september 2013 sagði (E)frkvstj-innanl ósatt þegar hann staðhæfði að hann hafi ekki átt í neinum samskiptum við Samskip vegna samstarfs fyrirtækjanna, sbr. kafla 7.7.2. Greindi (E)frkvstj-innanl þannig ekki frá fundi sínum með (S)frkvstj-innanl á Mokka 4. júlí 2008 og ekki heldur frá fundinum 17. september 2008. Þegar þetta er virt með framburði (E)forstj hjá lögreglu verður ekki önnur ályktun dregin en að (E)frkvstj-innanl og (E)forstj hafi viljað halda leyndri aðkomu þeirra að samráði Eimskips og Samskipa í landflutningum.
3184. Eins og lýst verður hér á eftir komu (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl á fund Samkeppniseftirlitsins 16. október 2008. Lýstu þeir þar tilteknum samstarfshugmyndum Samskipa og Eimskips. Var hins vegar ekki gerð grein fyrir „Nýtt upphaf“ verkefninu og því ólögæta samráði sem þegar var fyrir hendi milli Samskipa og Eimskips, sbr. nánar hér á eftir. Þá skal haft í huga að í dagbók (E)frkvstj-innanl fundust bókaðir fundir með (S)frkvstj-innanl í lok október 2008, sbr. umfjöllun í kafla 10.3 hér á eftir.

8.19.3. Atvik 15. október 2008

3185. Að kvöldi 14. október 2008 sendi (S)frkvstj-millilandasv fundarboð til (S)forstj, (S)forstö-innfl1 , (S)forstö-útfl, (S)forstö-skiparek og (S)forstö-flutnstj með heitinu „Alcoa“. Boðaði hann til fundar morguninn eftir. Í fundarboðinu sagði eftirfarandi: „Stuttur stöðufundur. Ákv. næstu skref“.¹⁶⁶⁸
3186. Umræddur fundur (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstj, (S)forstö-innfl1 , (S)forstö-útfl, (S)forstö-skiparek og (S)forstö-flutnstj stóð skv. fundarboði frá kl. 08:30 til 09:00 þann 15. október 2008. Í framhaldinu sendi (S)forstj (kl. 10:00) tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfl og (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-skiparek. Í honum var vísað til niðurstöðu fundarins og verkaskiptingar milli stjórnendanna:

„Niðurstæða fundar og verkskipting:

1. Grænmeti

-(S)forstö-innfl1 kanni hvort / hvernig hægt að rúta eftir að R'dam express rúta breytist.

2. Slot verð EI [Eimskip]

-(S)forstö-innfl1 ræði við EI [Eimskip] um almennt slotverð hjá þeim, hvort sem um er að ræða innfl eða útfl

¹⁶⁶⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.514562.



3. TC Akrafell/Hvassafell

-[...] og (S)frkvstj-millilandasv eiga fund með skipseiganda vegna TC.

4. Tilkygning vegna Hvassafells

-(S)forstö-innfl1 , þe breyting sem á sér stað í næstu viku, ekki viðkoma REY

5. Innflutningur Alcoa.

-(S)forstö-flutnstj stúderi magninnflutning Alcoa

6. Umbreyting á gámastokk úr 20ft í 40 ft

-(S)forstö-flutnstj leggi línur, uppreikni hver kostnaðarbreyting er short term/long term

7. Alcoa

-(S)frkvstj-millilandasv sendi Alcoa staðfestingu á að við séum þegar byrjaðir með breytta rútu, sem og umbreytingu á gámastokk.¹⁶⁶⁹

3187. Samkvæmt þessum tölvupósti (S)forstj er ljóst að á umræddum fundi ræddu stjórnendur Samskipa fyrirhugaðar aðgerðir sem tengdust samráði við Eimskip vegna takmörkunar á flutningsgetu, þ.á m. um Alcoa og almennt slotverð.
3188. Höfðu stjórnendur Samskipa að morgni 15. október 2008 komist þeirri að niðurstöðu að ræða skyldi við Eimskip um „almennt slotverð“ í bæði inn- og útflutningi frá Íslandi. (S)forstö-innfl1 hafði verið falið það verkefni, sbr. lið 2 í tölvupósti (S)forstj. Að mati Samkeppniseftirlitsins verður orðalagið „almennt slotverð“ ekki skilið öðruvísi en að það taki til almenns samstarfs og gagnkvæmrar verðlagningar á flutningum á öllum siglingaleiðum fyrirtækjanna. Sýnir þetta framgang „Nýtt upphaf“ verkefnisins um samstarf í sjóflutningi og samnýtingu flutningakerfa. Næsta skref var að eiga viðræður um verðþáttinn.
3189. Samkvæmt tölvupósti sem (S)forstö-innfl1 sendi (S)frkvstj-millilandasv kl. 23:38 þennan sama dag er ljóst að (S)forstö-innfl1 hafði þá þegar rætt við Eimskip, sbr. nánar hér á eftir. Þer hér einnig að horfa til eftirfarandi atburðarrásar um svokallað „útvíkkað neyðarsamkomulag“ og yfirlýsingar (E)frkvstj-flutnkerf í tölvupósti til (S)frkvstj-millilandasv þann 15. október 2008 um að Eimskip sé tilbúið „að skoða allt“.
3190. Varðandi lið 1 („Grænmeti“) í tölvupósti (S)forstj 15. október 2008 er ljóst að (S)forstö-innfl1 hafði verið falið að bera ábyrgð á því verkefni að kanna „hvort/hvernig hægt að rúta eftir að R'dam express rúta breytist.“ Gögn málsins sýna að hluti „Nýtt upphaf“ verkefnisins tók m.a. til þess að meta áhrif af takmörkun á flutningsgetu Samskipa á innflutning á grænmeti til Íslands fyrir BÚR (með svonefndri „Rotterdam Express“ leið til Íslands). Tók það m.a. til þess að finna sameiginlega lausn með Eimskip á þeim flutningum. Í skjalinu sem (S)forstö-flutnstj sendi (S)forstj kvöldið fyrir fund Samskipa og Eimskips 25. júlí 2008 var t.a.m. fjallað um takmörkun á flutningsgetu Samskipa og aðkomu Eimskips að innflutningi á grænmeti „fyrir Samskip“. Með niðurfellingu á Rotterdam Express leiðinni til Íslands myndu Samskip m.ö.o. semja við Eimskip um „föst slot á viku“ um grænmetisflutninga fyrir BÚR , sbr. umfjöllun í kafla 8.13.1.
3191. Sem fyrr segir var á fundinum 15. október 2008 einnig ákveðið að (S)forstö-innfl1 ætti að ræða við Eimskip um almennt slotverð vegna inn- og útflutnings. Talið er að þær viðræður Samskipa og Eimskips hafi tekið til áframhaldandi samskipta um aukið samstarf í sjóflutningi í víðtækum skilningi og tekið til aukins slot-samstarfs Samskipa og Eimskips. Undir þetta féll hvers konar samstarf

¹⁶⁶⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.514625.



Samskipa og Eimskips um flutninga, s.s. flutninga á áli, grænmeti, sjávarafurðum o.s.frv., sbr. einnig glærुकynningu Eimskips um „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna.

3192. Þá sýna gögn málsins að við framkvæmd „Nýtt upphaf“ verkefnis Samskipa og Eimskips hafði fram að þessu einnig verið horft til þess að í stað aukinna slotviðskipta milli fyrirtækjanna í sjóflutningum þá myndu viðskiptavinir eða flutningaleiðir færast á milli Samskipa og Eimskips. Þetta tók til m.a. innflutnings á grænmeti fyrir BÚR, sbr. glærुकynningu (S)frkvstj-millilandasv frá 6. september 2008 en fjallað er um þá kynningu í kafla 8.16.2.3.¹⁶⁷⁰ Útfærslan varð síðan sú að grænmetisflutningarnir fyrir BÚR fóru frá Samskipum til Eimskips, sbr. nánari umfjöllun í kafla 9.12.3.
3193. Tölvupóstur (S)forstj frá 15. október 2008 sýnir einnig að ákveðið hafði verið að (S)frkvstj-millilandasv myndi senda Alcoa tilkynningu um að Samskip væru byrjuð „með breytta rútu, sem og umbreytingu á gámastokk“, sbr. lið 7 í tölvupóstinum. Í þessu sambandi vekur eftirtekt að samkvæmt lið 3 í tölvupósti (S)forstj hafði hann og aðrir stjórnendur ákveðið að (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-skiparek ættu að eiga fund með eigendum Akrafells og Hvassafells vegna leigusamnings Samskipa um skipin (sem þá sinntu flutningum á Leið 2 hjá Samskipum). Á þessum tíma lá því enn ekki fyrir hjá stjórnendum Samskipa hvort Hvassafell eða Akrafell myndi hætti siglingum á Leið 2 eða hvort það væri yfirhöfuð hægt að skila því skipi til eigenda þess, en samkvæmt upplýsingum Samskipa kvað samningur fyrirtækisins og leigusala skipanna á um leigutíma á Akrafelli og Hvassafelli fram á árið 2010.
3194. Gögn málsins bera skýrlega með sér að ein af forsendum takmörkunar á flutningsgetu Samskipa væri að losna undan leigusamningi á öðru skipanna og skila því aftur til eigenda þess. Athygli vekur því að stjórnendur Samskipa höfðu tekið ákvörðun um að hætta að sigla öðru skipanna (Akrafelli eða Hvassafelli) áður en niðurstaða hafði legið fyrir um hvort fyrirtækið gæti yfirhöfuð skilað skipinu til eigenda þess. Fór það raunar svo að Samskip gátu ekki skilað leiguskipinu (Akrafell hætti siglingum). Akrafell lá þvert á móti, með tilheyrandi kostnaði fyrir Samskip, við bryggju í Danmörku allt fram á árið 2010 þegar því var loks skilað til eigenda þess, sbr. nánari umfjöllun um þau atvik í kafla 9.6.
3195. Samskip fjalla í athugasemdum við AI um tölvupóst (S)forstj frá 15. október 2008 í samhengi við gögn frá m.a. 14. og 16. október 2008. Ekki er fallist á þau sjónarmið Samskipa, sbr. umfjöllun í kafla 25.24.10.
3196. Í samræmi við lið 7 í tölvupósti (S)forstj frá 15. október 2008 sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til Alcoa á Íslandi kl. 10:13 þennan sama dag. Heiti póstsins var „flutningamál“. Þar kom fram eftirfarandi:

„Í framhaldi af fundi okkar í gær þá munum við þegar grípa til þeirra ráðstafana sem við urðum sammála um á fundinum:

1. Akrafell mun lesta í dag á Reyðarfirði og detta inn á rútna: Reyðarfjörður-Kollafjörður(FO)-Rotterdam-Immingham-Reyðarfjörður.

2. Hvassafell sem kemur til Reyðarfjarðar í næstu viku skv. áætlun beint frá Rotterdam og Immingham mun lesta hjá ykkur útflutning og losa hann í Rotterdam og Immingham og fer svo vonandi í önnur verkefni.

3. Við grípum þegar til ráðstafana til að byggja upp dedicated 20 ft gámastokk fyrir ykkur - fyrstu vikurnar verður þetta blanda af 20' og 40' gámum en við byrjum strax að skipta út 40' gámum fyrir 20'.

4. [(S)forstö-flutnstj] mun senda ykkur áætlun Akrafellsins fyrir næstu ferðir svo og síðustu áætlun Hvassafellsins síðar í dag.

¹⁶⁷⁰ Glærur 14 og 16 í kynningu [...].



5. Við setjum alla á resourca og tíma sem þarf í þetta til að tryggja snurðulausn rekstur og góðan undirbúning þessara breytinga. Ég legg til að [(S)forstö-flutnstj] hitti þig og [...] strax í þessari viku til að undirbúa og ræða innflutningshlutann fyrir ykkur svo og önnur praktísk rekstrarmál sem tengjast þessum breytingum þannig að vinna okkar í næstu viku með [stjórnendum flutningamála Alcoa] verði sem allra skilvirkust.

6. Við gefum okkur svo þennan mánuð til að loka samkomulagi okkar á milli, eins og við urðum sammála um.

Þú kemur þessu áfram á [...] þar sem ég er ekki með netfangið hans.¹⁶⁷¹

3197. Í gögnum málsins hefur ekki fundist svar frá Alcoa við þessum tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv. Í upplýsingum frá Alcoa við rannsókn málsins kemur fram að fyrirtækið hafi ekki getað fundið nein skrifleg gögn um samskipti Alcoa við Samskip 14. október 2008.¹⁶⁷² Hvað sem líður fundi Samskipa og Alcoa 14. október 2008 þá tengdust atvik vegna Alcoa samráði Samskipa við Eimskip um takmörkun á flutningsgetu og breytingu siglingakerfa, sbr. kafla 8.15.7, 8.16.5.3 og 9. Í því sambandi vekur athygli að í 5. tölulið í umræddum tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv til Alcoa vísaði hann til fundar sem átti að halda viku síðar með yfirmanni flutningamála Alcoa, þ.e. 22. október 2008. Samkvæmt (S)frkvstj-millilandasv átti að gera þann fund „skilvirkari“ með því að ræða áður „önnur praktísk rekstrarmál sem tengjast þessum breytingum [...]“.
3198. Tímasetning á þeim fundi sem (S)frkvstj-millilandasv vísaði til í lið 5 í tölvupósti til Alcoa átti rætur að rekja til fundarboðs Alcoa til Samskipa og Eimskips frá 17. ágúst 2008 þar sem boðað var að lykilstjórnendur Alcoa væru á landinu og halda ætti fundi á Reyðarfirði, sbr. umfjöllun í kafla 8.15.7.3 og og ítrekunarpóst Alcoa til (S)frkvstj-millilandasv 16. október 2008 sbr. kafla 9.4.1. Eins og fjallað er um í þeim kafla funduðu Samskip, Eimskip og Alcoa þann 22. október 2008 og viðræður Samskipa og Eimskips á þeim fundi voru hluti af ólögætu samráði fyrirtækjanna um m.a. takmörkun á flutningsgetu.
3199. Í samræmi við það sem (S)frkvstj-millilandasv hafði vísaði til í tölvupósti sínum til Alcoa 15. október 2008 (í tölulið 6) þá gengu Samskip ekki frá viðauka við samninginn við Alcoa fyrr en rúmum mánuði síðar, eða þann 24. nóvember 2008. Með viðaukanum var m.a. kveðið á um mikla verðhækkun gagnvart Alcoa og breytingu á leiðarkerfi með skertri þjónustu við Alcoa, sjá nánari umfjöllun í kafla 9.7.
3200. Samkvæmt dagbók (S)forstö-innfl1 boðaði (S)frkvstj-millilandasv hann til fundar kl. 13:30 15. október 2008. Heiti fundarboðsins var „USA-samningur“. Fundarefnið varðaði því Eimskip, þ.e. þann hluta „Nýtt upphaf“ samráðsverkefnisins sem tók til samstarfs við Eimskip um flutninga til og frá Norður-Ameríku.¹⁶⁷³
3201. Klukkan 15:33 barst (S)forstö-innfl1 tölvupóstur frá yfirmanni Samskipa í Bandaríkjunum, (S)frkvstj-N-Am (afrit til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv). Í honum var fjallað um erfiða stöðu Samskipa í Bandaríkjunum og m.a. bent á að ekki mætti;
- „gleyma því að allt frá því í vor höfum við stefnt allri frakt á Eimskip þar sem hagur heildarinnar ræður för, en Samskip Inc¹⁶⁷⁴, fær sáralítið fyrir þá afgreiðslu.“¹⁶⁷⁵*
3202. (S)forstö-innfl1 svaraði tölvupósti (S)frkvstj-N-Am kl. 16:41 og sagði: „Ég tel rétt að laga okkur að þessum aðstæðum, þ.e. með hagræðingum bæði hér á Íslandi og á skrifstofunni í USA. Að því loknu

¹⁶⁷¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.514657.

¹⁶⁷² Athuga ber að Alcoa setti fram fyrirvara í bréfinu um takmarkað aðgengi fyrirtækisins að gögnum starfsmanna. Bréf Alcoa til Samkeppniseftirlitsins 03.11.2017 „Samskip ‘s changed sailing schedule in the fall of 2008“, bls. 1-2.

¹⁶⁷³ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.675914.

¹⁶⁷⁴ Samskip í Bandaríkjunum.

¹⁶⁷⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.514830.



getum við rætt um hvernig við skiptum kökunn. Við þurfum líka að sjá hvernig hlutirnir þróast hjá Eimskip og á hvaða nótum við lendum US samningnum við þá.¹⁶⁷⁶

3203. Eins og áður greinir höfðu stjórnendur Samskipa þennan sama morgun komist að þeirri niðurstöðu að ræða ætti við Eimskip um „*almennt slotverð hjá þeim, hvort sem er að ræða innfl eða útl*“. (S)forstö-innfl1 var falið þetta verkefni. Því má sjá að (S)forstö-innfl1 vann að þeim þætti samráðsverkefnisins sem tók til samnýtingar Samskipa og Eimskips á flutningakerfum, bæði hvað varðaði inn- og útflutning vegna Norður-Ameríku en einnig tengt Evrópu. Gögn sýna framgang á þessu verkefni hjá (S)forstö-innfl1 (og yfirmanni hans (S)frkvstj-millilandasv) strax þennan sama dag, sbr. umfjöllun hér á eftir.

3204. Varðandi þessi tölvupóstsamskipti (S)frkvstj-N-Am, (S)forstö-innfl1, (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv ber og að rifja upp eftirfarandi:

- Á þessum tíma var fyrir hendi ólöglegt samráð milli Samskipa og Eimskips um flutninga til og frá Norður-Ameríku. Var engin undanþága skv. 15. gr. samkeppnislaga í gildi á þessum tíma vegna þessa samstarfs. Vísast um þetta til m.a. kafla 5.8.2.
- Samskip buðu á þessum tíma einnig upp á flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku með TA-flutningum í gegnum Evrópu.
- Áður en fundur Samskipa og Eimskips var haldinn 6. júní 2008 var óánægja eða lítill áhugi á Norður-Ameríku samstarfinu sem slíku innan bæði Eimskips og Samskipa. Hafði þetta samstarf sem slíkt litla rekstrarlega þýðingu á þessum tíma:
 - Í tölvupóstum (E)deildstj-útl1, sem hann sendi 20. og 24. maí 2008 til (E)forstj, var samvinna við Samskip í flutningum til og frá Norður-Ameríku gagnrýnd harðlega („*GERUM EKKERT NEMA AÐ FORFÆRA FRYSTIGÁMA FRAM OG TIL BAKA OG GELDUM OKKUR HÉR Á EVRÓPU FYRIR VIKIÐ.*“ ... „*Er ekki kominn tími til að endurskoða þennan samning, eða er innflutningurinn - það sem við fáum frá Samskip gúlrótin*“), sbr. kafla 7.2.1.1.
 - Í tölvupósti (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv frá 2. júní 2008 sagði (S)forstj að hann vildi segja upp Norður-Ameríku samningnum við Eimskips þar sem „*svo gott sem ekkert magn er að fara þangað*“. Skýring (S)forstj á þessum tölvupósti við skýrslutöku hjá lögreglu er að hann hafi þann 2. júní 2008 verið að skoða að auka samkeppni við Eimskip með auknum TA-flutningum í gegnum Evrópu, sbr. kafla 7.2.1.1.
- Samkvæmt glærुकyningunni um „*Nýtt upphaf*“ verkefnið sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir átti m.a. að skoða ábata af auknu samráði Eimskips og Samskipa í flutningum til og frá Norður-Ameríku. Þar kom þetta m.a. fram:

2. Slotsamningar í siglingakerfinu

- US/Kanada
 - Frá US unnið að nýjum samningi og þarf að taka gildi frá 1. september
 - Samskip tekur saman magn til/frá US og Kanada til að setja í kerfið
- Evrópurútur

- Eftir fundinn 6. júní 2008 og tilurð „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins áttu stjórnendur Eimskips og Samskipa, sem báru ábyrgð á þeim rekstri sem féll undir einstök verkefni sem þar er lýst, í

¹⁶⁷⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.676358.



samskiptum. (E)forstj og (S)frkvstj-N-Am funduðu 25. júní 2008. Í mgr. 659 í athugasemdum við AI segja Samskip að (S)frkvstj-N-Am hafi í júní 2008 verið yfirstjórnandi Samskipa í Bandaríkjunum og „var þar af leiðandi ábyrgur fyrir N-Ameríkusamningnum. Tilvitnuð samskipti hans við (E)forstj frá 25. júní 2008 lutu að framkvæmd á því samkomulagi“, sbr. kafla 8.2.4.

- Þann 27. júní 2008 sendi (E)forstj tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf. Setti (E)forstj fram þá hugmynd eða tillögu að Eimskip myndi biðja Samskip um að hætta að keppa í flutningum til og frá Norður-Ameríku (með TA-flutningum í gegnum Evrópu) og notast þess í stað alfarið við skip Eimskips. Jafnframt skyldi hækka verð á þessum beinum flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku, sbr. kafla 8.4.
- (E)frkvstj-flutnkerf átti í kjölfarið ítrekað í samskiptum við Samskip, ekki síst við (S)frkvstj-millilandasv.
- Í minnisblöðum (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008, voru settar fram tillögur um samráð við Eimskip í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið, sbr. kafla 8.9.2 og 8.9.5.3. Um flutninga til og frá Norður-Ameríku segir: „USA Vegna samdráttar í innflutningi frá Norður-Ameríku er hægt að ná fram kostnaðarhagræðingu í heildarflutningakerfinu til og frá Íslandi með því að Eimskip dragi úr tíðni og flutningsgetu á USA/CA og sinni svæðinu með einu skipi á 21 daga tíðni. Til að tryggja besta nýtingu á þessari rútu væri öðrum innflutningi frá USA stýrt úr/í TAS kerfið eftir atvikum.

Samskip gætu flutt pappírflutninga frá [Kanada] inn í kerfi Eimskips til að bæta nýtingu kerfisins með því að Eimskip færi á móti magn frá sér inn í kerfi Samskipa frá Evrópu.”

3205. Framangreindur tölvupóstur (S)frkvstj-N-Am frá 15. október 2008 var sendur til æðstu stjórnenda Samskipa hf. á Íslandi. Í honum felst samkvæmt orðalagi sínu að Samskip hafi á þessum tíma gert þá breytingu að draga úr TA-flutningum í samkeppni við Eimskip og beina þess í stað Norður-Ameríku flutningum til Eimskips. Er þetta í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið, tölvupóst (E)forstj frá 27. júní 2008 og minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. júlí og 9. júlí 2008.
3206. Þau ummæli (S)frkvstj-N-Am að Samskip í Bandaríkjunum hafi „stefnt allri frakt á Eimskip“ gefa og ótvírætt til kynna að Samskip hafi ekki á þessum tíma nýtt sér TA-flutninga í samkeppni við Eimskip í flutningum á milli Íslands og Norður-Ameríku heldur sett meira magn í „kerfi“ Eimskips.¹⁶⁷⁷ Þetta hafi verið gert þrátt fyrir lítinn ábata Samskipa í Bandaríkjunum en „hagur heildarinnar“ hafi ráðið för. Rannsókn málsins sýnir að þetta gekk eftir á árinu 2008.¹⁶⁷⁸ Hafði (S)forstj þannig fallið frá hugmynd sinni frá 2. júní 2008 um að auka samkeppni við Eimskip með því að segja upp Norður-Ameríku samningnum og einbeita sér að TA-flutningum. Ástæða þessa er sú sama og leiddi til þess að Samskip hættu við „herferðina“ gegn Eimskip sem rætt var um allt fram að fundinum 6. júní 2008, en í kjölfar hans hófst „Nýtt upphaf“ verkefnið. Hér skiptir og máli að (E)deildstj-útf1 sá ekki skynsemi í Norður-Ameríku samvinnunni við Samskip nema að flutningsmagnið frá Samskipum í innflutningi væri „gulrótin“, sbr. framangreinda tölvupósta hans frá maí 2008.
3207. Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 til (S)frkvstj-N-Am, sem hann sendi 17. nóvember 2008, varpar einnig ljósi á framangreint. (S)frkvstj-N-Am hafði spurt (S)forstö-innfl1 hvað væri að fréttu af viðræðum við Eimskip vegna nýs samnings um Norður-Ameríku siglingar. (S)forstö-innfl1 greindi frá því að „þeir [þ.e. Eimskip] væru alveg brjáláðir“ yfir erindi sem Samskip hafði sent Samkeppniseftirlitinu. Einnig sagði (S)forstö-innfl1 : „Nú er bara málið að fara á fullu í TAS flutninga.“¹⁶⁷⁹ Í tölvupósti

¹⁶⁷⁷ Hér ber einnig að hafa í huga tölvupóst sem [...] sendi [...] 02.09.2008. Þar kemur fram að langstærsti hluti innflutnings Samskipa frá Norður-Ameríku sé fluttur með Eimskip en ekki með TA flutningum („Ath að um 78-80% af fraktinni er að koma með beinaskipinu í dag [...]“). Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. Frá [...] til [...], „Re: USA flutningsgjöld“, dags. 02.09.2008, kl. 11:33. Doc. ID. 0.7.33.665341.

¹⁶⁷⁸ Sjá upplýsingar sem bárust frá Samskipum til Samkeppniseftirlitsins með tölvupósti 02.01.2018. Samkvæmt þeim upplýsingum jókst hlutur Eimskips í flutningum Samskipa milli Íslands og Norður-Ameríku árið 2008 miðað við árið 2007, sbr. einnig mgr. 968 í athugasemdum Samskipa við AI (TA 74% árið 2007 en TA 59% árið 2008).

¹⁶⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.689533.



(S)forstö-innfl1 dags. 21. nóvember 2008 til viðskiptavinar kom fram að Samskip gætu boðið upp á „mjög góða þjónustu frá USA með því að senda gámana gegnum Evrópu.“ Vegna þeirra breytinga sem hefðu verið gerða „á beinu siglingum Eimskips“ töldu Samskip að þjónusta fyrirtækisins væri „betri frá USA [en Eimskips]“ og Samskip gæti boðið betra verð í flutningana.¹⁶⁸⁰ Gefur þetta skýrt til kynna að Samskip taldi sig geta veitt Eimskip samkeppni með TA-flutningum. Þetta hafði hins vegar ekki áhrif á framgang samráðsins. Lokið var við samning milli Eimskips og Samskipa um Norður-Ameríku 7. janúar 2009 og annað samráð Samskipa og Eimskips hélt áfram, sbr. umfjöllun hér síðar um atvik eftir 17. nóvember 2008.

3208. Í mgr. 966 – 972 í athugasemdum Samskipa við AI er fjallað um þennan tölvupóst (S)frkvstj-N-Am til (S)forstö-innfl1 , (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv frá 15. október 2008 og er ályktunum Samkeppniseftirlitsins mótmælt. Eins og rökstutt er í kafla 25.24.9 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þau sjónarmið sem fyrirtækið setur fram.
3209. (S)frkvstj-millilandasv sendi 15. október 2008 tölvupóst til (S)forstö-innfl1 kl. 17:08 þar sem tölvupóstur (E)forstö-innfl frá 14. október 2008 var framsendur og (S)forstö-innfl1 spurður hvort hann teldi það rétt sem kæmi fram í tölvupósti (E)forstö-innfl . (S)forstö-innfl1 svaraði kl. 23:32 og setti fram athugasemdir. (S)forstö-útl var einnig spurður að því hvort hann vildi tjá sig um þetta samstarf við Eimskip.¹⁶⁸¹ Morguninn eftir svaraði (S)forstö-útl (S)forstö-innfl1 (afrit til (S)frkvstj-millilandasv): „Mér sýnist menn vera búnir að convera þetta nokkuð vel, það verður erfitt að fá þá til að flytja gáma á sínum skipum á milli USA hafna þar sem það er lögbrot skv. FMC reglum.“¹⁶⁸²
3210. (S)frkvstj-millilandasv sendi tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf kl. 17:07 þann 15. október 2008. Var um að ræða svar við tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf frá 14. október 2008 þar sem hann spurði hvort (S)frkvstj-millilandasv hafi verið búinn að „skoða þetta með Færeyjar“. Í tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv sagði:
- „já- við leggjum til að við gerum almennan slot sharing samning á milli félaganna sem gera báðum aðilum mögulegt að bóka skip hvors annars á fyrirfram umsömdum verðum. Færeyjaverð myndu falla undir slíkt samkomulag. Við komum með tillögu að slíku samkomulagi í vikunni ef ykkur hugnast þessi leið. Leyfðu mér að heyra frá þér.“¹⁶⁸³
3211. (E)frkvstj-flutnkerf svaraði tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv kl. 17:32 sama dag. Í tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf sagði aðeins:
- „Við erum tilbúnir að skoða allt komið með tillögu“¹⁶⁸⁴
3212. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)frkvstj-millilandasv beðinn um að skýra framangreind tölvupóstsamskipti við (E)frkvstj-flutnkerf um „almennan slot sharing samning“ milli Eimskips og Samskipa.
3213. Neitaði (S)frkvstj-millilandasv að tjá sig um þetta.¹⁶⁸⁵
3214. Við skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst (S)forstj ekkert vita um þetta.¹⁶⁸⁶

¹⁶⁸⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.692436. Í kafla 14.5 og 14.6 er fjallað um samskipti Samskipa við Inness og hvernig fyrirtækið virti síðan markaðsskiptingu við Eimskips og flæmdi Innes í burtu.

¹⁶⁸¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.676436.

¹⁶⁸² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.676464.

¹⁶⁸³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.676371. Þessi samskipti áframsend [...], ásamt drögum að skjali með útvíkkðu neyðarsamkomulagi, til [...] og [...], sbr. afritaður tölvupóstur frá Eimskip. „FW: FW: Færeyja verð“, dags. 20.10.2008, kl. 9:28. Doc. ID. 0.7.33.438179.

¹⁶⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.438179.

¹⁶⁸⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 138.

¹⁶⁸⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 138-139.



3215. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj spurður um þessi samskipti (E)frkvstj-flutnkerf við (S)frkvstj-millilandasv:

HS Var [(E)frkvstj-flutnkerf] ekki að ræða við þig? Þú veist ...

(E)forstj Nei.

HS ... hann er hérna, við erum tilbúnir að koma, við erum tilbúnir að skoða allt ...

(E)forstj [óskýrt] til mín eða?

HS Nei þetta er í ...

(E)forstj Nei.

HS ... samskiptum hjá þínum undirmanni sko ...

(E)forstj Já.

HS ... við, við hérna einn af æðstu yfirmönnum Samskipa.

(E)forstj Já.

HS Á sama tíma og þeir eru líka að hittast á fundi sko.

(E)forstj Já, já. Ég er ekki involved í þessu.

HS Þú veist ekkert af þessu sem er að gerast?

(E)forstj Nei ég veit raunar ekki af þessu.¹⁶⁸⁷

3216. Samkvæmt framangreindu neitaði (S)frkvstj-millilandasv við skýrslutöku hjá lögreglu að útskýra umrædd tölvupóstsamskipti sín við (E)frkvstj-flutnkerf þann 15. október 2008. Gögn málsins sýna beina aðkomu (S)forstj að framangreindri atburðarrás og hann hafði t.d. að morgni 15. október 2008 falið (S)forstö-innfl1 að ræða við Eimskip um „*almennt slotverð*“ í inn- og útflutningi. Eins og fram hefur komið var (S)frkvstj-millilandasv á þessum tíma yfirmaður (S)forstö-innfl1 . Þá sátu bæði (S)forstj og (E)forstj í „*Nýtt upphaf*“ vinnuhópnum. Gögn málsins staðfesta að (E)forstj hafði aðkomu að „*Nýtt upphaf*“ verkefninu á þessum tíma og undirmenn hans komu að framkvæmd þessa samráðs við Samskip (m.a. (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-innanl). Var (E)forstj t.d. í ítrekuðum samskiptum við (E)frkvstj-flutnkerf um siglingakerfið og þætti sem tengdust því.

3217. Er ekki trúverðugt að forstjórar Eimskips og Samskipa hafi ekki vitað um þessi samskipti framkvæmdastjóra hjá fyrirtækjunum þar sem unnið var að afar umfangsmiklu samstarf í sjóflutningum sem voru m.a. forsendur fyrir róttækum breytingum á siglingakerfunum.

3218. Að mati Samkeppniseftirlitsins lýsir þessi tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf ríkum samstarfsvilja Eimskips við Samskip. Þá lýsir pósturinn því að umræðuvettvangur samráðs Samskipa og Eimskips hafi á þessum tíma, hafi ekki síst verið innan hópsins sem sinnti verkefninu „*Slotsamningar í siglingakerfinu*“, auk samskiptanna milli (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl varðandi landflutninga. Í tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf til helsta keppinautarins var því einfaldlega lýst yfir að Eimskip væri reiðubúið að „*skoða allt*“. Ber að virða þetta í samhengi við þá stefnumörkun sem Samskip og Eimskip höfðu lagt til grundvallar í „*Nýtt upphaf*“ verkefninu. Ekki er trúverðugt að þessi samskipti stjórnenda fyrirtækjanna, um jafn viðamikilið samstarf, hafi farið fram án vitundar og samþykkis forstjóra fyrirtækjanna, (E)forstj og (S)forstj.

3219. Hér ber að rifja upp að í tölvupósti (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv 4. júní 2008 var (S)frkvstj-millilandasv beðinn um að kanna hvort það væri hægt að takmarka flutningsgetu á „*markaðnum*“ eða Samskip og Eimskip gætu nýtt saman flutningsgetu á markaðnum, þ.e. með slotsamningum við Eimskip „*svipað og US samstarf*“. Í glærुकyningu Eimskips um „*Nýtt upphaf*“ verkefni Eimskips og Samskipa var fjallað um „*slotsamninga í siglingakerfinu*“. Í samráðstillögum (S)frkvstj-millilandasv,

¹⁶⁸⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 220-221.



dags. 7. og 9. júlí 2008, var gert ráð fyrir slotsamningum milli Eimskips og Samskipa. Í fundargerð Samskipa Holding 14. júlí 2008 var vísað til umræðna um; „*the possibility to exchange slots with Eimskip*“. Í skjölunum sem (S)forstj fékk send kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008 var áfram fjallað um slotsamninga milli Samskipa og Eimskips. Tillaga (S)frkvstj-millilandasv 15. október 2008 til (E)frkvstj-flutnkerf um almennan slotsamning var því í samræmi við það sem kemur fram í eldri samtímagögnum og jafnframt í samræmi við markmið „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins.

3220. Eftir að (S)frkvstj-millilandasv hafði sent framangreindan tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf sendi hann tölvupóst til (S)forstö-innfl1 (kl. 17:10). Bar hann heitið „*slot sharing*“ og í honum bað (S)frkvstj-millilandasv (S)forstö-innfl1 um að senda sér „*neyðarsamninginn*“ frá árinu 2001 „*með þeim breytingum sem þú vildir sjá á honum þannig að við getum lagt hann fram sem slot sharing samning*“. Ég ætla að reyna að vinna e-h í þessu á morgunn eftir fundinn með skipaiegendum.“¹⁶⁸⁸
3221. (S)forstö-innfl1 svaraði (S)frkvstj-millilandasv kl. 23:38:
- „*Kem þessu á þig í fyrramálið. Við heyrðum í Eimskip í dag varðandi flutning frá Reykjavík til Færeyja í næstu viku. Þeir ætla að senda okkur verð í það í fyrramálið. Nota það sem innlegg í nýjan neyðarsamning. Heyrumst á morgun.*“¹⁶⁸⁹
3222. Miðað við fyrri samskipti er líklegast að (S)forstö-innfl1 hafi í þessu tilviki átt samskipti við (E)forstö-innfl1. Er þannig ljóst að (S)forstö-innfl1 hafði farið að fyrirmælum (S)forstj frá því fyrr um daginn og rætt við Eimskip.
3223. Fjallað var um hið ólögsmæta „*neyðarsamkomulag*“ Eimskips og Samskipa í kafla 5.4. Samkvæmt tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv átti að nota það sem grundvöll undir almennan slotsamning milli Eimskips og Samskipa. Samkvæmt tölvupósti (S)forstö-innfl1 hafði hann rætt við Eimskip um aukið samstarf. Eins og fram hefur komið hafði Eimskip óskað eftir því að Samskip önnuðust flutninga fyrir Eimskip milli Reyðarfjarðar og Færeyja og tölvupóstur (S)forstö-innfl1 sýnir að Samskip höfðu rætt við Eimskip um að Eimskip myndi annast flutninga fyrir Samskip frá Reykjavík til Færeyja. Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 sýnir einnig að Samskip hefðu ekki litið svo á að „*neyðarsamkomulagið*“ væri takmarkað við eiginleg neyðartilvik, eins og fyrirtækið heldur fram í athugasemdum sínum við AI, heldur litu á það sem sjálfsagðan hlut að nota flutninga Eimskips fyrir Samskip frá Reykjavík til Færeyja og/eða tilboðsverð Eimskips gagnvart Samskipum fyrir þá þjónustu „*sem innlegg í nýjan neyðarsamning*“ enda stefndu fyrirtækin bæði að því að breyta samningnum í „*almennan slot sharing samning*“. Endurspeglar framangreint samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Af þessu er ljóst að Samskip unnu að breytingu á skipakerfi fyrirtækisins. Sú breyting sem fyrirhuguð var, og var síðan hrint í framkvæmd í lok október 2008, fól m.a. í sér að Leið 2 hætti viðkomu í Reykjavík og Leið 1 hafði ekki viðkomu í Færeyjum á útleið. Samskip skorti því tengingu fyrir vöruflutninga frá Reykjavík til Færeyja eftir breytinguna. Minnt er á að Eimskip breytti siglingaáætlun sinni í ágúst 2008 í sama tilgangi og Samskip, þ.e. í því skyni að draga úr flutningsgetu og lækka kostnað. Breytingin fól m.a. í sér að Eimskip hafði ekki lengur viðkomu í Immingham á Norðurleið frá Austurlandi. Af fyrirliggjandi samtímagögnum er ljóst að stjórnendur fyrirtækjanna sem báru ábyrgð á siglingakerfum áttu á þessum tíma tíð samskipti og verður af þeim ráðið að saman ynnu fyrirtækin að því að takast á við rekstrarlegar áskoranir með auknu samstarfi og samnýtingu á flutningakerfum þeirra. Var slíkt í fullu samræmi við „*Nýtt upphaf*“ verkefnið. Eins og áður segir átti framangreint samstarf fyrirtækjanna að falla undir hinn almenna slotsamning í flutningum milli Íslands og annarra Evrópulanda.
3224. Þann 15. október 2008 kl. 15 var haldinn innanhúsfundur hjá Eimskip vegna flutninga til og frá Bandaríkjunum og voru þar mættir m.a. (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-flutnstý. Í fundargerð kemur

¹⁶⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.676376.

¹⁶⁸⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.676444.



fram að til skoðunar væri að fækka um eitt skip í þeim flutningum.¹⁶⁹⁰ Samkvæmt þessu fjallaði (E)frkvstj-flutnkerf um frekari takmörkun á flutningsgetu hjá Eimskip á sama tíma og Eimskip og Samskip áttu í samskiptum og Samskip stefndi að takmörkun á flutningsgetu í sínu siglingakerfi.

3225. Renna framangreind gögn stoðum undir tilvist og framgang hins ólögsmæta samráðs sem Eimskip hefur í sáttinni við Samkeppniseftirlitið viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.

3226. Í athugasemdum Samskipa við AI er fjallað um framangreind gögn frá 15. október 2008 varðandi slotsamvinnu við Eimskip. Einnig er í því samhengi vikið að áðurgreindum tölvupóstum (E)frkvstj-flutnkerf til (S)frkvstj-millilandasv frá 5. og 14. október 2008 og fjallað um hið „útvíkkað neyðarsamkomulag“. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á sjónarmið Samskipa en fjallað er um þau í kafla 25.24.10.

8.19.4. Atvik 16. október 2008

3227. (S)forstö-innfl1 sendi kl. 09:06 þann 16. október 2008 tölvupóst til (E)forstö-innfl . Í honum kom fram eftirfarandi:

„Varstu búinn að kíkja á flutninginn frá Reykjavík til Færeyja.“¹⁶⁹¹

3228. Eins og áður sagði hafði (E)frkvstj-flutnkerf í tölvupósti 14. október 2008 til (S)frkvstj-millilandasv ýtt á eftir svörum frá Samskipum vegna flutninga fyrir Eimskip frá Reyðarfirði til Færeyja. Í ofangreindum tölvupósti gerði (S)forstö-innfl1 það saman varðandi þá flutninga frá Reykjavík til Færeyja sem Samskip vildu að Eimskip myndi sinna fyrir fyrirtækið. Voru því fyrir hendi umræður um aukið samstarf fyrirtækjanna í formi gagnkvæmra flutninga með samnýtingu flutningakerfa þeirra.

3229. (E)forstö-flutnstý sendi tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-skiparekst (kl. 11.18). Meðfylgjandi honum var lokaútgáfa af glærुकynningu fyrir framkvæmdastjórnarfund hjá Eimskip. Var þar um að ræða áætlun flutningastýringadeildar Eimskips fyrir árið 2009. Þar er talað um „*solid financial status and cash flow*“ hjá Eimskip. Um „*market dynamics*“ segir eftirfarandi í þessari kynningu Eimskips:

- „*Atlantsskip no longer operating own vessels*“
- *Eimskips vs. Samskip duopoly in the liner market*“

3230. Samkvæmt framangreindu taldi Eimskip að markaðurinn fyrir sjóflutninga til og frá Íslandi væri tvíkeppnismarkaður. Hið sama kom fram varðandi landflutningamarkaðinn í glærum (E)frkvstj-innanl frá 14. október 2008. Er þetta í samræmi við mat Samkeppniseftirlitsins í kafla 3. Þegar slíkar aðstæður eru fyrir hendi eru gerðar afar ríkar kröfur um sjálfstæði keppinauta, sbr. m.a. umfjöllun í kafla 4.6.3.2. Rétt er taka hér almennt fram og árétta að ítrekuð samskipti æðstu stjórnenda Eimskips og Samskipa (m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl , (E)frkvstj-innanl, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-innanl) á síðari hluta ársins 2008 voru sem slík í beinni andstöðu við kröfu um sjálfstæði keppinauta á fákeppnismarkaði og unnu gegn æskilegri óvissu og þar með samkeppni.

3231. Á glæru um „*Action plan*“, í sömu glærुकynningu Eimskips frá 16. október 2008, segir (14. liður):

¹⁶⁹⁰ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. Dagbók [...]. „*Greiningarvinna Ameríkuleið*“ [...] Doc. ID. 0.7.33.628915. Fram kemur í fundarboði frá [...]: „*Störtum saman greiningarvinnu vegna Ameríkuleiðar út frá forsendum að fækka í eitt skip og sigla á þriggja vikna fresti*“.

¹⁶⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.676466.



„Assist in establishing a terminal operation at Grundartangi for Nordural including loading/discharging for S-line [Samskip] because of Elkem cargo -31. march 2009.“¹⁶⁹²

3232. Í þessu samtímagagni stjórnenda Eimskips var þannig lagt til grundvallar að Eimskip myndi annast hafnarþjónustu fyrir Samskip vegna flutninga fyrir Elkem á Grundartanga. Í mgr. 974 í athugasemdum Samskipa við AI er hins vegar staðhæft að fyrirtækið hafi hvorki átt í samskiptum við Eimskip varðandi hafnarþjónustu á Grundartanga né nýtt sér hafnarþjónustu Eimskips. Samskip fjalla hins vegar ekki um ástæðu þess að umræddir stjórnendur töldu rétt að leggja það til grundvallar í áætlun flutningastýringadeildar Eimskips fyrir árið 2009 að þessi þjónusta yrði innt af hendi fyrir Samskip.
3233. Að mati Samkeppniseftirlitsins ber hér að rifja upp gögn frá Samskipum þar sem rætt er um Eimskip í tengslum við flutninga fyrir Elkem, sbr. kafla 8.13.1 og 8.16.2.3, 8.16.9, 8.17.5, 8.17.6 og 8.17.8. Einnig ber að rifja upp „Nýtt upphaf“ glærur (E)forstj frá 9. júní 2008 um samstarf í skipaafgreiðslu en þar var gert ráð fyrir að kanna hagkvæmni samstarfs Samskipa og Eimskips m.a. á Grundartanga, sbr. kafla 7.5.4. Samkeppniseftirlitið bendir auk þess á að framangreind glærुकyning Eimskips 16. október 2008 var send til m.a. (E)frkvstj-flutnkerf sem hafði áður og átti næstu daga í ítrekuðum samskiptum við stjórnendur Samskipa varðandi samráðsverkefnið. Umrædd glæra er skýr og gefur til kynna að unnið var að aukinni samvinnu við Samskip. Gefur framangreint gagn frá Eimskip því til kynna áframhaldandi vinnu sem tengdist samráðsverkefninu.
3234. (S)forstö-innfl1 sendi kl. 11:46 þann 16. október 2008 tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv. Í honum sagði: „Hér er núgildandi neyðarsamkomulag við Eimskip. Ég er að skrifa upp tillögu að nýju samkomulagi. Heyrði í [(E)forstö-innfl] í morgun og þeir munu taka nokkra gáma fyrir okkur í næstu viku frá Reykjavík til Færeyja. Hann gaf mér engin verð í það, þó að ég hafi beðið hann um það. Hann sagði að þau verð yrðu að vera svipu[ð] og þau sem þeir hafa beðið okkur um frá Reyðarfirði til Færeyja. Það er ljóst að við þurfum að svara þeim va[r]ðandi þá flutninga áður en við getum gengið frá nýju samkomulagi við þá. Það flækir málið!“¹⁶⁹³
3235. Skömmu síðar (kl. 11:58) sendi (S)forstö-innfl1 annan tölvupóst („Samningar í ISK“). Fjallaði sá tölvupóstur um hækkun á verði og var hann til (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl. Í honum sagði (S)forstö-innfl1 : „Hér er listi yfir þá samninga sem eru með sjóflutninga í ISK. Vífilfell er í ISK, ég hafði rangt fyrir mér í morgun. Ég mun byrja á því að stilla upp núgildandi samningsverðum og tillögu að CAF hækkun. Síðan er bara að stilla upp heimsóknarplani fyrir þessa viðskiptavinum“. (S)forstj svaraði kl. 13:43: „Sælir – mikið og stórt verk sem við vindum okkur í, þú skiptir liði, bókar fundi og við keyrum í verkið.“¹⁶⁹⁴ Skjal sem (S)forstö-innfl1 sendi með tölvupósti til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv 28. október 2008 sýnir framgang þessara verðhækkunaraðgerða Samskipa gagnvart stórum viðskiptavinum fyrirtækisins m.a. varðandi CAF (e. currency adjustment factor)¹⁶⁹⁵ hækkunarir, sbr. umfjöllun hér á eftir um skjal með heitinu „Staða fyrirtækja okt 08“. Á sama tíma unnu lykilstjórnendur Eimskips að aðgerðum sem einnig miðuðu að því að færa gengisáhættu yfir til viðskiptavina.
3236. Líkt og hjá Eimskip var þannig innan Samskipa áfram rætt um heimsóknir til viðskiptavina til að ná fram verðhækkunum. Hjá Eimskip var í þessu samhengi rætt um að „toga út“ verðhækkun, sbr. kafla 8.19.1. Hjá Samskipum var rætt um að „troða“ sérstöku viðbótargjaldi (FAF) á alla kúnna, sbr. kafla 8.15.10. Samkvæmt framansögðu var ákveðið að „keyra“ á þessa verðhækkun skömmu eftir að (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl höfðu rætt saman að morgni 16. október 2008. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að „Nýtt upphaf“ verkefnið og hin ítrekuðu samskipti stjórnenda fyrirtækjanna gáfu þeim m.a. kjark til þess að reyna að ná fram verðhækkunum. Sökum þessa þurftu fyrirtækin t.d. síður að óttast að helsti keppinautur þeirra, hvors um sig, myndi reyna að nýta sér

¹⁶⁹² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Operation div budg 2009 NO 6.ppt“ Titill: „Operation Division“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.24747.

¹⁶⁹³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.676680.

¹⁶⁹⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.515434.

¹⁶⁹⁵ Gjaldmiðilsbreytingarlíður. Áhætta af þróun gjaldmiðils færð til viðskiptavinar.



óánægju viðskiptavina með hækkun með því að bjóða betur í því skyni að ná til sín auknum viðskiptum.

3237. (S)forstö-innfl1 sendi (S)frkvstj-millilandasv með tölvupósti tillögu að „útvíkkuðu“ neyðarsamkomulagi Samskipa og Eimskips rétt fyrir miðnætti þann 16. október 2008. Í tölvupóstinum sagði:

„Hér er það sem ég hef sett á blað. Það þarf að taka annan snúning á þessu. Eins og staðan er í dag þá eru þessir flutningar alltaf háðir samþykki forstöðumanna inn og útflutningsdeildar félagana. Þannig virkar þetta í dag. Ef við ætlum hins vegar að fara að flytja meira með þeim [Eimskip] s.s. frá Reykjavík til Færeyja og kannski frá Noregi til Reykjavíkur þá þurfum við að koma öðru ferli á hlutina. Ræðum á morgun.“¹⁶⁹⁶

3238. Samkvæmt tölvupósti (S)forstö-innfl1 til (S)frkvstj-millilandasv kl. 11:46 höfðu hann og (E)forstö-innfl1 rætt um gagnkvæma flutninga, annars vegar flutninga Eimskips fyrir Samskip milli Reykjavíkur og Færeyja og hins vegar flutninga Samskipa fyrir Eimskip milli Reyðarfjarðar og Færeyja. Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 kl. 23:26 staðfestir að aukið samstarf Eimskips og Samskipa í flutningum var til skoðunar og taldi (S)forstö-innfl1 að þörf væri á því að breyta verklagi sökum þess. Þessar umræður milli Eimskips og Samskip og innan Samskipa voru í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins.

3239. Sama dag og fyrrnefndir stjórnendur fyrirtækjanna unnu að samráðinu í sjóflutningum komu (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl á fund Samkeppniseftirlitsins, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.

8.19.5. Atvik 17. – 19. október 2008

3240. Viðskiptastjóri í innflutningsdeild Samskipa sendi kl. 13:45 þann 17. október 2008 tölvupóst til yfirmanns síns, (S)forstö-innfl1. Spurði hann hvort ekki væri þörf á því að huga að breytingum á verði í ljósi þeirrar verðlækkunar sem hafði orðið á flutningum frá Austurlöndum fjær til Evrópu. (S)forstö-innfl1 svaraði þremur dögum seinna og sagði:

„Getur þú boðað fund þegar við erum búin að fá quote frá Eimskip.“¹⁶⁹⁷

3241. Var (S)forstö-innfl1 þannig ekki reiðubúinn að huga að verðlækkun fyrr en að fengnum upplýsingum frá Eimskip. Ber að virða þetta í samhengi við „Nýtt upphaf“ verkefnið og samskipti Samskipa og Eimskips á þessum tíma og styður að um ólöglegt samráð fyrirtækjanna hafi verið að ræða.

3242. Í mgr. 976-977 í athugasemdum Samskipa við AI er því mótmælt að framangreind gögn gefi ólöglegt samráð til kynna. Eins og rökstutt er m.a. í kafla 25.24-25.25 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á sjónarmið Samskipa.

3243. Eins og áður sagði sendi (S)forstö-innfl1 kl. 23:26 þann 16. október 2008 tillögu til (S)frkvstj-millilandasv að „útvíkkuðu“ neyðarsamkomulagi. Daginn eftir, kl. 11:48, svaraði (S)frkvstj-millilandasv tölvupósti (S)forstö-innfl1 : „Sæll er þetta ekki fínt svona – ég bætti smá texta inn í setninguna um ástæður samkomulags. Svo þarf bara að setja inn tillögur að verðum. Varst þú kominn með e-a tillögur.“¹⁶⁹⁸

3244. (S)forstj sendi fundarboð þennan dag til (S)frkvstj-innanl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-fjárm. Heiti fundarboðsins var „Staðan í vikulok“. Fundinn skyldi halda kl. 15 og á honum átti að ræða eftirfarandi:

1) Siglingakerfi-(S)frkvstj-millilandasv

¹⁶⁹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.677031.

¹⁶⁹⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.677542.

¹⁶⁹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.677213.



-skipa og gámapælingar

2) Fjárreiður

[...]

3) Innanlands

-yfirlit yfir aðgerðir sem búið er að grípa til, hverju skila \$

-aksturstæki nýting

-umræður um landflutninga almennt

[...]

5) Söllumál/strategía út á markaðinn

-status

-næstu skref".

6) ebitda sept/okt/nóv

-ræðum yfir kaffibolla útlit og horfur".¹⁶⁹⁹

3245. Ljóst er að þarna boðaði **(S)forstj** aðra stjórnendur Samskipa á fund til að fara yfir „stöðuna“. Var þar áframhaldandi umræða um atriði sem tengdust samráði við Eimskip t.d. varðandi siglingakerfi, landflutninga og söluhegðun fyrirtækisins „út á markaðinn“, sbr. umfjöllun hér að framan t.d. um fund stjórnenda Samskipa að morgni 15. október 2008.
3246. Að því er snertir lið 6 í dagskrá **(S)forstj** fyrir fundinn, um EBITDA Samskipa hf. september-nóvember 2008, er eðlilegt að hafa í huga fyrirmæli **(S)aðaleig-stjform-SH** um að vernda skyldi Samskip hf. á Íslandi sem „cash cow“ samstæðunnar.
3247. Gögn málsins sýna að Samskip Holding stóðu og höfðu staðið frammi fyrir kröfum frá helsta lánadrottni félagsins, Fortis, um aðgerðir til að bæta fjárhagslega stöðu Samskipa Holding, sbr. kafla 6.7.1 og 8.10.1. Gögn málsins sýna að áætlun og aðgerðir Samskipa Holding gagnvart Fortis höfðu miðað m.a. að því að Samskip á Íslandi myndu standa undir langstærstum hluta af afkomu samstæðunnar í september – desember 2008. Ætla má að hrúnið í október 2008, með falli þriggja stærstu bankanna hér á landi (þ.á m. Kaupþings banka hf. þar sem **(S)aðaleig-stjform-SH** var einn af stærstu hluthöfunum gegnum tengd félög hans), hafi sett ennþá meiri þrýsting en áður á stjórnendur og aðaleiganda Samskipa samstæðunnar (**(S)aðaleig-stjform-SH**) til þess að grípa til hvers konar aðgerða til að afkoma Samskipa á Íslandi yrði, þrátt fyrir erfitt ytra umhverfi, ásættanleg fyrir bankann þessa lokamánuði árið 2008. Þetta endurspeglast vel í fundargerð frá fundi stjórnar Samskipa Holding 4. nóvember 2008, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.3.
3248. **(S)frkvstj-millilandasv** vistaði kl. 15:28 þann 17. október 2008 nýja útgáfu að „útvíkkuðu neyðarsamkomulagi“ við Eimskip.¹⁷⁰⁰ Í þessari útgáfu var verð í evrum komið inn, sbr. eftirfarandi skjámynd af gagninu:

¹⁶⁹⁹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.515987. [...] Doc. ID. 0.7.33.517009.

¹⁷⁰⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.31479.



Neyðarsamkomulag um gámaflutninga

Eimskip og Samskip gera með sér eftirfarandi samkomulag um gámaflutninga á með skipum félaganna.

Samningur þessi er útvíkkun á gildandi neyðarsamkomulagi á milli félaganna dagsett 31.11.2001. Ástæða þessarar útvíkkunar er ótryggt ástand á fjármálamarkaði og óvissa í efnahagsmálum Íslendinga sem meðal annars hefur leitt til gríðarlegs samdráttar í flutningum einkum til landsins. Vegna þessara breyttu aðstæðna vilja félögin hafa möguleika á að hagræða í rekstri og nýta flutningakerfi hvors annars í meira mæli en áður. Samningur þessi tekur því ekki eingöngu til flutninga sem skapast vegna bilana skipa, strands og annarra óviðráðanlegra orsaka, heldur tekur nú til almennra flutninga félaganna án skilyrða.

Flutningsgjöld innan Evrópu og til og frá Íslandi verða eftirfarandi:

	20'DC	40'DC	20'RF	40'RF
Fullir gámar	€ 300,-	€ 500,-	€ 300,-	€ 500,-
Tómir gámar	€ 150,-	€ 150,-	€ 150,-	€ 150,-

Innifalið í ofangreindum flutningsgjöldum er flutningur úr stæðu í lestunarahöfn í stæðu í losunarahöfn þess skipafélags sem annast flutninginn. Útskipun og uppskipun á Íslandi og THC erlendis er innifalið í flutningsgjaldi svo og með óttaka af bíl og afhending á bíl (þ.e. gate-gate). Staðsetningar- og öryggisgjald eru einnig innifalin í flutningsgjaldi.

Þjónustukaupandi greiðir BAF samkvæmt gjaldskrá.

Innifalið í flutningsgjaldi er 7 daga geymsla á gámaavelli á báðum endum.

Vörugjöld greiðast sérstaklega af þjónustukaupanda á flutningum á milli Íslands og annara landa svo og milli hafna í Evrópu

Samkomulag þetta gildir þar til annar hvor aðili samkomulagsins segir því upp með 14 daga fyrirvara

Reykjavík 17.10.2008

3249. Þann 20. október 2008 sendi [\(S\)frkvstj-millilandasv](#) drög að „útvíkkuðu neyðarsamkomulagi“ til [\(E\)frkvstj-flutnkerf](#), sbr. nánar hér á eftir.
3250. Við skýrslutöku hjá lögreglu voru þessi drög að „útvíkkuðu neyðarsamkomulagi“ borin undir [\(S\)frkvstj-millilandasv](#) og hann beðinn um að útskýra þau. Svaraði hann svo:
- [\(S\)frkvstj-millilandasv](#) Nei, ég held ég kommenteri ekkert á þetta.
- HS Nei. Komst þú að gerð skjalsins?
- [\(S\)frkvstj-millilandasv](#) Ég ætla ekkert að tjá mig um það.¹⁷⁰¹
3251. Við skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst [\(S\)forstj](#) ekki vita hver hafi samið þetta skjal. Jafnframt kvaðst hann ekkert vita um samskipti eða samningaviðræður við Eimskip vegna þessa skjals. Engu breytti

¹⁷⁰¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 51.



þótt **(S)forstj** væri gerð grein fyrir samskiptum **(S)frkvstj-millilandasv** og **(E)frkvstj-flutnkerf** vegna skjalsins. Bar hann áfram við þekkingarleysi.¹⁷⁰²

3252. Við skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst **(E)forstj** ekki hafa séð þessi drög að samningi og staðhæfði að þetta hafi ekki verið rætt við hann. Var hann sérstaklega spurður að því hvort **(E)frkvstj-flutnkerf** hafi rætt þetta við hann en **(E)forstj** neitaði því.¹⁷⁰³ Aðspurður við skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst **(E)frkvstj-alþjvs** ekki þekkja þetta skjal og ekki hafa haft neina aðkomu að gerð þess.¹⁷⁰⁴
3253. Samkvæmt framangreindu neitaði **(S)frkvstj-millilandasv** að tjá sig um þetta skjal sem hann samdi með **(S)forstö-innfl1**. Jafnframt setti enginn framangreindra stjórnenda Eimskips og Samskipa fram athugasemdir eða skýringar við skýrslutöku hjá lögreglu um þessa fyrirhuguðu auknu samvinna fyrirtækjanna. Horfa ber til þessa.
3254. Samkvæmt þessum drögum **(S)frkvstj-millilandasv** að „útvíkkuðu neyðarsamkomulagi“ stóð til að auka samstarf Samskipa og Eimskips í sjóflutningum til og frá Íslandi og var það í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ samráðsverkefnisins.
3255. Hvorki Samskip né Eimskip afhentu við rannsókn málsins umrædd drög að þessu samkomulagi, líkt og fyrirtækjunum bar að gera samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga. Fjallað er um brot Samskipa gegn 19. gr. í kafla 23 í ákvörðun þessari. Með sátt Samkeppniseftirlitsins við Eimskip viðurkennir fyrirtækið m.a. að hafa brotið gegn 19. gr. við rannsókn málsins með því að hafa ekki veitt nauðsynlegar eða réttar upplýsingar eða afhent gögn í þágu rannsóknarinnar, sbr. 2. gr. sáttar við Eimskip dags. 16. júní 2021.
3256. Í mgr. 927 í athugasemdum Samskipa við AI staðhæfir fyrirtækið að ekkert hafi orðið af samstarfi Samskipa við Eimskip vegna sjóflutninga frá Reyðarfirði til Færeyja. Líkt og rakið er í kafla 25.24.1 er ekki fallist á þau sjónarmið Samskipa. Jafnvel þó það væri rétt hjá Samskipum þá hefur það að mati Samkeppniseftirlitsins ekki þýðingu varðandi mat á ólögmati háttsemi Samskipa skv. 10. gr. samkeppnislaga á þessum tíma enda höfðu fyrirtækin með „Nýtt upphaf“ verkefninu og ítrekuðum samskiptum gerst sek um aðgerðir sem höfðu það að markmiði að raska samkeppni á íslenskum flutningamarkaði.
3257. Hvað varðar samstarf Samskipa og Eimskips milli Reykjavíkur og Færeyja þá liggur að það var fyrir hendi eða því komið á, sbr. umfjöllun í kafla 9.12.2. Var það hluti af samráði fyrirtækjanna. Vísast hér t.d. til tölvupósts, dags. 27. október 2008, þar sem Einingaverksmiðjan sendi flutningsbeiðni til Samskipa vegna sjóflutninga á vörum frá Reykjavík til Færeyja. Daginn eftir svaraði starfsmaður Samskipa og upplýsti að Samskip væru hætt að sigla milli Reykjavíkur og Færeyja. Í svörum Einingaverksmiðjunnar segir:
- „Í gær fengum við að vita að Samskip myndi halda áætlun í samráði við Eimskip. Að við gætum pantað gáma hjá Samskip sem síðan færu með Eimskip. Er það rétt? Eða er engin þjónusta hjá Samskip til Færeyja?“*
3258. Starfsmaður Samskipa svaraði samdægurs og staðfesti framangreint þegar um væri að ræða hefðbundna gáma. Nánar tiltekið sagði í svari Samskipa: „Við getum sent með Eimskip gáma sem eru ekki með yfirstærðum. [...]“.¹⁷⁰⁵ Má geta þess að samkvæmt afhentum upplýsingum Samskipa hafði fyrirtækið ekki tengingu milli Reykjavíkur og Færeyja fyrr en leið undir lok megin samráðstímabilsins, eða í mars 2013, en þá gerðu Samskip á ný breytingu á Leið 2.
3259. **(S)forstj** sendi þann 19. október 2008 tölvupóst til **(S)frkvstj-innanl** og bað hann um að útbúa glæru sem myndi innihalda „*yfirlit yfir aðgerðir sem búið er að grípa til sem og mjög gróft væntan ávinning*“

¹⁷⁰² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 60-61.

¹⁷⁰³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 220.

¹⁷⁰⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 94.

¹⁷⁰⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.817873.




þar sem við á, er með stjórnarfund í fyrramálið¹⁷⁰⁶. Varðandi vísan (S)forstj hér til ávinnings ber að hafa í huga ummæli hans í tölvupósti til (S)frkvstj-millilandasv frá 30. ágúst 2008 um „stóru myndina“ og þar sem hann sagði m.a. eftirfarandi: „Árin 2006 og 2007 voru félaginu góð, en afkoma má samt ekki verða mikið slakari en afkoma var þau árin, hún þarf að vera amk 1,2 - 1,5 mia per ár, og við verðum að bregðast við þannig að árin 2008, 2009 og 2010 verði ekki fjarri því, þó ytra umhverfi verði snúið“, sjá nánari umfjöllun í kafla 8.15.11. Einnig vísast til fjárhagslegs markmiðs í bónussamningi Samskipa og (S)forstj, sbr. umfjöllun í köflum 6.7.3.3 og 7.6.1 hér að framan í ákvörðuninni og fyrirmæla (S)aðaleig-stjform-SH til stjórnenda Samskipa (þ.á m. (S)forstj) 18. mars 2008 um að vernda ætti Samskip á Íslandi sem „cash cow samstæðunnar“, sbr. umfjöllun í kafla 6.7.

3260. Að kvöldi 19. október 2008 sendi (S)frkvstj-innanl umbeðna glæru.¹⁷⁰⁷ Þar kom fram þessi lýsing á hækkunaraðgerðum sem þegar var búið að hrinda í framkvæmd ásamt aðgerðum sem átti eftir að ráðast í:

Aðgerðir á innanlandssviði

- **Loknum aðgerðum**
 - Almenn verðskrá
 - 8,5% 1. maí ca 40 m á eigin leiðum.
 - 5,5% 1. sep alm. verðskrá auk innleiðings meðhöndlunargjalds pr. flutningseiningu (nú 107 kr) ca 25-30 milljónir á eigin leiðum sep t.o.m des (þar af meðhöndlunargjald ca 12 m), Meðh.gjaldið skilaði 4,8 mio í sept.
 - FAF í landflutningi
 - Landflutningur umfram áætlun (uppr. 3,89% - nú 962% í okt 08) – sértækar viðbætur/breytingar umfram eru :
 - Hækkun umfram 13% júlí (4 m á mán)
 - FAF inn í samninga (3 m á mán)
 - FAF í lcl - ca 0,8-1 m. pr. mánuð í viðbót
 - Fækkun stöðugilda
 - Fækkun nemur um 5 stöðugildum
 - Aðhald á yfirvinnu + hagræðing um 2 stöðugildi á LS palli, áætlað að skili 1,5-2 mio á mánuði
 - Ferskur fiskur
 - Hækkanir samninga (skilar 10-12 m á ársgrundvelli) – innleitt 1. okt 2008
 - Aðkeyptur akstur
 - Endurskoðuð áætlun og teygt á þjónustustöðlum bæði í lcl sem og fcl akstri, áætlað að skili um 10 mio netto í sparnað.
- **Komandi aðgerðir það sem eftir er árs**
 - Ferskur fiskur
 - Karagjald í landfl. 15-20 milljónir á ári – innleitt 1. nov 2008
 - Áframhaldandi fækkun stöðugilda 6,5 á haustmánuðum (starfsmenn á uppsagnarfresti á haustmánuðum)



3261. Líkt og í framangreindum glærum (E)frkvstj-innanl, sem hafði ítrekað fundað með (S)frkvstj-innanl, („Innanlandssvið – rekstraráætlanir 2009 - GNI/DOM -14. október 2008.“)¹⁷⁰⁸ kom í glæru (S)frkvstj-innanl fram mikil áhersla á hækkun verðs og aukna gjalddöku af viðskiptavinum í landflutningum. Endurspeglar þessi samhliða áhersla fyrirtækjanna á hækkun verðs það ólögmeta samráð sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.

¹⁷⁰⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.516665.

¹⁷⁰⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „aðgerðir innanlands okt 08.ppt“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.516746.

¹⁷⁰⁸ Sjá kafla 8.19.2.



8.19.6. Fundur með Samkeppniseftirlitinu 16. október 2008

3262. Auk framangreindra samskipta milli (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl þann 16. október 2008 áttu sér stað önnur samskipti milli fyrirtækjanna þennan sama dag. Svo bar við að (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl komu á fund Samkeppniseftirlitsins vegna mögulegs samstarfs Samskipa og Eimskips á landflutningamarkaði.

3263. Varðandi þennan fund með Samkeppniseftirlitinu ber fyrst að hafa í huga þær upplýsingar sem fyrirtækin hafa veitt eftirlitinu við rannsókn þessa máls. Í bréfi Samskipa, frá 14. janúar 2016, var greint frá því að (S)forstö-landfl minntist þess að hafa átt samskipti við Eimskip í árslok 2008 eða ársbyrjun 2009. Hafi þau samskipti tengst „staðbundnum flutningum á Austurlandi“. Upplýstu Samskip einnig að (S)forstö-landfl minntist „samskipta sem starfsmenn umbjóðenda míns og Eimskips áttu við forsvarsmenn Samkeppniseftirlitsins vegna þessa haustið 2008.“

3264. Samkeppniseftirlitið óskaði eftir nánari upplýsingum um framangreint. Í bréfi Samskipa frá 24. nóvember 2017 sagði eftirfarandi um þessi samskipti:

„Eins og tilgreint var í bréfi umbjóðanda míns frá 14. janúar 2016 þá lutu þau samskipti að viðskiptum félaganna tveggja á Austurlandi en til þessa hefur verið vísað í fyrri samskiptum umbjóðanda míns við Samkeppniseftirlitið, bæði í tilefni af þessari rannsókn og rannsókn stofnunarinnar á landflutningamarkaði fyrir allnokkrum árum síðan.

Eins og [(S)forstö-landfl] man best þá var aðdragandi umræddra samskipta sá að [(S)frkvstj-innanl], þáverandi framkvæmdastjóri innanlandssviðs Samskipa, átti fund með starfsmönnum Samkeppniseftirlitsins, líklega í árslok 2008. [(S)forstö-landfl] telur að þann fund hafi einnig setið [(E)frkvstj-innanl], framkvæmdastjóri hjá Eimskipi. Á fundinum hafi verið reifaðar hugmyndir félaganna um viðskipti á Austfjörðum. Á þessum tíma lá fyrir að rekstur félaganna beggja var afar þungur, gripið hafði verið til uppsagna og margvíslegra aðgerða til að draga úr kostnaði, í því skyni að tryggja rekstrarhæfi. Kostnaður af flutningum á Austfjörðum var umbjóðanda mínum einstaklega þungur. Svæðið er erfitt yfirferðar og viðskipti umbjóðanda míns takmörkuð. Eimskip hafði þá, og hefur enn, yfirburðastöðu í flutningum á svæðinu. Af hálfu umbjóðanda míns hefur ávallt verið lögð á það áhersla að geta boðið flutninga hvert á land sem er, hvort sem það er þá gert á eigin vegum, með samningum við verktaka eða í þessu tilviki með samningum við Eimskip.

Í kjölfar umrædds fundar forsvarsmanna félaganna með Samkeppniseftirlitinu fékk [(S)forstö-landfl] þau skilaboð að leita samninga við Eimskip um flutninga milli Reyðarfjarðar og Norðfjarðar. Gekk það eftir og keypti umbjóðandi minn því umrædda þjónustu af Eimskipi. Varan var þá flutt af umbjóðanda mínum, ýmist með eigin flutningatækjum eða með samningum við verktaka til Reyðarfjarðar. Eimskip annaðist flutning þaðan og til Norðfjarðar.

Eftir því sem [(S)forstö-landfl] best man þá var haldinn fundur á starfsstöð Eimskips á Eskifirði í aðdraganda þessara viðskipta. [(S)forstö-landfl] minnst þess að [(S)rekststj-landfl3], sem þá gegndi tímabundið starfi rekstrarstjóra á Austurlandi, hafi komið með honum til fundarins. Af hálfu Eimskips hafi líklegast hist fyrir [(E)svæðisstj1] og [(E)bjstj-Austur]. [(S)forstö-landfl] getur ekki tímasett fundinn nákvæmlega enda hefur hann engan aðgang að dagbókargögnum frá þessum tíma [...] Hann telur líklegast að þetta hafi verið í desember 2008 eða janúar 2009. Þar sem erindið var í eðli sínu einfalt, þ.e. beiðni um kaup á þjónustu á umræddri leið, þá veit [(S)forstö-landfl] ekki til þess að nokkur gögn hafi orðið til vegna þessa, hvorki fundargögn né samningar. Hins vegar hafa eðli málsins samkvæmt verið gefnir út reikningar vegna viðskiptanna.“

3265. Í janúar 2015 var óskað eftir því að Eimskip veittu upplýsingar um samskipti tilgreindra stjórnenda. Eimskip afhenti þær upplýsingar ekki. Eftir að framangreindar upplýsingar Samskipa frá 14. janúar 2016 voru bornar undir Eimskip segir þetta í bréfi frá fyrirtækinu dags. 13. október 2017:



„Umbjóðendur okkar geta ekki staðfest að umræddur „fundur“ hafi átt sér stað, dagsetningu, eða hverjir hafi setið mögulegan fund. Þá finna umbjóðendur okkar engin gögn sem tengjast nefndum samskiptum.

Hins vegar skal þess getið að þjónustustjóri Flytjanda á Reyðarfirði, [(E)þjstj-Austur]¹⁷⁰⁹, rekur minni til þess að nefndur [(S)forstö-landfl], ásamt mögulega [(S)rekststj-landfl2], starfsmanni Samskipa, hafi á einhverjum tímapunkti, mögulega þeim sem ræðir í beiðninni, komið á skrifstofu Flytjanda að eigin frumkvæði, í þeim tilgangi að ræða viðskipti Samskipa við Flytjanda á Austurlandi. Nánar tiltekið hafi verið um að ræða deilur um fjárhæð reikninga, sem Flytjandi hafi gefið út á Samskipa vegna tiltekinna viðskipta. Eftir því sem þjónustustjórinn best man lauk því þannig að reikningarnir sem gefnir voru út hafi staðið og verið greiddir.

Tekið skal fram að þar sem um afar langt er liðið, og engra gagna nýtur um þetta, er þessi lýsing alfarið byggð á minni þjónustustjórans."

3266. Eins og fjallað verður um hér á eftir er það rangt hjá Samskipum að fjallað hafi verið sérstaklega um mögulega samvinnu Eimskips og Samskipa á Austurlandi á fundinum með Samkeppniseftirlitinu þann 16. október 2008. Þá er það einnig rangt hjá Samskipum að umrædd samskipti fyrirtækisins við Eimskip vegna Austurlands hafi átt sér stað eftir 16. október 2008 (sögð hafa átt sér stað „í desember 2008 eða janúar 2009“). Umrædd samskipti áttu sér stað í september 2008. Vísast um þetta til umfjöllunar t.a.m. í kafla 8.16.4 hér að framan. Samkvæmt skýrum samtímagögnum, sem þar er lýst, kom „sendinefnd“ frá Samskipum og hitti (E)svæðisstj1 og (E)þjstj-Austur þann 9. september 2008. (S)forstö-landfl og (S)rekststj-landfl3 voru fulltrúar Samskipa í „sendinefndinni“ og samkvæmt tölvupósti (E)svæðisstj1, sem hann sendi sama dag og fundinum lauk, ákváðu fyrirtækin að kanna samvinnu í flutningum m.a. á Austurlandi. Þann 16. september 2008 greindi (E)svæðisstj1 (E)frkvstj-innanl frá því að Samskip og Eimskip væru búin að ná samkomulagi um samvinnu á Austurlandi og daginn eftir hittust (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl í Smáralind þar sem rætt var um frekara ólöglegt samráð milli fyrirtækjanna í landflutningum, sbr. kafla 8.16.7. Framangreindar lýsingar Eimskips og Samskipa, í bréfum til Samkeppniseftirlitsins, eru því í ósamræmi við þessi samtímagögn og þar að auki ber þeim ekki saman. Að mati Samkeppniseftirlitsins er því ekki unnt að leggja þessar lýsingar til grundvallar. Í þessu sambandi skal þess getið að í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið viðurkennir fyrirtækið „að hafa brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga með því að hafa ekki veitt nauðsynlegar eða réttar upplýsingar eða afhent gögn í þágu rannsóknar Samkeppniseftirlitsins.“
3267. Í mgr. 980 og áfram í athugasemdum Samskipa við AI segir að lýsing (S)forstö-landfl á atvikum haustið 2008 hafi verið sannleikanum samkvæm og gefið rétta mynd af atvikum, þrátt fyrir að vera ekki nákvæm um öll atriði, enda hafi (S)forstö-landfl ekki stuðst við gögn og sagt frá eftir eigin minni. Eru Samskip ósammála því að frásögnin sé ótrúverðug og að ekki sé hægt að leggja hana til grundvallar enda sé lýsing (S)forstö-landfl rétt um þá heildarmynd sem þar er lýst. Eðli málsins samkvæmt hafi dagsetningar hins vegar ekki verið nákvæmar og fyrirvarar hafðir á þeim í svörum Samskipa. Sjónarmið Samskipa fá ekki breytt þeirri niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að ekki sé hægt að leggja lýsingu Samskipa til grundvallar um atvik í tengslum við fund (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl með Samkeppniseftirlitinu 16. október 2008.
3268. Sem fyrr segir áttu bæði yfirmenn innflutnings ((S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl) og yfirmenn landflutninga ((E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl) samskipti 16. október 2008. Hinir síðarnefndu komu á fund Samkeppniseftirlitsins vegna mögulegs samstarfs á landflutningamarkaði. Var lögmaður með þeim. Fundurinn var haldinn að beiðni Eimskips og Samskipa. Ber hér að hafa í huga minnisblað Logos frá 10. október 2008 og önnur atvik sem lýst er í kafla 8.17.15.
3269. Samkeppniseftirlitið hélt fundargerð vegna fundarins 16. október 2008 og í henni segir:

¹⁷⁰⁹ Í bréfi Eimskips er starfsmaðurinn nefndur [...]. Samkeppniseftirlitið telur að þetta sé misritun. Átt sé við [...], sbr. m.a. þau atvik sem áttu sér stað 8. og 9.09.2008 varðandi samráð í landflutningum, sbr. kafla 8.16.4 hér að framan.



„[Lögmaður] bað um fund vikunni áður vegna innanlandsflutningamarkaðarins fyrir hönd [(S)frkvstj-innanl] og [(E)frkvstj-innanl]. Tilgangur með fundinum var að láta SKE vita að þessi fyrirtæki væru að ræða saman um samstarf eða samruna á þessum markaði. Sögðu að væri ekki bara ástandið núna heldur hefði þetta verið skoðað áður en efnahagssamdrátturinn kom til sögunnar. Þannig væri langt í land að fyrirtækin væru að ná endum saman á þessum markaði og báðir sjái ekki fyrir sér að geta verið áfram með sömu starfsemi.

Tilgangurinn með samstarfinu væri að tryggja að flutningar væru úti á landi með viðunandi þjónustustigi fyrir kostnað sem væri ásættanlegur til lengri tíma litið. Þá væru þessir framleiðsluþættir betur nýttir.

Tveir möguleikar sem þeir höfðu hugsað sér.

1) Stofna JV¹⁷¹⁰ – báðir leggðu þá sína starfsemi inn í það, þ.e. strúktúrinn, afgangslustöðvarnar og bílana en væru áfram í samkeppni um viðskipti. Þá yrði sjálfstæð stjórn í félaginu og óháður framkvæmdastjóri og höft væru á upplýsingaflæði þannig að ekki bærust upplýsingar á milli S og E. Þannig væru múraákvæði og takmörkuð samskipti. Óháðir stjórnarmenn.

2) Samnýta afgangslustaði + innansvæðisdreifingu – þannig þyrfti undanþágu frá 10. gr. Í stað tveggja dýrra kerfa væri eitt, sem neytandi ætti að græða á á endanum. Sbr. olúflutningamál á Keflavíkurflugvelli.

Þeir töldu að litlar aðgangshindranir væru á þessum markaði, auðvelt væri að stofna flutningafyrirtæki, eina sem þyrfti væri bíll. T.d. Westfrakt nýkomið inn og Íslandspóstur. Þannig væri mikil samkeppni á þessum markaði og nefndu þeir eftirtalin fyrirtæki ...

Næsta skref þeirra er að senda inn upplýsingar um fjárhagslega stöðu fyrirtækjanna.¹⁷¹¹

3270. Eins og bent er á hér að framan er ljóst að þegar fyrirhugað samráð Eimskips og Samskipa tók slíka áþreifanlega og auðsýnilega mynd töldu fyrirtækin nauðsynlegt að óska eftir undanþágu frá banni samkeppnislaga um ólögmeitt samráð keppinauta, sbr. og glærur (E)frkvstj-innanl frá 30. september 2008 og minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv dags. 7. og 9. júlí 2008.
3271. Á fundinum var Samkeppniseftirlitinu ekki gerð grein fyrir „Nýtt upphaf“ verkefninu, hvorki í heild né að hluta. Var þannig ekki gerð grein fyrir t.d. ítrekuðum samskiptum helstu stjórnenda fyrirtækjanna og að (E)frkvstj-flutnkerf hafi, deginum á undan, lýst því yfir við (S)frkvstj-millilandasv að Eimskip væri tilbúið að „skoða allt“ varðandi aukið samráð fyrirtækjanna í sjóflutningum. Ekki var heldur greint frá samkomulaginu og markaðsskiptingu í landflutningum sem náðist í kjölfar þess að „sendinefnd“ frá Samskipum kom á fund Eimskips þann 9. september 2008. Ekki var upplýst um framangreind drög, dags. 17. september 2008, að samningi um víðtækt samstarf Eimskips og Samskipa í landflutningum. Ekki var heldur upplýst um verðtilboð Samskipa til Eimskips vegna sjóflutninga, sbr. tölvupóst (S)frkvstj-innanl til (E)frkvstj-innanl 18. september 2008.
3272. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)forstj spurður hvort hann hafi vitað af þessum fundi 16. október 2008. Svaraði hann svo: „Ég held að hérna að þetta hafi átt sér stað en man ekkert ýkja vel eftir því.“ Var (S)forstj þá spurður hvort samstarf Samskipa við Eimskip í landflutningum hafi verið aukið. Kvaðst hann ekkert vita um það og heldur ekki þekkja „hvað kom út úr þessum hérna fundum.“¹⁷¹² Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj spurður af hverju Eimskip hafi ekki sagt frá öðru samstarfi við Samskip á fundinum með Samkeppniseftirlitinu 16. október 2008. Svaraði (E)forstj svo: „Já ég bara veit það ekki. Ég var ekki á þeim fundi var það?“¹⁷¹³

¹⁷¹⁰ „JV“ stendur fyrir „joint venture“ eða sameiginlegt verkefni, sbr. d. liður 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

¹⁷¹¹ Fundargerð vegna fundar Eimskips og Samskipa með Samkeppniseftirlitinu 16.10.2008.

¹⁷¹² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 128.

¹⁷¹³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 231.



3273. Engin beiðni um undanþágu skv. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga barst í kjölfar fundarins. Ekki var heldur tilkynnt um samruna í t.d. formi sameiginlegs verkefnis (JV) skv. 17. gr. samkeppnislaga. Sökum þessa voru Samkeppniseftirlitinu ekki sendar upplýsingar um fjárhagslega stöðu fyrirtækjanna en eftirlitið hafði á fundinum greint frá þeim viðmiðum í samkeppnisrétti sem gilda vegna samruna fyrirtækja sem eiga við mikla örðugleika að glíma (svonefnd fyrirtæki á fallanda fæti).
3274. Þrátt fyrir að hafa ekki óskað eftir undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga er ljóst að samráð í landflutningum átti sér stað á þessum tíma. Í framangreindum glærum (E)frkvstj-innanl frá 14. október 2008 sagði:
- „Samvinna með Samskip á ýmsum flutningaleiðum – tvíhliða samningar – mikil tækifæri framundan í þessu“.*¹⁷¹⁴
3275. Þó að Eimskip og Samskipum væri þannig ljóst að samráð fyrirtækjanna í landflutningum væri aðeins heimilt á grundvelli undanþágu skv. 15. gr. samkeppnislaga (eða í formi samþykks samruna) var hinu ólögmeta samráði haldið áfram og ekki óskað eftir undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga. Samráði Samskipa og Eimskips var framhaldið með þeirri útfærslu sem þegar var komin í framkvæmd hjá fyrirtækjunum, þ.e. því samráði sem fólst í markaðsskiptingu á tilgreindum flutningaleiðum og vöruafgreiðslum. Því var viðhaldið a.m.k. allt rannsóknartímabil þessa máls.
3276. Hér skal rifja upp umfjöllun í kafla 8.17.15 þar sem (E)forstj beindi þeim fyrirmælum til (E)frkvstj-innanl að halda viðræðum áfram við Samskip um samstarf í landflutningum.
3277. Þennan sama dag og yfirmenn landflutninga hjá Eimskip og Samskipum komu til Samkeppniseftirlitsins, og daginn áður, áttu sér sem fyrr segir stað samskipti milli fyrirtækjanna varðandi aðra þætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Gerðu stjórnendur fyrirtækjanna ekki grein fyrir þessum viðræðum á fundinum með Samkeppniseftirlitinu. Nokkrum dögum síðar, eftir þessi samskipti (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl, óskaði (S)forstj eftir því að (S)frkvstj-innanl myndi greina frá verðhækkunum í landflutningum. Þá var hjá Eimskip fjallað um samvinnu við Samskip á Grundartanga, sbr. og framangreind gögn (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj sem varða m.a. Grundartanga og flutninga fyrir Járnblendiverksmiðjuna (Elkem).
3278. Í mgr. 363 og áfram í athugasemdum Eimskips við AI segir að viðbrögð Samkeppniseftirlitsins á fundinum hafi verið „dræm“ og „ólíklegt“ hafi verið „að stofnunin myndi fallast á fyrirhugað samstarf“.¹⁷¹⁵ Athugasemdir Samskipa um efni fundar (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl með Samkeppniseftirlitinu eru að meginstefnu til í samræmi við fundargerð Samkeppniseftirlitsins frá fundinum, sbr. mgr. 62-64 í athugasemdum Samskipa við AI. Samskip byggja á því að ekkert hafi orðið að fyrri hugmyndinni, um stofnun sameiginlegs verkefnis (JV), en seinni hugmyndinni, samnýtingu á afgreiðslustöðvum og innansvæðisdreifingu, hafi verið hrint í framkvæmd að mjög takmörkuðu leyti. Samskip hafi ekki óskað eftir undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga vegna þess samstarfs í ljósi óverulegs umfangs viðskiptanna.¹⁷¹⁶
3279. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á sjónarmið Samskipa, en nánar er fjallað um þau í kafla 25.24.11.

¹⁷¹⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Áætlun 2009 - Kynning DOM 14 10 2008.ppt“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. „Áætlunir DOM 2009“. [...] Doc. ID. 0.7.33.119489. Þess má geta að þessi umfjöllun á glæru [...]: „Samvinna með Samskip á ýmsum flutningaleiðum – tvíhliða samningar – mikil tækifæri framundan í þessu“ kom fram í glærुकynningu sem hann vistaði hjá sér 22.09.2008 kl. 23.11 „Innanlandsflutningar áherslur og verkefni sept 2008“.ppt. Doc. ID. 0.7.33.119489 Samanber einnig viðhengi við afritaðan tölvupóst frá [...] Doc. ID. 0.7.33.238025. Sjá einnig glærुकynningu með sömu tilvísun til tvíhliða samninga við Samskip: [...] Doc. ID. 0.7.33.428133. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Fannst í tölvugögnum [...]. „Áætlun 2009 – Kynning 29 9 2008.ppt“, dags. 06.10.2008, kl. 13.04. Doc. ID. 0.7.33.77654.

¹⁷¹⁵ Mgr. 363 og áfram í athugasemdum Eimskips við AI.

¹⁷¹⁶ Mgr. 62-64 og 597 í athugasemdum Samskipa við AI.



3280. Í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið frá 16. júní 2021 viðurkennir fyrirtækið að hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með samráði við Samskip „um landflutningaþjónustu á flutningaleiðum á Íslandi og skiptingu á mörkuðum á tilteknum flutningaleiðum.“ Tekur þessi viðurkenning til ólögmæts samráðs á megin rannsóknartímabili þessa máls (árin 2008 – 2013), sbr. 1. gr. sáttarinnar. Jafnframt kemur fram í 1. gr. sáttarinnar að Eimskip viðurkennir að fyrir 6. júní 2008 hafi verið fyrir hendi ólögmætt samráð við Samskip í m.a. landflutningum á Norðurlandi.

8.19.7. Samantekt

3281. Framangreind atvik frá 13. – 19. október 2008 ber að virða í samhengi við önnur gögn málsins, m.a. fundi Eimskips og Samskipa 14. ágúst, 5. september og 6. október 2008. Þátttakendur á þeim fundum voru (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-EimÍsl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1. Þá vísast einnig til fundar (E)frkvstj-innan og (S)frkvstj-innan í Smáralind 17. september 2008.

3282. Til undirbúnings fundinum 6. október 2008 vann (S)frkvstj-millilandasv í skjölum sem vörðuðu málefni sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið „Slotsamningar í siglingakerfinu“. Telur Samkeppniseftirlitið að á þessum fundi Eimskips og Samskipa hafi, eins og á fundinum 5. september 2008, verið rætt um þann þátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem fólst í samstarfi í sjóflutningum til og frá Evrópu. Einnig hafi verið rætt um aukið gámasamstarf fyrirtækjanna. Telur Samkeppniseftirlitið einnig að viðskiptin við Alcoa hafi verið rædd líkt og gert var á fundinum 5. september. Líkt og þegar fundurinn 5. september 2008 var haldinn er í skjölum (S)frkvstj-millilandasv (frá 6. og 7. október) að finna umfjöllun sem m.a. gefur til kynna áætlanir eða hugmyndir um skipti á stórum viðskiptavinum milli Eimskips og Samskipa í tengslum við breytingar á siglingakerfum. Á fundinum 6. október 2008 var einnig rætt um þann þátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem varðar samvinnu í flutningum til og frá Norður-Ameríku, en sú samvinna hélt áfram þrátt fyrir að engin undanþága samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga væri þá í gildi vegna hennar.

3283. Í hádeginu 13. október 2008 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv vegna aðgerða Samskipa tengdum Alcoa vegna takmörkunar á flutningsgetu og kröfu um verðhækkun. Í öðrum gögnum málsins má sjá (S)forstj vísa til „Alcoa-taktík“ en eftir hádegi þennan dag sendi (S)forstj fundarboð til (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj þar sem m.a. átti að ræða þá taktík. Nánar tiltekið boðaði (S)forstj til fundar seinni part 13. október 2008. Heiti fundarboðsins var: „Kerfi/kúnnar-strategía“. Samkvæmt fundarboðinu var m.a. á dagskrá að ræða fjögur atriði: 1) „Alcoa-taktík“, 2) „Innflutningur-targets“, 3) „Útflutningur-targets“ og 4) „Kerfi“. Fyrir utan (S)forstö-flutnstj, sem lét af störfum hjá Samskipum stuttu síðar, boðaði (S)forstj alla stjórnendur Samskipa sem höfðu og voru í ítrekuðum samskiptum við Eimskip til fundarins. Öll dagskrárefni fundar þeirra voru atriði sem önnur gögn sýna að tengdust samráðinu við Eimskip, bæði hvað varðar takmörkun á flutningsgetu en einnig ólögmæta markaðsskiptingu sem fyrirtækin komu á fram til ársins 2013.

3284. Þennan sama dag, 13. október 2008, var tekið fram innan Eimskips að gerður hafi verið nýr samningur við Samskip um gámaleigu. (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-EimÍsl ræddu sem fyrr segir saman 1. október 2008. Daginn eftir fékk (E)frkvstj-flutnkerf send drög að samningi milli Eimskips og Samskipa um gagnkvæma leigu á gámum ásamt yfirlýsingu um að fyrirtækin myndu styðja við viðskiptasamstarf hvors annars. Í tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf til (S)frkvstj-millilandasv 5. október 2008 kom fram að hann vildi m.a. ræða „gámamál í USA“ á fundinum daginn eftir.

3285. Þennan sama dag, 13. október 2008, unnu stjórnendur Eimskips að verulegum verðhækkunum sem tóku gildi 1. nóvember 2008. Gögnin sýna að Eimskip ráðgerði að „toga út hækkunarir“. Enginn ótti var um viðbrögð helsta keppinautarins, Samskip.

3286. Gagnlegt er að draga saman eftirfarandi atburðarás dagana 14. – 17. október 2008 sem tengist samráði Samskipa og Eimskips um takmörkun á flutningsgetu, samnýtingu flutningakerfa með auknu samstarfi í flutningum milli Íslands og annarra Evrópulanda:



- Tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf til (S)frkvstj-millilandasv 14. október 2008 er til stuðnings því að á fundinum 6. október 2008 hafi, í samræmi við tillöguna í tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf til (S)frkvstj-millilandasv frá 5. október 2008, verið fjallað um mögulega flutninga Samskipa fyrir Eimskip frá Íslandi til Færeyja og að (E)frkvstj-flutnkerf hafi þann 14. október 2008 viljað leiða þessar viðræður til lykta. Sama dag, 14. október 2008, vistaði (S)frkvstj-millilandasv drög að viðauka við samning Samskipa og Alcoa sem fóll í sér takmörkun á flutningsgetu Samskipa gagnvart Alcoa og verðhækkun.
- Þann 15. október 2008 átti þetta sér stað:
 - Að morgni 15. október 2008 var fundur hjá Lykilstjórnendum Samskipa um aðgerðir gagnvart Alcoa. Einnig ákváðu Lykilstjórnendur Samskipa ((S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfli, (S)forstö-flutnstj og (S)forstö-skiparek) að skipta verkefnum á milli sín. Var meðal annars (S)forstö-innfl1 falið að ræða við Eimskip um almenn slotverð í bæði inn og útflutningi og (S)forstö-innfl1 átti síðar sama dag í samskiptum við Eimskip.
 - Sama morgun sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til Alcoa þar sem vísað var til fundar með Alcoa deginum áður. Í tölvupóstinum fjallaði (S)frkvstj-millilandasv um aðgerðir Samskipa gagnvart Alcoa, þ. e. atriði sem tengdust takmörkun á flutningaþjónustu og breytingu á siglingaáætlun.
 - Seinni part dags svaraði (S)frkvstj-millilandasv tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf frá 14. október 2008. Sagði (S)frkvstj-millilandasv að Samskip vilji gera „*almennan slot sharing samning*“ við Eimskip varðandi flutninga milli Íslands og annarra Evrópulanda. Flutningar Samskipa fyrir Eimskip til Færeyja myndu falla þar undir.
 - (E)frkvstj-flutnkerf svaraði tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv sama dag og sagði: „Við erum tilbúnir að skoða allt komið með tillögu.“
 - (S)frkvstj-millilandasv bað (S)forstö-innfl1 síðar sama dag að breyta „*neyðarsamkomulaginu*“ frá 2001 í „*slot sharing*“ samning og senda honum.
 - Um kvöldið þennan sama dag greindi (S)forstö-innfl1 (S)frkvstj-millilandasv frá viðræðum við Eimskip um að Eimskip myndi annast flutninga fyrir Samskip frá Reykjavík til Færeyja. Eimskip ætli að senda honum tillögu að verði morguninn eftir og (S)forstö-innfl1 myndi nota það sem „*innlegg*“ í slotsamninginn.
- Þann 16. október 2008 gerðist þetta:
 - (S)forstö-innfl1 sendi um morguninn tölvupóst til (E)forstö-innfl og spurði hvort hann væri búinn að skoða flutninga Eimskips fyrir Samskip frá Reykjavík til Færeyja. Ræddu þeir saman í kjölfarið.
 - Síðar sama morgun greindi (S)forstö-innfl1 (S)frkvstj-millilandasv frá samtalinu við (E)forstö-innfl. Eimskip ætli að flytja fyrir Samskip frá Reykjavík til Færeyja í næstu viku en (E)forstö-innfl hafi ekki gefið upp verð fyrir þá flutninga. (E)forstö-innfl hafi sagt að Eimskip vilji að það verð verði svipað því verði sem Samskip muni bjóða fyrir flutninga fyrir Eimskip frá Reyðarfirði til Færeyja. Einnig kvaðst (S)forstö-innfl1 vera að útbúa tillögu að slotsamningi við Eimskip.
 - Um kvöldið þennan sama dag sendi (S)forstö-innfl1 til (S)frkvstj-millilandasv tillögu að slotsamkomulagi og nefndi það „*útvíkkað neyðarsamkomulag*“. Einnig ræddi hann um að breyta þyrfti verklagi hjá Samskipum ef fyrirtækið ætlaði að fara að „*flytja meira*“ með Eimskip og nefndi þetta í dæmaskyni; „*s.s. frá Reykjavík til Færeyja og kannski frá Noregi til Reykjavíkur.*“
- Þann 17. október 2008 gerðist þetta:



- Að morgni dags sendi (S)forstj fundarboð til (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-fjárm til að fara yfir stöðu mála kl. 15 sama dag. Átti m.a. að ræða „Siglingakerfi- (S)frkvstj-millilandasv -skipa og gámapælingar“, „Söllumál/strategíu út á markaðinn“ og „ebitda spet/okt/nóv“.
 - (S)frkvstj-millilandasv vistaði drög kl. 15:28 að hinu nýja „útvíkkaða neyðarsamkomulagi“. Samkvæmt þessum drögum stóð til að auka verulega samstarf Eimskips og Samskipa í sjóflutningum til og frá Íslandi.
 - Samhengisins vegna er rétt að hafa þetta í huga:
 - Þann 20. október 2008 sendi (S)frkvstj-millilandasv drög að hinu „útvíkkaða neyðarsamkomulagi“ til Eimskips, sbr. kafla 9.3.
 - (S)forstj lýsti því yfir 20. október 2008 við (S)frkvstj-MCL að Samskip hf. væri að ljúka samningum við m.a. Eimskip, sbr. kafla 9.3.
 - Þann 22. október 2008 fundaði (S)frkvstj-millilandasv með stjórnendum Eimskips, sbr. kafla 9.4.1.
3287. Við heildarmat ber að horfa til svara stjórnenda Eimskips og Samskipa þegar samtímagögn sem tengjast framangreindu voru borin undir þá við skýrslutöku hjá lögreglu. (S)frkvstj-millilandasv, sem átti í framangreindum samskiptum við (E)frkvstj-flutnkerf og samdi ásamt (S)forstö-innfl1 drög að „*almennum slot sharing samningi*“/„útvíkkuðu neyðarsamkomulagi“, neitaði að útskýra eða tjá sig um viðkomandi gögn. (E)forstj, (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj kváðust ekkert vita um þessi gögn og samskipti Eimskips og Samskipa. Engin þessara stjórnenda Eimskips og Samskipa setti því fram sjónarmið eða skýringar um að þessi samvinna fyrirtækjanna hafi miðað að lögmætu markmiði.
3288. Samkeppniseftirlitið telur skýrt að þessi gögn frá 14. – 19. október 2008 hafi verið liður í framkvæmd á samráði Samskipa og Eimskips.
3289. Hér ber að rifja upp að tveimur dögum fyrir fund Eimskips og Samskipa 6. júní 2008 bað (S)forstj (S)frkvstj-millilandasv að kanna hvort það væri hægt að takmarka flutningsgetu á „markaðnum“ eða Eimskip og Samskip gætu nýtt saman flutningsgetu á markaðnum, þ.e. með slotsamningum Eimskips og Samskipa vegna Evrópu, „svipað og US samstarf“. Samkvæmt verkefninu „Nýtt upphaf“ átti að skoða ábata af auknu samstarfi Eimskips og Samskipa með m.a. „[f]ækkun/smækkun skipa“, „skipting á erlendum höfnum“ og að „skiptast á slottum í núverandi siglingakerfum tengdum Íslandi“. Í samráðstillögum (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008, var gert ráð fyrir slotsamningum milli Samskipa og Eimskips. Í fundargerð Samskipa Holding 14. júlí 2008 var vísað til umræðna um „*the possibility to exchange slots with Eimskip*“. Í skjölunum sem (S)forstj fékk send kvöldið fyrir fund með Eimskip 25. júlí 2008 var einnig fjallað um slotsamninga milli Samskipa og Eimskips. Sama dag og (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1, funduðu, 5. september 2008, sendi (S)forstj skjal til (S)frkvstj-millilandasv þar sem fjallað var um slotsamninga við Eimskip. Í glærुकynningu (S)frkvstj-millilandasv frá 6. september 2008 var gert ráð fyrir að halda flutningum Alcoa inn í kerfum Samskipa en umframmagn færi með Eimskip. Þann 15. september 2008 ræddu (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl um slotsamning við Samskip. Jafnframt vísast hér til gagnanna sem tengjast fundi (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 6. október 2008 um m.a. gámasamstarf, samstarf um flutninga milli Íslands og Færeyja og breytingar á siglingakerfum.
3290. Í samræmi við framangreint var hjá lykilstjórnendum Samskipa ákveðið að fela (S)forstö-innfl1 15. október 2008 að ræða við Eimskip um „*almennt slotverð*“ í bæði inn- og útflutningi og sama dag lagði (S)frkvstj-millilandasv til við Eimskip að fyrirtækin myndu gera almennan slotsamning. Í svari (E)frkvstj-flutnkerf fólst afar skýr yfirlýsing um samstarfsvilja Eimskips. Tengt þessu ræddu fyrirtækin um gagnkvæma flutninga til Færeyja og (S)forstö-innfl1 nefndi við (S)frkvstj-millilandasv



að breyta þyrfti verklagi ef Samskip ætluðu að flytja meira með Eimskip. Drög (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv að hinum „*almenna slot sharing samningi*“ endurspeglar þennan vilja til aukins samstarfs. Er tekið fram í drögunum að Eimskip og Samskip vilji „*nýta flutningakerfi hvors annars í meira mæli en áður*“ og eiga í umfangsmeira samstarfi með samningi sem taki „*nú til almennra flutninga félaganna án skilyrða*.“ Sem fyrr segir lýsti (S)forstö-innfl1 , í tölvupósti 16. október 2008 til (S)frkvstj-millilandasv, viðræðum við (E)forstö-innfl . Sýnir sá tölvupóstur og önnur gögn málsins að Eimskip og Samskip höfðu þá þegar ákveðið að hefja aukið samstarf m.a. með gagnkvæmum flutningum til Færeyja þrátt fyrir að niðurstaða um verð lægi ekki fyrir.

3291. Gögn frá 13. – 16. október 2008 sýna einnig áframhaldandi samskipti fyrirtækjanna vegna þess þáttar „*Nýtt upphaf*“ samráðsverkefnisins sem fjallaði um flutninga til og frá Norður-Ameríku, sbr. samskipti m.a. (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl 13. október og 14. október 2008. Tölvupóstur (S)frkvstj-millilandasv frá 16. október 2008 og önnur tilgreind samtímagögn gefa til kynna að hluti af samráðinu hafi falist í því að blekkja bandarísk samkeppnisyfirvöld. Tölvupóstur framkvæmdastjóra Samskipa í Norður-Ameríku ((S)frkvstj-N-Am) til (S)forstö-innfl1 , (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv frá 15. október 2008 gaf samkvæmt orðalagi sínu til kynna að Samskip hefðu á þessum tíma gert þá breytingu að draga úr TA-flutningum í samkeppni við Eimskip og beina þess í stað Norður-Ameríku flutningum um flutningakerfi Eimskips. Er þetta í samræmi við markmið samráðsverkefnisins um samnýtingu kerfa, „*Nýtt upphaf*“ verkefnið, tölvupóst (E)forstj frá 27. júní 2008 og minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. júlí og 9. júlí 2008.
3292. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að í samtölum Samskipa og Eimskips 15. og 16. október 2008 hafi verið fjallað um „*Nýtt upphaf*“-verkefnið. Hið sama á við tölvupóstsamskiptin milli (E)frkvstj-flutkerf og (S)frkvstj-millilandasv sömu daga. „*Nýtt upphaf*“ verkefnið hafði það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Af því leiðir að öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt var um einstaka verkþætti í „*Nýtt upphaf*“ verkefninu fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga. Á það meðal annars við þessi samskipti fyrirtækjanna 15. og 16. október 2008.
3293. Áform í glærुकynningu Eimskips frá 13. október 2008 um að „*toga út*“ hækkun á sjóflutningum sýna líkt og gögn Samskipa frá byrjun september 2008 að sökum samráðsins óttuðust fyrirtækin ekki að samkeppni kæmi í veg fyrir hækkun á verði. Telur Samkeppniseftirlitið að þetta sé birtingarmynd á því ólögmæta samráði sem stóð yfir á þessum tíma.
3294. Glærुकynning (E)frkvstj-innanl frá 14. október 2008 lýsir bæði verðhækkun á landflutningum Eimskips og núverandi og mögulegri aukinni samvinnu við Samskip í landflutningum. Í glærum (S)frkvstj-innanl frá 19. október 2008 var einnig fjallað um aðgerðir til að hækka verð. Höfðu (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl hist á fundi 17. september 2008 og þremur dögum fyrr, 16. október 2008, áttu þeir samskipti og komu á fund Samkeppniseftirlitsins.
3295. Á fundi (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl með Samkeppniseftirlitinu þann 16. október 2008 kynntu þeir mögulega samvinnu fyrirtækjanna í landflutningum. Þeir greindu hins vegar ekki frá „*Nýtt upphaf*“ samráðsverkefninu eða frá því ólögmæta samráði sem þegar var fyrir hendi í m.a. landflutningum. Engin beiðni um undanþágu skv. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga eða samrunatilkygning barst Samkeppniseftirlitinu í kjölfarið. Eftir sem áður hélt samráð í landflutningum áfram.
3296. Líkt og einkennir allt þetta mál voru samkeppnisyfirvöld á fundinum 16. október 2008 blekkt varðandi yfirstandandi ólögmætt samstarf fyrirtækjanna og samskipti stjórnendanna. Fjallað er um ranga, villandi og ófullnægjandi upplýsingagjöf Samskipa í kafla 23 hér á eftir.
3297. Virt saman sýna framangreind gögn frá 13. – 19. október 2008 áframhaldandi vinnu Eimskips og Samskipa við samráðsverkefnið og endurspeglar ólögmætt samráð fyrirtækjanna á þessum tíma.

